ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM
Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík ·urskvatr@sedlabanki.is

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Samantekt úrskurða 2020

Síðast uppfært 7. júní 2021

Athugið - nefndin er flutt og nýtt tölvupóstfang er tryggingar@nefndir.is

Mál nr. 1/2020

M og
V vegna gæludýratryggingar M hjá V

Ágreiningur um bótaskyldu úr gæludýratryggingu vegna aðgerðar á hundi.

Gögn.
Málskot móttekið 06.01.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 21.01.2020.

Málsatvik.
Hinn 4. janúar 2019 gekkst tík í eigu M, A, undir aðgerð hjá dýralækni. Samkvæmt því sem M segir í málskoti fékk A kviðslit á hættulegum stað og þurfti því að gangast undir kviðslitsaðgerð. Samhliða þeirri aðgerð hafi verið ákveðið að framkvæma ófrjósemisaðgerð. Meðan á aðgerðunum stóð hafi komið í ljós að A var blæðari, en engin vitneskja hafi verið til staðar um það ástand hennar né hafi sá sjúkdómur verið þekktur í ætt A. Þetta hafi valdið því að tiltölulega einföld aðgerð hafi orðið mun tímafrekari og kostnaðarsamari en lagt var upp með.

M hafi gert kröfu um bætur úr gæludýratryggingu sinni hjá V vegna þessa en V hafi hafnað bótaskyldu á grundvelli þess annars vegar að A væri ættgengur blæðari og hins vegar þess að um ófrjósemisaðgerð hafi verið að ræða. M fellir sig ekki við það og gerir kröfu um að V taki þátt í viðbótarkostnaði vegna aðgerðarinnar, en endanlegur kostnaður vegna hennar hafi verið 318.113 kr., eða ríflega 200.000 kr. meiri en áætlað var.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til þess að í skilmálum viðeigandi vátryggingar komi fram að vátryggingin taki ekki til kostnaðar vegna geldinga eða ófrjósemisaðgerða. Enn fremur komi þar fram að ekki sé bættur kostnaður vegna meðfæddra kvilla. Í máli þessu liggi fyrir að A hafi gengist undir ófrjósemisaðgerð, og komi hvergi fram að sú aðgerð hafi verið framkvæmd samhliða kviðslitsaðgerð. Staðhæfingar M um að A hafi þurft að gangast undir kviðslitsaðgerð séu ekki studdar neinum gögnum, og komi skýrt fram í vottorði dýralæknis að framkvæma hafi átt ófrjósemisaðgerð. Kostnaður við slíka aðgerð og afleiddur kostnaður vegna hennar fáist ekki bættur úr vátryggingunni. Þess utan sé A meðfæddur blæðari svo kostnaður sem kæmi til vegna þess ástands A félli ekki undir vátrygginguna. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Í 3. gr. 2. kafla skilmála umræddrar vátryggingar segir m.a. í gr. 3.4 að ekki sé bættur sjúkrakostnaður vegna geldinga eða ófrjósemisaðgerða. Þá segir m.a. í gr. 3.2 að ekki sé bættur kostnaður vegna arfgengra og/eða meðfæddra kvilla. Fyrir nefndinni liggur heilbrigðisvottorð dýralæknis, gefið út hinn 4. janúar 2019. Þar kemur fram að A hafi komið í ófrjósemisaðgerð, en ekki er minnst á kviðslit eða aðgerð vegna þess. Verður því að taka undir það með V að það sé alls ósannað að umrædd aðgerð hafi fyrst og fremst verið vegna kviðslits. Þessu utan verður að telja yfirgnæfandi líkur á því að blóðstorkusjúkdómur A hafi verið meðfæddur, en ekki síðar til kominn. Þar sem ekki liggur annað fyrir en að um fylgikvilla í ófrjósemisaðgerð vegna meðfædds ástands hafi verið að ræða er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr gæludýratryggingu hjá V.

Reykjavík 11. febrúar 2020
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 2/2020

M og
V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 8 janúar 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 07.01.2019 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.
Hinn 8. janúar 2019 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B. Var lögregla kölluð til vegna atviksins og liggur skýrsla hennar fyrir nefndinni. Þar er atvikum lýst svo að bifreið B hafi verið ekið Skeiðarvog frá Langholtsvegi að Sæbraut og beint yfir gatnamótin að Kleppsmýrarvegi. A hafi hins vegar verið ekið Kleppsmýrarveg að Sæbraut með fyrirhugaða vinstri beygju inn á Sæbraut. Hafi bifreiðarnar lent saman á gatnamótunum. Samkvæmt frásögn B í skýrslu lögreglu hafi hann verið á um 50 kílómetra hraða á klukkustund og gult ljós hafi kviknað á akstursstefnu hans er hann var að aka yfir stöðvunarlínu við gatnamótin. M lýsir atvikum svo að hún hafi fikrað sig yfir gatnamótin á grænu ljósi og ekki séð neina umferð koma á móti þegar gult ljós kviknaði, og hafi hún því ekið út á gatnamótin í þann mund sem bifreið B var ekið inn á þau á miklum hraða. Tvö vitni á vettvangi staðhæfðu að A hefði ekið inn á gatnamótin gegnt grænu ljósi og beðið þess þar að geta beygt til vinstri. A hefði svo ekið af stað þegar gult ljós kviknaði en þá hafi bifreið B verið ekið á miklum hraða inn á gatnamótin. Tvö önnur vitni gáfu sambærilega sögu, þ.e. að bifreið B hefði verið á nokkrum hraða og sögðu auk þess að grænt ljós hefði kviknað fyrir umferð um Sæbraut í þann mund sem áreksturinn átti sér stað.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú að öll sök skyldi lögð á M, sem tekið hefði vinstri beygju í veg fyrir umferð.

M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og krefst þess fyrir nefndinni að sök á árekstrinum verði lögð á ökumann bifreiðar B. M telur ljóst að ökumaður B hafi ekið ógætilega, bifreiðin hafi verið á miklum hraða og ekið yfir gatnamót eftir að gult ljós kviknaði. Þá sé framburður hans í lögregluskýrslu ekki í samræmi við framburð M eða vitna að atvikinu. Gögn frá Reykjavíkurborg sýni fram á að gult ljós logi á aksturstefnu B í þrjár sekúndur og rautt ljós í fjórar áður en grænt ljós kviknar á akstur um Sæbraut. Það bendi til þess að ljósið hafi a.m.k. verið gult, ef ekki rautt, þegar B ók út á gatnamótin. Því sé ljóst að B hafi, með aksturslagi sínu, brotið gegn ákvæði 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem í gildi voru á tjónsdegi. Beri því að leggja alla sök á hann.

V, sem var vátryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, hefur ekki komið á framfæri athugasemdum við nefndina.

Álit:
Af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja, þ.á.m. vætti sjónarvotta, verður að fallast á það með M að ökumaður bifreiðar B hafi ekki hagað akstri sínum í samræmi við aðstæður og ekið út á gatnamótin á töluverðum hraða gegnt umferðarljósi sem var í það minnsta gult, ef ekki rautt. Verður því að telja að ökumaður bifreiðar B hafi umrætt sinn brotið gegn 1. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga sem kvað á um að sérstaka aðgát skyldi sýna við vegamót. Þá verður einnig talið að aksturslag B hafi umrætt sinn brotið í bága við 7. mgr. sömu greinar en þar kom fram að ökumaður mætti ekki aka inn á vegamót gegnt grænu ljósi mætti honum vera ljóst að hann kæmist ekki yfir gatnamótin áður en grænt ljós kviknaði fyrir umferð úr þverstæðri átt. Með hliðsjón af því að vitnum ber saman um að áreksturinn hafi átt sér stað í þann mund sem grænt ljós kviknaði fyrir umferð um Sæbraut verður að telja að B hafi umrætt sinn ekki hagað akstri sínum í samræmi við áðurnefnt ákvæði. Verður hann því talinn bera meginsök á umræddum árekstri.

Hins vegar verður ekki litið framhjá því að M beygði til vinstri í veg fyrir umferð úr gagnstæðri átt og á henni hvíldi því jafnframt sérstök varúðarskylda. Þar eð telja verður að M hafi umrætt sinn vanrækt að gæta nægilega að ákvæðum 4. og 6. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga um forgang á vegamótum verður hún jafnframt talin bera hluta sakar á umræddum árekstri.

Niðurstaða.
M ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík 4. febrúar 2020
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 4/2020

M og
V vegna húseigendatryggingar.

Ágreiningur um umfang bótaskyldu vegna vatnstjóns.

Gögn.
Málskot móttekið dags. 06.01.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 24.01.2020 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 7. maí 2019 hafi orðið vart við leka frá hitavatnsröri í forstofu í fasteign M. Vegna þess hafi þurft að skipta um gólfefni á forstofu og í barnaherbergi og hafi V greitt bætur vegna þess. Hins vegar hafi einnig verið tekið gólfefni af samliggjandi gangi vegna raka sem leiddi frá áðurnefndum rýmum og gruns um leka á ganginum. Gangur þessi sé hluti alrýmis en húsið sé byggt á pöllum og rými tengd saman með þrepum sem séu parketlögð í flæði við alrými stofu, anddyris og þessa gangs. V hafi fallist á að greiða bætur vegna gólfefnis á umræddum gangi en M telur að líta verði á hið parketlagða svæði fasteignarinnar sem eitt rými og að skipta verði um gólfefni í öllu rýminu. Með því að skipta einungis um gólfefni á umræddum gangi yrði fasteignin í verra ástandi en áður og verðgildi hennar minna. Það væri í andstöðu við skilmála vátryggingarinnar sem kveði á um að húseignin sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Gerir M því kröfu um að V verði gert að bæta gólfefni á öllu alrýminu.

Í bréfi V til nefndarinnar er byggt á því að bætur úr vátryggingunni takmarkist við þær skemmdir sem hlotist hafi af rakaskemmdum í húseign M og að bætur greiðist einungis vegna aðgerða til að stöðva leka og nauðsynlegs frágangs þannig að eignin verði ekki í lakara ástandi en fyrir tjónið. Jafnvel þó parket á ganginum verði ekki af nákvæmlega sömu gerð og er í alrými hússins og heildarútlit gangs og alrýmis verði því ekki hið sama og áður sé ekki hægt að halda því fram að eignin verði af þeim sökum í lakara eða lélegra ástandi en fyrir tjónið. Sé því ekki til staðar frekari bótaréttur vegna tjóns M.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga á vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki er um annað samið í vátryggingarsamningi. Í gr. 9.1.1 í viðeigandi vátryggingarskilmálum segir um bótasvið vátryggingarinnar að þegar um tjón vegna vatns sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess er að ræða greiði vátryggingin kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt sé til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé ekki í verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Þó gólfefni sem lagt verður á gang í húseign M verði ekki fyllilega af sömu gerð og á öðrum parketlögðum flötum húseignar hennar, og þó einhver sjónarmunur kunni að verða milli þeirra gólfflata sem aðskildir eru með þrepum verður, af þeim ljósmyndum sem lagðar hafa verið fyrir nefndina, ekki talið sýnt fram á að ástand eignarinnar verði af þeim sökum lakara en það var fyrir tjónið eða að heildarútlit raskist þannig að sjálfstæður bótaréttur stofnist þess vegna. M á því ekki rétt á frekari bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingarinnar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 18. febrúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 5/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Sönnun atvika vegna tjóns á hliði hinn 3. janúar 2019.

Gögn.
Málskot, móttekið 9. janúar 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags 21. febrúar 2020.

Málsatvik.
Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning sem gerð var af fyrirtækinu Aðstoð og öryggi (AÖ). Í tjónstilkynningunni kemur fram að AÖ hafi borist tilkynning í gegn um vefinn árekstur.is Í henni komi fram að ekið hafi verið á hlið við útkeyrslu á plani M við Sævarhöfða þann 3. janúar 2019 um kl. 18. Þá segir að skýrsluritari AÖ hafi skoðað myndband úr öryggismyndavélum á vettvangi. Á myndbandsupptökunni megi sjá hvar A er ekið út af útkeyrslu plansins og beygt til hægri inn á Sævarhöfða. Vegna myrkurs sjáist þó ekki nógu vel hvort A hafi verið ekið utan í hliðið. Á myndbandinu sjáist einnig önnur bifreið fyrir aftan A sem stöðvaði eftir að A var ekið inn á Sævarhöfða. Í framhaldinu sjáist hvar starfsmenn M komu hlaupandi að hliðinu. Þá segir í skýrslunni að skráningarnúmer bifreiðarinnar sem stöðvaði fyrir aftan A sjáist ekki á myndbandsupptökunni. Skýrsluritari kveðst hafa skoðað skemmdir á A og gert hæðarmælingu vegna tjónsins. Tvö tjón hafi verið á hliðinu með áberandi rauðum lit og A sé jafnframt rauð á lit. Hæð efra tjónsins á jörðu hafi verið mælr 196cm upp í 202 cm og hæð neðra tjónsins frá jörðu mælt frá 91 cm upp í 114 cm. Skýrsluritari kveður talsvert af eldri skemmdum á bifreiðinni en miðað við myndbandsupptöku væri líklegasti ákomustaður A á vinstra afturhorni og/eða aftarlega á vinstri hlið. Skýrslan er nokkuð óskýr um það hvaða tjón eru á A og í hvaða hæð þau eru.

Samkvæmt framburði starfsmanns M var hann við vinnu á planinu í umrætt sinn. Kveðst hann hafa heyrt læti koma frá útkeyrslunni um kl. 18:00 og þá hlaupið af stað í átt að hliðinu og séð að það var skemmt. Sagði hann að hliðið hafi verið opið en lokast að hluta þegar hann kom að því. Kvað hann annan starfsmann jafnframt hafa hlaupið af planinu inn á Sævarhöfða og þá séð rauða stóra bifreið aka suður Sævarhöfða. Ökumaður A viðurkennir að hafa verið á planinu á umræddum tíma, hann hafi hins vegar ekki orðið var við að aka utan í hliðið þegar hann ók út af planinu og ekkert sjáanlegt tjón sé á bifreiðinni.

M telur tjónið á hliðinu bótaskylt úr ábyrgðartryggingu A og telur víst að ökumaður bifreiðarinnar hafi valdið því tjóni sem um ræðir. Vísar M til þess að hliðið hafi verið í lagi þegar planið var opnað kl. 12:00. Þá beri vitni því við að þau hafi orðið vör við læti frá útakstursshliði og séð rauðan sendibíl aka frá planinu og út á Sævarhöfða.

V hefur hafnað bótaskyldu úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A. Þá tekur V það fram í bréfi sínu til nefndarinnar að miðað við fyrirliggjandi myndir verði ekki séð hvernig skemmdir á hliði M og skemmdir á bifreiðinni passi saman. Talsvert átak þurfi til að beygja sterkt prófíljárn í ramma hliðsins og bendir V á að jafnvel þó hlið vörukassa A, sem er úr þunnu áli, hafi möguleg strokist við hlið bifreiðarinnar skapi það ekki slíkt tjón. Þá bendir V á að engar skemmdir séu á A sem koma heim og saman við skemmdina á hliðinu og að í skýrslu AÖ sé ekkert getið um rauðan lit á þeim stað sem hliðið bognaði.

Álit:
Ágreiningur málsins lýtur fyrst og fremst að því hvort tjón á innkeyrsluhliði á plani M verði rakið til bifreiðar A sem ók út um hliðið seinni part dags þann 3. janúar 2019. Gögn málsins eru nokkuð takmörkuð. Til að mynda hefur myndbandsupptaka sem fjallað er um í gögnum málsins ekki verið lögð fyrir nefndina. Þá kemur fram í gögnum málsins að ekki hafi sést á myndbandsupptökunni hvort A var ekið utan í hliðið. Engin vitni voru af atvikinu sjálfu. Af myndum má sjá að hliðið er talsvert

skemmt og að ákomur á því eru með rauðum lit. Af þeim gögnum sem fyrir liggja verður þrátt fyrir það ekki fullyrt að þær séu til komnar vegna áaksturs A. Verður M að bera hallan af þeim sönnunarskorti og á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 19. mars 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr. Jóhann Tómas Sigurðsson, lögm.

Mál nr. 6/2020

M og
V v/ sjúklingatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna brjóstaaðgerðar.

Gögn.
Málskot, móttekið 7.1.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags.6.2.2020.

Málsatvik.
M 23, ára gömul, leitaði til A sérfræðings í lýtalækningum, vegna vandamála af völdum siginna brjósta eftir að hafa lést um 20 kg á stuttum tíma. Kvaðst M hafa óskað eftir að fá brjóstapúða, þ.e. létta lyftingu „þannig að brjóstin myndu ekki lafa niður á maga." Var afráðið að hún skyldi gangast undir aðgerð til að laga brjóstin og var sú aðgerð framkvæmd 11. maí 2016 og settir 475 cc púðar undir vöðva í hvoru brjósti ásamt minnkun á kirtilvef. Eftir þá aðgerð fannst M hún vera með mun stærri brjóst en hún hafði óskað sér auk þess sem hún kvaðst hafa farið að finna fyrir bakverkjum og fá höfuðverkjaköst ásamt því að hafa fundið fyrir einkennum þunglyndis.

M kom í endurkomu til A 19. ágúst 2016. Höfðu púðarnir ekki haldist í réttum skorðum og færst til hliðar og niður. Að áliti A var M með „mjög mjúkan og erfiðan brjóstvef." Var ákveðið að M gengist að nýju undir aðgerð til að lagfæra það sem úrskeiðis hafði farið. Sú aðgerð var framkvæmd 16. nóvember 2016 og þá settir 350 cc púðar í brjóstin yfir vöðva og fjarlægt meira af kirtilvef. Eftir þá aðgerð kveður M geirvörtur hafa verð of hátt staðsettar, „vel uppi á bringu", auk þess sem brjóstin hafi verið mjög skökk.

Við endurkomu til A 10. mars 2017 kom í ljós að púðinn í hægra brjósti hafði aftur færst of mikið niður. Af þeim sökum var ákveðið að framkvæma þriðju aðgerðina og var hún framkvæmd 29. sama mánaðar.

Kveður M að útkoma eftir aðgerðirnar hafi verið óviðunandi. Hún sé með mikil og ljót ör á brjóstunum eftir aðgerðirnar, annað þeirra sé fallið til hliðar og geirvörtur ekki á réttum stað. Hún hafi þjáðst af bakverkjum, þunglyndi og meltingarfæratruflunum vegna mikillar notkunar verkjalyfja í kjölfar aðgerðanna sem hafi leitt til þess að hún hafi verið frá vinnu í átta mánuði og þurft að leggjast inn á sjúkrahús um skeið.

M kvartaði til landlæknis vegna þeirrar læknismeðferðar sem hún gekkst undir hjá A. Að fengnu sérstöku áliti óháðs sérfræðings í lýtalækningum skilaði landlæknir áliti sínu vegna kvörtunar M þann 11. mars 2019. Í rökstuðningi fyrir niðurstöðu landlæknis kemur m.a. fram að það sé mat hans að ekki hafi verið um mistök að ræða við undirbúning eða framkvæmd brjóstaaðgerða á M. A hafi framkvæmt aðgerðirnar samkvæmt öllum viðmiðunarreglum og ekki fáist séð að þau vandkvæði sem upp komu í kjölfar aðgerðanna hafi verið að kenna lélegum undirbúningi eða tækni við aðgerðir. Hins vegar sé ljóst að upplýsingagjöf til M hafi verið ónóg. Orð standi gegn orði hvað þetta varðar og í ljósi þess að færslur í sjúkraskrá eru fátæklegar verði að álíta að þessi samskipti hafi tæplega átt sér stað. Ýmis atriði er lúta að færslum í sjúkraskrá og tæknilegum útfærslum aðgerða sé ábótavant. Þá kveður landlæknir ekki hafa verið heimildir fyrir hendi sem styðji kvörtun um ótilhlýðilega framkomu A og geti því ekki tekið afstöðu til þess hluta kvörtunarinnar. Var niðurstaða landlæknis að ekki hafi verið um mistök að ræða þegar A gerði aðgerðir á brjóstum M. Hins vegar hafi hann vanrækt upplýsingagjöf til hennar.

M telur sig eiga rétt til bóta skv. 1. og 4. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu úr samnefndri vátryggingu sem A hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu úr vátryggingunni.

Álit.
Ekki virðist ágreiningur um að M teljist hafa verið sjúklingur í skilningi 1. gr. laga nr. 111/2000 og eigi því rétt á bótum að fullnægðum öðrum skilyrðum laganna.

Samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laganna skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til

þess að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 111/2000 segir m.a. svo um umræddan tölulið: „Ákvæði þessa töluliðar tekur til allra mistaka sem verða við rannsókn, meðferð o.s.frv. Orðið mistök er hér notað í mun víðtækari merkingu en almennt tíðkast í lögfræði. Ekki skiptir máli hvernig mistökin eru.“ Verður að telja í ljósi þessa að mistök við meðferð geti m.a. falist í rangri eða ófullnægjandi upplýsingagjöf til sjúklings í tengslum við læknismeðferð. Þegar litið er til niðurstöðu í áliti landlæknis þykir mega slá föstu að A hafi hagað þeim aðgerðum sem hann framkvæmdi á brjóstum M eins vel og unnt hafi verð í samræmi við þekkingu og reynslu á því sviði læknisfræðinnar sem á reyndi. M leitaði til A í því skyni að fá brjóst sín lagfærð með læknisaðgerð á þann hátt sem A svo framkvæmdi. Þótt upplýsingagjöf A hafi verið ábótavant eins og rakið er í áliti landlæknis verður að telja meiri líkur en minni að M hefði samþykkt að gangast undir aðgerðina eins og hún var framkvæmd jafnvel þótt upplýsingagjöfin hefði að réttu lagi átt að vera ítarlegri en hún var í reynd. Krafa M um bætur fyrir líkamstjón sem hún kann að hafa orðið fyrir við læknismeðferðina hjá A verður því ekki felld undir 1. tölul. 2. gr.

Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til meðferðar eða rannsóknar, þ.m.t. aðgerðar, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni. Hvorki af álitsgerð landlæknis né öðrum læknisfræðilegum gögnum málsins verður ráðið að M hafi hlotið slíka fylgikvilla í kjölfar aðgerðanna að skilyrðum bótaréttar samkvæmt þessum tölulið sé fullnægt

Þegar allt framangreint er virt verður ekki talið að M eigi rétt til bóta úr sjúklingatryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu A hjá V.

Reykjavík, 10. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 7/2020

M og
V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X
Skilyrði 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 vegna slyss 23. ágúst 2018.

Gögn.
Málskot, dags. 9. janúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-7.
Bréf V, dags. 6. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-2.

Málsatvik.
M slasaðist þegar hann féll niður af dráttarvagni bifreiðarinnar X. Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að enginn hafi séð aðdraganda slyssins og haft er eftir M á vettvangi slyssins að hann muni ekki hvað gerðist. Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 14. janúar 2019, skrifar M og vinnuveitandi hans undir þá lýsingu af atvikum að M sem kranastjóri hafi gleymt sér augnablik og stigið af vagni og fallið til jarðar. Í skýrslu Vinnueftirlitsins vegna sama slyss dags. 30. apríl 2019 kemur síðan fram að M „... stóð uppi á flatvagnspalli við hífingar og flutning á steypueiningum sem flytja átti á verkstað, þegar honum skrikaði fótur og féll niður af flatvagnspallinum niður á jörðina.“ Í niðurstöðum rannsóknar Vinnueftirlitsins kemur fram að orsök slyssins megi rekja til þess að skipulagi við hífingar hafi verið ábótavant, staðsetningu stjórnanda bílkrana og að vantað hafi fullægjandi fallvarnir.

M telur að slys hans sé bæði rakið til þess að hann hafi verið við stjórn ökutækisins X, þar sem hann hafi verið að sinna starfi sínu sem bifreiðastjóri flutningabifreiðar, sem og að tjón hans sé rakið til notkunar sama ökutækis, þar sem hann vann við að ferma steypueiningar með bílkrana þess á flatvagn sem var festur við bifreiðina. M vísar til þess að bæði skilyrði 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 séu því uppfyllt og þannig hafi stofnast greiðsluskylda úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar X hjá V.

V telur ekki sannað að skilyrði umferðarlaga séu uppfyllt vegna slyss M og bendir á að skv. dómaframkvæmd beri að skilja hugtakið notkun í skilningi þeirra þröngt og verði að líta til þess hvort sérstakir hættueiginleikar ökutækisins hafi átt þátt í slysinu. Einnig telur V að kyrrstætt vélknúið ökutæki sé venjulega ekki í notkun í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga og orsök slyss M sé ekki tengd fermingu ökutækisins með beinum hætti, heldur til þess að M hafi fengið aðsvif eða gengið af palli og fallið þannig niður. V vísar til læknisfræðilegra gagna og dóma Hæstaréttar í málum réttarins nr. 116/1999, 274/1999 og 671/2014.

Álit.
Í málinu er ágreiningur um hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem fellur undir gildissvið slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar X hjá V. Í 92. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að gildissvið þeirrar lögbundnu vátryggingar nær til líkamstjóns ökumanns sem er við stjórn ökutækis, verði slysið rakið til notkunar ökutækisins skv. 1. mgr. 88. gr. sömu laga.

Af lýsingu M sjálfs verður ekki ráðið að hann hafi verið við stýri bifreiðarinnar X, heldur hafi hann verið að hreyfa sig á palli svokallaðs flatvagns sem var tengdur bifreiðinni þegar slysið varð. Þó M hafi almennt haft það hlutverk að afferma bifreiðina og hafi notað til þess stjórntæki áfasts bílkrana verður ekki séð af gögnum málsins að orsök slyss hans hafi tengst affermingunni með það beinum hætti að það sé hægt að líta svo á að það hafi orðið vegna notkunar bifreiðarinnar í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Ekkert bendir til þess að slysið hafi heldur orsakast af hreyfingu bifreiðarinnar eða að hún hafi á annan hátt verið í notkun í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga þannig að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna sérstaks búnaðar bifreiðarinnar eða hættueiginleika hennar.

Verður því ekki fallist á að slys M sé bótaskylt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 10. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 8/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Líkamstjón gests í líkamsræktarstöð 30. apríl 2017.

Gögn.
Málskot, móttekið 10. janúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-9.
Bréf V, dags. 24. janúar 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf lögmanns M, dags. 20. febrúar 2010.

Málsatvik.
M slasaðist í tækjasal í líkamsræktarstöð X og atvikum er þannig lýst í lögregluskýrslu að M hafi verið að fara að hífa sig í æfingarböndum sem að sögn starfsmann X voru föst í stöng í lofti húsnæðisins. Þar kemur einnig fram að við átak sem fylgdi því að M togaði í böndin hafi þau losnað frá stönginni, með þeim afleiðingum að M féll aftur og skall með höfuðið í annað æfingatæki sem var nálægt.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V og lýsir atvikum þannig að æfingafélagi hennar hafi notað bönd á líkamsræktarstöðinni án vandkvæða en þegar hún hafi sjálf gripið um böndin og hallað sér aftur hafi hún fundið fyrir kipp og dottið aftur fyrir sig á sitjanda og síðan skollið með hnakkann í annað æfingatæki sem hafi verið nálægt. M telur að X hafi ekki gætt öryggis viðskiptavina sinna nægilega þar sem eftirliti með ástandi tækja hafi verið ábótavant og öryggi viðskiptavina ekki í samræmi við almennar skyldur sem tilgreindar eru í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, en óumdeilt sé að á X hvíli skyldur skv. þeirri reglugerð vegna starfsemi sinnar. M telur að böndin sem hún var að nota hafi ekki verið tryggilega fest í umrætt sinn og hafi X bætt úr því eftir slys hennar með því að festa böndin þannig að þau gætu ekki „húkkast af“ slánni, eins og gerðist þegar M slasaðist.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og mótmælt því að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu X. V bendir á að þau bönd sem M var að nota hafi verið sterk og ekki slitnað við notkunina. Þau hafi í eðli sínu verið færanleg þar sem viðskiptavinir X hafi notað þau á mismunandi stöðum í líkamsræktaraðstöðu X. Einnig kemur fram í máli X að á þeim stað sem slys M varð hafi böndunum „... gjarnan verið húkkað um upphífingarslá sem hékk úr loftinu og þannig áttu þau ekki að geta dottið út af slánni.“ V telur alveg eins líklegt að æfingafélagi M hafi losað um böndin eða „...allan tímann hangið ótrygg yfir upphífingarstönginni...“ V bendir einnig á að slys M hafi orðið á sunnudegi þegar engir fastir leiðbeinendur séu frá X á staðnum og M hafi ekki verið fastur reglulegur iðkandi í líkamsræktarstöðinni. V telur að M hafi átt að gera sér grein fyrir því að hún æfði á eigin ábyrgð og hafi hún sjálf átt að ganga úr skugga um að böndin sem hún var að nota væru rétt stillt og tryggilega föst áður en hún setti álag á þau. V telur því að slysið megi rekja til óhappatilviljunar eða augnabliksaðgæsluleysis M sjálfrar.

Álit.
Af gögnum málsins, þ.á.m. myndum af æfingaböndum þeim sem M var að nota þegar hún slasaðist, verður ekki annað ráðið af bréfi V en X hafi gert ráð fyrir því að æfingaböndin væru þannig fest að „... þau áttu ekki að geta dottið út af slánni...“ Einnig kemur fram í gögnum frá X að eftir slys M hafi verið gerðar ráðstafanir varðandi frekari festingar á umræddum böndum. Við þær aðstæður þar sem líkamsræktarstöðvar, eins og sú sem X rekur, eru með opið fyrir gesti sína án sérstaks eftirlits verður að gæta sérstaklega að því að sá búnaður sem boðið er upp á að nota sé þannig að gestirnir geti auðveldlega notað hann án þess að það skapi hættu. Í því samhengi verður einnig litið til þess að auðvelt var að gera ráðstafanir, eins og gert var eftir slys M, til að tryggja að æfingabönd X væru sérstaklega fest. Verður X að bera hallann af því að hafa ekki gert slíkar ráðstafanir fyrr og verður að meta það til gáleysis af hálfu X. Í lýsingum af atvikum málsins verður ekki með góðu móti séð að háttsemi M hafi verið með þeim hætti að hún hafi mátt vita að æfingaböndin væru laus, sérstaklega í ljósi þess að æfingafélagi hennar hafði rétt áður notað þau án vandkvæða. M á því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 9/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar húseiganda A.

Ágreiningur um bótaskyldu er maður meiddist þegar hliðslá lenti á höfði hans.

Gögn.
Málskot, móttekið 9.1.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 30.1.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 5. mars 2018 átti M erindi í fyrirtækið A. Kom hann að athafnasvæði A um akleið þar sem umferð inn á svæðið er takmörkuð með sérstöku hliði sem er útbúið fjarstýrðri mótorknúinni hliðslá. Er M kom að hliðinu mun sláin hafa verið í uppréttri stöðu en um leið og hann gekk um hliðið fór sláin niður og lenti á höfði hans svo hann varð fyrir meiðslum.

M kveður umrædda hliðslá hafa verið vanbúna og aðstæður hafa verið hættulegar við hliðið. Kveður M að hliðið hafi skort nauðsynlegan búnað sem komi í veg fyrir að sláin lendi á höfði fólks sem gengur um hliðið á sama tíma sláin fer niður. Hafi A borið að sjá til þess að sláin væri búinn nauðsynlegum öryggisbúnaði að þessu leyti. Þá hafi verið erfitt að greina slána í uppréttri stöðu úr þeirri átt sem M kom, m.a. vegna fánastanga í bakgrunni sem gerðu það að verkum að sláin féll inn í umhverfið. Telur M að A beri skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem hann hlaut umrætt sinn og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V kveður umrætt hlið vera CE vottað og samræmast öllum öryggiskröfum. Samkvæmt upplýsingum frá söluaðila hliðsins sé hliðið útbúið skynjara sem skynjar ef ökutæki eða annað er undir slánni þannig að sláin helst þá í uppréttri stöðu. Sömuleiðis stöðvist sláin um leið og skynjarinn skynjar að eitthvað er í hliðinu. Enn fremur sé öryggislisti undir slánni sem virki þannig að sláin fari aftur upp ef hlutur kemst í snertingu við listann. Þá sé sláin rauð og hvít að lit þannig að hún eigi að sjást greinilega. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt reglum skaðabótaréttar hefur M sönnunarbyrðina um að slysið verði rakið til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. Engin rannsókn fór fram á hliðinu og útbúnaði þess í kjölfar slyssins. Engin matsgerð eða annars konar úttekt á ásigkomulagi hliðsins liggur fyrir þannig að fullyrt verður að það hafi verið vanbúið. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins sem gefur tilefni til að ætla að A hafi borið að hafa frumkvæði að slíkri rannsókn. Þá verður heldur ekki ráðið, m.a. af fyrirliggjandi ljósmyndum, að hliðið og hliðsláin hafi verið svo illa greinanleg í umhverfinu að M hafi ekki mátt taka eftir hliðinu og gæta þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast þegar gengið er um hlið eins og hér á í hlut. Að virtum gögnum málsins verður gegn andmælum V að telja ósannað að slysið verði rakið til vanbúnaðar hliðsins eða annarra atvika sem A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 10/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna heilsutjóns af völdum myglu í húsnæði X

Gögn.
Málskot móttekið 08.01.2020 ásamt fylgigögnum 1-17.
Bréf V dags. 13.02.2020 ásamt fylgiskjali.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 04.03.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M starfaði hjá A og hafði, vegna starfs síns, bæði starfs- og svefnaðstöðu í X, húsnæði A, frá maí 2017 til maí 2018. Fljótlega eftir flutning sinn að X hafi M farið að finna fyrir auknum líkamlegum einkennum og óþægindum og leitað til ýmissa sérfræðinga vegna þeirra, en til að byrja með hafi reynst örðugt að greina ástæðu þessara einkenna. Hinn 7. desember 2018 hafi ofnæmislæknir sem M leitaði til sent tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins um að tengsl væru milli myglu og raka í X og einkenna M. Hinn 9. apríl 2019 hafi svo legið fyrir ítarlegt vottorð um heilsufar M þar sem fram komi að hún hafi hlotið langvarandi heilsutjón vegna dvalar sinnar í X. Þá hafi jafnframt verið ljóst að fleiri sjúkdómstilfelli hafi mátt rekja til dvalar starfsmanna að X. Í kjölfar umkvartana starfsmanna hafi A, haustið 2018, fengið verkfræðistofuna B til að framkvæma skoðun og rakamælingu á X. Niðurstöður þeirrar skýrslu séu skýrar og sláandi. Myglu hafi verið að finna víðs vegar í X, m.a. á setustofu, í sturtuaðstöðu, í herbergjum starfsmanna og á gangi. Á grundvelli framangreinds telur M vinnuveitanda sinn, A, hafa brugðist skyldum sínum gagnvart henni með því að tryggja ekki öryggi og aðbúnað á vinnustað og gerir hún því kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Til stuðnings kröfu sinni vísar M m.a. til þess að henni sé nægilegt að sýna fram á að tjón hennar megi rekja til A eða einhvers starfsmanna þess en um hafi verið að ræða skaðabótaskylt hirðuleysi og vanrækslu á viðhaldi, umhirðu og eftirliti með húsakynnum A að X. Samkvæmt skýrslu B sé mygla sjáanleg víða í húsnæðinu og ýmiss konar frágangi, t.a.m. við kíttun og frágang á listum, hafi verið ábótavant. Þá hafi raki og leki komist í gegnum glugga á X og sýni myndir að gluggar séu morknir og ónýtir. Enn fremur hafi loftræstingu og almennu hreinlæti í húsnæðinu verið ábótavant. Af skýrslu B sé ljóst að yfirmenn hjá A hafi mátt vita að mygla grasseraði í X. Þá bendi ekkert til þess að A hafi haft eftirlit með húsnæðinu svo sem skylda hafi borið til en sýnilegar rakaskemmdir hafi gefið sérstakt tilefni til frekari rannsókna. Enn fremur hafi fræðslu og upplýsingagjöf til starfsmanna verið ábótavant. Leggja verði strangt sakarmat á A sem sé beinlínis sérfróður aðili á þessu sviði og hafi innan sinna raða fjölmarga starfsmenn með sérþekkingu á viðhaldi og eftirliti með fasteignum. Ljóst sé að M hafi orðið fyrir heilsutjóni, sem rekja megi til þessa skaðlega umhverfis sem aftur megi rekja til vanrækslu A og starfsmanna þess á viðhalds- og eftirlitsskyldum. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum svo og reglna sem settar hafa verið á grundvelli þeirra.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að það hafi ekki verið fyrr en eftir að M flutti frá X, eða um haustið 2018, sem A hafi borist athugasemdir um ástand húsnæðisins að X, en þá hafi komið fram athugasemdir frá tveimur sumarstarfsmönnum A sem dvöldu að X. Vegna þess hafi B verið falið að vinna að úttekt á húsnæðinu. Í skýrslu B komi fram að finna megi raka og rakaskemmdir á ákveðnum stöðum innan X, en ekki megi ráða af skýrslunni að höfundar hennar hafi orðið varir við sýnilega myglu. Fyrstu athugasemdir um hugsanlega myglu hafi því borist A um mánaðamótin ágúst/september 2018 og engin mygla verið sjáanleg. Þá sé því hafnað að ástand X hafi almennt verið ófullnægjandi enda komi sérstaklega fram í skýrslu B að viðhald þess hafi verið gott. Þegar skýrsla B lá fyrir hafi verið ráðist í endurbætur á húsnæðinu vegna þeirra atriða sem bent var á í skýrslunni. Jafnframt hafi þak X verið opnað og hafi þá komið í ljós mygla í hluta þess. Svo virðist sem loftun þaksins hafi ekki verið fullnægjandi og hafi það valdið myglunni. Hafi því verið um að ræða galla á fasteigninni sem A hefði enga vitneskju haft um. Um leið og A hafi haft vitneskju um að vandamál væri til staðar hafi verið gripið til aðgerða en augljóst sé að A hafi ekki haft vitneskju um mygluskemmdir í X meðan M

dvaldi þar og starfaði. Rakavandamál í húsum séu mjög algeng hér á landi og almennt ástand X hafi ekki verið þannig að A hafi mátt vera ljóst að þar væri mygluvandamál, fyrr en staðfestar mælingar og rannsóknir hafi legið fyrir. Þá sé því alfarið hafnað að sýnt sé fram á að viðhald eða eða aðbúnaður hafi verið með þeim hætti að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 eða reglna settum með stoð í þeim. Ekki hafi heldur verið sýnt fram á að orsök rakans/myglunnar sé að rekja til einhverra atvika sem A beri ábyrgð á. Þá tekur V fram að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli myglunnar og heilsufars M, en hún hafi t.a.m. verið óvinnufær á árinu 2016, áður en hún flutti að X og ekki sé hægt að slá því föstu að veikindi hennar sé einvörðungu að rekja til myglu. Eðli máls samkvæmt sé enginn bótaréttur til staðar nema sýnt sé fram á slík orsakatengsl. Með vísan til alls framangreinds hafnar V því kröfunni.

Í viðbótarathugasemdum M áréttar hún kröfur sínar og gerir ákveðnar athugasemdir við málatilbúnað V. Þannig er því m.a. mótmælt að ekki megi ráða af skýrslu B að mygla hafi verið í húsnæðinu. Þannig megi ráða af ummælum skýrsluhöfundar að þar sem byggingarefni hafi blotnað mikið sé myglu að finna. Eðli máls samkvæmt sé ekki hægt að sjá mygluna með berum augum en hinar verulegu rakaskemmdir sem hafi verið í X gef skýr merki um hana. Frekari prófanir hafi svo tekið af allan vafa um tilvist myglu í X. Á grundvelli almennrar þekkingar hefði skoðun á húsnæðinu því átt að leiða í ljós merki um að mygla væri til staðar. Geti A því ekki borið fyrir sig að vitneskja starfsmanna þess um myglu hafi ekki verið til staðar. Þá er því hafnað að í skýrslu B hafi komið fram að ástand X hafi almennt verið gott og viðhald fullnægjandi, enda hafi þau ummæli átt við um annað húsnæði í eigu A. Sýni niðurstöður skýrslunnar fram á að viðhaldi X og ástandi hafi verið ábótavant. Þrátt fyrir að mygla hafi leynst í þaki hafi ófullnægjandi loftun þess ekki verið eina orsök umræddrar myglu heldur megi einnig rekja hana til leka víðs vegar í X, ófullnægjandi loftræstingar og skorts á hreinlæti. Við mat á sök A verði einnig að líta til þess að rakaskemmdir myndist á löngum tíma, og bendi gögn til þess að raki hafi verið langvarandi og/eða umfangsmikill. Þá hafi A vanrækt að leggja fram gögn er sýni fram á að viðhaldi á X hafi verið sinnt. Þá er einnig ítrekuð sú afstaða M að A hafi vanrækt að tilkynna um og skrá atvinnusjúkdóm með fullnægjandi hætti, en tveir sumarstarfsmenn A hafi greinst með einkenni vegna myglu. Hafi A þá borið að tilkynna Vinnueftirlitinu um þau tilvik þannig að viðhlítandi rannsókn gæti farið fram. Beri A hallann af sönnunarskorti vegna þessarar vanrækslu. Þá er því sérstaklega mótmælt að ekki séu orsakatengsl milli myglu í X og heilsufars M, enda sýni læknisfræðileg gögn fram á slík tengsl. Jafnvel þó aðrar orsakir kunni að vera fyrir heilsubresti M sé bótaskylda samt sem áður fyrir hendi enda ekki skilyrði fyrir henni að mygla sé eina eða meginorsök tjóns M.

Álit.

Óumdeilt er að myglu var að finna í X og telja verður nægilega sýnt fram á að M hafi orðið fyrir heilsutjóni af völdum dvalar sinnar þar. Vátrygging A hjá V tekur til skaðabótaábyrgðar A vegna tjóns á mönnum og munum sem rekja má til starfsemi þess. Hins vegar er það ekki svo að fyrirtæki beri einhvers konar hlutlæga ábyrgð vegna fasteigna sem þau nýta við starfsemi sína og sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð ber samkvæmt almennum sönnunarreglum sönnunarbyrði um það. Kemur þá til skoðunar hvort slík sönnun hafi tekist, þ.e. hvort A hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við umhirðu og viðhald X.

Af gögnum málsins er ljóst að verkfræðistofan B skoðaði X hinn 12. september 2018 en skýrsla B lá fyrir hinn 21. september 2018. A kallaði B til starfans eftir að tveir sumarstarfsmenn sem dvalið höfðu að X kvörtuðu en á þeim tíma virðist ekki hafa legið fyrir að heilsubrest M væri að rekja til myglu í X. Verður því ekki séð annað en að A hafi brugðist fljótt við í kjölfar kvartana starfsmanna.

Kemur þá til skoðunar hvort ástand X hafi verið þess eðlis að A eða starfsmenn þess hefðu mátt gera sér grein fyrir því að heilsuspillandi myglu væri að finna í fasteigninni. Af gögnum málsins má ráða að ein ástæða myglu hafi verið ónæg loftun í þaki og því um galla á fasteigninni að ræða sem ekki hefur verið sýnilegur við venjubundna umgengni eða umhirðu og því verður það ekki metið A til sakar að hafa ekki brugðist fyrr við því.

Hvað varðar aðrar hugsanlegar meðorsakir eða einkenni myglu verður að líta til skýrslu B sem er meðal gagna fyrir nefndinni. Þar kemur fram að við yfirferð B á húsnæðinu hafi komið í ljós svæði með sjáanlegum rakaummerkjum og einhverjir virkir lekar, þó ástand húsnæðisins væri almennt ágætt. Í niðurstöðum B kemur m.a. fram að við skoðun hafi mælst hækkaður raki undir gólfflísum í sturtuaðstöðu og sjáanlegur örveruvöxtur í kíttisþéttingu, í fundarherbergi hafi rakaummerki verið við útidyrahurð og aðeins hækkaður raki í gólfi við útvegg, við skoðun á einu herbergi starfsmanns hafi þétting í kverk í gólfdúk verið farin að losna, og í öðru herbergi hafi mátt sá rakaummerki í glugga, í gangi hafi víða við samskeyti á einingum mátt sjá rakaummerki, og í enn einu herbergi var í sturtuaðstöðu sjáanlegt gat í gólfdúk í kverk við vegg, sjáanlegir dökkir veggir í gólfdúk en ekki hækkaður raki, aðeins hækkaður raki hafi mælst í horni við kant sem aðskilji gólf frá sturtuaðstöðu og sjá hafi mátt rakaummerki í kverklistum og aðeins hækkaðan raka undir gólfdúk við útvegg. Þá hafi í setustofu mátt sjá aðeins rakaummerki í við útidyrahurð og glugga og lekatauma frá loftunartúðu á útvegg. Með hliðsjón af ofangreindu, svo og ljósmyndum sem fylgdu skýrslunni, verður ekki talið að sjáanlegir annmarkar á húsnæðinu hafi verið svo umfangsmiklir eða þess eðlis að augljóst hafi verið að hætta gæti skapast af þeim og að það verði metið A til sakar að hafa ekki brugðist við þeim fyrr, en í skýrslu B er jafnframt sérstaklega tekið fram að skýrslan taki eingöngu til þeirra atriða sem þarfnist úrbóta og beri að skoða hana með hliðsjón af því. Verður samkvæmt framansögðu ekki fallist á að tjón M verði rakið til saknæms athafnaleysis A og er bótaábyrgð úr ábyrgðartryggingu þess þar af leiðandi ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 11/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um greiðslu bóta vegna lögmannskostnaðar.

Gögn.
Málskot móttekið 13.01.2020 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Bréf V dags. 03.02.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 19.02.2020.

Málsatvik.
Af málskoti og meðfylgjandi gögnum má ráða að M hafi, hinn 15. september 2017, verið farþegi um borð í ferju sem A rekur þegar ferjan rakst í skerjagarð með þeim afleiðingum að M fékk hnykk á bakið og rak sig í. Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að V hafi viðurkennt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A vegna þessa atviks. Samkvæmt matsgerð sem M og V óskuðu sameiginlega eftir þótti ekki sýnt fram á að M hefði hlotið nokkurt tjón við slysið og því væri skilyrði um orsakatengsl milli atviksins og líkamlegra óþæginda M ekki uppfyllt. Í kjölfarið, eða hinn 15. apríl 2019, hafnaði V greiðslu á lögmannskostnaði M vegna málsins. Ágreiningur þessa máls snýr því að því hvort M eigi rétt á því að fá slíkan kostnað greiddan af hálfu V.

Í málskoti kveðst M gera kröfu um bætur vegna þessa kostnaðar, enda beri þeim sem ber ábyrgð á líkamstjóni m.a. að greiða tjónþola skaðabætur vegna annars fjártjóns, og falli lögmannskostnaður þar undir. Markmið skaðabóta sé að gera tjónþola eins settan fjárhagslega og ef bótaskylt atvik hefði ekki átt sér stað. Ljóst sé að M hafi þurft aðstoð lögmanns við kröfugerð sína, enda séu mál er varða líkamstjón flókin og vandséð hvernig M hefði getað rekið mál sitt sjálf án aðkomu lögmanns. Skipti þar ekki máli þó matsmenn hafi komist að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki hlotið varanleg mein við slysið. Þá hafi lögmaður komið að ýmsum verkum, eins og t.a.m. öflun læknisfræðilegra gagna í samráði við V. Er þess því krafist að viðurkenndur verði réttur M til bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna lögmannskostnaðar hennar.

Í bréfi V til nefndarinnar segir m.a. að félagið hafni kröfu M á grundvelli þess að þóknun lögmanns sem gerð sé upp á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993 taki mið af heildarhagsmunum í hverju máli. Í tilviki M liggi fyrir að varanlegar afleiðingar af slysinu séu engar og því komi greiðsla bóta ekki til álita. Löng venja sé fyrir því að þóknun byggi á þeim hagsmunum sem séu til staðar í málum sem þessum, þar sem ekki hafi komið til bótagreiðslu vegna líkamstjóns geti ekki komið til greiðslu hagsmunatengdrar lögmannsþóknunar. Þá tekur V fram að M hafi haft sjálfdæmi um það hvaða lögmanns hún leitaði til, og t.a.m. hefði henni verið unnt að leita til lögmanns sem miði þóknun við hagsmuni þá sem mál varða. Er kröfu M því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M þá afstöðu sína að hún hafi haft mikla hagsmuni af því að kanna bótarétt sinn og til þess hafi verið nauðsynlegt að fá aðstoð lögmanns. Þá lýsir M þeirri afstöðu sinni að lögmannsþjónusta sé afar persónulegs eðlis og að það væri óeðlilegt ef vátryggingafélög gætu skikkað tjónþola til að leita ódýrustu þjónustu í boði hverju sinni. Ítrekar M því kröfu sína.

Álit:
Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum vegna lögmannskostnaðar, en í málinu liggur fyrir afrit af reikningi frá lögmannsstofu til M. Fallist er á það með M að lögmannskostnaður geti verið hluti annars fjártjóns sem þeim sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni beri að greiða samkvæmt 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Fyrir nefndinni liggur tímaskýrsla lögmanns M svo og eins og áður segir reikningur lögmanns að fjárhæð kr. 333.405 kr. Ekki liggur þó fyrir að M hafi greitt umrædda þóknun og þar með er ekki að fullu ljóst hvort tjón hennar vegna þessa kostnaður hefur raungerst. Þá verður að líta til þess að samkvæmt matsgerð sem fyrir liggur í málinu varð M hvorki fyrir tímabundnum né varanlegum afleiðingum vegna umræddsatviks og kom því ekki til greiðslu bóta vegna þess. Löng venja er fyrir því að sá sem ber skaðabótaábyrgð á tjóni greiði

bætur vegna lögmannsþóknunar þannig að fjártjón tjónþola byggist á því sem hann þurfi að greiða lögmanni vegna hagsmunatengdrar þóknunar. Hefð er fyrir því að lögmannsþóknun sé hagsmunatengd í málum sem varða uppgjör á grundvelli skaðabótalaga og eins og málið er lagt fyrir nefndina verður ekki séð að gjaldskrá lögmannsins sem M leitaði til sé frábrugðin hvað það varðar eða rök séu til að víkja frá þeirri hefð. Þannig hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni vegna greiðslu lögmannskostnaðar og er það afstaða nefndarinnar að slíkar bætur komi ekki til álita.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum vegna lögmannskostnaðar úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 19. mars 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 13/2020

M og
V v/ frítímaslysatryggingarliðs fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um orsakatengsl milli slyss og sjúkdómseinkenna. Vanreifun. Frávísun.

Gögn.
Málskot, móttekið 14.1.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 16.1.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Með tjónstilkynningu til V, dags. 20. mars 2019, kveðst M hafa hinn 8. október 2017 orðið fyrir því að hjólað var í veg fyrir hann á stíg við Elliðaárnar. Við það hafi hann hjólað utan í afturhjólsgjörð þess sem fór í veg fyrir hann, kastast fram fyrir sig og dottið harkalega á hægri hlið. Hafi hann fengið opin sár á höndum og mjöðm. Nánar lýsir M meiðslum svo að hann hafi fengið mikið högg á mjöðm og við það hafi brjósk sprungið í mjaðmalið. Alvarleiki málsins hafi ekki komið í ljós fyrr en í mars 2018 þegar nafngreindur bæklunarskurðlæknir hafi sagt mjaðmaliðaskipti óumflýjanleg sem hafi farið fram í Svíþjóð í september 2018. Kveður M að læknir sá er framkvæmdi aðgerðina í Svíþjóð og annar læknir hér á landi telji áverka í mjaðmaliðnum stafa af slysinu í október 2017.
M hefur krafist bíta úr frítímaslysatryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu. Í því efni vísar félagið m.a. til læknisfræðilegra gagna sem það hafi undir höndum, þar sem fram komi að M hafi leitað á heilsugæslustöð 19. október 2017 vegna kvartana frá hægri mjöðm án þess að minnst hafi verið á slysið, en við röntgenrannsókn hafi komið í ljós slitbreytingar sem hafi aukist í samanburði við sams konar rannsókn frá árinu 2013 er hann hafi orðið fyrir meiðslum á hægri mjöðm í reiðhjólaslysi. Jafnframt segi í læknabréfi vegna skoðunar á Landspítalanum í september 2018, er hann hafi verið settur á lista vegna fyrirhugaðra mjaðmaliðskipta, að hugsanlega sé slitgigt komin í hægri mjöðm vegna slyss 2013. Þá kveður V að ársfrestur til að tilkynna um slysið hafi verið liðinn þegar tjónstilkynning M barst í mars 2019, og er í því efni vísað til ákvæða í skilmálum slysatryggingarinnar og 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Álit.
Samkvæmt e. lið 4. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 fjallar nefndin ekki um mál, sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samþykktanna úrskurðar nefndin hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.
Læknisfræðileg gögn málsins eru mjög takmörkuð. Í reynd liggur fyrir einungis eitt læknisfræðilegt gagn í málinu, þ.e. yfirlýsing þess læknis, sem framkvæmdi fyrrgreinda mjaðmaliðskiptaaðgerð í Svíþjóð. Yfirlýsingin, sem er dagsett 24. október 2019, hljóðar svo: „The patient stated above went through a total hip replacement right side 26/02/19. Bike accident 2017. Subsequent pain from the right hip region. X-ray show signs of post traumatic hip osteoathritis.“ Engin gögn liggja fyrir um sjúkrasögu M allar götur frá árinu 2013 er hann mun hafa hlotið áverka á hægri mjöðm í reiðhjólaslysi. Engin gögn eru heldur um læknisskoðanir og læknismeðferð sem hann hefur fengið hjá læknum hér á landi í kjölfar þess slyss sem hann kveðst hafa orðið fyrir 8. október 2017. Þá liggur heldur ekki fyrir nein matsgerð á þeim afleiðingum sem rekja má til slyssins.
Þegar litið er til þess hve gögn málsins eru takmörkuð er ógerlegt að úrskurða um þau ágreiningsefni sem uppi eru í málinu, bæði hvað varðar ágreining um afleiðingar af völdum slyssins sem M kveðst hafa orðið fyrir í október 2017 og ágreining um hvort tilkynning um slysið hafi borist V þegar frestur til þess var liðinn. Verður samkvæmt þessu ekki hjá því komist að vísa málinu frá með vísan til framangreindra ákvæða í samþykktum fyrir nefndina.

Niðurstaða.
Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 4. febrúar 2020.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 14/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartrygginga bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 28 október 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 09.01.2019 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1 dags. 06.02.2020.
Bréf V2 dags. 11.02.2020.
Viðbótarathugasemdir M dags. 11.02.2020.

Málsatvik.
Hinn 28. október 2019 varð árekstur milli ökutækja A, sem er flutningabíll í eigu X og B, sem er í eigu M. Ökumaður B umrætt sinn var Y. Í málskoti segir M Y lýsa atburðarás við áreksturinn þannig að B hafi verið kyrrstæð á akstursleið að bifreiðastæði Sjúkrahússins á Akureyri þegar A hafi tekið vinstri beygju inn á bifreiðastæðið og við það rekist á vinstra afturhorn B. Upphaflega lýsingu ökumanns A á atvikum sé að finna í tjónstilkynningu en þar komi fram að hann hafi verið „að beygja inn að SAK og bíll B lendir í vinstri hlið bílsins“. Í síðari atvikalýsingu, sem stafi frá X komi hins vegar fram að A hafi verið kominn inn á bifreiðastæðið þegar B hafi „troðið“ sér meðfram vinstri hlið A. M telur útilokað, miðað við ákomu á bifreið B, að seinni atvikalýsing A eigi við rök að styðjast, skemmdirnar séu á tiltölulega litlu svæði á bifreiðinni en hefði B verið á ferð hefðu þær náð yfir mun stærra svæði. Því telur M ljóst að ökumaður A hafi tekið of krappa vinstri beygju og ekki horft nægilega til beggja átta og þar af leiðandi ekið á bifreið B, en Y hafi stöðvað bifreiðina af ótta við að bifreiðarnar næðu ekki að mætast. M tekur jafnframt fram í málskoti að lögregla hafi verið kölluð á vettvang en þar sem ökumenn hafi á þeim tíma verið sammála um atvikalýsingu hafi ekki verið gerð lögregluskýrsla um atvikið. Eftir að lögregla fór af vettvangi hafi viðmót ökumanns A hins vegar breyst og hann yfirgefið vettvanginn án þess að ljúka við útfyllingu tjónstilkynningar. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú að hvor ökumanna skyldi bera helming sakar. Með framangreindum rökum er M ósáttur við þá niðurstöðu og krefst þess fyrir nefndinni að öll sök verði lögð á A.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V1, sem er vátryggjandi A, fram að Y hafi skilað einhliða tjónstilkynningu. Á framhlið hennar sé ekki hakað við að B hafi verið kyrrstæð í aðdraganda áreksturs. Þá hafi ökumaður A, bæði í upphaflegum og síðar til komnum framburði sínum, haldið því fram að B hafi verið ekið á A. Því sé ökumaður A ekki tvísaga um atvik við áreksturinn. Þar af leiðandi sé ósannað um atvik í aðdraganda áreksturs, ósannað sé hvor bifreiðanna hafi farið yfir á vegarhelming hinnar, og eins sé ósannað að bifreið B hafi verið kyrrstæð og ákomur á bifreiðina sýni ekki fram á neitt í þeim efnum. Með hliðsjón af því telur V1 rétt að hvor ökumanna beri helming sakar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V2, sem er vátryggjandi B, þeirri afstöðu sinni að rétt sé að skipta sök til helminga, enda sé ósannað með staðsetningu eða hreyfingu ökutækjanna við mætingu þeirra.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M kröfur sínar og bendir sérstaklega á aðstöðumun aðila. Þá ítrekar M að frásögn A hafi verið reikul og haldlítil og raunar sé óvíst hvort síðari lýsing hans á atvikum stafi frá honum sjálfum eða yfirmanni hans.

Álit:
Meðal gagna fyrir nefndinni er framhlið tjónstilkynningar, sem er aðeins undirrituð af Y. Er þar hakað við að bifreið B hafi ekið út af bílastæði, lóð, einkavegi, e. þ.h., en ekki er hakað við að bifreiðin hafi verið kyrrstæð. Á bakhlið tjónstilkynningar, sem undirrituð er af A, kemur fram sú lýsing hans á atvikum að hann hafi verið að beygja inn að sjúkrahúsinu og að bifreið B hafi lent í vinstri hlið A. Af þessari lýsingu verður ekki ráðið með óyggjandi hætti að bifreið B hafi verið kyrrstæð, og má frekar

ráða að A telji að bifreið B hafi verið ekið á bifreið A. Verður því ekki séð að ökumaður A sé tvísaga í lýsingum á atvikum, jafnvel þó síðari yfirlýsing X vegna málsins sé töluvert ítarlegri. Á bakhlið tjónstilkynningar, sem undirrituð er af Y, kemur hins vegar fram sú atvikalýsing að B hafi verið kyrrstæð þegar A hafi verið ekið á hana. Engin vitni virðast hafa orðið að atvikinu og veita ljósmyndir af ákomu á bifreið B engar óyggjandi vísbendingar um atvik við áreksturinn. Þar sem ágreiningur er um atvik og fyrirliggjandi gögn sýna ekki fram á hver staða A og B var í aðdraganda árekstrar verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.
Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík 25. febrúar 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 15/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar læknis A.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna sjúkdómseinkenna í kjölfar magabandsaðgerðar.

Gögn.
Málskot, móttekið 7.1.2020, ásamt fylgigögnum.
Tölvubréf V, dags. 27.1.2020.

Málsatvik.
Hinn 12. september 2014 gekkst M undir magabandsaðgerð hjá lækninum A. Hinn 22. október sama ár leitaði M til læknis og sama dag var hún lögð inn á sjúkrahús vegna mikilla kviðverkja og var m.a. greind með lungnabólgu. Næstu mánuði á eftir átti hún við ýmis konar sjúkdómseinkenni að stríða, svo sem endurteknar öndunarfærasýkingar og einkenni frá meltingarfærum. Í ágúst 2015 var magabandið fjarlægt.

M taldi sig hafa orðið fyrir líkamlegu heilsutjóni af völdum magabandsaðgerðarinnar í september 2014 og krafðist bóta úr sjúklingatryggingu sem A hafði í gildi hjá V. Með sameiginlegri beiðni M og V í júlí 2017 voru tveir læknar, B og D, fengnir til að láta í té skriflegt og rökstutt álit um afleiðingar af völdum aðgerðarinnar. Með matsgerð þeirra, dags. 12. febrúar 2019, var komist að þeirri niðurstöðu að í umræddri aðgerð hafi ekki falist það sem nefna mætti sjúklingatryggingaratburð. Gangur mála eftir aðgerð verði að mati matsmanna ekki rakinn til aðgerðarinnar og að ekki sé grundvöllur fyrir rétti til bóta með vísan í lög um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Engin gögn liggja fyrir um aðra niðurstöðu varðandi rétt M til bóta úr sjúklingatryggingunni hjá V.

Í málskoti er gerð krafa um að viðurkenndur verði réttur M til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Álit.
Svo M geti átt rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V, eins og krafist er í málskoti, verður að liggja fyrir að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna saknæmrar háttsemi A þannig að M eigi skaðabótakröfu á hendur honum. Í 5. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu er mælt fyrir um ákvörðun bóta vegna tjóns sem hlýst af völdum sjúklingatryggingaratburðar og hámark bótafjárhæðar fyrir hvert einstakt tjónstilvik. Samkvæmt 7. gr. laganna verður skaðabótakrafa á hinn bóginn ekki gerð á hendur neinum sem er bótaskyldur samkvæmt reglum skaðabótaréttar nema tjón hafi ekki fengist að fullu bætt samkvæmt 5. gr. laganna og þá einungis um það sem á vantar. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en M hafi ekki fengið greiddar bætur úr sjúklingatryggingu vegna líkamstjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir og rekja megi til magabandsaðgerðarinnar 12. september 2014. Meðan svo er ástatt á hún ekki skaðabótabótakröfu á hendur A, sbr. 7. gr. laga nr. 111/2000. Þegar af þeirri ástæðu á hún ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu læknisins A hjá V.

Reykjavík, 11. febrúar 2020.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 16/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður í húsbyggingu féll niður um stigaop.

Gögn.
Málskot, móttekið 15.1.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 29.1.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Að morgni 12. júní 2018 var M að störfum í húsbyggingu á vegum byggingafyrirtækisins A. Féll hann þá niður eina hæð, eða um 2,80 m, og varð fyrir alvarlegum meiðslum á höfði.

Í vettvangsskýrslu lögreglu er haft eftir vitni að M hafi verið að vinna á efri hæð þegar hann hafi stigið á doka, en undirstaða sem hafði haldið dokanum uppi hafði verið tekin í burtu á hæðinni fyrir neðan. Hafi það orðið til þess að M hafi fallið niður á neðri hæðina og lent á höfðinu.

Í skýrslu lögreglu af einu vitni sem var að störfum á neðri hæð húsbyggingarinnar kemur fram að timbur hafi aðeins verið yfir hluta stigaopsins og yfirmaður hafi verið búinn að gefa þeim fyrirmæli um að taka undirstöðurnar undan og hafi svo verið gert.

Í lögregluskýrslu er haft eftir öðru vitni að M hafi verið á leið til hans og hafi hann stigið á tréplanka sem hafi dottið niður og M með honum. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað að búið hafi verið að taka undirstöður undan stigaopinu.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins (VER) um slysið kemur fram að M hafi verið að slá upp veggjum á annarri hæð húsbyggingarinnar þar sem stigaop hússins sé. Hann hafi stigið út á dokaborð sem hafi legið yfir stigaopinu að hluta, en búið hafi verið að taka undirstöður undan án þess að M hafi vitað af því og því fallið niður á næstu hæð um 2,80 m fall. Engar fallvarnir hafi verið í kringum stigaopið. Var það mat VER að slysið mætti rekja til til þess að:

- undirstöður dokaborðsins hafi verið fjarlægðar án þess að allir starfsmenn hafi vitað um það og engar merkingar hafi verið til staðar um að svæðið þar sem M var á ferð hafi verið hættulegt,
- engar fallvarnir hafi verið til staðar við stigaopið þar sem verið var að vinna að uppslætti og
- ekkert áhættumat hafi verið gert vegna þeirra starfa sem þarna voru unnin.

Bannaði VER alla vinnu á staðnum þar til gengið hafði verið frá fallvörnum við stigaopið.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt sem hann hlaut í slysinu úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt því sem kemur fram í skýrslum lögreglu og umsögn VER var M að störfum við að slá upp veggjum á annarri hæð húsbyggingarinnar í námunda við stigaop sem að hluta var hulið með dokaborðum. Steig M þá út á dokaborðið og féll niður á hæðina fyrir neðan. Á sama tíma var unnið við að fjarlægja stoðir undan dokaborðunum yfir opinu. Samkvæmt gögnum málsins verður að telja ósannað að M hafi vitað eða mátt vita að unnið hafi verið við að fjarlægja stoðirnar. Engar fallvarnir voru við stigaopið eins og VER gerði kröfu um að yrði komið þar fyrir. Er ósannað að ekki hafi verið unnt að koma við slíkum vörnum. Skipulag vinnunnar eins og hér háttaði var stórhættulegt og til þess fallið að slys gæti hlotist af eins og reyndin varð. Af hálfu A var því ekki gætt þess öryggis á vinnustaðnum sem krefjast mátti. Fór það m.a. í bága við 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Að þessu virtu telst A bera skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem M varð fyrir umrætt sinn.

Samkvæmt 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 skerðist ekki réttur starfsmanns til skaðabóta sem verður fyrir líkamstjóni í starfi sínu vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Jafnvel þótt M kunni í ógáti að hafa stigið út á dokaborðið verður að teknu tilliti til aðstæðna sem þarna voru ekki talið að sýnt hafi verið fram á að það verði rakið til stórkostlegs gáleysis af hans hálfu. Er því ekki efni til að skerða rétt hans til bóta. Hann á því óskoraðan rétt til bóta fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Í máli þessu fyrir úrskurðarnefnd er í samræmi við starfssvið nefndarinnar einungis leyst úr ágreiningi aðila um rétt M til bóta úr ábyrgðartryggingu hjá V. Í málinu hefur verið lagt fram mikið magn heilsufarsupplýsinga um M sem enga þýðingu hafa fyrir úrlausn málsins fyrir nefndinni. Alvarleg athugasemd er gerð við framlagningu þessara gagna.

Niðurstaða.
M á óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 18. febrúar 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 17/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar.

Ágreiningur um gildissvið vátryggingaskilmála vegna tjóns á aðalvél skips.

Gögn.
Málskot, móttekið 15. janúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-8.
Bréf V, dags. 28. janúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-5.

Málsatvik.
M er vátryggingartaki svokallaðrar frjálsrar ábyrgðartryggingar vegna atvinnureksturs síns hjá V. Í tjónstilkynningu M til V (ódags.) kemur fram að í apríl 2017 hafi bolti í aðalvél skipsins X brotnað. Í málskoti er atvikum lýst þannig að umfangsmikil vélarbilun hafi átt sér stað um borði í skipinu eftir að bolti í vélinni hafi gefið sig. Umrædd vélarbilun kom fram eftir að M hafi unnið vinnu við aðalvélina, sem hluta af reglubundnu viðhaldi skipsins, nokkru áður. Í gögnum frá V kemur fram að bolti sem heldur andvægi á sveifarás hafi brotnað með þeim afleiðingum að aðalvél skipsins skemmdist. Í málinu liggja fyrir matsskýrslur frá erlendum matsaðilum dags. 28. apríl 2017 og 17. júlí 2017.

Í tölvupósti frá V dags. 30. apríl 2018 kemur síðan fram að V hafi metið tjón á vél skipsins bótaskylt úr ábyrgðartryggingu M og þar kemur fram að „..orsakir tjónsins megi rekja til þess að boltinn hafi verið vanhertur í upptekt sem fór fram hjá Vélar og Skip og að tjónið verði eki (sic) rakið til efnisgalla.“ Í afstöðu V kemur síðan fram að „...endurvinna í tjónum sem þessum fæst ekki bætt, þ.e. vinnuliðurinn.“ Þar vísar V til ákvæði sérstöku ákvæði í vátryggingarskírteini ábyrgðartryggingar M hjá V sem hljóðar svo: „Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju að hluta eða öllu leyti vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu, tekur vátryggingin ekki til kostnaðar við það.“ Að þessu ákvæði virtu upplýsti V M um að bótagreiðsla tæki einungis til kostnaðar við kaup á varahlutum en ekki til kostnaðar við vinnu.

M telur að bætur úr ábyrgðartryggingu þess eigi að taka mið af öllum kostnaði við tjón eiganda skipsins, þ.e. einnig þann kostnað sem stofnaðist við þá vinnu sem bæði M vann sjálft til að gera við vél skipsins sem og kostnaður við vinnu fyrirtæksins Wärtsilä vegna þess sama. M telur að ekki sé um endurvinnu að ræða heldur hafi vinna M og W hafi eingöngu verið unnin vegna viðgerða á tjóni sem kom til vegna þess að fyrrnefndur bolti gaf sig. Einnig vísar M til þess að vinna fyrirtæksins Wärtsilä hfi snúið að allt öðrum þáttum en vinna M. Ekki hafi í nokkrum tilvikum verið um að ræða endurvinnu vegna þess sem áður hafði verið gert við reglubundið viðhald sem jafna megi til einhvers konar þjónustuskoðunar af hálfu M en vinna sem unnin hafi verið vegna tjónsins hafi eingöngu komið til vegna þess.

V telur að um endurvinnu hafi verið að ræða í skilningi sérstakra skilmála í vátryggingarskírteini ábyrgðartryggingar M hjá V um að vátryggingin taki ekki til kostnaðar við að vinna verk að nýju að hluta eða öllu leyti vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu M. V telur að sú vinna sem hafi falist í að tak vélina upp að nýju, yfirfara vélarhluti og setja vélina saman aftur hafi verið slík endurvinna. Einnig telur að ekki sé nægilega sýnt fram á að hluti vinnu sem snúi að því að plana flöt á sveifarás vélar skipsins hafi verið unnin og V hafi ekki verið gert kleift að taka afstöðu til bótaskyldu vegna þess liðar. Auk þess vísar V til þess að krafa varðandi þann vinnulið sé svo óljós og illa upplýst að hún sé ekki tæk til úrskurðar.

Álit.
Í máli þessu er ágreiningur um orðalagið, „Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju að hluta eða öllu leyti vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu, tekur vátryggingin ekki til kostnaðar við það.“, en um er að ræða samningsákvæði í vátryggingarsamningi milli M og V um ábyrgðartryggingu og er ekki í almennum vátryggingarskilmálum heldur sérstaklega orðað í vátryggingarskírteini. Um er að ræða ákvæði sem takmarkar rétt til greiðslu bóta og telst því vera undanþáguákvæði í skilningi samningaréttar. Ekki verður annað séð en að um sé að ræða samningsákvæði sem er þess eðlis að V hefur einhliða samið orðalag þess og verður því að bera hallann af því ef það er ekki skýrt með hliðsjón af viðurkenndum sjónarmiðum um svokallaða andskýringareglu í samningarétti.

Í samningsákvæðinu er eins og áður segir vísað til þess að kostnaður við að „...vinna verk að nýju að hluta eða öllu leyti...“ sé ekki bættur úr vátryggingunni. Í málinu er ljóst að tjón varð á aðalvél skipsins X og hefur V viðurkennt greiðsluskyldu á þeim grundvelli að „...bolti sem hélt andvægi hafi verið rangt hertur, sem leiddi til þess að einstakir vélarhlutar gengu til og skemmdust.“, eins og kemur fram í bréfi V til nefndarinnar dags. 28. janúar sl.

Ekki verður séð að sú vinna sem var nauðsynleg til að framkvæma viðgerð vegna tjóns á aðalvél skipsins geti verið sama vinna og framkvæmd hafi verið áður þar sem sú vinna sem umdeildur kostnaður hlaust af hefði aldrei komið til nema vegna tjónsins sem eigandi skipsins varð fyrir. Enda er vísað til þess í afstöðu V að tjón hafi orðið á vélinni vegna þess að einstakir vélarhlutar gengu til og skemmdust. Verður því ekki fallist á að takmörkunarákvæði það sem V hefur vísað til í vátryggingarsamningi eigi við vegna þess kostnaðar sem kom til vegna vinnu við tjónsviðgerðina sjálfa. Nefndin tekur ekki frekari afstöðu til bótafjárhæðar en telur að V sé skylt að greiða bætur vegna vinnu við tjónsviðgerð vegna tjóns á aðalvél skipsins X.

Niðurstaða.
Greiðsluskylda er fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu M hjá V vegna vinnu við tjónsviðgerð skipsins X.

Reykjavík, 18. febrúar 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 18/2020

M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjórans A

Ágreiningur um fyrningu kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu byggingarstjóra.

Gögn.
Málskot móttekið 15.01.2020 auk fylgigagna 1-11.
Athugasemdir V dags. 21.01.2020.
Viðbótarathugasemdir málskotsaðila dags. 31.01.2020.

Málsatvik.
Í málskoti til nefndarinnar kemur fram að M hafi, með kaupsamningi dagsettum hinn 13. febrúar 2018, fest kaup á fasteigninni X. Fór afhending eignarinnar fram hinn 1. maí sama ár. Fljótlega eftir afhendingu hafi orðið vart við rakamyndun og myglu í gluggum fasteignarinnar og tilkynntu M seljendum um það hinn 30. janúar 2019. Í maí 2019 hafi verið tekin sýni og hafi greining þeirra leitt í ljós skaðlegan myglugróður. Þá hafi innra byrði þaks fasteignarinnar reynst í slæmu ástandi. Hafi M í kjölfarið aflað matsgerðar húsasmíðameistara og hafi niðurstaða hennar verið sú að gera þyrfti viðgerðir á húsinu og var áætlaður kostnaður við þær kr. 3.988.608. Hafi skoðun leitt í ljós að ekki hafi verið gengið réttilega frá rakasperru í þaki og að líklegasta skýring mygluvaxtar sé sú að rakaþétting hafi átt sér stað í þakinu. Byggja M því á því að byggingarstjórinn, A, hafi vanrækt þær skyldur sínar að ganga úr skugga um að þessir verkþættir væru réttilega framkvæmdir og að frágangur þaks væri í samræmi við almenn fyrirmæli um gerð bygginga. V hafi hafnað kröfu þeirra um greiðslu úr starfsábyrgðartryggingu með vísan til þess að kröfur þeirra væru fyrndar. M mótmælir þeirri afstöðu. A hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi við starfann og sé tjón M sennileg afleiðing þess. Þá hafi verið kveðið á um það í þágildandi byggingarreglugerð að starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra skyldi gilda í minnst fimm ár frá lokaúttekt. Lokaúttekt á fasteigninni hafi enn ekki farið fram og sé því framkvæmdum sem byggingarstjóri ber ábyrgð á ekki lokið. Skaðabótakrafa M fyrnist á tíu árum, samkvæmt eldri fyrningarlögum nr. 14/1905 og rétt sé að miða upphaf fyrningarfrests við það tímamark sem galla varð vart. Þannig hafi fyrningarfrestur byrjað að líða um miðbik árs 2018. Máli sínu til stuðnings vísa M til nánar tilgreindra Hæstaréttardóma.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að fokheldisúttekt hafi farið fram í janúar árið 2007 og úttekt á rakavörn í apríl árið 2008. Samkvæmt eldri fyrningarlögum, sem um kröfuna gildi, sé krafa M því fyrnd, enda teljist fyrningartími kröfu frá þeim degi sem hún varð gjaldkræf. Skaðabótakrafa stofnist þegar hin meinta bótaskylda háttsemi eigi sér stað og miðist gjalddagi hennar við það tímamark. Þegar M hafi beint kröfum sínum að V hafi verið liðin meira en tíu ár frá byggingu fasteignarinnar og hafi krafa þeirra því verið fyrnd, enda fyrnist skaðabótakröfur á tíu árum. Slíkar kröfur fyrnist svo óháð því hvort starfsábyrgðartrygging sé í gildi og breyti dagsetning lokaúttektar því ekki. Máli sínu til stuðnings vísar V til nánar tilgreindra Hæstaréttardóma.

Í viðbótarathugasemdum til nefndarinnar mótmæla M því að upphaf fyrningarfrests miðist við það tímamark þegar hinn umþrætti verkþáttur hafi verið framkvæmdur, enda sé hvorki mælt fyrir um það í þágildandi byggingarreglugerð né í þágildandi skipulags- og byggingarlöggjöf. Lok framkvæmdar miðist einfaldlega við lokaúttekt og gildi vátryggingin í fimm ár frá því tímamarki. Í öllu falli sé ófært að miða upphaf fyrningarfrest við annað tímamark en það þegar M fengu nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og fyrnist krafan á fjórum árum í samræmi við fyrningarlög nr. 150/2007. Gildi þá einu hvort farið sé að eldri eða nýrri fyrningarlögum.

Álit:
Af málavaxtalýsingu má ráða að aðila greini á um hvort krafa M á hendur A sé fyrnd og koma önnur atriði málsins því ekki til frekari skoðunar. Af gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að fokheldisúttekt hafi farið fram hinn 22. janúar 2007. Gera verður ráð fyrir að þá hafi frágangi þaks verið lokið, enda er það skilyrði þess að fokheldisvottorð sé gefið út. Því verður að líta svo á að þeir

gallar sem kunna að vera á frágangi þaksins hafi verið til staðar allt frá þeim tíma. Fyrning á kröfum M í þessu tilviki á undir eldri fyrningarlög, nr. 14/1905, og samkvæmt 2. tl. 4. gr. þeirra laga fyrnast skaðabótakröfur á tíu árum en samkvæmt meginreglu skaðabótaréttar er upphaf fyrningarfrests miðað við það tímamark þegar skaðabótaskyld háttsemi á sér stað. Verður samkvæmt framansögðu að líta svo á að framkvæmd við lokun þaksins hafi farið fram í síðasta lagi í janúar 2007. Voru því meira en tíu ár liðin frá lokum þeirra framkvæmda þar til tjónstilkynning barst V en af gögnum málsins má ráða að það hafi verið hinn 20. ágúst 2019. Þegar af þeirri ástæðu eiga M ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V enda verður að líta svo á að skaðabótakrafa á hendur honum vegna frágangs á þaki sé fallin niður fyrir fyrningu. Þá verður ekki fallist á að dómaframkvæmd sú sem aðilar vísa til leiði til annarrar niðurstöðu.

Niðurstaða.

Krafa M á hendur A er fyrnd og eiga þau því ekki kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu hans hjá V.

Reykjavík 18. febrúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 19/2020

M og
V v/ farangurstryggingarliðs greiðslukortatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna hvarfs á farsíma.

Gögn.
Málskot, móttekið 13.1.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 30.1.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M var farþegi á skemmtiferðaskipi sem 24. desember 2019 kom að landi í Costa Maya í Mexíkó, þar sem M fór í skoðunarferð í rútu. Samkvæmt tjónsskýrslu, dags. 27. desember 2019, sem M gaf um borð í skipinu, kvaðst hann hafa gleymt síma sínum í rútu í Costa Maya er hann kom til baka úr skoðunarferðinni. Tölvuskeyti hafi verið sent til skipuleggjanda skoðunarferðarinnar til að grennslast fyrir um símann, en hann mun ekki hafa fundist.

M hafði í gildi greiðslukortatryggingu hjá V, en farangurstrygging er einn liður í þeirri vátryggingu. Nokkru eftir að M hafði gefið skýrslu um hvarf símans um borð í skemmtiferðaskipinu sendi hann tjónstilkynningu til V. Í tjónstilkynningunni segir að skemmtiferðaskipið hafi komið við á Mexíkósku eyjunni Costa Maya þar sem farið var í land og hafi M haft síma sinn meðferðis í skoðunarferð en allt í einu hafi hann tekið eftir að síminn hafi verið farinn úr vasa hans. Hann hafi tilkynnt um atvikið um borð í skipinu og gefið skýrslu og beðið um að leitað yrði í rútunni, en síminn hafi ekki verið þar.

M hefur kafist þess að fá símann bættan úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingarinnar. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt skilmálum farangurstryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar er vátryggt gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutningsslyss. Í máli þessu getur einungis komið til álita hvort hvarf símans teljist til tjóns af völdum þjófnaðar. Atvikið var ekki tilkynnt lögreglu í Mexíkó. Skýrsla sú, sem M gaf um borð í skemmtiferðaskipinu og er undirrituð af honum, er skýr hvað málsatvik varðar. Ekki er ástæða til að ætla að hún hafi verið rituð af ónákvæmni af hálfu þess aðila í áhöfn skipsins sem gerði hana. Þegar skýrsla þessi og tjónstilkynningin til V eru virtar ásamt gögnum málsins að öðru leyti verður ekki talið að nægilega hafi verið sýnt fram á að M hafi glatað símanum af völdum þjófnaðar. Þegar af þeirri ástæðu telst tjón M vegna hvarfs símans ekki bótaskylt úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingarinnar hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 18. febrúar 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 20/2019

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna bifreiðarinnar B

Sakarskipting vegna áreksturs 27. nóvember 2019.

Gögn.
Málskot, dags. 10. janúar 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags 21. febrúar 2020.
Bréf V2 dags. 30. janúar 2020.

Málsatvik.
Samkvæmt gögnum málsins varð árekstur milli ökutækjanna A og B, hinn 27. nóvember 2019, á Vesturlandsvegi. Ökumenn fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi en höfðu samband við Aðstoð og öryggi (AÖ) sem tók skýrslu af ökumönnum og gerði sérstaka tjónaskýrslu vegna málsins. Í skýrslu AÖ kemur fram að bifreiðunum hafi verið ekið á hægri akrein á Vesturlandsvegi út úr hringtorginu við Langatanga. Bifreið A hafi verið fyrir framan B þegar árekstur varð. Haft er eftir ökumanni A að hún hafi ekið á hægri akrein þegar hún tók eftir því að hún komst ekki hraðar. Kveðst hún hafa verið að aka bifreiðina í fyrsta skipti og áttað sig á því að bifreiðin, sem er sjálfskipt, hafi verið í fyrsta gír í svokallaðri „semi-automatic“ stillingu. Hún hafi því hægt á sér og ætlað út í kant en svo fengið högg aftan á bifreiðina. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið út úr hringtorginu á venjulegri ferð með eina til tvær bíllengdir á milli bifreiðanna. Hann hafi svo skyndilega séð bremsuljós á bifreiðinni fyrir framan. Hann hafi bremsað sjálfur en þrátt fyrir það lent aftan á bifreið A sem var orðin nánast stopp. Tjónanefnd vátryggingafélaganna taldi að ökumenn A og B bæru jafna sök á árekstrinum og skipti sök til helminga.

Í málskoti sínu til nefndarinnar kemur fram að M, eigandi bifreiðar A, er ósátt með niðurstöðu Tjónanfndar vátryggingafélaganna og telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum. Í bréfi V1 til nefndarinnar er tekið undir sjónarmið M og vísað til þess að ökumaður A hafi aldrei stöðvað bifreið sína líkt og Tjónanefnd vátryggingafélaganna virðist byggja sína niðurstöðu á. Þá telur V1 að líta beri sérstaklega til staðsetningarinnar, en áreksturinn hafi orðið þegar bifreiðarnar voru ný komnar út úr hringtorgi. Enn fremur vísar V1 til þess að skv. 2. mgr. 18. gr. núgildandi umferðarlaga nr. 77/2019 skuli ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Þá segi í ákvæðinu að þess skuli gætt að það taki að jafnaði eigi minna en þrjár sekúndur að aka bilið milli ökutækjanna. V2 tekur undir niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna.

Álit:
Í 3. mgr. 14. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skuli vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri, þótt ökutækið, sem er á undan, sötðvist eða dregið sé úr hraða þess. Í 1. mgr. 36. gr. laganna kemur fram að ökuhraða skuli jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Ökumaður skuli þannig miða hraðann við gerð og ástand vegar, veður, birtu, ástand ökutækis og hleðslu, svo og umferðaraðstæður að öðru leyti. Hraðinn megi aldrei verða meiri en svo að ökumaður hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar fram undan, sem hann sjái yfir og áður en kemur að hindrun, sem gera megi ráð fyrir.

Ökumaður B ók á eftir ökutæki A og bar því skv. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga að gæta að því að vera svo langt frá því að eigi væri hætta á árekstri, þótt ökutæki A stöðvaðist. Þá átti ökumaður B að miða hraða ökutækisins við aðstæður skv. 1. mgr. 36. gr. laganna. Af gögnum málsins má ráða að ökumaður B hafi ekki sýnt þá varúð sem nauðsynlegt var þar sem hann náði ekki að stöðva ökutæki B í tæka tíð eftir að ökumaður A hemlaði.

Í 2. mgr. 17. gr. þágildandi umferðarlaga kemur fram að ökumaður sem ætlar að stöðva ökutæki sitt eða draga snögglega úr hraða þess þurfi að gæta þess að það sé gert án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Af gögnum málsins er ljóst að ökumaður A gerði mistök við akstur að því leyti að bifreiðin var ekki í réttum gír og verður að meta háttsemi ökumannsins til einhvers gáleysis m.t.t. umræddra fyrirmæla framandgreinds lagaákvæðis.

Með hliðsjón af atvikum öllum og aðstæðum í umrætt sinn þykir rétt að ökumaður A beri 1/4 hluta sakar og að ökumaður B beri 3/4 hluta sakar.

Niðurstaða.
Ökumaður bifreiðar A ber 1/4 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B ber 3/4 hluta sakar.

Reykjavík, 19. mars 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 21/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartrygginga bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 17. desember 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 16.01.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 07.02.2020, ásamt fylgiskjölum 1-4.
Bréf V2, dags. 31.01.2020, ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.
Hinn 17. desember 2019 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B við Húnaver á Þjóðvegi 1. Var lögregla kölluð til vegna atviksins og liggur skýrsla hennar fyrir nefndinni. Þar er haft eftir M að hann hugðist taka fram úr snjóruðningstækinu B, en B hafi verið ekið rólega í útskot. M hafi túlkað það sem svo að B væri að gefa honum færi á að taka fram úr, en B hefði verið ekið skyndilega út á veginn aftur með þeim afleiðingum að A ók aftan á B. Í lögregluskýrslunni staðfestir ökumaður B þessa atvikalýsingu, og segir þar að hann hafi hreinlega ekki orðið var við framúrakstur A.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú M skyldi bera helming sakar vegna ógætilegs framúraksturs. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og áréttar í málskoti að B hefði í raun verið ekið þvert yfir veginn, yfir á hinn vegarhelminginn, og hann hefði því aldrei átt þess kost að varna árekstri.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, er tekið fram að ökumaður B hafi í upphafi staðfest frásögn M, og verið afdráttarlaus í framburði sínum við lögreglu. Í tjónstilkynningu segi hann hins vegar að hann hafi „tekið smá sveig inn með kantinum og út aftur.“ V telur að rétt sé að miða við frumgögn málsins í lögregluskýrslu en ekki þennan síðar til komna framburð. Þá sýni hemlaför að B hafi verið nánast þvert á akbrautina þegar árekstur varð, en ljóst sé að svo stórt ökutæki hefði þurft að aka langt inn í útskotið til að ná slíkri stefni, og bendi það til þess að ökumaður B hafi ætlað taka vinstri beygju frá útskotinu. Ökumaður B beri fulla ábyrgð á árekstrinum enda hafi hann með aksturslagi sínu brotið gegn 2. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 með því að taka ekki tillit annarrar umferðar. Hafi ökumaður B verið að taka vinstri beygju hafi hann jafnframt brotið gegn ákvæðum 2. og 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Þess utan hafi ekki verið um eiginlegan framúrakstur M að ræða heldur hafi hann einfaldlega ætlað að aka framhjá bifreið sem ekið hafði verið í útskot. Séu því ekki efni til að leggja hluta sakar á M, og beri ökumaður B einn ábyrgð á umræddum árekstri.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, er tekið fram að samkvæmt atvikalýsingu í lögregluskýrslu hafi B verið ekið rólega eftir þjóðveginum og síðan sveigt til hægri að útskoti til að ryðja snjó þar. Útskotið sem slíkt sé varla nógu breitt fyrir stóra bifreið, hvað þá þegar snjór er á veginum. B hafi því, samkvæmt teikningu á framhlið tjónstilkynningar, enn verið að hluta á akbrautinni en A hafi verið ekið yfir miðlínu og yfir á akrein fyrir andstæða aksturssstefnu, en á þessum stað sé óbrotin miðlína og framúrakstur því með öllu óheimill. Er það mat V2 að áreksturinn verði að öllu leyti rakinn til háttsemi M, sem hafi hafið framúrakstur í andstöðu við ákvæði 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 auk þess sem hann hafi tekið fram úr vegavinnutæki sem var með viðvörunarljós kveikt en við þær aðstæður beri að gæta sérstakrar varúðar.

Álit:
Rétt er að árétta að um úrlausn þessa máls fer eftir eldri umferðarlögum nr. 50/1987, enda höfðu ný umferðarlög nr. 77/2019 ekki tekið gildi er umræddur árekstur átti sér stað. Af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja, þ.á.m. ljósmyndum af vettvangi, má ráða að umrætt útskot sé frekar þröngt og verður því að meta það ökumanni A til gáleysis að reyna framúrakstur við þessar aðstæður, sér í lagi þar sem

ekki liggur fyrir að ökumaður B hafi gefið merki er gæfi til kynna að ætlun hans með því að keyra í útskotið hafi verið að greiða fyrir framúrakstri, en ljóst er að við framúrakstur þurfti A að aka yfir óbrotna miðlínu. Verður því að telja að hann hafi ekki sýnt þá aðgæslu sem áskilin er við framúrakstur, samanber 4. mgr. 20. gr. þágildandi umferðarlaga. Þar sem um ógætilegan framúrakstur var að ræða verður ökumaður A því látinn bera helming sakar. Helmingur sakar verður lagður á ökumann B, þar eð hann gætti ekki að því hvort unnt væri að aka frá vegarbrún við útskotið án hættu eða óþæginda fyrir aðra umferð, samanber 2. mgr. 17. gr. þágildandi umferðarlaga.

Niðurstaða.
Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 10. mars 2019.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 22/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Sakarskipting vegna áreksturs á Fífuhvammsvegi 15. desember 2019.

Gögn.
Málskot, móttekið 17. janúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-6.
Bréf V1, dags. 31. janúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1 (a.-e) og 2.
Bréf V2, dags. 20. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1- 2.

Málsatvik.
Árekstur varð með bifreiðum A og B með þeim hætti að bifreið A, sem M ók, var ekið af stað á vinstri akrein á grænu ljósi við gatnamót við Dalveg og stuttu síðar ætlaði M að skipta um akrein til hægri og þá stöðvað bifreið A, með þeim afleiðingum að bifreið B var ekið aftan á bifreið A. Ökumenn skiluðu ekki sameiginlegri tjónstilkynningu vegna árekstursins til sinna vátryggingafélaga heldur lýstu aðdraganda árekstursins hvor fyrir sig. Í skýrslu M, sem ökumanns bifreiðar A, kemur fram að hann hafi verið að undirbúa að skipta um akrein, frá vinstri til hægri, þegar ekið hafi verið aftan á bifreið A. Í málskoti hafnar M að hafa stöðvað skyndilega heldur hafi hann hægt á sér vegna umferðar á hægri akrein. Í skýrslu ökumanns bifreiðar B kemur fram að hann hafi ekið yfir gatnamót Fífuhvammsvegar og Dalvegar á vinstri akrein og bifreið A hafi verið sveigt í veg fyrir hann og snarhemlað með þeim afleiðingum að bifreið B lenti aftan á bifreið A. Í gögnum málsins er einnig skýrsla frá vitni að árekstrinum en í henni kemur fram eftirfarandi orðalag „....og snarstöðvar ökumaður jepplingsins bifreiðina...“, en þar er vísað til jepplings sem bifreiðar A. Einnig liggja fyrir frekari upplýsingar frá vitninu sem segir orðrétt: „Engin útskýranleg ástæða var fyrir þessari nauðhemlun hjá ökumanni jepplingsins.“

M telur að hann eigi ekki að bera nokkra sök á árekstrinum þar sem hann hafi hægt á bifreið A til þess að skipta um akrein, en ekki nauðhemlað.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur sýnt að nokkur umferð hafi verið á árekstrarstað, en árekstur hafi orðið um kl. fjögur á föstudegi, og þannig sé ósannað að M hafi stöðvað bifreið A að tilefnislausu, heldur hafi hann dregið úr hraða vegna umferðar. V1 telur ekki hægt að lesa með óyggjandi hætti úr lýsingum vitnis að stöðvun bifreiðar A hafi verið að tilefnislausu og telur að alla sök eigi að leggja á ökumann bifreiðar B þar sem hann hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig og vísar um það til 2. mgr. 18. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987.

V2 telur að skipta eigi sök til helminga milli ökumanna. M hafi sem ökumaður bifreiðar A ekki gætt fyrirmæla 2. mgr. 17. gr. þágildandi umferðarlaga um að gæta varúðar áður en hann stöðvaði bifreið sína, auk þess sem það komi skýr fram í skýringum vitnis á aðstæðum að þannig hafi þær verið. Hins vegar telur V2 að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt nægilega fyrirmæla 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga þar sem hann hafi ekki gætt þess að hafa nægilegt bil milli bifreiða.

Álit.
Í gögnum málsins er skýr lýsing frá vitni um aðdraganda áreksturs milli bifreiða A og B í greint sinn. Hún felur í sér að bifreið A hafi verið stöðvuð skyndilega án þess að það tengdist annarri umferð og bifreið B hafi þá verið ekið aftan á bifreið A. Í 3. mgr. 36. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökumaður megi ekki að óþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að það tefji eðlilegan akstur annarra eða skapi hættu. Auk þess er hægt að benda á 2. mgr. 17. gr. sömu umferðarlaga þar sem kemur fram að ökumenn skuli gæta sérstaklega að annarri umferð þegar þeir draga snögglega úr hraða. Þessa gætti M, sem ökumaður bifreiðar A, ekki nægilega vel og verður hann að bera hluta sakar á árekstrinum vegna þeirrar háttsemi. Ökumaður bifreiðar B gætti þess hins vegar ekki að hafa nægilegt bil milli bifreiða þegar hann ók á eftir bifreið A og ók þar með ekki í samræmi við fyrirmæli 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga. Báðir ökumenn sýndu því gáleysi við akstur sinn

og verður ekki ráðið af gögnum málsins eða málsatvikum að öðru leyti að leggja eigi meiri sök á annan ökumann fremur en hinn. Sök verður því skipt til helminga.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 19. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 23/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss þann 17. mars 2018.

Gögn.
Málskot dags. 20.01.2019, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 29.01.2020, ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.
Í lögregluskýrslu sem gerð var um málið kemur fram að lögregla hafi verið kölluð að skemmtistaðnum A vegna þess að M hafi hlotið áverka á höfði við að detta niður tröppur. Lýsir lögreglan aðkomu sinni á vettvangi á þann veg að M hafi legið neðan við stiga á bak við skemmtistaðinn. Hún hafi verið með meðvitund en vönkuð og sjáanlega ölvuð. Þá kemur fram að engin vitni hafi verið að atvikinu sjálfu. Upplýsingar og myndir í rannsóknarskýrslu lögreglu bera með sér að M hafi fallið við að ganga út um útgöngudyr skemmtistaðarins. Af myndum má greina að á hurðinni voru merkingar, þar sem fram kemur að um neyðarútgang sé að ræða og aðgangur sé bannaður öðrum en starfsfólki. Af myndum má einnig sjá að um leið og stigið er út um dyrnar er þrep niður á lítinn pall. Samkvæmt skýrslu lögreglu er hæð frá þröskuldi niður á tröppupallinn 20 cm og gönguhlutfall þrepa óreglulegt. Hæð þrepanna var mæld á bilinu 15-20 cm og dýpt þeirra 21-25 cm.

Í málskoti M kemur fram að hún hafi hinn 17. mars 2018 verið stödd á skemmtistaðnum A að næturlagi ásamt vinafólki sínu. Þegar hún hugðist fara á salernið kveðst hún hafa opnað dyr sem hún taldi vera salernisdyr og stigið inn, en hún hafi ekki gert sér grein fyrir að dyrnar sem hún opnaði hafi verið neyðarútgangur við hlið salernisdyranna. Lýsir M atvikum á þá leið að hún hafi misst jafnvægið sökum þess að mikill hæðarmunur sé milli svæða innan- og utandyra og hafi hún því fallið fram fyrir sig og niður steyptar tröppur fyrir utan skemmtistaðinn.

M telur að X, eigandi skemmtistaðarins, beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga slyssins, þar sem tjónið verði rakið til þess að húsnæði X hafi verið vanbúið. Vísar M m.a. til þess að pallurinn og tröppurnar sem M steig út á uppfylli ekki skilyrði núgildandi reglugerðar. Þá hafi lýsingu verið ábótavant og útgönguleiðir ekki greiðfærar líkt og gert er ráð fyrir að þær séu skv. lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Enn fremur vísar M til þess að rík aðgæsluskylda hvíli á X og að beita skuli ströngu sakarmati sökum þess að um sé að ræða rekstur skemmtistaðar sem laðar til sín viðskiptavini.

Af hálfu V er því mótmælt að lýsingu hafi verið ábótavant og vísar V m.a. til þess að af myndum megi sjá fljóðljós utandyra auk þess sem götulýsing nái inn á lóðina. Þá mótmælir V því að neyðarútgangur hafi verið illa merktur og að sjá megi af myndum að allar þrjár hurðarnar, þ.e. neyðarútgangur og tvær hurðir að salernum staðarins hafi verið vel merktar auk þess sem útgangshurðin hafi verið annarrar tegundar. Það hafi því verið augljóst að ekki væri um að ræða salernisdyr. Enn fremur bendir V á að húsið hafi verið byggt í gildistíð eldri reglugerðar og að ekki liggi annað fyrir en að tröppurnar uppfylli þær reglur sem voru í gildi þegar þær voru reistar. Þá vísar V til þess að ný lög og reglur í þessu sambandi hafi ekki afturvirk áhrif.

Álit:
Ágreiningur í málinu snýst um hvort tjón M verði rakið til vanbúnaðar á húsnæði skemmtistaðarins A. Óumdeilt er að tröppurnar sem M féll í fullnægja ekki reglum núgildandi byggingareglugerðar nr. 112/2012. Samkvæmt dómaframkvæmd er almenna reglan sú að fasteign þurfi ekki að fullnægja gildandi kröfum byggingarreglugerðar, heldur einungis þeim kröfum sem í gildi voru þegar fasteignin var byggð. Dómstólar hafa gert undantekningu frá þeirri reglu í dómum þar sem þjónusta var veitt í fasteign þegar ekki var unnt að sækja þjónustuna annars staðar. Undantekning á þeim grundvelli á ekki við í þessu máli, þar sem á staðnum er veitt almenn þjónusta. Umræddur stigi er hluti af fasteign sem byggð var í gildistíð eldri byggingarreglugerðar og liggur ekki annað fyrir en að fasteignin, þ.m.t.

tröppurnar, uppfylli þær reglur sem voru í gildi þegar þær voru reistar. Af þeim sökum er ekki unnt að líta svo á að tröppurnar hafi verið vanbúnar. Þá er ekkert í gögnum málsins sem bendir til þess að lýsing á staðnum hafi verið ófullnægjandi með tilliti til þess reksturs sem fram fór í húsnæðinu. Skýrar merkingar á útgönguhurðinni þess efnis að um væri að ræða neyðarútgang og að umferð gesta um hana væri bönnuð. Verður því ekki fallist á það með M að merkingar á hurðinni hafi verið ófullnægjandi. Með hliðsjón af framangreindu er ekki unnt að líta svo á að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða annarra aðstæðna sem hann ber ábyrgð á, heldur verði tjónið að öllum líkindum rakið til óhappatilviks og/eða eigin aðgæsluleysis M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 25. febrúar 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 23/2020

ENDURUPPTAKA

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss þann 17. mars 2018.

Gögn.
Málskot dags. 20.01.2019, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 29.01.2020, ásamt fylgiskjölum 1-3.
Bréf M dags. 27.2.2020.

Málsatvik.
Í lögregluskýrslu sem gerð var um málið kemur fram að lögregla hafi verið kölluð að skemmtistaðnum A vegna þess að M hafi hlotið áverka á höfði við að detta niður tröppur. Lýsir lögreglan aðkomu sinni á vettvangi á þann veg að M hafi legið neðan við stiga á bak við skemmtistaðinn. Hún hafi verið með meðvitund en vönkuð og sjáanlega ölvuð. Þá kemur fram að engin vitni hafi verið að atvikinu sjálfu. Upplýsingar og myndir í rannsóknarskýrslu lögreglu bera með sér að M hafi fallið við að ganga út um útgöngudyr skemmtistaðarins. Af myndum frá málskotsaðila má sjá að þegar atvikið átti sér stað voru merkingar á hurðinni þar sem fram kom að hurðin væri einungis fyrir starfsfólk, þ.e. að á henni var ritað á blað „only STAFF. Af myndum úr rannsóknarskýrslu lögreglu sem gerð var nokkru eftir að atvikið átti sér stað má sjá að búið er að merkja hurðina betur með merkingum bæði á íslensku og ensku, þar sem fram kemur að um sé að ræða neyðarútgang og að aðgangur að dyrunum sé bannaður. Myndir úr skýrslunni bera einnig með sér að um leið og stigið er út um dyrnar er þrep niður á lítinn pall. Samkvæmt skýrslu lögreglu er hæð frá þröskuldi niður á tröppupallinn 20 cm og gönguhlutfall þrepa óreglulegt. Hæð þrepanna var mæld á bilinu 15-20 cm og dýpt þeirra 21-25 cm.

Í málskoti M kemur fram að hún hafi hinn 17. mars 2018 verið stödd á skemmtistaðnum A að næturlagi ásamt vinafólki sínu. Þegar hún hugðist fara á salernið kveðst hún hafa opnað dyr sem hún taldi vera salernisdyr og stigið inn, en hún hafi ekki gert sér grein fyrir að dyrnar sem hún opnaði hafi verið neyðarútgangur við hlið salernisdyranna. Lýsir M atvikum á þá leið að hún hafi misst jafnvægið sökum þess að mikill hæðarmunur sé milli svæða innan- og utandyra og hafi hún því fallið fram fyrir sig og niður steyptar tröppur fyrir utan skemmtistaðinn.

M telur að X, eigandi skemmtistaðarins, beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga slyssins, þar sem tjónið verði rakið til þess að húsnæði X hafi verið vanbúið. Vísar M m.a. til þess að pallurinn og tröppurnar sem M steig út á uppfylli ekki skilyrði núgildandi reglugerðar. Þá hafi lýsingu verið ábótavant og útgönguleiðir ekki greiðfærar líkt og gert er ráð fyrir að þær séu skv. lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Enn fremur vísar M til þess að rík aðgæsluskylda hvíli á X og að beita skuli ströngu sakarmati sökum þess að um sé að ræða rekstur skemmtistaðar sem laðar til sín viðskiptavini.

Af hálfu V er því mótmælt að lýsingu hafi verið ábótavant og vísar V m.a. til þess að af myndum megi sjá fljóðljós utandyra auk þess sem götulýsing nái inn á lóðina. Þá mótmælir V því að neyðarútgangur hafi verið illa merktur og að sjá megi af myndum að allar þrjár hurðarnar, þ.e. neyðarútgangur og tvær hurðir að salernum staðarins hafi verið vel merktar auk þess sem útgangshurðin hafi verið annarrar tegundar. Það hafi því verið augljóst að ekki væri um að ræða salernisdyr. Enn fremur bendir V á að húsið hafi verið byggt í gildistíð eldri reglugerðar og að ekki liggi annað fyrir en að tröppurnar uppfylli þær reglur sem voru í gildi þegar þær voru reistar. Þá vísar V til þess að ný lög og reglur í þessu sambandi hafi ekki afturvirk áhrif.

Nýjar upplýsingar og skýringar hafa borist frá M varðandi merkingar á hurðum A. Með vísan til 10. gr. samþykkta fyrir nefndina, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, verður málið nú endurupptekið.

Álit:
Ágreiningur í málinu snýst um hvort tjón M verði rakið til vanbúnaðar á húsnæði skemmtistaðarins A. Óumdeilt er að tröppurnar sem M féll í fullnægja ekki reglum núgildandi byggingareglugerðar nr. 112/2012. Samkvæmt dómaframkvæmd er almenna reglan sú að fasteign þurfi ekki að fullnægja gildandi kröfum byggingarreglugerðar, heldur einungis þeim kröfum sem í gildi voru þegar fasteignin var byggð. Dómstólar hafa gert undantekningu frá þeirri reglu í dómum þar sem þjónusta var veitt í fasteign þegar ekki var unnt að sækja þjónustuna annars staðar. Undantekning á þeim grundvelli á ekki við í þessu máli, þar sem á staðnum er veitt almenn þjónusta. Umræddur stigi er hluti af fasteign sem byggð var í gildistíð eldri byggingarreglugerðar og liggur ekki annað fyrir en að fasteignin, þ.m.t. tröppurnar, uppfylli þær reglur sem voru í gildi þegar þær voru reistar. Af þeim sökum er ekki unnt að líta svo á að tröppurnar hafi verið vanbúnar. Þá er ekkert í gögnum málsins sem bendir til þess að lýsing á staðnum hafi verið ófullnægjandi með tilliti til þess reksturs sem fram fór í húsnæðinu. Merkingar voru á hurðinni þess efnis að umferð gesta um hana væri bönnuð. Með hliðsjón af framangreindu er ekki unnt að líta svo á að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða annarra aðstæðna sem hann ber ábyrgð á, heldur verði tjónið að öllum líkindum rakið til óhappatilviks og/eða eigin aðgæsluleysis M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 19. mars 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 24/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður baðstaðar féll í tröppum vaktturns og slasaðist.

Gögn.
Málskot, dags. 17.1.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 3.2.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M var starfsmaður A og sinnti m.a. baðvörslu hjá A. Að kvöldi 17. ágúst 2017 var M á leið niður stiga úr vaktturni við baðstað A er hann rann í stiganum og varð fyrir meiðslum, einkum á vinstra hné. Í tilkynningu A til Vinnueftirlitsins, dags. 4. september 2017, og í tjónstilkynningu sinni til V, dags. 10. júlí 2018, er atvikum lýst svo að M hafi verið að fara úr vaktturni eftir klukkutíma vakt í turninum. Tveir starfsmenn höfðu komið rétt á undan í turninn til að ná í vasaljós í hleðsludokku þar sem farið var að dimma og rigna. M hafi farið á eftir þeim niður stigann og dottið með þeim afleiðingum að hann hafi fengið slink á hné. Um orsakir slyssins segir í tjónstilkynningunni að bleyta hafi verið í stiganum eftir blauta skó starfsmanna sem fóru á undan niður stigann.

Kveður M að stiginn hafi verið vanbúinn, hann hafi verið verulega brattur og uppfylli ekki reglur sem nú gilda um halla á stiga og framstig þrepa, sbr. nánar tilgreind ákvæði í byggingarreglugerð nr. 112/2012 og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar þar um. Þá hefur M vísað til tiltekinna ákvæða í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Lýsing við stigann hafi verið döpur og engar viðvaranir hafi verið við hann þótt vel væri kunnugt að hann gæti verið hættulegur. Hafi aðstæður við stigann farið í bága við 13., 37. og 42. gr. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá kveður M að slysið hafi verið tilkynnt Vinnueftirlitinu með tilkynningu sem hafi verið dagsett 18 dögum eftir slysdag. Því liggi engin umsögn Vinnueftirlitsins fyrir í málinu og lögregla hafi heldur ekki verið kvödd til í kjölfar slyssins. Með þessu hafi A ekki virt tilkynningarskyldu sína skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Vegna þessarar vanrækslu verði A í ljósi dómafordæma að bera halla af skorti á upplýsingum um atriði sem hafa áhrif á sakarmat. Kveður M að samkvæmt þessu beri A skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem hann hlaut í slysinu og hefur krafist bóta fyrir tjónið úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Í málinu liggur fyrir nokkuð glögg lýsing á stiganum og hvernig notkun hans er háttað. Má sjá að hann er allbrattur, eða um 57°, með um 205 mm djúpum tréþrepum með riflaðri blikkrönd við ytri brún hvers þreps en þó þannig að nokkurra sentimetra bil er milli brúnarinnar og blikkrandarinnar. Þá má ráða að hvert þrep gengur að nokkru, eða um 60 mm, inn undir næsta þrep fyrir ofan þannig að framstig hvers þreps er rétt um 145 mm á lengd. Breidd stigans er um 60 cm og handrið er beggja vegna. Bleyta á gólfi fyrir neðan stigann getur borist upp eftir honum eins og raunin mun hafa verið þegar M varð fyrir slysinu. Um stigann eiga erindi fyrst og fremst þeir sem sinna vaktstörfum í turninum hverju sinni og slíkar vaktir munu vera um hálf til ein klukkustund í senn. Einnig geta aðrir átt erindi um stigann, svo sem þeir sem fóru um hann á undan M til að sækja vasaljós. Af eðli turnsins og þess starfs sem þar fer fram má gera ráð fyrir að umferð um stigann sé takmörkuð og fyrst og fremst bundin við þá sem þangað eiga beinlínis erindi. Ljóst er að sýna þarf varkárni þegar gengið er um hann, einkum þegar gengið er niður og viðkomandi snýr sér fram í átt niður stigann. Samkvæmt því sem að framan greinir verður að telja að nægilegar upplýsingar liggi fyrir um stigann og aðstæður í kringum hann þannig að ekki komi að sök þótt ekki hafi verið tilkynnt um slysið til Vinnueftirlitsins í samræmi við ákvæði 79. gr. laga nr. 46/1980.

Þegar litið er til þess hvernig notkun stigans var háttað verður ekki séð að hönnun hans og frágangur hafi farið svo í bága við ákvæði greinar 4.6.4 í byggingarreglugerð eða leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar við þá grein að hann teljist hafa verið vanbúinn eða hættulegur að öðru leyti. Þá bendir ekkert til þess að þrif eða önnur umhirða stigans hafi átt þátt í því að slysið varð. Að öllu virtu verður ekki talið að slysið verði rakið til atvika sem A ber ábyrgð á. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 10. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 25/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartrygginga bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 11. desember 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 22.01.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 20.02.2020.
Bréf V2, dags. 07.02.2020, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Hinn 11. desember 2019 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B á bifreiðastæði við Suðurlandsbraut 52, Reykjavík. Ökumenn fylltu út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi en ekki var merkt við þar til gerða kassa um tjónsatvik á framhlið hennar. Á bakhlið lýsir ökumaður A atvikum svo að hann hafi bakkað úr stæði og ekið rólega af stað þegar hann varð þess var að ökutæki B var ekið á miklum hraða honum á hægri hönd. Hafi hann því stöðvað bifreið sína en bifreið B hafi verið á mikilli ferð og þegar hún var stöðvuð hafi hún runnið á bifreið A. Ökumaður B hafi haldið því fram að hann ætlaði að beygja til hægri en miðað við staðsetningu bifreiðarinnar og ákomu við áreksturinn hafi hann ætlað að taka vinstri beygju. Í lýsingu sinni í tjónstilkynningu mótmælir B þessari frásögn og segist ekki hafa verið á miklum hraða. Hins vegar sé ljóst að A hafi verið ekið án þess að tekið væri tillit til hægri réttar.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú að A skyldi bera alla ábyrgð á umræddum árekstri þar eð hann hefði ekki virt almennan umferðarrétt á bifreiðastæði. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og vísar m.a. til framburðar vitnis sem var að gangi á bifreiðastæðinu þegar umræddur árekstur átti sér stað. Í framburði vitnisins, sem liggur fyrir nefndinni, kemur fram að B hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður, og að þegar ökumaður B varð vitnisins var hafi hann sveigt til vinstri frekar en að hægja á sér, og því í raun ekið á móti umferð og líklega ekki orðið bifreiðar A var. B hafi svo hægt á sér og runnið á bifreið A, sem þá var kyrrstæð.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, er tekið fram að samkvæmt framburði vitnis hafi B verið ekið of hratt á hálu bifreiðaplani, yfir á rangan vegarhelming og svo hafi hún runnið stjórnlaust á bifreið A. Hafi ökumaður B með þessu aksturslagi gerst brotlegur við 4. gr., 1. og 2. mgr. 36. gr. og 3. mgr. 15. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Hvað varði háttsemi ökumanns A þá hafi hann, samkvæmt eigin frásögn og framburði vitnis, verið kyrrstæður í aðdraganda árekstrar, í línu við bifreiðar sem lagt var í bifreiðastæði hægra megin við bifreið A svo sem sjá megi af ljósmyndum af vettvangi. Því hafi hann ekki verið kominn inn á akstursleið þar sem honum hafi borið að veita umferð frá hægri forgang. Áreksturinn verði því einvörðungu rakinn til aksturshraða B og stjórnleysis ökumanns hennar á bifreiðinni. Beri ökumaður B einn ábyrgð á umræddum árekstri.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, kemur fram sú afstaða að A hafi ekki virt ákvæði þágildandi 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, um forgang til hægri. Því er félagið sammála niðurstöðu tjónanefndar og telur rétt að A beri einn ábyrgð á umræddum árekstri.

Álit:
Í 1. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 var kveðið á um að þegar ökumenn stefni svo, að leiðir þeirra skerist á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum, skuli sá þeirra, sem hefur hinn sér á hægri hönd, veita honum forgang. Þessi regla var afdráttarlaus varðandi forgangsrétt til hægri og í því tilviki sem hér um ræðir er ljóst að bifreið B var bifreið A á hægri hönd og bar A því að veita henni forgang. Þar sem lögregla var ekki kölluð til verður að byggja á frásögnum aðila og þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja. Gegn neitun B verður ekki talið sýnt fram á að aksturslag hans hafi verið með þeim hætti að valdið hafi árekstri. Breytir það ekki þeirri niðurstöðu þó að vitni telji hann,

að sínu mati, hafa ekið of hratt miðað við aðstæður. Verður því að miða við að árekstur hafi orðið vegna þess að ökumaður A hafi ekki virt forgangsrétt B og verður því öll sök lögð á hann.

Niðurstaða.
Ökumaður bifreiðar A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík 19. mars 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 26/2020

M og
V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar.

Skilyrði „slysahugtaksins“ vegna líkamstjóns 16. ágúst 2018.

Gögn.
Málskot, dags. 23. janúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-14.
Bréf V, dags. 7. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-7.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 12. febrúar 2020.

Málsatvik.
M tilkynnti um slys til V með tjónstilkynningu dags. 7. desember 2018. Þar kemur fram að M kveðst hafa verið staddur upp á þaki á húsi sínu þegar hann hafi runnið til á nýju þakjárni og dottið á vinstri öxl. M kveðst hafa fundið að eitthvað hafi gefið sig í öxlinni og síðar hafi komið í ljós að sin hafi slitnað. Sambærileg lýsing kemur fram í tjónstilkynningu til annars vátryggingafélags og Sjúkratrygginga Íslands og hafa þeir aðilar fallist á greiðsluskyldu úr slysatryggingum skv. upplýsingum frá M. Í málinu liggur einnig fyrir matsgerð læknis dags. 19. nóvember 2019 þar sem afleiðingar líkamstjónsins eru metnar. Í gögnum málsins kemur einnig fram að fyrsta sannanlega koma M til læknis þar sem afleiðingar atviksins eru meðhöndlaðar m.t.t. slysaáverka er hjá sérfræðingi í bæklunarlækningum hinn 15. október 2018, en M kveðst ekki hafa fengið tíma fyrr hjá slíkum sérfræðingi. Í málinu liggur einnig fyrir skrifleg yfirlýsing, dags. 24. apríl 2019, frá nafngreindum nágranna M um að M hafi sagt honum frá atvikinu 16. ágúst 2018 þegar það varð.

M telur að sýnt sé með niðurstöðu matsgerðar frá 19. nóvember 2019 að líkamstjón hans sé hægt að rekja til þess atviks sem hann lýsir í tjónstilkynningu til V. M telur orsakatengsl sönnuð með læknisfræðilegum gögnum málsins og fyrrnefndri matsgerð. Einnig vísar M til þess að slit á sin í efrikambsvöðva vinstri axlar hafi komið fram í myndrannsókn 15. október 2018 og hafi M ekki haft sögu um slíkan áverka fyrr og matslæknir hafi auk þess staðfest í matsgerð að sá áverki sé til kominn vegna slyss og staðfesti hann orsakatengsl milli atviksins og slyssins.

V telur að M hafi í fyrsta lagi ekki sýnt fram á að atvik það sem hann lýsir í tjónstilkynningu hafi verið slys í skilningi vátryggingarskilmála eða að það atvik hafi leitt til þeirra einkenna í vinstri öxl sem hafi verið metin til tímabundinna og varanlegra afleiðinga í framkominni matsgerð. V rekur heimsóknir M til heimilislækna 20. ágúst, 19. september og 22. október 2018, þar sem ekki er getið sérstaklega um slysaáverka í læknisfræðilegum gögnum, og það sé ekki fyrr en í símaviðtali við heimilislækni í mars 2019 sem fyrst sé minnst á slíkt atvik. Hvað varðar yfirlýsingu nágranna M telur V að ekki sé hægt að byggja á slíkri sem gefin sé löngu eftir atvikið. Þessu til viðbótar telur V að ekki sé heldur unnt að byggja á niðurstöðu matgerðar frá 19. nóvember 2019 þar sem M hafi einhliða aflað þeirrar matsgerðar og hafi V því ekki getað komið að gögnum eða athugasemdum við vinnu matsmanns. Því geti matsgerðin hvorki verið til sönnunar því hvernig atvik voru eða hvaða afleiðingar urðu af því sem gerðist.

Álit.
Í öllum tjónstilkynningum sem lagðar hafa verið fram í málinu ber M eins um aðdraganda þess að hann féll á vinstri öxl um miðjan ágúst 2018. Í læknisfræðilegum gögnum er staðfest að í október sama ár hafi M greinst með slit á sin í efrikambsvöðva vinstri axlar. Í matgerð læknis dags. 19. nóvember 2019 kemur fram það álit læknisins að fall M á vinstri öxl hafi orsakað umrætt slit og við það mat var litið til fyrri óþæginda M í sömu öxl. Þó ekki sé getið um slysaatvikið sem slíkt í læknisfræðilegum gögnum fyrr en M fer til sérfræðings í bæklunarlækningum um tveimur mánuðum eftir það, verður það eitt og sér ekki talið rýra sönnunarstöðu hans þannig að ekki sé hægt að leggja til lýsingu í tjónstilkynningu hans til V til grundvallar atvikum. Í þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir í málinu kemur ekki fram að annað en það fall sem M lýsir hafi geta orsakað fyrrnefnt slit á sin í efrikambsvöðva vinstri axlar og ekkert liggur fyrir um að V hafi getað komið að gögnum sem breytt hefðu niðurstöðu matsgerðar sem liggur fyrir um afleiðingar þess áverka. Verður því lagt til

grundvallar að M hafi slasast þegar hann rann til á þaki og féll á vinstri öxl með þeim afleiðinum að sin í þeirri öxl slitnaði. Afleiðingar þess eru bótaskyldar úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar M hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 10. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 27/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á Víðinesvegi þann 2.12.2019.

Gögn.
Málskot, móttekið 23.1.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 21.2.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Bifreiðunum A og B var ekið eftir Víðinesvegi og var A ekið á undan B. Varð þá árekstur með bifreiðunum og rákust saman hægri afturendi A og vinstri framendi B. Á sameiginlegri tjónstilkynningu sem báðir ökumenn hafa undirritað er um tjónsatvik merkt í reiti um að A hafi verið kyrrstæð (12.A.1) og sömuleiðis verið ekið aftur á bak (12.A.14) og B hafi verið kyrrstæð (12.B.1).

Í viðbótarupplýsingum sem munu stafa frá M, eiganda A, segir að á umræddum stað hafi vegurinn legið um merkt vinnusvæði og skilti verið um þrengingu og 30 km hámarkshraða á klst. Fast við vegöxlina vinstra megin við aksturssstefnu bifreiðanna hafi verið 170 cm djúpur skurður. Ökumaður A hafi ekið vinstra megin á veginum og verið að skoða skurðstæðið meðfram veginum og síðan stöðvað við vinstri brún vegarins. Hann hafi ekki orðið var við B sem hafi verið ekið á hægra afturhorn A og hafi höggið verið mikið. Ökumaður A hefur andmælt því að A hafi verið ekið aftur á bak.

Í viðbótarupplýsingum ökumanns B segir að hann hafi ekið á eftir A og um 100 til 150 m verið á milli bifreiðanna. Hægt hafi verið á ferð A og hún staðnæmst u.þ.b. á miðjum veginum. Í kjölfarið kveðst ökumaður B hafa hægt á ferð sinni og numið staðar u.þ.b. einni og hálfri bíllengd fyrir aftan A. Fáeinum sekúndum síðar hafi A verið bakkað framan á A. Kveðst hann hafa flautað er hann varð þess var að A var ekið aftur á bak.

Álit.
Líkt og fyrr greinir er á sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna merkt varðandi tjónsatvik að A hafi verið ekið aftur á bak. Ekki þykir unnt að horfa fram hjá þessari lýsingu á málsatvikum þegar sök aðila er metin. Í ljósi þessa þykir sú staðhæfing ökumanns A að bifreið hans hafi verið kyrrstæð í þann mund sem árekstur varð ekki eiga næga stoð í gögnum málsins. Samkvæmt þessu og gögnum málsins að öðru leyti verður við það að miða að ökumaður A hafi ekið aftur á bak úr kyrrstöðu og þannig rekist framan á B. Ökumaður A vissi ekki af ferðum B fyrr en áreksturinn varð. Hann gekk því ekki úr skugga um, áður en hann ók aftur á bak, að það væri unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra, eins og honum bar skv. 1. mgr. 17. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Hann telst því eiga sök á árekstrinum. Ekki er efni til að leggja sök á ökumann B eins og hér stóð á. Öll sök verður því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.
Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 26. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 28/2020

M og
V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 3. janúar 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 16.01.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 07.02.2020.

Málsatvik.
Hinn 3. janúar 2020 varð árekstur milli ökutækja A og B, sem M ók umrætt sinn, við gatnamót Mýrarvegar og Víðilundar á Akureyri. Ökumenn fylltu úr tjónstilkynningu, en framhlið hennar er einungis undirrituð af ökumanni A, þar sem B var ekki sammála afstöðuteikningu. Ökumaður A lýsir atvikum í tjónstilkynningu svo að hann hafi ekið Mýrarveg til suðurs þegar hann tók eftir að bifreið B var ekið út frá Víðilundi og virtist ætla að „svína“ fyrir hann. Hafi hann þá sveigt frá og framhjá afturhlið bifreiðar B í þeim tilgangi að forða árekstri. Hafi bifreið A þá snert bifreið B með hliðarspegli bílstjóramegin. Hins vegar hafi bifreið A ekki rekist á stuðara bifreiðar B, enda hefðu þá orðið meiri skemmdir á bifreið A. Í tjónstilkynningu tekur ökumaður B hins vegar fram að bifreið A hafi verið á mikilli ferð og hvorki ekið í samræmi við færð né aðstæður. Bifreið B hafi verið kyrrstæð gegn biðskyldu meðan bifreið A var enn í nokkurri fjarlægð. Þá vísar M til þess að vitni hafi verið að atvikinu.

Nokkrum klukkustundum eftir áreksturinn tilkynnti M um atvikið til lögreglu. Þar bar hann að B hefði verið kyrrstæð á biðskyldu þegar bifreið A hafi komið á mikilli ferð og stefnt á hliðina á B. Hafi hann ekið áfram til að forða árekstri en A þá ekið á afturstuðara B og að lokum hafnað á verönd við Víðilund 1 og setið föst þar. Lögregla hafði jafnframt samband við farþega í B, sem bar að B hefði dregið úr hraða, en ekki staðnæmst, við biðskyldu þegar A hafi stefnt á B. B hafi þá ekið af stað til að forða árekstri. Lögregla hafði einnig samband við ökumann A sem lýsti atvikum svo að bifreið B hefði verið komin út á Mýrarveg og hann hafi talið að ökumaður hennar „væri að svína á sig“ og því beygt til hægri til að forða árekstri með fyrrgreindum afleiðingum.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem lagði alla sök á ökumann B, M, sem hefði ekki virt forgang umferðar um Mýrarveg, sem gefin væri til kynna með biðskyldumerki.

M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og telur ökumann A bera alla sök á árekstrinum. Máli sínu til stuðnings leggur hann m.a. fram ljósmyndir er sýni aðstæður á vettvangi, m.a. að skert útsýni hafi verið frá biðskyldumerki og norður Mýrarveg vegna snjóskafls og ljósmyndir af hjólförum er styðji við frásögn hans af atvikum.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að félagið geri ekki athugasemdir vegna málsins.

Álit:
Ökumönnum ber ekki að fullu saman um atvik við áreksturinn eða afleiðingar hans og voru ekki sammála um hvernig afstöðuteikning á framhlið tjónstilkynningar skyldi vera. Þar sem þessi ágreiningur er uppi er örðugt að átta sig á afstöðu ökutækjanna fyrir árekstur, þ.á.m. hvar bifreið A var staðsett þegar B ákvað að keyra af stað í þeim tilgangi „að forða árekstri“. Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni má þó ráða að aðstæður hafi ekki verið eins og best varð á kosið. Þannig má ráða að snjóskafl hafi byrgt útsýni yfir Mýrarveg og að ökumaður B hafi af þeim orsökum þurft að aka út á Mýrarveg til að gá að annarri umferð. Þá virðist einnig sem bifreið A hafi verið ekið á töluverðum hraða og e.t.v. ekki að öllu í samræmi við aðstæður, en það má ráða af því að hún hafnaði í snjóskafli utan vegar í kjölfar árekstrar. Verður því á því byggt að ökumaður B hafi ekki gætt nægjanlega að ákvæðum 1. og 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um aðgát við vegamót og forgang sem gefinn

er til kynna með biðskyldumerki. Ber hann því nokkra sök á umræddum árekstri. Jafnframt verður að telja að ökumaður bifreiðar A hafi ekki gætt nægilega að því að miða akstur sinn við aðstæður, samanber 1. og 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga, Af öllu framansögðu, svo og því ágreiningur er að öðru leyti uppi um atvik málsins og staðsetning ökutækja í aðdraganda árekstrar liggur ekki fyrir, þykir rétt að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.
Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 10. mars 2019.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 29/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður slasaðist er stigi sem hann stóð í féll saman.

Gögn.
Málskot, dags. 24.1.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 3.2.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 22. mars 2018 var M að störfum á vegum vinnuveitanda síns, A, í bílskúr hjá einum viðskiptavina A. Stóð hann uppi í 3 m hárri tröppu og er hann steig í eitt af efri þrepum trappanna munu þær hafa gefið sig og fallið saman. Við fallið varð M fyrir meiðslum, einkum á hægri ökkla.

Hvorki Vinnueftirlitinu né lögreglu var gert viðvart þegar slysið varð. Engin rannsókn á slysinu og tildrögum þess fór því fram af hálfu þessara aðila. Við athugun á tröppunum mun hafa komið í ljós að hnoð sem festu efsta þrepið höfðu gefið sig og dregist út. Í staðinn fyrir hnoðin voru settir boltar til að festa þrepið. Burðargeta tröppunnar mun hafa verið 150 kg og hún var um 3 ½ árs gömul.

M kveður slysið mega rekja til ófullnægjandi vinnuaðstæðna með tilliti til öryggis. Vísar M til 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja þar sem m.a. er kveðið á um það að atvinnurekandi skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tæki sem starfsmönnum er ætlað að nota innan fyrirtækisins hæfi verkinu sem inna skal af hendi eða sé hæfilega lagað að verkinu, þannig að starfsmenn geti notað tækið án þess að öryggi þeirra eða heilsu sé hætta búin. Einnig er vísað til greinar 4.1.1 í II. viðauka við reglugerðina þar sem fram kemur að velja skuli tæki í samræmi við eðli verks, fyrirsjáanlegt álag og þannig að starfsmenn geti unnið og farið um á öruggan hátt. Þá er vísað til 13., 37., 42. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig telur M að verkstjórn hafi verið ábótavant. Jafnframt kveður M að við úrlausn málsins verði að leggja frásögn hans til grundvallar þar sem slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu eins og mælt er fyrir um í 79. gr. laga nr. 46/1980. Telur M að A beri ábyrgð á því líkamstjóni sem hann hlaut við slysið og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Af gögnum málsins má ráða að ekki sé um það deilt að orsök slyssins megi rekja til þess að hnoð í tröppunum hafi gefið sig og við það hafi tröppurnar fallið saman. Atvik eru enn fremur í veigamestum atriðum upplýst. Stiginn var ekki gamall, af venjulegri gerð til notkunar í atvinnustarfsemi og af ljósmyndum má sjá að hann hafi litið vel út. Atvikið mun hafa gerst óvænt og án þess að það hafi gert boð á undan sér. Ekki verður talið að verkstjóri eða aðrir starfsmenn A hafi vitað að umrædd hnoð væru að gefa sig. M mun vera trésmiður að mennt. Ekkert í gögnum málsins bendir til annars en að trappa sú sem M var í þegar hann slasaðist hafi hentað til þess verks sem hann vann við umrætt sinn og ekki verður heldur séð að nein tengsl hafi verið milli verksins og þess að hnoð í töppunum gáfu sig. Að öllu virtu verður ekki talið að slysið megi rekja til atvika sem A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 10. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 30/2020

M og
V vegna sjúklingatryggingar lýtalæknis (X).

Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúklingatryggingu vegna leiðbeininga eftir skurðaðgerð 27. desember 2017.

Gögn.
Málskot, dags. 24. janúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-7.
Bréf V, dags. 31. janúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1.-2.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M gekkst undir brjóstastækkunaraðgerð hjá lækninum X hinn 27. desember 2017, en X er vátryggður með sjúklingatryggingu hjá V. M kveðst í tjónstilkynningu hafa haft samband við X ítrekað eftir aðgerðina og lýst einkennum án þess að læknirinn hafi brugðist við þeim. Einnig heldur M því fram að X hafi ekki brugðist rétt við í eftirskoðun hinn 4. janúar 2018 (á sennilega að vera 3. janúar 2018). Þetta hafi síðan endað með því að í byrjun janúar hafi hún lagst inn á sjúkrahús í Bandaríkjunum hinn 10. janúar 2018 með sýkingu í brjósti og afleiðingar þess hafi verið nokkrar fyrir M, m.a. hafi þurft að fjarlæga brjóstapúða úr brjósti hennar.

M telur að meðferð X hafi ekki verið fullnægjandi í skilningi 1. tölul. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 og beri X því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. M telur sig hafa axlað sönnunarbyrði skv. lögunum, þar sem slakað sé á sönnunarkröfum, og bendir á að lýsingar hennar í tölvupósti 6. janúar 2018 til X hafi átt að leiða til þess að hann brygðist sérstaklega við. Óumdeilt sé að ástand M hafi verið gott við skoðun X 3. janúar 2018 en daginn eftir hafi hún fundið fyrir einkennum sem hún hafi lýst fyrir X en hann hafi ekki brugðist sérstaklega við. Í ljósi þess að M búi í Bandaríkjunum telur hún að X hafi átt að gera sérstakar ráðstafanir til að bregðast við lýsingum hennar á ástandinu. M vísar einnig til þess að tjón hennar sé þess eðlis að það sé meira en svo að sanngjarnt þyki að hún þoli það bótalaust, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Máli sínu til stuðnings vísar M til læknisfræðilegra gagna frá Bandaríkjunum sem og tölvupóstsamskipta sinna við X.

V vísar til upplýsinga frá X um aðgerð M hinn 27. desember 2017. Þar komi fram að aðgerð hafi gengið vel og í eftirskoðun hjá lækninum 3. janúar 2018 hafi ástand brjósta verið gott. Ekki tíðkist að gefa sýklalyf sérstaklega í marga daga eftir aðgerð nema sérstök ástæða sé til. Þannig hafi aðstæður ekki verið hjá M, enginn einkenni hafi verið um sýkingu í skoðun X og hafi hann ekki heyrt af einkennum M fyrr en hann sá tölvupóst frá henni 8. janúar 2018, en hann hafi verið staddur erlendis í takmörkuðum tölvupóstsamskiptum á þeim tíma. Auk þess hafi hann strax daginn eftir ráðlagt M að fá strax sýklalyf og að leita læknismeðferðar þegar hún hafi lýst þeim einkennum sem hún hafði þá. V telur ekkert koma fram í gögnum málsins um að X hafi getað hagað meðferð með öðrum hætti en gert var og þannig séu skilyrði 1. tölul. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu ekki uppfyllt. V hafnar því einnig að 4. tölul. 2. gr. eigi við.

Álit.
Ekki virðist ágreiningur um að M teljist hafa verið sjúklingur í skilningi 1. gr. laga nr. 111/2000 og eigi því rétt á bótum að fullnægðum öðrum skilyrðum laganna.

Samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laganna skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til þess að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 111/2000 segir m.a. svo um umræddan tölulið: „Ákvæði þessa töluliðar tekur til allra mistaka sem verða við rannsókn, meðferð o.s.frv. Orðið mistök er hér notað í mun víðtækari merkingu en almennt tíðkast í lögfræði. Ekki skiptir máli hvernig mistökin eru.“ Verður að telja í ljósi þessa að mistök við meðferð geti m.a.

falist í rangri eða ófullnægjandi upplýsingagjöf til sjúklings í tengslum við læknismeðferð. Þegar litið er til gagna málsins þykir mega slá föstu að A hafi hagað þeim aðgerðum sem hann framkvæmdi á brjóstum M eins vel og unnt hafi verð í samræmi við þekkingu og reynslu á því sviði læknisfræðinnar sem á reyndi, ekki liggja altént fyrir gögn í málinu sem hnekkja því áliti X. M hefur sjálf haldið því fram að óumdeilt sé að ástand hennar hafi verið gott eftir aðgerðina hjá X í skoðun á læknastofu hans 3. janúar 2018. Ekki verður séð að upplýsingagjöf X í þeirri skoðun eða viðbrögð X við ástandi M eftir þá skoðun séu þess eðlis að hægt hafi verið að haga þeim öðruvísi. Krafa M um bætur fyrir líkamstjón sem hún kann að hafa orðið fyrir við læknismeðferðina hjá A verður því ekki felld undir 1. tölul. 2. gr.

Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til meðferðar eða rannsóknar, þ.m.t. aðgerðar, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni. Af læknisfræðilegum gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi hlotið slíka fylgikvilla í kjölfar aðgerðanna að skilyrðum bótaréttar samkvæmt þessum tölulið sé fullnægt. Þegar allt framangreint er virt verður ekki talið að M eigi rétt til bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 31/2020

M og
V vegna slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A

Ágreiningur um skerðingu bótaréttar úr slysatryggingu ökumanns vegna líkamstjóns.

Gögn.
Málskot, móttekið 24.01.2020, ásamt fylgigögnum 1-6.
Bréf V, dags. 07.02.2020, ásamt fylgigögnum 1-3.

Málsatvik.
Að kvöldi hins 1. október 2019 meiddist M í umferðaróhappi, er bifreiðin sem hann ók, A, lenti utan vegar við gatnamót Berghólabrautar og Stakksbrautar, Reykjanesbæ. Lögregla var kölluð á vettvang og í skýrslu hennar segir eftir M um tildrög slyssins að þegar hann hafi verið kominn að gatnamótunum og ætlað að beygja til hægri hafi vinstra framdekk A sprungið í beygjunni, með þeim afleiðingum að hann hafi ekið yfir Stakksbraut og í gegnum girðingu sem liggur meðfram henni. M viðurkenndi við lögreglu að hafa ekið nokkuð hratt og verið annars hugar við aksturinn. Þá kemur fram í skýrslu lögreglu að M hafi ekki virt stöðvunarskyldu á gatnamótunum. Daginn eftir leitaði M læknis vegna áverka á baki.

V féllst á bótarétt M úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A en taldi rétt að skerða bætur til hans um 2/3 vegna stórkostlegs gáleysis.

M fellir sig ekki við þá afstöðu og telur skerðingu bótaréttar ekki eiga rétt á sér, og í öllu falli sé umrædd skerðing langt úr hófi fram og í ósamræmi við fordæmi í sambærilegum málum. Afstöðu sína rökstyður M með því að sprungið hafi á vinstra framdekki A áður en komið var að beygjunni. Líklega hafi A verið ekið á of miklum hraða en það hafi ekki verið meginorsakaþáttur slyssins, heldur það að dekkið hafi sprungið. Ekki hafi verið um það að ræða að M hafi virt stöðvunarskyldu við beygjuna að vettugi heldur hafi hann einfaldlega misst stjórn á bifreiðinni vegna þessa. Þá mótmælir M svokölluðum PC-Crash útreikningi sem V byggi á, enda hafi hans verið aflað einhliða og án þess að M hafi verið veitt færi á að koma að athugasemdum. Slíkar skýrslur séu ekki sönnunargagn um ökuhraða né annað er lúti að skaðabótakröfum.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að M hafi viðurkennt við lögreglu að hafa virt stöðvunarskyldu að vettugi og jafnframt segi í framburði hans þar að dekkið hafi sprungið í beygjunni, en ekki fyrr. Verði að byggja á frumgögnum hvað þetta varði en ekki því sem haldið sé fram í málskoti. Þá sýni niðurstaða PC-Crash útreiknings fram á að A hafi verið á um 100 kílómetra hraða á klukkustund, eða tvöföldum hámarkshraða, þegar ekið var framhjá stöðvunarskyldu. Verði að meta þessa háttsemi M til stórkostlegs gáleysis og því rétt að skerða bætur til hans um 2/3 samanber 21. gr. skilmála viðeigandi vátryggingar svo og 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga, er heimilt að lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélags hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en líftryggingum valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella. Liggur því fyrir nefndinni að meta hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn, en sönnunarbyrði fyrir því hvílir á V. Af frásögn M í lögregluskýrslu má ráða að hann hafi verið annars hugar við aksturinn og að bifreiðin hafi verið á hraða sem var umfram löglegan hámarkshraða, þó ekki verði byggt á einhliða aflaðri PC-Crash skýrslu sem sönnun þess hver nákvæmlega sá hraði hafi verið. Verður samkvæmt framansögðu fallist á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga. Með hliðsjón af því og atvikum öllum þykir rétt M sæti skerðingu bóta. Telst sú skerðing hæfilega metin 1/3 hluti.

Niðurstaða.
M á rétt bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V en skerða skal bætur um 1/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis hans.

Reykjavík, 10. mars 2019.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 32/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar baðstaðar.

Ágreiningur um bótaskyldu er kona varð fyrir meiðslum er hún féll á gólfi í búningsklefa heilsulindar.

Gögn.
Málskot, móttekið 24.1.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 14.2.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 19. mars 2015 var M gestkomandi í heilsulind A. Hún hafi verið stödd í búningsklefa, tekið af sér skó og sokka og gengið berfætt þurrum fótum í átt að sturtusvæði með skápa sér á hægri hönd og bekki á vinstri hönd. Kveður hún að þá hafi hæll runnað undan henni með þeim afleiðingum að hún hafi skollið harkalega í gólfið og lent illa á hægri handlegg sem hafi brotnað við olnboga.

M kveður flísar á gólfinu hafa verið glansandi og hálar og því hafi skapast hættulegar aðstæður þar sem hún gekk í átt að sturtusvæðinu. Ástæða hafi verið til að hafa mottur á gólfinu þar sem hún datt og því hafi ekki verið fullnægjandi ráðstafanir gerðar af hálfu A til að koma í veg fyrir hálku á gólfinu. Er í því efni vísað til 8. gr. reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum þar sem fram kemur m.a. að mannvirki og búnaður á sund- og baðstöðum skuli þannig gerður og viðhaldið að fyllsta öryggis og þrifnaði verði komið við. Telur M að A beri ábyrgð á líkamstjóni því sem hún hlaut við atvikið og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
A starfar samkvæmt starfsleyfi heilbrigðiseftirlits þess umdæmis sem A er staðsett í. Samkvæmt fyrirliggjandi verklýsingu við byggingu þess húnæðis sem heilsulindin er starfrækt í skulu gólf búningsherbergja, að undanskildum sturtuklefum, þurrksvæði og tengdum göngum, flotuð með útifloti sem í er sáldrað kvartssandi til að mynda hálkuvörn. Engin álitsgerð, mats- eða skoðunargerð liggur fyrir í málinu um ásigkomulag gólfsins í búningsklefanum með tilliti til hálkuvarnar. Nokkrar ljósmyndir liggja fyrir í málinu. Af þeim verður ekki ráðið að gólfið og yfirborð þess hafi verið hálla en gera má ráð fyrir í búningsklefum sund- og baðstaða. Þótt gúmmímotta hafi ekki legið yfir gólfinu þar sem M féll verður heldur ekki ráðið að í því hafi falist mistök af hálfu starfsfólks A sem leiði til bótaskyldu fyrirtækisins. Að öllu virtu verður að telja að ekki hafi verið sýnt fram á samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að líkamsmeiðsl M megi rekja til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 19. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 33/2020

M og
V v/ réttaraðstoðartryggingar.

Ágreiningur um skyldu til greiðslu úr réttaraðstoðartryggingu á grundvelli fyrri samskipta.

Gögn.
Málskot, móttekið 20.1.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 10.2.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Sveitarfélagið A höfðaði mál gegn M og móður hans til ógildingar á ákvörðun yfirskattanefndar um það hvernig haga skyldi álagningu fasteignagjalda vegna notkunar sumarbústaðar í þeirra eigu til heimagistingar á árinu 2017. M og móðir hans voru hvort með sína fjölskyldutryggingu hjá V sem fól í sér réttaraðstoðartryggingu þó með þeirri undantekningu að hún tæki ekki til málskostnaðar vegna mála sem varða vátryggðan sem eiganda fasteignar. V taldi að samkvæmt þessu undanþáguákvæði tæki réttaraðstoðartryggingin ekki til málareksturs M og móður hans.

M og foreldrar hans voru ekki sátt við afgreiðslu málsins hjá V og áttu í nokkrum tölvubréfasamskiptum við V af þeim sökum.

Hinn 17. janúar 2017, nokkru áður en dómsmál var höfðað, sendi V svofellt tölvubréf til föður M: „*Nú er það þannig að mál sem varða vátryggðan sem eiganda fasteignar falla ekki undir trygginguna, sbr. gr. 3.6 í skilmála E-33. Hins vegar hefur félagið, í ákveðnum tilvikum, litið framhjá ákvæðinu ef vátryggður er með sumarhúsatryggingu fyrir fasteignina.*

Þið eruð með sumarhúsatryggingu fyrir [B] og því kemur til greina af hálfu félagsins að láta málið falla undir réttaraðstoðartrygginguna þrátt fyrir gr. 3.6 í skilmála tryggingarinnar. Auk þess er viðskiptasaga ykkar hjóna hjá félaginu afar góð og því stendur vilji til þess af hálfu félagsins að koma til móts við ykkur vegna þessa máls.“

Hinn 17. apríl 2018 sendi starfsmaður V tölvubréf til föður M, þar sem sagði m.a.: *„Ég vísa til fyrri samskipta vegna þessa máls. Eins og fram kom í samtali okkar hafði félagið samþykkt að fyrra málið félli undir réttaraðstoðartryggingu... þrátt fyrir að mál sem varða vátryggðan sem eiganda fasteignar falla ekki undir trygginguna (sbr. gr. 3.6 í skilmála E-33). Með sömu rökum og áður þ.e. í ljósi þess að þið hafið hjá félaginu sumarhúsatryggingu fyrir [B] og góða viðskiptasögu fellst félagið á að málið falli undir trygginguna.*

Hámarksbætur eru 1.466.000 kr. og eigin áhætta er 20%, að lágmarki 24.000 kr.“

Hinn 17. janúar 2019, eftir að dómur gekk í héraði og málinu hafði verið áfrýjað til Landsréttar, sendi svo starfsmaður V tölvubréf til M þar sem sagði m.a.: „*Takk fyrir að benda mér á að félagið hafi verið búið að fallast á bótaskyldu úr tryggingu móður þinnar vegna málsins – ég var ekki búinn að reka augun í það. Í ljósi þess að foreldrar þínir eru með sumarhúsatryggingu vegna fasteignarinnar og með góða viðskiptasögu hjá félaginu var fallist á að líta framhjá undanþáguákvæði 3.6 í skilmála tryggingarinnar. Félagið var jafnframt búið að fallast á að allur málskostnaður yrði greiddur úr tryggingu foreldra þinna, í ljósi þess að móðir þín er skráð fyrir 99% eignarhluta í sumarhúsinu. Það var því hugsun félagsins að enginn lögmannskostnaður myndi falla á þig.“*

Að dómsmálarekstrinum loknum mun V hafa greitt kostnað vegna málareksturs móður M úr réttaraðstoðartryggingu þeirri sem hún og faðir hans höfðu í gildi hjá félaginu og nam greiðslan hámarksbótum úr vátryggingunni. Þegar tekið hafði verið tillit til þessarar greiðslu og málskostnaðar sem fékkst dæmdur úr hendi A gerði M kröfu til þess að V greiddi úr réttaraðstoðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V það sem eftir stóð ógreitt af reikningi lögmanns hans og móður hans. V hefur hafnað þeirri kröfu.

Álit.

Óumdeilt er að V hafði ákveðið að greiða bætur úr réttaraðstoðartryggingu sem fólst í fjölskyldutryggingu þeirri sem foreldrar M höfðu í gildi hjá V þrátt fyrir undanþáguákvæði í gr. 3.6 í skilmálunum. Þegar á annað borð er vikið frá vátryggingarskilmálum verður félagið að vera skýrt á hvern hátt það hyggst víkja frá skilmálunum og hvernig bætur skulu ákveðnar. Yfirlýsing V í síðastgreinda tölvubréfinu, þar sem segir að það hafi verið hugsun félagsins að enginn lögmannskostnaður myndi falla á M, vísar ekki með neinum hætti til fyrri tölvubréfa að annarra samskipta aðila sem liggja fyrir í gögnum málsins. Hún er afdráttarlaus um að enginn lögmannskostnaður eigi að falla á M. Verður samkvæmt þessu að greiða úr vátryggingunni málskostnað að því marki sem slíkur kostnaður fellur á M vegna málshöfðunar A á hendur honum og móður hans.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir þegar fyrir liggur samþykki allra málsaðila. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni liggur slíkt samþykki ekki fyrir. Er því ekki tekin afstaða til þess hver sú fjárhæð skuli vera sem V skal greiða M samkvæmt framangreindu.

Niðurstaða.

M á rétt á greiðslu bóta úr réttaraðstoðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 10. mars 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 34/2020

M og
V vegna forfallatryggingar greiðslukortatryggingar.

Gildissvið vátryggingarskilmála vegna forfalla í ferð í júlí 2019.

Gögn.
Málskot, móttekið 22. janúar 2020 ásamt gögnum.
Bréf V, dags. 30. mars 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hugðist ferðast til Englands í lok júlí 2019, en kveðst hafa hætt við ferðina vegna veikinda sinna og mikillar hitabylgju sem skall á landið. M lýsir ástandi sínu þannig að hafi búið við þannig vanheilsu að líkami hans þoli ekki mikla hita og þær aðstæður geti valdið alvarlegu og lífshættulegu ástandi hjá honum. M vísar til læknisvottorða sem fylgja málskoti dags. 23. og 31. júlí 2019 þar sem veikindum hans sé lýst og staðfest sé að hann hafi ekki getað ferðast af heilsufarsástæðum sem ekki hafi verið fyrirséðar.

V telur að M hafi ekki sýnt fram á að hann hafi forfallast vegna veikinda í júlí 2019 heldur hafi forföll stafað af hugsanlegum veikindum sem hann hafi getað átt sér stað. V vísar til gr. 6.1.1 í vátryggingarskilmálum þar sem komi fram að félagið bæti ferðakostnað ef hinn vátryggði komist ekki í ferð vegna eftirfarandi ástæðna: „Andlát, líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins vátryggða enda vottað af starfandi lækni.“ V telur að veikindi hafi ekki verið staðfest heldur einungis hugsanleg og því sé ekki bótaskylda fyrir hendi.

Álit.
Eins og kemur fram hér að ofan nær gildissvið forfallatryggingar M til þess þegar hann kemst ekki í ferð vegna veikinda og þarf það að vera vottað af starfandi lækni skv. orðalagi vátryggingarskilmála. Í þessu máli hefur M lagt fram tvö læknisvottorð, dags. 23. og 31. júlí 2019. Í þeim vottorðum er gerð grein fyrir veikindum M og því að M sé ófær um að ferðast vegna þeirra. Verður orðalag gr. 6.1.1 í vátryggingarskilmálum talið ná yfir þau veikindi sem M er haldinn skv. vottorðunum, enda ekki í vátryggingarskilmálum kveðið á um að upphafsdagur þeirra þurfi að vera á einhverjum tilteknum tímapunkti. Læknisvottorð staðfesta að M gat ekki ferðast vegna veikinda og er bótaskylda því fyrir hendi skv. gr. 6.1.1 í vátryggingarskilmálum. V hefur ekki borið fyrir sig önnur ákvæði vátryggingarskilmála og verður því ekki fjallað frekar um þau varðandi þennan ágreining M og V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 28. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 35/2020

M og
V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar X

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Varúðarregla.

Gögn.
Málskot, dags. 28. janúar 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 11. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-4.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að farið hafi verið inn í bifreiðina X, sem er í eigu M, og þaðan tekinn skjár og skynjari af framrúðu, auk útvarps, sem hafi síðan fundist skömmu síðar. Í lögregluskýrslu er tekið fram að talað hafi verið við M og segir síðan í skýrslunni að brotist hafi verið inn í bifreiðina X ólæsta.

M telur greiðsluskyldu hafa stofnast úr kaskótryggingu sinni og í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á bifreið M þannig að hann hafi verið skemmdur að innan og fari ekki í gang. M segir einnig í málskoti að bifreiðin hafi verið að læsa sér sjálf þannig að M trúi því ekki að farið hafi verið inn í bifreiðina ólæsta.

V hefur hafnað bótaskyldu úr kaskótryggingu og vitnar til 2. gr. vátryggingarskilmála kaskótryggingar um að bætt sé tjón af völdum þjófnaðar sé bifreiðin læst og vísar einnig til varúðarreglu í 7. gr. sömu skilmála um að það eigi „..að hafa ökutækið læst þegar það er ekki í notkun...“. V telur að með vísan til 18. gr. sömu skilmála geti félagið hafnað bótaskyldu þar sem M hafi brotið gegn varúðarreglu vátryggingarsamnings hans og V með því að hafa bifreið sína ólæsta.

Álit.
Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ekki sé ágreiningur um að það tjón sem varð á bifreið M falli almennt undir gildissvið kaskótryggingarskilmála V en höfnun félagsins á bótaskyldu byggi á því að M hafi brotið gegn varúðarreglu í 7. gr. vátryggingarskilmála feli í sér þau fyrirmæli að M hafi átt að haf bifreið sína ólæsta. Í lögregluskýrslu kemur fram að þannig hafi lögregla komið að bifreiðinni og telst M ekki hafa sannað að bifreiðin hafi samt verið læst vegna einhvers konar sjálflæsingar.

Í 18. gr. vátryggingarskilmála V kemur fram að félagið áskilji sér rétt til að fella ábyrgð sína niður í heild eða að hluta ef brotið er gegn varúðarreglum, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í þeirri grein kemur fram að til þess að V geti takmarkað ábyrgð sína þurfi sök M að vera meira en óveruleg og líta þurfi til þess hversu mikil hún er, hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

Í lögregluskýrslu vegna þessa máls kemur fram að brotist hafi verið inn í fleiri bifreiðar og einstaklingur handtekinn vegna þeirra brota sem og vegna þess tjóns sem varð á bifreið M. Verður sök M, að hafa ekki gætt þess nægilega vel að bifreið hans hafi verið læst, ekki metin til stórkostlegs gáleysis, en sök hans þó ekki óveruleg við að fara ekki eftir fyrirmælum í varúðarreglu 7. gr. vátryggingarskilmála. Sú varúðarregla er mikilvæg, sérstaklega þegar kemur að því að passa upp á að bifreiðin sjálf sé ekki fjarlægð. Það tjón sem M varð fyrir við að það hlutir úr bifreiðinni voru fjarlægðir með þeim hætti sem lýst er í lögregluskýrslu er ekki á allan hátt sambærilegt því að farið hafi verið inn í bifreiðina ólæsta og náð yfirráðum yfir henni. Með hliðsjón af atvikum öllum telst V hafa heimild til að fella niður ábyrgð sína að hálfu leyti (50%).

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar X, en ábyrgð V takmarkast við 50% af heildartjóni hans.

Reykjavík, 10. mars 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 37/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar B

Sakarskipting vegna áreksturs á Grensásvegi 29. nóvember 2019.

Gögn.
Málskot, móttekið 23. janúar 2020, ásamt fylgigögnum og tölvupósti M dags. 3. mars.
Bréf V1, dags. 13. febrúar 2020, ásamt tjónstilkynningu B og áliti Tjónanefndar vátryggingafélaganna í máli nr. 15/20.
Bréf V2, dags. 28. febrúar 2020, ásamt framburði ökumanns bifreiðarinnar B og áliti Tjónanefndar vátryggingafélaganna í máli nr. 15/20.

Málsatvik.
Í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna bifreiða A og B kemur fram að bifreið A var ekið úr Skeifunni í vinstri beygju áleiðis suður Grensásveg og bifreið B var ekið á móti og beygt til hægri áleiðis suður Grensásveg. Af mynd á tjónstilkynningu var bifreið A ekið inn á akrein Grensásvegar lengst til vinstri og bifreið B inn á hægri akrein áleiðis inn á akrein vinstra megin þegar árekstur. Ökumaður bifreiðar A segir áreksturinn hafa orðið þegar hún hafi verið komin inn á akrein lengst til vinstri á Grensásvegi þegar bifreið B hafi verið til vinstri á bifreið A. Í framburði ökumanns bifreiðar B kemur fram að hann hafi ekið frá Fellsmúla inn á hægri akrein Grensásvegar „...og svo þaðan yfir á vinstri akrein þar sem bílarnir skella saman...“.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla ábyrgð á árekstrinum þar sem þeirri bifreið hafi verið ekið af hægri akrein til vinstri á bifreið A og það hafi ekki verið í samræmi við 4. mgr. 15. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987, en þar komi fram að þar sem tvær akreinar eða fleiri séu skuli beygjan tekin svo sem hentugast er með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar.

V1 telur að ökumaður bifreiðar B beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi ekki sinnt fyrirmælum 4. mgr. 15. gr. umferðarlaga, auk þess sem hann hafi ekki gætt að annarri umferð þegar hann skipti um akrein eins og honum bar skv. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga. V2 telur að M sem ökumanni bifreiðar A hafi borið að veita ökumanni bifreiðar B forgang um akstur um gatnamót við Grensásveg og vísar um það til 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga sem geymi þau fyrirmæli að sá sem ætli að beygja á gatnamótum verði að veita umferð sem kemur á móti forgang og þannig hafi háttað til með vinstri beygju M gagnvart allri umferð sem á móti kom og með því bifreið B og ökumanni þeirrar bifreiðar hafi verið frjálst að velja þá akrein sem hentugust var akstursstefnu hans.

Álit.
Þegar litið er til sameiginlegrar teikningar á framhlið tjónstilkynningar og framburðar ökumanna um aðdraganda áreksturs verður ekki annað séð en að hann hafi átt sér stað þegar báðar bifreiðar hafi verið komnar inn á Grensásveg. Ökumaður bifreiðar A hafði því gætt ákvæða 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga um forgang og verður við ákvörðun um sök eða sakarskiptingu að líta til fyrirmæla 4. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Í framburði ökumanns bifreiðar B kemur nokkuð skýrt fram að sá ökumaður hafi ætlað að skipta um akrein frá hægri til vinstri þegar árekstur varð og er það í samræmi við áðurnefnda teikningu. Telst ökumaður bifreiðar B ekki hafa gætt nægilegrar varúðar við það og ber því alla ábyrgð á árekstrinum.

Niðurstaða.
Ökumaður bifreiðar B ber alla sök á árekstri við bifreið A.

Reykjavík, 26. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 38/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um sakarskiptingu vegna árekstrar á Suðurlandsvegi hinn 20.11.2019

Gögn.
Málskot, móttekið 29.01.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 11.03.2020.
Bréf V2, dags. 13.02.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 20.03.2020.

Málsatvik.
Hinn 20. nóvember 2019 varð árekstur milli bifreiðanna A, sem er í eigu M, og B. Ökumenn fylltu sameiginlega tjónstilkynningu út á vettvangi, en lýsingum þeirra um atvikið á bakhlið tjónstilkynningar ber ekki saman. Þannig lýsir ökumaður A atvikum svo að hann hafi verið að taka fram úr B og hafi verið á vinstri vegarhelmingi þegar B hafi sveigt inn í hlið A. Lýsing B í tjónstilkynningu er í megindráttum á þann veg að hún hafi sjálf ætlað sér að taka fram úr þeim bifreiðum sem á undan voru, en að hún hafi ekki hafið framúrakstur eða undirbúning hans þar sem sól hafi verið sterk og lágt á lofti og því hamlað vegsýn.

Þar sem ágreiningur varð um sakarskiptingu var máli þessu vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A bæri alla sök á umræddum árekstri. M er ósátt við þá niðurstöðu og telur að ökumaður B hafi valdið árekstrinum með því að sveigja yfir á vinstri vegarhelming á sama tíma og A var að taka fram úr. Þetta megi jafnframt ráða af afstöðumynd á framhlið tjónstilkynningar, þar sem sjá megi að B hafi verið alveg við miðlínu. A hafi hins vegar verið á vinstri vegarhelmingi og borið sig rétt að við framúrakstur.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, þeirri afstöðu sinni að rétt sé að B beri alla sök á árekstrinum, enda bendi gögn málsins til þess að B hafi við árekstur verið á öfugum vegarhelmingi. Jafnframt megi ráða af framburði farþega í A að árekstur hafi orðið við að B hafi verið ekið yfir á öfugan vegarhelming en ekki þegar A var ekið aftur á hægri akrein í lok framúraksturs. Verði ekki fallist á það sé rétt að skipta sök til helminga þar sem ósannað sé um atvik í aðdraganda árekstrar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, þeirri afstöðu sinni að ekki hafi verið sýnt fram á að árekstur A og B megi rekja til annarra atvika en framúraksturs A, sem hafi borið að gæta þess að nægilegt hliðarbil væri milli A og B. Beri ökumaður A því alla sök á umræddum árekstri.

Í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar ítrekar M afstöðu sína, og telur að afstöðumynd á framhlið tjónstilkynningar sýni glögglega að A hafi gætt réttilega að hliðarbili, en B hafi hins vegar verið við miðlínu vegarins.

Álit.
Um úrlausn þessa máls fer eftir eldri umferðarlögum nr. 50/1987, enda höfðu ný umferðarlög nr. 77/2019 ekki tekið gildi er umræddur árekstur átti sér stað. Í 2. mgr. 20. gr. þeirra laga kom fram að ökumaður sem ætli fram úr öðru ökutæki skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu. Í 3. mgr. var svo sérstaklega kveðið á um að sá sem æki fram úr skyldi hafa nægilegt hliðarbil milli ökutækis síns og þess sem ekið væri fram úr.

Fyrir nefndinni liggur vitnisburður farþega í A, en ekki verður ráðið glögglega af honum hvernig áreksturinn atvikaðist, enda segist farþeginn aðeins vita að árekstur hafi orðið í framúrakstri. Ökumönnum ber ekki saman um atvik en B segist ekki hafa sveigt bifreið sína til vinstri í aðdraganda árekstrar. Með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja, svo og því að samkvæmt

framansögðu verður rík aðgæsluskylda lögð á ökumann við framúrakstur, verður því ekki talið sýnt fram á að B hafi sveigt til hliðar í aðdraganda árekstrar. Verður þar af leiðandi öll sök lögð á A.

Niðurstaða.
Ökumaður bifreiðar A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 21. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 40/2020

M og
V vegna greiðslukortatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna erlends sjúkrakostnaðar.

Gögn.
Málskot móttekið 03.02.2020 auk fylgigagna.
Athugasemdir V dags. 18.02.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M krefjist bóta úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V vegna erlends sjúkrakostnaðar. Í tjónstilkynningu sem hann sendi V kemur fram að veikinda hafi orðið vart hinn 2. júlí 2019, er M var staddur á Spáni og að M, sem hafi verið edrú í þrjú ár, hafi fallið á bindindi sínu á Spáni og verið lagður inn með geðrof og í öndunarstoppi. Af gögnum málsins má ráða að M hafi verið í meðferð vegna fíknar og andlegra sjúkdóma á Spáni fram til 1. október 2019.

V hafnaði kröfu M á grundvelli þess að um veikindi vegna ofneyslu áfengis og vímuefna hafi verið að ræða. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og telur hana ekki samrýmast þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggi fyrir í málinu, en hann þjáist samkvæmt sálfræðiskýrslu af krónískum geðsjúkdómi. Í umræddu vottorði kemur m.a. fram að M greinist með áfallastreituröskun, fíknisjúkdóm og persónuleikaröskun og að hann þurfi ævilanga meðferð vegna þessara veikinda.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að samkvæmt gögnum málsins hafi M leitað lækninga eftir að hafa veikst vegna ofneyslu áfengis og kókaíns og um sé að ræða kröfu um endurgreiðslu sjúkrakostnaðar vegna eftirfarandi meðferðar. V vísar til ákvæðis 9.8 í viðeigandi skilmálum en þar segi að valdi vátryggður vátryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi fari um ábyrgð félagsins eftir því sem segir í 89. og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í 1. mgr. 90. gr. laganna sé kveðið á um að hafi vátryggður, í öðrum vátryggingum en líftryggingum valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið megi lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Við úrlausn skuli litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Óumdeilt sé að umræddan vátryggingaratburð, þ.e. meðferðina og kostnað vegna hennar, megi rekja til ofneyslu M á kókaíni og áfengi sem hann hafi sjálfviljugur neytt. Því hafi M sjálfur valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi og beri þar af leiðandi að fella ábyrgð V niður. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Um greiðslukortatryggingu M hjá V gilda skilmálar V, GT31. Það kemur fram, í gr. 4.3., að félagið greiði, vegna sjúkrakostnaðar á ferðalagi erlendis, bætur sem nema allt að kr. 6.000.000, vegna slyss eða sjúkdóms hvers einstaklings sem vátryggingin tekur til. Í vátryggingarskilmálunum er einnig að finna ákvæði sem takmarka bótaskyldu V við ákveðnar aðstæður, og í 9. kafla þeirra er að finna almennar takmarkanir á bótaskyldu. Þar kemur m.a. fram, í gr. 9.8, að valdi vátryggður vátryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi fari um ábyrgð félagsins samkvæmt 89. og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga. Í 90. gr. er fjallað um hvernig fari með ábyrgð vátryggingarfélags hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður átti sér stað eða afleiðingar hans urðu meiri en ella, en í slíkum tilvikum er heimilt að skerða eða fella niður ábyrgð. Við mat á því skal m.a. litið til þess hvort vátryggingaratburð megi rekja til þess að vátryggður hafi sjálfviljugur neitt áfengis eða fíkniefna. Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni, þ.á.m. tjónstilkynningu M sjálfs, verður ráðið að ástæða þess að hann þurfti á læknishjálp að halda á Spáni var sú að hann féll á bindindi sínu, og ofneytti áfengis og fíkniefna, sem hafi valdið veikindum. Kemur jafnframt fram í læknisfræðilegum gögnum að hann hafi sótt læknisaðstoð vegna áfengis- og kókaínfíknar. Verður því að telja að M hafi, með sjálfviljugri neyslu vímugjafa, valdið vátryggingaratburði og því sé heimilt að fella niður ábyrgð V. Breytir það ekki þeirri niðurstöðu þó

eftirfarandi meðferð hans hafi einnig tekið til annarra þátta heilsufars hans, þ.e. þeirra langvarandi andlegu sjúkdóma sem M mun þjást af. Er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 41/2020

M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar bifreiðasala X

Gildissvið vátryggingarskilmála og undanþáguákvæði vegna ásetnings.

Gögn.
Málskot, móttekið 3. febrúar 2020 ásamt gögnum.
Bréf V, dags. 17. febrúar 2020 ásamt gögnum.
Bréf lögmanns M, dags. 24. mars 2020 ásamt gögnum.
Seinni greinargerð V, dags. 22. apríl 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið seljandi bifreiðar sem bifreiðasali á vegum X hafi haft milligöngu um að selja til tiltekins kaupanda með kaupsamningi og afsali dags. 1. júlí 2019. Gengið var frá eigendaskiptum bifreiðarinnar samdægurs og samkvæmt tilkynningu um millifærslu dags. 1. júlí 2019 kemur fram að kaupandi hafi greitt kaupverðið, 1.300.000 krónur inn á bankareikning X. Sú upphæð hefur ekki skilað sér til M sem seljanda bifreiðarinnar.

M telur að greiða eigi bætur úr starfsábyrgðartryggingu bifreiðasala X hjá V þar sem í fyrsta lagi þá nái skilmálar vátryggingarinnar til alls skaðabótaskylds tjóns sbr. orðalag almenns gildissviðsákvæðis 2. gr. þeirra. M byggir á því að með því að orða ákvæðið með þeim hætti að segja þar „Vátryggingin greiðir bætur vegna skaðabótaskyldu...“ án þess að undanskilja þar skaðabótaskyldu sem verður vegna ásetnings vátryggðs hafi V orðað skilmála með öðrum hætti en t.d. vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra þar sem gildissviðsákvæði þeirra vátryggingarskilmála tiltaki eingöngu að það greiðist bætur vegna tjóns sem verður vegna gáleysis byggingarstjóra. M telur einnig að um sé að ræða almenna skilmála sem gangi framar sértækum skv. skýringarákvæði 21. gr. skilmálanna. Í öðru lagi telur M að ákvæði 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 eigi ekki við þar sem ekki sé sannað tjón M sé hægt að rekja til ásetnings af hálfu starfsmanna X. M bendir á að V beri sönnunarbyrði um að tjón þess sé rakið til slíkrar háttsemi og engin gögn hafi verið lögð fram af hálfu V sem styðja að um ásetning hafi verið að ræða. Einnig bendir M á að á fundi með fyrirsvarsmanni X hinn 17. mars sl. hafi komið fram að um mistök í uppgjöri hafi verið að ræða en ekki ásetning. Einnig bendir M á að tjón sé sannað, en fyrir liggi gögn um kröfu um greiðslu og innheimtubréf til X sem ekki hafi verið svarað með greiðslu auk þess sem rekstur X hafi verið seldur og sé ekki starfsemi í félaginu til að greiða kröfu M.

V telur ekki aðra tæka skýringu á háttsemi hins löggilta bifreiðasala X en að um ásetning hafi verið að ræða til fjárdráttar í skilningi 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og vísar um það til dóms Hæstaréttar í máli nr. 372/2004. V telur ljóst að hinn vátryggði bifreiðasali hafi vitað eða mátt vitað að sú háttsemi að leggja söluandvirði bifreiðar ekki inn á sérstakan fjárvörslureikning, eða tryggja féð með öðrum hætti, gæti leitt til þess að fjármunirnir blönduðust öðrum fjármunum X. V telur að mögulega hafi verið um lægsta sti ásetnings að ræða, þ.e. að X hafi engu skeytt um mögulegar afleiðingar gerða sinna og þannig eigi undanþáguákvæði gr. 8.1. í vátryggingarskilmálum við þar sem kemur fram að starfsábyrgðartrygging bifreiðasala taki ekki til ábyrgðar sem rakin verður til: „Ásetnings vátryggingartaka eða starfsmanns hans, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.“. V vísar til þess að um sé að ræða hefðbundið og skýrt undanþáguákvæði og sé í samræmi við orðalag reglugerðar nr. 46/2003 um starfsábyrgðartryggingu bifreiðasala þar sem eingöngu sé tiltekið tjón sem verði vegna gáleysis bifreiðasala, en ekki ásetnings. V telur einnig að ekki hafi verið sýnt fram á tjón af hálfu M þar sem ekki hafi verið fullreyndar innheimtuaðgerðir og ekki sé ljóst hvort um ógjaldfærni X sé að ræða.

Álit.
Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ágreiningslaust sé að söluandvirði bifreiðar í eigu M hafi verið greitt inn á bankareikning í eigu X, bifreiðasölu sem sá um sölu bifreiðarinnar. Téð greiðsla átti sér stað 1. júlí 2019 og hefur söluandvirðið ekki skilað sér til M þrátt fyrir

innheimtuaðgerðir í janúar 2020, en afrit gagna vegna þeirra voru lögð fyrir nefndina með bréfi lögmanns M, dags. 24. mars 2020 og fékk V tækifæri til að gera athugasemdir við þau gögn áður en málið kom til úrskurðar nefndarinnar.

Ekki er unnt að fallast á þær röksemdir M að V hafi með almennu orðalagi 2. gr. vátryggingarskilmála um skaðabótaskyldu komið í veg fyrir að gr. 8.1. um undanskildar áhættur gilti ekki.

Telst ágreiningur málsins fyrst og fremst snúast um hvort sýnt hafi verið fram á að gr. 8.1. eigi við atvik þess, þ.e. hvort sýnt sé að tjón M sé hægt að rekja til ásetnings X eða starfsmanns hans og þannig beri félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, en þar kemur fram að vátryggingafélag beri ekki ábyrgð ef vátryggður hefur af ásetningi valdið vátryggingaratburði. Þegar um slíka takmörkun á ábyrgð vátryggingafélags er að ræða, hvort sem um er að ræða lagaákvæði eða undanþáguákvæði vátryggingarskilmála, ber vátryggingafélag almennt sönnunarbyrði um að slík háttsemi hafi átt sér stað. Að virtum gögnum málsins liggja ekki fyrir skjallegar skýringar á því hvernig farið var með söluandvirði bifreiðar M og hvers vegna það hafi ekki skilað sér til þess sem seljanda. Á meðan ekkert liggur fyrir um það verður ekki hægt að byggja sönnun um ásetning á almennri ályktun um að það geti ekki verið nein önnur skýring eða um lægsta stig ásetnings sé að ræða. Ekki er útilokað að aðstæður hafi verið þannig að sú háttsemi að skila ekki söluandvirðinu til M séu vegna háttsemi sem telja verður til gáleysis af hálfu X eða starfsmanna. V telst ekki hafa sannað með nægilega skýrum gögnum að um ásetning hafi verið að ræða og þannig getur félagið ekki borið fyrir sig undanþáguákvæði gr. 8.1. í vátryggingarskilmálum.

M telst hafa sýnt fram á að innheimtuaðgerðir hafi ekki borið árangur þó ekki liggi fyrir árangurslaust fjárnám eða gjaldþrotabeiðni vegna X. Verður því að ætla að eitthvað tjón hafi orðið vegna ofangreinds, en nefndin fjallar ekki frekar um fjárhæðir nema aðilar séu sammála um að hún geri það, sbr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sem birtar eru með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

Tjón M er bótaskylt úr starfsábyrgðartryggingu bílasölunnar X hjá V.

Reykjavík, 5. maí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 42/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda (A).

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss er stigi rann undan starfsmanni á vinnustað.

Gögn.
Málskot, móttekið 3.2.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 25.2.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Laust fyrir hádegi 7. nóvember 2018 var M að störfum í vinnslusal A og þurfti að fara upp lausan tréstiga til að kveikja á loftpressu sem var á sérútbúnu millilofti í 2,32 m hæð. Er hann var kominn upp í stigann rann stiginn undan honum með þeim afleiðingu að hann m.a. fótbrotnaði.

Slysavettvangur var skoðaður af Vinnueftirlitsins. Í umsögn þess um slysið segir m.a. að ekki hafi verið vitað hversu hátt upp í stigann M var kominn þegar stiginn rann undan honum og því ekki vitað hversu hátt fallið var. Góð lýsing hafi verið og bjart í vinnslusalnum en nokkuð drasl í kringum millilofið þar sem loftpressan var staðsett. Niðurstaða rannsóknar Vinnueftirlitsins var sú að orsök slyssins mætti rekja til þess að stiginn sem notaður var til að komast upp á millilofið hafi ekki verið festur. Varðandi fyrirmæli um úrbætur var notkun stigans bönnuð og festa skyldi stiga við millilofið. Að auki skyldi endurmeta áhættumat A með hliðsjón af slysinu.

M telur að fyrirkomulag á vinnustaðnum hafi verið óforsvaranlegt og ekki samræmst reglum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og í því efni vísað til 1. mgr. 13. gr., 37. gr. og 42. gr. laganna. Hafi A sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi og hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu. Í því sambandi er m.a. vísað til þess að aðstæður við millilofið, þ. á m. umferðarleiðir, hafi ekki gert það mögulegt að festa stigann varanlega við millilofið, auk þess sem það hafi verið skýr munnleg vinnuregla að starfsmenn ættu að gæta sérstakrar varúðar við notkun stigans og fá samstarfsmann til að halda við stigann og sópa laust sag undan fótum hans fyrir notkun. Þessa hafi M ekki gætt og verði slysið rakið til aðgæsluleysis hans.

Álit.
Af mögnum málsins má sjá að þverbrík hefur verið efst á stiganum sem átti að leggjast yfir frambrún millilofsins til að skorða stigann þegar búið væri að reisa hann. Þá er ljóst af umsögn Vinnueftirlitsins og fyrirliggjandi ljósmyndum að sag og ýmis konar drasl hefur verið á gólfinu við stigann. Í skýrslu VER segir að stiginn sem notaður var hafi ekki verið festur. Var notkun stigans bönnuð og að festa skuli stigann sem notaður er. Eftir slysið mun stiginn hins vegar hafa verið festur.

Ætla verður að fyrrgreind þverbrík efst á stiganum hafi ekki náð að festa stigann með fullnægjandi hætti þegar slysið varð. Þannig hefur ekki verið sýnt fram á samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að frágangur stigans hafi verið með fullnægjandi hætti. Að svo hafi ekki verið verður ekki réttlætt með því að umferðarleiðir hafi komið í veg fyrir slíkt. Aðstæður við stigann kunna að hafa gert það erfiðara en ella að leggja stigann upp að millilofinu með öruggum hætti. Það gefur til kynna að verklag og verklagsreglur varðandi umhirðu og hreinsun gólfs í námunda við stigann hafi ekki verið með hætti að unnt hafi verið að treysta því að reisa hafi mátt stigann upp að millilofinu á öruggan hátt.

Ekkert í gögnum málsins gefur til kynna að slök umhirða að þessu leyti hafi verið á ábyrgð M. Ófullnægjandi verkstjórn af hálfu A verður þar um kennt. Að öllu virtu verður að telja að slysið verði rakið til þess að ekki var unnt að festa stigann með öruggum hætti sem og ófullnægjandi vinnuaðstöðu á gólfinu við stigann. Fór það m.a. í bága við ákvæði 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980. Á vanbúnaði þessum ber A ábyrgð og telst því jafnframt bera skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem M varð fyrir í slysinu.

Samkvæmt 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum skerðist ekki réttur starfsmanns til skaðabóta, sem verður fyrir líkamstjóni í starfi sínu, vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Ekki verður útilokað að M hafi að einhverju leyti ekki sýnt fyllstu aðgæslu við meðferð stigans sem hann var í þegar slysið varð. Hvað sem því líður er á hinn bóginn ekki að sjá af gögnum málsins að slíkt gáleysi af hans hálfu hafi verið á því stigi að það verði metið honum til stórkostlegs gáleysis. Er því ekki efni til að skerða rétt hans til bóta. Hann telst því eiga óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 43/2020

M og
V1 vegna ökutækisins A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs þann 4.1.2019.

Gögn.
Málskot, dags. 4. febrúar 2020, ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.
Bréf V1, dags. 27. febrúar. 2020, ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.
Bréf V2, dags 3. mars 2020.

Málsatvik.
Samkvæmt gögnum málsins varð árekstur með bifreiðunum A og B á veginum Árleyni sem liggur um að Kelduholti í Reykjavík að nokkrum stofnunum íslenska ríkissins. Ökumaður bifreiðar A ók bifreið sinni frá húsunum við Árleyni 22 í austur að veginum um Árleyni. M, ökumaður bifreiðar B, ók bifreið sinni eftir veginum um Árleyni til suðurs. Lentu bifreiðarnar saman þar sem akleiðir þeirra sköruðust. Tjónanefnd vátryggingafélaganna lagði alla sök á ökumann B á þeirri forsendu að honum hafi borið að veita umferð frá hægri forgang.

M mótmælir þeirri niðurstöðu og vísar til þess að Árleyni sé gata innan borgarmarka Reykjavíkur. Virðist M enn fremur byggja á því að ökumanni A hafi borið að veita umferð um götuna forgang á grundvelli 3. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem kveðið er á um að ökumenn sem aka út á veg frá bifreiðastæði, lóð, landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði beri að veita umferð í vegi fyrir leið sinni forgang.

V1 vísar til þess að Árleynir sé vegur innan lóðar á landi Kelduholts og að samkvæmt umferðarlögum gildi almennur umferðarréttur um forgang þegar leiðir bifreiða skerast á vegum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum forgang. Ökumaður bifreiðar B beri þannig alla sök á árekstrinum á grundvelli þágildandi 4. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga. V2 skilaði ekki inn sérstökum athugasemdum vegna málsins.

Álit:
Ágreiningur málsins snýr að því hvort bifreið A hafi verið ekið út frá bifreiðastæði inn á veg í skilningi þágildandi umferðarlaga eða hvort um hafi verið að ræða árekstur á vegamótum tveggja vega. Af gögnum málsins er ljóst að vegurinn um Árleyni og bifreiðastæðið við Árleyni 22 er allt innan sömu lóðar. Af gögnum málsins má sjá að frá bifreiðastæðinu við Árleyni 22 er stuttur vegstubbur sem liggur að veginum um Árleyni. Að mati nefndarinnar er ber því að líta svo á að áreksturinn hafi orðið á vegamótum tveggja vega. Við mat á sakarskiptingu ber því að líta til 4. mgr. þágildandi umferðarlaga, þar sem fram kemur að þegar ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast á vegamótum, skuli sá sem hefur hinn sér á hægri hönd, veita honum forgang. Verður því öll sök lögð á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.
Leggja ber alla sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 21. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfr.

Mál nr. 44/2020

M og
V vegna kaskótryggingar ökutækis.

Gildissvið vátryggingarskilmála vegna tjóns á bifreið 22. nóvember 2019.

Gögn.
Málskot, móttekið 5. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum og tölvupósti M dags. 3. mars.
Bréf V, dags. 4. febrúar 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að bifreið M var ekið um Mánárskriður vestan við Siglufjörð að kvöldi 22. nóvember 2019 þegar bifreiðinni var ekið á grjót sem M lýsir að hafi komið úr hruni úr fjallinu og lent á veginum fast við bifreiðina.

M telur að bæta eigi tjón á bifreiðinni úr kaskótryggingu sinni og vísar til þess að aðrir hafi orðið fyrir tjóni á sama tíma og annað tryggingafélag hafi viðurkennt greiðsluskyldu vegna sambærilegs tjóns. Einnig bendir M á að ökumaður bifreiðar hennar hafi ekki haft aðra möguleika í stöðunni en að lenda á grjótinu sem kom úr fjallinu þar sem snarbratt hafi verið niður í sjó við vegbrún og ekki hægt að sveigja undan.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að til þess að greiðsluskylda stofnist úr vátryggingunni þurfi í fyrsta lagi tjónsatvik að vera þannig að það sé skilgreint í vátryggingarskilmálum og þar á meðal sé grjóthrun og skriðufall, sbr. 4. gr. skilmálanna. Hins vegar komi einnig fram í sömu grein að tiltekin atvik eða aðstæður séu undanskilin greiðsluskyldu og þar vísar V sérstaklega til gr. 4.20 þar sem kemur fram að vátryggingin bæti ekki skemmdir sem hljótast af því að laust grjót hrekkur upp undir ökutæki í akstri, sem og gr. 4.21 þar sem er undanþága vegna skemmda sem hljótast af því ökutækið tekur niðri á ójöfnum svo sem jarðföstu eða lausu grjóti. V telur að það skipti ekki máli hvort grjóthrun átti sér stað skömmu áður en tjón varð, undanþáguákvæði eigi við aðstæður M

Álit.
Þegar litið er til gildissvið kaskótryggingar M hjá V skv. vátryggingarskilmálum og gagna málsins verður ekki annað séð en að enginn ágreiningur sé um að tjón á bifreið M hafi orðið vegna grjóthruns, sbr. 4. gr. Þegar litið er til undanþáguákvæða sem koma fram í sömu skilmálum, sérstaklega gr. 4.20 og 4.21, verður að líta svo á að V hafi með skýrum hætti takmarkað gildissvið kaskótryggingar sinnar þegar kemur að tjónum á bifreiðum þegar grjót hrekkur upp undir þær í akstri eða þegar bifreiðar taka niðri á ójöfnum eins og grjóti, hvort sem það er fast eða laust. Þær aðstæður sem komu upp við akstur bifreiðar M eru vissulega óheppilegar en þær eru þess eðlis að undanþáguákvæði fyrrnefndra greina 4.20 og 4.21 eiga við um þær skv. orðanna hljóðan og á M því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 45/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 28. nóvember 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 05.02.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 04.03.2020 ásamt fylgiskjali.
Bréf V2, dags. 03.04.2020.

Málsatvik.
Hinn 28. nóvember 2019 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B við gatnamót Hvannavalla og Tryggvabrautar á Akureyri. Ökumenn fylltu út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. Á bakhlið tjónstilkynningar lýsir M atvikum svo að hún hafi ekið niður Hvannavelli og tekið vinstri beygju inn á Tryggvabraut. Á Tryggvabraut hafi verið röð fjögurra bifreiða sem hafi staðnæmst í götunni þar eð bifreiðarstjóri fyrstu bifreiðarinnar hafi hægt á sér og gefið stefnuljós til marks um að hann hygðist taka hægri beygju inn á Hvannavelli. Þegar M hafi ekið inn á Tryggvabraut í vinstri beygju hafi bifreið B verið ekið fram úr bílaröðinni með þeim afleiðingum að hún lenti á hlið bifreiðar A. B lýsir atvikum svo að hann hafi keyrt austur Tryggvabraut framhjá tveimur eða þremur bílum sem hafi verið á leið inn á Hvannavelli. Hafi ökutæki A þá verið ekið í veg fyrir B með þeim afleiðingum að bifreiðarnar skullu saman.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú M skyldi bera alla sök á umræddum árekstri þar sem henni hafi borið að veita allri umferð um Tryggvabraut forgang samkvæmt biðskyldu. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur fram í málskoti að hún hafi gætt vel að annarri umferð en hins vegar hafi henni verið ómögulegt að sjá fyrir að ökumaður bifreiðar aftast í bifreiðaröðinni mundi aka framúr á vegi þar sem aðeins væri ein akrein fyrir hvora akstursstefnu. Skilyrði til framúraksturs við þessar aðstæður hafi ekki verið fyrir hendi og því beri ökumaður B ábyrgð á árekstrinum enda megi rekja hann til glæfralegs og ólögmæts framúraksturs.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, kemur fram sú afstaða félagsins að B beri alla ábyrgð á umræddum árekstri þar sem hann hafi sýnt af sér verulegt aðgæsluleysi með framúrakstri yfir hálfbrotna miðlínu og auk þess brotið gegn fortakslausu banni við framúrakstri á gatnamótum.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, kemur fram að M eigi að bera alla sök á umræddum árekstri enda sé biðskylda frá Hvannavöllum inn á Tryggvabraut og hafi henni því borið að veita allri umferð um Tryggvabraut forgang.

Álit:
Við úrlausn máls þessa ber að miða við eldri umferðarlög, nr. 50/1987 enda höfðu ný umferðarlög ekki tekið gildi. Í 2. mgr. 25. gr. þeirra laga var kveðið á um skyldu þess sem ætlaði að aka inn á eða yfir veg til að veita umferð á þeim vegi forgang væri slíkt gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu. Þá var í d.-lið 1. mgr. 22. gr. kveðið á um að heimilt væri að aka fram úr öðru ökutæki við vegamót hefði umferð á þeim vegi forgang gagnvart umferð af hliðarvegi og væru skilyrði til framúraksturs að öðru leyti fyrir hendi. Eins og mál þetta horfir við nefndinni hefur ekki verið sýnt fram á að skilyrði til framúraksturs hafi ekki verið fyrir hendi eða að aksturslag B hafi að öðru leyti verið slíkt að efni séu til að fella sök á hann. Ber ökumaður A, sem ekki virti forgang umferðar á þeim vegi sem hún ók inn á, því alla sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.
M, ökumaður A, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 28. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 46/2020

M og
V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar og almennrar slysatryggingar X

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna slyss 30. mars 2019.

Gögn.
Málskot mótt. 10. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 6. mars 2020, ásamt leiðbeiningarskjali frá Landspítala-háskólasjúkrahúsi.

Málsatvik.
Samkvæmt gögnum málsins er óumdeilt að M rann í hálku og hlaut við það líkamstjón hinn 30. mars 2019.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysatryggingum M og vísað til þess að slysið hafi orðið vegna stórkostlegs gáleysis M í skilningi 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og ákvæðis í sameiginlegum skilmálum V um takmarkanir á ábyrgð vegna slíkrar háttsemi. V vísar til þess að áfengi í blóði M hafi mælst 46,3 mmól/L og skv. leiðbeiningarskjali frá Landspítala-háskólasjúkrahúsi sé almenn lýsing á slíkum áfengisáhrifum (45-60 mmól/L) sú að um sé að ræða áberandi ölvunareinkenni og erfiðleikar með hreyfingar og tal. V telur því að líkamstjón M megi fyrst og fremst rekja til hans eigin háttsemi.

M telur að réttur til greiðslu bóta sé fyrir hendi og V hafi ekki sýnt fram á að líkamstjón M hafi orðið vegna stórkostlegs gáleysis hans. Það sé sýnt af lýsingu M og samferðafólks hans að þau hafi verið að ganga yfir svæði sem var hulið snjó og M hafi hrasað á svellbunka sem hafi leitt til þess að hann féll. M telur að áfengisáhrif ein og sér geti ekki leitt til algjörrar takmörkunar á bótaskyldu. M telur að áfengi í blóði hans hafi ekki haft áhrif á atvik málsins í þeim skilningi að það sá svellbunki sem M datt á hafi verið öllum dulinn, óháð ástandi þeirra. Það hafi því ekki verið orsakasamband milli áfengisáhrifa og þess að M féll.

Álit.
Í málinu er ágreiningur um hvort takmarka eigi ábyrgð V á þeim grundvelli að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga, og það hafi leitt til líkamstjóns hans hinn 30. mars 2019. V ber sönnunarbyrði um að líkamstjón M sé hægt að rekja til stórkostlegs gáleysis M. Í lýsingum af aðdraganda tjónsins kemur fram að M féll á svelli sem hulið var snjó. Ekkert í þeim lýsingum styður þá almennu ályktun sem V dregur af almennu leiðbeiningarskjali um ölvunareinkenni, að M hafi í raun sýnt slík einkenni eða átt í erfiðleikum með hreyfingar þegar tjónið varð. Verður V að bera hallann af þeim sönnunarskorti og verður því ekki talið sannað að líkamstjón M sé hægt að rekja til stórkostlegs gáleysis hans. M á því rétt á fullum bótum úr slysatryggingum hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar sem og almennri slysatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 47/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X

Sönnun orsakatengsla líkamstjóns og áreksturs 23. desember 2018.

Gögn.
Málskot, dags. 10. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-9.
Bréf V, dags. 12. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum, myndum af bifreið M sem og PC-skýrsla dags. 10. febrúar 2019.

Málsatvik.
Í tjónstilkynningu vegna áreksturs 23. desember 2018 kemur fram að bifreiðinni X var ekið utan í bifreið sem M ók. M leitaði skv. framlögðu læknisvottorði samdægurs á Læknavaktina í Austurveri þar sem hann var greindur með tognun í hálsi talið sennilegt að hann hafi marist á hné. M leitar einnig til læknis 26. febrúar 2019 þar sem hann lýsir einkennum sem hann rekur til árekstursins. Einnig er getið um komu á bráðamóttöku Landspítala vegna brjóstverkja í júlí 2019 og komur M til heilsugæslulæknis í nóvember 2019. Í málinu hefur V lagt fram útreikninga og skýrslu PC-crash um ætlaðan höggkraft í árekstrinum.

M telur að orsakatengsl séu sönnuð milli áreksturs og þeirra einkenna sem M finni fyrir og hafi leitað til læknis vegna. M mótmælir því að skýrsla V um PC-crash sé lögð til grundvallar við sönnunarmat á því hver höggkraftur vegna árekstursins hafi verið. M kvaðst hafa fundið mikið fyrir árekstrinum og vísar til þess að tjón hafi verið nokkuð á báðum bifreiðum. Einnig vísar M til þess að í dómaframkvæmd hafi gögn eins og PC-crash skýrsla V ekki verið lögð til grundvallar við sönnunarmat þar sem þeim sé almennt einhliða aflað. M telur að læknisfræðileg gögn málsins sýni að M hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum og krefst því fullrar bótaskyldu af hálfu V vegna þess.

V telur högg af árekstri M hafa verið mjög vægt og vísar um það til niðurstöðu títtnefndrar PC-crash skýrslu dags 10. febrúar 2019. V telur ómögulegt að M hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum auk þess sem læknisfræðileg gögn málsins sýni ekki óvinnufærni vegna þess né liggi fyrir í málinu vottorð frá sérfræðingi í bæklunarlækningum eða sérstakt mat á meintum varanlegum afleiðingum.

Álit.
Í málinu er ágreiningur um hvort orsakatengsl séu sönnuð milli einkenna þeirra sem M finnur fyrir í dag og tjónsatburðar 23. desember 2018. Eins og komið hefur fram í öðrum úrskurðum nefndarinnar verður ekki litið eingöngu til hraða- og höggútreikninga sem er einhliða aflað af hálfu annars málsaðila við mat á því hvert högg af árekstri hefur verið. Þó svokölluð PC-crash skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Einkenni þau sem M lýsir við lækniskomur eru nokkuð almenn og höfðu ekki í för með sér óvinnufærni eða sérstaka meðferð strax eftir tjónsatburðinn. Verður ekki litið svo á að þau feli í sér skýra sönnun um orsakatengsl við áreksturinn. Auk þess liggja ekki fyrir frekari læknisfræðileg gögn eða mat á afleiðingum sem styðja við kröfur M. Með hliðsjón af öllu framansögðu verður því ekki talið að M hafi með framlögðum gögnum tekist að sýna fram á orsakasamhengi milli árekstursins og líkamlegra einkenna og miðað við það er kröfu hans því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 19. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 48/2020

M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar löggilts fasteignasala (A)

Ágreiningur um greiðsluskyldu vegna upplýsingagjafar við fasteignakaup.

Gögn.
Málskot dags. 11.02.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 25.02.2020.

Málsatvik.
Samkvæmt gögnum málsins festu M kaup á fasteigninni X fyrir milligöngu A, en B var seljandi eignarinnar. Afhendingardagur X var hinn 23. desember 2018. M byggja í málskoti á því að fyrir söluna á X hafi legið fyrir að lagnir fasteignarinnar væru skemmdar og kostnaðaráætlun vegna viðgerðanna. Þessar upplýsingar hafi stafað frá þeim tíma er B hafi keypt fasteignina, en komið hafi til ágreinings milli hans og fyrri eiganda og B að endingu fengið afslátt af kaupverði X vegna ástands lagnanna. Við skoðun á X hafi M spurt B um ástand lagna og fengið þau svör að líklega væri kominn tími á að skoða þær. Hins vegar hafi B hvorki minnst á úttekt pípulagningarmeistara sem fram fór í maímánuði 2017 né þá forsögu sem lá fyrir vegna ástands lagnanna. Í maí 2019, eftir að afsal vegna X hafði verið gefið út, bárust M upplýsingar um ástand lagnanna og um vitneskju B um ástandið. Samkvæmt tilboði sem M öfluðu sé kostnaður þeirra við viðgerð lagnanna kr. 1.191.429 og krefjast þau þeirrar upphæðar úr ábyrgðartryggingu A hjá V en V hefur hafnað bótaskyldu. Máli sínu til stuðning vísa M til nánar tilgreindra ákvæða laga um fateignakaup nr. 40/2002 og laga um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015. Er sérstaklega byggt á því að B hafi upplýst A um ástand lagna og leitað eftir því að fjallað væri um það í söluyfirliti en A hafi samt sem áður vanrækt þá upplýsingagjöf, og þar með sýnt af sér vítavert gáleysi. Þess utan hafi sama fasteignasala haft milligöngu um kaup B á X og því hefði A haft aðgang að öllum gögnum sem lágu fyrir varðandi fasteignina, þ.á.m. um ástand lagna og afslátt vegna þess. Hafi söluyfirlit það sem M var afhent í tengslum við kaupin því ekki verið réttilega úr garði gert. Fasteignasalar beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst af rangri eða ófullnægjandi upplýsingagjöf í söluyfirliti og ljóst sé að yfirlýsing um ástand lagna, hefði hún komið fram í söluyfirliti, hefðu breytt miklu um kaup M á eigninni.

Í bréfi V til nefndarinnar tekur félagið fram að það liggi fyrir að B hafi upplýst A um að lagfæra þyrfti neysluvatnslagnir fasteignarinnar. B hafi hins vegar ekki tilkynnt A um að úttekt hefði farið fram á lögnunum né að samið hefði verið um afslátt af kaupverði við sölu eignarinnar til B. Við skoðun M á fasteigninni hafi B svo upplýst þau um að lagfæra þyrfti neysluagnir. Þrátt fyrir það hafi M ekki látið framkvæma úttekt a lögnunum né gert nokkurn fyrirvara við kauptilboð. Hafi M þó haft sömu upplýsingar og A um ástand lagnanna. Séu því engin orsakatengsl milli meints skorts á upplýsingum frá A og meints tjóns M. Þá hafnar V því að A hafi haft aðgang að eldri gögnum um fasteignina, enda hafi aðrir fasteignasalar en A komið að fyrri sölu hennar og enginn miðlægur gagnagrunnur sé á fasteignasölunni um þær eignir sem þar hafi verið til sölumeðferðar, auk þess sem upplýsingamiðlun fasteignasala sín á milli mundi illa samrýmast lögum um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga nr. 90/2018. Þá hafi ekkert komið fram um fyrirhugaðar framkvæmdir eða úttekt á ástandi lagna í yfirlýsingu húsfélags X sem var undirrituð hinn 5. desember 2018. Því sé alls ósannað að A hafi haft vitneskju um þá úttekt á lögnunum sem fram fór í maí 2017 og um að B hafi fengið afslátt af kaupverði vegna hennar. A hafi einfaldlega treyst þeim upplýsingum sem stafað hafi frá B en hinn síðarnefndi hafi vísvitandi leynt hann atriðum sem vörðuðu eignina. Jafnframt hafi M sýnt af sér tómlæti í kjölfar afhendingar X, en þau hafi undirritað afsal án athugasemda eftir um tveggja mánaða búsetu í eigninni, þrátt fyrir að ástand lagnanna hefði ekki átt að dyljast þeim þann tíma. Athafnaleysi M bendi til þess að það hefði engu breytt um kaupin þó ástand vatnslagna hefði verið tilgreint í söluyfirliti. Með vísan til alls þessa hafnar V því kröfu M.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Þá er í c-lið 1. mgr. 11. gr. kveðið á um að í söluyfirliti skuli m.a. koma fram upplýsingar um galla sem seljanda og/eða fasteignasala er kunnugt um. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysis hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í 13. gr. er að finna áskilnað um að fasteignasali, skuli við kynningu á eign sem hann er með til sölumeðferðar gæta þess að upplýsingar um eignina séu réttar og í samræmi við eiginleika hennar og ástand. Enn fremur skal fasteignasali, sbr. 15. gr. laganna, í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur og siðareglur bjóða. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar.

Meðal gagna málsins er skjáskot af tölvupóstsamskiptum A og B frá 25. október 2018. Meðal þess sem B segir þar er: „Þegar kemur að sölu þá er rétt að upplýsa mögulega kaupendur um að það þarf að fóðra lagnirnar“ og „Húsið er í góðu standi og utan heitavatns lagna er ekkert sem við vitum af sem krefst viðhalds eða aðgerða.“. Að öðru leyti virðast samskipti aðila snúa að lýsingu eignarinnar í söluyfirliti, uppsettu kaupverði og birtingu auglýsingar. Má því telja fullljóst að hinn 25. október, þegar samskipti aðila áttu sér stað, hafi söluyfirlit vegna eignarinnar enn verið í vinnslu. Þá liggur fyrir nefndinni afrit söluyfirlits vegna eignarinnar, sem ber með sér að hafa verið prentað út hinn 30. október 2018, og staðfesta M að hafa móttekið og lesið það í tengslum við kaupsamningsgerð. Þrátt fyrir að ofangreind samskipti sýni að B hafi upplýst A um ofangreindan galla á eigninni segir í umræddu söluyfirliti að fasteignasala hafi ekki verið bent á galla á eign, og verður ekki ráðið af umræddu söluyfirliti að eitthvað hafi verið athugavert við vatnslagnir eignarinnar. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 bar A að upplýsa um þetta atriði í söluyfirliti, og verður að telja gáleysi hans hvað þetta varðar töluvert, ekki síst þar sem skriflegar ábendingar B um ástand lagnanna bárust honum samhliða öðrum ábendingum um orðalag og efni söluyfirlits. Verður að telja að A hafi valdið M tjóni með fyrrgreindri skaðabótaskyldri háttsemi og er því fallist á bótakröfu þeirra.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A, löggilts fasteignasala, hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 49/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X

Sönnun líkamstjóns vegna áreksturs 20. september 2017.

Gögn.
Málskot dags. 12. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-4.
Bréf V, dags. 28. febrúar 2020, ásamt myndum og PC-crash skýrslu dags. 12. september 2018.

Málsatvik.
Samkvæmt þeim gögnum sem hafa verið lögð fyrir nefndina varð árekstur með bifreiðinni X og bifreið sem M ók, þannig að bifreiðinni X var ekið aftan á bifreið M. Ekki liggur fyrir upphafleg tjónstilkynning vegna árekstursins eða lýsingar ökumanna á honum, en V hefur lagt fram myndir af bifreið M og svokallaða PC-skýrslu dags. 12. september 2018, sem félagið aflaði einhliða. Í þeirri skýrslu koma fram upplýsingar um mjög lítinn ætlaðan höggkraft af árekstrinum. Í málinu liggja einnig fyrir læknisfræðilegar upplýsingar um komu M á heilsugæslu daginn eftir árekstur og líðan M þá. Næsta koma M til læknis, sem tengd er við einkenni sem M rekur til árekstursins, er 1. september 2018 og einnig er gerð grein fyrir rannsóknum sem fóru fram eftir það sem og öðrum upplýsingum um heilsufar M fyrir áreksturinn.
V sendi tilkynningu til lögmanns M hinn 13. mars 2019 um að félagið féllist ekki að varanlegt heilsutjón gæti hafa orðið af árekstrinum og vísaði um það til gagna málsins og niðurstöðu fyrrnefndrar PC-crash skýrslu. Í viðbótarathugasemdum V til nefndarinnar kemur einnig fram tilvísun til skýrslunnar og að ekki liggi fyrir læknisfræðileg gögn sem styðja að M hafi orðið fyrir tjóni sem og að V telji að einkenni M frá stoðkerfi hafi verið fyrir hendi áður en árekstur varð og tengist honum því ekki.

M telur hins vegar að orsakatengsl séu milli líkamlegra einkenna sinna og árekstursins og vísar um það til læknisfræðilegra gagna. M telur ennfremur að ekki sé hægt að byggja á hraðaútreikningum sem þeim sem V hefur lagt fram og vísar til dóma Hæstaréttar og úrskurðar nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Álit.
Í málinu er ágreiningur um hvort orsakatengsl séu sönnuð milli einkenna þeirra sem M finnur fyrir í dag og tjónsatburðar 20. september 2017. Eins og komið hefur fram í öðrum úrskurðum nefndarinnar verður ekki litið eingöngu til hraða- og höggútreikninga sem er einhliða aflað af hálfu annars málsaðila við mat á því hvert högg af árekstri hefur verið. Þó svokölluð PC-crash skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Þegar litið er til læknisfræðilegra gagna í þessu máli kemur þar fram að einkenni þau sem M lýsir við tvær læknisskomur með um árs millibili eru nokkuð almenn og höfðu ekki í för með sér óvinnufærni eða sérstaka meðferð strax eftir tjónsatburðinn. Auk þess verður ekki af þessum gögnum séð hvaða áhrif fyrra heilsufar M hefur við mat á orsakatengslum. Auk þess liggja ekki fyrir frekari læknisfræðileg gögn eða mat á afleiðingum sem styðja við kröfur M. Með hliðsjón af öllu framansögðu verður því ekki talið að M hafi með framlögðum gögnum tekist að sýna fram á orsakasamhengi milli árekstursins og líkamlegra einkenna nú og miðað við það er kröfu hennar því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 50/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X

Sönnun líkamstjóns vegna áreksturs 20. september 2017.

Gögn.
Málskot dags. 12. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-4.
Bréf V, dags. 27. febrúar 2020, ásamt myndum og PC-crash skýrslu dags. 12. september 2018.

Málsatvik.
Samkvæmt þeim gögnum sem hafa verið lögð fyrir nefndina varð árekstur með bifreiðinni X og bifreið sem M var var farþegi í, þannig að bifreiðinni X var ekið aftan á bifreið M. Ekki liggur fyrir upphafleg tjónstilkynning vegna árekstursins eða lýsingar ökumanna á honum, en V hefur lagt fram myndir af bifreið M og svokallaða PC-skýrslu dags. 12. september 2018, sem félagið aflaði einhliða. Í þeirri skýrslu koma fram upplýsingar um mjög lítinn ætlaðan höggkraft af árekstrinum. Í málinu liggja einnig fyrir læknisfræðilegar upplýsingar um komu M á bráðamóttöku 20. september 2017 þar sem einkennum er lýst en síðan leitaði hún ekki aftur til læknis fyrr en á heilsugæslu 28. september 2018 þar sem minnst er á áreksturinn um ári áður og ætluð einkenni sem og aðrar upplýsingar um heilsufar M fyrir áreksturinn.

V sendi tilkynningu til lögmanns M hinn 13. mars 2019 um að félagið féllist ekki að varanlegt heilsutjón gæti hafa orðið af árekstrinum og vísaði um það til gagna málsins og niðurstöðu fyrrnefndrar PC-crash skýrslu. Í viðbótarathugasemdum V til nefndarinnar kemur einnig fram tilvísun til skýrslunnar og að ekki liggi fyrir læknisfræðileg gögn sem styðja að M hafi orðið fyrir tjóni sem og að V telji að einkenni M frá stoðkerfi hafi verið fyrir hendi áður en árekstur varð og tengist honum því ekki.

M telur hins vegar að orsakatengsl séu milli líkamlegra einkenna sinna og árekstursins og vísar um það til læknisfræðilegra gagna. M telur ennfremur að ekki sé hægt að byggja á hraðaútreikningum sem þeim sem V hefur lagt fram og vísar til dóma Hæstaréttar og úrskurðar nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Álit.
Í málinu er ágreiningur um hvort orsakatengsl séu sönnuð milli einkenna þeirra sem M finnur fyrir í dag og tjónsatburðar 20. september 2017. Eins og komið hefur fram í öðrum úrskurðum nefndarinnar verður ekki litið eingöngu til hraða- og höggútreikninga sem er einhliða aflað af hálfu annars málsaðila við mat á því hvert högg af árekstri hefur verið. Þó svokölluð PC-crash skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Þegar litið er til læknisfræðilegra gagna í þessu máli kemur þar fram að einkenni þau sem M lýsir við tvær læknisskomur með um árs millibili eru nokkuð almenn og höfðu ekki í för með sér óvinnufærni eða sérstaka meðferð strax eftir tjónsatburðinn. Auk þess verður ekki af þessum gögnum séð hvaða áhrif fyrra heilsufar M hefur við mat á orsakatengslum. Auk þess liggja ekki fyrir frekari læknisfræðileg gögn eða mat á afleiðingum sem styðja við kröfur M. Með hliðsjón af öllu framansögðu verður því ekki talið að M hafi með framlögðum gögnum tekist að sýna fram á orsakasamhengi milli árekstursins og líkamlegra einkenna nú og miðað við það er kröfu hennar því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 51/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X

Sönnun líkamstjóns vegna áreksturs 20. september 2017.

Gögn.
Málskot dags. 12. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-4.
Bréf V, dags. 27. febrúar 2020, ásamt myndum og PC-crash skýrslu dags. 12. september 2018.

Málsatvik.
Samkvæmt þeim gögnum sem hafa verið lögð fyrir nefndina varð árekstur með bifreiðinni X og bifreið sem M var var farþegi í, þannig að bifreiðinni X var ekið aftan á bifreið M. Ekki liggur fyrir upphafleg tjónstilkynning vegna árekstursins eða lýsingar ökumanna á honum, en V hefur lagt fram myndir af bifreið M og svokallaða PC-skýrslu dags. 12. september 2018, sem félagið aflaði einhliða. Í þeirri skýrslu koma fram upplýsingar um mjög lítinn ætlaðan höggkraft af árekstrinum. Í málinu liggja einnig fyrir læknisfræðilegar upplýsingar um komu M á bráðamóttöku 20. september 2017 þar sem kemur fram að M var ekki skoðuð þar sem hún var þá einkennalaus 9 tímum frá árekstri. Einhverjum einkennum var síðan lýst aftur 28. september 2018 við komu á heilsugæslu þar sem M er greind með vöðvabólgu, gerð grein fyrir ýktum viðbrögðum og heilsufarsástandi.

V sendi tilkynningu til lögmanns M hinn 13. mars 2019 um að félagið féllist ekki að varanlegt heilsutjón gæti hafa orðið af árekstrinum og vísaði um það til gagna málsins og niðurstöðu fyrrnefndrar PC-crash skýrslu. Í viðbótarathugasemdum V til nefndarinnar kemur einnig fram tilvísun til skýrslunnar og að ekki liggi fyrir læknisfræðileg gögn sem styðja að M hafi orðið fyrir tjóni sem og að V telji að einkenni M frá stoðkerfi hafi í besta falli verið mjög væg og ekki hægt að tengja þau við áreksturinn.

M telur hins vegar að orsakatengsl séu milli líkamlegra einkenna sinna og árekstursins og vísar um það til læknisfræðilegra gagna. M telur ennfremur að ekki sé hægt að byggja á hraðaútreikningum sem þeim sem V hefur lagt fram og vísar til dóma Hæstaréttar og úrskurðar nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Álit.
Í málinu er ágreiningur um hvort orsakatengsl séu sönnuð milli einkenna þeirra sem M finnur fyrir í dag og tjónsatburðar 20. september 2017. Eins og komið hefur fram í öðrum úrskurðum nefndarinnar verður ekki litið eingöngu til hraða- og höggútreikninga sem er einhliða aflað af hálfu annars málsaðila við mat á því hvert högg af árekstri hefur verið. Þó svokölluð PC-crash skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Þegar litið er til læknisfræðilegra gagna í þessu máli kemur þar fram að einkenni þau sem lýst er í læknisfræðilegum gögnum koma ekki fram fyrr en í læknisheimsókn um ári eftir áreksturinn en þar var greining einkenna vöðvabólga. Auk þess verður ekki af þessum gögnum séð hvaða áhrif fyrra heilsufar M hefur við mat á orsakatengslum. Auk þess liggja ekki fyrir frekari læknisfræðileg gögn eða mat á afleiðingum sem styðja við kröfur M. Með hliðsjón af öllu framansögðu verður því ekki talið að M hafi með framlögðum gögnum tekist að sýna fram á orsakasamhengi milli árekstursins og líkamlegra einkenna nú og miðað við það er kröfu hennar því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 52/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar X

Árekstur bifreiðar og körfulyftu 17. janúar 2020.

Gögn.
Málskot, móttekið 12. febrúar 2020 ásamt gögnum.
Bréf V1, dags. 27. febrúar 2020.
Bréf V2, dags. 18. mars 2020.
Tölvupóstur M, dags. 20. mars 2020.

Málsatvik.
Í tjónstilkynningu kemur fram að starfsmenn X voru að vinna við að taka niður jólaskraut af ljósastaurum á Vesturgötu við Grófina. Til þess notuðu þeir starfsmenn vinnulyftu með körfu og var hún staðsett við hús nr. 4 á Vesturgötu þegar bifreiðinni A, sem er lítil hópferðabifreið, var ekið frá Grófinni af biðskyldu í hægri beygju vestur Vesturgötu með þeim afleiðingum að bifreiðinni var ekið utan í körfu vinnulyftunnar þannig að tjón varð á hliðarrúðum bifreiðarinnar.

M telur að X eigi að bera skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið hans (A) þar sem starfsmenn X hafi staðsett vinnulyftu þannig að það hafi skapað augljósa hættu fyrir vegfarendur. M vísar til þess að engar aðvörunarkeilur hafi verið eða annað sem varaði við umræddri hættu, karfa vinnulyftunnar hafi verið þannig að erfitt var að sjá hana og ekki hafi verið farið eftir leiðbeiningum um vinnusvæðamerkingar.

V1 hefur hafnað því að um skaðabótaábyrgð X sé að ræða og vísar til þess að lýsing hafi verið mjög góð og vinnulyftan hafi verið staðsett á réttri akrein m.v. akstursstefnu, mjög áberandi, blá að lit og skorið sig úr öðru umhverfi. V1 telur að um samspil óhappatilviks og gáleysis ökumanns bifreiðar A hafi verið að ræða og beri X ekki skaðabótaábyrgð á slíkum aðstæðum.

V2 vísar til þess að starfsmenn X hafi ekki farið eftir reglum um vinnusvæðamerkingar sem finna megi á vefsíðu Vegagerðarinnar og að viðeigandi merkingar skv. lið 2.1 í reglunum hafi ekki verið uppi á vettvangi. Einnig bendir V2 á að áreksturinn hafi átt sér stað kl. 9 að morgni og myrkur hafi verið á vettvangi og hættan því enn meiri á tjóni.

Álit.
Í gögnum málsins er aðstæðum vel lýst og má sjá af tjónstilkynningu og myndum í henni að vinnulyfta sú sem starfsmenn X notuðu til að taka niður jólaskraut var staðsett rétt við gatnamót Grófar og Vesturgötu. Mátti því ætla að erfitt væri fyrir ökumenn sem óku Grófina og til hægri inn á Vesturgötu að sjá vinnulyftuna. Auðvelt hefði verið að setja aðvörunarmerki eða stýra umferð með þeim hætti að ökumenn væru varaðir við vinnusvæðinu og verður að telja það til gáleysis af hálfu starfsmanna X að hafa ekki gætt þessa. Af tjóni á bifreiðinni A má hins vegar sjá að ökumaður hennar reyndi að aka framhjá vinnulyftunni á öfugri akrein og verður því að ætla að hann hafi séð hana áður en tjón varð og telst það einnig rakið til gáleysis hans að hafa ekið utan í körfu vinnulyftunnar. Að þessu sögðu telst bótaskylda fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V en M ber helming tjóns síns sjálfur vegna gáleysis ökumanns bifreiðarinnar A.

Niðurstaða.
M eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V, sem nemur helmingi heildartjóns á bifreiðinni A.

Reykjavík, 21. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 53/2020

M og
V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.

Ágreiningur um hvort skerða bera bætur vegna stórkostlegs gáleysis.

Gögn.
Málskot, móttekið 4.2.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 24.3.2020.

Málsatvik.
Snemma morguns 25. júní 2019 ók M bifreið sinni A austur Sandgerðisveg á 80-90 km hraða á klst. er hún kvaðst hafa misst farsíma sinn í gólf A og teygt sig eftir honum. Er hún hafi svo litið upp hafi A verið komin út af akbrautinni. Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu lögreglu um atvikið mun A hafa farið rúmlega 95 m vegalengd utan akbrautar áður en hún staðnæmdist og þar af rúma 13 m í loftinu eftir að hún hafði rekist á grjót að því er ráða mátti af aðstæðum á vettvangi.
M varð fyrir meiðslum við óhappið og hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V. V hefur fallist á bótaskyldu að 2/3 hlutum en telur að skerða beri bætur að 1/3 hluta þar sem M hafi valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið.
Samkvæmt gögnum málsins er ekki um það deilt að M beygði sig niður á gólf A til að ná í farsíma sinn. Í stað þess að stöðva bifreiðina til að ná í símann ók hún á 80-90 km og missti þá um stund sjónar á því sem framundan var. Fór svo að A var komin út fyrir akbrautina þegar hún reisti sig upp og sá hvernig komið var. Þessi háttsemi var ámælisverð og fól í sér verulegt frávik frá þeirri varúðarskyldu sem á henni hvíldi við akstur A, sbr. m.a. 1. mgr. 4. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Ber að virða þessa háttsemi til stórkostlegs gáleysis sem veitir V rétt til að skerða bætur til M um 1/3 hluta. Samkvæmt þessu á hún ekki rétt á frekari bótum úr slysatryggingunni en V hefur þegar fallist á að bæta henni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum en sem nemur 2/3 hlutum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 28. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 54/2020

M og
V v/ óþekkts ökutækis A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum óþekkts ökutækis.

Gögn.
Málskot, móttekið 12.2.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 26.2.2020.

Málsatvik.
Hinn 19. júlí 2019 kom M að eigin frumkvæði á lögreglustöð í Reykjavík og greindi frá því að hann hafi að kvöldi 7. sama mánaðar verið að vinna við að sprauta þak á húsi við Ármúla 37. Að verkinu loknu, er hann var að ganga frá búnaði sínum, hafi sprautubyssa legið lítillega úti á götunni eða um 50 cm frá gangstéttarbrún. Þá hafi lítilli hvítri sendibifreið verið ekið eftir götunni yfir sprautubyssuna og eyðilagt hana og án þess að ökumaður hafi stöðvað. Hafi M stokkið upp í bifreið sína og ekið á eftir óþekktu bifreiðinni sem hafi stöðvaði gegnt rauðu ljósi á gatnamótum Ármúla og Grensásvegar. Hafi hann farið út úr bifreið sinni og tekið ökumann óþekktu bifreiðarinnar tali. Eftir nokkur samskipti hafi ökumaður óþekktu bifreiðarinnar ekið af stað gegnt rauðu ljósi, greinilega til að stinga af. Hafi M þá náð að grípa í hliðarspegil bifreiðarinnar og hlaupið með fram henni. Hann hafi bankað í hliðarrúðu bifreiðarinnar í því skyni að fá ökumanninn til að stöðva. Ökumaðurinn hafi hins vegar aukið ferðina þrátt fyrr að hann hafi vitað að M hafi haldið í hliðarspegilinn. Hafi ökumaðurinn aukið hraðann það mikið að fætur hans hafi ekki snert jörðina. Hafi hann þá misst takið á speglinum og fallið í jörðina. Það hafi gerst á miðjum gatnamótum Ármúla og Grensásvegar.

M leitaði á bráðamóttöku Landspítalans 11. júlí, eða fjórum dögum eftir umrætt atvik. Í skráningu spítalans vegna komunnar þangað segir að M hafi lýst atvikinu sem að framan greinir. Við skoðun reyndist M vera með stífan háls og þreifieymsli beggja vegna við hálsliðsfestingar og vöðva en ekki hryggtindum. Hann hafi greinilega verið með vöðvaeymsli þar en samt með „full range“ á hálsliðum í hreyfingu. Hann hafi verið með sár um 4x2 cm að stærð „lateralt, proximalt“ á vinstri kálfa. Það hafi verið „crust yfir. superficial sár.“ Einnig hafi hann verið með bólgu yfir miðju læri „anterior.“ greinileg „asymmetria“ yfir læri miðað við vinstra læri, einnig þreifiaumur, en ekki að sjá „hematoma“.

M hefur krafist þess að fá tjón sitt bætt hjá V. V hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að samkvæmt þeirri atburðarás sem M hefur lýst hafi hann sjálfur valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi.

Álit.
Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatryggingar, sem var í gildi þegar atvikið varð, skal V greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka eða missi framfæranda vegna slyss á Íslandi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts vélknúins ökutækis. Greiðist bætur fyrir líkamstjón skulu jafnframt greiðast bætur fyrir munatjón vegna sama tjónsatviks. Skulu bæturnar greiðast á grundvelli gildandi umferðarlaga, sbr. 4. mgr. sömu greinar. Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Þó má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt gögnum málsins greinir aðila ekki á um það að atvik hafi orðið með þeim hætti sem M hefur greint frá. M greip um hliðarspegil hinnar óþekktu bifreiðar þegar henni var ekið af stað jafnvel þótt hann hafi gert sér grein fyrir að ökumaður bifreiðarinnar væri að hverfa af vettvangi. M mátti gera sér ljósa grein fyrir að hann gat ekki stöðvað för bifreiðarinnar af vettvangi með því að grípa um spegilinn. Með þessu stefndi hann hins vegar sjálfum sér í mikla hættu og þá sérstaklega eftir að bifreiðin var komin á nokkra ferð. Burtséð frá saknæmri háttsemi stjórnanda óþekktu bifreiðarinnar voru viðbrögð M sérstaklega alvarleg og háskaleg með því að halda í spegilinn svo lengi sem raunin var og dragast með bifreiðinni þannig að fætur hans lyftust frá jörðu. Verður að virða þessa háttsemi M til stórkostlegs gáleysis sem leiðir til þess að rétt þykir að skerða bætur til hans um 2/3 hluta með

vísan til 2. mgr. 88. gr. laga nr. 50/1987. Af því leiðir að M telst eig að rétt á að fá tjón sitt bætt að 1/3 hluta hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á að fá tjón sitt bætt að 1/3 hluta hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 55/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Sakarskipting vegna áreksturs 27. desember 2019.

Gögn.
Málskot, móttekið 13. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 26. febrúar 2020.
Bréf V2, dags. 27. febrúar 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að skýrsla var gerð hjá Aðstoð og Öryggi sem var kvödd á vettvang að Hörðukór 3 hinn 27. desember 2019 þar sem bifreið A og B höfðu lent saman á bifreiðastæði. Af myndum af vettvangi og má ráða að bifreið B hafi runnið úr bifreiðastæði og lent á bifreið A og annað hvort hafi það gerst vegna hálku eða vegna þess að bifreiðin hafi ekki verið í gír. Haft er eftir eiganda bifreiðar A í skýrslunni að hann hafi komið að bifreið sinni að morgni þannig að bifreið B hefði runnið á bifreið A. Eigandi bifreiðar B segist alltaf skilja við bifreið sína í gír og handbremsu en möguleiki að bifreiðin hafi hrokkið úr gír.

M telur að ekki hafi verið gengið frá bifreið B með fullnægjandi hætti og megi rekja tjón á bifreið A til þeirrar háttsemi ökumanns bifreiðar B. M hefur í málskoti eftir ökumanni bifreiðar B að hann segist hafa gengið frá bifreið sinni í gír og handbremsu en telur að hann segi ekki rétt frá. M vísar til þess að teknar hafi verið myndir innan úr bifreiðinni 8. janúar sl. og þá hafi bifreiðin ekki verið í gír. Einnig vísar M til þess að hinn 21. janúar sl. hafi bifreið B runnið á aðra bifreið með sama hætti og á bifreið M. V1 tekur undir sjónarmið M og vísar því á bug að bifreið B hafi getað runnið á bifreiðastæðinu vegna hálku.

V2 telur að ekki sé hægt að rekja tjón á bifreið A til notkunar bifreiðar B, en það sé skilyrði bótaskyldu úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækja hjá félaginu, sbr. orðalag 1. mgr. 88. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. V2 telur að ekki sé sannað að ekki hafi verið gengið nægilega vel frá bifreið B og ekki sé hægt að rekja tjónið til sérstakra hættu eiginleika bifreiðarinnar. Einnig vísar V2 til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 143/2012 máli sínu til stuðnings.

Álit.
Rétt er að árétta að árekstur var með bifreiðum A og B og fer því um bótarétt eftir 89. gr. þágildandi umferðarlaga sem orðast svo: „Ef tjón hlýst af árekstri skráningarskyldra vélknúinna ökutækja skiptist tjónið á þau að tiltölu við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.“ Myndir af vettvangi sína með greinilegum hætti að bifreið B hefur runnið af stað á bifreiðastæði og á bifreið A. Ekki er að sjá á myndum að mikil hálka hafi verið á bifreiðastæðinu eða að aðrar bifreiðar hafi runnið með sambærilegum hætti. Af því verður að ætla að eitthvað hafi verið athugavert við frágang bifreiðar B og þess vegna hafi sú bifreið runnið af stað en ekki aðrar á svæðinu. Málið er ekki sambærilegt í úrskurð í máli nefndarinnar nr. 143/2012. Verður að meta þessa háttsemi ökumanns bifreiðar B honum til sakar og ber hann því alla sök á tjóni á bifreið A.

Niðurstaða.
Ökumaður bifreiðar B ber alla sök á tjóni á bifreið A.

Reykjavík, 26. mars 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 56/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar gæludýra

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss sem M varð fyrir.

Gögn.
Málskot dags. 04.02.2020 ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf V dags. 02.03.2020 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Hinn 24. nóvember 2018 féll M með þeim afleiðingum að hún úlnliðsbrotnaði. Í lýsingu M á atvikum kemur fram að hún hafi verið að passa hund af tegundinni Pomeranian og hafi verið með hann á göngu. Hundurinn hafi verið aðeins á undan henni og þegar hann hafi farið fyrir horn hafi annar hundur, franskur bolabítur, komið hlaupandi að þeim. Henni hafi brugðið töluvert þar sem Pomeranian hundurinn hafi ekki mátt hitta aðra hunda og því hafi hún reynt að forða sér og hundinum úr þessum aðstæðum. Franski bolabíturinn hafi verið í vörslum sjö ára gamals drengs, en A, amma drengsins og eigandi bolabítsins, og systir hennar hafi verið á göngu í nokkurri fjarlægð. Drengurinn hafi ekki ráðið við bolabítinn sem hafi elt M og Pomeranian hundinn. Á einhverjum tímapunkti hafi M öskrað á drenginn að hætta að elta sig en það hafi ekki tekist þar sem bolabíturinn var mjög sterkur. Hafi M reynt að forða sér með báða hundana flækta um fætur sér en það hafi endað með því að hún hafi dottið með fyrrgreindum afleiðingum.

Hinn 12. september 2019 tilkynnti M tjón sitt til V sem hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 25. september 2019 á þeim forsendum að um óhappatilvik hefði verið að ræða, og að samkvæmt tjónstilkynningu A hafi M byrjað að hoppa í kringum hundana sem hafi leitt til þess að drengurinn hafi misst tak á taumnum sem hafi flækst um fætur M og valdið því að hún féll. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og krefst bóta úr ábyrgðartryggingu franska bolabítsins. Byggir hún á því að orsakir slyssins megi fyrst og fremst rekja til þess að sjö ára barni hafi verið falið að stjórna hundi sem það réði engan veginn við. Hafi A því gerst sek um brot gegn samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 478/2012 með því að fela hundinn í umsjá aðila sem ekki hefði fullt vald yfir honum. Hafi A ekki uppfyllt þær varúðar- aðgæslu- og umgengnisskyldur sem umrædd samþykkt leggi á herðar hundeigendum. Þá sé það ekki rétt að M hafi hoppað í kringum hundana, hún hafi einvörðungu leitast við að forða sér og Pomeranian hundinum.

Í bréfi V til nefndarinnar eru í fyrsta lagi gerðar athugasemdir við lýsingu M á atvikum. Drengurinn sem hélt í taum bolabítsins hafi þekkt vel til hans og verið honum vanur. Hundurinn sem var í vörslu M hafi birst mjög snögglega og hundarnir byrjað að gelta og urra hvor á annan. M hafi þá brugðið og byrjað að hljóða og hoppa um. Við það hafi drengnum orðið hverft við og misst takið á taumnum, og M flækst í honum og dottið. Megi því rekja slysið til háttsemi M sjálfrar, sem virðist ekki hafa ráðið við aðstæður. Sé alls ósannað að drengurinn hafi ekki haft vald yfir hundinum. Það sé M að sanna að líkamstjón hennar sé að rekja til bótaskyldrar háttsemi A, eiganda bolabítsins. Slík sönnun hafi ekki tekist. Jafnvel þó fallist yrði á atvikalýsingu M bendi sú lýsing ekki heldur til þess að slysið megi rekja til þess að drengurinn hafi ekki ráðið við vörslur bolabítsins, heldur hafi M einfaldlega hrasað um tauma beggja hundanna er hún reyndi að flýja aðstæður. Gera megi ráð fyrir því þegar hundar mætist á göngu að þeir urri og gelti hvor á annan og við slíkar aðstæður skipti höfuðmáli að halda ró sinni, en það hafi M ekki gert. Hins vegar bendi ekkert til þess að slys hennar megi rekja til sakar A og ekki sé sýnt að brotið hafi verið gegn hundasamþykkt Reykjavíkur umrætt sinn. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Ágreiningur málsins snýst samkvæmt framansögðu um það hvort umrætt atvik sé bótaskylt samkvæmt ábyrgðartryggingu sem A er með í gildi hjá V. Umrædd vátrygging er ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Til að bótaskylda stofnist þarf þannig að vera sýnt fram á saknæma háttsemi eiganda eða umráðamanns. Fallast má á það með M að það kunni að vera varhugavert að fela ungum börnum umsjá hunda, sér í lagi sé eigandi eða annar fullorðinn einstaklingur ekki viðstaddur.

Verður því að telja að A hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að fela barnabarni sínu umsjá hundsins með þessum hætti. Eftir stendur þá að meta hvort orsakatengsl séu milli þess og tjóns M. Jafnvel þó miðað sé við atvikalýsingu M sjálfrar verður því ekki slegið föstu að tjón hennar megi rekja til þess að drengurinn hafi misst vald á hundinum. Þannig virðist sem M, sem var með í sínum vörslum hund sem af einhverjum ástæðum mátti ekki hitta aðra hunda, hafi sýnt af sér ákveðið gáleysi við vörslur hans með því að hleypa honum á undan sér fyrir horn, með þeim afleiðingum að hundarnir hittust án þess að M virðist hafa verið viðbúin því. Í kjölfarið virðist svo sem viðbrögð M sjálfrar hafi leitt til þess að hún flæktist um tauma hundanna og féll. Verður því ekki fallist á að orsakatengsl séu milli tjóns M og þess að A fól barnabarni sínu vörslur hundsins umrætt sinn. Verður því að líta svo á að tjón M megi samkvæmt framansögðu rekja til óhappatilviks og aðgæsluleysis hennar sjálfrar og er bótaskylda úr umræddri vátryggingu því ekki til staðar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingarlið gæludýratryggingar A hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 57/2020

M og
V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda.

Ágreiningur um rétt ökumanns til bóta fyrir líkamstjón eftir að hafa ekið á steinstöpul.

Gögn.
Málskot, móttekið 13.2.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 6.3.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 11. desember 2018 ók M bifreiðinni A utan í steinstöpul á Sundlaugavegi í Reykjavík. Hún leitaði samdægurs á heilsugælustöð. Í samskiptaseðli viðkomandi heilsugæslustöðvar vegna þeirrar komu segir að M hafi mánuði lent í árekstri. Hún hafi fundið fyrir verkjum í hálsi og svolitlum höfuðverk. Við skoðun mun M hafa reynst vera stíf í hálsi og með talsverð eymsli en þó meira vinstra megin og haft skerta hreyfigetu til hliðanna, einkum yfir til hægri. Var niðurstaða sú að M væri með hálstognun. Þá ritaði læknir vottorð um að M hafi verið óvinnufær frá 12. til 21. desember 2018. M leitaði að nýju til heimilislæknis 10. janúar 2019. Segir í vottorði vegna þeirrar komu að talsvert högg hafi orðið við áreksturinn og virðist sem M hafi rekið höfuðið í stýrið. Hún hafi kvartað undan höfuðverk og stirðleika í hálsi sem ekki hafi lagast. Við skoðun hafi verið stirðleiki og eymsli í hálsvöðvum meira vinstra megin, axlarhreyfingar verið eðlilegar og mjóbak eðlilegt. Hafi M verið greind með hálstognun og fengið beiðni um sjúkraþjálfun. Hún leitaði til sjúkraþjálfara 28. mars 2019 og mun hafa komið í 11 skipti til 28. október 2019. Í skýrslu sjúkraþjálfara segir að vel hafi gengið að minnka verki í vinstri öxl. Hreyfiskerðing í hálshrygg hafi tekið fleiri meðferðir. Við síðustu meðferð hafi hún verið stíf í „rotation“ til vinstri í hálshrygg. „Mobilizering og triggerpunktar“ hafi hjálpað til að auka hreyfigetu og minnka stífni.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V. Af því tilefni aflaði V sérstaks útreiknings, svonefndrar PC Crash skýrslu, á þeirri þyngdarhröðun sem verkaði á A við akstur á steinstöpulinn. Í skýrslunni, sem er dagsett15. febrúar 2019, segir að við áaksturinn hafi fyrsta högg verið á hægra framhorn plaststuðarakápu bílsins. Hún sé mjúk á þessum stað og gefi vel eftir. Stöpullinn hafi síðan skrapað dekk og hjólkopp. Bíllinn hafi runnið áfram eftir stöplinum með báðar hægri hurðir og síðasta ákoma hafi verið á brettakant rétt aftan við afturhurð. Þessar rispur séu grunnar en höggið verið nægilegt til að spegill hafi komið í hurðarbyrðin. Er niðurstaða skýrslunnar að líklegasta gildi þyngdarhröðunar A við áaksturinn sé 1,01 g. Í tilkynningu V til lögmanns M, dags. 11. mars 2019, segir að gögn málsins bendi ekki til að varanlegt heilsutjón hafi hlotist af slysinu. Því muni V hvorki hlutast til um frekari gagnaöflun né greiðslu fyrir hana. Engu að síður greiði V útlagðan kostnað vegna fyrstu lækniskomu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar sem hafi fallið til á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið, að öðrum skilyrðum fullnægðum.

Álit.
Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en ágreiningslaust sé með aðilum að M hafi ekið A á steinstöpul líkt og að framan greinir. Af því leiðir að M á rétt á bótum fyrir það líkamstjón sem hún varð fyrir við atvikið úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A, sbr. 92. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987, en í 2. mgr. þeirrar lagagreinar sagði að vátryggingin skuli tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. laganna. Líkamstjón sem hér um ræðir bætist samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum.

Gögn málsins um það líkamstjón sem M kveðst hafa orðið fyrir umrætt sinn eru mjög af skornum skammti eða einungis þau gögn sem getið er hér að framan. Engin mats- eða álitsgerð liggur fyrir um þær heilsufarslegu afleiðingar sem atvikið hefur haft fyrir M. Af fyrirliggjandi læknisvottorði um óvinnufærni M verður þó ráðið að hún hafi verið óvinnufær með öllu frá 12. til 21. desember 2018 eða í tíu daga. Hvorki fyrrgreind PC Crash skýrsla né önnur gögn málsins eru til þess fallin að vefengja þessa niðurstöðu. Þykir því mega slá því föstu að M hafi verið veik og óvinnufær umrætt tímabil og eigi því rétt á þjáningabótum samkvæmt 3. gr. skaðabótalaganna fyrir tímabilið úr téðri

slysatryggingu. Að öðru leyti hefur ekki verið sýnt fram á samkvæmt gögnum málsins að hún eigi rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt eftir reglum skaðabótalaganna.

Niðurstaða.
M á rétt á þjáningabótum fyrir tímabilið 12. til 21. desember 2018 úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 58/2020

M og
V vegna fasteignatryggingar X

Skaðabótaábyrgð fasteignareiganda í fjöleignarhúsi vegna vatnstjóns annars eiganda.

Gögn.
Málskot, móttekið 17. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 5. mars 2020, ásamt kröfubréfi M, umsögn vátryggingartaka og höfnunarbréfi V og samskiptum V við M.
Tölvupóstur M, dags. 9. mars 2020.

Málsatvik.
Í málskoti gerir M grein fyrir því að hann hafi orðið fyrir vatnstjóni í íbúð sinni sem sé á 1. hæð fjöleignarhúss vegna leka sem stafi frá 2. hæð hússins. Vátryggingafélag hans hafi bætt tjónið en eftir standi greiðsla sjálfsábyrgð (eigin áhættu) upp á kr. 79.400. M telur að X, sem sé eigandi íbúðar á 2. hæð fjöleignarhússins, beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir með því að þurfa að greiða þá eigin áhættu og krefst bóta vegna þeirrar fjárhæðar úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X hjá V.

M vísar til þess að lekið hafi reglulega frá 2. hæð hússins niður á 1. hæð þess frá því í ágúst 2011 og hafi hann verið í samskiptum við X vegna þess, auk þess sem X hafi upplýst á húsfundi um leka af 3. hæð hússins til sín. M kveðst hafa rætt ítrekað við X um að hann tilkynnti um leka úr sinni íbúð til síns vátryggingafélags og hafi X sagst hafa gert það. Þegar M hafi síðan reynt að hafa samband við V vegna málsins þá hafi það ekki verið skráð hjá V þrátt fyrir að M hafi látið X ítrekað vita og hjálpað honum við að bjarga verðmætum í a.m.k. eitt skipti. M segist loks hafa haft samband við V beint í desember 2019 og þá hafi komið skoðunarmaður frá V sem ekki hafi fundið merki um upptök leka. M bendir á að hann hafi gert grein fyrir því hvenær leki kom upp árin á undan og því að hann hafi haft samband við X í öll skiptin og hafi því gert sitt til að sýna fram á orsakir hans, t.d. með því að leggja fram dagsettar myndir þar sem leki úr lofti.

V telur ósannað að tjón á séreignarhluta M í fjöleignarhúsinu sé hægt að rekja til eignarhluta X á 2. hæð húseignarinnar. Skoðunarmaður á vegum V hafi farið á vettvang og skoðað íbúð X en ekki fundið nein merki raka. Aðspurður hafi X kannast við leka í sinni íbúð frá árinu 2011, en ekkert vatn hefði farið á gólf íbúðarinnar nema við skúringar. V telur ekki ljóst af myndum sem M hefur lagt fram hvort skemmdir í íbúð sé vegna vatns sem hefur streymt frá íbúð X, hvort um sé að ræða rigningarvatn sem hafi farið í gegnum sprungur eða aðrar orsakir. V telur að M hafi verið í lófa lagið að tryggja sér sönnun um orsakir tjóns síns í þau nokkru skipti sem það kom fram og beri auk þess sönnunarbyrði um að það hafi verið gerð krafa innan fyrningarfrests.

Álit.
Skaðabótakrafa M lýtur að greiðslu bóta vegna eigin áhættu sem hann virðist hafa greitt vegna tjóns sem hann fékk bætt úr sinni eigin fasteignatryggingu. Ekki kemur fram hvort það tjón er einungis vegna eins atviks sem nefnt er í málskoti eða vegna þeirra allra. Málsmeðferð nefndarinnar tekur einungis til greiðsluskyldu úr vátryggingu, þ.e. leysir úr ágreiningi milli M og V um greiðsluskyldu úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X. Í því samhengi verður að líta til þess að V fékk fyrst tilkynningu um mögulegt tjón í desember 2019 og kannaði þá aðstæður hjá X án þess að finna merki leka frá íbúð hans á 2. hæð. Sönnunarbyrði er á þeim sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans. Þó komi fram upplýsingar frá M sjálfum um að hann hafi rætt við X um leka og fjölmargar myndir af íbúð hans sjálfs verður ekki ráði af þeim gögnum með nægilega mikilli vissu hver orsök lekans var í þau skipti sem hann varð. Ekki hafa verið lögð fram gögn sem sýna t.d. mat iðnaðarmanna eða tjónaskoðunarmanna á því í hvert skipti, hver möguleg orsök hafi verið. Þó M telji það augljóst verður að gera þá kröfu að það liggi fyrir nægilega skýr gögn sem sanni það. M hefur ekki lagt fram slík gögn og verður því ekki fallist á greiðsluskyldu V úr fasteignatryggingu X.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 59/2020

M og
V vegna starfstryggingar.

Gildissvið vátryggingarsamnings vegna veikinda .

Gögn.
Málskot dags. 19. febrúar 2020 ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur Tryggja ehf. f.h. V dags. 6. mars 2020 um samþykki fyrir að nefndin fjalli um málið.
Bréf Tryggja ehf. f.h. V til M, dags. 9. apríl 2020.
Bréf lögmanns M, dags. 4. maí 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að vorið 2018 hafi mælst aukið gildi PSA í blóði M og hafi hann í kjölfarið verið greindur með æxli í prostatabeði og farið í samtvinnaða geisla- og hormónameðferð í kjölfarið sem hafi leitt til óvinnufærni frá 5. júní 2018 og í um sex mánuði. Í gögnum málsins kemur einnig fram að M hafi greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli árið 2014 og hafi blöðruhálskirtillinn verið fjarlægður með skurðaðgerð á árinu 2015 og M farið í frekari meðferð vegna þess.

M telur að sjúkdómur hans og óvinnufærni leiði til bótaskyldu úr vátryggingu sem hann hafði í gildi hjá V á árinu 2018. M bendir á að í læknaskýrslu sem fylgir með tjónstilkynningu hans til V á sérstöku eyðublaði félagsins hafi læknir M svarað því neitandi að M hafi „.. suffered from this or any associated complaint in the past...“ og því séu veikindi M á árinu 2018 ótengd veikindum hans á árinu 2014 og 2015. Einnig telur M að fyrirvari á vátryggingarskírteini M á árinu 2018 segi einungis „Prostatitis“, sem þýðir blöðruhálskirtill, og sé ekki hægt að túlka hann með víðtækari hætti en orðalagið bendir til. M bendir á að blöðruhálskirtill hans hafi verið fjarlægður með skurðaðgerð árið 2015 og geti veikindi hans á árinu 2018 því ekki verið vegna „Prostatitis“ og falli því ekki undir áritun á vátryggingarskírteini um undanþágu.

V telur að veikindi M árunum 2014 og 2015 séu nátengd veikindum hans á árinu 2018 og hefur hafnað bótaskyldu og vísað til sérstaks skildaga á vátryggingarskírteini M þar sem kemur fram að undanskilið sé „... allt tengt blöðruhálskirtli...“ V vísar til þess að þau veikindi sem komið hafi upp hjá M á árinu 2018 hafi verið vegna fruma blöðruhálskirtils og því eigi undanþágan við. Í bréfi V til M dags. 20. febrúar 2019 er einnig vísað til undanþáguákvæðis í vátryggingarskilmálum þar sem kemur fram að félagið greiði ekki bætur vegna tiltekinn aðstæðna og orðrétt segir í ákvæðinu: „Ástand sem fyrir var eða þekktir líkamlegir annmarkar, veikburða líkamsástand, lélegt heilsufarsástand eða þrálátur sjúkdómur sem kemur upp aftur og aftur og sem var til staðar þegar eða fyrir þann dag er vátrygging samkvæmt þessum samningi varð gild gagnvart vátryggðum.“

Álit:
Ljóst er af gögnum málsins að M veiktist á árinu 2018 og skv. skýrslu læknis dags. 27. júní 2018 var hann greindur með „Adenocarcinoma of the prostate“ og sami læknir taldi þau veikindi ekki í tengslum við önnur veikindi sem M hafði glímt við áður.

Ágreiningslaust er að vátryggingarsamningur milli M og V var í gildi á árinu 2018 en ágreiningur eru um gildissvið hans og þá sérstaklega þeirra undanþáguákvæða sem koma fram annars vegar í vátryggingarskilmálum og hins vegar í vátryggingarskírteini. Í vátryggingarskilmálum eru stöðluð samningsákvæði sem samin eru af V og verður ekki annað séð af gögnum málsins en að sama gildi um undanþáguákvæði í vátryggingarskírteini. Þegar þannig háttar er almennt viðurkennt í samningarétti að sá samningsaðila sem semur slík ákvæði að bera hallann af því ef þau eru óskýr og sönnunarbyrði um að skilyrði þeirra séu uppfyllt.

Í þessu máli verður ekki séð af ótvíræðum læknisfræðilegum gögnum að veikindi M á árinu 2018 séu sömu veikindi og komu upp hjá honum á árunum 2014-2015. Ef V ætlar að bera fyrir sig undanþáguákvæði vátryggingarskilmála um að um sé að ræða þekkta líkamlega annmarka, veikburða líkamsástand, lélegt heilsufarsástand eða þrálátan sjúkdóm sem kemur upp aftur og aftur, verður V að

sýna fram á slíkt og í þessu máli hefur V ekki lagt fram nokkur gögn sem sýna fram á að slíkar aðstæður séu uppi. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á af hálfu V með hvaða hætti ákvæði í vátryggingarskírteini sem segir „Undanskilið: Prostatitis.“ eigi við. Verður V einnig að bera hallann af því.

Þar sem V hefur ekki sýnt fram á að undanþáguákvæði í vátryggingarsamningi eigi við um mál M verður að telja tjón hans úr starfstryggingu bótaskylt.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr starfstryggingu sinni hjá vátryggingafélaginu V.

Reykjavík 19. maí 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 60/2020

M og
V vegna almennrar slysatryggingar X hjá V.

Ágreiningur um hvort atvik falli undir slysahugtak vátryggingarskilmála.

Gögn.
Málskot móttekið 19.02.2020 ásamt fylgigögnum 1-4.
Bréf V dags. 25.02.2020 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að hinn 28. september 2019 hafi M orðið fyrir meiðslum. Við frekari rannsóknir kom í ljós að hann var með Weber C brot við ökkla og gekkst undir aðgerð vegna þess. Hinn 2. október 2019 tilkynnti M um tjón sitt til V og gerði kröfu til bóta úr almennri slysatryggingu sem X var með í gildi á tjónsdegi. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 22. október 2019 með þeim rökum að M hefði misstigið sig með þeim afleiðingum að hann féll við og fótbrotnaði. Atvikið sem slíkt geti því ekki fallið undir slysahugtak viðeigandi vátryggingarskilmála sem geri áskilnað um að um skyndilegan utanaðkomandi atburð sé að ræða. M fellir sig ekki við þessa afstöðu og tekur fram í málskoti að ekki sé rétt að hann hafi einfaldlega misstigið sig, þó hann hafi ekki lýst atvikum í smáatriðum við starfskonu í móttöku. Þá hafi læknir sá sem hann ræddi við og gaf nánari lýsingu á atvikum verið af erlendu bergi brotinn. Rétt sé að hann hafi runnið til á steinvölum, dottið fram fyrir sig og þá borið fyrir sig vinstri fótinn og snúið hann sem leitt hafi til brots á honum. Þá sé augljóst að meiðsl M hafi ekki getað stafað af einföldu misstigi.

Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V áður fram komna afstöðu og rökstuðning auk þess sem tekið er fram að breyttur, síðar tilkominn framburður M um tjónsatvik breyti ekki afstöðu félagsins.

Álit:
Í gr. 2.2. í 1. kafla skilmála viðeigandi vátryggingar er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur tjóni á líkama þess, sem vátryggður er, og gerist án vilja hans. Misstig hefur verið talið atburður sem á uppsprettu sína innan líkama tjónþola en verður ekki talið til utanaðkomandi atburða. Í tjónstilkynningu M til V er atvikum lýst svo „missteig mig og féll við“, og er það í samræmi við lýsingar í fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum. Þannig segir í bráðamóttökuskrá, myndgreiningu og aðgerðarlýsingu að M hafi misstigið sig. Verður þannig að byggja á því að misstig hafi valdið því að M féll við og hlaut brot á ökkla. Samkvæmt framansögðu telst hann ekki hafa orðið fyrir slysi í skilningi viðeigandi vátryggingarskilmála og ber því að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr almennri slysatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 61/2020
M og
V vegna sjúkra- og slysatryggingar.

Tilkynningafrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 vegna slyss 22. júní 2016.

Gögn.
Málskot, móttekið 19. febrúar 2020 ásamt gögnum.
Bréf V, dags. 3. mars 2020.
Bréf M, dags. 6. apríl 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M slasaðist á hægra hné 22. júní 2016 þar sem hann féll og rak hnéð harkalega í rekaviðardrumb. M kveðst hafa bólgnað upp og leitað til læknis í júlí sama ár þar sem vökva var hleypt úr poka yfir hnéskelinni. Tilkynning um slysið var send til Vátryggingafélags Íslands hf. vegna frítímaslysatryggingar 24. júlí 2017. Frekari læknismeðferð eftir það fór fram og mat á afleiðingum slyssins lá fyrir með matsgerð dags. 29. nóvember 2018 og fékk M greiddar bætur úr frítímaslysatryggingu sinni hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. í kjölfarið.

Hinn 6. febrúar 2019 sendi M tjónstilkynningu til V vegna sjúkra- og slysatryggingar og segir í málskoti að honum hafi ekki verið varanlegar afleiðingar slyssins ljósar fyrr en matsgerð dags. 29. nóvember 2018 hafi legið fyrir, en þar hafi honum fyrst verið ljóst að afleiðingar slyssins væru varanlegar. M telur því að þegar hann tilkynnti um slysið til V í febrúar 2019 hafi hann verið innan ársfrests 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.) M vísar til dómaframkvæmdar um að upphafsdagur þess ársfrests geti ekki fyrir fyrr en tjónþoli hafi fengið staðfestingu bæklunarlæknis um varanlegt líkamstjón og sé þar um hlutrænt viðmið að ræða. Upplýsingar sem M hafi fengið um líkamstjón sitt hafi allar verið þannig að hnéð myndi lagast af sjálfu sér með tímanum og þess vegna hafi hann ekki gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum fyrr en við matsgerðina.

V telur að tilkynning sem barst félaginu um tveimur og hálfu ári eftir slys M hafi borist V eftir meira en eitt ár frá því M hafi mátt vera atvik að baki kröfu sinnar ljós í skilningi 1. mgr. 124. gr. vsl. V vísar einnig til þeirrar meðferðar sem lýst er í læknisfræðilegum gögnum málsins þar sem M leitar til læknis vegna óþæginda rúmu ári eftir slysið, eða í ágúst 2017. M er þá vísað til sérfræðings í bæklunarlækningum og í september 2017 er hann til meðferðar hjá þeim lækni. V telur að M hafi mátt í síðasta lagi vera ljóst í september 2017 að afleiðingar slyss hans væru nokkrar og atvik að baki kröfu hans væru til komin. Einnig vísar V til þess að M hafi séð ástæðu til að tilkynna slysið til annars vátryggingafélags í júlí 2017 og staðfesti það að hann hafi vitað um þau atvik sem marka upphaf ársfrests 1. mgr. 124. gr. vsl.

Álit.
Ljóst er að M hlaut líkamstjón í slysi 22. júní 2016 og leitaði í ágúst 2017 til læknis vegna óþæginda sem hann hafði vegna þess. Í kjölfarið fór M til meðferðar hjá sérfræðingi í bæklunarlækningum í september sama ár. Rétt áður á árinu 2017, eða í júlí það ár, tilkynnti M um slysið til annars vátryggingafélags, þar sem hann var einnig með slysatryggingu. Með þeirri tilkynningu verður ekki annað séð en að M hafi verið kunnugt um atvik sem krafa hans er reist á, en öðruvísi hefði ekki verið tilefni til slíkrar tilkynningar, þó þar hafi átt í hlut annað vátryggingafélag en V. Verður ekki séð að V hafi verið gert kunnugt um slysið með öðrum hætti þar til tilkynning barst því félagi 6. febrúar 2019. Þá var liðið meira en ár frá því að M sá ástæðu til að tilkynna um slysið til annars vátryggingafélags. Verður ekki hægt að líta framhjá því við mat á hvenær atvik sem krafa er reist á hafi verið M kunnug. Ekki er því fyrir hendi bótaréttur úr sjúkra- og slysatryggingu hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr sjúkra- og slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 28. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 62/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur í hringtorgi á gatnamótum Vesturlandsvegar og Þingvallavegar þann 17.2.2020.

Gögn.
Málskot, móttekið 19.2.2020, ásamt fylgigögnum.
Tölvubréf V, dags. 4.3.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Báðum bifreiðum var ekið suður Vesturlandsveg í átt að hringtorginu. A var ekið á hægri akrein og inn í hringtorgið á hægri akrein, ytri hring. B ekið á vinstri akrein og áfram inn í hringtorgið á vinstri akrein, innri hring. Er B var ekið áleiðis út úr hringtorginu áleiðis áfram til suðurs eftir Vesturlandsvegi rákust saman hægra framhorn B og vinstri hlið A u.þ.b. fyrir miðju, en ökumaður þeirrar bifreiðar hugðist aka út úr hringtorginu austur Þingvallaveg.
Ökumaður A kvaðst hafa ekið á um 20 km hraða á klst. fram hjá akstursleiðinni út úr hringtorginu suður Vesturlandsveg þegar B hafi verið ekið í hlið A. Hann hafi vitað af B sem hafi verið fyrir aftan A áður en hann ók inn í hringtorgið. Hann kvaðst hafa gefið stefnumerki til vinstri aðeins áður en hann ók inn í hringtorgið
Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 10-20 km hraða á klst. Er hann hafi verið á leið út úr hringtorginu suður Vesturlandsveg hafi A verið ekið í veg fyrir hann. Hann hafi aðeins náð að hemla áður en áreksturinn varð.

Álit.
Samkvæmt 25. tölul. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sem tóku gildi 1. janúar 2020, er hringtorg skilgreint sem vegamót þar sem hringlaga svæði er í miðjunni með akbraut umhverfis. Þá segir í 2. málslið 6. mgr. 19. gr. laganna að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslið sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu.
Ekki er um það deilt að áreksturinn varð í hringtorgi. Ljóst er af aðstæðum í hringtorginu að áreksturinn varð á fyrstu gatnamótum út úr hringtorginu eftir að bifreiðunum var ekið inn í hringtorgið. Þar sem ökumaður B ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hann ók inn í hringtorgið bar honum að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið, sbr. fyrrgreint ákvæði 2. málsl. 6. mgr., 19. gr. Á þessu varð misbrestur. Þá bar ökumanni A að víkja fyrir umferð úr innri hring er hann ók fram hjá gatnamótunum, sbr. 3. málsl sömu málsgreinar, en á því varð misbrestur.
Með því að ökumaður B valdi ekki rétta akrein um hringtorgið miðað við fyrirhugaða akstursleið og ökumaður A virti ekki forgang B út úr hringtorginu teljast báðir ökumenn eiga sök á árekstrinum. Við þær aðstæður sem hér voru verður ekki séð að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, verður að skipta sök þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Niðurstaða.
Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 2. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 63/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Gildissvið ábyrgðartryggingar vegna flotunar á gólfi í nóvember 2019 og janúar 2020.

Gögn.
Málskot, móttekið 21. febrúar 2020 ásamt gögnum sem og viðbótarsvör M og úrskurður 108/2019. Bréf V1, dags. 24. mars 2020, ásamt staðfestingu vátryggingaskírteinis, skilmálum ábyrgðartryggingar atvinnureksturs nr. AA20 og úrskurði nr. 195/2015.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi leitað til X múrarameistara varðandi það verk að flota um 80 fermetra gólfflöt fyrir M. Í lýsingu M af atvikum kemur fram að flæddi flot inn í þvottahús þar sem stoppari við þann flöt sem átti að flota gaf sig. Einnig vísa M til þess að tækjabúnaður sem X hafi notað til að blanda flot hafi bilað eða verið vitlaust stilltur með þeim afleiðingum að yfirborð gólfs hjá þeim sé ójafnt og verkið illa unnið.

M telja að bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V þar sem X hafi gert mistök við flotun gólfflatar í húseign þeirra og þrátt fyrir tilraunir til að laga gólfið hafi það ekki tekist. M vísa til álits annars múrara sem telji að verkið samræmist ekki starfsvenjum múrara, ekki hafi verið notuð flotdæla og gólf hafi ekki verið grunnað fyrir flotunina.

V telur bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X ekki fyrir hendi og vísar til þess að atvik málsins falli ekki undir gildissvið ábyrgðartryggingar X. V vísar til undanþáguákvæðis í gr. 4.3.3. í vátryggingarskilmálum þar sem komi fram að vátryggingin bæti ekki tjón vegna skemmda á munum sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. V vísar til þess að X hafi ekki samið við félagið um að tryggja þessa áhættu sérstaklega, eins og hægt sé að gera, og vísar um það til vátryggingarskírteinis X vegna ábyrgðartryggingar sinnar. Einnig vísar V til greinar 4.2 í sömu vátryggingarskilmálum þar sem undanskilin eru tjón innan samninga, þ.e. vegna vanefnda á samningsskyldum.

Álit.
Í vátryggingarskírteini vegna ábyrgðartryggingar M er sérstök athygli vakin á því að vátryggingin tekur ekki til vörsluábyrgðar vátryggðs nema samið sé um það sérstaklega, sbr. gr. 4.3 í vátryggingarskilmálum. Í þessu máli er upplýst að X samdi ekki sérstaklega um slíka ábyrgð við V. Þetta þýðir að þó vátryggður geti borið skaðabótaábyrgð gagnvart þeim sem hann vinnur fyrir nær ábyrgðartrygging hans ekki til slíkra tjóna.

Hvað kröfur M varðar gilda því ákvæði 4. gr. vátryggingaskilmála og í undanþáguákvæði í grein 4.3., sbr. grein 4.3.3 í vátryggingarskilmálum, sem segir að vátryggingin bæti ekki tjón „...vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið."

Í þessu máli er ljóst að X var að vinna við að flota gólf hjá M og krafa M byggist á því að mistök hafi verið gerð við þá vinnu. Ekki verður annað séð en að ákvæði 4.3.3. taki til þess atviks sem hér um ræðir. Um er að ræða skýrt undanþáguákvæði í vátryggingarskilmálum og þegar af þeirri ástæðu telst tjón M falla utan gildissviðs ábyrgðartryggingar X hjá V.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 64/2020

M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna foktjóns.

Gögn.
Málskot móttekið 24.02.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 14.04..2020.

Málsatvik.
Af gögnum málsins má ráða að bifreið M hafi orðið fyrir tjóni er hún var kyrrstæð á bifreiðastæði við vinnustað hans. Tjónið hafi atvikast með þeim hætti að ruslagámur í eigu A, sem er með starfsemi í sama húsi, hafi fokið á bifreiðina í hvassviðri hinn 7. september 2019. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V, enda hefði gámurinn hvorki verið tryggilega skorðaður né hjólabúnaður hans læstur.

V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 1. nóvember 2019 á þeim forsendum að stafsmenn A sjái ekki um tæmingu gámsins heldur sorphirðufyrirtækið X og við tæmingu þess á gámnum hafi gleymst að setja hjólabúnað í bremsu. A eða starfsmenn þess hafi því ekki getað haft vitneskju um að hjólabúnaður gámsins væri ólæstur.

M fellir sig ekki við þau málalok og byggir í málskoti á því að læsing dekkja ein og sér geti ekki verið næg trygging fyrir því að gámurinn fjúki ekki í hvassviðri, enda hafi annað sams konar tjón orðið við sömu aðstæður á sama stað. Því sé það A en ekki X sem beri ábyrgð á umræddu tjóni. Sú afstaða samrýmist jafnframt skilmálum í samningi A og X.

Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V áður fram komna afstöðu sína. Ekki hafi verið sýnt fram á saknæma og ólögmæta háttsemi A eða þeirra sem það beri ábyrgð á, enda sjái annar aðili um tæmingu gámsins. A eða starfsmenn þess hafi því ekki getað vitað af því að hjólabúnaður hans væri ekki læstur.

Álit:
Bótaskylda úr frjálsri ábyrgðartryggingu A er háð því að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Þannig þarf tjón M að vera rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða aðila sem það ber ábyrgð á og er það M að sýna fram á það. V heldur því fram að læsing hjólabúnaðar sé á ábyrgð X og að tjónið megi rekja til þess að hjólabúnaður hafi verið ólæstur. M telur að læsing hjólabúnaðar ein og sér hefði ekki varnað tjóninu. Jafnvel þó fallist yrði á það liggja engin gögn fyrir nefndinni er sýni fram á staðsetningu gámsins, eða að frágangur hans af hálfu A hafi á einhvern hátt verið ófullnægjandi. Er því ekki sýnt fram á að saknæmar athafnir eða athafnaleysi A eða starfsmanna þess hafi leitt til umrædds tjóns. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna bótaskyldu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík 12. maí 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 65/2020

M og
V vegna ábyrgðarliðar fasteignatryggingar X

Möguleg skaðabótaábyrgð fasteignareiganda vegna tjóns á bifreið 20. febrúar 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 24. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum og ódagsettum viðbótarathugasemdum frá M. Bréf V, dags. 5. mars 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram af hálfu M að hann hafi lagt bifreið sinni í bifreiðastæði við hús X hinn 20. febrúar 2019 og snjór og klaki hafi fallið af þaki hússins niður á bifreiðina og valdið þannig skemmdum. Í tjónstilkynningu frá X dags. 6. mars 2019 kemur fram að bifreiðastæðin hafi verið notuð í áratugi, án vandræða og búið hafi verið að hreinsa snjó af þaki og klaka sem hafi myndast. Einnig kemur fram í skýrslu X að M hafi notað umrædd bifreiðastæði til nokkurra ára ásamt öðrum og X hafi eftir bestu getu sinnt því að hreinsa snjó og klaka af húsinu. Að lokum kemur fram í skýrslu X að tjónið hafi orðið af tilviljun.

M telur að bæta eigi tjónið úr ábyrgðartryggingu X og vísar til atviks sem hafi orðið á sama stað á árinu 2008 þar sem fimm bifreiðar hafi skemmst við svipaðar aðstæður og bifreið M og tjón á þeim bifreiðum hafi verið bætt úr ábyrgðartryggingu X. M telur að X hefði átt að girða bifreiðastæðin af vegna tjónshættu og brotið sé gegn jafnræðissjónarmiðum ef tjón hans fáist ekki bætt.

V hefur hafnað því að skaðabótaábyrgð X sé fyrir hendi sem fasteignareiganda þar sem ekki sé sýnt fram á að tjón á bifreið M megi rekja til vanrækslu forsvarsmanna X og óhjákvæmilega geti myndast aðstæður þar sem snjór safnist fyrir á húsþökum og detti niður án þess að fasteignareigandi geti komið í veg fyrir það. V telur sýnt að X hafi gert ráðstafanir stuttu fyrir umrætt tjón með því að láta hreinsa snjó. V vísar einnig til þess að ekki liggi fyrir nákvæm gögn um aðstæður á tjónsstað, myndir af vettvangi eða umfangi tjóns.

Álit.
Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber því M sönnunarbyrði fyrir því að tjón á bifreið hans sé hægt að rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Í málinu er ágreiningslaust að tjón varð á bifreið M þegar henni var lagt í bifreiðastæði við húseign X. Í málinu liggur hins vegar ekki fyrir samtímaskýrsla um aðstæður á bifreiðastæðinu, umfang tjóns, veðuraðstæður eða annað sem skipt getur máli við mat á því hvaða almennu ráðstafanir húseigandi átti að gera í ljósi þeirrar mögulegu hættu sem getur almennt stofnast af því að snjór safnist á húseigninni. Í skýrslu húseigandans sjálfs kemur fram að ráðstafanir hafi verið gerðar og tilviljun hafi ráðið því að snjór hafi fallið af þakinu við þessar aðstæður. Verður M að bera hallann af þeim skorti á sönnunargögnum um að X hafi átt að grípa til frekari ráðstafana í umrætt sinn. Það að mögulega hafi bifreiðaeigendum verið bætt tjón sitt meira en áratug áður vegna þeirra aðstæðna sem þá voru uppi gildir ekki sem sönnun fyrir þær aðstæður sem uppi voru þegar tjón varð á bifreið M. Verður því ekki fallist á bótaábyrgð úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar X hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 66/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartrygginga bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 3. janúar 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 19.01.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 09.03.2020.
Bréf V2, dags. 05.03.2020.

Málsatvik.
Hinn 3. janúar 2020 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B á Hallsvegi í Reykjavík. Meðal gagna fyrir nefndinni er skýrsla Aðstoðar & öryggis og kemur þar fram að A hafi hægt á bifreiðinni og beygt til vinstri í þeim tilgangi að taka u-beygju og hafi bifreið B þá verið ekið aftan á hana. Framburður M í áðurnefndri skýrslu er á þá leið að hún hafi hægt á bifreiðinni, gefið stefnuljós til vinstri og hugst taka u-beygju þegar hin bifreiðin hafi lent aftan á A. U-beygjuna hafi hún ákveðið að taka þar sem Víkurvegi hefði verið lokað til austurs vegna annars árekstrar. Framburður B í skýrslunni er á þann veg að hún hafi óvart ekið aftan á, hún hafi séð að M hafi ætlað að taka u-beygju og hemlað en bifreið hennar runnið áfram í hálku og aftan á A.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú M skyldi bera alla sök á umræddum árekstri þar sem hún hefði ekki framkvæmt u-beygju með réttum hætti. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og áréttar í málskoti að hún hafi ekið í samræmi við aðstæður, hægt vel á bifreiðinni og gefið stefnuljós til vinstri. B hafi þá verið í nokkurri fjarlægð og því á of miklum hraða miðað við aðstæður. Þá hafi A verið komin vel inn í vinstri beygju og nánast yfir miðlínu vegarins þegar B hafi lent aftan á henni. Hefði ökumaður B verið með hugann við aksturinn hefði verið hægur vandi fyrir hann að sveigja frá A og forða þannig árekstri.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, er tekið undir sjónarmið M og telur V í ljósi ákomu á bifreiðarnar, og framburðar B í tjónaskýrslu, að B hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður og að ökumaður hennar hafi ekki haft stjórn á henni í dágóðan spöl áður en til árekstrar kom. Eigi ökumaður B því að bera hluta sakar.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, kemur fram sú afstaða að M beri alla ábyrgð á umræddum árekstri. Er það rökstutt með vísan til nánar tilgreindra ákvæða umferðarlaga nr. 50/1987 og 30. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995. Þannig liggi ekki fyrir að M hafi gætt nægjanlega að umferð sem að eftir kom áður en hún ók til hliðar. Þá sýni ljósmyndir í skýrslu Aðstoðar & öryggis að A hafi, við árekstur, verið þvert á akstursstefnu og framendi hennar við miðlínu vegarins. Það bendi til þess að hún hafi ekki tekið vinstri beygju sem næst miðju akbrautar svo sem skylt sé. Þá hafi M hugst aka yfir bannsvæði, en slík svæði séu við allar umferðareyjur og megi ökumönnum því vera fullkunnugt um þau jafnvel þó snjór hylji vegmerkingar eins og á tjónsdegi. Ekkert bendi hins vegar til þess að ökumaður B hafi ekki hagað akstri sínum í samræmi við lög og aðstæður en sönnunarbyrði um slíkt hvíli á M.

Álit:
Rétt er að taka fram að samkvæmt skýrslu Aðstoðar & öryggis, svo og atvikalýsingu í málskoti, átti umræddur árekstur sér stað hinn 3. janúar 2020, en nokkurs misræmis gætir í öðrum gögnum um tjónsdag. Verður byggt á því að réttrar dagsetningar sé getið í áðurnefndri skýrslu og um úrlausn þessa máls fer því eftir nýjum umferðarlögum nr. 77/2019 sem tóku gildi hinn 1. janúar 2020.

Í 2. mgr. 20. gr. núgildandi umferðalaga er kveðið á um skyldu ökumanns til að ganga úr skugga um, áður en hann ekur til hliðar, nemur staðar eða dregur snögglega úr hraða bifreiðar, að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Þá er í 2. mgr. 19. gr. tekið fram að við vinstri beygju skuli aka sem næst miðlínu. Ljóst er því að M bar að sýna sérstaka aðgæslu við þessar aðstæður en svo virðist

sem hún hafi ekki nægilega hugað að umferð sem á eftir kom. Þykir því rétt að hún beri helming salar á umræddum árekstri.

Hins vegar verður ekki litið framhjá framburði ökumanns B, eins og hann kemur fyrir í skýrslu Aðstoðar & öryggis en hann fær þess utan stoð í öðrum málsgögnum, svo sem þegar litið er til ákomu á bifreiðarnar. Þannig verður miðað við að hún hafi orðið þess vör að M hafi ætlað sér að taka u-beygju en ekki hemlað í tæka tíð og misst stjórn á bifreiðinni. Bendir það til þess að hún hafi ekki gætt nægilega að aðstæðum. Þykir því jafnframt rétt að B beri helming sakar.

Niðurstaða.
Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 2. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 67/2020

M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um skaðabótaábyrgðu úr frjálsri ábyrgðartryggingu.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, dags. 25. febrúar 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 4. mars 2020, ásamt fylgiskjölum.
Bréf lögmanns M, dags. 9. mars 2020

Málsatvik.
Þann 14. apríl 2016 var M að vinna við nýbyggingu við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. M var ásamt öðrum að lyfta upp þungri rúðu með glerlyftu vegna ísetningar í gluggakarm innanhúss í flugstöðinni. Þegar búið var að lyfta rúðunni upp í u.þ.b. 1,5 m hæð, stóð M við rúðuna og var tilbúinn að þrífa hana fyrir ísetningu. Lyftan missir þá skyndilega grip á einni af fjórum blöðkum, sem leiddi til þess að rúðan féll til jarðar, beint ofan á rist M. M var starfsmaður B en glerlyftan var leigutæki frá A. V hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að slysið mætti ekki rekja til atriða sem vátryggingartaki bæri ábyrgð á.
M telur að slysið megi rekja til þess að glerlyftan hafi ekki uppfyllt þær öryggiskröfur sem gera hafi mátt til lyftunnar þar sem niðurstaða Vinnueftirlitsins hafi verið sú að tæknileg bilun á blöðku lyftunnar hafi valdið því að hún hafi misst sogþrýsting. Í málinu liggi fyrir að M hafði, ásamt öðrum, sett upp rúður með glerlyftunni án vandkvæði og því sé ljóst að vankunnáttu starfsmanna sé ekki um að kenna. Ekkert hafi komið fram í málinu sem bendi til þess að M hafi ekki farið eftir settum reglum og gætt fyllsta öryggis. Tækið hafi virst í góðu ásigkomulagi en hafi engu að síður misst sogkraft vegna bilunar. Það verði að telja eðlilegt að gera þær kröfur til leigutaka að tækið sé í svo góðu ástandi að hægt sé að treysta á það til lengri tíma. Þá bendir M einnig á að þrátt yfir að tækið hafi verið yfirfarið og tryggt að viðvörunarhljóð væru í lagi, hafi tækið ekki gefið frá sér nein viðvörunarhljóð í aðdraganda slyssins. Bendi það til þess að tækið hafi verið gallað og á því beri A ábyrgð.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt upplýsum frá A óskaði starfsamaður B eftir notkun á tækinu með tölvupósti að morgni þann 12.4.2016. Hafi starfsmaður A þá farið yfir virkni glerlyftunnar, enda alltaf gert áður en tæku eru leigð eða lánuð viðskiptavinum. Hafi staða á rafhlöðu þá verið könnuð, tækið verið sett í gang og sogþrýstingur á skálum prófaður á gleri, skálar verið skoðaðar og athugað hvort þvær væru í lagi og virkni viðvörunarhljóða könnuð. Ástandið hafi verið óaðfinnanlegt og ekkert athugavert komið í ljós. Allar fjórar sogblöðkur hafi þá verið í fullkomnu lagi og engin skemmd hafi verið á lyftunni. Þann sama dag hafi starfsmaður B sótt lyftuna og var honum boðin kennsla, sem hann afþakkaði þar sem hann var bara að sækja tækið. Slysið varð svo 14.4.2016. Í atvikaskýrslu Ístaks, dags. 15.4.2016, komi fram að tækið hafi verið notað í nokkra daga áður en slysið gerðist og hafi þá verið búið að setja a.m.k. tíu rúður í án vandkvæða.V fái því ekki séð að slysið megi rekja til atriða sem A berir ábyrgð á, enda hafi glerlyftan verið yfirfarin áður en hún var afhent B og hún hafi þá verið í óaðfinnanlegu ástandi. Eftir það tímamark hafi B borið að fylgjast með ástandi tækisins og jafnframt að hætta notkun ef það taldist ekki vera í nothæfu ástandi. Því sé ekki unnt að rekja slysið til atriða sem A ber skaðabótaábyrgð á að lögum.

Álit.
Í umsögn Vinnueftirlitsins kemur fram að orsök slyssins megi rekja til tæknilegrar bilunar á tæki/skemmd á blöðku, sem veldur því að glerlyftan missir sogþrýsting á blöðkum við rúðuna. Í umsögninni er mynd af einni blöðkunni þar sem sjá má að hún hefur orðið fyrir hnjaski, sem hafi mögulega haft áhrif á sogþrýsting. Tækið var prófað í kjölfar slyssins og var sogþrýstingur eðlilegur. Orsök slyssins liggur því í raun ekki fyrir með fullnægjandi hætti, þ.e. hvort bilun eða skemmd hafi valdið því. Fyrir liggur að tækið hafði verið notað til að lyfta a.m.k. 10 rúðum áður en slysið varð og verður því að ætla að A hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla að lyftan væri í góðu ástandi við

afhendingu til B. Ekkert liggur því fyrir um að saknæm háttsemi A hafi valdið slysinu. M ber sönnunarbyrði fyrir því að saknæm háttsemi A hafi orsakað slysið og slík sönnun hefur ekki tekist. Tjónið fellur því ekki undir ábyrgðartryggingu sem A var með hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu, sem A var með hjá V.

Reykjavík, 21. apríl 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 68/2020

M og
V ábyrgðartryggingar X

Fall viðskiptavinar í verslun 13. júlí 2018.

Gögn.
Málskot dags. 26. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-9.
Bréf V, dags. 10. mars 2020, ásamt fyrirspurnarbréfi V til X, dags. 11. mars 2019 og svörum X dags. 22. maí 2019.
Tölvupóstur lögmanns M, dag. 12. mars 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins, þ.á.m. myndbandsupptöku af atvikinu sjálfu, kemur fram að M var stödd í ljósadeild verslunar X þegar hún féll við og hlaut þar líkamstjón. Nánar tiltekið sést M á þeirri upptöku fyrst stíga upp á tómt vörubretti til að skoða vörur. M stígur síðan aftur á bak af því vörubretti og snýr sér við og fellur í sömu mund fram fyrir sig um annað tómt vörubretti sem var staðsett á móti því sem M stóð fyrst upp á. Í málinu liggja einnig fyrir skýringar X á aðstæðum þar sem kemur fram að starfmenn hafi þann hátt á að raða upp vörum að morgni og geti áfylling tekið einhvern tíma, sérstaklega þegar mikil sala hafi verið daginn áður. Í þetta skipti hafi bretti sem búið var að tæma staðið auð við gangveg án þess að viðvaranir hafi verið. Í skýrslu X kemur einnig fram að sambærileg óhöpp hafi ekki orðið áður og því hafi ekki verið lögð mikil áhersla á að fjarlægja tóm vörubretti samstundis. Eftir líkamstjón M hafi verkferlum hins vegar verið breytt og lögð sú skylda á starfsmenn að fjarlægja bretti strax. Einnig kemur fram í þeim svörum að það hafi verið „...mistök starfsmann að hafa ekki týnt saman brettin um leið og þau tæmdust...“, en einnig megi að mati X rekja atvikið til aðgæsluleysis M.

M telur að líkamstjón hennar megi rekja til vanrækslu af hálfu starfsmanna X þar sem ekki hafi verið fylgt almennum fyrirmælum í byggingarreglugerð nr. 112/2012, lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 eða reglum nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða þar sem ekki hafi verið gengið frá varningi og tómum vörubrettum sem staðið hafi í gangvegi verslunarinnar. Einnig vísar M til dómaframkvæmdar sem lýtur að ströngum kröfum til þeirra sem bjóða viðskiptavinum til sín til verslunar eða þjónustu að tryggja öryggi þeirra. M bendir á að þau vörubretti sem lágu á gólfi verslunar X hafi verið á gönguleið hennar á gólfinu en ekki í sjónlínu sem beinist að vörum í hillum verslunarinnar. Þannig hafi vörubrettin verið lítið sjáanleg viðskiptavinum og í raun ómögulegt fyrir M að taka eftir þeim. Einnig bendir M á að X hafi viðurkennt í svörum sínum til V við spurningum um tjónsatvikið að um mistök starfsmanna hafi verið að ræða og verkferlum hafi verið breytt eftir atvikið.

V mótmælir því að fyrirmælum í tilvitnuðum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum hafi ekki verið fylgt. V bendir á að það sjáist greinilega á upptökum að vörubretti hafi legið við þær hillur sem M hafi átt leið hjá og hafi M átt að vera meðvituð um aðstæður. Vörubretti hafi verið áberandi og með eðlilegri varkárni hafi verið hægt að komast hjá því að detta um þau, auk þess sem eðlilegt sé að verið sé að fylla á hillur í verslunum eins og verslun X. Einnig bendir V á að slys sem þetta hafi aldrei orðið áður í verslun X. V telur því að ekki sé hægt að rekja líkamstjón M til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð heldur aðgæsluleysis M sjálfrar og að það verði ekki lögð það rík skylda á X að gólf verslunarinnar séu alltaf vera laus við vörur eða vörubretti.

Álit.
Í málinu liggur fyrir greinargóð lýsing af aðstæðum í aðdraganda þess að M féll um vörubretti sem lá á gólfi í verslun X þar sem atvikið var tekið upp á myndband sem lagt hefur verið fyrir nefndina. Þar kemur skýrlega fram að kassar og tóm vörubretti voru staðsett milli rekka í verslun X þegar M kom þar að. Ljóst er að M steig sérstaklega upp á slíkt tómt vörubretti til að skoða vöru rétt áður en hún féll. Í skýringum X til dags. 22. maí 2019 kemur fram að verkferlum við áfyllingar í hillur verslunarinnar hafi verið breytt eftir tjónsatvikið þannig að starfsmönnum sé skylt að fjarlægja strax

tóm vörubretti af gangleiðum og það hafi verið mistök af hálfu starfsmanns í greint sinn að hafa skilið vörubretti eftir með þeim hætti sem gert var. Verður ekki litið framhjá þeim skýringum X og viðurkenningu á því að auðvelt hafi verið að koma í veg fyrir tjón sem þessi með skýrari verkferlum. Verður í því sambandi einnig litið til þess að í verslun X komi fjöldi fólks á hverjum degi og gert sé ráð fyrir því að viðskiptavinir hafi gott aðgengi að vörum verslunarinnar og þó nokkurri sjálfsafgreiðslu. Verður því að gera ríkar kröfur til þess að öryggi viðskiptavina sé tryggt og meta verður það til gáleysis starfsmanna X að hafa ekki gætt þess að hafa a.m.k. gengið þannig frá tómum vörubrettum að þau lægju ekki lengi á gólfi verslunarinnar án viðvarana eftir opnunartíma. Viðurkenningu X verður að meta til sakar og telst skaðabótaábyrgð því fyrir hendi.

Hins vegar verður að líta til þess hvort háttsemi M sjálfrar eigi að leiða til þess að hún beri sjálf meðábyrgð vegna líkamstjónsins. Eins og áður segir eru skýr gögn um aðdraganda tjónsatviksins á myndbandsupptöku þar sem M sést, rétt fyrir tjónsatburðinn, stíga upp á sambærilegt vörubretti og hún féll stuttu seinna um, til að skoða ljós. Af myndbandsupptökunni verður líka ráðið að augljóst var að verið var að fylla á hillur verslunarinnar og bar M að gæta að sér. Með því að taka skref aftur á bak og snúa sér síðan snöggt við án þess að líta nægilega vel fram fyrir sig telst M hafa sýnt mikið gáleysi. Verður því meðábyrgð hennar metin þannig að hún beri sjálf ábyrgð á 2/3 hluta heildartjóns síns og ber því að bæta 1/3 hluta þess úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V sem nemur 1/3 hluta heildartjóns síns.

Reykjavík, 2. apríl 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 69/2020

M og
V vegna hundatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna veikinda tíkur.

Gögn.
Málskot móttekið 26.02.2020 auk fylgigagna.
Athugasemdir V dags. 19.03.2020 auk fylgigagna.

Málsatvik.
Í málskoti kvartar M undan því að V hafi ekki fallist að fullu á bótakröfu hennar vegna veikinda tíkurinnar X, en M hefur keypt vátryggingu vegna X hjá V. Í málskoti tekur M fram að tjón hafi orðið vegna lækniskostnaðar X haustið 2019 og að þann kostnað sé ekki að rekja til sama sjúkdóms og hafi hrjáð X og bætur verið greiddar vegna í maí 2019. Þá sé um tvö vátryggingartímabil að ræða þar eð tryggingin hafi endurnýjast hinn 1. júlí 2019. V hafi hins vegar aðeins greitt M eftirstöðvar hámarksbóta eins og um sama tjón hafi verið að ræða.

Í tjónstilkynningu sem er meðal gagna málsins og er fyllt út af dýralækni hinn 20. desember 2019 kemur fram að skoðun á X hafi leitt í ljós „Eyrnabólga hægra eyra; graftarkennd útferð úr vinstra eyra, mikill hiti“. Í vottorði dýralæknis, dags. 3. janúar 2020 kemur jafnframt fram að X hafi gengist undir aðgerð á vinstra eyra í apríl 2019 og hafi eyrnagangur þá verið fjarlægður. Í desember 2019 hafi X svo farið í aðra aðgerð á sama eyra, þar sem sýking hafi verið hreinsuð út og dren sett í. Um hafi verið að ræða sýkingu af óþekktum uppruna en ekki króníska eyrnabólgu, enda sé krónísk eyrnabólga ekki möguleg nema eyrnagangur sé til staðar.

Í bréfi V til nefndarinnar lýsir félagið þeirri afstöðu sinni að þegar hafi verið greiddar hámarksbætur vegna þess sjúkdóms sem um ræði. Um eitt tjón sé að ræða og því komi ekki til skoðunar hvort kostnaður vegna þess hafi fallið til á tveimur vátryggingartímabilum. Þessa afstöðu rökstyður V frekar með því að ekki megi greina af vottorði dýralæknis að um tvö aðskilin tjón sé að ræða. X hafi áður verið með sams konar einkenni og hafi farið í aðgerð í apríl 2019. Leiði báðar aðgerðirnar, þ.e. í apríl og desember 2019, af sömu einkennum, þ.e. bólgu og sýkingu í eyrum X, og sé því um eitt tjón að ræða og bætur vegna þess hafi verið að fullu greiddar. Er kröfu M því hafnað.

Álit:
Um hina umþrættu vátryggingu gilda skilmálar V, ED14. Þar segir í gr. 2.1 að vátryggingarfjárhæð, sem sé hámarksbætur í hverju tjóni og jafnframt hámarksbætur á hverju vátryggingartímabili sé tilgreind í vátryggingarskírteini. Í tilviki M er þessi upphæð kr. 278.000. V hefur að fullu greitt þá fjárhæð vegna dýralæknismeðferðar X í apríl og desember 2019 en telur sér ekki skylt að greiða frekari bætur þar eð um sama tjón, eða sama sjúkdóm, hafi verið að ræða í báðum tilvikum.

Í vottorði dýralæknis dags. 3. janúar 2020 kemur fram að í síðara tilvikinu hafi verið um að ræða mikla sýkingu af óvissum uppruna í vinstra eyra X. Áður hafi eyrnagangur verið fjarlægður og því sé ekki um króníska eyrnabólgu að ræða. Af þessu má ráða að þó í báðum tilvikum hafi verið um að ræða sjúkdóm í vinstra eyra sé ekki um sama sjúkdóm að ræða og ber því að líta svo á sem um tvö aðskilin tjónstilvik sé að ræða. Á M því rétt á bótum á grundvelli þess.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr hundatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 28. apríl 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 70/2019

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur bifreiða á bifreiðastæði N1 við Víkurskála, þann 27.12.2019.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 26. febrúar 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 6. mars 2020, ásamt fylgiskjölum
Tölvupóstur V2, dags. 3. apríl 2020.
Tölvupóstur M, dags. 3. apríl 2020

Málsatvik.
Árekstur varð á bifreiðaplani N1 við Víkurskála þann 27.12.2019. Ökumaður A kvaðst hafa ekið aftur á bak út úr stöðureit sínum og verið kyrrstæður þegar B var ekið aftur á bak með þeim afleiðingum að kerra sem var aftan í B rakst utan í A. Ökumaður B kveðst hafa ekið aftur á bak frá bensíndælu og ekki séð A sökum myrkurs.
Samkvæmt tjónstilkynningu, sem undirrituð er af báðum ökumönnum, merkir ökumaður A við tvo reiti, þ.e. nr. 4; ók út frá bílastæði, lóð, einkavegi e.þ.h., og 14; ók aftur á bak. Ökumaður B merkti einnig við tvo reiti, þ.e. nr. 2; ók úr kyrrstöðu frá gangstétt/vegarkanti/opnaði dyr og 14; ók aftur á bak.
M telur að alla sök eigi að leggja á ökumann B þar sem ökumaður A hafi gætt vel að sér og bakkað eðlilega út úr bílastæði fyrir framan söluskálann. Ökutæki A hafi ekki komist áfram leiðar sinnar eftir akrein meðfram B, þar sem farþegar voru að koma út úr B, sem var rúta með eftirvagn, en B stóð við bensíndælu. Þess vegna hafi A verið stopp er áreksturinn varð. B byrji svo að bakka frá dælunni og hafi ökumaður A þá gefið hljóðmerki til að reyna að láta ökumann B vita, en það hafi ekki gengið og B bakkað á A. Ökumaður B hafi viðurkennt að hafa ekki tekið eftir A sökum veðurs og birtuskilyrða. Ökumaður B hafi svo fyllt út tjónsskýrslu fyrir báða aðila, sem ökumaður A hafi svo undirritað. Síðar, þegar ökumaður A hafi sagt M frá atburðum hafi M bent á misræmi í skýrslunni þar sem stendur að báðir hafi verið að bakka. Ökumaður A hafi sagst ekkert kunna á svona skýrslur og ökumaður B hafi fyllt hana út fyrir hann, eftir bestu vitund. M hafi þá haft samband við ökumann B og sagt að honum væri illa við að skila skýrslunni inn svona, þar sem það líti út fyrir að báðir hafi verið að bakka, en svo hafi ekki verið. Ökumaður B hafi þá sagt að þetta væri ekkert mál og M eigi bara að fylla út bakhliðina, skv. frásögn ökumanns A. M segir að V2 hafi upphaflega viðurkennt bótaskyldu en hafi breytt afstöðu sinni síðar og hafnað bótaskyldu þar sem ökumaður B hafi ekki getað sagt til um stöðu A þegar áreksturinn varð.
Í bréfi V1 kemur fram að ökumaður A hafi frá upphafi haldið því fram að hafa verið kyrrstæður þegar áreksturinn varð. Því hafi krossi verið bætt í reit 1 á tjónstilkynningunni; var lagt/kyrrstæður. Nánari lýsingu sé svo að finna á bakhlið tilkynningarinnar þar sem fram kemur að hann hafi ekið aftur á bak út stöðureit og stöðvað svo til að aka áfram og þá hafi B verið ekið á A. Ökumaður B hafi einnig skilað inn nánari lýsingu þar sem fram kemur að hann hafi verið að aka aftur á bak frá bensíndælu. Hann hafi gengið úr skugga um að það væri óhætt að aka aftur á bak áður en hann ók af stað. Hann hafi aldrei tekið eftir A fyrir aftan sig, enda hafi verið dimmt, bifreið A dökk að lit og svæðið illa upplýst. V1 telur að ökumaður B hafi gerst brotlegur við 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 en þar segir: „Ökumaður skal, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra“ Samkvæmt lýsingu ökumanns B sé ljóst að hann hafi ekki tekið eftir A fyrir aftan sig og árekstur þar með orðið. Því sé rétt að fella alla sök á ökumann B.

Í tölvupósti V2 kemur fram að líta beri til gagna málsins og fyrst og fremst til tjónstilkynningar, sem gerð var á vettvangi og er undirrituð af báðum ökumönnum. Þar merki ökumaður A við tvo reiti, þ.e. nr. 4. og 14 og því sé ljóst að báðar bifreiðar hafi verið að bakka í aðdraganda árekstursins og því beri að skipta sök milli ökumanna. Skipti þá ekki máli þó sannað þyki að A hafi stöðvað augnabliki áður en árekstur varð.

Álit.
Í tjónstilkynningu sem undirrituð er af báðum aðilum má ráða að báðar bifreiðar hafi verið að bakka í aðdraganda árekstursins. Ekki hefur tekist sönnun á því að ökumaður A hafi verið kyrrstæður nægilega lengi áður en árekstur varð og því ber að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 5. maí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 71/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss sem M varð fyrir hinn 06.11.2015.

Gögn.
Málskot dags. 21.02.2020 ásamt fylgiskjölum 1-9.
Bréf V dags. 12.03.2020.
Viðbótarathugasemdir M dags. 27.03.2020.
Myndband af umræddu atviki sem kallað var eftir hjá V.

Málsatvik.
Að morgni hins 6. nóvember 2015 slasaðist M, þegar hann var við störf hjá A. Lögregla var kölluð til auk þess sem Vinnueftirliti ríkisins var tilkynnt samdægurs um atvikið. Liggja skýrslur þeirra fyrir nefndinni.

Í þeim gögnum, svo og upplýsingum í málskoti, kemur fram að atvik hafi verið með þeim hætti að starfsmenn A og starfsmenn veitufyrirtækis hafi unnið að viðgerð á hitaveitulögn og hafi við þá vinnu þurft að opna brunn fyrir utan verkstæði A. Brunnlokið hafi hins vegar verið gamalt og ekki hægt að loka brunninum aftur. Hafi því verið gripið til þess ráðs að setja trétromlu eða kefli ofan á brunninn. M hafi síðar ekið vinnuvél á umræddu svæði og bakkað á tromluna. Hafi það valdið því að hún færðist til og hafi M hafist handa við að færa hana til baka. Hann hafi að eigin sögn ekki vitað að lokið vantaði á brunninn og hafi vinstri fótleggur hans lent í brunninum með þeim afleiðingum að hann brenndist upp í klof og lenti illa á vinstri rasskinn.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna umrædds slyss enda telur hann A bera skaðabótaábyrgð vegna þess. Rökstyður M kröfu sína m.a. með því að í umsögn Vinnueftirlitsins komi fram að rekja megi orsök slyssins til þess að dimmt hafi verið úti, og lýsing léleg á slysstað. Þá hafi gufa frá svæðinu við brunnlokið byrgt sýn enn frekar. Þá hafi M ekki verið upplýstur um stöðu mála á planinu. M telur því að slys hans verði rakið til ófullnægjandi starfsaðstæðna með tilliti til öryggis. Full þörf hefði verið á að upplýsa M um framkvæmdir á umræddu bílaplani enda hefði hann þurft, starfs síns vegna, að ferðast um það svæði. Þá hafi gufa ekki eingöngu stafað frá brunnlokinu, heldur hafi heitt vatn legið út frá brunnlokinu og gufa stigið frá því. Auk þess hafi verið dimmt og nýlega rignt. Því hafi gufan ekki bent sérstaklega til þess að ekkert lok væri á brunninum. M hefði enda ekki vitað af því þegar hann hugðist flytja tromluna á sinn stað. Hefði A, eða aðilar sem það ber ábyrgð á, sinnt athafnaskyldum sínum og gætt fyllsta öryggis á vinnustað hefði mátt koma í veg fyrir slys M. Máli sínu til stuðnings vísar M til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum svo og reglugerða settra með stoð í þeim. V hafnaði kröfu M með bréfi dags. 26. febrúar 2019.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu að A hafi fullnægt lagaáskilnaði um aðbúnað á vinnustað með því að setja stóra tromlu yfir opið til að tryggja að brunnurinn stæði ekki opinn. Jafnframt hafi viðvörunarkeila verið sett ofan á tromluna. M hafi ekki starfað á umræddu plani að jafnaði heldur hafi hann verið þar að sækja þjónustu vélaverkstæðis. Hafi því ekki verið ástæða til að upplýsa hann sérstaklega um aðstæður. Þá hafi M verið fyllilega meðvitaður um staðsetningu tromlunnar enda sjáist á myndskeiði að hann hafi reynt að sveigja hjá henni í aðdraganda atviksins. Hefði hann mátt vita að tromla með viðvörunarkeilu væri ekki að ástæðulausu á planinu. Það að gufa reis frá svæðinu við brunnlokið hefði jafnframt gefið til kynna að aðstæður væru óvenjulegar og hefði M því sýnt af sér gáleysi þegar hann sneri baki að opnum brunninum og reyndi að koma tromlunni á sinn stað með handafli. Þá verði ekki séð hverjar ástæður, aðrar en vitneskja M um opinn brunninn, hafi verið fyrir því að flytja tromluna með þessum hætti. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum til nefndarinnar áréttar M að eftir slysið hafi A sett þrjár tunnur í kringum tromluna. Sú ráðstöfun hafi verið betur í samræmi við áskilnað um öryggi og hefði borið að grípa til hennar í upphafi. Jafnframt tekur M fram að hann hafi ekki vitað af brunnopinu, og komi fram í

skýrslu Vinnueftirlitsins að „kvaðst hinn slasaði ekki hafa áttað sig á því að þarna væri opinn brunnur“.

Álit:
Ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna af hálfu A eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu fyrirtækisins en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið.

Ljóst er að atvik í aðdraganda slyssins voru þau að bilun varð í heitavatnslögn og í tengslum við viðgerð þurfti að opna brunn á plani við verkstæði A. Þar sem ekki var hægt að loka brunninum aftur var gripið til þess að setja stórt trékefli ofan á brunninn og setja viðvörunarkeilu ofan á það. Ekki hefur verið sýnt fram á að þessar aðgerðir hafi falið í sér saknæmt athafnaleysi af hálfu A, eða brot á þeim lagaskyldum sem lagðar eru á fyrirtækið um að tryggja öryggi á vinnustað. Þá verður það ekki ráðið af skýrslu Vinnueftirlitsins.

Þá verður jafnframt að telja að umrætt slys megi fyrst og fremst rekja til eigin ógætni M, sem í kjölfar þess að bakka á keflið með þeim afleiðingum að það færðist úr stað, ákvað að færa það til baka með handafli og snúa við þá athöfn baki í opinn brunninn. Þá segir í lýsingu á tildrögum slyssins í tjónstilkynningu til V: „Keflið fór ofan af brunninum og var hinn slasaði að draga keflið yfir brunninn aftur en vissi ekki að það vantaði lok á brunninn“. Verður því við það miðað að M hafi gert sér grein fyrir að keflið var ofan á brunninum, og verður að telja ólíklegt að hann hafi ekki, með hliðsjón af staðsetningu keflisins og varúðarkeilunni ofan á því, mátt gera sér ljóst að aðstæður væru sérstakar og tilefni til fyllstu varúðar. Af myndbandi sem nefndin hefur skoðað af umræddu atviki má jafnframt ráða að augljóst hafi verið að aðstæður við brunnopið voru óeðlilegar og gufa frá brunninum er vel greinanleg. Þrátt fyrir það kaus M að draga keflið á eftir sér með framangreindum hætti og áðurnefndum afleiðingum. Verður því að telja að líkamstjón M megi samkvæmt framansögðu rekja til óhappatilviks og eigin gáleysis. Er bótaskyldu því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 72/2020

V1 vegna ábyrgðartrygginga bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 6. október 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 27.02.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 10.03.2020.
Bréf V2, dags. 16.03.2020.

Málsatvik.
Hinn 6. október 2019 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B á Höfðabakkabrú í Reykjavík. Var lögregla kölluð til og lögregluskýrsla um umræddan árekstur er meðal málsgagna. Þar kemur fram að samkvæmt framburði B hafi hún ekið bifreið sinni á um 60 kílómetra hraða á klukkustund gegnt grænu umferðarljósi suður Höfðabakka yfir gatnamótin á brúnni yfir Vesturlandsveg. A hefði verið ekið Vesturlandsveg í austur og inn á gatnamótin með akstursstefnu inn á Höfðabakka í norður. Bifreiðarnar hefðu skollið saman á gatnamótunum og taldi B að A hefði verið ekið gegnt rauðu umferðarljósi. Samkvæmt lögregluskýrslu var framburður M á þann veg að hún hefði ekið á 50-60 kílómetra hraða á klukkustund upp á Höfðabakkabrú með akstursstefnu í norður. Þá myndi hún ekki hver staða ljósanna hefði verið þegar hún ók upp á brúna.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú M skyldi bera alla sök á umræddum árekstri þar sem sannað þótti að hún hefði ekið gegnt rauðu umferðarljósi. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur fram í málskoti að framburður hennar um að hún hafi ekki getað „kallað fram skýra mynd af stöðu ljósanna“ hafi verið túlkaður henni í óhag þrátt fyrir að ekkert í þeim framburði gefi til kynna að hún hafi ekið gegnt rauðu umferðarljósi og sé lögregluskýrsla ófullnægjandi hvað þetta varði. Þannig sé einhliða framburður B lagður til grundvallar niðurstöðu, en engin vitni að atvikinu hafi gefið sig fram. M sé hins vegar viss um að grænt umferðarljós hafi logað á akstursstefnu hennar.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, er tekið fram að félagið sé, með hliðsjón af gögnum málsins, sammála niðurstöðu tjónanefndar og muni því ekki skila frekari athugasemdum.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, kemur fram sú afstaða að M beri alla ábyrgð á umræddum árekstri enda verði að telja sannað að hún hafi ekið gegnt rauðu umferðarljósi umrætt sinn. Byggi sú afstaða á skýrum framburði B og því að M sé ekki í aðstöðu til að mótmæla honum þar eð hún viti ekki hver staða umferðarljósa hafi verið er hún ók inn á gatnamótin. Fullyrðing M í málskoti um að hún hafi ekið gegnt grænu ljósi sé enda í ósamræmi við fyrri fullyrðingar um að hún muni ekki hver staða umferðarljósanna hafi verið og verði því ekki byggt á henni.

Álit:
Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi ekki munað hver staða umferðarljósanna var þegar hún ók upp á Höfðabakkabrú og verður ekki séð að það breyti inntaki þess framburðar þó miðað sé við að hún hafi ekki getað „kallað fram skýra mynd af því“. Verður að miða við framburð M í frumgögnum málsins, þ.e. lögregluskýrslu og verður því ekki byggt á fullyrðingu hennar í málskoti þess efnis að hún sé þess fullviss að grænt ljós hafi logað á akstursstefnu hennar. Framburður B í lögregluskýrslu, um að B hafi verið ekið gegnt grænu ljósi er hins vegar afdráttarlaus og er ekkert komið fram er hnekki honum. Verður því að byggja á því að M hafi umrætt sinn ekið gegnt rauðu umferðarljósi í veg fyrir aðra umferð og ber hún því alla sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.
M, ökumaður A, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 2. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 73/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns.

Gögn.
Málskot dags. 28.02.2020 ásamt fylgiskjölum 1-16.
Bréf V dags. 16.03.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 22.03.2020 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Fyrir nefndinni liggur tjónstilkynning um árekstur hinn 30. nóvember 2018 milli A og B, sem M ók umrætt sinn. Er atvikum lýst svo að bifreið A hafi verið bakkað á B, þar sem hún var kyrrstæð á bifreiðastæði. Ökumaður A telur að gólfmotta í bifreiðinni hafi á einhvern hátt fest bensíngjöfina með fyrrgreindum afleiðingum og að akstursshraði A hafi verið á bilinu 30 til 40 kílómetrar á klukkustund í aðdraganda árekstrar.

M leitaði samdægurs á heilsugæslu og lýsti höfuðverk, verk í hnakka og mjóbaki í kjölfar þessa atviks. Við komu á heilsugæslu hinn 17. janúar 2019 lýsti M enn svipuðum einkennum og var greindur með tognun á lendarhrygg. Hinn 1. nóvember 2019 var tilkynning um tjón M send V, sem með tölvupósti dags. 13. nóvember 2019 samþykkti bótaskyldu með fyrirvara um orsakatengsl vegna fyrra heilsufars. Í kjölfarið gekkst M undir sérfræðimat og var niðurstaða þess sú að um varanlegar líkamlegar afleiðingar vegna umrædds atviks væri að ræða. Hinn 20. desember 2019 krafði M því V um bætur vegna áðurnefnds árekstrar. V hafnaði hins vegar bótakröfunni hinn 6. febrúar 2020, á grundvelli sterks rökstudds grunar um að um vátryggingasvik væri að ræða, og hefði félagið óskað eftir lögreglurannsókn.

M fellir sig ekki við þá afstöðu og krefst þess fyrir nefndinni að úrskurðað verði um bótaskyldu V. M neitar að umrætt atvik hafi gerst með vilja hans og byggir á því að hann hafi slasast í árekstri tveggja bifreiða, og eigi þar af leiðandi lögbundinn rétt til bóta, enda liggi fyrir sérfræðimat um varanlegt líkamstjón hans og því mati hafi ekki verið hnekkt.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V grunsemdum sínum um að tjónsatvik hafi annað hvort ekki átt sér stað eða það verið sviðsett í þeim tilgangi að svíkja út bætur. Sé málið nú til rannsóknar lögreglu. Telur V að ófært sé að úrskurða um málið meðan sú rannsókn fari fram. Þá sé jafnframt tilgangslaust að nefndin úrskurði um málið enda muni V hafna því að verða við niðurstöðu M í vil. Krefst V þar af leiðandi frávísunar, en til vara þess að nefndin fresti afgreiðslu þar til lögreglurannsókn lýkur.

Í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar áréttar M kröfur sínar og vísar til ýmissa laga og reglugerða máli sínu til stuðnings. Viðbótarathugasemdum M fylgja jafnframt skýrslur M og ökumanns A fyrir lögreglu vegna meintra bótasvika. Þá hafi lögreglan veitt þær upplýsingar að ekki yrði aðhafst frekar. Jafnframt gagnrýnir M V fyrir slælega upplýsingagjöf, þannig sé t.a.m. ekki upplýst hvar málið sé statt hjá lögreglu né rökstyðji félagið frekar á hverju grunur þess grundvallist. Gerir M kröfu um að úrskurðað verði sem fyrst í málinu.

Álit:
V krefst þess að máli þessu verði vísað frá nefndinni, eða afgreiðslu þess frestað um ótilgreindan tíma meðan á lögreglurannsókn stendur. Ekki verður séð að í samþykktum nefndarinnar, sbr. auglýsingu um samþykktirnar nr. 1090/2005, sé að finna heimild fyrir frestun máls á slíkum grundvelli. Þá verður ekki séð að önnur skilyrði 4. gr. samþykktanna eigi við. Verður málið því tekið til efnislegrar afgreiðslu.

Af bréfi V til nefndarinnar má ráða að M og ökumaður A, séu, af hálfu V, grunaðir um fjársvik í tengslum við umræddan árekstur og að málinu hafi verið vísað til rannsóknar lögreglu. Í bréfinu er ekki að finna nánari rökstuðning á því á hverju sá grunur byggist, þó mögulega megi ráða í það af því

sem fram kemur í fyrirliggjandi lögregluskýrslum. Það verður hins vegar ekki gert hér enda fellur það utan valdsviðs nefndarinnar að úrskurða um hvort refsiverð háttsemi hafi átt sér stað.

Fyrir nefndinni liggur tjónstilkynning um umrætt atvik og má af henni ráða að ökumaður A eigi alla sök á umræddum árekstri. Þá liggja fyrir nefndinni margvísleg gögn um heilsufar M í kjölfar umrædds atviks, þ.á.m. vottorð heimilislæknis, vottorð bæklunarlæknis og skýrsla sjúkraþjálfara auk áðurnefndrar matsgerðar. Þessum gögnum hefur ekki verið hnekkt og má af þeim ráða að M hafi hlotið varanlegar líkamlegar afleiðingar af umræddum árekstri. Er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns M því fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna líkamstjóns er hann varð fyrir hinn 30. nóvember 2018,

Reykjavík 21. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 74/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A

Meðábyrgð tjónþola vegna slyss á skemmtistað.

Gögn.
Málskot, dags. 28. febrúar 2020, ásamt fylgiskjölum nr. 1-14.
Bréf V, dags 13. mars 2020, ásamt fylgiskjölum nr. 1-5.
Bréf M, dags. 19. mars. 2020.

Málsatvik.
Í lögregluskýrslu, dags. 4.1.2018, kemur fram að M hafi komið á lögreglustöðina í Grindavík og tilkynnt að hann hafi orðið fyrir slysi laugardaginn 9.12.2017 um kl. 01:00 á veitingastaðnum P, sem er veitingastaður í eigu A. Haft er eftir M að hann hafi verið staddur á veitingastaðnum ásamt eiginkonu sinni K og vinafólki sínu, hjónunum P og S. Kvaðst M hafa farið í þrígang út á pall á veitingastaðnum til að reykja, en þegar hann fór út í fjórða sinn hafi hann orðið fyrir því að stíga á svell með þeim afleiðingum að hann hrasaði með þeim afleiðingum að vinstri fótur hans brotnaði. Kveður M svellið hafa verið til komið vegna þess að starfsfólk veitingastaðarins hafði, skömmu áður en hann fór út í fjórða skiptið, hellt vatni yfir pallinn í þeim tilgangi að þrífa ælu eftir gest staðarins. Þar sem frost hafi verið á þessum tíma hafi vatnið frosið og svell myndast á pallinum.

Í vitnaskýrslu lögreglu, dags. 8.3.2018 Kveðst P ekki hafa orðið vitni að slysinu. Hann og kona sín, S, hafi verið inni á meðan M fór út að reykja og datt. P sagðist hins vegar hafa séð þegar starfsmenn hafi helt heitu vatni yfir ælu sem var utandyra á reykingasvæðinu og hugsað hversu heimskulegt það væri í frosti.

Í vitnaskýrslu lögreglu, dags. 10.3.2018, er haft eftir G, framkvæmdastjóra veitingastaðarins að engar upptökur væru til af atvikinu þar sem þær eyðist sjálfkrafa innan 14 daga. Kvaðst hann þó hafa skoðað upptökur frá umræddu kvöldi og að á þeim hafi aðeins hafi sést hvar M lá í jörðinni en ekki hvernig hann hafi fallið. Enn fremur sagði G frá því að skilti væri á hurðinni að pallinum þar sem fram kemur að gæta þurfi varúðar vegna mögulegrar hálku. Aðspurður kvaðst G ekki geta staðfest hvort starfsmenn hans hefðu hellt heitu vatni á pallinn og kvaðst hann ekki vita til þess.

Með bréfi V til nefndarinnar fylgir framburður tveggja starfsmanna skemmtistaðarins. Um er að ræða tölvupóst með spurningum og svörum sem starfsmaður V virðist hafa ritað niður skv. samtali við starfsmennina. Staðfestir annar starfsmaðurinn framburð sinn með tölvupósti til V en engin staðfesting er frá hinum starfsmanninum. Í hinum staðfesta framburði er haft eftir starfsmanninum að mikil hálka hafi verið á svæðinu en hún geti ekki svarað því hvort starfsmenn hafi hellt vatni á pallinn umrætt kvöld. Aðspurð gat hún ekki svarað til um hvort pallurinn hefði verið hálkuvarinn með salti fyrr um kvöldið en fullyrti þó að sett hefðu verið upp gul skilti til að vara við hálku. Þá kvað hún M hafa verið í annarlegu ástandi og varla getað staðið í fæturna.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V á þeim grundvelli að A beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem hann varð fyrir í umrætt sinn. Viðurkenndi V bótarétt M úr tryggingunni að hluta en skerti bætur að 1/3 hluta á þeirri forsendu að tjónið yrði að hluta til rakið til ölvunar M. Í rökstuðningi sínum hvað þetta varðar vísar V til fyrirspurna félagsins til tveggja starfsmanna veitingastaðarins, þar sem fram kemur að M hafi verið búinn að sitja í dágóða stund við drykkju og verið orðinn verulega ölvaður þegar slysið varð. Vísar V sérstaklega til þess að í framburði annars starfsmannsins hafi komið fram að M hafi ekki getað gengið almennilega sökum ölvunar. Þá vísar V til þess að M hafi ekki verið látinn rita undir samþykkiseyðublað á bráðamóttökuskrá þar sem það hafi ekki þótt við hæfi vegna ölvunar.

Álit:
Enginn ágreiningur er milli aðila um að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Ágreiningur málsins snýr því einungis að því hvort M skuli bera hluta tjónsins sjálfur vegna meðábyrgðar. Framburður M og vitna ber saman um að vatni hafi verið hellt á pallinn skömmu fyrir tjónið og er ljóst að það skapaði mikla hættu m.v. veðuraðstæður. Enn fremur liggur fyrir að A lét undir höfuð leggjast að varðveita myndband sem e.t.v. gat varpað ljósi á aðdraganda tjónsins og aðstæðna. Með hliðsjón af framangreindu og gögnum málsins telst því nægilega sannað að mikil hálka á svæðinu verði rakin til þess að starfsmenn helltu vatni á pallinn skömmu áður en M hrasaði.

Ljóst er að starfsemi A fellst m.a. í veita áfengi og er því fyrirséð að gestir veitingastaðarins geti verið ölvaðir. Auk þess er um að ræða rekstur sem laðar að sér viðskiptavini með auglýsingum. Hvílir af þeim sökum enn ríkari skylda á A en ella að gæta þess að hálkuverja útisvæði staðarins og tryggja öryggi gesta. Gögn málsins bera með sér að starfsmenn veitingastaðarins hafi vanrækt að sinna hálkuvörnum umræddan dag auk þess sem þeir hafi hellt vatni á pallinn í frostatíð. Máttu þeir vita að leiddi til stóraukinnar hættu á hálkuslysum og telst sú háttsemi vítaverð.

Hvað ölvun M varðar verður ekki talið sannað að orsakasamband sé á milli ölvunarástands hans og þess að hann varð fyrir umræddu slysi. Verður því jafnframt talið ósannað að slysið verði rakið til háttsemi sem metin er M til gáleysis. Á M því rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á óskertan bótarétt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfr.

Mál nr. 75/2020

M og
V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.

Ágreiningur um bætur vegna líkamstjóns af völdum umferðaróhapps.

Gögn.
Málskot, dags. 28.2.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 16.3.2020 og 22.4.2020.

Málsatvik.
Hinn 9. september 2017 ók M bifreiðinni A aftan á aðra bifreið á Smiðjuvegi í Kópavogi. Fram kemur í skýrslu um áreksturinn að báðar bifreiðir hafi verið fjarlægðar af vettvangi með dráttarbifreið. M leitaði sama dag á bráðadeild Landspítalans vegna verkja í hné, aftan í hálshrygg og í höfði. Var hún greind með tognun í háls- og brjósthrygg og með mar yfir vinstri hnéskel. Var M talin vera óvinnufær frá slysdegi til 18. sama mánaðar. M leitaði einnig til síns heimilislæknis á heilsugæslustöð vegna sjúkdómseinkenna sinna og var henni vísað til meðferðar hjá sjúkraþjálfara. Í gögnum málsins kemur fram að M hafi að nýju orðið fyrir meiðslum í umferðarslysi 22. júlí 2019.

A var vátryggð lögboðinni slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V. Hinn 16. ágúst 2019 var V tilkynnt um slysið af hálfu lögmanns M. Með tölvubréfi V til lögmannsins 6. nóvember upplýsti félagið að það hafi samþykkt bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Með beiðni 30. nóvember 2019 fór lögmaður M þess á leit við tvo menn, lögfræðing og lækni, að þeir myndu meta þær heilsufarslegu afleiðingar sem M byggi við af völdum slyssins 9. september 21017. Með matsgerð þeirra, dags. 16. desember 2019, var komist að þeim niðurstöðum helstum að M byggi við 8 stiga varanlegan miska og 8% varanlega örorku af völdum slyssins. Með bréfi sama dag var af hálfu M krafist bóta úr slysatryggingunni samtals að fjárhæð kr. 5.791.169, auk kostnaðar, vegna líkamstjóns hennar.

Með bréfi V 12. febrúar 2020 var bótakröfu M hafnað. Í því efni vísaði félagið m.a. til þess að matsgerðarinnar hafi verið aflað einhliða af hálfu M og það hafi ekki átt þess kost að gæta hagsmuna sinna við gerð matsins og ósannað sé að slysið 9. september 2017 hafi valdið þeim einkennum sem í matsgerðinni eru talin stafa frá því slysi. Enn fremur hafi ekki verið tekið tillit til þeirra einkenna sem hún býr við af völdum síðara slyssins og í reynd hafi átt að gera hlé á matsferlinu og bíða þar til afleiðingar síðara slyssins lægju fyrir. Það hafi hins vegar ekki verið gert.

Álit.
Í málskoti gerir M þá kröfu að úrskurðað verði að viðurkennd verði bótaskylda V úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir í umferðarslysinu 9. september 2017. Með tilliti til málatilbúnaðar M í máli þessu verður að skilja kröfu hennar á þann veg að krafist sé viðurkenningar á því að hún eigi rétt til bóta fyrir líkamstjón sitt af völdum umferðarslyssins 9. september 2017 á grundvelli fyrrgreindrar matsgerðar frá 16. desember 2019. V hefur rakið nokkra ágalla, líkt og að framan getur, sem það telur vera á fyrirliggjandi matsgerð og að þessir ágallar séu slíkir að matsgerðin verði ekki lögð til grundvallar við ákvörðun bóta fyrir líkamstjón af völdum slyssins sem hér um ræðir.

Líta verður svo á að M hafi aflað umræddrar matsgerðar á grundvelli 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1987, sbr. 9. gr. laga nr. 37/1999 um breyting á þeim, en í fyrri málslið þessa ákvæðis segir svo: „Þegar fyrir liggur sérfræðilegt álit um örorku- og/eða miskastig tjónþola, eða þá læknisfræðilegu þætti skv. 2. og 3. gr. sem meta þarf til þess að uppgjör bóta samkvæmt lögum þessum geti farið fram, getur hvor um sig, tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta, borið álitið undir örorkunefnd.“ Um þetta ákvæði segir í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 37/1999 segir svo, orðrétt: „Í því skyni að létta álagi af örorkunefnd er lagt til að 1. mgr. 10. gr. laganna verði breytt þannig að horfið verði frá þeirri

meginreglu að örorkunefnd sé matsaðili á fyrsta stigi. Aðalreglan verði sú að málsaðilar afli sjálfir sérfræðilegs álits um örorku- og/eða miskastig og þá læknisfræðilegu þætti sem meta þarf skv. 2. og 3. gr. laganna til þess að ljúka megi bótauppgjöri. Sérfræðilegt mat, sem annar málsaðila aflar, geti tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta borið undir örorkunefnd.“

Hvorki í lögum né stjórnvaldsfyrirmælum er að finna reglur um það hvernig staðið skuli að gerð þess sérfræðilega álits sem ráðgert er að aflað sé í upphafi samkvæmt 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga, hvorki að formi eða efni. Þrátt fyrir þá ágalla sem V telur vera á umræddri matsgerð hefur það ekki neytt þess úrræðis sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga að bera matið undir örorkunefnd, né heldur hefur V aflað matsgerðar dómkvaddra matsmanna í því skyni að fá því hnekkt. Að öllu virtu verður, eins og mál þetta liggur fyrir, að telja að M eigi rétt til bóta vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut í slysinu 9. september 2017 á grundvelli fyrirliggjandi matsgerðar frá 16. desember 2019.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt á grundvelli fyrirliggjandi matsgerðar frá 16. desember 2019 úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A.

Reykjavík, 12. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 76/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 18. janúar 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 01.03.2020 ásamt fylgiskjali.
Bréf V1, dags. 18.03.2020.
Bréf V2, dags. 16.03.2020.

Málsatvik.
Hinn 18. janúar 2020 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B á hringtorgi við Kauptún, Garðabæ. Í skýrslu Aðstoðar & öryggis um atvikið kemur fram að báðum bifreiðum hafi verið ekið inn í hringtorgið frá sama stað, og A hafi verið staðsett í ytri hring og fyrirhugað að aka bifreiðinni út úr hringtorginu á öðrum gatnamótum. B hafi verið staðsett í innri hring og fyrirhugað að aka bifreiðinni út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Í skýrslunni er haft eftir ökumanni A að bifreið B hafi verið ekið á vinstra afturhorn A, þegar B hugðist aka út úr hringtorginu, en að A hafi gefið stefnuljós til vinstri til marks um að hann ætlaði ekki út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótunum. Þá hafi hann ekki orðið var við að B hafi gefið til kynna með stefnuljósi að hún ætlaði út úr hringtorginu. Ökumaður B segist hafa gefið stefnuljós til marks um að hún ætlaði út úr hringtorginu en að A hafi ekið í veg fyrir B þegar hún ók út úr því á gatnamótum.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú að A skyldi bera 1/3 hluta sakar fyrir að veita ekki umferð um innri hring forgang en B 2/3 hluta sakar fyrir að vera á innri hring þrátt fyrir að ætla aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og byggir á því að ákvæði nýrra umferðarlaga um akstur í hringtorgum eigi að leiða til þess að öll sök verði felld á B.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, lýsir V1 þeirri afstöðu að B beri alla sök á umræddum árekstri enda eigi venja um skiptingu sakar í tilvikum sem þessu ekki lengur við með tilkomu nýrra umferðarlaga. Þannig hafi B átt að aka inn í hringtorgið á ytri akrein þar sem ætlunin hafi verið að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Þrátt fyrir ákvæði um forgang umferðar á innri akrein hafi A svo ekki getað vænst þess að bifreið sem ók inn í hringtorgið samtímis honum mundi aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Séu því ekki efni til að leggja hluta sakar á A.

V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, telur báða ökumenn hafa brotið gegn ákvæði 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 með aksturslagi sínu umrætt sinn og eigi því hver um sig að bera helming sakar.

Álit:
Í 2. málslið 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslið sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu. Þar sem B ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hún ók inn í hringtorgið bar henni að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið, sbr. fyrrgreint ákvæði 2. málsliðar 6. mgr., 19. gr. Hins vegar bar ökumanni A að víkja fyrir umferð úr innri hring er hann ók fram hjá gatnamótunum, sbr. 3. málslið sömu málsgreinar. Af því sem fram kemur í skýrslu Aðstoðar & öryggis verður ráðið að bæði A og B hafi með aksturslagi sínu umrætt sinn vanrækt að fylgja áskilnaði 6. mgr. 19. gr. Þá liggur ekki annað fyrir en að ökumaður A hafi gefið fyrirhugaða akstursstefnu til kynna með stefnumerki, og ekki verður ráðið af ákomu á bifreiðarnar að atvik hafi verið önnur en lýst er í áðurnefndri skýrslu. Með því að ökumaður B valdi ekki rétta akrein um hringtorgið miðað við fyrirhugaða akstursleið og ökumaður A virti ekki forgang B út úr hringtorginu teljast báðir ökumenn eiga sök á árekstrinum. Við þær aðstæður sem hér voru verður ekki séð að

annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, skal sök skipt þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Niðurstaða.
Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 19. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 77/2020

M og
V vegna ökutækjatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns M af völdum áreksturs hinn 27.02.2019

Gögn.
Málskot móttekið 02.03.2020 ásamt fylgiskjölum 1-5.
Bréf V dags. 11.04.2020 ásamt fylgiskjölum.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 07.05.2020.
Viðbótarathugasemdir V, dags. 07.05.2020.

Málsatvik.
Í málskoti segir að hinn 27. febrúar 2019 hafi M orðið fyrir líkamstjóni þegar bifreið sem hann var farþegi í lenti í árekstri við aðra bifreið á Tenerife á Kanaríeyjum. Sé ágreiningur milli hans og V varðandi það hvort V beri að gera upp tjónið eða hvort uppgjör þess heyri undir spænska lögsögu.

Atvikið hafi haft í för með sér varanlegt heilsutjón fyrir M og fyrir liggi að lögregluskýrsla hafi verið gerð um það. Þá komi fram í íslensku læknisvottorði að fyrirliggjandi gögn um atvikið séu á spænsku og komi því ekki til skoðunar. Hins vegar sé þar haft eftir M að hann hafi hlotið höfuðáverka og dvalið í tvo sólarhringa á sjúkrahúsi eftir atvikið. Hinn 20. nóvember 2019 hafi M farið þess á leit við V að upplýst væri hvort viðeigandi vátryggingafélag hefði tjónsuppgjörsfulltrúa hér á landi og hver hann væri. Einnig var farið fram á að V aflaði frekari upplýsinga um hvert vátryggingafélag tjónvalds væri og hvernig bótaskyldu yrði háttað. Með bréfi dags. 20. janúar 2020 hafi V hafnað bótaskyldu og virtist sú afstaða fyrst og fremst byggja á því að M hefði fengið úthlutað kennitölu til útlendinga á Tenerife og því heyrði mál hans undir spænska lögsögu. Erfitt sé að átta sig á rökum V fyrir þessari afstöðu og gerir M kröfu um að tjón hans verði gert upp innan íslenskrar lögsögu og á grundvelli íslenskra laga. M sé búsettur á Íslandi, tjón hans megi rekja til ökutækis sem alla jafna sé staðsett í EES- eða EFTA-ríki og það sé þá hlutverk V að afla upplýsinga um vátryggingafélag þess ökutækis. Vísar M til ákvæða þágildandi reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatryggingar kröfum sínum til stuðnings og krefst þess fyrir nefndinni að viðurkennd verði bótaskylda V vegna líkamstjóns hans.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að engin gögn hafi borist frá M um tjónið sjálft, og engin skrifleg greinargerð M um atvikið. V hafi leitað til spænskrar systurskrifstofu sinnar sem hafi staðfest að ekki væri hægt að greina af framlögðum gögnum hvaða ökutæki hefðu átt hlut að tjóninu. Jafnframt hefði M verið úthlutað spænskri kennitölu og því heyrði mál hans ekki undir fjórðu tilskipun Evrópusambandsins heldur bæri að fara með ágreininginn eftir spænskum lögum án aðkomu V.

Í viðbótarathugasemdum sínum tekur M fram að krafa sín heyri undir nánar tilgreint spænskt vátryggingafélag, sem ekki hafi tilgreint tjónsuppgjörsfulltrúa hér á landi og því sé greiðsluskylda V fyrir hendi. Jafnframt leggur M fram upplýsingar um skráningarnúmer bifreiðar þeirrar sem M var farþegi í þegar tjónið átti sér stað.

Í viðbótarathugasemdum til nefndarinnar hafnar V að því beri að eiga aðkomu að málinu. Engin gögn liggi fyrir um tjónsatburðinn sjálfan, né um hvaða erlenda vátryggingafélag sé að ræða. Er því ítrekað að um kröfu M skuli fara að spænskum lögum.

Álit:
Fyrir nefndinni liggur íslenskt læknisvottorð, dags. 24. júlí 2019. Kemur þar fram að sjúkragögn á spænsku hafi ekki verið þýdd, né á þeim byggt við mat á heilsufari M. Í umræddu læknisvottorði er því aðeins að finna lauslega lýsingu M á afleiðingum umrædds tjónsatviks og sjúkrahúsdvöl hans í kjölfar þess. Þá kemur fram að M finni enn fyrir afleiðingum þess, svo sem svima og höfuðverk auk þess sem hann þjáist af kvíða. Er umrætt vottorð eina læknisfræðilega gagnið sem liggur fyrir nefndinni.

Þá kemur fram í máli M að lögregla hafi gert skýrslu um atvikið. Engin slík skýrsla liggur þó fyrir nefndinni, heldur einungis að því virðist óútfyllt tilkynningarform lögreglu á spænsku, auk spænsks vottorðs sem virðist mega ráða af að M hafi fengið úthlutað spænskri kennitölu. Þá virðist M ráða af bréfshaus, sem virðist hluti af lengra skjali, en óljóst er um tilgang þess eða uppruna, hvert hið spænska vátryggingafélag sem hlut eigi að máli sé.

Kröfur M virðast grundvallast á 18. og 19. gr. þágildandi reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar, en þar komi fram að sé tjónþoli búsettur á Íslandi, ökutæki vátryggt og alla jafna staðsett í öðru EES- eða EFTA-ríki, eða óþekkt og ekki hægt að hafa upp á vátryggjanda þess, geti V greitt bætur vegna tjónsins. Þá geti tjónþoli í slíkum tilvikum einnig krafið V um greiðslu bóta ef vátryggingafélag tjónvalds hefur ekki tilnefnt tjónsuppgjörsfulltrúa hérlendis.

Samkvæmt framansögðu liggja engin gögn fyrir nefndinni er sýni fram á hvar, hvenær og með hvaða hætti umrætt tjónstilvik hafi átt sér stað eða hverjir hafi átt aðild að því. Þá verður ekki séð með hvaða hætti ráðið er af bréfshaus á skjali sem að öðru leyti er ekki rakið fyrir nefndinni hvaða erlenda vátryggingafélag á hlut að máli.

Samkvæmt e-lið 4. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, fjallar nefndin ekki um mál, sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Með vísan til þess ákvæðis og þess sem að framan greinir er óhjákvæmilegt að vísa kröfu M frá nefndinni en rétt er að geta þess að samkvæmt 3. málslið e-liðar 4. gr. ber að taka mál hans til meðferðar á ný, gegn greiðslu málskotsgjalds, hafi nauðsynlegra gagna verið aflað og kröfugerð skýrð.

Niðurstaða.
Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 27. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 78/2020

M og
V fasteignatryggingar.

Tjón á fasteign. Gildissvið vátryggingarskilmála.

Gögn.
Málskot móttekið 28. febrúar 2020.
Höfnunarbréf V til M dags.13. febrúar 2020.
Tölvupóstur M, dag. 15. mars 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M telur vatnstjón hafa orðið í íbúð sinni á meðan hún var í útleigu frá því í ágúst 2016. Að mati M er parket ónýtt og vaskaskápur bólginn og myglaður bæði að utan og innan.

M telur augljóst af ummerkjum að vatntjón hafi orðið á þeim tíma sem íbúð hans var tryggð með fasteignatryggingu hjá V þar sem ekki hafi séð á parketi þegar hann leigði íbúðina út auk þess sem eldhúsinnrétting hafi verið ný. M vísar til þess að hann hafi ekki haft rétt til að ryðjast inn í íbúðina á meðan hún hafi verið í leigu og ekki hafi verið um langvarandi vanrækslu af hans hálfu að ræða.

V vísar til gildissviðsákvæðis í vátryggingarskilmálum þar sem kemur fram að skilyrði bótaskyldu úr fasteignatryggingu sé að tjón á fasteign verði rakið til vatnsleka sem á upptök sín innan veggja hússins og stafar af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum hússins. V bendir á að tilkynning um tjónið hafi borið með sér að líklega hafi vatnslás undir vaski lekið og við skoðun tjónaskoðunarmanns V hafi verið notaður rakamælir og hitamyndavél til greiningar á mögulegum orsökum tjóns. Mat tjónaskoðunarmanns V var það að ekki hafi verið óeðlilegur raki í parketi eða innréttingu og enginn sjáanlegur leki. Umgengni um íbúðina hafi hins vegar sjáanlega verið slæm og megi rekja tjón M til langvarandi slæmrar umgengni.

Álit.
Í málinu eru takmörkuð gögn um tjón M. Til þess að það bætist úr fasteignatryggingu hans hjá M þarf að liggja fyrir að tjónið stafi af vatnsleka sem eigi upptök sín innan veggja húss og stafi af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum hússins, sbr. gildissviðsákvæði vátryggingarskilmála. Í málinu liggur ekki fyrir annað mat á mögulegum orsökum tjónsins en mat tjónaskoðunarmanns V um að ekki sé sýnt að þau skilyrði vátryggingarskilmála séu ekki uppfyllt og síðan mat M sjálfs um að þau séu það. M ber sönnunarbyrði um að skilyrði til greiðslu bóta úr vátryggingu hans séu uppfyllt. Þau gögn sem liggja fyrir í málinu sýna það ekki með óyggjandi hætti og verður því ekki hægt að fallast á bótaskyldu úr fasteignatryggingu M hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 79/2020

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar snjómoksturstækis B

Árekstur á gatnamótum Mýrarvegs og Víðilundar þann 17.2.2020.

Gögn.
Málskot, móttekið 27.2.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V1, dags. 20.3.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V2, dags 13.3.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Árekstur varð á gatnamótum Mýrarvegs Víðilundar á Akureyri er A var ekið af Mýrarvegi inn á Víðilund, en í sömu andrá var B ekið aftur á bak þannig að afturendi þess rakst í aftanverða hægri hlið A. Þegar áreksturinn varð mun hafa verið bjart af degi og snjór á akbraut.
Samkvæmt skýrslu M, ökumanns A, um óhappið kvaðst hann hafa ekið norður Mýrarveg með fyrirhugaða stefnu til vinstri vestur Víðilund. Hann hafi stöðvað við gatnamótin fyrir aftan B sem hafi verið að ryðja snjó af götunni en verið kyrrstæð til að hleypa ökutæki sem var ekið af Mýrarvegi inn á Víðilund fyrir framan B. Er sú bifreið hafi verið farin hjá hafi B verið ekið út af akbrautinni á horni Víðilundar og Mýrarvegs að norðvestanverðu og skafið þar snjó upp í snjóhaug. Hafi M þá beygt til vinstri áleiðis inn á Víðilund, en í sömu andrá og hann hafi ekið inn á þá götu hafi B verið ekið aftur á bak út á akbrautina og þá rekist í aftanverða hægri hlið A.
Blikkandi vinnuljós mun hafa verið á B. Ekkert er haft eftir stjórnanda B um áreksturinn og tildrög hans. Samkvæmt upplýsingum sem SA kveðst hafa aflað hjá eiganda B, hafi B verið notað við snjómokstur á gatnamótunum með aðvörunarljós í gangi. Ökumaður A hafi þrátt fyrir það ákveðið að troða sér fram hjá B meðan verið var að ljúka við að ryðja gatnamótin.

Álit.
Samkvæmt a lið 43. tölul. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 telst B vera vélknúið ökutæki í flokki vinnuvéla, þ.e. vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til sérstakra verka, er búið áfestum tækjum eða vélum og er á hjólum og/eða beltum og sem vélknúið ökutæki telst B jafnframt vera skráningarskylt samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laganna. Í ljósi þessa telst B jafnframt vera ökutæki í skilningi 7. tölul. 3. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019, þ.e. skráningarskylt ökutæki samkvæmt umferðarlögum. Um árekstur A og B gildir því ákvæði 5. gr. laganna um ökutækjatryggingar þar sem segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.
Ekki er um það deilt að viðvörunarljós hafi logað á B og að vel hafi sést til ferða B og við hvaða störf það var notað þarna á gatnamótunum. Hvað sem því líður verður að leggja til grundvallar að B hafi verið komið út af akbrautinni þegar A var beygt af Mýrarvegi inn á Víðilund fyrir aftan B. Samkvæmt meginreglu 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 bar stjórnanda B að gæta þess hvarvetna að veita ökutækjum sem leið áttu um gatnamótin forgang áður en hann bakkaði að nýju út á akbrautina (gatnamótin). Á þessu varð misbrestur og verður að virða það stjórnanda B til sakar, enda er ekki unnt að líta svo á að það leysi hann undan þessari þýðingarmiklu aðgæsluskyldu jafnvel þótt gul viðvörunarljós hafi logað á B. Eins og málið liggur fyrir mátti ökumaður A treysta því að B yrði ekki ekið út á götuna fyrr en A væri farin fram hjá. Ekkert hefur komið fram sem gefur tilefni til að ætla að óhappið verði rakið til atvika sem ökumaður A ber ábyrgð á. Ber því að leggja alla sök á stjórnanda B. M á því rétt á að fá tjón sitt bætt að fullu úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Niðurstaða.
Tjón á A bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 19. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 80/2020

M og
V vegna brunatryggingar og viðbótarbrunatrygginga húseigna

Ágreiningur um bótafjárhæðir vegna tjóns á innbúi 19. maí 2019. Frávísun.

Gögn.
Málskot móttekið 2. mars 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 30. apríl 2020 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að tjón varð á sumarhúsi M vegna bruna 22. desember 2019. Á tjónsdegi var í gildi hjá V brunatrygging húseigna vegna sumarhússins og á vátryggingarskírteini kemur fram að vátryggingarfjárhæð sé 16.847.337 krónur vegna brunatryggingar húseigna og 10.180.000 krónur vegna viðbótartryggingar. Á vátryggingarskírteini kemur einnig fram að skilmáli viðbótartryggingar sé sá að skilyrði bótaréttar úr viðbótartryggingu húseigna sé að vátryggingarfjárhæð hinnar lögboðnu brunatryggingar húseignarinnar hafi ekki reynst nægjanleg til að bæta sannanlegt brunatjón á hinni vátryggðu húseign.

M krefst samtals 25.760.388 króna bótagreiðslu úr brunatryggingu auk þess sem sem M fer fram á að 1.854.740 króna förgunarkostnaður komi ekki til frádráttar bótum, þar sem honum hafi ekki verið gefinn kostur á að sjá um förgun sjálfur. Einnig telur M að V geti ekki dregið frá bótafjárhæð 6.154.229 krónur vegna byggingar óinnréttaðs skúrs á lóð húseignarinnar.

V bendir í fyrsta lagi á að það hafi ekki samþykkt að nefndin fjalli um ágreining um bótafjárhæðir í málinu og því eigi að vísa málinu frá með vísan til 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing birt í B-deild stjórnartíðinda nr. 1090/2005. Að öðru leyti telur V ekki forsendur til frekari bótagreiðslna en tjónamat félagsins dags. 14. janúar 2020 sýnir, en þar kemur fram að heildaruppgjör sem M var boðið til greiðslu voru 17.707.746 krónur, sbr. tölvupóstur starfsmanns V til M, dags. 30. janúar 2020.

Álit:
Í 2. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing birt í B-deild stjórnartíðinda nr. 1090/2005, kemur fram að nefndin úrskurði ekki um bótafjárhæðir nema að fengnu sérstöku samþykkti allra málsaðila. Af gögnum þessa máls og kröfugerð M verður ekki annað ráðið en að ágreiningur í málinu snúi að því hvaða fjárhæðir eigi að greiða úr brunatryggingu og viðbótarbrunatryggingu húseignar hjá V vegna vátryggðs sumarhúss hans sem brann 22. desember sl.

Í gögnum málsins kemur fram afstaða félagsins til fjárhæða bóta liggur fyrir og af málskoti verður ekki annað ráðið en að M sé ósáttur við þá fjárhæð. Telst ágreiningur vera um bótafjárhæð og þar sem V hefur ekki samþykkt að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir verður að vísa málinu frá nefndinni.

Niðurstaða.
Málinu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 19. maí 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 81/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar

Skaðabótaábyrgð vegna falls á bílastæði 7. september 2017.

Gögn.
Málskot, dags. 3. mars 2020 ásamt gögnum.
Bréf V, dags. 31. mars 2020, ásamt mynd af vettvangi.
Bréf lögmanns M, dags. 6. apríl 2020, ásamt myndum af vettvangi.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa verið að ganga út úr verslun X þegar hún kveðst hafa krækst í hjólagrind sem komið var fyrir á bílastæði við verslunina og við það dottið á hnén og borið fyrir sig hægri olnboga og vinstri úlnlið. Í læknisvottorði dags. 27. ágúst 2018 kemur fram að farið hafi verið í gegnum sjúkraskrá M á heilsugæslustöð og er þar minnst á í færslu frá 15. nóvember 2017 að M hafi dottið á öxlina „..fyrir nokkrum vikum síðan." Í sama læknisvottorði kemur fram að hálfu læknis sem vottorðið ritar að ekki sé hægt að fullyrða að sú koma sé vegna frítímaslyss frá 7. september 2017. Í öðru læknisvottorði dags. 11. júlí 2019 kemur fram að M hafi leitað á heilsugæslu 8. september 2017 þar sem hún hafi fengið áverka á stórutá. Í því læknisvottorði er einnig lýst samskiptum við lækna í nóvember 2017 og 2018 vegna eymsla í vinstri úlnlið sem og í mars 2019.

M telur sýnt að hún hafi hlotið líkamstjón við fall sitt á bílastæðinu og hún hafi leitað til læknis vegna afleiðinga þess í nóvember 2017 og þá verið greind með mjúkpartabólgu í vinstri úlnlið. Ári síðar hafi hún síðan leitað aftur til læknis vegna þeirra áverka sem og verkja í báðum hnjám og hafi verið til meðferðar bæði hjá handaskurðlækni og gigtarlækni síðan. M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar þar sem hjólagrind hafi verið þannig komið fyrir á bílastæði X að hætta hafi stafað af. Erfitt hafi verið fyrir gangandi vegfarendur að koma auga á hjólagrindina þar sem hún hafi verið við horn á húsi verslunar X og gera verði ríkar kröfur til eigenda verslana um öryggi og aðkomu að húsnæði þeirra. M bendir einnig sérstaklega á að eftir slys hennar og annarrar konu hafi hjólagrindin verið fjarlægð auk þess sem áberandi gular járnstangir hafi verið settar upp í kringum sömu hjólagrind þegar hún hafi verið sett upp aftur.

V telur að aðstæður á vettvangi hafi ekki verið saknæmar af hálfu X. Myndir sýni að hjólagrindin hafi verið staðsett á skærgrænum fleti þar sem máluð hafi verið mynd af reiðhjóli og hafi yfirborð bílastæðis gefið skýrlega til greina að vegfarendur þyrftu að gæta að sér þar sem um stæði fyrir reiðhjól hafi verið að ræða. Einnig bendir V á að lýsing M sjálfrar af atvikum bendi til þess að hún hafi verið með innkaupapoka og veski í báðum höndum og alveg eins líklegt að M hafi hrasað um pokana. Einnig bendir V á að ósannað sé að M hafi hlotið líkamstjón við fallið og vitnar þar til læknisvottorðs dags. 27. ágúst 2018.

Álit.
Í málinu liggja fyrir myndir af vettvangi, bæði af aðstæðum eins og þær voru þegar M féll og eftir það. Af þeim myndum verður ekki annað ráðið en að hjólagrindum hafi verið komið fyrir á fleti þar sem skýrlega var málað með áberandi grænum lit að um stæði fyrir reiðhjól væri að ræða. Þannig var auðvelt fyrir vegfarendur að sjá hjólagrindur á grænmáluðri stéttinni og augljóst ekki var um venjulega gönguleið að ræða um hana. Þó fyrirkomulagi hafi verið breytt síðar verður það eitt ekki talið leiða til skaðabótaábyrgðar af hálfu X. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. apríl 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 82/2020

M og
V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar.

Orsakatengsl vegna líkamstjóns vegna tjónsatviks 7. september 2017.

Gögn.
Málskot, dags. 3. mars 2020 ásamt gögnum.
Bréf V1, dags. 13. mars 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa verið að ganga út úr verslun þegar hún kræktist í hjólagrind sem komið var fyrir á bílastæði við verslunina og við það dottið á hnén og borið fyrir sig hægri olnboga og vinstri úlnlið. Í læknisvottorði dags. 27. ágúst 2018 kemur fram að farið hafi verið í gegnum sjúkraskrá M á heilsugæslustöð og er þar minnst á í færslu frá 15. nóvember 2017 að M hafi dottið á öxlina „..fyrir nokkrum vikum síðan." Í sama læknisvottorði kemur fram að hálfu læknis sem vottorðið ritar að ekki sé hægt að fullyrða að sú koma sé vegna frítímaslyss frá 7. september 2017. Í öðru læknisvottorði dags. 11. júlí 2019 kemur fram að M hafi leitað á heilsugæslu 8. september 2017 þar sem hún hafi fengið áverka á stórutá. Í því læknisvottorði er einnig lýst samskiptum við lækna í nóvember 2017 og 2018 vegna eymsla í vinstri úlnlið sem og í mars 2019.

M telur sýnt að hún hafi hlotið líkamstjón við fall sitt á bílastæðinu og hún hafi leitað til læknis vegna afleiðinga þess í nóvember 2017 og þá verið greind með mjúkpartabólgu í vinstri úlnlið. Ári síðar hafi hún síðan leitað aftur til læknis vegna þeirra áverka sem og verkja í báðum hnjám og hafi verið til meðferðar bæði hjá handaskurðlækni og gigtarlækni síðan og þurft að segja upp störfum á vinnustað sínum vegna verkja. Auk þess hafi hún verið í sjúkraþjálfun vegna afleiðinga slyssins.

V telur í fyrsta lagi að engin samtímagögn liggi fyrir til staðfestingar á því að M hafi hlotið líkamstjón 7. september 2017 og vísar til þess að M hafi leitað á heilsugæslu daginn eftir vegna annars atviks og þá hafi hún ekki minnst á annað líkamstjón. Einnig vísar V til ummæla í læknisvottorði frá 27. ágúst 2018 að ekki sé hægt að fullyrða að koma M heilsugæslu 15. nóvember 2017 hafi verið vegna frítímaslyss. Einnig bendir V á að í læknisfræðilegum gögnum sé ekki getið um að eymsli í vinstri úlnlið eða mjúkpartabólga sem greind var hafi verið afleiðing slyss. V telur því ekki sannað að M hafi hlotið líkamstjón í frítímaslysi og hafnar bótaskyldu.

Álit.
Í málinu liggur annars vegar fyrir tjónstilkynning af hálfu M um fall hennar á bílastæði við verslun og hins vegar læknisfræðileg gögn um komur hennar til læknis vegna meiðsla í öxl, hnjám og úlnlið. Ljóst er að M leitaði ekki til læknis strax eftir fallið, en í komu hennar til læknis daginn eftir vegna annars tjónsatviks, er ekki minnst á fall hennar daginn áður. Í læknisvottorði dags. 27. ágúst 2018 kemur auk þess skýrt fram af hálfu læknis á heilsugæslu að ekki sé hægt að fullyrða að koma M til læknis í nóvember 2017, þar sem hún kveðst hafa fallið á öxl, sé vegna frítímaslyss 7. september 2017. M hefur ekki lagt fram gögn sem hnekkja því áliti læknisins og ber M auk þess sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón við fall sitt 7. september 2018. Þau einkenni sem lýst er í læknisvottorðum eru auk þess almenns eðlis og ekkert í gögnunum lýsir einkennum sem dæmigerðum áverkaeinkennum. Eins og gögn liggja fyrir í þessu máli telst ekki nægilega sannað að líkamleg óþægindi hennar sé hægt að rekja til falls hennar í umrætt sinn og er bótaskylda því ekki fyrir hendi hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 21. apríl 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 84/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Ágreiningur um rétt til að skerða bætur til farþega sem tók sér far með ölvuðum ökumanni.

Gögn.
Málskot, dags. 4.3.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 8.4.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Laust eftir kl. 3 aðfaranótt 15. nóvember 2018 var M farþegi í bifreiðinni A er hún valt í Óslandi á Höfn í Hornafirði. M varð fyrir meiðslum, einkum á hægri olnboga. Í lögregluskýrslu sem tekin var af M kemur fram að hann hafi verið í áhöfn báts sem hafi legið við bryggju í höfninni á Höfn. Hann hafi ásamt nokkrum skipsfélögum sínum verið staddur á tileknu veitingahúsi á Höfn er ökumaður A ásamt tveimur öðrum hafi komið og hafi hann sest niður með þeim og þeir tekið að spjalla. Þegar kom að lokun veitingastaðarins hafi hann ætlað að fá far í bátinn með ökumanni A og einum til viðbótar. Hafi þeir ekið af stað og hafi M setið í hægra framsæti við hlið ökumanns og hinn farþeginn setið í aftursæti. Skömmu áður en slysið varð kvaðst M hafa sagt ökumanninum að þeir væru ekki á leið að réttri bryggju þar sem báturinn hafi legið við aðra bryggju. Við það hafi ökumaðurinn snúið við, en farið of hratt í beygjuna eða ekið upp á kantstein eða eitthvað slíkt með þeim afleiðingum að A hafi í kjölfarið farið á hliðina. M kvaðst umrætt kvöld hafa verið að drekka áfengi. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir ölvunarástandi ökumannsins og ekkert hafa verið að spá í það. Þá kvaðst hann „eiginlega ekki“ hafa tekið eftir að ökumaðurinn hafi verið að drekka áfengi um kvöldið og kvað nei við því hvort honum hafi verð kunnugt um að ökumaðurinn hafi verð að drekka áfengi þegar hann settist upp í bíl hjá honum.

Eftir slysið hafði lögregla upp á ökumanni A þar sem hann var á ferð í annarri bifreið. Segir í skýrslu lögreglunnar að ökumaðurinn hafi sýnilega verið ölvaður. Ökumaðurinn var færður á lögreglustöð þar þar sem dregið var úr honum blóðsýni kl. 4:14 og 5:20 auk þess sem tekið var þvagsýni kl. 4:50. Samkvæmt fyrra blóðsýninu reyndist áfengismagn í blóði ökumannsins vera 1,57‰ og 1,33‰ í því síðara. Áfengismagn í þvagsýninu mældist 1,99‰.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut við bílveltuna. V hefur fallist á bótaskyldu, en einungis að 1/3 hluta þar hann hafi verið meðvaldur að tjóninu af stórkostlegu gáleysi með því að hann þáði far með ölvuðum ökumanni umrætt sinn.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem í gildi voru er slysið varð 15. nóvember 2018, mátti enginn stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann var undir áhrifum áfengis. Þá var kveðið á um það í 3. mgr. sömu lagagreinar að ökumaður taldist óhæfur til að stjórna ökutæki ef vínandamagn í blóði hans nam 1,20‰ eða meira.

Í 1. mgr. 88. gr. laganna var mælt fyrir um það að sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skuli bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. En í 2. mgr. var kveðið á um það að bætur fyrir líkamstjón mætti lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Í ljósi þess áfengismagns sem mældist í blóði ökumanns A var hann að lögum óhæfur til að aka bifreiðinni. Samkvæmt skýrslu lögreglu var hann sýnilega ölvaður þegar lögregla hafði afskipti af honum skömmu eftir slysið. M og ökumaðurinn höfðu um einhverja stund setið að spjalli á vínveitingastað þar til kom að lokun staðarins og þaðan fóru þeir út og héldu í ökuferðina. Þegar litið er til þessa og þess mikla áfengismagns sem mældist í blóði ökumannsins átti M ekki að dyljast að hann var undir verulegum áfengisáhrifum þegar ferðin hófst. Verður að þessu athuguðu að virða það M til stórkostlegs gáleysis að taka sér far með ökumanninum. Í ljósi dómaframkvæmdar hér á landi á undanförnum árum þykir mega beita heimild 2. mgr. 88.gr. þágildandi umferðarlaga til að skerða

bætur vegna líkamstjóns M. Að öllum atvikum virtum þykir rétt að skerða bætur til M að helmingi og að skapi eigi hann þá rétt á bótum að helmingi úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum að helmingi úr ábyrgðartryggingu A, bifreiðarinnar hjá V.

Reykjavík, 5. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 85/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A
Deilt um hvort tjónsatvik í skotboltaleik sé bótaskylt úr ábyrgðarlið heimilistryggingar.

Gögn.
Málskot móttekið 21.02.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 09.03.2020 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Hinn 5. apríl 2019, þegar M tók þátt í skotboltaleik í íþróttatíma í grunnskólanum B þar sem hann stundaði nám, sparkaði annar nemandi, C, í hönd hans með þeim afleiðingum að M hlaut brot á þumli. Vegna þessa krefst M bóta úr ábyrgðartryggingu A, móður C, hjá V.

Í málskoti kemur fram að samkvæmt skráningu B um atvikið hafi M og C verið að berjast um boltann, og M verið kominn með hendur á boltann þegar C sparkaði í hann með fyrrgreindum afleiðingum. Í skýrslu B komi fram að C segi að um óviljaverk í hita leiksins hafi verið að ræða. M lýsi atvikum með svipuðum hætti nema segist ekki viss hvort um óviljaverk eða ásetning hafi verið að ræða.

M ber að C hafi verið „úr leik“ þó þess sé ekki getið í skýrslu B og eigi sú afsökun að um óviljaverk í hita leiksins hafi verið að ræða því ekki við. Auk þess sé óumdeilt að bannað sé, samkvæmt reglum leiksins, að sparka í skotbolta. Bendi atvik málsins eindregið til þess að um viljaverk hafi verið að ræða, sem sé bótaskylt úr umræddri vátryggingu sem taki til skaðabótaskyldrar háttsemi vátryggðs. Höfnun V byggi hins vegar alfarið á einhliða saminni yfirlýsingu B sem M hafi ekki undirritað.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til þess að M beri sönnunarbyrðina fyrir því að tjónsatburður verði rakinn til saknæmrar háttsemi C og sú sönnun hafi ekki tekist. Umrætt slys verði aðeins rakið til óhappatilviljunar, þar sem M og C hafi báðir reynt að ná til boltans á sama tíma, og ekkert liggi fyrir um að C hafi valdið slysinu af saknæmu gáleysi. Í íslenskum rétti hafi þá lengi gilt reglur um áhættutöku við þátttöku í íþróttaleikjum enda fylgi henni alltaf einhver hætta á meiðslum. Þá liggi ekkert fyrir um að C hafi valdið umræddu slysi af ásetningi, en jafnvel þó svo væri tæki vátryggingin samkvæmt skilmálum sínum ekki til slíkra tilvika. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Heimilistrygging sú sem A var með í gildi hjá V á tjónsdegi tekur til C sem eins hinna vátryggðu. Þá er fjallað um ábyrgðartryggingu í 3. kafla viðeigandi vátryggingarskilmála og kemur þar fram að vátryggt sé gegn þeirri skaðabótaskyldu sem fellur á vátryggðan sem einstakling enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing tjóns á mönnum eða munum.

Í málskoti er því haldið fram af hálfu M að C hafi verið úr leik þegar umrætt atvik átti sér stað. Þessi staðhæfing fær ekki stoð í öðrum gögnum málsins og er í andstöðu við skýrslu B vegna málsins. Verður því að líta svo á að M og C hafi báðir verið þátttakendur í skotboltaleik í íþróttatíma. Ljóst er að við þátttöku í hröðum boltaleik er alltaf ákveðin hætta á meiðslum og því að þátttakendur lendi saman. Við mat á því hvort C hafi umrætt sinn sýnt af sér saknæma og skaðabótaskylda háttsemi ræður þá ekki úrslitum að hann hafi umrætt sinn beitt fætinum þrátt fyrir að bannað sé að sparka í skotbolta, enda verður að telja að slíkt geti átt sér stað í viðleitni við að koma boltanum burt. Það er M að sýna fram á að tjón hans megi rekja til skaðabótaskyldrar háttsemi C og samkvæmt framansögðu hefur sú sönnun ekki tekist. Verður því að líta svo á að um óhappatilvik hafi verið að ræða og þar af leiðandi er kröfu M hafnað.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt til bóta úr ábyrgðarlið heimilistryggingar A hjá V.

Reykjavík 21. apríl 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 86/2020

M og
V v/ kaskótryggingar bifreiðar
og
óþekkt vátryggingafélag v/ ábyrgðartryggingar ökutækis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið af völdum áreksturs.

Gögn.
Málskot, móttekið 2.3.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 19.3.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Um miðjan dag 15. mars 2019 ók M bifreið sinni, A norður Hlíðarveg í Vestmannaeyjum að gatnamótum Flata. Í sömu andrá var eftirvagninn B dreginn af óþekktu ökutæki vestur Flatir og inn á gatnamótin. Rakst þá framendi A í vinstri hjól B að því er ráða má af fyrirliggjandi ljósmyndum. Í lögregluskýrslu sem gerð var um atvikið kemur fram að bjart hafi verið af degi og færi þannig að ísing, svell og hálka hafi verið á akbraut auk þess sem snjókoma hafi verið.

Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hann hafi ætlað að beygja til hægri inn á Flatir en ekki náð beygjunni og runnið utan í B sem hafi verið við gatnamótin. Þá kemur fram í skýrslu lögreglunnar að A hafi verið á sumardekkjum.

Eftir stjórnanda ökutækis sem dró B er haft að hann hafi ekið vestur Flatir að gatnamótunum er hann hafi séð A vera ekið norður Hlíðarveg og ökumaður hennar hafi ætlað að aka inn á Flatir þegar hann hafi misst stjórn á A og ekki náð beygjunni og endað utan í B með þeim afleiðingum að A hafi orðið fyrir skemmdum.

Í málskoti kveðst M kvarta yfir því að öll sök á árekstrinum sé sett á hann sem ökumann og eiganda A og engin sök hafi verið lögð á mótaðila. Fer hann fram á að hann verði talinn hafa verið í rétti og að hann eigi rétt á óskertum bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V. Bifreið hans hafi verið búin vel munstruðum sumardekkjum og er hann hafi nálgast gatnamótin hafi hann gefið stefnumerki til hægri, en um leið hafi ökutækinu sem dró B verið ekið af stað og beygt til vinstri (miðað við aksturssstefnu ökutækisins) þannig að tengivagninn hafi lokað götunni fyrir hans aksturssleið. Hafi hann reynt að aka upp á gangstétt en ekki náð upp á gangstéttarkantinn og í framhaldi af því lent á B. Vegna lengdar B hafi stjórnandi ökutækisins þurft að nota syðri götuhelming Flata, þ.e. þann hluta akbrautarinnar sem M hafi ætlað að aka inn á, til að ná beygjunni en umrædd gata sé frekar þröng. Því sé illskiljanlegt að stjórnandi ökutækisins hafi yfir höfuð farið af stað og þrengt enn frekar að A. Ella kveðst M hafa getað ekið eðlilega inn á Flatir og komist leiðar sinn og þá hefði engu skipt hvernig dekkjum A hefði verið búin.

Af hálfu V var niðurstaða málsins að M bæri fulla ábyrgð á árekstrinum. Á hinn bóginn ætti hann rétt á að fá tjón á A bætt úr kaskótryggingu bifreiðarinnar en að frádregnum 1/4 hluta þar sem A hafi verið búin sumarhjólbörðum og því vanrækt að fylgja varúðarreglum sem væri ætlað að koma í veg fyrir tjón.

Álit.
Samkvæmt gögnum málins verður ekki annað ráðið en fyrir liggi hvert hafi verð skráningarnúmer B, líkt og að ofan greinir. Hins vegar verður ekki séð í gögnum málsins hvers konar ökutæki hafi dregið B, hvert hafi verið skráningarnúmer þess eða hvort eða hvar það hafi verið vátryggt, þ. á m. ábyrgðartryggingu. Þá liggur ekkert fyrir um það hvort M hafi krafist bóta vegna tjónsins á A hjá því vátryggingafélagi sem kann að hafa ábyrgðartryggt umrætt ökutæki. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, skal málskotsaðili hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag áður en hann getur leitað til nefndarinnar. Með því að engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á að M hafi lagt bótakröfur sínar vegna tjónsins á A fyrir það vátryggingafélag sem kann að hafa vátryggt það ökutæki sem dró B er ekki unnt að taka þær kröfur til meðferðar fyrir nefndinni. Meðan úr þessu hefur

ekki verið bætt heyrir þessi ágreiningur ekki undir nefndina og er þessum lið í kröfugerð M því vísað frá nefndinni, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir nefndina.

Telja verður nægilega upplýst samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu að snjór og hálka hafi verið á akbraut þegar áreksturinn varð. Þá er óumdeilt að A hafi verið búin sumarhjólbörðum. Samkvæmt 1. mgr. gr. 16.02 í reglugerð nr. 822/2004, um gerð og búnað ökutækja, er kveðið á um það að þegar snjór eða ísing er á vegi skal hafa snjókeðjur á hjólum eða eftir akstursaðstæðum annan búnað, t.d. grófmynstraða hjólbarða (vetrarmynstur), með eða án nagla, sem veitt getur viðnám. A var ekki búin hjólbörðum í samræmi við þetta ákvæði þegar áreksturinn varð. Átti það sinn þátt í því að A komst ekki upp á gangstéttina eins og M reyndi til að koma í veg fyrir árekstur, heldur rann bifreiðin á hálli akbrautinni í hlið B.

Samkvæmt gr. 8.1 í skilmálum V fyrir kaskótryggingu ökutækis er mælt fyrir um þá varúðarreglu að vátryggðum sé m.a. skylt að gæta þess að ökutækið sé í lögmætu ástandi og í fullkomnu lagi. Sérstaklega skal séð til þess að öryggistæki svo sem dekk og hemlabúnaður séu í lagi. Þessari varúðarreglu bar M að hlíta til að koma í veg fyrir tjón eða draga úr tjóni. Þá er kveðið á um það í gr. 17.2 í skilmálunum að félagið megi lækka eða fella niður ábyrgð sína, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, ef vátryggður hefur vanrækt að hlíta varúðarreglum. Með því að aka A á sumarhjólbörðum umrætt sinn gerðist M brotlegur við fyrrgreinda varúðarreglu í gr. 8.1 í vátryggingarskilmálunum. Var V því rétt að skerða bætur úr kaskótryggingunni og eftir atvikum öllum þykir rétt að sú skerðing nemi 1/4 hluta en M eigi rétt á bótum að 3/4 hlutum. Með því að V hefur þegar greitt bætur sem nemur því hlutfalli á M ekki rétt á frekari bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.
Vísað er frá kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu ökutækis sem dró B, eftirvagninn. M á ekki rétt á frekari bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 21. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 87/2020

M og
V vegna kreditkortatryggingar.
Ágreiningur um hvort slys erlendis hafi átt sér stað „utan alfaraleiða“.

Gögn.
Málskot, móttekið 06.03.2020 ásamt fylgigögnum og viðbótarathugasemdir M, dags. 06.04.2020.
Bréf V, dags. 03.04.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 8. apríl 2019 hafi M verið staddur á gönguleið á fjallinu Breithorn í Sviss. M hafi fundið fyrir mæði og óþægindum og því snúið við fótgangandi í stað þess að renna sér niður fjallið á skíðum eins og til stóð. Þegar M hafi beygt sig niður til að lagfæra mannbrodda undir skó sínum hafi hann dottið á hliðina og runnið niður fjallshlíðina. Hann hafi náð að stöðva sig með ísexi en leiðin niður hafi verið of erfið og hann því sóttur með þyrlu og honum komið undir læknishendur.
V hefur hafnað bótaskyldu vegna þessa slyss þar sem tryggingin gildi ekki á ferðalögum á „landi eða legi utan alfaraleiða“. Þessari afstöðu mótmælir M. Hann hafi verið á þekktu skíðasvæði þar sem fólk sé flutt upp fjallið með kláfum, en auk þess sé hægt að ganga upp á tindinn. Leiðin sem M hafi verið á sé ein auðveldasta og mest nýtta leiðin á fjallinu. Hugtakið alfaraleið feli í sér leið sem farin sé á vegum eða slóðum, en utan alfaraleiðar eigi við um leið sem tengist ekki vegum, slóðum eða stígum og geti legið um holt og móa. Ljóst sé að M hafi verið innan alfaraleiðar þegar hann ákvað að laga búnað á skó sínum með fyrrgreindum afleiðingum. Því eigi umrædd takmörkunarregla vátryggingarskilmálanna ekki við. Þess utan sé umrætt ókvæði óskýrt, enda feli það ekki í sér nánari skilgreiningu á „alfaraleið“. Af því verði V að bera hallann.
Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til ákvæðis 1.7 viðeigandi vátryggingarskilmála, GT82, en þar segi að vátryggingin gildi ekki á ferðalögum á landi eða legi utan alfaraleiða. Breithorn sé 4.164 metra hátt fjall, leiðin upp á tindinn sé í 35° halla og hlíðin, þar sem telja megi að M hafi fallið, í 3.900 – 4.000 metra hæð. Áður en tindurinn er klifinn þurfi að ganga yfir hásléttu jökulsins. Sé fallist á það að ganga um holt og móa sé „utan alfaraleiðar“ hljóti hið sama að eiga um jökulgöngu án merktra vega í slíkri hæð. Þá þurfi sérstakan búnað og þekkingu í fjallamennsku svo þessi ganga sé möguleg. Auk þess sé mælt með því að leiðsögumaður sé með í för. Þó sú leið sem M fór sé sú auðveldasta til að komast á tindinn sé ekki þar með sagt að hún sé auðveld, enda hafi það sýnt sig í því að M hafi þurft frá að hverfa. Er bótaskyldu því hafnað.
Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M sérstaklega að umrædd leið sé merkt og seld sem sérstök leið upp á fjallið og því hafi slysstaður verið innan alfaraleiðar.

Álit.
Samkvæmt framansögðu snýr ágreiningur þessa máls aðeins að því hvort slys M átti sér stað innan eða utan alfaraleiðar, en samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar tekur hún ekki til tjóns á ferðalögum á landi eða legi utan alfaraleiða. Umrætt fjall er 4.164 metra hátt, en þessi tiltekna gönguleið virðist hafa hafist í 3.883 metra hæð yfir sjávarmáli. Af atvikalýsingu má því ráða að M hafi verið á leið á topp fjallsins þegar hann sneri við vegna óþæginda sem því voru samfara að vera í svo mikilli hæð yfir sjávarmáli. Í nánari lýsingu á umræddri leið, sem liggur fyrir nefndinni, kemur m.a. fram að hún sé aðeins fyrir vant fjallafólk í fylgd með leiðsögumanni. Er jafnframt gerð krafa um að þátttakendur séu vel á sig komnir líkamlega og mælt er með að hafa í förina ýmiss konar búnað, s.s. brodda og klifurbelti. Af þessu má ráða að um töluvert krefjandi göngu í mikilli hæð sem einungis henti vönu fjallgöngufólki hafi verið að ræða. Jafnvel þó fallist verði á að æskilegt kynni að vera að hugtakið „alfaraleið“ væri skýrara í umræddum skilmálum og að V beri hallann af slíkum óskýrleika verður því ekki talið sú gönguleið sem M var á geti með nokkru móti fallið undir það. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr kreditkortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 28. apríl 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 88/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar eiganda fasteignar.

Ágreiningur um bótaskyldu er kona varð fyrir meiðslum er hún féll um gat í trépalli við hús.

Gögn.
Málskot, dags. 3.3.2020, ásamt fylgigögnum.
Tölvubréf V, dags. 27.3.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik
M starfaði hjá sveitarfélaginu S við búsetuþjónustu. Hinn 22. janúar 2015 var hún að sinna húseigendum í tiltekinni götu í S sem búa þar í húsi nr. B og njóta búsetuþjónustu á vegum S. Samkvæmt því sem greinir í málskoti mun M hafa farið með annan húseigandann inn í húsið, en þegar hún gekk aftur út úr húsinu hafi hún stigið í gat sem hafi verið í trépalli fyrir utan húsið. Við það hafi hún dottið fram fyrir sig og borið fyrir sig hendurnar með þeim afleiðingum að hún varð fyrir meiðslum á hægri öxl. Gatið hafi verið vegna þess að fjöl hafi vantað í pallinn sem M hafi ekki haft tök á að sjá þar sem pallurinn hafi verið þakinn snjó.

Í tjónstilkynningu S um atvikið til V, dags. 8. desember 2015, kemur fram að M hafi verið að koma út af heimili notanda í búsetuþjónustu og verið að ganga á palli en ekki séð að það hafi vantað fjöl á pallinn vegna snjós. Hafi hún hrasað niður með vinstri fót með fyrrgreindum afleiðingum. Þá er tekið fram í tjónstilkynningunni að orsök slyssins sé lélegur frágangur á fjöl á palli sem ekki hafi verið hægt að greina vegna snjókomu.

Samkvæmt gögnum málsins mun B vera eystri hluti parhúss en vestari hlutinn, hús nr. A mun vera í eigu S. Pallur sá sem M gekk um þegar slysið varð mun tilheyra A. Kveður M að húseigendur að B hafi tjáð sér að S hafi vitað af gatinu og ítrekað hafi verið beðið um viðgerð á pallinum. Sú viðgerð hafi hins vegar ekki farið fram fyrr en eftir slysið. Kveður M að för hennar um pallinn hafi verið á vanalegri gönguleið til og frá B, en pallurinn hafi verið stórhættulegur og óforsvaranlegt hafi verið af hálfu S að hafa ekki látið gera endurbætur á pallinum áður en slysið átti sér stað ellegar að hafa ekki sett upp fullnægjandi aðvaranir fyrir þá sem leið áttu um pallinn. Hafi þetta ástand pallsins farið í bága við gr. 10.12.1 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V vegna þeirra meiðsla sem hún hlaut við slysið. V hefur hafnað bótaskyldu og í því efni vísað einkum til þess að á leið sinni frá B hafi hún ætlað að stytta sér leið yfir lóð A, sem sé í eigu S, og á lóðinni hafi verið gamall trépallur og er M hafi ætlað yfir pallinn hafi hún stigið ofan í holu á pallinum og fallið við það og slasast. Þá hafi starfsmenn S ekki vitað af holunni.

Álit.
Ekki liggja fyrir skýr gögn um aðstæður á lóðum A og B eða hvernig gönguleiðum er háttað um lóðirnar, þ. á m. hvar umræddur pallur er nákvæmlega staðsettur á lóð A og hver afstaða hans sé til aðliggjandi lóðar eða húss, þ.e. B. Ekkert liggur fyrir um það hvernig það mun hafa atvikast að umrædda fjöl vantaði í pallinn, þar sem M varð fyrir slysinu, eða hversu lengi hana hefur vantað áður en slysið varð. Þá eru engin skýr gögn fyrirliggjandi sem sýna fram á að starfsmenn S hafi vitað eða mátt vita um hið bága ásigkomulag pallsins. Að öllu virtu verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að slysið verði rakið til atvika sem S getur borið ábyrgð á. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 89/2020

M og
V vegna slysatryggingar launþega hjá X

Gildissvið vátryggingarskilmála vegna slyss 5. ágúst 2018.

Gögn.
Málskot, dags. 9. mars 2020 ásamt gögnum.
Bréf V, dags. 26. mars 2020 ásamt gögnum.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 30. mars 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 5. ágúst 2018, verið á leið til vinnu frá heimili sínu, sem þá hafi verið hjá foreldrum hans í fjölbýlishúsi, þegar hann rak sig í hurðarkarm, missteig sig og féll á stétt fyrir utan útidyr fjölbýlishússins.

M telur ljóst af gögnum málsins að M hafi verið á eðlilegri leið frá heimili sínu að vinnustað þegar slysið varð og falli það því undir gildissvið slysatryggingar launþega X hjá V. M vísar til þess að í gr. 3.1. í vátryggingarskilmálum sé kveðið á um það að slysatryggingin nái til eðlilegra ferða frá heimili til vinnustaðar. M vísar til skýrslu vitnis um hvar nákvæmlega slysið varð, þ.e. við útidyr fjölbýlishúss þess sem hann bjó í hjá foreldrum sínum. Einnig vísar M til þess að þrátt fyrir lögheimilisskráningu annars staðar hafi hann verið til heimilis hjá foreldrum sínum, eins og sé staðfest af þeirra hálfu og þar sem vátryggingaskilmálar vísi skv. orðanna hljóðan til heimilis en ekki lögheimilis þá verði að leggja þá staðsetningu til grundvallar. M bendir á að slysið hafi átt sér stað utan séreignar fjölbýlishússins og þannig hafi hann ótvírætt verið komin af stað til vinnu þegar hann slasaðist í sameign þess og vísar til úrskurðar úrskurðarnefndar velferðarmála í máli nr. 233/2007, máli sínu til stuðnings.

V telur ósannað að slys M hafi orðið á leið hans til vinnu og vísar til þess að tilkynning þess efnis hafi ekki borist til V fyrr en 10. júlí 2019 eða tæpu ári eftir slysið. Einnig vísar V til þess að í tjónstilkynningu og skv. upplýsingum í læknisvottorðum um aðdraganda slyssins sé ekki ljóst hvar M hafi verið þegar hann slasaðist og það hafi ekki verið skýrt frekar fyrr en með aðkomu lögmanns M í október 2019 og þá hafi fyrst borist yfirlýsing frá vitni um atburðinn. V telur að með því að M hafi verið á heimili foreldra sinna þegar hann slasaðist hafi hann ekki verið á heimili sínu skv. lögheimilisskráningu. Einnig bendir V á að þó upplýst sé hvort um heimili M hafi verið að ræða þá sé með öllu ósannað hvar nákvæmlega slysið varð og stangist lýsingar M á í gögnum málsins.

Álit.
Í málinu er deilt um hvort líkamstjón það sem M hlaut í slysi 5. ágúst 2018 falli undir gildissvið vátryggingarskilmála slysatryggingar launþega hjá V. Í gr. 3.1 í þeim skilmálum segir: „Vátryggingin tekur til slyss sem vátryggður verður fyrir við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili sínu til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Ef vátryggður hefur vegna starfs síns viðlegustað utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis, en vátryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar.“ Af þessu orðalagi verður ekki ráðið að eingöngu verði litið til lögheimilisskráningar þegar heimili vátryggðs er skilgreint, auk þess kemur fram í ákvæðinu sú útvíkkun að viðlegustaður utan heimilis geti komið í stað heimilis. Verður ákvæðið því ekki túlkað þröngt um hvað teljist til heimilis í skilningi skilmálanna. Sönnunarbyrði um að M hafi ekki átt heimili, eins og yfirlýsingar hans og annarra sýna, verður því að leggja á V, en ekki hafa verið lögð fram gögn af hálfu félagsins sem hnekkja því að M hafi verið til heimilis í fjölbýlishúsi foreldra Verður sönnunarbyrði um að slys M hafi átt sér stað innan veggja heimilisins en ekki við útidyr þess einnig lögð á V m.v. þau gögn sem liggja fyrir, t.d. ódags. yfirlýsing vitnis sem styður þá lýsingu M af atvikum. Ekki verður heldur lagt til grundvallar að afstaða X hafi áhrif á sjálfstæðan rétt M sem vátryggðs í slysatryggingu launþega eða á túlkun gr. 3.1 í vátryggingarskilmálum. Telst bótaskylda því fyrir hendi úr vátryggingunni.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V

Reykjavík, 28. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 90/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss 24. mars 2017.

Gögn.
Málskot, dags. 9. mars 2020 ásamt gögnum.
Bréf V, dags. 3. apríl 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M var við vinnu sína hjá X þegar grind féll af lyftara á M og hlaut hann við það líkamstjón. Nánar tiltekið voru, skv. skýrslu Vinnueftirlitsins dags. 31. mars 2017, í grindinni uppistöður fyrir röraverkpalla. Í sömu skýrslu kemur fram að gafflar lyftarans hafi verið í um 80-90 cm hæð þegar grindin rann til. Niðurstaða rannsóknar Vinnueftirlitsins var sú að orsakir slyssins mætti rekja til þess í fyrsta lagi að langhliðar grindar væru ekki með þar til gerðum búnaði fyrir gaffla lyftarans, sem auka á stöðugleika byrðar þegar henni er lyft, í öðru lagi að töluverð rigning hafi verið sem hafi gert gaffla lyftarans og undirstöður grindarinnar hálar og í þriðja lagi að M hafi ekki haft réttindi til að stjórna lyftara. Fyrirmæli Vinnueftirlitsins voru síðan m.a. þau að gera þyrfti skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði vegna þess verkþáttar sem slysið varð við.

M telur að X hafi sem atvinnurekandi brugðist skyldu sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980 og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum með því að ganga ekki úr skugga um að tryggja öryggi og góðan aðbúnað við vinnu M með því að þær grindur sem notaðar voru hafi ekki verið í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 sem og gr. 2.6 í I. viðauka reglugerðarinnar þar sem kemur fram að tryggja skuli stöðugleika tækja með ákveðnum hætti sem og gr. 3.2. Einnig telur M að þar sem ekki hafi verið fyrir hendi skriflegt áhættumat vegna verkþáttarins, eins og gert er ráð fyrir í 65. gr. laga nr. 46/1980 styrki röksemdir hans um skaðabótaábyrgð X.

V telur hins vegar ekki skilyrði til greiðslna úr ábyrgðartryggingu X þar sem ekkert hafi komið fram sem renni stoðum undir það að orsök slyss M megi rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. V telur að skipulag verkþáttar þess sem M vann við þegar hann slasaðist hefi verið í hans eigin höndum og ef einhver hafi ekki farið eftir fyrirmælum laga og reglugerða þá hafi það verið M sjálfur. V vísar til þess að M hafi sjálfur farið út úr lyftaranum og staðsett gaffla lyftara í 80-90 cm hæð þrátt fyrir að grindin sem var á þeim hafi ekki verið til þess gerð að nota með þeim lyftara. M hafi heldur ekki sjálfur tryggt stöðugleika á meðan unnið var í kringum byrðina á lyftaranum. M hafi ekki bent X á að aðstæður væru ófullnægjandi skv. 26. gr. laga nr. 46/1980 og afstaða V sé í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 37/2016.

Álit.
Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að skipulag vinnu, við það verk sem M var að vinna sem starfsmaður X, hafi ekki legið fyrir með sérstökum vinnureglum eða skriflegu áhættumati. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar Vinnueftirlitsins má rekja orsakir slyss M til þess að ekki hafi verið notaður réttur búnaður til að tryggja stöðugleika byrða og fyrirmæli til X voru þau að gera þyrfti skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði vegna þess verkþáttar sem M var að vinna við í greint sinn. V hefur ekki sýnt fram á það með gögnum frá X að vinnureglur hafi verið skýrar varðandi framkvæmd þess verkþáttar sem M var að vinna við í greint sinn, auk þess sem M virðist hafa verið falið að stjórna vinnuvél án þess að hafa til þess tilskilin réttindi. Verður að gera þá kröfu til X að tilhögun vinnu sé skýr m.t.t. fyrirmæla um öryggi og aðbúnað á vinnustað skv. lögum nr. 46/1980 og reglum sem settar eru með stoð í þeim lögum. Þess gætti X ekki nægilega vel að og verður það metið X til sakar.

Til þess að M geti borið ábyrgð á tjóni sínu vegna meðábyrgðar að hluta eða öllu leyti verður háttsemi hans að hafa verið stórkostlegt gáleysi eða ásetningur, sbr. 23. gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993. Þó M hafi í greint sinn stjórnað lyftara án tilskilinna réttinda verður honum ekki metið það til meira en almenns gáleysis að hafa unnið verkið með þeim hætti sem hann gerði. Ekki liggur fyrir að M hafi farið gegn vinnureglum eða hann hafi haft stöðu verkstjóra í greint sinn.

M telst því eiga fullan bótarétt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
Tjón M er bótaskylt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. maí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 92/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna falls af hestbaki

Gögn.
Málskot móttekið 16.03.2020 ásamt fylgiskjölum 1-19.
Bréf V dags. 31.03.2020 ásamt fylgiskjölum.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 31.03.2020.

Málsatvik.
Hinn 25. september 2019 var M í útreiðartúr á vegum hestaleigunnar A þegar hún féll af baki með þeim afleiðingum að hún meiddist.

Í málskoti lýsir M atvikum sem svo að þegar hún hafði skipt um föt fyrir umræddan útreiðartúr hafi komið í ljós að ekki nógu margir hestar voru tilbúnir með reiðtygi fyrir hópinn. Hafi tveir ungir, líklega 13 – 16 ára, starfsmenn A, verið sendir að sækja og leggja á fleiri hesta. M hafi fengið einn þessara hesta til reiðar. Fyrir ferðina hafi M ekki fengið neinar frekari leiðbeiningar. Eftir um fimmtán mínútna reið hafi hnakkurinn á hesti M byrjað að renna til, og hann runnið út á hlið án þess að hún gæti nokkuð aðhafst, með þeim afleiðingum að hún féll og dróst eftir jörðinni. Hafi M fengið nýjan hnakk og haldið reiðtúrnum áfram en tilkynnt starfsmönnum A að hún fyndi til í baki eftir fallið. M leitaði svo til læknis við heimkomu sína til Bandaríkjanna og kom þá í ljós að hún var með rifbrot auk áverka á mjóbaki.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna umrædds atviks enda megi rekja það til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna þess. Byggir hún einkum á því að hnakkurinn hafi ekki verið nægilega vel hertur að hestinum og/eða vanbúinn. Þar sem ekki sé gerður áskilnaður um reynslu eða þekkingu þeirra sem fari í umræddar hestaferðir verði að gera ríkar kröfur til A og starfsmanna þess að tryggja í hvívetna öryggi viðskiptavina sinna. Það hafi ekki verið gert, enda hafi ekki verið sérstaklega hugað að því hvort hnakkur á hesti M hefði verið nægilega hertur áður en reiðferðin hófst. Þá hafi atvikið ekki verið skráð eða rannsakað sérstaklega og því sé ekki hægt að fullyrða um að hnakkurinn hafi ekki verið vanbúinn á einhvern hátt. Þá telur M að atvikaskýrsla, áhættumat, verklagsreglur og öryggisáætlun A hafi ekki verið í samræmi við lagaáskilnað.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt A hafi hnakkur M verið yfirfarinn tvisvar, fyrst þegar lagt var á hestinn og síðar eftir að M hafi sest á bak. Hins vegar sé það svo að hnakkur geti aldrei verið fullkomlega fastur við hest og verði knapi þá að vera vakandi fyrir því að hnakkurinn geti verið laus en reiðmennska sé aldrei án áhættu. Þá sé því mótmælt að starfsmenn A hafi verið ungir og reynslulausir, sá yngsti hafi verið 17 ára en haft mikla reynslu af hestum. Þá hafi hnakkurinn verið prófaður af starfsmanni A eftir slysið og hafi hann reynst vera í lagi. Hvað varði viðbrögð við slysi M þá hafi strax verið hugað að henni, henni boðið að snúa til baka með bifreið og eins hafi henni verið boðið að fara á bráðamóttöku til skoðunar en því hafi hún hafnað enda viljað ljúka reiðferðinni. Þá vísar V til þess að samkvæmt skilmálum A hafi M farið í umrædda reiðferð á eigin ábyrgð og áhættu. V hafnar því kröfu M þar sem ekki sé sýnt fram á að slys M sé að rekja til saknæmrar háttsemi af hálfu starfsmanna A og verði að líta svo á að um óhappatilviljun hafi verið að ræða. Jafnframt er því hafnað af hálfu V að A hafi brotið gegn nokkrum reglum sem giltu um starfsemi þess.

Álit:
Af gögnum málsins, sem þó eru töluvert umfangsmikil, verður ekki ráðið að A hafi skráð sérstaklega í þar til gerða atvikaskýrslu lýsingu á umræddu atviki eða orsökum þess og er fallist á með M að atvikaskýrslan sé ófullnægjandi að þessu leyti. Verður því að miða við frásögn M af því hvernig fall hennar atvikaðist og það að orsök fallsins hafi verið sú að hún hafi misst jafnvægi á hestinum þegar hnakkurinn rann til hliðar. Hefur því heldur ekki verið mótmælt sérstaklega. Af myndbandi því sem liggur fyrir nefndinni verður heldur ekki séð að aðrar orsakir komi til álita enda virðast hestarnir þægir

og hópurinn á lítilli ferð. Af myndbandinu verður jafnframt greint að M féll á reiðstíginn vinstra megin við hestinn og dróst með honum með fótinn í ístaðinu.

Telja verður að ástæða þess að hnakkurinn rann til hliðar á þennan hátt hafi verið sú að hann hafi ekki verið nægjanlega hertur að hestinum, þó ekki sé hægt að fullyrða um hvort hnakkurinn hafi ekki verið nægilega hertur við upphaf ferðarinnar eða hvort vanrækt hafi verið að stöðva og huga að festingum meðan á ferðinni stóð. Það er á ábyrgð A að gæta þess að reiðtygi séu lögð á með tryggilegum hætti og að hnakkar séu hertir eins og kostur er. Er sú ábyrgð sérlega rík þar eð um er að ræða þjónustu sem er aðgengileg almenningi og ekki er gerður áskilnaður um sérstaka reynslu þeirra sem fara í ferðir sem þessa. Verður ekki talið að áskilnaður í skilmálum A um að viðskiptavinir fari í reiðferðir á eigin áhættu breyti neinu að þessu leyti.

Þá verður ekki séð að M sjálf geti borið nokkra sök á því hvernig fór. Þannig verður ekki séð að M hafi getað brugðist við á einhvern annan hátt, né verður séð, samkvæmt verklagsreglum og öryggisáætlun A, að gert sé ráð fyrir að viðskiptavinir séu fræddir um það að hnakkar geti verið lausir á hestum og þá hvort, og hvernig, hægt sé að bregðast við því.

Samkvæmt öllu framansögðu má rekja slys M til sakar A eða starfsmanna þess og er bótaskylda þar af leiðandi fyrir hendi.

Niðurstaða.
Má rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 93/2020

M og
V v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar verktaka.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á parketi af völdum leka inn um glugga sem verið var að gera við.

Gögn.
Málskot, móttekið 15.3.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 2.4.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Samkvæmt verksamningi, dags. 29. júní 2015, tók verktakinn A að sér viðgerðir utanhúss á nánar tilgreindu fjölbýlishúsi í Reykjavík og áttu verklok að vera 15 september sama ár. M er eigandi íbúðar á 2. hæð í húsinu. Í fyrirliggjandi útboðslýsingu kemur fram að viðgerðin taki til viðgerðar á ytra byrði hússins og glugga í húsinu. Varðandi viðgerðir á gluggum kemur fram að allar ónýtar þéttingar, sem eru á milli glugga og veggjar, þurfi að fjarlægja og setja nýjar í staðinn.

Samkvæmt málskoti kveður M að láðst hafi að ganga frá þéttingum við glugga sem hafi valdið leka þannig að vatn hafi flætt inn og parket í stofu hafi skemmst. Um hafi verið að ræða handvömm af hálfu starfsmanna A sem hafi lagfært lekann sumarið 2016. Síðan hafi ekki lekið inn, en parket í stofunni sé ónýtt.

Í fundargerð verkfundar sem haldinn var 2. desember 2016 kemur fram að rætt hafi verið um skemmdir sem hafi orðið þar sem frágangi hafi verið ábótavant í íbúð M, en búið hafi verið að komast fyrir lekann. Hafi fyrirsvarsmaður A staðfest að parket í íbúðinni verði „bætt/lagfært“ á kostnað verktaka.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna tjóns á parketinu. V hefur hafnað bótaskyldu. Höfnun sína byggir V í fyrsta lagi á því að engin gögn hafi verið lögð fram varðandi umfang verksins og ekki hafi verið sýnt fram á í hverju hin saknæmu mistök af hálfu A hafi falist. Í öðru lagi falli tjónið ekki undir bótasvið vátryggingarinnar skv. greinum 5.2 og 5.3 í skilmálum ábyrgðartryggingarinnar þar sem um hafi verið að ræða skemmdir á munum sem A hafi haft í vörslum sínum vegna viðgerðar á gluggum í íbúð M. Loks í þriðja lagi kveður V að kröfur vegna tjónsins séu fyrndar þar sem tjónið hafi orðið síðla árs 2015 og gert hafi verið við lekann sumarið 2016. Samkvæmt því hafi fjögurra ára fyrningarfrestur samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, verið liðinn seint á árinu 2019.

Álit.
Samkvæmt 2. gr. skilmála ábyrgðartryggingar V, sem hér eru til skoðunar, tekur vátryggingin til skaðabótaábyrgðar utan samninga, sem fellur á vátryggðan vegna slysa á mönnum eða skemmda á munum, vegna starfsemi þeirrar, sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun. Í 5. gr. skilmálanna er kveðið á um almennar undantekningar vegna skemmda á munum. Þannig segir í gr. 5.2 að vátryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal munir, sem vátryggður hefur tekið í heimildarleysi. Enn fremur segir í gr. 5.3 að vátryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. Ákvæði 5. gr. skilmálanna eru undantekningarákvæði frá meginreglu 2. gr. um gildissvið vátryggingarinnar og ber því að skýra ákvæði greinarinnar þröngt. Ljóst er að A vann fyrst og síðast að viðgerð á útveggjum fjölbýlishússins sem og gluggum að utanverðu. Með því hafði A ekki allt fjölbýlishúsið að utan sem innan í vörslum sínum. Eins og hér stóð á verður ekki talið að A hafi haft til viðgerðar eða með öðrum hætti haft í vörslum sínum aðra hluta fasteignarinnar en þá hluta hennar sem töldust til ytra byrðis hússins auk glugga að utanverðu. Parket á stofu í íbúð M var því ekki í vörslum A meðan á viðgerð hússins að utanverðu stóð. Tjón á parketinu getur því fallið undir ábyrgðartrygginguna að öðrum skilyrðum fullnægðum.

Á fyrrgreindum verkfundi 2. desember 2016 kom skýrt fram að skemmdir í íbúð M megi rekja til þess að frágangi hafi verið ábótavant og komist hafi verið fyrir leka sem olli skemmdunum. Samkvæmt þessu verður að telja nægilega sannað að skemmdir á parketi á stofugólfi í íbúð M megi rekja til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á og tjónið fáist því bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V nema önnur atvik leiði til þess að skaðabótakrafa M á hendur V sé fallin niður, svo sem sakir fyrningar.

Samkvæmt fyrri málslið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnist krafa um skaðabætur á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Þá segir í 14. gr. laganna að fyrningu sé slitið þegar skuldari hefur gagnvart kröfuhafa beinlínis eða með atferli sínu viðurkennt skylduna, svo sem með loforði um greiðslu eða með því að greiða afborgun höfuðstóls, verðbætur eða vexti.

Í máli þessu beinir M bótakröfu sinni beint að V eins og heimilt er samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Kemur því til sérstakrar skoðunar hvort bótakrafa M kunni að vera fyrnd gagnvart V. Samkvæmt gögnum málsins verður að telja ljóst að síðla árs 2015 hafi M vitað af skemmdum á parketinu og hver hafi verið orsök þeirra. Á því tímamarki hóst fjögurra ára fyrningarfrestur bótakröfu M á hendur V. Sá frestur var því liðinn þegar M lagði mál þetta fyrir úrskurðarnefnd 15. mars 2020. Af því leiðir að bótakrafa M á hendur V er niður fallin vegna fyrningar og á hann því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 95/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 29. október 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 05.03.2020 ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf V1, dags. 01.04.2020.
Bréf V2, dags. 27.03.2020.

Málsatvik.
Hinn 29. október 2019 varð árekstur milli ökutækja A og B, sem er vörubifreið í eigu M, á Suðurlandsvegi vestan við Hvolsvöll. Var lögregla kölluð til vegna atviksins. Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni A að hann hafi ekið vestur Suðurlandsveg á um 95 kílómetra hraða á klukkustund. Hann hafi ákveðið að aka framúr B og verið kominn upp að hlið B þegar hann „áttaði sig á því“ að B gaf stefnumerki til marks um að vinstri beygja væri fyrirhuguð. Hafi hann þá hemlað en ekki náð að stöðva bifreiðina þegar B beygði í veg fyrir hann. Til að varna árekstri hafi A einnig reynt að beygja til vinstri en þá lent á eldsneytistanki B. Haft er eftir B að hann hafi gefið stefnuljós til vinstri nokkru áður en hann kom að gatnamótum og ekki tekið eftir bifreið A fyrr en hún lenti á B.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú að B skyldi bera 2/3 sakar á umræddum árekstri þar sem hann hefði ekki gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig við beygju til vinstri og A skyldi bera 1/3 sakar vegna ógætilegs framúraksturs. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og hafnar því alfarið að B hafi ekki sýnt næga aðgæslu við aksturinn. B hafi aðeins ætlað að aka stuttan spöl á þjóðvegi 1, eða 420 metra, áður en hann beygði til vinstri og hafi hraði bifreiðarinnar því aðeins verið 15-20 kílómetrar á klukkustund. Áður en hann kom að gatnamótum hafi B, með góðum fyrirvara, gefið stefnuljós til vinstri. Þá hafi A, sem mögulega hafi verið ekið á meiri hraða en fram kemur í lögregluskýrslu, nálgast mjög hratt, og hafi B ekki orðið hennar var þrátt fyrir að aðgæta spegla áður en hann beygði. Örsök árekstursins sé því að fullu að rekja til þess að A hafi ekið of hratt og ekki veitt stefnumerki B athygli, þrátt fyrir að aðstæður hafi gefið fullt tilefni til aðgæslu. Telur M því að A beri alla sök á umræddum árekstri.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, kemur fram að samkvæmt síðari framburði A hafi B aðeins gefið stefnumerki til vinstri um sekúndu áður en hann beygði. Sýnt sé fram á að B hafi gefið stefnumerki til marks um að hann hygði á vinstri beygju en alls ósannað sé að hann hafi gert það með þeim fyrirvara að öðrum ökumönnum gæfist ráðrúm til að bregðast við. Þá hafi B aðeins verið ekið á 15-20 kílómetra hraða á klukkustund og miðað við mikinn mun á hraða faratækjanna hafi ekki verið óeðlilegt að A ætlaði sér að aka framúr B. Með hliðsjón af því hver ökuhraði B var hefði hvílt á honum sérstök skylda til að gæta varúðar, enda hefði hann mátt gera ráð fyrir að aðrir ökumenn mundu reyna framúrakstur, en framúrakstur hafi verið heimill á þessum stað. Í viðbótarframburði A komi jafnframt fram að hann hafi verið nýbúinn að taka framúr annarri bifreið og því sé ljóst að A hafi verið í nokkurn tíma á gagnstæðri akrein. Hefði B því átt að veita honum athygli. Er afstaða V1 því sú að B beri fulla sök á umræddum árekstri.

V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, gerir ekki athugasemdir vegna málsins.

Álit:
Umræddur árekstur átti sér stað í gildistíð eldri umferðarlaga nr. 50/1987 og ber því að líta til ákvæða þeirra við úrlausn málsins. Jafnframt verður byggt á lögregluskýrslu, sem er frumgagn í málinu, hvað varðar frásagnir ökumanna og lýsingu á aðstæðum. Þar kemur fram að rökkur hafi verið og engin lýsing á umræddum vegkafla, og verður því að telja að aðstæður hafi verið slíkar að skylda til að gæta varúðar hafi hvílt á báðum ökumönnum. Þá verður byggt á því að B hafi gefið stefnumerki til marks

um að hann hygði á vinstri beygju en að A hafi ekki áttað sig á því í tæka tíð, sbr. ummæli A í lögregluskýrslu. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. eldri umferðarlaga skyldi ökumaður sem ætlaði að beygja á vegamótum ganga úr skugga um að það væri hægt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, og jafnframt sérstaklega gefa gaum að umferð sem á eftir kæmi. Verður að líta svo á að B hafi umrætt sinn ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði. Verður jafnframt að telja að með því að aka á 15-20 kílómetra hraða á klukkustund á þjóðvegi 1 hafi B ekki gætt nægilega að áskilnaði 3. mgr. 36. gr. en þar var kveðið á um að ökumaður mætti ekki að óþörfu aka svo hægt að tefji eðlilegan akstur annarra eða skapaði hættu. Samkvæmt framansögðu telst B því bera nokkra sök á umræddum árekstri.

Í 1. mgr. 20. gr. eldri umferðarlaga var m.a. kveðið á um að skyldu til að aka hægra megin fram úr ökutæki, ef ökumaður þess beygði til vinstri eða undirbjó greinilega vinstri beygju. Þá var í 2. mgr. sömu greinar kveðið á um að ökumaður sem ætlaði fram úr ökutæki skyldi ganga úr skugga um að það væri unnt án hættu. Verður að telja að A hafi ekki gætt nægilega að þessum atriðum umrætt sinn.

Samkvæmt framansögðu verður ekki séð að annar ökumanna eigi að bera meiri sök en hinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, verður sök skipt þannig að hvor ökumanna beri helming sakar.

Niðurstaða.
Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 19. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 96/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Skaðabótaábyrgð vegna falls í stiga 25. janúar 2019.

Gögn.
Málskot, dags. 3. mars 2020 ásamt gögnum og tölvupósti lögmanns dags. 30. mars 2020.
Bréf V, dags. 27. mars 2020, ásamt gögnum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa verið við störf sín hjá X og verið að þrífa á efri hæð gistiheimilisins sem X rekur þegar hann hafi slasast. Í gögnum málsins er aðdraganda slyssins lýst þannig í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 1. febrúar 2019 að M hafi hrasað og dottið niður stiga. Síðar virðist hafa verið bætt við þá tilkynningu að M hafi rekist í lausa brík í stiganum. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins er einnig vísað til þess að M hafi dottið niður stiga. Í læknisvottorðum kemur fram að M hafi dottið niður stiga og borið hendi fyrir sig.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans þar sem vinnuaðstæður hafi verið ófullnægjandi og hafi hann fest hæl á skó sínum í állista sem er á samskeytum efsta þreps stigans og þannig fallið niður stigann. M telur að leggja eigi hans frásögn til grundvallar þar sem slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins af hálfu X fyrr en Vinnueftirlitið móttók tjónstilkynningu 20. mars 2019 eða um tveimur mánuðum eftir slysið og þannig hafi verið brotið gegn fyrirmælum 79. gr. laga nr. 46/1980, en M hafi verið óvinnufær frá slysdegi. M vísar einnig til mynda og myndbands sem kona M hafi tekið af aðstæðum í gistiheimili X og það sýni að brík á stiga hafi verið laus og skapað hættu og aðbúnaður í stiganum þannig óforsvaranlegur. M vísar einnig til þess að hann viti til þess að X hafi fjarlægt lista í stiga eftir slysið og myndir í bréfi X til V séu ekki í samræmi við aðstæður eins og þær voru þegar hann slasaðist.

V vísar til greinargerðar X þar sem kemur fram að M hafi verið að skúra gólf á efri hæð gistiheimilis X og hafi snúið baki í stiga sem liggur niður á fyrstu hæð. X telur M hafa bakkað að stiganum án þess að gá að sér og þannig dottið niður stigann. Sú lýsing sé í samræmi við lýsingar M sjálfs fyrst eftir slysið og að það eigi ekki að taka mig af breyttum lýsingum í gögnum. V vísar til þess að X hafi tilkynnt slys M til Vinnueftirlitsins með tjónstilkynningu dags. 1. febrúar 2019 eða innan viku frá slysi og geti sönnunarbyrði ekki snúist við vegna þeirra aðstæðna. Einnig vísar V til þess að engar athugasemdir hafi verið gerðar við stigann og fjöldi fólks gangi um hann á hverjum degi.

Álit.
Í málinu er deilt um aðdraganda líkamstjóns M, en ljóst er að hann féll niður stiga þegar hann var við störf sín hjá X. Í fyrstu tilkynningum um slysið sem og læknisfræðilegum gögnum vegna þess kemur ekkert annað fram en að M hafi fallið niður stiga. Mögulegar ástæður sem tengjast stigabrík koma ekki fram fyrr en síðar og hafa enga stoð í samtímagögnum sem staðfesta hvernig aðstæður voru á vettvangi. Ekki er ljóst hvenær myndir og myndband er tekið og enn síður hvort þær aðstæður sem þar koma fram hafi verið fyrir hendi þegar M slasaðist. Ekkert liggur fyrir um framburð M vegna þessa með beinum hætti með sjálfstæðri skýrslu hans af atvikum, lögregluskýrslu eða álíka sönnunargögnum. Þó ekki hafi verið staðfest móttaka tjónstilkynningar X, dags. 1. febrúar 2019, til Vinnueftirlitsins fyrr en 20. mars 2019 verður ekki séð með skýrum hætti af gögnum málsins að frásögn M dugi til að sýna fram á að aðstæður hafi verið með einhverjum hætti óforsvaranlegar á vinnustað hans og það hafi leitt til slyssins.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 97/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um miskabótakröfu vegna umferðaróhapps

Gögn.
Málskot dags. 09.03.2020 ásamt fylgiskjölum 1-4.
Bréf V dags. 24.03.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 27.03.2020 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Hinn 8. ágúst 2019 varð árekstur með bifreið A, sem M ók umrætt sinn og bifreiðinni B, sem X ók, á gatnamótum Suðurlandsvegar og Skógavegar. Lögregluskýrsla var gerð um atvikið og af henni má ráða að B hafi verið ekið frá Skógum og inn á Suðurlandsveg, án þess að ökumaður hennar hægði á hraða hennar eða virti með einhverjum hætti biðskyldu sem gefin er til kynna með þar til gerðu merki. Var B því ekið í veg fyrir A sem ók vestur Suðurlandsveg með þeim afleiðingum að árekstur varð.

M fer fram á miskabætur á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna atviksins, en hann hafi orðið fyrir líkamstjóni áreksturs við bifreið A. Í málskoti byggir M kröfu sína á því að X geti ekki hafa verið allsgáður eða með sjálfum sér fyrst aksturslag hans var með ofangreindum hætti. Jafnframt hafi X ekið án gildra ökuréttinda. Hafi hann því gerst sekur um stórkostlegt gáleysi í skilningi framangreindrar lagagreinar sem leiða eigi til bótaskyldu.

V hafnar þeirri kröfu á grundvelli þess að ekki sé sýnt fram á að slysið megi rekja til stórfellds gáleysis X. Slysinu hafi verið valdið með því einfalda gáleysi X að virða ekki biðskyldu. Hins vegar liggi ekkert fyrir í málinu um að B hafi t.a.m. verið ekið á of miklum hraða, að X hafi verið ölvaður eða á annan hátt ófær um að stjórna bifreið eða um vanbúnað bifreiðarinnar. Þá komi fram í lögregluskýrslu að X hafi verið með gild ökuréttindi á tjónsdegi. X hafi því ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og sé réttur til bóta því ekki til staðar.

Í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar áréttar M að hann hafi ekið eftir þjóðvegi 1 og notið aðalbrautarréttar, ekki hafi verið um gatnamót að ræða heldur afleggjara inn á aðalbraut. M hafi ekið A á löglegum hraða, og verið ómögulegt að aðhafast nokkurt sem afstýrt gæti umræddu slysi. X hefði fyrst hægt á hraða B en svo aukið hann aftur er hann nálgaðist þjóðveg 1 og ók út á hann án þess að gæta í nokkru að biðskyldu. Máli sínu til frekari stuðnings vísar M til dómaframkvæmdar.

Álit:
Svo miskabótakrafa M, skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, komi til álita þarf hann að sýna fram á að X hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leitt hafi til líkamstjóns hans. Af gögnum málsins er ljóst að X olli umræddum árekstri með þeirri háttsemi sinni að virða ekki forgangsrétt sem gefinn var til kynna með biðskyldumerki. Það eitt og sér leiðir ekki sjálfkrafa til þeirrar niðurstöðu að aksturslag hans hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins að aðrir þættir hafi verið meðverkandi orsakir árekstursins. Jafnframt má ráða af lögregluskýrslu að X hafi á tjónsdegi verið með gild ökuréttindi fram til 16. mars 2028. Þrátt fyrir að blóðsýni hafi verið tekið úr báðum ökumönnum á vettvangi liggur svo ekkert fyrir nefndinni sem gefi til kynna að X hafi sérstaklega verið grunaður um ölvun við aksturinn. Af lögregluskýrslu má ráða að vegna tungumálaörðugleika hafi ekki verið hægt að taka aðilaskýrslu af X, en af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu verður samkvæmt framansögðu ekki talið sýnt fram á að hann hafi ekki verið allsgáður eða með sjálfum sér svo sem byggt er á í málskoti. Á M því ekki rétt á miskabótum á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 5. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 98/2020

M og
V vegna innbús- og ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar (Heimatryggingar).

Gildissvið vátryggingarskilmála vegna tjóns á húseign.

Gögn.
Málskot, móttekið 18. mars 2020 ásamt gögnum.
Tölvupóstur V, dags. 2. apríl 2020 ásamt gögnum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 13. ágúst 2017 verið unnin málningarvinna á þaki og þakköntum á húseign M. Að kvöldi þess dags hafi síðan komið úrhellisrigning sem eyðilagt hafi málninguna á þakinu sem og hafi orðið skemmdir á öðrum hlutum hússins vegna þessa. M kveðst hafa leitað til V til þess að fá tjón sitt bætt en félagið hafi hafnað því og talið að gildissvið vátryggingar M sem kallast Heimatryggingu næði ekki yfir tjón á húseignum.

M telur að bæta eigi tjón á húseign hans og vísar um það til orðalags yfirlitsmyndar sem er hluti vátryggingarskilmála þar sem fjallað sé um undanþágur og takmarkanir á bls. 25, en þar segi „Vátryggingin bætir ekki: tjón af völdum úrkomu nema það sem verður sem bein afleiðing af skyndilegu tjóni á hlutaðeigandi húsi. Einnig vísar M til gr. 22.1. og 23. gr. um ábyrgðartryggingu. M telur að V hefði átt að orða skilmála sína með skýrari hætti og vísar einnig til bréfs rannsóknarprófessors hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum þar sem hann hefur leist bls. 25 í vátryggingarskilmálum þannig að „sá skilningur sem blasir við er að vátryggingin bæti ekki tjón vegna úrkomu nema úrkoman sé skyndileg, ófyrirséð og svo mikil að hún valdi tjóni á húsinu sem ekki var í mannlegu valdi að verjast.“ Einnig lætur M fylgja tölvupóst frá lögfræðingi Neytendasamtakanna.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að gildissvið svokallaðrar Heimatryggingar sé í innbústryggingarhluta vátryggingarinnar skilgreint í 15. gr. þar sem komi fram að það sem sé vátryggt sé innbú og aðrir persónulegir lausafjármunir vátryggðs sem fylgja almennum heimilishaldi og teljast ekki vera hluti af fasteign eða almennu fylgifé hennar. Húseignin sjálf sé því ekki vátryggð heldur einungis innbúið og því falli tjón M ekki undir gildissvið vátryggingarinnar. V telur að texti undanþáguákvæða í yfirlitsmynd nái því einungis til þess tjóns sem getur orðið á innbúi.

Álit.
Ágreiningur í málinu snýst um hvort tjón sem varð á húseign M eftir úrhellisrigningu bætist úr vátryggingu hans hjá V sem nefnist Heimatrygging. Um er að ræða samsetta fjölskyldutryggingu sem felur m.a. í sér innbústryggingu og ábyrgðartryggingu. Gildissvið innbústryggingar er skilgreint í 15. gr. vátryggingarskilmála og þar kemur skýrt fram að vátryggingin ná til innbús og persónulegra lausafjármuna en ekki til fasteigna. Í yfirlitsmynd sem er hluti af vátryggingarskilmálum er með skýrum hætti merkt að um sé að ræða yfirlitsmynd yfir vátryggingarsvið innbústryggingar. Orðalag yfirlitsmyndarinnar varðandi undanþáguákvæði sem varða tjón á innbúi getur ekki gengið lengra en gildissvið vátryggingarinnar nær til, þ.e. innbús. Verður ekki fallist á að það orðalag sé með einhverjum hætti óskýrt þannig að það geti náð til tjóna á húseignum. Hvað varðar tilvísun til ábyrgðartryggingar í gr. 22.1 og 23 er þar ljóst að gildissvið ábyrgðartryggingar er sú skaðabótaskylda sem fallið getur á vátryggðan (M). Enginn verður skaðabótaskyldur gagnvart sjálfum sér og getur M því ekki krafist bóta á sinni eigin húseign á grundvelli þess ákvæðis.

M á því ekki rétt á bótum vegna tjóns á húseign sinni úr Heimatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
Tjón M er ekki bótaskylt úr Heimatryggingu hjá V

Reykjavík, 12. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 99/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss sem M varð fyrir hinn 21.09.2019.

Gögn.
Málskot dags. 13.03.2020 ásamt fylgiskjölum 1-9.
Bréf V dags. 08.04.2020.

Málsatvik.
Í málskoti segir að hinn 21. september 2019 hafi M slasast töluvert er hann ók torfæruhjóli eftir reiðvegi sem liggur samsíða Ásvegi í Ásahreppi. Nánar lýsir M atvikum svo að hann hafi, ásamt félögum sínum, ekið torfæruhjóli um umræddan veg fyrr um daginn án vandræða. Þegar hann hafi ekið sömu leið til baka síðar um daginn, nokkuð á eftir félögum sínum, hafi hins vegar verið búið að strengja band þvert yfir veginn. M hafi ekið á bandið á 40 til 50 kílómetra hraða á klukkustund með fyrrgreindum afleiðingum. Synir A hafi verið á vettvangi og viðurkennt að hafa strengt bandið yfir veginn. Þá hafi B, eiginkona A, tjáð lögreglu að hún hefði beðið syni sína að strengja band yfir veginn með þessum hætti. Samkvæmt framburði vitnis hafi bandið ekki verið þarna nokkru fyrir slys M, enda hefðu félagar hans sem óku sömu leið þá orðið þess varir og slasast með sama hætti og hann.

M byggir á því að orsakir slyssins verði raktar til saknæmrar háttsemi B, sem hafi mátt búast við umferð um veginn og hefði raunar skýrt lögreglu frá því að hún hefði, áður en bandið var strengt yfir veginn, orðið vör við umferð torfæruhjóla um hann. Það réttlæti ekki gjörðir hennar að hún hafi verið ósátt við að torfæruhjólum væri ekið um veginn, enda slík umferð fyllilega heimil og vegurinn sem slíkur ekki í eigu A og fjölskyldu hans. Jafnframt hefði mátt koma í veg fyrir slys með því að vara vegfarendur með einhverjum hætti við aðstæðum. Krefst M því bóta úr ábyrgðartryggingu bænda, sem er hluti landbúnaðartryggingar A hjá V.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að B hafi látið strengja baggaband yfir umræddan reiðstíg einhvern tímann milli klukkan 16 og 17 hinn 21. september 2019. Óljóst sé hvenær slys M hafi átt sér stað en hann hafi haft samband við neyðarlínu um klukkan 19 og samkvæmt lögregluskýrslu hafi slysið átt sér stað klukkan 18.58. Á þeim tíma hafi ekkert band verið yfir veginum. Í raun hafi bandið aðeins verið uppi í stutta stund, meðan rekstur hrossa átti sér stað en um sé að ræða reiðveg sem fyrst og fremst sé ætlaður umferð reiðmanna. Við rekstur hrossa geti svo verið nauðsynlegt að strengja band yfir veginn með þessum hætti til að stýra umferð þeirra. Bandið hafi verið tekið niður að rekstri loknum og hafi, utan örfáar mínútur meðan tvö hross sem skildu sig frá rekstrinum voru sótt, alltaf verið í augsýn heimilisfólks. Allan þann tíma sem bandið var uppi hafi verið umferð hrossa um stíginn og hefði M því ekki getað dulist að mögulegar hindranir væru uppi vegna rekstrarins. Þá sé það ekki rétt að B hafi orðið vör við umferð torfæruhjóla fyrr um daginn, þvert á móti komi fram í lögregluskýrslu að hún hafi ekki átt von á umferð um veginn. Ákveðins ósamræmis gæti í frásögn M af atvikum og sé ósannað að bandið hafi verið það lengi strengt yfir veginn án eftirlits að hætta hafi getað skapast af. Þannig sé ósannað að heimilisfólk A hafi valdið slysi M með saknæmri háttsemi og er bótaskyldu því hafnað. Þá er tekið fram að fallist hafi verið á bótakröfu M úr slysatryggingu ökumanns og eiganda torfæruhjólsins og dragist þær bætur að fullu frá kröfu hans um bætur úr ábyrgðartryggingu A, samanber 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Álit:
Taka verður undir með V varðandi það að atvikalýsing í máli þessu, þ.á.m. hvað varðar tímasetningar, aðkomu vitna og það hvenær synir A og B hittust fyrir á vettvangi, mætti vera skýrari. Þrátt fyrir það verður, með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja, þ.á.m. lögregluskýrslu sem gerð var vegna atviksins, að telja nægilega sannað að slys M hafi atvikast með þeim hætti að hann hafi ekið torfæruhjóli á baggaband sem strengt var yfir reiðveg samsíða Ásvegi. Kemur þá til skoðunar hvort atvikið megi rekja til saknæmrar háttsemi heimilisfólks A þannig að bótaskylda stofnist úr umræddri

vátryggingu. Í lögregluskýrslu er haft eftir B að hún hafi „séð nokkur hjól fara niður eftir fyrr um daginn en hún sagðist hafa haldið að þau hjól væru komin upp eftir aftur þar sem langur tími hafði liðið frá því hún sá hópinn fara niður eftir.“ Jafnframt kemur fram í lögregluskýrslu að B hafi verið búin að ræða við sveitarstjórnina um að koma fyrir skiltum við reiðveginn er banni akandi umferð. Af því má ráða að akandi umferð um veginn hafi í það minnsta verið einhver, en ekki liggur fyrir að óheimilt hafi verið að aka torfæruhjólum um hann. Þá er ljóst að B hafði vitneskju um umferð torfæruhjóla á svæðinu þennan sama dag. Sé litið til atvika allra verður því að líta svo á að B hafi mátt gera sér grein fyrir að hætta gæti skapast af þessari staðsetningu bandsins. Þar sem ekki verður séð af gögnum málsins að nein vitni hafi orðið að slysi M verður jafnframt að byggja á því að enginn þeirra sem kom að rekstri hrossanna hafi verið nálægt bandinu á þeim tíma. Jafnvel þó þess kunni að hafa verið þörf við rekstur hrossanna að afmarka rekstrarleið þeirra með þessum hætti verður að telja gáleysi fólgið í því að skilja bandið eftir ómannað, jafnvel í stutta stund, en ekki verður séð að B eða aðrir er að rekstrinum komu hafi varað við aðstæðum með nokkrum hætti. Með hliðsjón af framansögðu er það niðurstaða nefndarinnar að rekja megi slys M til gáleysis B og er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A því fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 100/2020

M og
V1 og V2 vegna réttaraðstoðartryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr réttaraðstoðartryggingu.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, dags. 11. mars 2020 ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V1, dags. 27. mars 2020
Bréf V2, dags. 2. apríl 2020, ásamt fylgiskjali.
Bréf lögmanns M, dags. 9. mars 2020

Málsatvik.
Haustið 2016 fengu M verktaka til að brjóta upp útitröppur hjá sér og steypa nýjar með snjóbræðslukerfi. Verktakinn réð undirverktaka í snjóbræðsluþáttinn en ekki var samningssamband milli M og undirverktakans. Verkið misheppnaðist hins vegar þar sem snjór bráðnaði ekki af hluta tröppuvirkisins og frostsprungu lagnirnar á endanum, líklega eftir áramótin 2016/2017. Að vori 2017 komu verktakarnir og sinntu lagfæringum saman. Veturinn 2017/2018 kom í ljós að þær úrbætur skiluðu ekki tilætluðum árangri þar sem snjór bráðnaði ekki, steypa lyftist og leki kom fram. Vorið 2018 var enn leitað eftir úrbótum en verktaki hafnaði ábyrgð. Með bréfi frá lögmanni, dags. 30. apríl 2018, var aðalverktaki krafinn um úrbætur. Þann 20. júní 2018 var málið kært til Kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa. Á meðan málið var þar til úrvinnslu komst á beint samband M við undirverktakann og samið um að setja upp lokað kerfi og greiddu M sérstaklega fyrir það. Enn kom í ljós, veturinn 2018/2019 að kerfið var ekki að virka, enn var leki. Höfðu M þá samband við undirverktakann sem framkvæmdi enn úrbætur, sem þó virkuðu ekki. Síðla vetrar 2018/2019 var kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa tilkynnt að sátt hefði náðst í málinu og var því máli lokað.

Þar sem enn þann dag í dag virkar kerfið ekki hyggjast M stefna báðum verktökum og krefjast skaðabóta. Erindi var sent á V1 í lok febrúar 2019 og óskað eftir afstöðu til bótaskyldu í réttaraðstoðartryggingu. Bótaskyldu var hafnað þar sem V1 taldi að atvik málsins hafi vafi gerst fyrir 1. júní 2018, en þá tók V1 við réttaraðstoðartryggingu af V2. Var þá sambærilegt erindi sent á V2, sem hafnaði einnig bótaskyldu þar sem frostsprungur hafi komið fram eftir 1. júní 2018. Það telja M rangt, þar sem sprungur og gallar hafi komið fram mun fyrr, sem staðfestist m.a. með því að málinu hafi verið vísað til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa í júní 2018.

M krefst þess að viðurkennd verðir bótaskylda V2, en til vara að bótaskylda falli á V1.

Í tölvupósti V1 til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ljóst að atvik máls og ágreiningur hafi komið upp áður en M fluttu sína tryggingu yfir til V1, eða um það leyti, og því beri M að leita í tryggingu hjá V2 áli

Í bréfi V2 til nefndarinnar kemur fram að ljóst sé að sátt hafi náðst í málinu um þann ágreining sem stofnast hafði til á vátryggingartímabili M hjá V2. Núverandi deila snúi hins vegar að endurbótum og uppsetningu verktaka á svokölluðu „lokuðu kerfi“. Sú vinna hafi farið fram haustið 2018, eftir að vátrygging M hjá V2 féll úr gildi. Grundvallarforsenda fyrir bótaskyldu sé að tryggingin hafi verið í gildi þegar ágreiningur kom upp og þar sem deilan snúi að framangreindu „lokuðu kerfi“ sé ljóst að ágreiningurinn hafi ekki getað komið upp fyrr en tryggingin var fallin úr gildi og flutt yfir til V1.

Álit
Í málskoti M kemur fram að M hyggist stefna bæði aðalverktaka og undirverktaka og krefjast skaðabóta. V2 hafnaði bótaskyldu á þeirri forsendu að sátt hafi náðst í málinu um þann ágreining sem stofnast hafði til fyrir 1. júní 2018 og að núverandi ágreiningur snúi að endurbótum og uppsetningu á lokuðu kerfi og það hafi hafist eftir 1. júní 2018. Af gögnum málsins má hins vegar ráða að undirverktakinn hafi einn séð um þann þátt málsins, enda eingöngu um pípulagningavinnu að ræða, og

honum greitt sérstaklega fyrir þá framkvæmd. Þó M hyggist stefna báðum verktökum, verður að líta svo á að ágreiningur í málinu sé fyrst og fremst við aðalverktakann og á sá ágreiningur rætur að rekja til atvika er gerðust fyrir 1. júní 2018, m.v. þann málatilbúnað sem M setur fram í málskoti. Hefur þeim upplýsingum ekki verið hnekkt og M eiga því rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V2.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu hjá V2.

Reykjavík, 19. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 101/2020

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á Gullinbrú í Reykjavík þann 17.12.2019.

Gögn.
Málskot, móttekið 19.3.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 2.4.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Bifreiðunum A og B var ekið suður Gullinbrú í átt að Höfðabakka og var A ekið á hægri akrein og B á vinstri akrein. Áreksturinn varð laust eftir kl. 9 að morgni. Samkvæmt skýrslu sem gerð var á vettvangi um áreksturinn kemur fram að bjart hafi verið að degi og færi hált.

Ökumaður A kvaðst vegna umferðar, sem fór hægt á hægri akreininni framundan, hafa ákveðið að skipta yfir á vinstri akreinina. Hafi hann gefið stefnumerki til vinstri, litið í hliðarspegil en enga bifreið séð á vinstri akreininni og ekið yfir á þá akrein. Þá hafi B verið ekið í hlið A. M kveður B hafa verið ljóslausa og því til staðfestingar hefur hann lagt fram ljósmyndir af B, sem teknar hafi verið á vettvangi og sýni að B hafi verið ljóslaus.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á vinstri akrein þegar A hafi verð ekið yfir á vinstri akrein í veg fyrir B. Hafi B þá verið ekið í hlið A. Hann kvaðst ekki hafa náð að hemla áður en árekstur varð en sveigt undan til vinstri til að reyna að afstýra árekstri. Ökumaður B hefur mótmælt því að B hafi verið ljóslaus. Hann hafi drepið á vél B eftir að hann hafi lagt henni að hluta uppi á umferðareyju eftir áreksturinn.

Álit.
Ljóst er að áreksturinn varð í sömu andrá og M skipti um akrein. Eins og atvikum er háttað hefur M sönnunarbyrði um það að áreksturinn megi rekja til þess að B hafi verið ljóslaus. Gegn andmælum ökumanns B hefur sú sönnun ekki tekist. Verður áreksturinn alfarið rakinn til þess að M hafi skipt um akrein án þess að ganga nægilega úr skugga um að það hafi verið unnt án hættu fyrir aðra, eins og honum bar samkvæmt 2. mgr. 17. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Verður M gefin öll sök á árekstrinum.

Niðurstaða.
Leggja ber alla sök á M, ökumann A, bifreiðarinnar A.

Reykjavík, 28. apríl 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 102/2020

M og
V v/ slysatryggingar sjómanna.

Ágreiningur um skipverji hafi orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingarskilmála.

Gögn.
Málskot, dags. 19.3.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 8.3.2020.

Málsatvik.
M var skipverji um borð í fiskiskipi sem 26. apríl 2019 var statt í höfn en verið að búa það til brottfarar. Í tjónstilkynningu til útgerðar og Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 24. maí 2019, og undirrituð er af M og útgerð skipsins, kemur fram að fyrrgreindan dag hafi M verið að búa um efri koju sem hann átti að vera í næsta túr og við verkið hafi hann staðið á brún kojunnar fyrir neðan. Að verki loknu hafi hann stokkið niður á gólf og lent illa og snúist upp á hné hægri fótar svo hann hafi orðið óvinnufær.

Samkvæmt fyrirliggjandi sjúkraskrá M kemur fram að hann hafi leitað til læknis 13. maí 2019. Er þá skráð m.a. um vinnuslys er hann hafi fengið slink á hægra hné þegar hann hoppaði úr koju á sjó tveimur vikum áður og síðan haft smelli og læsingar í hnénu og ekki getað rétt úr því að fullu. Reyndist þá hafa eymsli yfir liðbili.

Í fyrirliggjandi læknisvottorði kemur fram að 13. mars 2018 hafi M leitað til læknis á heilsugæslustöð vegna slyss 11. sama mánaðar er hann hafi fengið ískar á hægra hnéð og gat ekki stigið í fótinn. Í tengslum við þessa komu er vísað til fyrri sögu um áverka á þessu hné og niðurstöðu segulómunar af hnénu sem gerð var 14. mars 2017, sem var „Bucket handle ruptura á mediala liðþófanum, innslegið stórt fragment“ og „Slitið fremra krossband“.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V vegna slyssins 26. apríl 2019. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt vátryggingarskilmálum V sem hér eru til skoðunar greiðir félagið bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir í starfi hjá vátryggingartaka um borð í skipi því sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og í vinnu í beinum tengslum við rekstur skipsins, ef það leiðir til líkamstjóns. Enn fremur er tekið fram að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.

Þegar M varð fyrir meiðslum á hægra hné 26. apríl 2019 hafði hann hoppað ofan af brún neðri koju niður á gólf káetunnar. Við það mun hafa snúist upp á hnéð eða hann fengið slink á það. Ekki liggur annað fyrir en hann hafi hoppað niður á gólfið með eðlilegum og venjulegum hætti án þess séð verði að utanaðkomandi atburður hafi átt þátt í því hvernig hann kom niður á gólfið, en hnéð var veilt fyrir. Að þessu virtu verður ekki séð samkvæmt gögnum málsins að M hafi í umrætt sinn orðið fyrir meiðslum af völdum slyss eins og það hugtak er skilgreint í skilmálum vátryggingarinnar. Af því leiðir að hann á ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 103/2020

M og
V vegna kreditkortatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr forfallatryggingu.

Gögn.
Málskot, móttekið 08.03.2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, móttekið 25.06.2020 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 29.06.2020.
Viðbótarathugasemdir V, dags. 13.07.2020.

Málsatvik.
Hinn 13. ágúst 2019 pöntuðu M og eiginkona hans, X, sér skíðaferð til Ítalíu hjá ferðasalanum A, en fyrirhugaður ferðatími var frá 29. febrúar til 7. mars 2020. Greiddu þau staðfestingargjald samdægurs en heildarverð ferðarinnar var kr. 437.578.

Í byrjun nóvember 2019 hafi X fundið fyrir eymslum í hásinum og hafi svo farið að hinn 25. febrúar, en þá hafi einkenni X versnað aftur eftir tímabundinn bata, hafi læknir ráðið X frá því að fara í umrædda ferð. Af gögnum málsins má ráða að V hafi fallist á bótaskyldu vegna tjóns vátryggðu X, og að einvörðungu sé deilt um umfang tjónsins, þ.e. hvort inneignarnóta frá A eigi að koma til frádráttar umræddu tjóni.

Vátryggði M hafi jafnframt hætt við ferðina að læknisráði, en hann hafi undirgengist krabbameinsmeðferð frá apríl til ágúst 2019. Sú meðferð hafi leitt til þess að ónæmiskerfi hans væri veiktist og vegna þess, og aldurs síns, stafaði M sérstök hætta af Covid-19, en á þessum tíma var töluverð fjölgun tilfella erlendis.

Í málskoti tekur M fram að hann hafi hætt við ferðina að læknisráði, í því skyni að koma í veg fyrir frekara tjón. Sé tjón hans ekki bótaskylt sé því um að ræða afar íþyngjandi ákvæði um undanþágu frá bótaskyldu. Hvað varði tjón vátryggðu X, en ekki er deilt um að bótaskylda er til staðar vegna þess, sé svo ekki rétt að miða tjón hennar aðeins við hálft verðgildi ferðarinnar, en jafnvel þó A hafi boðið M og X gjafabréf að upphæð sem samsvari hálfu verði ferðarinnar, liggi ekkert fyrir um hvort þau hyggist þiggja það boð eða nýta sér það. Skaðabótaskylt tjón beri að bæta með peningum og boð ferðasala um inneignarnótu verði ekki lagt að jöfnu við greiðslu í peningum. Óháð sjálfstæðum rétti M til bóta leiði svo forföll X jafnframt til þess að hann eigi bótarétt á hendur V, enda hafi það verið forsenda ferðarinnar að þau kæmust bæði í hana. Gerir M, á grundvelli framangreinds, því kröfu um að fá umrædda ferð að fullu bætta úr vátryggingu sinni hjá V.

Í svörum V kemur fram að félagið líti svo á að heildartjón M og X nemi kr. 218.789 þar eð A hafi boðið þeim gjafabréf er samsvari helmingi kostnaðar þeirra af umræddri ferð. Þá sé fallist á að bótaskylda vegna X sé til staðar, og að greiðsluskylda V taki mið af ofangreindu. Greiðsla bóta hafi þegar farið fram. Hvað varði forföll vátryggða M sé bótaskylda hins vegar ekki til staðar þar eð hann hafi verið í krabbameinsmeðferð á síðustu mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Þá leiði forföll X ekki til bótaréttar M, enda hafi líkamsmeiðsl X ekki verið alvarleg. Er kröfum M því hafnað.

Álit.
Í fyrsta lagi verður tekið til skoðunar hvort M eigi rétt til bóta vegna þeirra aðstæðna sem urðu til þess að hann fór ekki í umrædda ferð. Í 7. kafla viðeignandi vátryggingarskilmála er fjallað um forfallatryggingu. Þar kemur, í gr. 7.1, fram að félagið bæti ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, allt að kr. 350.000, vegna ferðar sem vátryggði kemst ekki í ef nánar tilgreindar ástæður eiga við, en meðal þeirra eru veikindi vátryggðs. Í gr. 7.2.1 er svo að finna undanþágu á greiðsluskyldu, þ.e. að hún sé ekki til staðar megi rekja tjón til hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma sem vátryggður hefur þjáðst af og notið læknismeðferðar við á síðustu sex mánuðunum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Fyrir liggur að M naut læknismeðferðar

vegna krabbameins frá aprílmánuði og fram í ágústmánuð 2019. Þá má ráða af læknisvottorði, dagsettu 26. febrúar 2020, að M hafi enn verið í lyfjameðferð vegna krabbameinsins. Þá má jafnframt ráða af umræddu læknisvottorði að ástæða þess að M var ráðið frá því að fara í umrædda ferð hafi verið sú að hann var í áhættuhópi með tilliti til Covid-19 vegna krabbameinsins. Er því óhjákvæmilegt að líta svo á að tjón M af því að hætta við umrædda ferð megi rekja til veikinda sem hann þjáðist af og naut meðferðar vegna á síðustu sex mánuðunum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Er bótaskylda á þessum grundvelli því ekki til staðar.

Kemur því næst til skoðunar hvort fallist verði á bótakröfu M á grundvelli vanheilsu X. Í b-lið gr. 7.1.2. umræddra vátryggingarskilmála kemur fram að bótaréttur sé til staðar megi rekja forföll til þess að náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður hljóti alvarleg líkamsmeiðsl eða veikist alvarlega. Í fyrirliggjandi vottorði vegna heilsufars vátryggðu X, dags. 26. febrúar 2020, kemur fram að X þjáist af eymslum og verkjum í báðum hælsinafestum og hafi sótt sjúkraþjálfun og tekið bólgueyðandi lyf vegna þess. Þar af leiðandi sé hún ófær um að standa á skíðum. Jafnvel þó fallast megi á það að hugtakið „alvarleg“ líkamsmeiðsl eða veikindi geti sætt einhverri túlkun verður, af þeim læknisfræðilegu upplýsingum sem fyrir nefndinni liggja, að telja að eymsli og verkir þeir sem X þjáðist af geti ekki fallið þar undir. Er bótaskyldu á þessum grundvelli því hafnað.

Verður þá tekið til skoðunar hvort rétt sé að við afmörkun á tjóninu sé miðað við fullt verð ferðarinnar eða hvort rétt sé að draga frá fjárhæð áðurnefnds gjafabréfs sem A hefur boðið M og X. Í áðurnefndri gr. 7.1 er tekið fram að fram að félagið greiði bætur vegna ferðakostnaðar, allt að 350.000 kr., sem greiddur er fyrirfram eða samið um fyrirframgreiðslu á vegna ferðar sem hinn vátryggði kemst ekki í og ekki fæst endurgreiddur ef nánar tilgreindar ástæður eiga við, en ágreiningslaust er að forföll X falla þar undir. Af orðalagi skilmálaákvæðis 7.1 um bótasvið má telja ljóst að skilyrði slíkrar bótagreiðslu er að umræddur ferðakostnaður fáist ekki endurgreiddur. Ágreiningslaust er að A hefur boðið M og X gjafabréf eða inneignarnótu og nemur verðgildi þess helmingi af verði ferðarinnar. Verður því að telja að helmingur ferðakostnaðar M og X hafi, í skilningi ofangreinds ákvæðis, verið endurgreiddur, en ekki verður séð að ákvæðið beri það með sér að endurgreiðslan þurfi að vera í sama greiðslueyri og upphafleg kaup fóru fram í. Þannig verður að líta svo á endurgreiðsla vegna ferðakostnaðar fáist, sbr. orðalag áðurnefndrar skilmálagreinar, og skiptir þá ekki máli við mat á því að M og X hafi ekki tekið við umræddri endurgreiðslu eða tekið ákvörðun um hvort þau nýti sér hana.

Á grundvelli alls framangreinds verður talið að M eigi rétt á bótum vegna fjórðungs af heildarverði umræddrar ferðar en af gögnum málsins má ráða að greiðsla hafi þegar átt sér stað. Ber því að hafna kröfum hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til frekari bóta úr kreditkortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 104/2020

M og
V vegna ábyrgðarliðar áhafnartryggingar X

Skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss um borð í skipi 18. maí 2017.

Gögn.
Málskot, dags. 20. mars 2020 ásamt gögnum.
Tölvupóstur V, dags. 3. apríl 2020.

Málsatvik.
M slasaðist við vinnu sína um borð í hvalaskoðunarbáts X. Af nefndaráliti rannsóknarnefndar samgönguslysa má ráða að M hafi fallið niður um mannop og slasast á fæti hinn 18. maí 2017, en ferðir bátsins höfðu verið felldar niður þennan dag vegna veðurs og var unnið að viðhaldi hans. Í nefndarálitinu kemur fram að M hafi sjálfur opnað mannopið og farið síðan að ná sér í ritföng. Þegar hann hafi komið aftur að opinu hafi hann ekki gáð að sér og stigið niður í það. Nefndin ályktar ekki sérstaklega í málinu en áréttar að almennt megi afstýra slysum sem þessum með því að girða af svæði.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans og eigi þar með að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Krafa M byggir á 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 en þar sé um að ræða hlutlæga bótareglu. Einnig telur M að slys M hafi orði vegna vanbúnaðar hvað varðar öryggisráðstafanir og verklag og gildi því ekki takmörkun 5.tl. 175. gr. sömu laga varðandi fjárhæðir. M telur augljóst, m.v. niðurstöðu rannsóknarnefndar samgönguslysa um að afstýra megi slysum sem þessu með því að girða af svæði, að X hafi ekki skipulagt vinnu skipverja með fullnægjandi hætti. Einnig bendir M á að verklagi hafi verið breytt eftir slysið þannig að alltaf standi einhver við opið mannop þegar verið er að vinna um borð. Einnig vísar M því á bug að það hafi verið hann sjálfur sem hafi opnað mannopið heldur hafi það verið skipstjóri og þó hann hafi sjálfur opnað það þá væri slíkur verkferill á skjön við almennar öryggisreglur í skipi og auðvelt hefði verið fyrir X að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys sem þetta.

V telur að slys M sé ekki hægt að rekja til saknæmrar háttsemi annarra starfsmanna X eða vanbúnaðar þar sem M hafi sjálfur opnað það mannop sem hann hafi rétt á eftir dottið niður um. V bendir á að M starfi sem vélstjóri hjá X og hafi langa reynslu af því starfi og hafi því sjálfur átt að loka mannopinu á eftir sér eða girða það af.

Álit.
Af skýrslu rannsóknarnefndar samgönguslysa og öðrum skjallegum gögnum um aðdraganda þess að M féll niður mannop í hvalaskoðunarbát verður ekki annað ráðið en að öllum þeim sem gengu um skipið hefði átt að vera fulljóst þegar mannop voru skilin eftir opin. Af sömu gögnum verður heldur ekki annað ráðið en að það hafi verið M sjálfur sem opnaði mannopið sem hann féll síðar niður um, eftir að hafa skilið það eftir opið til að ná í ritföng. Ekkert í gögnum málsins styður að það hafi verið einhver annar sem opnaði eða hægt hafi verið að gera frekari ráðstafanir til að koma í veg fyrir að M félli ofan í op sem hann skildi sjálfur eftir. Þegar af þeirri ástæðu telst bótaskylda úr ábyrgðarlið áhafnartryggingar X ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.
Tjón M er ekki bótaskylt úr ábyrgðarlið áhafnartryggingar X hjá V.

Reykjavík, 5. maí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 105/2020

M og
V vegna slysatryggingar launþega A

Ágreiningur um hvort vinnuslys hafi átt sér stað.

Gögn.
Málskot dags. 28.02.2020 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Bréf V dags. 20.04.2020 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 31. desember 2016 hafi M orðið fyrir slysi við vinnu sína hjá A. Kvartar M yfir því að V hafi hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu launþega vegna meints misræmis milli frásagnar M af atvikum og gagna málsins. Þá telur M að ekki hafi verið tekið tillit til framburðar B, samstarfskonu M, sem renni stoðum undir lýsingu hennar af atvikum. Öll gögn málsins beri með sér að M hafi slasast við störf sín hjá A. Enn fremur megi rekja líkamstjón M til ófullnægjandi vinnuaðstæðna að A og vísar M til ákvæða laga nr. 46/1980. Þá hafi slys hennar ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins eins og skylt sé og verði A að bera hallann af því. Í málskoti er þess því krafist að viðurkenndur verði bótaréttur M úr ábyrgðartryggingu A.

Í bréfi V til nefndarinnar er tekið fram að félagið telji ósannað að tjónsatvik hafi átt sér stað. Samkvæmt tilkynningu M til V, dags. 10. janúar 2017, hafi hún verið að „endurraða drykkjum inn í kæli er hurðin á kælinum skellur á ökkla hennar.“ Í bráðamóttökuskrá, dags. 1. janúar 2017, segi: „fór að finna fyrir versnandi verk í vinstri fæti eftir því sem leið á kvöldið og gat loks ekki stigið í eða hreyft fótinn.“ Þá liggi fyrir læknisvottorð, dags. 4. mars 2017 þar sem segi um síðari komu M á heilsugæslu „Hún kvaðst þá muna það núna að hún fékk högg á ristina í vinnunni.“ Þá hafi vinnuveitandi neitað að skrifa undir tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands þar sem hann hefði ekki fengið neinar upplýsingar um atvikið. Hinn 19. nóvember 2019 hafi félaginu borist yfirlýsing B þar sem m.a. komi fram: „…sá þar M á gólfinu á móti kælinum og spurði hvort það væri ekki allt í lagi og M sagði að kælihurðin fór á ökklann á henni.“ V hafnar bótaskyldu á grundvelli þess að við komu til læknis hinn 1. janúar 2017 hafi M ekki minnst á atvikið og ekki lýst einkennum í samræmi við atvikalýsingu í tilkynningu til V. Það sé ekki fyrr en síðar sem M segist muna eftir atvikum. V hafnar því að leggja síðar fram komna atvikalýsingu til grundvallar og telur jafnframt að staðfesting B, þremur árum eftir atvikið, leiði ekki til breyttrar afstöðu. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Ákveðins misræmis gætir í málatilbúnaði M fyrir nefndinni. Þannig bera öll gögn málsins með sér að um sé að ræða ágreining um hvort bótaréttur úr slysatryggingu launþega sé fyrir hendi, en í málskotinu sjálfu er hins vegar látið að því liggja að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A sé til staðar enda hafi A eða starfsmenn þess valdið tjóni M með saknæmum hætti. Eins og mál þetta horfir við nefndinni virðist ágreiningur aðila snúa að því hvort umrætt atvik hafi í raun átt sér stað en ekki hvort A beri þá skaðabótaábyrgð á því. Í því ljósi verður því aðeins litið til þess hvort bótaréttur er fyrir hendi úr slysatryggingu launþega, en til að svo sé þarf að vera sýnt fram á að slys hafi átt sér stað.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi leitað á bráðamóttöku eftir að vinnu lauk hinn 31. desember 2016. Í bráðamóttökuskrá kemur fram: „Var að vinna á hóteli í kvöld, sem barþjónn. Fór að finna fyrir versnandi verk í vinstri fæti eftir því sem leið á kvöldið og gat loks ekki stigið í eða hreyft fótinn. Hefur ekki fengið þetta áður. Byrjaði fyrir mánuði síðan að nota innlegg í skóna sína vegna flatrar iljar. Finnst að Nike-skórnir með innlegginu þrýsti ofan á ristina.“ M var m.a. ráðlagt að hvíla sig frá vinnu í viku og fékk vottorð vegna þess. Verður ekki ráðið af gögnum málsins að A hafi á þessum tíma verið tilkynnt um að M hefði orðið fyrir slysi við vinnu sína. M virðist fyrst hafa sagt heilbrigðisstarfsfólki frá því að um vinnuslys hafi verið að ræða þegar hún leitaði á heilsugæslu hinn 6. janúar 2017. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 12. janúar 2017 er atvikum þá lýst þannig að M hafi slasast við störf hjá A en A hefur ekki staðfest þá tilkynningu með undirritun. Af framansögðu er ljóst að læknisfræðileg samtímagögn bera ekki með sér að atvik hafi orðið með þeim

hætti sem M ber fyrir nefndinni. Þá verður ekki með afdráttarlausum hætti ráðið af síðari læknisfræðilegum gögnum hver atvik hafi verið. Enn fremur liggur fyrir, þrátt fyrir yfirlýsingu B um að hún hafi komið að M á gólfinu, að engin vitni voru beinlínis að umræddu atviki. Með vísan til alls framangreinds verður því ekki talið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir slysi við starf sitt hjá A og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík 12. maí 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 106/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar byggingarverktaka.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið af völdum byggingarframkvæmda við hús.

Gögn.
Málskot, móttekið 23.3.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 8.4.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Verktakinn A tók að sér að rífa múr og einangrun utan af einbýlishúsi M og eiginmanns hennar við nánar tilgreinda götu í Reykjavík. Verkið hófst 21. maí 2019 og því mun hafa lokið í júní sama ár. Við verkið urðu skemmdir á rúðum, gluggakörmum og gluggalistum í húsinu sem varð til þess að 17. júlí 2019 var fenginn skoðunarmaður frá V, vátryggingafélagi A, til að skoða umfang skemmdanna. Er þeirri skoðun var að ljúka var gengið að B, bifreið í eigu M, þar sem hún stóð í innkeyrslu við húsið. Sáust þá a.m.k. tvær stórar rispur á vélarhlíf B sem M hafði ekki rekið augun í áður sem hafi stafað af annríki M vikurnar áður. Kvaðst M hafa bent tjónaskoðunarmanni V á rispurnar sem ekki hafi verið áður en A hóf framkvæmdir við húsið. Hafi M verið bent á að hafa samband við tjónaskoðunarstöð V sem hún hafi gert nokkru seinna. Þar hafi verið teknar myndir af B og henni jafnframt bent á að fara með B til skoðunar á nánar tilgreindu verkstæði. Nokkrum vikum síðar var M tjáð að ekkert tjón væri skráð á A hjá V þar eð engin formleg tjónstilkynning hefði borist.

Með tjónstilkynningu M til V, dags. 5. september 2019, kom fram að B hafi staðið í innkeyrslu við húsið og við niðurrifið hafi misstór stykki komið fljúgandi á B þannig að hann sé mikið rispaður á vélarhlíf og einnig smáar rispur á öðrum flötum B. Ekki sé vitað nákvæmlega hvaða dag skemmdirnar urðu en það hafi líklega verið í maí, líklega 24. maí en þá hafi af hálfu A verið unnið við þá hlið hússins sem B hafi staðið við í innkeyrslu fyrir framan bílskúr. En 10. júní hafi verið búið að hreinsa allt nema lím utan af húsinu, þannig að skemmdirnar hafi orðið á umræddu tímabili.

M hefur krafist bóta vegna framangreindra skemmda á B úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
M kveður skemmdir á B hafa orðið á tímabilinu 24. maí til 10. júní 2019 er starfsmenn A unnu við að rífa múr og einangrun utan af húsinu. M varð fyrst vör við skemmdirnar 17. júlí sama ár er skoðunarmaður á vegum V var að skoða nánar tilgreindar skemmdir á sjálfu húsinu. Var þá liðinn meira en mánuður frá því skemmdirnar á D gátu í síðasta lagi hafa orðið. Engar ljósmyndir liggja fyrir af B með þeim stykkjum sem eiga að hafa lent á henni við framkvæmdirnar á vegum A. Þá liggur heldur ekki fyrir nein skoðunar- eða álitsgerð um skemmdirnar á B, umfang þeirra og líklegar orsakir þeirra. Að öllu virtu verður af fyrirliggjandi gögnum ekki talið nægilega sannað að skemmdirnar á B verði raktar til atvika sem A ber ábyrgð á. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum vegna skemmdanna á B úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum vegna skemmda á B úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 107/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartrygginga bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 23. október 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 23.03.2020 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Bréf V1, dags. 02.04.2020.
Bréf V2, dags. 01.04.2020.

Málsatvik.
Hinn 6. október 2019 varð árekstur milli ökutækja A og B, sem M ók umrætt sinn, á Reykjanesbraut til móts við Mjódd. Í skýrslu Aðstoðar & öryggis um atvikið er haft eftir ökumanni A að hún hafi ekið eftir miðjuakrein og síðan farið yfir á vinstri akrein eftir að hafa litið eftir umferð. Eftir að hafa ekið í 2-3 mínútur á vinstri akrein hafi hún svo fundið fyrir höggi á vinstra afturhorn/bretti bifreiðar sinnar. Ökumaður B lýsir atvikum hins vegar svo að hann hafi ekið á vinstri akrein þegar A hafi skipt skyndilega um akrein og bifreiðarnar þá rekist saman. Hann muni atvik ekki vel þar sem allt hafi gerst hratt en hafi þó nauðhemlað um leið og hann gerði sér grein fyrir að A væri að skipta um akrein í veg fyrir sig en það hafi ekki dugað til að varna árekstri. Í skýrslunni er einnig getið framburðar vitnis sem segist hafa ekið eftir vinstri akrein fyrir framan A. Vitnið segist þá nokkuð visst um að A hafi verið búin að skipta um akrein og hafi ekið eftir vinstri akrein nokkra stund þegar B hafi komið „nánast upp úr þurru“ og rekist á A. Honum hafi þó sýnst B koma frá hægri og ákoman vera á hægra afturhorni A en ekki því vinstra, en líklega hefði hann snúið því við þar eða hann hefði séð atvikið í spegli. Þá hafi honum þótt B vera á nokkuð mikilli ferð.
Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú að B skyldi bera alla sök á umræddum árekstri þar sem hann hefði ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og byggir á því að frásögn A og vitnisins sé í ósamræmi við ákomu á bifreiðarnar. Hefði A sannarlega verið á vinstri akrein hefði ákoma á vinstri hlið hennar ekki getað komið til nema B hefði ekið utan vegar, en með öðrum hætti hefði B ekki getað ekið á A frá vinstri. Hefði B hins vegar verið ekið á A frá hægri hefðu ákomur á A verið á hægra horni en ekki því vinstra eins og raunin var.
Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, kemur fram að A og vitni séu sammála um að A hafi verið á vinstri akrein í einhvern tíma fyrir áreksturinn. Það að A hafi einhverju áður ákveðið að skipta um akrein geti því ekki talist orsök árekstursins heldur megi rekja orsök hans til aksturslags ökumanns B sem ekki hafi gætt nægjanlega að umferð fyrir framan sig.
V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, gerir ekki athugasemdir vegna málsins.

Álit:
Ökumönnum A og B ber samkvæmt framansögðu ekki saman um atvik í aðdraganda árekstrar. Þar sem bæði A og vitni bera að A hafi ekið eftir vinstri akrein í nokkurn tíma áður en árekstur átti sér stað verður ekki byggt á því að akreinaskipti A hafi orsakað umræddan árekstur. Þá liggur ekki fyrir að ákomur á bifreiðarnar séu þess eðlis að þær leiði til annarrar niðurstöðu. Verður því á því byggt að B hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig svo sem skylt var samkvæmt 3. mgr. 14. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Ber hann þar af leiðandi alla ábyrgð á umræddum árekstri.

Niðurstaða.
M ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 5. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 108/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B

Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs tveggja bifhjóla 11. maí 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 24. mars 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1 dags. 8. apríl 2020.
Bréf V2 dags. 8. apríl 2020 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í lögregluskýrslu kemur fram að hinn 11. maí 2019 hafi orðið árekstur milli bifhjólanna A og B við akstur þeirra vestur Reykjanesbraut, móts við Engjadal í Innri Njarðvík. Samtals voru sex bifhjól í hópakstri og voru ökumenn A (M) og B hluti þess hóps og ágreiningslaust er að ökumaður A hafi verið annar ökumaður í röð þessara sex bifhjóla og ökumaður B hafi verið fimmti. Allur hópurinn ók fram úr hægfara bifreiðum á hægri akrein Reykjanesbrautar og færði sig þannig yfir á vinstri akrein. Þegar hópurinn hafi síðan verið að aka aftur frá vinstri akrein yfir á þá hægri hafi áreksturinn orðið. Ökumaður A kveðst hafa í hópakstrinum verið að hlýða bendingu fremsta ökumanns um að aka að loknum framúrakstri á vinstri akrein aftur yfir á hægri akrein þegar bifhjólið B hafi komið við hana hægra megin og hún fallið af hjólinu og fleygst í götuna. Ökumaður A kveðst hafa gefið stefnumerki og gert handahreyfingu og athugað hvort það væri óhætt fyrir hana að skipta um akrein áður en hún ók til hægri. Ökumaður B kveðst hafa verið í framúrakstri á vinstri akrein í hópi bifhjóla og séð hvar afleggjari sem hann ætlaði að beygja inn á af hægri akrein nálgaðist þannig að hann hafi ekið fram hjá bifhjólum á undan með því að skipta yfir á hægri akrein. Síðan hafi hann verið að nálgast afleggjarann þegar bifhjóli A hafi verið ekið af vinstri akrein yfir á þá hægri og þá hafi orðið árekstur. Ökumaður A kvaðst hafa ekið í um 15-20 sekúndur á hægri akrein áður en árekstur varð og ekki hafa orðið var við bendingar þess sem ók fremst í bifhjólahópnum. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að þremur vitnum sem voru í umræddum hópi beri saman um að þau hafi séð ökumann B aka bifhjóli sínu á hjól A (M) aftanvert og að hún hafi verið að hlýða bendingum foringja hópsins. Einnig kemur þar fram að vitni hafi talið að ekki væri vaninn að taka sig út úr hjólahópi með þeim hætti sem ökumaður B gerði. Einnig kemur fram að miðað við ákomu á bifhjóli B þá megi ætla að því hafi verið ekið aftan á eitthvað á A.

M telur að ökumaður B eigi að bera alla sök á árekstrinum í samræmi við sakarskiptingu skv. 89. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. M bendir á að hópakstur þeirra sex bifhjóla sem bæði ökumenn A og B voru hluti af hafi verið í samræmi við 41. gr. umferðarlaga. M vísar til þess að reglan sé sú að ekki megi rjúfa fylkingu í hópakstri og fái það stoð í framburðum vitna í lögregluskýrslu. Ökumaður B hafi hins vegar gert það og verði hann því að bera alla sök á árekstrinum þess vegna, auk þess sem hann hafi ekið of hratt m.v. aðstæður, sbr. 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga. M vísar einnig til þess að það rétta fyrir ökumann B hefði verið að taka sig út úr fylkingunni með því að draga úr ferð og fara aftur fyrir hana til að beygja til hægri í stað þess að fara fram úr henni.

V1 telur að ökumaður bifhjólsins B eigi að bera alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekið of hratt og ógætilega m.v. aðstæður og „...ekki í samræmi við viðurkenndar venjur þegar bifhjólum er ekið saman í hóp.“ Einnig vísar V1 til þess að akstur M á bifhjóli A hafi verið í samræmi við 4. mgr. 23. gr. umferðarlaga og henni hafi verið skylt að færa bifhjólið aftur yfir á hægri akrein eftir framúrakstur og að ökumanni B hafi ekki verið heimilt að aka hægra megin fram úr, sbr. 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga.

V2 telur að M eigi að bera alla sök á árekstrinum fyrir að hafa skipt um akrein frá vinstri yfir á hægri á bifhjólinu A í veg fyrir bifhjólið B sem hafi þá verið komið yfir á hægri akrein. V2 telur að framburður vitna staðfesti að ökumaður B hafi verið kominn yfir á hægri akrein þegar árekstur varð og M sem ökumaður A hafi verið að skipta um akrein frá vinstri yfir á hægri þegar árekstur varð. Einnig verði að líta til framburðar M sjálfrar í lögregluskýrslu þar sem bendi eindregið til þess að hún hafi

ekki litið aftur fyrir sig áður en hún fór af vinstri akrein yfir á hægri. V2 hafnar því einnig að hægt sé að byggja á óríuðum og óljósum reglum um hópakstur og telur að skv. fyrirmælum 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga hafi M átt að gæta að annarri umferð áður en hún skipti um akrein eða ók á annan hátt til hliðar.

Álit:
Af umfangsmiklum gögnum málsins er ljóst að árekstur varð með bifhjólum A og B á hægri akrein Reykjanesbrautar. Ekki verður séð að það sé ágreiningur um að M hafi á bifhjóli A verið að aka af vinstri akrein yfir á þá hægri þegar árekstur varð og þá hafi bifhjól B lent aftarlega á bifhjóli A þannig að M hlaut líkamstjón.

Í 1. mgr. 4. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 segir meðal annars: „Vegfarandi skal sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum, og þannig að eigi trufli eða tefji umferð að óþörfu.“ Í 2. mgr. 17. gr. sömu laga kemur síðan fram að sá sem skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Í 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga kemur síðan fram að „Í þéttri umferð ökutækja á tveimur eða fleiri akreinum í sömu akstursstefnu þar sem hraðinn ræðst af þeim, sem á undan fara, má aka hægra megin fram úr ökutæki á annarri akrein. Þegar þannig stendur á má ekki skipta um akrein, nema þess þurfi til að beygja á vegamótum, aka af akbraut, stöðva ökutæki eða leggja því“, en lesa verður þá grein með 1. mgr. 20. gr. laganna sem gerir ráð fyrir því að ekið sé vinstra megin framúr nema ökutæki á undan undirbúi greinilega vinstri beygju. Ákvæði 1. mgr. 41. gr. umferðarlaga kveður síðan á um að bifhjólum megi ekki aka samhliða á sömu akrein nema um sé að ræða akstur í þéttbýli þar sem hámarkshraði er ekki meiri en 50 km/klst.

Þegar litið er til sakarskiptingar í þessu máli skv. 89. gr. umferðarlaga verður að líta til háttsemi beggja ökumanna. Ljóst er að rík aðgæsluskylda hvíldi á M sem ökumanni bifhjólsins A þegar hún ók til hliðar og skipti um akrein frá vinstri yfir á hægri í greint sinn, sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Af gögnum málsins verður ráðið að þess gætti M ekki nægilega vel. Hins vegar verður að líta til þess að þó ekki séu skráðar reglur um hópakstur bifhjóla þá hafi innan hópsins verið samkomulag um í hvaða röð hver ökumaður í hópakstrinum æki, sbr. framburð bæði ökumanns A og B. Af 4. gr. umferðarlaga verður ráðið að báðir ökumenn hafi átt að taka tillit til þessa. Af gögnum málsins verður einnig ráðið að ökumaður bifhjólsins B hafi ekið yfir hámarkshraða og þannig of hratt m.v. aðstæður, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að þarna voru samtals sex bifhjól í hópakstri og í framúrakstri á vinstri akrein rétt áður en árekstur varð. Telst ökumaður bifhjólsins B því einnig hafa sýnt gáleysi við aksturinn með því að hafa tekið sig út úr röð og ekið yfir á hægri akrein fram með öðrum bifhjólum sem hann var með í hópakstri.

Þegar allt þetta er vegið saman verður að líta svo á að hvorugur ökumanna hafi gætt nægrar varúðar við aksturinn og skipta verði sök milli þeirra til helminga þess vegna.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga milli ökumanna ökutækjanna A og B.

Reykjavík 12. maí 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 109/2020

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði við gatnamót Stakkahrauns þann 23.2.2020.

Gögn.
Málskot, móttekið 16.3.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 6.4.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V2, dags 8.4.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Að morgni árekstrardags var A var ekið norður Reykjavíkurveg en snúið við á gatnamótum Stakkahrauns og ekið áleiðis til suðurs. Er A hafði verið ekið um bíllengd til suðurs var B ekið aftan á A. Þegar áreksturinn varð mun hafa verið snjókoma og snjór verið á akbraut.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið allavega bíllengd eftir að hafa snúið við þegar B hafi verið ekið beint aftan á A. Þá hafi A verið komin vel inn á vinstri akrein.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 50-55 km hraða. Hafi A verið ekið í U-beygju og í veg fyrir B. Hafi ökumaður B flautað og reynt að hemla en ekki náð því og lent aftan á A.

Álit.
Af gögnum málsins má ráða að ökumaður A hafi ekki hafa vitað af ferðum B áður en árekstur varð. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 bar ökumanni A, áður en hann sneri við, að ganga úr skugga um að það hafi verið unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Á þessu varð misbrestur. Ökumaður A telst því eiga sök á árekstrinum nema að því marki sem sýnt er fram á að áreksturinn verði rakinn til atvika sem ökumaður B ber sök á.

Áreksturinn varð þegar A hafði verið ekið um eina bíllengd frá gatamótunum þar sem henni var snúið við. Samkvæmt fyrirliggjandi ljósmyndum verður ekki ráðið að miklar skemmdir hafi orðið á ökutækjunum. Að gögnum málsins virtum verður ekki talið nægilega sýnt fram á að áreksturinn megi rekja til þess að B hafi verið ekið of hratt eða ökumaður hennar hafi á annan hátt átt þátt í því að árekstur varð. Er því ekki efni til að fella sök á ökumann B. Ber því að leggja alla sök á ökumann A.

Niðurstaða.
Leggja ber alla sök á ökumann bifreiðarinnar A.

Reykjavík, 5. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 110/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar B

Ágreiningur um bótaábyrgð vegna líkamstjóns sem M varð fyrir hinn 4.11.2018.

Gögn.
Málskot móttekið 26.03.2020 ásamt fylgiskjölum 1-9.
Bréf V1, dags. 30.03.2020.
Bréf V2, dags. 08.04.2020 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Í málskoti er atvikum lýst svo að M hafi, hinn 4. nóvember 2018, er hún var á leið frá bílastæði við verslunarmiðstöð og að inngangi hennar, fallið fram fyrir sig með þeim afleiðingum að hún slasaðist. Orsök slyssins hafi verið sú að búið var að fræsa upp og hálfsteypa í hluta gönguleiðar að inngangi sem hafi valdið því að töluverður hæðarmunur var á yfirborði göngustígsins. Engar merkingar eða varúðarskilti hafi verið til staðar til að vara við aðstæðum.

M telur að A, sem rekstraraðili verslunarmiðstöðvarinnar og/eða B sem framkvæmdaaðili beri ábyrgð á tjóni hennar enda hafi verið um óforsvaranlegar aðstæður að ræða og A og/eða B borið skylda til að tryggja öryggi vegfarenda á þessu svæði. V2 hafi tekið fram að það sé venjubundin framkvæmd hjá B að merkja svæði sem þessi með keilu en ekki liggi fyrir að það hafi verið gert. Eftir slys M hafi hins vegar verið settar upp grindur til að vara við umferð um svæðið sem bendi óhjákvæmilega til þess að merkingum hafi verið ábótavant á slysdegi. Máli sínu til stuðnings vísar M til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og dómaframkvæmdar.

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, tekur í bréfi sínu til nefndarinnar fram að B hafi séð um framkvæmdir á svæðinu og að arkitektastofan C hafi séð um eftirlit með þeim. Á þeim aðilum hafi hvílt sú skylda að sjá til þess að rétt væri staðið að merkingum á framkvæmdasvæðinu. Þannig hafi það ekki verið á ábyrgð A að sjá um að rétt væri staðið að merkingum og hafi A ekki haft vitneskju um að þeim væri ábótavant. Er bótaskyldu því hafnað þar eð ósannað sé að tjón M verði rekið til saknæmrar háttsemi A eða starfsmanna þess eða annarra atriða er A beri ábyrgð á.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, til nefndarinnar er framkvæmdum lýst svo að fræst hafi verið ofan af steyptri gangstétt og svo steypt í sárið með mismunandi gerðum/litum af steypu og olíumalbiki til að prófa mismunandi útfærslur. Á tjónsdegi hafi verið búið að malbika hluta fræsta svæðisins. 2,5 sentimetra stallur hafi verið á fræsta svæðinu meðfram akstursleið og ætla megi að mishæð milli fræsta svæðisins og þess svæðis sem búið var að malbika hafi einnig verið 2,5 sentimetrar. Að sögn B hafi keilur (ein eða fleiri) verið settar niður á áberandi hátt á fræsta svæðið. Grindum hafi svo verið bætt við síðar að beiðni A. Þá tekur V2 fram að ekki séu til ljósmyndir af aðstæðum eins og þær voru á tjónsdegi, en slys M hafi átt sér stað um helgi þegar starfsmenn B voru ekki að störfum. Ljósmyndir sem M hafi lagt fram séu teknar síðar, þegar verkið hafi verið lengra komið, og séu ekki lýsandi fyrir aðstæður eða merkingar svæðisins á slysdegi. Aðilum beri því ekki saman um hvort merkingar hafi varað við aðstæðum, en B haldi því fram að svæðið hafi verið merkt með keilu(m) sem sé venjubundið við þessar aðstæður. M beri hins vegar sönnunarbyrðina fyrir að svo hafi ekki verið og slík sönnun hafi ekki tekist. Hafnar V2 bótaskyldu enda megi rekja slys M til óhappatilviljunar og ekkert liggi fyrir um að það verði rakið til saknæmrar háttsemi B, starfsmanna þess eða atvika sem B beri ábyrgð á.

Álit.
Samkvæmt framansögðu veltur hugsanleg bótaábyrgð á því hvort hæðarmismunur á umræddu svæði hafi verið til þess fallinn að valda hættu og þá hvort varað hafi verið við þeim aðstæðum með tilhlýðilegum hætti, en M telur að engar merkingar hafi verið til staðar. Fallast verður á það með V1 að A, rekstraraðili umræddrar verslunarmiðstöðvar, beri ekki ábyrgð á mögulegri vanrækslu hvað þetta varðar. Þannig verður að líta svo á að með því að ráða B sem verktaka til verksins og fela C að

hafa eftirlit með framkvæmdum hafi A uppfyllt þær skyldur sem á því hvíldu hvað þetta varðaði. Í málinu er ekki gerð krafa á hendur C, en samkvæmt framansögðu er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A hjá V1 ekki fyrir hendi.

Í bréfi V2 til nefndarinnar segir að framkvæmdir hafi enn staðið yfir á tjónsdegi og að ætla megi að allt að 2,5 sentimetra mishæð hafi verið á mótum malbiksins og þess svæðis sem ekki var búið að steypa í. Auk þess hafi verið aflíðandi brún við enda fræsta svæðisins næst innganginum og 2,5 sentimetra stallur á fræstu svæði meðfram akstursleið. Rétt er að miða við þessa lýsingu V2 og B á aðstæðum á slysdegi þrátt fyrir að nokkurt misræmi sé milli hennar og fyrri yfirlýsinga. Er því miðað við að 2,5 sentimetra mishæð hafi verið á umræddri gönguleið, sem liggur frá bifreiðastæði og að inngangi verslunarmiðstöðvarinnar. Að mati nefndarinnar eru slíkar aðstæður til þess fallnar að valda hættu og bar framkvæmdaaðila því að vara við þeim með viðhlítandi hætti, sér í lagi þar sem um fjölfarinn stað er að ræða.

Í bréfi V2 til nefndarinnar kemur þá fram að appelsínugular keilur (ein eða fleiri) hafi verið settar niður á fræsta svæðið á áberandi hátt. M heldur því hins vegar fram, eins og áður segir, að engar merkingar hafi verið fyrir hendi. Sá sem telur annan aðila bera skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði fyrir því að atvik séu þess eðlis að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Engin vitni virðast hafa orðið að umræddu atviki, né liggja fyrir nefndinni ljósmyndir er sýni aðstæður á tjónsdegi. Gegn staðhæfingu B um að merkingar, er hafi varað við umræddri mishæð, hafi verið til staðar, og án frekari gagna er sýni fram á hið gagnstæða hefur M ekki tekist að sýna fram á að tjón hennar verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis B, starfsfólks þess eða atvika sem B ber ábyrgð á. Er bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V1 eða úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Reykjavík, 23. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 111/2020

M og
V v/ tafatryggingarliðs greiðslukortatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu er flugi var aflýst vegna veikinda flugmanns.

Gögn.
Málskot, móttekið 17.3.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 14.4.2020.

Málsatvik.
M átti bókað far með flugi frá Brussel 6. mars 2020 kl. 12:55 sem lenda átti í Keflavík kl. 15:20 sama dag. Er flugvélin hafði lent á Zaventem flugvelli var M tilkynnt að fluginu til Keflavíkur hafi verið aflýst. Starfsmaður í afgreiðslu hafi tjáð M að það væri vegna veikinda flugmanns í áhöfn vélarinnar. Komst M með öðru flugi til Kaupmannahafnar og þaðan með öðru flugi til Keflavíkur þar sem hann hafi lent kl. 23:00 að kvöldi 6. mars. Hafi ferðin til Keflavíkur tafist um samtals 10 klukkustundir. Í málskoti er þess getið að ástæður þess að fluginu til Keflavíkur hafi verið aflýst hafi verið „tæknilegar ástæður".

Í skilmálum vátryggingarinnar um ferðatöf segir svo: „Fari svo að verkfallsaðgerðir, óhagstæð veðurskilyrði eða vélarbilun valdi töfum á ferðum á almenningsfarartækis og það leiði til seinkunar á komutíma vátryggðs til ákvörðunarstaðar greiðast bætur."

V hefur hafnað greiðslu bóta úr vátryggingunni vegna þeirra tafa sem M varð fyrir og lýst er hér að framan. M fer þess á leit að skilgreint verði orðið „vélarbilun", svo sem hvort vélarbilun nái t.d. aðeins til flughreyfla og lendingarbúnaðar eða hvort hugtakið nái einnig „yfir flugleiðsögubúnað, þ.m.t. flugmenn sem eru órjúfanlegur hluti af sérhverju flugi og við getum ekki verið án." Er farið fram á að tekin verði afstaða til þess hvort hugtakið „vélarbilun" nái aðeins til „mekaníska hluta flugvélarinnar eða hvort flugmenn sem hluti af flugleiðsögubúnaði við stjórn vélarinnar geti einnig bilað/veikst sem orsaki vélarbilun og þar með í þessu tilfelli ferðatöf."

Álit.
Samkvæmt fyrrgreindu skilmálaákvæði eru tæmandi talin þau tilvik sem geta leitt til tafa og þar með bóta úr vátryggingunni. Þeirra á meðal er vélarbilun. Ýmis tilvik geta komið til sem valdið geta töfum í flugi en leiða ekki til bótaskyldu úr vátryggingunni þar sem þau falla utan bótasviðs hennar. Í Íslenskri orðabók (3. útg., Edda, 2002), er vél skilgreind sem hreyfill (mótor, maskína), svo sem gufuvél, aflvél, bílvél, eða sem ýmiskonar tæki, svo sem eldavél, olíuvél, rakvél, landbúnaðarvél eða flugvél. Um vélarbilun í skilningi hins umdeilda skilmálaákvæðis getur því einungis komið til þegar bilun verður í vél eða vélbúnaði sem verður þess valdandi að töf verður á ferðum þess almenningsfarartækis sem í hlut á. Veikindi stjórnanda slíks farartækis sem leiða til þess að för þess verður ekki haldið áfram geta ekki talist til bilunar í vél eða vélbúnaði þess. Að þessu athuguðu verða veikindi flugmanns ekki talin til vélarbilunar í skilningi umrædds ákvæðis vátryggingarskilmálanna. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að töf M á ferð sinni frá Brussel til Keflavíkur umrætt sinn megi að öðru leyti rekja til vélarbilunar í flugvél þeirri sem til stóð að hann flygi með. Hann telst því ekki eiga rétt á bótum úr tafatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr tafatryggingarlið greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 112/2020

M og
V vegna slysatryggingar launþega.

Ágreiningur um slysahugtak vátryggingarskilmála vegna líkamstjóns 23. mars 2018.

Gögn.
Málskot móttekið 25. mars 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 6. apríl 2020.

Málsatvik.
Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, sem undirrituð er 22. ágúst 2018 af hálfu M, kemur fram að hann hafi verið að þvo dælu þegar samstarfsmaður hans óskaði eftir aðstoð við að losa stíflu. M hafi þá þurft að fara niður þrep og stokkið úr síðasta þrepinu niður á jörðina og „... lendir illa og fær verk í hné.“ Einnig kemur þar fram að neðsta þrep dælunnar hafi verið hærra en hann hafi verið vanur á þeirri dælu sem hann var vanur. Í gögnum málsins kemur fram að slysið hafi verið samþykkt af hálfu Sjúkratrygginga sem slys í skilningi laga um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015.

M telur að um slys hafi verið að ræða í skilningi vátryggingarskilmála slysatryggingar launþega hjá V þar sem sama skilgreining komi fram á hugtakinu slys og í 1. mgr. 5. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga. M vísar til þess að hann hafi lent illa þegar hann stökk úr tröppu niður á malbik og í því felist utanaðkomandi áhrif í skilningi slysahugtaksins, en V hafi ekki sýnt fram á að líkamstjóns hans sé rakið til innra ástands líkama hans. Einnig vísar M til dóma Hæstaréttar og héraðsdóma máli sínu til stuðnings.

V telur að líkamstjón M hafi komið til vegna misstigs og það eitt og sér sé ekki vegna utanaðkomandi atburðar í skilningi slysahugtaks slysatryggingar launþega. V vísar einnig til úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Álit:
Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi stigið eða stokkið niður úr neðstu tröppu við dælu og lent illa á vinstri hné. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi hrasað í tröppunni eða annars konar utanaðkomandi atvik eða atburður hafi truflað þá atburðarás að hann steig úr tröppunni niður á jörðina. Sá slynkur sem hefur komið á hné M þegar niður kom verður ekki talinn til utanaðkomandi atburðar og þau meiðsli sem af hlutust verður því að líta á sem eitthvað sem brestur innan líkama M. Fellur slíkt ekki undir gildissvið slysatryggingar launþega eins og það er skilgreint með svokölluð slysahugtaki í 2. gr. vátryggingarskilmála, en þar kemur fram að um skyndilegan, utanaðkomandi atburð verði að vera að ræða sem gerist án vilja vátryggðs, til þess að líkamstjón verði bætt úr þeirri vátryggingu. Ekki er því um að ræða bótaskyldu úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 12. maí 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 113/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar M hjá V

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns í tengslum við málningarvinnu 28.02.2020.

Gögn.
Málskot móttekið 30.03.2020 ásamt fylgiskjölum 1-2.
Bréf V dags. 08.04.2020 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.
Í málskoti lýsir forsvarsmaður M atvikum svo að fyrirtækið hafi tekið að sér það verkefni að mála þrjár íbúðir. Við þann starfa hafi límband verið sett meðfram veggjum á loftaplötur til að varna því að veggmálning færi á loftið. Þegar límbandið hafi verið fjarlægt, hinn 28. febrúar 2020, hafi filma af loftaplötunum rifnað af með þeim afleiðingum að mála þurfti öll loft aftur. M krefst þess að bætur verði greiddar úr ábyrgðartryggingu þess vegna áðurnefnds tjóns.

Með bréfi til M sem dagsett var hinn 3. mars 2020 hafnaði V bótakröfunni með þeim rökum að um væri að ræða tjón á munum sem vátryggður hefði tekið að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti og yrði tjón af slíku verki eða við það tæki vátryggingin ekki til þess samkvæmt undantekningarákvæði í skilmálum.

M mótmælir þessari afstöðu og telur umrætt skilmálaákvæði ekki ná til tjónsins þar sem um sé að ræða tjón á húshluta eða byggingarefni en ekki „munum“. Þá sé ekki um það að ræða að loftaplöturnar hafi skemmst og ekki sé farið fram á að þær sem slíkar séu bættar heldur hafi orðið tjón við verkið sem olli því að mála þurfti loftið að nýju. Því hafi orðið tjón í atvinnurekstri M og sé það bótaskylt úr vátryggingu þess.

Í bréfi sínu til nefndarinnar ítrekar V þá afstöðu sína að áðurnefnt undantekningarákvæði skilmálanna eigi við. Þannig hafi það verið órjúfanlegur hluti verksins að verja loft íbúðarinnar og verði því að lita svo á að M hafi, í skilningi umrædds vátryggingarskilmála, unnið við loft íbúðanna. Þá nái hugtakið „munir“ til m.a. fasteigna en ekki aðeins lausafjár. Auk þess liggi ekkert fyrir um það að M hafi rækt starfann með þeim hætti að stofnast hafi til skaðabótaskyldu þess, þvert á móti megi líta svo á að það hefðbundin og nauðsynleg aðgerð að verja fleti með límbandi á þennan hátt. Að endingu tekur V fram að umræddri vátryggingu sé ætlað að bæta tjón þriðja aðila en ekki vátryggingartaka og þar sem ekkert liggi fyrir um að þriðji aðili hafi orðið fyrir tjóni séu skilyrði 2. gr. vátryggingarskilmálanna ekki uppfyllt. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Samkvæmt þágildandi skilmálum umræddrar vátryggingar tekur vátryggingin til þeirrar skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna líkams- eða munatjóns sem verður í tengslum við starfsemi hans, sbr. 2. gr. Fallist er á það með V að hugtakið „munir“ í þessu samhengi nái til fasteigna jafnt sem lausafjár. Í 3. gr. viðeigandi skilmála er svo að finna upptalningu þess sem vátryggingin tekur ekki til. I-liður ákvæðisins er svohljóðandi: „Tjóns á munum sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.“ Tjón á málningu á umræddum loftaplötum atvikaðist með þeim hætti að málningarlímband var límt á plöturnar til að varna því að veggjamálning smitaðist á loftið við málun veggjanna. Límbandið var svo fjarlægt með þeim afleiðingum að málningarfilma á loftaplötunum festist við límbandið og fór af. Ekki verður annað séð en að það sé eðlileg framkvæmd við málningarvinnu að verja aðliggjandi fleti, og verður að telja þessa aðgerð hluta þess verkefnis að mála veggina. Verður því að líta svo á að M hafi verið að vinna við loftaplöturnar umrætt sinn. Þar af leiðandi á áðurnefnt undanþáguákvæði við og er bótaréttur úr ábyrgðartryggingu M því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 12. maí 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 114/2020
M og
V vegna frítímaslysatryggingar fjölskyldutryggingar.

Gildissvið vátryggingarskilmála.
Slysahugtak vátryggingaréttar vegna líkamstjóns 6. nóvember 2018.

Gögn.
Málskot, dags. 29. mars 2020 ásamt gögnum.
Bréf V, dags. 3. apríl 2020, ásamt afriti sjúkraskrár.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi dottið á baðherbergi heima hjá sér, rekið höfuðið í og hlotið af því alvarlegan höfuðáverka. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi verið illa áttaður þegar lögregla ásamt sjúkrabíl kom á vettvang.

M telur að hann hafi slasast í skilningi gildissviðs 2. gr. vátryggingarskilmála fjölskyldutryggingar hjá V þannig að líkamstjón hans megi rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar, enda hafi hann runnið til á baðherbergisgólfi og dottið. Þá lýsingu megi finna í gögnum málsins, eftir að minni M hafi hjarnað við, en ekki eigi að leggja til grundvallar frásögn M þegar hann hafi verið illa áttaður strax eftir atburðinn. M telur ósannað að yfirlið hafi valdið falli hans og beri V sönnunarbyrði um að líkamstjóm hans verði rakið til slíks ástands, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 412/2011. Einnig vísar M til þess að 2. gr. vátryggingarskilmála sé óskýr hvað varðar þann atburð sem leiddi til líkamstjóns hans og vísar um það til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-920/2013 því til stuðnings að sá atburður sem leitt hafi til líkamstjóns M hafi verið þegar hann skall með höfuðið í gólfið en ekki það hvort hann hafi fundið fyrir yfirliðstilfinningu. Einnig vísar M til 36. gr., sbr. 36. gr. a., laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (samningalaga) varðandi það að túlka eigi ákvæði skilmála M í hag.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að atvik það sem leitt hafi til líkamstjóns M hafi ekki verið slys í skilningi vátryggingarskilmála þar sem ekkert utanaðkomandi hafi leitt til þess að hann datt. V vísar til þess að í sjúkraskrá M komi fram að hann hafi verið lagður inn á bráðadeild vegna „akút syncope“, en það sé skyndilegt yfirlið. Einnig komi fram í sjúkraskrá að M hafi verið með eðlilegt meðvitundarstig fljótlega eftir komu á bráðadeild og minni hafi verið óskert. Einnig kemur fram að M hafi gefið þá skýringu að hann hafi fengið mikinn magakrampa og orðið dasaður og síðan muni hann ekki meira. V mótmælir tilvísun til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 920/2013 sérstaklega þar sem niðurstaða í því máli hafi ekki byggt á sambærilegum atvikum heldur 124. gr. laga um vátryggingarsamninga um tilkynningarfrest.

Álit.
Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi sjálfur lýst aðdraganda líkamstjóns síns þannig við V í tjónstilkynningu dags. 29. janúar 2019 að hann hafi fallið inn á baðherbergi og skollið „...með höfuð í.“ Í lögregluskýrslu lögreglumanna sem komu á vettvang þegar M var fluttur með sjúkrabifreið á bráðadeild Landspítala kemur fram að M hafi verið „...mjög illa áttaður og gat ekki sagt til um hvað hefði gerst.“ Í innlagnarskrá dags. 6. nóvember 2018 frá bráðadeild Landspítala kemur fram að M hafi komið vegna „...akut syncope og ruglings í kjölfarið.“ Einnig kemur þar fram að M hafi sagt lækni það síðar að hann hafi fengið mikinn magakrampa og orðið dasaður og svo muni hann ekki meira.

Í vátryggingarétti er orðið slys gjarnan skýrt sérstaklega í vátryggingarskilmálum vátryggingafélaga með þeim hætti að það þurfi að vera um að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Slík skilgreining kemur fram í 2. gr. skilmála frítímaslysatryggingar fjölskyldutryggingar hjá V og verður ekki litið svo á að um sé að ræða óskýrt orðalag í vátryggingarsamningi sem leiði til þess að 36. gr. samningalaga eigi við.

Í dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. dóms réttarins í málum nr. 412/2011 og 128/2013, segir að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem

hlýtur líkamstjón, sé slys í skilningi vátryggingarskilmála. Af þeim dómum má einnig ráða að þegar fall sé rakið til svima, sjúkdóma eða annars ástands í líkama vátryggðs þá sé ekki um að ræða utanaðkomandi atburð m.t.t. hefðbundinnar skýringar á slysahugtaki vátryggingaréttar. Er sú umfjöllun sem fram kemur í óáfrýjuðum héraðsdómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 920/2013 ekki í samræmi við áðurnefnda dómaframkvæmd Hæstaréttar og verður því ekki lögð til grundvallar.

Læknisfræðileg gögn sem lögð hafa verið fram í máli þessu byggja öll á því að M hafi við innlögn á bráðadeild hlotið skyndilegt yfirlið (akut syncope) vegna magakrampa. Í öllu falli benda allar lýsingar í þeim gögnum til þess að fall M á baðherbergi megi rekja til einhvers sem gerðist innan líkama M sem leiddi síðan til falls hans. Skýringar M sjálfs við lækna benda til þess og þó haft sé eftir honum í sjúkragögnum hvað hafi leitt til fallsins verður ekki séð af tjónstilkynningu M sjálfs til V að atvik hafi verið með öðrum hætti. Verður því ekki lagt til grundvallar að fall M hafi verið vegna utanaðkomandi atburðar í skilningi 2. gr. vátryggingarskilmála V og er bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskylt úr frítímaslysatryggingu fjölskyldutryggingar hans hjá V.

Reykjavík, 5. maí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 115/2020

M og
V v/ forfallatryggingarliðs fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna ákvörðunar M um að hætta við ferð til Ísrael vegna sóttvarnaráðstafana þar í landi.

Gögn.
Málskot, móttekið 30.3.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 14.4.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M keypti 15 daga ferð til Ísrael fyrir sig og eiginkonu sína sem átti að hefjast 13. mars 2020. Hinn 9. mars birtist frétt þess efnis að ísraelsk stjórnvöld hafi tekið ákvörðun um að allir sem kæmu til Ísrael að utan muni fara í 14 daga einangrun. Kveður M að þessi ákvörðun ísraelskra stjórnvalda hafi jafngilt ferðabanni til landsins og því hafi ekki orðið af því að hann og eiginkona hans hafi farið í ferðina.

M hefur krafist bóta úr forfallatryggingarlið fjölskyldutryggingar sem hann hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Í skilmálum forfallatryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar er bótasvið vátryggingarinnar orðað svo:

„Vátryggingin bætir fyrirframgreiddan ferðakostnað vegna ferðar til útlanda sem hinn vátryggði á samkvæmt samningi ekki rétt á að fá endurgreiddan ef hann neyðist til að hætta við ferð sína vegna:

1.1 Alvarlegs slyss eða skyndilegra veikinda hins vátryggða sem staðfest er með vottorði læknis um að vátryggður sé ekki ferðafær. Sama á við ef hinn vátryggði deyr áður en ferð er farin.
1.2 Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda maka, barna, barnabarna, foreldra, afa, ömmu, tengdaforeldra, tengdabarna eða systkina vátryggðs.
1.3 Verulegs eignatjóns á heimili vátryggðs eða í einkafyrirtæki hans sem gerir nærveru vátryggðs nauðsynlega. Samráð skal haft við félagið um hvort nauðsynlegt sé að hætta við ferð.
1.4 Opinberrar sóttkvíar.
1.5 Kvaðningar vátryggðs til að vitna fyrir dómi.
1.6 Starfa sem vátryggður getur ekki komist hjá að vinna samkvæmt lögum um skyldusóttkví.
1.7 Þess að vátryggður kemst ekki í ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt.“

Í máli þessu koma til álita liðir 1.4 og 1.7, þ.e. að vátryggður eigi rétt á endurgreiðslu ferðakostnaðar að öðrum skilyrðum fullnægðum, ef hann neyðist til að hætta við ferð sína vegna opinberrar sóttkvíar (1.4) eða vegna þess að hann kemst ekki í ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt.

Hér verður að líta til þess að það er skilyrði greiðsluskyldu úr vátryggingunni að vátryggður hafi neyðst til að hætta við ferð, þ.e. að honum gegn vilja sínum hafi verið gert að hætta við ferð sína í því tilviki sem hér um ræðir annað hvort vegna opinberrar sóttkvíar eða að hann hafi ekki komist í ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt.

Í tilviki M verður ekki annað ráðið en hann hafi í reynd komist í fyrirhugaða ferð til Ísrael, en ákveðið sjálfur að hætta við ferðina þar sem hann sá fram á að þurfa að vera í sóttkví allan dvalartímann. Hann telst því ekki hafa neyðst til að hætta við ferðina þannig að falli undir bótasvið forfallatryggingarinnar. Hann á því ekki rétt til bóta úr vátryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 116/2020

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur í hringtorgi á gatnamótum Fífuhvammsvegar og Dalsmára í Kópavogi þann 16.2.2020.

Gögn.
Málskot, móttekið 31.3.2020.
Bréf V1, dags. 24.4.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V2, dags 15.5.2020.

Málsatvik.
A var ekið suður Dalsmára að hringtorgi, svonefndu Hvammstorgi, á gatnamótum Dalsmára og Fífuhvammsvegar. Í sömu andrá og A var ekið inn á hringtrogið var B ekið vestur Fífuhvammsveg og um hringtorgið. Rákust þá saman framendi A og aftanverð hægri hlið B. Við áreksturinn snerist B í hálfhring og staðnæmdist nokkurn spöl vestan hringtorgsins. Miklar sjáanlegar skemmdir eru sagðar hafa orðið á framenda A og litlar sjáanlegar skemmdir aftarlega á hægri hlið B. Hámarkshraði á Fífuhvammsvegi 50 km á klst.

Ökumaður A kvaðst samkvæmt lögregluskýrslu hafa ekið Dalsmára til suðurs að hringtorginu á 20-25 km hraða á klst. Er hann hafi verið að aka inn í innri hring torgsins hafi B verið ekið úr austurátt á A með þeim afleiðingum að „öll framhlið bifreiðar [A] fór af." Kvað ökumaðurinn að B hafi verið á töluverðum hraða, u.þ.b. 80-90 km á klst., en hann hafi ekki séð vel þar sem sól var hátt á lofti.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 40 km hraða á klst. og verið að aka í gegnum hringtorgið þegar A hafi komið á miklum hraða inn á hringtorgið úr norðri með þeim afleiðingum „að hann klessti á bifreiðina og bifreiðin hans hafnaði nokkrum metrum frá hringtorginu."

Eftir vitninu D er haft að það hafi verið að aka austur (upp) Fífuhvammsveg er það hafi tekið eftir B koma á „góðri ferð" í gegnum hringtorgið úr austri og hafnað harkalega á A sem hafi verið á leið inn í hringtorgið í suðurátt. Nánar kvað vitnið að B hafi verið ekið á frekar miklum hraða yfir hringtorgið á báðum akreinum eða „skorið í gegnum hringtorgið" eins og vitnið orðaði það við skýrslutöku lögreglu á vettvangi.

Annað vitni, E, kvaðst hafa ekið vestur (niður) Fífuhvammsveg þegar B hafi verið ekið fram úr því á „mikilli siglingu". Næst hafi það séð B klessa á A sem hafi verið ekið úr suðri inn á hringtorgið. Við áreksturinn hafi B snúist við og hafnað á vegkanti uppi á grasbala þannig að framendi hennar hafi vísað til austurs. Vitnið kvaðst ekki geta sagt nákvæmlega til um hraða B, en það hafi sjálft ekið á 50 km hraða á klst. og taldi að B hafi verið ekið mun hraðar.

Samkvæmt skýrslu um útreikning á hraða ökutækjanna samkvæmt svonefndu „PC Crash" reiknilíkani, sem aflað var af hálfu V1, mun hraði A á því tímamarki sem áreksturinn varð hafa verið 34 km á klst. og hraði B 70 km á klst.

Álit.
Samkvæmt 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður sem ekur að hringtorgi veita þeim sem eru í torginu forgang. Þessa bar ökumanni A að gæta er hann kom að hringtorginu. Á því varð misbrestur þannig að hann ber sök á árekstrinum.

Á ökumanni hvílir sérstök skylda að aka nægilega hægt miðað við aðstæður m.a. við vegamót og í hringtorgum, sbr. c-lið 2. mgr. 36. gr. umferðarlaganna. Þegar einkum er litið til verksummerkja á árekstrarstað og framburðar vitna, og hliðsjón höfð af PC Crash útreikningi, þykir nægilega sannað að B hafi verið ekið nokkuð yfir leyfilegum hámarkshraða og mun hraðar en aðstæður leyfðu þannig að alvarlega var brotið gegn fyrrgreindu lagaákvæði c-liðar 2. mgr. 36. gr. Ökumaður B telst því einnig eiga talsverða sök á því hvernig fór. Að öllu athuguðu verður ekki ráðið að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Sök verður því skipt að jöfnu milli ökumanna.

Niðurstaða.
Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 23. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 117/2020

M og
V v/ slysatryggingar ökumanns ökutækisins X

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna umferðarslyss 15. febrúar 2019.

Gögn.
Málskot dags. 31. mars 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 15. maí 2020 ásamt mynd af tjónsstað og úrskurði nefndarinnar í máli 53/2020.

Málsatvik.
M ók bifreiðinni X niður afrein frá Hafnarfjarðarvegi inn á Kársnesbraut þegar hann missti stjórn á bifreiðinni og lenti á ljósastaur. Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hann hafi misst síma sinn á gólf bifreiðarinnar og verið að teygja sig eftir honum þegar hann ók á ljósastaurinn. Í sömu skýrslu kemur fram að M hafi ekki vitað hversu hratt hann ók þegar hann missti stjórn á bifreiðinni, en lítil skemmd var á framstuðara bifreiðarinnar sem hann ók, líknarbelgir höfðu ekki sprungið út og engin ummerki voru um að M hafi hemlað bifreiðinni fyrir áaksturinn. Samkvæmt lýsingu í lögregluskýrslu voru aðstæður á vettvangi þannig að myrkur var, góð lýsing og ísing og hálka.

M varð fyrir meiðslum við óhappið og hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda X hjá V. M bendir á að mikið þurfi til að háttsemi sé metin sem stórkostlegt gáleysi og það að líta af vegi í örskotsstund, eins og M kveðst hafa gert, sé ekki slík háttsemi. M vísar til þess að hann hafi ekki verið á miklum hraða og lítil umferð hafi verið. M vísar einnig til dómaframkvæmdar í Hæstarétti máli sínu til stuðnings.

V hefur fallist á bótaskyldu að 2/3 hlutum en telur að skerða beri bætur að 1/3 hluta þar sem M hafi valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi með því að líta af vegi þar sem hann hafi ekið í nokkuð krappa beygju í átt að gatnamótum.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið.

Samkvæmt gögnum málsins er ekki um það deilt að M beygði sig niður á gólf X til að ná í farsíma sinn, enda haft eftir M í lögregluskýrslu að þannig hafi aðstæður verið. Þó hraði bifreiðar hafi ekki endilega verið mikill þá er slík háttsemi er ámælisverð og felur í sér verulegt frávik frá þeirri varúðarskyldu sem hvíldi á M við akstur X, sbr. meðal annars 1. mgr. 4. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Verður þessi háttsemi virt honum til stórkostlegs gáleysis sem veitir V rétt til að skerða bætur til M um 1/3 hluta skv. heimild í 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga og eru aðstæður sem uppi voru í þeim dómum sem M vísar til í málskoti ekki sambærilegar. Samkvæmt þessu á M ekki rétt á frekari bótum úr slysatryggingu ökumanns en V hefur þegar fallist á að bæta honum.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum en sem nemur 2/3 hlutum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðareinnar A hjá V.

Reykjavík, 23. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 119/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingarliðs húseigandatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu er kona féll á svalagólfi fyrir utan verslunarmiðstöð og slasaðist.

Gögn.
Málskot, móttekið 31.3.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 28.4.2020.

Málsatvik.
Um hádegisbil 19. september 2019 gekk M, starfsmaður tiltekinnar verslunar í verslunarmiðstöðinni A, út á svalir eða steypt plan við einn inngang að A. Í skýrslu lögreglu um atvikið er haft eftir M að hún hafi runnið er hún hafi gengið út á planið en það hafi verið mjög hált. Einnig kemur fram í lögregluskýrslunni að unnið hafi verið að framkvæmdum á húsnæðinu þar sem M féll. Sömuleiðis hafi verið rætt við ónafngreindan starfsmann í sömu verslun og M starfaði í sem kvað kvartanir hafa borist um að steypta planið væri hált þar sem slysið varð. Loks segir í lögregluskýrslunni að rigning hafi verið úti og steypta planið hafi verið hált á umræddum tíma.

Aðstæður á slysstað voru skoðaðar af Vinnueftirliti ríkisins með skoðun sem er nefnd „Takmörkuð úttekt 19.9.2019“. Í skoðunarskýrslu eftirlitsins af þessu tilefni kemur ekkert markvert fram um orsakir slyssins.

Í fyrirliggjandi tjónstilkynningum M til tryggingafélags og Sjúkratrygginga Íslands, dags. 10. og 14. október 2019, segir að hún hafi farið út á vestursvalir hússins og runnið á steyptu gólfinu sem hafi verið þakið grænu slími og dottið illa. Kveður M að slysið megi rekja til vanbúnaðar á gönguleið fyrir utan A sem feli í sér brot á nánar tilgreindum ákvæðum í lögum um mannvirki nr. 160/2010, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglum nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustu og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Framkvæmdir við húsið þar sem slysið varð hafi verið unnar á vegum A og því beri A ábyrgð á slysinu. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingarlið húseigandatryggingar sem A hefur í gildi hjá V. Samkvæmt upplýsingum sem V kveðst hafa aflað hjá húsverði A hafi ekkert fundist athugavert við yfirborð svæðisins umfram það sem venjulegt getur talist í mikilli rigningu. V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

Álit.
Samkvæmt gögnum málsins stóðu framkvæmdir yfir á svæðinu þar sem slysið varð þótt ekki sé ljóst í hverju þær fólust nákvæmlega. Af ljósmyndum má ráða að efni af einhverju tagi hafi legið á yfirborði svæðisins næst þeim dyrum þar sem M gekk út á svæðið. Ekki er ljóst hvers konar efni var um að ræða. Mikil rigning var umræddan dag og sólarhringsúrkoma mun hafa mælst 32,4 mm samkvæmt veðurfarsyfirliti Veðurstofu Íslands. Hvorki í lögregluskýrslu né skoðunarskýrslu Vinnueftirlitsins er að því vikið að yfirborðið á umræddu svæði hafi verið hálla en jafnan má búast við í mikilli rigningu. Að gögnum málsins virtum verður ekki talið að sýnt hafi verið nægilega fram á að slysið megi rekja til hættulegs yfirborðs svæðisins eða ófullnægjandi varúðarráðstafana af hálfu A þar sem slysið varð. A telst því ekki bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem M varð fyrir umrætt sinn. Hún á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingarlið húseigandatryggingar verslunarmiðstöðvarinnar A hjá V.

Reykjavík, 19. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 121/2020

M og
V vegna innbústryggingar fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bótafjárhæðir vegna tjóns á innbúi 19. maí 2019. Frávísun.

Gögn.
Málskot móttekið 1. apríl 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 20. apríl 2020 ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur M dags. 21. apríl 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að tjón varð á innbúi M vegna heits vatns sem flæddi um íbúð hennar. Bótaskylda var viðurkennd af hálfu V og fékk M greiddar bætur, en kveðst hafa verið mjög ósátt við þá bótafjárhæð sem komið hafi til greiðslu.

M kveðst hafa verið með 15 milljóna króna innbústryggingu en hafi einungis fengið um 3,5 milljóna bótagreiðslu frá V vegna tjónsins. M telur að V hafi ekki greitt bætur miðað við upplýsingar í auglýsingum og kveðst vera mjög ósátt við bótauppgjör og telur innbú sitt hafa verið mikið meira virði.

V segir bætur til M hafa verið greiddar eftir ítarlegt tjónamat af hálfu félagsins. M hafi samþykkt greiðslu bóta með einni athugasemd sem V kveðst hafa tekið tillit til áður en bætur voru greiddar. V samþykkir að nefndin fjalli um bótafjárhæðir í málinu ef þurfa þykir en telur kröfur M óljósar og ekki sýnt fram á frekara tjón en greiddar hafa verið bætur vegna nú þegar.

Álit:
Í e-lið 4. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing birt í B-deild stjórnartíðinda nr. 1090/2005, segir að vísa skuli máli frá nefndinni „...sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Slík frávísun skal rökstudd. Mál sem vísað er frá á þessari forsendu skal, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, taka aftur til meðferðar hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.“

Þegar litið er gagna þessa máls verður ekki séð að það liggi fyrir nokkur gögn eða upplýsingar sem styðja þá afstöðu M að innbústjón hennar hafi ekki verið fullbætt. Til þess að hægt sé að fjalla um slíka kröfu verða að liggja fyrir gögn eða frekari upplýsingar sem styðja þau sjónarmið sem M hefur uppi í málskoti sínu til nefndarinnar, sem og tölvupósti dags. 21. apríl sl.

Nefndin telur því kröfu M það óljósa og illa upplýsta að málið sé ekki tækt til úrskurðar og verður því að vísa því frá, sbr. e-liður gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Niðurstaða.
Málinu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 19. maí 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 122/2020

M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss á veitingastað hinn 28.06.2018.

Gögn.
Málskot 26.03.2020 ásamt fylgiskjölum 1-18.
Bréf V dags. 02.04.2020 ásamt fylgigagni.

Málsatvik.
Hinn 28. júní 2018 var M, ásamt tveimur vinkonum sínum, stödd á veitingastaðnum A þar sem þær hugðust snæða. Í málskoti kemur fram að þegar þær voru á leið til sætis hafi M runnið í bleytu eða olíu á gólfinu með þeim afleiðingum að hún slasaðist nokkuð. M fer fram á bætur úr ábyrgðartryggingu A vegna slyssins enda verði það rakið til vanrækslu starfsmanna A. Það sé með öllu óforsvaranlegt að bleyta eða olía sé á gólfum sem viðskiptavinir eigi leið um. Um sé að ræða fjölsóttan stað og því brýnt að gæta fyllsta öryggis. Beri starfsfólki því að yfirfara gólf reglulega og gæta þess að ekki sé bleyta á þeim. Þá vísar M til framburðar vitna, þ.e. samferðarkvenna sinna, þar sem fram kemur að þær hafi ekki verið ölvaðar og M hafi hvorki hrasað né misstigið sig heldur hafi fótunum beinlínis verið kippt undan henni og hún skollið í gólfið. Jafnframt kemur fram í vitnisburði að ekkert athugavert hafi fundist á gólfinu en það segi sig sjálft að hafi M stigið á einhvern aðskotahlut hefði hann skotist annað og fita eða bleyta sogast upp í klæðnað hennar. Samkvæmt framansögðu verði slysið ekki rakið til eigin óaðgæslu M heldur eingöngu vanrækslu af hálfu A.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til þess að þegar starfsmenn A og vitni, vinkona M, hafi skoðað aðstæður strax eftir slysið hafi engin bleyta fundist á gólfi A. Sé því ósannað að slys M megi rekja til þess að hún hafi runnið í fitu eða vökva á gólfi veitingastaðarins. Jafnvel þó sýnt væri fram á slíkt væri jafnframt ósannað að starfsmenn A hefðu haft vitneskju um bleytu á gólfi veitingastaðarins þannig að meta mætti þeim til vanrækslu að hafa ekki brugðist við. Sé því um óhappatilvik að ræða sem ekki verði bætt úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.
Svo bótaskylda úr ábyrgðartryggingu sé fyrir hendi þarf sá sem fyrir tjóni verður að sýna fram á að tjónsatvik megi rekja til skaðabótaskyldra athafna, eða athafnaleysis, vátryggðs. Samkvæmt lýsingum í málskoti verður að telja ósannað að M hafi runnið í bleytu eða á fitubletti eða hnotið um einhvern aðskotahlut, en fyrir liggur að starfsmaður A og vinkona M skoðuðu svæðið án þess að finna ummerki um slíkt. Jafnvel þó sýnt væri fram á að bleyta hafi verið á gólfinu, en ætla má að bleyta eða fita geti lent á gólfi veitingastaða, er ekki sýnt fram á að starfsmenn A hafi haft vitneskju um það og að það verði metið þeim til vanrækslu að bregðast ekki við. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið sýnt fram á að slys M megi rekja til atvika sem A, eða starfsmenn þess, beri ábyrgð á. Er bótaskylda þar af leiðandi ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. maí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 123/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón af völdum umferðarslyss. Frávísun.

Gögn.
Málskot, móttekið 27.3.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 15.4.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 14 júní 2017 varð M fyrir líkamstjóni sem taldist bótaskylt úr ábyrgðartryggingu tiltekinnar bifreiðar sem var vátryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá V. Með sameiginlegri matsbeiðni M og V var aflað matsgerðar læknis og lögfræðings. Samkvæmt matsgerð þeirra, dags. 17.ágúst 2019, var komist að þeirri niðurstöðu að heilsufar M hafi verið orðið stöðugt 14. september 2017, tímabundin óvinnufærni hafi verið 100% tímabilið 15. júní 2017 til 14. september sama ár, varanlegur miski væri þrjú sig og varanleg örorka engin.

Líkamstjón M var gert upp 10. október 2019 úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu hjá V með fyrirvara sem m.a. laut að bótum fyrir tímabundið atvinnutjón sem að áliti V taldist ósannað. Sagði í fyrirvaranum að M muni leita réttar síns vegna tímabundins atvinnutjóns sem hann telji sannað með fyrrgreindri matsgerð.

Samkvæmt málskoti kveður M að hann hafi hætt störfum hjá vinnuveitanda sínum í kjölfar slyssins. Hann hafi fengið greidd laun fyrir júní frá vinnuveitanda sínum en frekari greiðslu hafi hann ekki fengið á tímabili óvinnufærni. Þá segir í málskoti að samkvæmt ráðningarsamningi og launaseðlum hafi M fengið greitt fyrir tímavinnu en ekki verið með föst mánaðarlaun. Því geti verið álitamál við hvaða laun eigi að miða.

V kveður ósannað að M hafi orðið fyrir fjártjóni á umræddu tímabili auk þess sem hann hafi ekki takmarkað tjón sitt með því að krefjast kjarasamningsbundinna launa hjá vinnuveitanda meðan hann taldist óvinnufær. Þá hafnar V því að nefndin fjalli í máli þessu um ágreining er varðar bótafjárhæðir.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 í B deild Stjórnartíðinda, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Jafnframt segir í 2. mgr. sömu greinar að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki fjallað efnislega um ágreining aðila nema tekin verði afstaða til þeirra fjárhæða sem M gæti átt rétt á vegna tímabundins atvinnutjóns það tímabil sem hann taldist vera óvinnufær. Með því að V hefur ekki fallist á að fjallað verði um bótafjárhæðir í máli þessu heyrir ágreiningurinn ekki undir starfssvið nefndarinnar. Þegar af þeirri ástæðu og með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktanna er máli þessu vísað frá.

Niðurstaða.
Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 5. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 124/2020

M og
V v/ Starfsverndar (slysa og sjúkratryggingar).

Ágreiningur um bótaskyldu vegna endurtekinnar tímabundinnar algerrar óvinnufærni.

Gögn.
Málskot, móttekið 27.3.2020, ásamt fylgigögnum.
Athugasemdir V, dags. 22.5.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Samkvæmt tjónstilkynningu, dags. 20.8.2019, varð M algerlega óvinnufær frá 14. júní 2019 til 15. ágúst sama ár eftir að hann hafði 1. maí 2019 fengið högg eða slink á vinstra hné við fall þar sem hann rak hnéð í vegg. M krafðist bóta úr Starfsvernd, sérstakri slysa- og sjúkratryggingu sem hann hafði í gildi hjá V fyrir milligöngu A, nánar tilgreindrar vátryggingamiðlunar hér á landi. Vátryggingin bætir m.a. tjón vegna tímabundinnar algerrar óvinnufærni („Permanent Total Disablement"). M voru greiddar bætur úr vátryggingunni fyrir framangreint tímabil sem hann var algerlega óvinnufær. Með nýrri tjónstilkynningu, dags. 15. janúar 2020, kom fram að M hafði að nýju orðið algerlega óvinnufær frá 3. desember 2019 og um óákveðinn tíma vegna sömu sjúkdómseinkenna. M hefur á ný krafist bóta úr vátryggingunni vegna þess sjúkratímabils sem hófst 3. desember 2019.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til svofellds ákvæðis í skilmálum vátryggingarinnar: **„Recurrent Disability** mean **Temporary Total Disability** from which **You Recover** and which recurred during the **Period of Insurance."** Tjónsatburðinn 1. maí 2019 sem leiddi upphaflega til hinnar algeru óvinnufærni hafi orðið á vátryggingartíma (Period of Insurance) vátryggingarskírteinis sem gilti frá 2. september 2018 til 1. september 2019. Óvinnufærni hafi tekið sig upp aftur að liðnum vátryggingartímanum, en vátryggingin hafi ekki verið endurnýjuð þegar vátryggingartíminn hafi verið á enda runninn 1. september 2019. Þar sem óvinnufærnin hafi ekki komið upp að nýju innan vátryggingartíma (Period of Insurance), þ.e. á tímabili meðan vátryggingin var í gildi, eins og áskilið er samkvæmt tilvitnuðu skilmálaákvæði eigi M ekki rétt til frekari bóta.

M kvaðst hafa fengið tölvupóst frá A þann 22. júlí 2019, þar sem honum var gert að fylla út nýja heilsufarsyfirlýsingu, samþykkja hana og senda A „minnst 60 dögum fyrir endurnýjun að öðrum kosti mun þurfa að fylla út nýja umsókn." Sökum þess hve seint tölvupósturinn hafi borist hafi hann ekki náð að skila heilsufarsyfirlýsingunni innan 60 daga.

Álit.
Í vátryggingarskírteini vegna vátryggingar þeirrar sem hér um ræðir fyrir tímabilið 2. september 2018 til 1. september 2019 er sérstök áminning, svohljóðandi: „Vátrygging þessi er gefin út fyrir ofangreint vátryggingartímabil og endurnýjast ekki nema að undangenginni beiðni vátryggingartaka þess efnis og undirritun á nýrri heilsufarsyfirlýsingu hins vátryggða." Hinn 22. júlí 2019 sendi A tölvupóst til M þar sem m.a. koma fram að ef M vildi „endurnýja óbreyttan samning, vinsamlegast svaraðu eftirfarandi spurningum um hvort að heilsufar þitt sé óbreytt og önnur atriði sem þar er að finna sömuleiðis." Þá kom fram í tölvupóstinum að V áskildi sér rétt til að „breyta iðgjaldi, skilmálum eða endurnýja ekki við lok gildistíma vátryggingarinnar sé þessum skilyrðum ekki uppfyllt." Ekki er um það deilt að M brást ekki við þeim tilmælum sem fram komu í þessum tölvupósti, líkt og að framan greinir.

Málatilbúnað V verður að skilja svo að vátryggingin endurnýist í lok hvers vátryggingartímabils því aðeins að M hafi beiðst endurnýjunar og afhent nýja heilsufarsyfirlýsingu. Með því að M hafi ekki fylgt þessu í tengslum við endurnýjunina 2. september 2019 hafi vátryggingin ekki verið endurnýjuð og af þeim sökum ekki í gildi þegar óvinnufærni M tók sig upp að nýju í desember sama ár.

Í 1. mgr. 79.gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga er svofellt ákvæði: „Nú á slysa- eða sjúkratrygging að gilda í tiltekinn tíma, eitt ár eða lengur, og félagið hyggst ekki framlengja vátrygginguna fram yfir þann tíma og skal það þá tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda. Að öðrum kosti framlengist vátryggingartímabilið um eitt ár." Þegar A sendi fyrrgreindan tölvupóst 22. júlí 2019 var talsvert skemmri frestur en tveir mánuðir til loka vátryggingartímabilsins. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að V hafi fyrir tveggja

mánaða frestinn sent M tilkynningu í samræmi við téð lagaákvæði. Af því leiðir að vátryggingartímabilið framlengdist um eitt ár frá 2. september 2019 að telja. Jafnvel þótt M hafi ekki greitt iðgjald fyrir vátryggingartímabilið sem þá hófst er til þess að líta að ekki verður séð af gögnum málsins að M hafi verið krafinn um iðgjald vegna endurnýjunarinnar og því ekki skapast skilyrði til niðurfellingar vátryggingarinnar vegna greiðsludráttar samkvæmt ákvæðum 95 og 96. gr. laga nr. 30/2004. Að framangreindu virtu verður að líta svo á að vátryggingin hafi verið í gildi 3. desember 2019 þegar óvinnufærni M tók sig upp að nýju. Hann á því rétt á bótum úr vátryggingunni vegna þeirrar óvinnufærni sem þá hófst.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr Starfsvernd (slysa- og sjúkratryggingu) hjá V.

Reykjavík, 26. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 125/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar X

Skaðabótaábyrgð vegna vinnu við að saga niður vegg 16. janúar 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 16. mars 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 17. apríl 2020.
Viðbótarathugasemdir lögmanns M, sbr. bréf dags. 15. maí 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að X hafi verið falið að saga niður vegg í húsnæði M hinn 16. janúar sl. og hafi starfsmenn X við það verk sagað í vatnslögn sem leitt hafi til leka inn húseign M og nokkurs tjóns.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M þar sem starfsmenn X hafi ekki sýnt næga aðgæslu við verkið og undirbúning þess. Nánar tiltekið hafi hvorki verið kannað hvort vatnslagnir væru í veggnum né brugðist rétt við þegar sagað hafi verið í lögnina, nokkur tími hafi því liðið þar til skrúfað hafi verið fyrir vatn og hafi það leitt til tjóns M. Því er vísað á bug af hálfu M að hann hafi verið búinn að undirbúa verkið með þeim hætti að starfsmenn X hafi mátt treysta því að ekki hafi verið lögn í veggnum, eða að arkitekt á vegum M hafi verið búinn að merkja hvar ætti að saga í vegg. M ber því við að starfsmenn X hafi ekki rætt við M áður en þeir hófu verkið, né þá iðnaðarmenn sem voru að störfum í húsnæði M þegar verkið var unnið.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að skilyrði skaðabótaskyldu séu ekki uppfyllt. V telur að tjón M sé fyrst og fremst hægt að rekja til þess að undirbúningur verksins hafi verið ófullnægjandi af hálfu M. Bent er á af hálfu V að M hafi verið búinn að undirbúa verkið sem X var falið með því að aftengja ofn, setja tappa í ofnlögn, taka ofn niður af vegg og merkja hvar ætti að saga í vegginn. V bendir á að starfsmenn X hafi ekki verið upplýstir um staðsetningu vatnslagnar og það hafi verið hlutverk M að benda á hana, auk þess sem starfsmenn M hafi stöðvað vinnu sína um leið og þeir áttuðu sig á því að sagað hefði verið í vatnslögn.

Álit.
Í málinu er ágreiningur um hvort skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi vegna vinnu starfsmanna X við verk fyrir M, sem fólst í því að saga niður vegg í húsnæði á Hverfisgötu. Ekki er ágreiningur um að sagað var í vatnslögn og verður að ætla af gögnum málsins að tjón hafi af því hlotist fyrir M. Í málinu liggja ekki fyrir gögn frá X sjálfum, lýsingar starfsmanna af því hvernig verkið var framkvæmt og hvaða upplýsingar voru lagðar til grundvallar þegar verkið var unnið. Gera verður ríkar kröfur til þeirra sem taka að sér sérhæfð verk, eins og þau sem starfsmönnum X var falið að vinna, þar af leiðandi verður að leggja til grundvallar strangt sakarmat þegar skilyrði skaðabótaábyrgðar eru metin. Verður af gögnum málsins ekki ráðið að starfsmenn X hafi kannað aðstæður á verkstað með fullnægjandi hætti og ber V sönnunarbyrði um að svo hafi verið, en ekki er hægt að byggja á lýsingum V sem ekki eru staðfestar með öðrum gögnum en bréfi V til nefndarinnar dags. 17. apríl 2020. Starfsmenn X teljast því hafa sýnt saknæma háttsemi sem leiddi til tjóns M og er greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X því fyrir hendi hjá V.

Niðurstaða.
M eiga rétt á bótum vegna tjóns á húseign úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 9. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 126/2020

M og
V vegna kreditkortatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr forfallatryggingu.

Gögn.
Málskot, móttekið 04.04.2020 ásamt fylgigögnum 1-4.
Bréf V, móttekið 30.04.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 01.05.2020.

Málsatvik.
Hinn 29. nóvember 2019 keypti M flug til Tenerife og var fyrirhugaður dvalartími þar frá 7.-14. mars 2020. Í kjölfar þess að Covid 19 tilfelli greindist hérlendis í lok febrúar 2020 og tilfellum erlendis fjölgaði ákvað M að ráðfæra sig við lækni varðandi það hvort hann ætti að fara í umrædda ferð, en M er astmasjúklingur og hafði haft fregnir af því að astmasjúklingum stafaði sérstök hætta af vírusnum. Heimilislæknir M ráðlagði honum að hætta við ferðina og gaf út vottorð þess efnis hinn 4. mars 2020. Daginn eftir hafði M samband við flugfélagið sem hann keypti miðana hjá og afpantaði flug sitt. Þar sem honum bauðst engin endurgreiðsla sendi M tjónstilkynningu við V, sem hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 9. mars 2020.

M tekur í málskoti fram að þó hann hafi verið með astma um langa hríð hafi það engin áhrif haft á getu hans til að ferðast og því megi rekja umrædd forföll eingöngu til þess hættuástands sem Covid-19 hafi haft í för með sér. Alvarleika þess megi einnig ráða af því að frá og með 14. mars hafi íslensk stjórnvöld ákveðið að setja alla sem komu til landsins í 14 daga sóttkví. Sé því ljóst að smithætta hafi verið raunveruleg og smit hefði haft í för með sér alvarlega afleiðingar fyrir M. Máli sínu til stuðnings vísar M jafnframt til gr. 4.6 í viðeigandi vátryggingarskilmálum.

Í bréfi V til nefndarinnar vísar félagið til þess ákvæði 4. kafla skilmálanna eigi aðeins við þegar vátryggður þurfi að rjúfa ferð, t.a.m. vegna þess að hann veikist erlendis. Þegar ferð sé afbókuð fyrir brottfarardag, eins og í tilviki M, eigi hins vegar 6. kafli skilmálanna við. Samkvæmt ákvæðum þess kafla bæti vátryggingin ferðakostnað sem ekki fæst endurgreiddur ef veikindi eru ástæða þess að vátryggður kemst ekki í ferðina. Ljóst sé að M hafi ekki verið sýktur af Covid 19 og því sé ekki að rekja forföll til þeirrar veirusýkingar, heldur astma. Hættan á því að smitast af Covid 19 geti eins og sér ekki leitt til þess að bótaskylda stofnist. Þá sé í gr. 6.3. að finna takmarkanir á bótaskyldu félagsins. Samkvæmt gr. 6.3.1 bæti félagið ekki „tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og/eða var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt.“. Óumdeilt sé að M hafi þjáðst af astma þegar ferðin var bókuð og að það hafi leitt til þess að honum var ráðið frá því að fara í ferðina. Sé bótaskylda því ekki fyrir hendi. Enn fremur vísar V til gr. 6.3.2 c) en þar segi að tjón sem stafi af tregðu vátryggðs til að ferðast fáist ekki bætt.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að M telji V reyna að snúa út úr staðreyndum málsins. Ljóst sé að astmi M geti ekki talist til veikinda sem hömluðu för hans. M hafi hætt við ferðina vegna hættuástands, og það sé undarlegt leiði túlkun skilmálanna til þess að vátryggður sem lagður er af stað í ferð fái tjón sitt bætt ef hann verði frá að hverfa vegna viðlíka hættu, en ekki vátryggður sem afpanti ferð vegna hættu sem skapist af henni. Þá hafi M á langri ævi farið í fjölmörg ferðalög án þess að astmi hans hafi hamlað för. Því sé ljóst að þegar staðfestingargjald var greitt hafi M ekki þjáðst af sjúkdómi sem leiddi til skertrar ferðagetu hans. Hættan sem steðjað hefði að M hafi ekki verið til staðar þegar staðfestingargjald var greitt, enda hafi hún stafað af sjúkdómi sem hann þjáðist ekki af. Er krafa um bætur úr kreditkortatryggingu M hjá V því ítrekuð.

Álit.
Í 4. kafla viðeigandi skilmála er fjallað um ferðaslysa- og sjúkratryggingu. Þar er að finna umfjöllun um t.d. sjúkrakostnað á ferðalagi erlendis, ferðarof, og endurgreiðslu vegna ferðarofs þegar vátryggður getur ekki nýtt sér hluta þeirrar ferðar sem greitt hefur verið fyrir, vegna alvarlegra veikinda eða slyss. Verður ekki séð að ákvæði skilmálanna um ferðarof, sem M vísar til í málskoti,

eigi við um ágreining aðila. Í 6. kafla skilmálanna er hins vegar fjallað um forfallatryggingu og á sá kafli við þegar ferð er afbókuð fyrir fyrirhugaðan brottfarardag. Þar kemur, í gr. 6.1, fram að félagið bæti ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, allt að kr. 200.000 vegna ferðar sem vátryggði kemst ekki í ef nánar tilgreindar ástæður eiga við, en meðal þeirra eru veikindi vátryggðs. Í gr. 6.3.1 er svo að finna undanþágu á greiðsluskyldu, þ.e. að hún sé ekki til staðar megi rekja tjón til hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og/eða var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt.

Óumdeilt er að M var með astma þegar umrædd ferð var keypt hinn 29. nóvember 2019. Þá liggur fyrir nefndinni vottorð frá heimilislækni M, dags. 4. mars 2020 þar sem segir „asthmasjúklingur sem þolir illa að veikjast og því er honum ráðlagt að fara ekki í áætlaða golfferð vegna kórónuveiru áhættu“. Má telja ljóst af læknisvottorðinu, svo og málatilbúnaði M, að hefði M ekki verið með undirliggjandi sjúkdóm hefði honum ekki verið ráðlagt frá því að fara í umrædda ferð. Þrátt fyrir að ástæða afbókunarinnar hafi ekki verið astmi sem slíkur, heldur sérstök hætta sem steðji að einstaklingum með undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma smitist þeir af Covid 19, er því óhjákvæmilegt að líta svo á að tjón M megi rekja til þess að hann er með astma. Ekki verður heldur séð að M hafi, á afbókunardegi, þjáðst af neinum öðrum sjúkdómi sem hamlað gæti för hans. Þannig verður afbókun umræddrar ferðar rakin til þess að M er með astma, sjúkdóm sem hann þjáðist af við bókun ferðarinnar, og samkvæmt áðurnefndri gr. 6.3.1 er greiðsluskylda úr vátryggingunni því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr kreditkortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 19. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 127/2020

M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra X

Skaðabótaábyrgð byggingarstjóra vegna byggingar fasteignar árið 2015.

Gögn.
Málskot dags. 7. apríl 2020, ásamt fylgigögnum og athugasemdum lögmanns dags.
Bréf V dags. 27. apríl 2020.
Bréf lögmanns M dags. 6. maí 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi orðið var við leka út frá sturtu í húseign sinni í ársbyrjun 2019. Húseignin var byggð árið 2015 og var X byggingarstjóri vegna hennar.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns á húseigninni þar sem hann hafi sem byggingarstjóri ekki gengið úr skugga um að einstakir verkþættir hafi samræmst lögum og reglugerðum í áfangaúttektum við byggingu húseignarinnar, einkum við lokaúttekt. M vísa til álits múrarameistara dags. 26. mars 2020 þar sem kemur m.a. fram að enginn vatnshalli sé á baðherbergi og m.v. frágang veltir sá upp hvort fagmaður hafi verð að verki og að honum finnist óskiljanlegt að vatnslás hafi verið kíttaður fastur. M byggir á að slíkir gallar séu á votrýmum húseignarinnar að X hafi ekki átt að dyljast við eftirlit að ekki hafi verið byggt í samræmi við gr. 10.5.1 og gr. 10.5.7 í byggingarreglugerð og þannig séu skilyrði 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 uppfyllt um skaðabótaskyldu X sem byggingarstjóra.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að M beri sönnunarbyrði um að tjón verði rakið til gáleysis byggingarstjóra í skilningi 7., sbr. 5. mgr. 29. gr. laga um mannvirki. V telur ekki sýnt að X hafi sýnt gáleysi við eftirlit með byggingu húseignar og heldur ekki að tjón M sé rakið til stórfelldrar vanrækslu af hálfu iðnmeistara eða hönnuða sem ekki hefði átt að dyljast X sem byggingarstjóra.

Álit.
Samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010 fer um skaðabótaábyrgð byggingarstjóra skv. 7. mgr. 29. gr. laganna þar sem kemur fram að hljóti eigandi eða þriðji maður tjón af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi þá ber hann skaðabótaábyrgð á því skv. almennum reglum. Þar kemur einnig fram að byggingarstjóri ber ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð iðnmeistara eða hönnuða, né því að iðnmeistarar eða aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar skv. verk- eða kaupsamningi. Í þessu máli hefur ekki verið sýnt fram á með skýrum gögnum að á húseign M séu ágallar sem feli í sér um stórfellda vanrækslu hafi verið að ræða af hálfu iðnmeistara og hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóra í skilningi 5. mgr. 29. gr. áðurnefndra laga. Ekki liggja heldur fyrir skýr gögn um að X hafi sýnt gáleysi við störf sín sem byggingarstjóri að öðru leyti. Á M hvílir sönnunarbyrði um þau skilyrði og verður umsögn múrarameistara dags. 26. mars 2020 ekki talinn sýna að þau skilyrði séu uppfyllt. M á því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 128/2020

M og
V vegna kreditkortatryggingar.

Ágreiningur um upphæð sjálfsábyrgðar.

Gögn.
Málskot, móttekið 07.04.2020 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Bréf V, dags. 08.05.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 08.05.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M og eiginkona hans hafi, í tilefni af stórafmælum sínum, ákveðið að kaupa þriggja vikna ferð til Bandaríkjanna. Þar hafi þau leigt hús í þrjár vikur og boðið börnum, tengdabörnum og barnabörnum að dveljast hjá sér í húsinu. Sum barnanna hafi ætlað að dvelja hjá þeim í tíu daga, önnur í tvær vikur o.s.frv. Vegna ferðatakmarkana til Bandaríkjanna vegna Covid-19 hafi þó ekkert orðið af ferðinni, en á grundvelli samningsskilmála hafi leigusali M haldið eftir 32% leiguverðsins. M krafðist bóta úr kreditkortatryggingu sinni hjá V vegna þess tjóns sem það hafði í för með sér. V féllst á bótaskyldu en dró frá bótafjárhæðinni sjálfsábyrgð að fjárhæð 15.000 kr. vegna hvers þess sem ætlaði að dvelja í húsinu, en alls var um ellefu einstaklinga að ræða. Þar með hafi ætluð sjálfsábyrgð verið 165.000 kr., eða hærri en tjón M, og því kom ekki til greiðslu bóta. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og telur að tjónið eigi að bætast eins og um eitt tjón, en ekki ellefu, hafi verið að ræða. Hann hafi einn greitt leiguna, og börn hans, tengdabörn og barnabörn hafi ekki krafist neinna bóta frá V. M hafi tekið húsið á leigu, og ætlaði að dvelja þar alla ferðina. Það eigi ekki að breyta neinu um bótarétt hans þó hann hafi boðið öðrum að dvelja með sér í umræddu húsi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að vátryggingin nái til hvers og eins hinna ellefu einstaklinga sem dvelja hafi átt í húsinu enda nái umrædd vátrygging til barna eldri en 23 ára, tengdabarna og barnabarna sem séu í samfylgd korthafa. Hefði þar af leiðandi hver og einn hinna ellefu vátryggðu einstaklinga getað gert kröfu vegna umræddss tjóns. Hver og einn þeirra sé vátryggður fyrir ferðakostnaði sem ekki fáist endurgreiddur, að hámarki að upphæð 350.000 kr., og þar með beri einnig hver og einn þeirra sjálfsábyrgð. Væri vátryggingin túlkuð með þeim hætti sem M geri væri hins vegar aðeins greiðandi ferðar vátryggður. Svo sé ekki. Jafnframt væri, ætti túlkun M rétt á sér, þá hægur vandi fyrir einn samferðarmanna að greiða kostnað hinna og endurkrefja þá svo um hann án vitundar félagsins, og halda sjálfsábyrgðarfjárhæð á þann hátt niðri. Líta verði heildstætt á umrædda vátryggingu og eðli hennar, eftir því sem vátryggingin nái til fleiri aukist áhætta félagsins og þar með sjálfsáhætta vátryggðs.

Í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar áréttar M áður greindar kröfur og ítrekar að hann einn hafi orðið fyrir tjóni, og því sé ekki um það að ræða að aðrir fjölskyldumeðlimir geri kröfur á hendur V og því standi engin rök til að draga sjálfsábyrgð annarra frá bótagreiðslu.

Álit.
Um bótarétt M fer eftir ákvæði 7.1.3 í viðeigandi vátryggingarskilmálum en af henni leiðir að V bæti ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram og fæst ekki endurgreiddur, allt að kr. 350.000, vegna ferðar sem vátryggður kemst ekki í megi rekja ástæðu þess til m.a. þess að komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta sem leiða af farsótt. Í gr. 7.1.9 kemur fram að sérhver vátryggður beri alltaf sjálfsábyrgð kr. 15.000 í hverju tjóni. Jafnframt er vísað til ákvæðis 1.3 en þar kemur fram að umrædd vátrygging nái til barna 23 ára og eldri, tengdabarna og barnabarna í samfylgd korthafa.

Samkvæmt gögnum málsins greiddi M einn leiguverð umræddss húss, og ekki verður séð að aðrir aðilar hafi orðið fyrir tjóni vegna þess hluta leigunnar sem ekki fékkst endurgreiddur. Þar af leiðandi hafa aðrir vátryggðir heldur ekki gert neina kröfu á hendur V vegna tjónsins. Verður því ekki fallist á rök V fyrir því að skipta leigukostnaði og tjóni M í ellefu hluta. Samkvæmt framansögðu er um eitt

tjón að ræða, og samkvæmt áðurnefndu ákvæði 7.1.9 í skilmálum V vegna vátryggingarinnar er upphæð sjálfsábyrgðar 15.000 kr. í hverju tjóni. Ber því að miða bótagreiðslu til M við það.

Niðurstaða.
Frá fjárhæð bóta úr kreditkortatryggingu M hjá V, Vátryggingafélagi Íslands hf., skal draga eina sjálfsábyrgð að upphæð 15.000 kr.

Reykjavík, 27. maí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 129/2020

M og
V v/ slysatryggingar launþega sveitafélaginu X

Gildissvið vátryggingarskilmála vegna ákvæðis um mat á örorku innan þriggja ára vegna slyss sem varð 24. október 2014.

Gögn.
Málskot móttekið 6. apríl 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 30. apríl 2020, ásamt vátryggingarskilmálum SÞ20 og tjónskvittun vegna uppgjörs úr ábyrgðartryggingu ökutækis dags. 12. mars 2020.

Málsatvik.
M slasaðist í umferðarslysi 20. október 2014. Mat á afleiðingum slyssins fór fram með matsgerð dags. 13. apríl 2016 og móttók lögmaður M greiðslu „.... með fyrirvara um niðurstöður fyrirliggjandi matsgerðar og áskilinn réttur til að krefjast bóta úr tryggingunni ef óskað verður eftir nýju mati.“ Í ágúst 2017 var óskað eftir mati dómkvaddra matsmanna vegna afleiðinga slyssins, en lá það mat ekki fyrir fyrr en 15. janúar 2020. Af gögnum málsins má ráða að M hafi upplýst V um beiðni um dómkvaðningu matsmanna í ágúst 2017. Í gr. 13.2.1 í vátryggingarskilmálum V kemur fram að „*Valdi slys vátryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára frá því slysið varð greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar vátryggingafjárhæðar sem var í gildi á slysdegi*.“ Í gr. 13.2.5 kemur síðan fram að „*Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag*.“

M telur að greiða eigi bætur úr slysatryggingu launþega og bendir á að ákvæði gr. 13.2.1 og 13.2.5 vátryggingarskilmála eigi ekki að koma til brottfalls á bótarétti hennar. M bendir á að hvergi í skilmálum sé tiltekið hvaða réttaráhrif það hafi ef örorka er metin meira en þremur árum eftir slysdag og þá sé ekki ljóst hvort nægjanlegt sé að óska eftir mati innan þriggja ára þrátt fyrir að matsgerð liggi fyrir eftir það tímamark. M byggir á því að umrædd ákvæði séu einhliða samin af V og verði því að túlka þau þannig að nægilegt hafi verið að óska eftir mati innan þriggja ára frá slysdegi, sbr. 36. gr. b. laga nr. 7/1936. M bendir á að óskaði hafi verið eftir dómkvaðningu matsmanna í ágúst 2017 og hafi það því verið innan umræddra þriggja ára. M telur að V hafi samþykkt að bera ekki fyrir sig umrædd skilmálaákvæði með því að hafa ekki gert athugasemdir við fyrirvara þann sem lögmaður M setti við móttöku greiðslu á árinu 2016. Þá vísar M einnig til 36. gr. og 36. gr. c. í lögum nr. 7/1936 og telur að víkja eigi ákvæði í gr. 13.2.5 til hliðar, enda ósanngjarnt af hálfu V að bera það fyrir sig.

V hefur hafnað því að greiða bætur úr slysatryggingu launþega og ber við ákvæðum í gr. 13.2.1 og 13.2.5 vátryggingarskilmála því til stuðnings að ekki sé hægt að krefjast bóta á grundvelli matsgerðar dómkvaddra matsmanna dags. 15. janúar 2020 þar sem meira en þrjú ár hafi þá verið liðin frá slysdegi. V vísar til tveggja dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings, annars vegar Hrd. 22/2004 og hins vegar Hrd. 604/2017. V bendir á að í síðara málinu hafi aðstæður verið með sama hætti og í máli M, tekið hafi verið við greiðslu bóta eftir fyrri matsgerð með fyrirvara en V hafi ekki samþykkt að víkja frá ákvæðum vátryggingarskilmála um mat á örorku innan þriggja ára frá slysdegi. V bendir einnig á að niðurstaða Hæstaréttar hafi verið sú að fyrirvari við uppgjör vegna fyrri matsgerðar dugi ekki til að víkja frá ákvæðum vátryggingarskilmálanna, auk þess sem það komi fram bæði í niðurstöðu þessa dóms sem í Hrd. 22/2004 að umrædd ákvæði vátryggingarskilmála séu ekki óeðlileg eða óvenjuleg þannig að víkja eigi þeim til hliðar á grundvelli 36. gr. laga um samningagerð, umboð og ógilda löggerninga.

Álit.
Ágreiningur málsaðila snýst um gildissvið ákvæða í vátryggingarskilmálum V, sbr. gr. 13.2.1 og 13.2.5 þar sem gert er ráð fyrir því að örorka sé metin innan þriggja ára frá slysdegi. Ljóst er af gögnum málsins að M gerir nú kröfu um greiðslu bóta vegna umferðarslyss sem varð 20. október 2014, á grundvelli matsgerðar dags. 15. janúar 2020, eða rúmum fimm árum eftir að slysið varð.

Þegar ákvæði gr. 13.2.5 er metið með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar í máli réttarins nr. 604/2017 verður ekki hjá því komist að líta svo á að með þeim dómi hafi rétturinn staðfest fyrri niðurstöðu sína í máli nr. 22/2004 um að einhliða samin ákvæði sem þessi í vátryggingarskilmálum væru hvorki óeðlileg eða óvenjuleg þannig að víkja beri þeim til hliðar í skilningi 36., 36. gr. b. eða 26. gr. c. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936.

Eftir stendur þá að að taka afstöðu til þeirrar aðstöðu sem uppi er í máli M þar sem greiðsla bóta hefur áður farið fram á grundvelli matsgerðar sem liggur fyrir innan þriggja ára frá slysdegi, þess fyrirvara sem lögmaður M gerði við uppgjör slíkra bóta og þýðingu hans við túlkun ákvæðisins með hliðsjón af niðurstöðu seinni matsgerðar sem lá fyrir eftir rúm fimm ár frá slysdegi. Í fyrrnefndum dómi Hæstaréttar eru forsendur héraðsdóms staðfestar, en þar kemur fram að þegar fyrirvari varð gerður við greiðslu bóta hafi ekkert legið fyrir í málinu um að vátryggingafélagið hafi við það tækifæri samþykkt að víkja frá skilmálum slysatryggingar og þannig fallist á að hægt væri að byggja bótarétt á matsgerð sem aflað yrði síðar. Verður því að leggja til grundvallar að slíkt samþykki V hefði þurft að liggja fyrir með skýrum hætti til að M gæti krafist bóta á grundvelli matsgerðarinnar frá 15. janúar 2020. Þegar litið er til gagna þessa máls er ekki að sjá að slíkt samþykki hafi legið fyrir og telst frekari bótaréttur M því ekki fyrir hendi úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega sveitafélagsins X hjá V.

Reykjavík, 9. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 130/2020

M og
V v/ slysatryggingar ökumanns vörubifreiðarinnar A

Ágreiningur um hvort líkamstjón hafi hlotist af völdum umferðaróhapps.

Gögn.
Málskot, dags. 8.4.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 13.52020.

Málsatvik.
Hinn 3. september 2018 var M ökumaður A, svonefndrar búkollu, er henni var ekið aftur á bak yfir stein, um 40 cm í þvermál, í Dýrafjarðargöngum. Við það kastaðist A til og M mun hafa kastast aftur í sætið og sætisbak brotnað. M er af erlendu bergi brotinn og er hann var staddur í heimalandi sínu 10. desember 2018 fór hann að finna fyrir dofa í höndum og leitaði þá fyrst til læknis. Er hann kom aftur til Íslands í lok janúar 2019 reyndist hann ófær til vinnu. Leitaði M af þeim sökum til læknis á heilsugæslustöð og samkvæmt vottorði læknisins til vinnuveitanda vegna fjarvista er M talinn óvinnufær með öllu vegna veikinda frá 1. febrúar 2019 um óákveðinn tíma.

M kveðst hafa orðið fyrir meiðslum við umferðaróhappið og hefur krafist bóta úr „frjálsri ábyrgðartryggingu“ A hjá V vegna líkamstjóns síns. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Málskot og málatilbúnað M öðru leyti verður að skilja svo að hann krefjist bóta úr lögmæltri slysatryggingu ökumanns A, sbr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem í gildi voru á tjónsdegi. Samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar fer um ákvörðun bóta eftir almennum reglum skaðabótaréttar og skaðabótalögum nr. 50/1993. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna skal greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningabætur og ef líkamstjón hefur varanlegar afleiðingar skal einnig greiða bætur fyrir miska og bætur fyrir örorku, þ.e. varanlegan missi eða skerðingu á getu til að afla vinnutekna.

Engin álits- eða matsgerð liggur fyrir í málinu um þær heilsufarslegu afleiðingar sem M býr við og rekja má til atviksins 3. september 2018. Nokkur læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu á portúgölsku og ensku, auk fyrrgreinds læknisvottorðs vegna fjarvista. Gögn þessi eru mjög takmörkuð um þau atriði sem máli skipta þannig að unnt sé að ákvarða bætur fyrir líkamstjón. Samkvæmt þeim verður ekki séð að sjúkdómseinkenni M megi rekja til fyrrgreinds atviks þannig að hann eigi rétt til bóta sem mælt er fyrir um í skaðabótalögum, svo sem tímabundins atvinnutjóns skv. 2. gr., þjáninga skv. 3. gr., varanlegs miska skv. 4. gr. eða varanlegrar örorku skv. 5.-7. gr. Að þessu virtu hefur M ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem veiti honum rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A hjá V.

Reykjavík, 9. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 131/2020

M og
V v/ réttaraðstoðarliðs fasteignatryggingar.

Ágreiningur um rétt til réttaraðstoðar vegna ágreinings um bætur vegna galla og vanefnda byggingaraðila fjöleignarhúss á samningsskyldum sínum.

Gögn.
Málskot, móttekið 8.4.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 7.5.2020.
Bréf V, dags. 28.4.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M eru eigendur íbúða í fjöleignarhúsi A Húsfélagið að A hafði keypt fasteignatryggingu hjá V sem tók gildi 25. september 2018, en réttaraðstoðartrygging er einn vátryggingarliður fasteignatryggingarinnar.
M telja ýmsa aðila er komu að byggingarframkvæmdinni , þ. á m. fjármögnun og sölu íbúða í eigninni, bera ábyrgð á göllum og vanefndum sem virðast tengjast byggingu og sölu íbúða í húsinu. Með tilkynningu, dags. 10. apríl 2019, var V tilkynnt að húsfélag og íbúðaeigendur að A hefðu í hyggju að leggja fram í sama mánuði matsbeiðni í héraðsdómi til að fá dómkvadda tvo sérfróða og óvilhalla matsmenn „til að meta galla og vanefndir á samningsskyldum seljanda allra íbúða í fjöleignarhúsinu að [A] og meint fjártjón matsbeiðenda vegna þessa.“ Þá kom fram í tilkynningunni að matsmálið væri til undirbúnings væntanlegri málssókn á hendur seljanda íbúðanna og öðrum þeim sem matsbeiðendur telja að ábyrgð beri á þeim atriðum sem meta skal samkvæmt matsbeiðni. Með tölvubréfi V, sama dag, var því hafnað að M nytu verndar samkvæmt réttaraðstoðartryggingunni þar sem þau fullnægðu ekki skilyrðum vátryggingarskilmála til að njóta verndarinnar. M eru því ósammála.

Álit.
Samkvæmt skilmálum réttaraðstoðartryggingar þeirrar sem hér á í hlut er hægt að óska eftir réttaraðstoð ef vátryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og að hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár. Enn fremur segir í skilmálunum að vátryggingin þurfi ekki að hafa verið hjá sama félagi allan tímann, þannig að ef vátryggður hefur haft sams konar vátryggingu hjá öðru félagi fær hann þá vátryggingu reiknaða sér til góða. Ef vátryggður hefur vátryggingu, þegar ágreiningur kemur upp en ekki haft hana í tvö ár, getur hann samt sem áður fengið réttaraðstoð, ef að þeir atburðir eða þau atvik, sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni, hafi gerst eftir að réttaraðstoðartryggingin tók gildi.
M hafa sönnunarbyrði um að þau fullnægi framangreindum skilyrðum vátryggingarinnar til að eiga rétt til bóta. Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að fasteignatrygging húsfélagsins að A tók fyrst gildi hjá V 25. september 2018. Vátryggingin hafði því ekki verið í gildi í tvö samliggjandi ár hjá V þegar tilkynning barst V 10. apríl 2019 um að fyrirhugað væri að óska dómkvaðningar matsmanna, eins og að ofan greinir, til undirbúnings dómsmáls á hendur aðilum sem höfðu með höndum byggingu hússins og sölu íbúða í því. Ekki verður ráðið af gögnum málsins hvenær ágreiningur kom upp milli M annars vegar og byggingar- og söluaðila hússins hins vegar. Engu að síður verður þó ekki annað ráðið en ágreiningur milli aðilanna hafi verið kominn upp þegar tilkynningin var send V 10. apríl 2019. Engin gögn liggja fyrir í málinu um að M hafi haft sams konar vátryggingu hjá V eða öðrum vátryggingafélögum. Þá liggja heldur engin gögn fyrir um það að þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni hafi gerst eftir að réttaraðstoðartryggingin tók gildi. Að þessu virtu verður ekki talið að M hafi sýnt fram á að þau fullnægi skilyrðum til eða eiga rétt til greiðslu úr vátryggingunni.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt til bóta úr réttaraðstoðartryggingarlið fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 132/2020

M og
V v/ slysatryggingar launþega.

Ágreiningur um hvort tilkynningarfrestur hafi verið liðinn þegar tjón var tilkynnt.

Gögn.
Málskot, móttekið 7.4.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 21.4.2020.

Málsatvik.
Hinn 24. júlí 2016 var M við störf á nánar tilgreindu hjúkrunarheimili er hún varð fyrir meiðslum. Í fyrirliggjandi tilkynningum til Vinnueftirlits ríkisins og Sjúkratrygginga Íslands er atvikinu lýst þannig að M hafi verið að aðstoða skjólstæðing á leið að snyrtingu. Þá hafi skjólstæðingurinn misst mátt í vinstri fæti og jafnvægið þar með. Við það hafi hann stutt eða ýtt snögglega á M sem hafi fengið hnykk og tak á vinstri öxl, herðar og bak.

Í kjölfarið leitaði M í allnokkur skipti til heimilislæknis á heilsugæslustöð vegna þeirra einkenn sem hún bjó við af völdum slyssins, þ. á m. voru komur sem hér greinir:

28.07.2016. Fyrsta koma M til læknis vegna verkja í öxl vinstra megin auk þess að vera með seyðing og dofa í fingrum og fingur kaldir.

03.08.2016. Var enn með streng vinstra megin í hálsi og niður herðar. Var skánandi, en fékk enn sting við djúpa innöndun. Gefið var út læknisvottorð þar sem getið var um tognun á háls og öxl og ráðlögð hvíld, verkjastilling og mögulega sjúkraþjálfun. Gert var ráð fyrir að M myndi ná sér að fullu.

19.08.2016. Var M sögð vera áfram mjög slæm og væri í raun versnandi. Hún hafi verið mjög slæm deginum áður. Fékk hún beiðni til sjúkraþjálfara, ráðlagt með heita og kalda bakstra og ávísað verkja- og bólgustillandi lyfi.

01.11.2016. M hafði verið í sjúkraþjálfun og væri mun betri. Hafi skort svolítið afl í vinstri handlegginn. Við skoðun hafi ekki verið að finna nein eymsli við þreifingu í herðum vöðvafestum í hnakka eða yfir vinstri axlarliðnum. Góð hreyfing hafi verið í hálshrygg og einnig í öxlinni. Gat byrjað í 50% vinnu.

23.12.2016. Bati sagður hafa verið hægur, en haldið áfram með 50% vinnu.

27.01.2017. Var mun betri og við skoðun var sársaukalaus hreyfing og ekki merki um „impingement“. Hafi hún treyst sér til að fara upp í 80% starf eins og hún hafði verið í fyrir slysið.

21.08.2017. M hafði verið í sjúkraþjálfun og verið betri. Hana skorti þó afl í vinstri handlegginn. Við skoðun hafi ekki verið að finna nein eymsli við þreifingu yfir vinstri axlarliðnum. Góð hreyfing í axlarlið en aðeins vottað fyrir „painful arc“. Ekki „impingement“. Einnig hafi eymsli verið í herðum vinstra megin.

08.09.2017. Einkennum lýst á sama veg og við skoðun 21.08.2017. M kvaðst vera þakklát fyrir áframhaldandi sjúkraþjálfun.

09.01.2018. Var sögð svipuð í öxlinni og alltaf verið í sjúkraþjálfun. Minnkaður kraftur var áfram í vinstri hönd og dofatilfinning utanvert á vinstri upphandlegg. Beðið um röntgen- og ómskoðun á vinstri öxl.

29.01.2018. Niðurstöður myndrannsókna höfðu borist heimilislækni M með greiningunni tognun á öxl, „Injury of tendon of the rotator cuff of shoulder.“ Í kjölfarið var M vísað til sérfræðings.

Hinn 7. febrúar 2018 kom M á stofu til nánar tilgreinds bæklunarlæknis. Í læknisvottorði bæklunarlæknisins, dags, 26. júlí 2019, segir að M hafi við slysið fengið togáverka á vinstri öxl. Hún hafi verið send í myndræna rannsókn sem hafi sýnt fram á kalk og svolitla rifu á einni sin í öxlinni. Við skoðun þennan dag hafi verið um að ræða klár einkenni um klemmu eða þrengsli undir axlarhyrnubeini, það væri ekki grunur um stærra slit á sinum eða minnkaðan styrk við hreyfingu mót álagi. M hafi verið búin að fara í 50 tíma hjá sjúkraþjálfara sem ekki hafi breytt neinu. Í umræddri komu, 7. febrúar 2018, hafi hún fengið inndælingu af deyfingu og sterum undir axlarhyrnubein bæði í

greiningar og meðferðarskyni. Rætt hafi verið um aðgerð ef sprautan mun ekki hafa hjálpað. Bæklunarlæknirinn mun ekki hafa séð M eftir þessa komu.

Vinnuveitandi M hafði í gildi slysatryggingu launþega hjá V. Með tölvubréfi lögmanns M 25. febrúar 2019 var slysið tilkynnt V. Þá tilkynningu verður að skilja svo að verið væri að tilkynna um væntanlega kröfu um bætur fyrir varanlegar afleiðingar af völdum slyssins. Með bréfi V, dags. 25. október 2019, var M tilkynnt að bótaskyldu væri hafnað úr slysatryggingunni þar eð liðinn hafi verið ársfrestur til að tilkynna tjónið samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, sbr. 4. gr. laga nr. 15/2015 um breyting á þeim, glatar sá sem á rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi vátryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti.

Eftir slysið 24. júlí 2016 leitaði M í um eitt og hálft ár margsinnis til heimilislæknis vegna þeirra sjúkdómseinkenna sem hún taldi sig búa við af völdum slyssins, eins og m.a. er rakið hér að framan. Á sama tíma hafði hún einnig verið til meðferðar hjá sjúkraþjálfara í 50 skipti án þess að sú meðferð hafi skilað árangri. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að þessi læknismeðferð, hjá heimilislækni og sjúkraþjálfara, hafi fyrst og fremst miðað að því að M myndi fá bata meina sinna. Fyrst í kjölfar myndrannsókna síðari hluta janúarmánaðar 2018 og eftir heimsókn til bæklunarlæknisins 7. febrúar sama ár fékk M nákvæma greiningu á þeirri meinsemd sem hafði verið að hrjá hana allar götur frá slysinu. Á sama tíma fékk hún inndælingu af deyfingu og sterum hjá lækninum með þeim orðum að aðgerð gæti komið til álita ef inndælingin myndi ekki hjálpa. Að einhverjum tíma liðnum eftir að M fékk sjúkdómsgreininguna og inndælinguna hjá bæklunarlækninum og í ljós væri komið hvort inndælingin hefði haft tilætluð áhrif verður að telja að M hafi fyrst mátt gera sér grein fyrir að einkenni myndu verða varanleg og hún kynni að eiga kröfu um bætur úr slysatryggingunni hjá V. Að öllu virtu verður að telja, og eins og málið liggur fyrir, að ekki hafi verið sýnt fram á að því tímamarki hafi verið náð 25. febrúar 2018, enda voru þá einungis 18 dagar liðnir frá komunni til bæklunarlæknisins.

Leggja verður til grundavallar í máli þessu að 25. febrúar 2019 hafi V fengið fullnægjandi tilkynningu um slysið í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004. Þá var samkvæmt framansögðu ekki liðið eitt ár frá því að M fékk vitneskju um þau atvik sem krafa hennar er reist á og frestur til að gera kröfu um bætur úr slysatryggingunni því ekki liðinn. M telst því eiga rétt til bóta úr slysatryggingunni að öðrum bótaskilyrðum fullnægðum.

Niðurstaða.

M hefur ekki glatað rétti til bóta úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 19. maí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 133/2020

M og
V v/ sjúkdómatryggingar.

Upplýsingaskylda vátryggðs og takmörkun á ábyrgð vátryggingafélags.

Gögn.
Málskot dags. 14. apríl 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 29. apríl 2020 ásamt fylgiskjölum 1.-5.
Viðbótarathugasemdir lögmanns M, sbr. bréf dags. 15. maí 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M keypti sjúkdómatryggingu, sem nú er hjá V, hinn 17. febrúar 1997. Hinn 13. mars 2019 krafðist hann bóta úr þeirri tryggingu vegna lifrarígræðslu sem hann gekkst undir 31. desember 2018. V hafnaði greiðsluskyldu með bréfi dags. 15. apríl 2019.

Í gögnum málsins má finna læknisvottorð dags. 26. september 2019 þar sem kemur fram að ástæða lifrarígræðslu M var skorpulifur af völdum gallgangaskaða sem M hlaut við gallblöðrutöku í nóvember 1989. Í sama vottorði koma fram færslur úr sjúkraskrá bæði frá árinu 1993 og 1996 um „...þráláta brenglun á lifrarfunctionprófum...“ og M hafi verið vísað milli lækna vegna „...óeðlilegra lifrarprófa...“. Í læknisvottorðinu kemur einnig fram að það fundust ekki gögn í sjúkraskýrslu Landspítala um að M hafi verið upplýstur um bandvefsskemmd á lifur sem hafi verið greind í desember 1993. Einnig kemur fram í því vottorði að lifrarpróf hafi verið þrálátt hækkuð og hafi M leitað sjálfur til læknis árið 1996 og þannig ljóst að hann hafi vitað af óeðlilegum blóðrannsóknum. Einnig kemur fram í læknisvottorðinu að haft sé eftir M að sölumaður vátryggingar hafi spurt M spurninga og fært inn svör, en M hafi ekki lesið þær af blaði sjálfur og þannig mat læknisins að misskilningur hefði getað komið upp um hvernig ætti að svara þeim.

M vísar til þess að hann hafi gefið réttar upplýsingar um heilsufar sitt á skriflegri umsókn sinni um sjúkdómatryggingu í febrúar 1997. Þar hafi hann svarað spurningu um hvort hann hafi áður haft sjúkdóm/vandamál í lifur, maga, skeifugörn, smáþörmum, ristli, nýrum eða þvagrásarkerfi neitandi sem og spurningu hvort hann hafði áður fengið óeðlilegar niðurstöður blóðrannsókna, t.d. hækkaða blóðfitu eða blóðsykur. M bendir á að hann hafi ekki verið sérstaklega spurður um vandamál í gallblöðru eða þrengingar í gallleiðurunum, auk þess sem ekki hafi verið dálkur á umsóknareyðublaði sem hafi gefið honum kost á að gera grein fyrir öðrum heilsufarsvandamálum. M heldur því fram að aldrei hafi verið rætt við hann um vandamál í lifur áður en hann sótti um sjúkdómatryggingu en að hann hafi síðar komist að því að þeir sem lenda í því að gallleiðarar stíflast af steinum eða sandgjalli fái hækkuð lifrarpróf, en það þurfi ekki að benda til neinna skemmda í lifrinni sjálfri. M kveðst hafa verið hraustur og einkennalaus þegar hann sótti um sjúkdómatryggingu í febrúar 1997. Einnig bendir M á að spurning um hvort hann hafi nokkurn tíma fengið óeðlilegar niðurstöður blóðrannsókna sé alltof opin spurning itl þess að V geti byggt á henni þar sem hægt sé að búast við að hver einasta manneskja hafi fengið slíkar niðurstöður á lífsleiðinni. Einnig bendir M á að hann hafi ekki sjálfur haft frumkvæði að því að kaupa sjúkdómatryggingu heldur hafi sölumaður komið til hans, fyllt út umsókn. M kveðst hafa sagt frá gallblöðrutöku en þar sem ekki var spurt um slíka sjúkdóma eða vandamál á umsókninni hafi það ekki verið skrifað niður. M vísar því alfarið á bug að hann hafi gefið rangar upplýsingar um heilsufar sitt og telur fráleitt af V að halda því fram að hann hafi veitt sviksamlega rangar upplýsingar sem hægt sé að meta sem stórkostlegt gáleysi í skilningi 7. gr. þágildandi laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. M telur vísan V til þess að hann hafi komið sviksamlega fram ósvífna. M telur einnig að byggja eigi á lögum um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 sem í gildi voru á þeim tíma sem sjúkdómatrygging hans tók gildi, en ekki lögum nr. 30/2004 sem tekið hafi gildi 1. janúar 2006.

V hefur eins og áður segir hafnað bótaskyldu og telur að M hafi gefið rangar upplýsingar um heilsufar sitt þegar hann sótti um sjúkdómatryggingu árið 1997. V vísar aðallega til þess að á skriflegri umsókn M um vátrygginguna hafi spurningunni um hvort M hafi áður haft sjúkdóm/vandamál í lifur, maga, skeifugörn, smáþörmum, ristli, nýrum eða þvagrásarkerfi og spurningunni hvort hann hafði áður

fengið óeðlilegar niðurstöður blóðrannsókna, t.d. hækkaða blóðfitu eða blóðsykur, verið ranglega svarað. V vísar til færslna í sjúkraskrá M frá 5. desember 1993 um þráláta brenglun í lifrarfunctionprófum, færslu frá 25. nóvember 1994 um verulega brengluð lifrarpróf, færslu frá 7. mars 1995 um ösofagitis og óeðlileg lifrarpróf, færslu frá 4. janúar 1996 um að lifrarencym hafi ekki lækkað og frá 15. janúar 1996 um að ekki sé búið að lækna hann. Þá vísar V til þess að niðurstöður blóðrannsókna dags. 20. maí 1994, 21. nóvember 1994, 22. febrúar 1995 og 15. desember 1995 hafi allar sýnt óeðlilegar niðurstöður lifrarprófa. V telur því að að M hefði átt að svara ofangreindum spurningum játandi á umsókn sinni um sjúkdómatryggingu. Einnig telur V fjarstæðukennt að M hafi ekki verið meðvitaður um einkenni tengd lifur þegar hann fyllti út umsóknina þar sem ótal færslur í sjúkraskrá bendi til annars og M hafi verið vísað milli lækna vegna þeirra. Einnig telur V rétt að miða við ákvæði laga nr. 30/2004 við afgreiðslu málsins en í 146. gr. þeirra komi fram að lögin gildi um alla vátryggingarsamninga sem voru í gildi þegar lögin tóku gildi hinn 1. janúar 2006. Þannig komi fram í 1. mgr. 83. gr. laganna að vátryggingafélag beri ekki ábyrgð ef vátryggður hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína og hafi heimild til að fella niður ábyrgð sína í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 83. gr. sömu laga ef vanræksla upplýsingaskyldu er þannig að ekki telst óverulegt. Einnig vísar V til 3. mgr. 83. gr. laganna varðandi þau atriði sem líta ber til við mat á takmörkun skv. 2. mgr. 83. gr. V heldur því fram að félagið hefði ekki veitt M sjúkdómatryggingu hefði hann veitt réttar upplýsingar um heilsufar sitt og M hafi vísvitandi veitt rangar upplýsingar og sé þannig um sviksamlega háttsemi að ræða í skilningi 1. mgr. 83. laga um vátryggingarsamninga þannig að félagið beri ekki ábyrgð.

Álit.

Í málinu er í fyrsta lagi ágreiningur um hvort lög um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 eða 30/2004 eigi að gilda um úrlausn málsins. Í 146. gr. laga nr. 30/2004 kemur skýrt fram að lögin taki gildi 1. janúar 2006 og gildi um alla þá vátryggingarsamninga sem voru í gildi á þeim degi. Hinn 1. janúar 2006 var sjúkdómatrygging M í gildi og þegar vátryggingaratburður varð 31. desember 2018 voru lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 búin að vera í gildi í nær 13 ár. Með vísan til umræddrar 146. gr. laganna og Hrd. 280/2012 verður að leggja til grundvallar að lög nr. 30/2004 gildi um vátryggingarsamning M og V.

Í 82. gr. laga um vátryggingarsamninga kemur fram að vátryggingafélagi sé heimilt að óska eftir upplýsingum sem hafa þýðingu við mat þess á áhættu áður en vátrygging tekur gildi. Félaginu er heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma beint hjá vátryggingartaka og skal hann veita rétt og tæmandi svör eftir bestu vitund við spurningum félagsins. Þar kemur einnig fram að vátryggingartaki skuli að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit eða má vita að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Í 1. mgr. 83. gr. laganna kemur fram að hafi vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína beri félagið ekki ábyrgð. Til þess að um sviksamlega vanrækslu á upplýsingaskyldu sé að ræða þarf V að sýna fram á að M hafi af ásetningi gefið rangar upplýsingar um heilsufar sitt sem hann veit eða má vita að hafi þau áhrif að hann fái vátryggingu sem hann hefði ella ekki fengið. Í þessu máli hefur V ekki sýnt fram á að þau skilyrði séu uppfyllt.

Verður því að líta til 2. mgr. 83. gr. sömu laga þar sem kemur fram að hafi vátryggingartaki vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 82. gr. í þeim mæli að ekki telst óverulegt, megi fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Í 3. mgr. 83. gr. kemur síðan fram að við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. 83. gr. skuli litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hafi haft fyrir mat félagsins á áhættu, til þess hve sök vátryggingartaka var mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður varð og atvika að öðru leyti.

Þegar litið er til þeirra beinu spurninga á vátryggingarumsókn M um sjúkdóm/vandamál í lifur og óeðlilegar niðurstöður blóðrannsókna sem M fyllti út og undirritaði 15. febrúar 1997, verður að líta svo á að með því að svara þeim spurningum neitandi hafi M vanrækt M að gefa rétt og tæmandi svör við spurningum V. Þar er vísað til færslna í sjúkraskrá M um ítrekaðar niðurstöður blóðrannsókna um virkni lifur sem og tilvísun milli lækna vegna þess. Háttsemi M verður ekki talið til óverulegrar vanrækslu og eru því skilyrði 2. mgr. 83. gr. uppfyllt.

Þegar metið er hvort V geti takmarkað ábyrgð sína í heild eða að hluta verður að líta til leiðbeininga 3. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga um til hvaða viðmiða eigi að líta. Í fyrsta lagi þar að skoða hvaða þýðingu vanrækslan hafði fyrir mat V á áhættu. Þar hefur V vísað til þess að M hefði ekki fengið samþykkta sjúkdómatryggingu ef réttar upplýsingar hefðu legið fyrir um heilsufar hans. Ekki hafa verið lögð fram skýr gögn sem styðja þá afstöðu V. Í öðru lagi varðandi mat á sök M verður að líta til þess að af læknisvottorði dags. 26. september 2019 verður ráðið að ekki sé ljóst hvort M hafi vitað af greindri bandvefsskemmd á lifur en að hann hafi mátt vita um óeðlilegar blóðrannsóknir. Í þriðja lagi verður síðan að líta til þess að það eru tengsl milli óeðlilegra lifrarprófa fyrir töku vátryggingarinnar og lifrarígræðslu M 31. desember 2018 og getur það aukið takmörkunarheimildir V. Þegar litið er til alls þess sem tiltekið er hér að ofan þykir rétt að takmarka ábyrgð V um helming (50%) bóta úr sjúkdómatryggingu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V en félagið getur takmarkað ábyrgð sína um 50%.

Reykjavík, 9. júní 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 134/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B

Árekstur við þrengingu á Langarima 27. febrúar 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 15. apríl 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 28. apríl 2020 ásamt niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna.
Bréf V2, dags 24. apríl 2020.
Tölvupóstur M dags. 30. apríl 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B þegar bifreið B var ekið út úr þrengingu á Langarima. Ekki liggur fyrir sameiginleg tjónstilkynning ökumanna vegna málsins. M, sem ók bifreið A, lýsir atvikum þannig í sinni upphaflegu skýrslu að bifreið B hafi verið ekið hratt út úr þrengingu og á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B lýsir atvikum þannig að bifreið A hafi verið ekið í veg fyrir bifreið B þegar þeirri bifreið var ekið út úr þrengingu. Í málinu liggur einnig fyrir framburður eins vitnis sem segir bifreið A hafa verið ekið í veg fyrir bifreið B og annars vitnis sem segir að bifreið B hafi verið ekið á „..allt of miklum hraða..“ og ekið utan í bifreið A.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri ábyrgð á árekstrinum og kveðst hafa stöðvað bifreið A við þrengingu, en þegar bifreið B hafi verið ekið út úr henni hafi henni verið ekið utan í bifreið A. M lýsir einnig samskiptum sínum við V í kjölfarið varðandi sakarskiptingu en ekki telst þörf á að rekja þau frekar hér.

V1 vísar til þess að misræmi sé milli lýsinga ökumanna innbyrðis sem og lýsinga vitna, en telur þó að bifreiðar A og B hafi verið nánast samsíða þegar þær rákust saman. Mat V1 er að ökumaður bifreiðar B hafi ekið utan í bifreið A og beri því alla sök á árekstrinum.

V2 telur að leggja eigi framburð annars vitnis í málinu til grundvallar um að M hafi á bifreið A ekið í veg fyrir bifreið B og beri M, sem ökumaður bifreiðar A, því alla sök á árekstrinum. Niðurstöðu sinni til stuðnings vísar V2 til þess að það vitni sem þannig ber hafi komið fyrr fram en annað vitni sem hafi borið um atvik á annan hátt.

Álit:
Í málinu er ágreiningur milli ökumanna bifreiðanna A og B um atvik máls, sem og fara lýsingar vitna ekki alveg saman af atvikum. Við mat á sönnunargögnum við sakarskiptingu verður ekki litið framhjá lýsingu annars vitnis frekar en hins og verður því að leggja til grundvallar um að ágreiningur sé um aksturslag ökumanna bifreiðanna A og B í greint sinn. Ekki verður þó ályktað af gögnum málsins að ágreiningur sé um staðsetningu bifreiða þegar árekstur varð, þ.e. að bifreið B hafi verið ekið út úr þrengingu og bifreið A hafi stöðvað eða verið að stöðva við þrenginguna. Í 1. mgr. 19. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökumenn bifreiða sem mætast skulu báðir gæta þess að nægt hliðarbil sé á milli þeirra, aka beri varlega og sýna öðrum tillitssemi og nema staðar, ef nauðsyn ber til. Einnig segir þar að ef hindrun sé á hluta vegar skuli sá ökumaður nema staðar sem er þeim megin á akbrautinni sem hindrunin er.

Af þessu ákvæði verður ekki annað ráðið en að aukin aðgæsluskylda hafi hvílt á M sem ökumanni bifreiðar A, þegar hann nálgaðist þá þrengingu sem er ágreiningslaust að ökumaður bifreiðar B hafi verið að aka út úr þegar áreksturinn varð. Bar M því að nema staðar og verður að ætla af staðsetningu bifreiðanna að M hafi átt að veita bifreið B forgang við aksturinn út úr þrengingunni. Ekki telst ljóst af framburðum vitna eða ökumanna að M hafi gætt þess að veita slíkan forgang með fullnægjandi hætti eða að bifreið B hafi verið ekið of hratt m.v. aðstæður. M sem ökumaður bifreiðar A ber hallann af af slíkum sönnunarskorti og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.
Öll sök á árekstrinum er lögð á bifreið A

Reykjavík 19. maí 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 135/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á raftækjum.

Gögn.
Málskot móttekið 04.04.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 05.05.2020.
Viðbótarathugasemdir M. dags. 11.06.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M krefjist bóta vegna skemmda á raftækjum í hennar eigu en tjónið megi rekja til aðgerða A, iðnaðarmanns sem nágranni hennar réði til að sinna viðhaldi á fasteign sinni, hinn 6. september 2019. Jafnframt krefjist hún þess að húsfélag hússins sem hún býr í láti framkvæmda lagfæringar á rafkerfi fasteignarinnar. Með málskoti fylgi skýrsla um rafmagnsskoðun Frumherja og sýni hún fram á að rafleiðslur fasteignarinnar séu gamlar og ástand þeirra slíkt að hætt sé við tjóni vegna þess. Umrætt tjón hafi þá atvikast þannig að A hafi ekki sýnt næga aðgát þegar þeir slógu út rafmagni, en rafmagn hafi verið slegið út nokkrum sinnum, og hafi það leitt til tjóns á þremur raftækjum í hennar eigu. Heildartjón sitt metur M að upphæð 1.033.489 kr. Málskoti M fylgja m.a. staðfestingar nágranna hennar á að rafmagni hafi verið slegið út og yfirlýsingar þess efnis að umrædd rafmagnstæki hafi verið með eðlilegri virkni fyrir umrætt rafmagnsrof.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að umræddu tjónsatviki hafi verið lýst þannig að vinna hafi átt sér stað í íbúð í fjöleignarhúsi því sem M býr í og í tengslum við hana hafi rafmagn verið tekið af húsinu og hafi það leitt til skemmda á raftækjum í eigu M. Til þess að skaðabótaábyrgð stofnist þurfi að mega rekja tjón til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi og hafnar V því að sýnt sé fram á að tjón M megi rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi vátryggðs, starfmanna hans eða annarra atvika sem vátryggður beri ábyrgð á. Um hreint rafmagnsrof hafi verið að ræða í tengslum við uppsetningu mælitöflu, og sé það venjubundið verklag sem undir venjulegum kringumstæðum eigi ekki að leiða til tjóns. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Nokkuð óljóst er af málatilbúnað M hvaða vátryggingu hún krefjist bóta úr, enda er meðal gagna í málskoti einnig að finna athugasemdir vegna annars konar tjóns sem hún telur mega rekja til framkvæmda á vegum sama nágranna. Andsvör V verða hins vegar ekki skilin öðru vísi en svo að um sé að ræða kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu þess rafverktaka, A, sem hafði umrætt verk með höndum og verður því leyst úr ágreiningnum á þeim grundvelli.

Sá sem telur sig hafa orðið fyrir skaðabótaskyldu tjóni ber sönnunarbyrði fyrir því að almenn skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Er það því M að sýna fram á að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis A. Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður ekki talið sýnt fram á að A hafi sýnt af sér sérstakt gáleysi umrætt sinn, eða hagað störfum sínum með óeðlilegum hætti. Við framkvæmdir er tengjast raflögnum mun það vanalegt verklag að slá út rafmagni, án þess að það leiði, undir eðlilegum kringumstæðum, til skemmda á raftækjum. Þrátt fyrir að skýrsla Frumherja bendi til þess að ástand rafmagnslagna í umræddu fjölbýlishúsi sé slælegt verða ekki dregnar af henni frekari ályktanir um að verklag það sem A viðhafði hafi verið með þeim hætti að leiði til bótaskyldu. Er kröfu M því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík 23. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 136/2020

M og
V v/ kaskótryggingar ökutækisins X

Gildissvið vátryggingarskilmála vegna tjóns á eftirvagni ökutækis 23. febrúar 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 14. apríl 2020 ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur V dags. 28. apríl 2020.

Málsatvik.
Í lögregluskýrslu sem fylgir málskoti má sjá að tjón varð á eftirvagninum A hinn 23. febrúar 2020 í umferðaróhappi á Kleifarheiði. Eftirvagninn er í eigu M og var á tjónsdegi dreginn af ökutækinu X sem ekið var út af vegi þar sem hún valt á hliðina og við það varð tjón á eftirvagninum.

M krefst bóta úr kaskótryggingu X og vísar til þess að með lögum nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, sem tóku gildi 1. janúar 2020, sé kveðið á um að ökutæki og eftirvagn teljist ein heild, sbr. 3. mgr. 4. gr. laganna. M telur að ekki sé útilokað í vátryggingarskilmálum V að kaskótrygging nái yfir eftirvagn og telur auk þess að V hefði vegna umræddrar lagabreytingar þurft að breyta þeim skilmálum og undanþiggja sérstaklega tjón á eftirvögnum ef það á ekki að falla undir vátryggingu ökutækisins.

V telur að kaskótrygging vegna ökutækisins X gildi eingöngu fyrir það ökutæki en ekki fyrir eftirvagna sem ökutækið dregur og vísar til ákvæðis í vátryggingarskilmálum um að vátryggingin taki til skemmda á hinum vátryggða ökutæki. Einnig telur V að lög nr. 30/2019 hafi ekki áhrif á túlkun vátryggingasamningsins.

Álit.
Um kaskótryggingu ökutækja hjá V gilda vátryggingarskilmálar og í þeim er gildissvið vátryggingarinnar afmarkað, m.a. í gr. 4.1 með því að félagið bæti „... skemmdir á hinu vátryggða ökutæki...“. Í vátryggingarskírteini kemur fram að hið vátryggða sé „LOG64 VOLVO FH16, árgerð 2017“.

Í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar kemur fram að þegar ökutæki dregur eftirvagn þá teljist það vera ein heild og eigandi eða umráðamaður ökutækisins sé ekki skaðabótaskyldur ef tjón verður á eftirvagninum. Um er að ræða breytingu á skaðabótareglu sem áður kom fram í 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Gildissvið umræddra laga nær ekki til frjálsra ökutækjatrygginga eins og kaskótrygginga.

Þegar litið er til efni vátryggingarsamnings varðandi kaskótryggingu ökutækisins X telst gildissvið hans vera skýrt um að vátryggingin nái eingöngu til skemmda á því ökutæki sem er vátryggt hverju sinni en ekki til eftirvagna í skilningi 11. mgr. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Frjálst er að semja um efni vátryggingarsamninga þegar ekki er um að ræða skylduvátryggingar og telst gildissviðsákvæði í vátryggingarskilmálum V ekki þannig óskýrt að vafi leiki á því hvað vátryggt sé. Þegar af þeirri ástæðu telst tjón á eftirvagninum YF Y91, sem er í eigu M, ekki bótaskylt úr kaskótryggingu ökutækisins X.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 137/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns.

Gögn.
Málskot móttekið 04.04.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 27.04.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 27.04.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 22. nóvember 2019 hafi M verið stödd í verslun A. Eiginmaður hennar hafi beðið í bifreið fyrir utan A, en á leið sinni aftur til bifreiðarinnar hafi M fallið í jörðina og slasast. Slys hennar hafi atvikast með þeim hætti að M hafi rekið fótinn í gangstéttarhellur sem stóðu upp úr hellulögn fyrir framan A. Nánar tiltekið hafi aðstæður verið þær að stólpi fyrir framan A hafi verið skakkur, þar sem ekið hafði verið á hann einhverju fyrir atvikið. Þegar ekið var á stólpann hafi aðliggjandi sex eða sjö gangstéttarhellur gengið upp úr lögninni svo ójafna var á gönguleið framan við verslun A. Ekki hafi verið brugðist við þessum aðstæðum af hálfu A, svo sem með viðgerð eða með því að girða svæðið af eða vara á annan hátt við umgengni um það. M krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna tjóns síns en V hafi hafnað bótaskyldu með vísan til þess að atvikið megi rekja til þess að M hafi ekki áttað sig á umræddum stólpa í tæka tíð og tekið snöggt skref framhjá honum með þeim afleiðingum að hún hafi misst jafnvægið og fallið í jörðina.

M fellir sig ekki við þau málalok og áréttar að hún telji bótaskyldu fyrir hendi. Vísar hún m.a. til dómaframkvæmdar sem leggi ríka ábyrgð á eigendur og umráðamenn verslunar- og þjónustuhúsnæðis máli sínu til stuðnings. Þá hafnar M því að atvikið sé að rekja til eigin aðgæsluleysis enda hafi hún verið meðvituð um umræddan staur. Hins vegar hafi hún ekki mátt ætla að um stórhættulega misfellu á yfirborði hellulagnarinnar væri að ræða. Það að ekki hafi verið brugðist við slíkri misfellu með því að slétta hellulögnina eða vara við henni að öðrum kosti verði að meta A eða starfsmönnum þess til vanrækslu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í myndskeiðum af atvikinu megi sjá að M sé, þegar hún gengur út úr verslun A, að horfa á farsíma sinn. Þá megi sjá af þeim að M átti sig seint á umræddum stólpa, þrátt fyrir að hún hljóti einnig að hafa gengið framhjá honum á leið sinni inn í verslunina, og missi jafnvægið án þess að snerta þær gangstéttarhellur sem standi uppúr lögninni. Auk þess hafi aðeins tvær gangstéttarhellur, en ekki sex eða sjö, aflagast við umræddan árekstur. Er bótaskyldu því hafnað á grundvelli þess að slys M megi rekja til óhappatilviljunar eða aðgæsluleysis hennar sjálfrar en ekkert orsakasamband sé milli aflögunar hellnanna og atviksins.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að sex eða sjö hellur hafi aflagast, og gangi á bylgjukenndan hátt upp úr lögninni þó misfellan sé vissulega mest áberandi hvað varði tvær þeirra. Þá er tekið fram að M hafi fallið við að stíga niður fæti eftir að hún rak fótinn í hellubrún, enda sé útilokað að nokkur missi jafnvægið svo skyndilega nema eitthvað utanaðkomandi komi til.

Álit:
Fyrir nefndinni liggur ljósmynd af umræddri hellulögn svo og myndskeið sem sýnir hvernig fallið atvikaðist. Af þessum gögnum er ljóst að nokkrar hellur stóðu upp úr hellulögninni og að stólpi sem stendur upp úr gangstétt nálægt inngangi að verslun A er skakkur. Þá er ekki að sjá, og er því raunar ekki haldið fram í málinu, að keilur eða önnur varúðarmerki hafi verið á svæðinu. Verður að líta svo á að A eða starfsfólk þess hafi sýnt af sér vanrækslu með því að vara ekki við þessum aðstæðum, enda um að ræða verslun sem almenningur sækir. Ber umráðamanni slíks húsnæðis að tryggja öryggi þeirra sem eiga leið í verslunina en telja verður að slík misfella á gangstétt sé til þess fallin að valda hættu. Þá verður ekki betur séð af umræddu myndskeiði en að slys M hafi atvikast með þeim hætti að hún hafi rekið annan fót sinn í gangstéttarhellu sem stóð upp úr lögninni, fibast við það og reynt að rétta

sig af með því að stíga fætinum til hliðar en þá misst jafnvægið. Verður því að telja beint orsakasamband milli mishæðar í hellulögn og slyss M. Er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A þar af leiðandi fyrir hendi.

Hins vegar verður að taka til athugunar hvort háttsemi M sjálfrar eigi að leiða til þess að hún beri sjálf meðábyrgð vegna líkamstjóns síns. Við skoðun á umræddu myndskeiði af slysi M verður ekki séð að henni hafi verið nauðsynlegt að ganga hægra megin við umræddan staur, þar sem hellulögnin hafði gengið til, og verður raunar að telja að eðlilegra hefði verið að hún gengi vinstra megin við hann, á leið til baka í bifreið sína, en umræddur staur er staðsettur við ytri brún gangstéttar. Verður að meta henni það til gáleysis, enda liggur ekki annað fyrir en að hún hafi einnig gengið framhjá staurnum á leið sinni inn í verslunina skömmu áður, og hefði hún þá átt að veita misfellum í hellulögninni við hann athygli. Jafnframt virðist af umræddu myndskeiði að M hafi haldið farsíma sínum fyrir framan sig og verið að skoða hann og því hafi hún ekki verið með fulla athygli við gönguna. Samkvæmt framansögðu telst M hafa sýnt af sér gáleysi og verður meðábyrgð hennar metin þannig að hún beri sjálf ábyrgð á helmingi heildartjóns síns og ber því aðeins að bæta helming þess úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V sem nemur helmingi heildartjóns hennar.

Reykjavík 9. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 138/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 12. september 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 16.04.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 22.05.2020.
Bréf V2, dags. 05.05.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 26.05.2020 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Hinn 12. september 2019 varð árekstur með ökutækjum A, sem M ók umrætt sinn, og B á bifreiðastæði við Borgartún. Í tjónstilkynningu sinni, en aðilar gerðu ekki sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi, lýsir M atvikum svo að hann hafi tekið vinstri beygju á gatnamótum innan bifreiðastæðis. Í miðri beygjunni hafi hann orðið var við B sem hafi verið ekið hratt inn á bifreiðastæðið frá Borgartúni, og hafi verið staðsett á miðju vegarins. M hafi strax numið staðar til að forða árekstri, B hafi hægt á ferðinni en ekki stöðvað og bifreiðarnar því rekist saman. B lýsir atvikum svo að bifreið B hafi beygt frá Borgartúni og inn á bifreiðastæðið á lítilli ferð. A hafi þá komið á móti, líklega frá afmörkuðum hluta bifreiðastæðisins og fikrað sig að gatnamótunum. Bifreiðarnar, sem hafi báðar verið á mjög lítilli ferð, hafi þá rekist saman. B telur sig hafa átt forgang, þar sem B var ekið frá akbraut og A hafi verið á röngum vegarhelmingi.

Ágreiningur er um sakarskiptingu og í málskoti rekur M að hann telji að B hafi verið á röngum vegarhelmingi. Þá hafi hann sjálfur gert allt sem hægt var til að afstýra árekstri, en B hafi ekki numið staðar þrátt fyrir að A væri kyrrstæð. Þá vísar M til framburðar vitnis um að B hafi ekið fullhratt, eftir miðjum veginum og ekki stöðvað með þeim afleiðingum að B rakst á A, sem þá hafi verið kyrrstæð. Enn fremur vísar M til mælinga sem hann hafi gert auk afstöðuteikninga sem sýni fram á stöðu bifreiðanna. Telur hann því að B beri alla sök á umræddum árekstri.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, lýsir félagið þeirri afstöðu, á grundvelli fyrirliggjandi gagna og sér í lagi framburðar vitnis, að B beri alla sök á umræddum árekstri en að öðrum kosti skuli skipta sök til helminga á grundvelli þess að hvorugur hafi gætt nægjanlega að sér í aðdraganda áreksturs.

V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, telur að þrátt fyrir að B hefði getað verið staðsett nær hægri brún vegar í aðdraganda árekstursins sé áreksturinn að öllu leyti að rekja til þess að A hafi tekið of þrönga vinstri beygju út af lokuðu svæði og inn á akbraut bifreiðastæðisins. Þá hafi A verið mjög nálægt vinstri brún vegar miðað við akstursstefnu. Enn fremur eigi regla um forgang til hægri ekki við í þessu tilviki. Beri A því alla sök á umræddum árekstri.

Álit:
Þar sem umrætt atvik átti sér stað í gildistíð eldri umferðarlaga nr. 50/1987 verður miðað við þau lög við úrlausn málsins. Eins og að framan er rakið fylltu ökumenn ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi og eru ekki fyllilega sammála um atvik í aðdraganda árekstrar, þannig ber þeim t.a.m. ekki saman um hvort A hafi verið kyrrstæð við áreksturinn. Af ljósmyndum af vettvangi sem liggja fyrir nefndinni svo og af framburði vitnis verður þó ráðið að B hafi ekið inn á bifreiðastæðið frá Borgartúni eftir miðjum veginum og því ekki fylgt áskilnaði 1. mgr. 14. gr. þágildandi umferðarlaga, sem kvað á um að ökutæki skyldi staðsett svo langt til hægri sem unnt væri. Jafnframt verður að miða við, í samræmi við framburð vitnis, að B hafi verið ekið nokkuð greitt miðað við aðstæður. Af ljósmyndum af vettvangi má jafnframt ráða að M, ökumaður A, hafi tekið of krappa vinstri beygju út af afmörkuðu svæði bifreiðastæðisins og því ekki gætt að því að aka sem næst miðju akbrautar, sbr. 3. mgr. 15. gr. þágildandi umferðarlaga, en af ljósmyndum má ráða að A hafi ekki verið réttilega staðsett á hægri

akrein við áreksturinn. Verður því að telja að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að sér í aðdraganda áreksturs. Við þær aðstæður sem hér voru verður, samkvæmt framansögðu, því ekki séð að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, skal sök skipt þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Niðurstaða.
Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík 23. júní 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 140/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins A

Ágreiningur um bótaskyldu er kona brenndist á fæti við hver.

Gögn.
Málskot, dags. 15.4.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 11.5.2020.

Málsatvik.
Samkvæmt frásögn í málskoti kvaðst M, sem er af erlendu bergi brotin, hinn 25. apríl 2019, eftir að hafa skoðað bæklinga fyrir ferðamenn, hafa ásamt eiginmanni haldið til sveitarfélagsins B til að skoða bæinn, hveri í bænum og borða á veitingastöðum. Er þau komu til B hafi þau ekki orðið vör við nein skilti eða merkingar um það hvert þau ættu að fara til þess að skoða hveri og hvar gæti verið hættulegt að fara um. Hafi þau ekið í gegnum bæinn uns þau hafi orðið vör við hveri rétt utan við byggðina er þau voru komin í sveitarfélagið A. Hafi þau numið staðar við fyrsta hverinn sem þau sáu sem hafi verð staðsettur við veginn sem þau óku eftir. Þar hafi hvorki verið skilti né merkingar sem vöruðu við að fara of nálægt hvernum. Hafi þá ekki viljað betur til en svo að jarðvegur umhverfis hverinn hafi gefið sig með þeim afleiðingum að M rann með fótinn ofan í hverinn og brenndist.

M kveðst hafa verið að skoða hver á fjölförnum stað sem er opinn almenningi. Hverinn sé staðsettur á stíg rétt utan við B við veg sem hægt er að aka eftir. Engar merkingar eða viðvaranir hafi verið við hverinn eða kringum hann sem gáfu tilefni til það ætla að hættulegt væri að fara of nálægt honum. Hún hafi því ekki átt von á því að jarðvegur á stígnum myndi gefa sig þegar á hann var stigið. Þar sem vanrækt hafi verið af hálfu A að koma fyrir nauðsynlegum varúðarmerkingum við hverinn beri A skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem hún hlaut umrætt sinn. Hefur hún krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna nákvæmlega hvar umræddur hver er sem M slasaðist við. Engin gögn liggja heldur fyrir hvernig akstursleið er háttað að hvernum, eða aðstæður eru í kringum hann. Einungis liggur fyrir lýsing M sjálfrar. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er ósannað að slysið verði rakið til vanrækslu af hálfu A varðandi merkingar við það svæði þar sem slysið varð eða annarra atvika sem A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitafélagsins A hjá V.

Reykjavík, 9. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 141/2020

M og
V v/ slysatryggingar launþega X

Sönnun atviks og gildissvið vátryggingarskilmála vegna „slysahugtaks vátryggingaréttar“ vegna ætlaðs tjónsatviks 22. maí 2019.

Gögn.
Málskot dags. 15. apríl 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 28. apríl 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni þegar hann var að saga hurðarop í steypu með steinsög þegar sagarblaðið hafi lent á steypustyrktarjárni með þeim afleiðingum að sögin sjálf skaust í vinstra hné hans. M lýsir atvikum einnig með þessum hætti í tjónstilkynningu til V dags. 4. júlí 2019 og til Sjúkratrygginga Íslands dags. 21. nóvember 2019. M leitaði til læknis hinn 24. maí 2019 og í beiðni um sjúkraþjálfun dags. 21. júní 2019 kemur fram að um tognun/bólgu sé að ræða í hné, en grunur um rof á fjörhöfðasin hafi verið útilokaður í opinni aðgerð sem framkvæmd hafi verið 19. júní 2019 þar sem sin reyndist vera heil en bólga í henni. Í læknisfræðilegum gögnum málsins er vitnað til sjúkrasögu annars vegar dags. 25. maí 2019 þar sem kemur fram að M hafi fallið á vinstri hné tveimur dögum áður og í sjúkrasögu sem tekin er 24. maí 2019 kemur fram að M hafi dottið niður 2m tveimur dögum áður. Í sjúkraskrá M má einnig finna þær skýringar að M hafi fallið.

M telur sannað að hann hafi hlotið líkamstjón vegna slyss í skilningi slysahugtaks slysatryggingar launþega hjá V og leggja eigi frásögn hans í tjónstilkynningum og málskoti til grundvallar. M telur að ekki hafi verið rétt eftir honum haft á slysadeild og megi þar um kenna tungumálaerfiðleikum á Landspítala, enda séu þar einu gögnin sem rangt sé eftir honum haft um aðdraganda slyssins. M bendir á að hann hafi verið að lýsa hurðargati upp á 2 metra þegar hann hafi verið á slysadeild og jafnvel ef sé hægt að leggja til grundvallar að hann hafi hlotið meiðsli við að detta úr tveggja metra hæð þá væri það fall hinn skyndilegi utanaðkomandi atburður sem leggja verði til grundvallar. Einnig bendir M á að ekki sé saga um fyrri áverka eða meiðsli sem hafi áhrif á mat á áverka sem hann hlaut í slysinu 22. maí 2019.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að ekki hafi komið fram nægjanleg sönnun um að M hafi orðið fyrir líkamsmeiðslum í vinnu hjá X eða að þau meiðsli sé hægt að rekja til utanaðkomandi slysaatburðar. V bendir á að vinnuveitandi M, X, viti ekki til þess að M hafi orðið fyrir meiðslum í vinnu sinni enda hafi hann ekki tilkynnt X um vinnuslys né kannist samstarfsmenn eða leigufyrirtæki við að sá atburður sem M lýsir síðar hafi átt sér stað. V bendir á að tjónstilkynningar séu einungis undirritaðar af M en ekki X og hafi þær ekkert sönnunargildi í málinu. V bendir einnig á að skoðun á hné M tveimur dögum eftir ætlaðan tjónsatburð hafi leitt í ljós eymsli og smá vökva í lið og röntgenmynd hafi ekki sýnt beináverka heldur „..afrúnaðan flasta sem líti als ekki út fyrir að vera nýr..“ V bendir einnig á að greiningar lækna í kjölfarið hafi byggst á sjúkdómi eða skyldu ástandi. V telur ekki sýnt að verkjaástand M sé hægt að rekja til sannaðs slysaatburðar og verði að ætla að M hafi annað hvort tognað í hné vegna misstigs eða bólgubreytingar í hné hans megi rekja til „innri bilunar“ í hné. Einnig vísar V því á bug að tungumálaerfiðleikar hafi haft áhrif á læknisfræðileg gögn.

Álit.
Í málinu liggur fyrir einhliða lýsing M á því að hann hafi hlotið áverka við vinnu sína þegar steinsög á að hafa kastast í hné hans við það að sagarblað hennar lenti á steypustyrktarjárni þegar M var að saga fyrir hurðaropi. Engin staðfesting liggur fyrir af hálfu X sem vinnuveitanda M í greint sinn á þeim atburði og ekki hafa verið lagðar fram yfirlýsingar vitna af atburðinum. Ekki verður heldur séð að M hafi tilkynnt X um atvikið þegar það átti sér stað og hélt hann áfram vinnu eftir það. Þegar M leitaði til læknis tveimur dögum síðar greindist hann með bólgubreytingar í sin en ekki verður séð af læknisfræðilegum gögnum málsins að áverkamerki hafi verið greind, eins og sár, mar að yfirborðsáverki sem ætla má að hefði verið miðað við lýsingu M sjálfs af því að steinsög kastaðist í

hné hans. Miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fyrir nefndina verður því ekki hægt að leggja til grundvallar að líkamstjón M sé hægt að rekja til vátryggingaatburðar sem varð í vinnu hans fyrir X, þ.e. slysaatviks í skilningi vátryggingarskilmála sem gerir ráð fyrir því að líkamstjón þurfi að koma til vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar. Er allt eins hægt að gera ráð fyrir því að M glími við óþægindi vegna innra ástands í líkama m.v. læknisfræðileg gögn. M á því ekki rétt til greiðslu bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 9. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 142/2020

M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra (A).

Ágreiningur um bótaskyldu vegna mistaka við setningu hæðarpunkta fyrir einbýlishús.

Gögn.
Málskot, móttekið 17.4.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 29.4.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M lét byggja fyrir sig einbýlishús í tilteknu sveitarfélagi og réð A sem byggingarstjóra við byggingarframkvæmdina. Byggingarleyfi var gefið út 1. mars 2017. Fljótlega eftir að hæðarpunktar höfðu verið settir í götunni á vegum sveitarfélagsins hófust byggingarframkvæmdir. Steypt var botnplata í kjallara, svo og kjallaraveggir, gólfplata bílskúrs, bílskúrsveggir, þak yfir bílskúrinn og sökklar undir sjálfa íbúðina. Á þessu byggingarstigi, 12. nóvember 2017, kom í ljós að botnplata bílskúrs var 49 cm hærri en gert var ráð fyrir samkvæmt samþykktri teikningu sem mun hafa stafað af því að púði undir botnplötunni hafi verið of hár. M mun ekki hafa átt annarra kosta völ en að fara í umfangsmiklar framkvæmdir til að lækka púðann í þá hæð sem samþykktar teikningar gerðu ráð fyrir.

M kveður tvær ástæður koma til greina sem skýrt geta það að húsið var byggt á of háum púða, annars vegar að sveitarfélagið hafi gefið upp rangan hæðarpunkt eða að mælt hafi verið vitlaust við útsetningu púðans undir húsið. Hver sem orsökin hafi verið sem olli því að púðinn reyndist vera of hár, hefði A sem byggingarstjóri við byggingarframkvæmdirnar engu að síður átt að veita hæðarmuninum eftirtekt. A er vátryggður samkvæmt starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V. Hefur M krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingunni vegna tjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir sökum þess að púðinn var of hár. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Engin gögn liggja fyrir í málinu, svo sem skoðunar- eða álitsgerðir sérfróðra skoðunarmanna, um orsakir þess að púði undir húsbygginguna reyndist vera of hár, né heldur liggja fyrir gögn sem sýna fram á að hæð púðans megi rekja til atvika sem A ber ábyrgð á. Eins og málið liggur fyrir hefur ekki verið sýnt fram á að A beri ábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir af völdum þess að púði undir húsinu var of hár. M á því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 143/2020
M og
V v/ábyrgðartryggingar ökutækjanna A og B

Sakarskipting vegna árekstur við Austurver á Háaleitisbraut 5. mars 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 20. apríl 2020 ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur V dags. 2. júní 2020.

Málsatvik.
Árekstur varð með bifreiðunum A og B á bifreiðastæði við Austurver á Háaleitisbraut. Í gögnum málsins er ekki sameiginleg tjónstilkynning ökumanna. Ökumaður bifreiðar A segir í tölvupósti dags. 12. mars 2020 að bifreið B hafi verið staðsett fyrir aftan hana „...vinstra megin og mjög nálægt, þar sem ég var rétt að byrja að bakka úr stæðinu þegar ég fann fyrirstöðu og hélt að væri snjóköggull undir aftara dekki. ÉG sá engan bíl og heldur ekki í bakkmyndavél og bakkaði því aftur af stað eftir að hafa stöðvað, án þess að hinn ökumaðurinn gæfi mér viðvörun með flauti í millitíðinni!“ Ökumaður bifreiðar B segir í tölvupósti til V 6. mars 2020 að hann hafi bakkað úr stæði og stöðvað bifreið sína vegna þess að önnur bifreið (önnur en A eða B) hafi verið að bakka úr stæði og hann hafi ekki getað ekið áfram fyrr en sú bifreið væri búin að því. Þá hafi hann tekið eftir því að bifreið A hafi verið ekið á bifreið B.

M telur að skipta eigi sök til helminga vegna árekstursins þar sem ökumaður bifreiðar B staðsett bifreið sína alveg upp við bifreið A og ekki gefið viðvörun þegar bifreið A var bakkað úr stæði.

V tekur ekki sérstaka afstöðu til sakarskiptingar.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skulu ökumenn skulu ökumenn sem aka aftur á bak ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Af lýsingum ökumanna bifreiða A og B verður ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðar B hafi verið búinn að aka aftur á bak og stöðvað vegna annarrar umferðar þegar ökumaður bifreiðar A (M) ók aftur á bak með þeim afleiðingum að hún lenti á bifreið B. Af því verður ráðið að ökumaður bifreiðar B hafi sinnt fyrirmælum skv. áðurnefndri 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga áður en ekki ökumaður bifreiðar A þegar hún ók af stað aftur á bak. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumanni bifreiðar B hafi verið unnt að vara ökumann bifreiðar A við áður en hún ók aftur á bak. Öll sök á árekstrinum verður því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber alla ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík, 26. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 144/2020

M og
V v/ slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A

Vélarhlíf féll ofan á ökumann er hann var að setja rúðuvökva á bifreið.

Gögn.
Málskot, móttekið 17.4.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 7.5.2020.

Málsatvik.
Hinn 29. nóvember 2018 var M á leið úr vinnu í A og kvaðst þá hafa tekið eftir að rúðuvökvi var búinn. Því hafi hún ekið inn á næstu þjónustustöð til þess að fylla á þar til gert geymsluhólf fyrir rúðuvökvann. Í málskoti segir að á meðan M fyllti hólfið hafi A verið í gangi með tilheyrandi hristingi frá vélarafli hennar. Hún hafi spennt upp vélarhlífina með þar til gerðri stöng og hallað sér yfir vélarrýmið til að hella vökvanum í hólfið. Þá hafi vélarhlífin fallið með miklum krafti á hvirfilblað hennar. Vegna þyngdar vélarhlífarinnar hafi höggið verið gríðarlegt svo hún hafi rotast, misst meðvitund í einhverja stund og fundið strax fyrir gríðarlegum höfuðkvölum og verkjum í hálsi.

M hefur krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hún hlaut við atvikið úr lögmæltri slysatryggingu ökumanns A hjá V, ella úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt 1. og 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem í gildi voru er tjónsatburðurinn varð, sbr. og 2. gr. laga nr. 32/1998 um breyting á þeim, skal hver ökumaður sem stjórnar vátryggingarskyldu ökutæki vera vátryggður samkvæmt sérstakri slysatryggingu, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi, sbr. 2. mgr. 90. gr. laganna. Vátryggingin skal tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. laganna.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að lögregla hafi verið kvödd á vettvang þegar slysið varð eða annars konar rannsókn hafi farið fram á tildrögum slyssins á vettvangi. Í tjónstilkynningu, dags. 22. nóvember 2019, segir einungis að M hafi verið að fylla á rúðuvökva þegar húdd bifreiðarinnar hafi losnað og fallið af miklum þunga á höfuð hennar. Jafnvel þótt aflvél A hafi verið í gangi, eins og haldið er fram í málskoti, var hún kyrrstæð og slysið tengdist ekki för M út úr henni né heldur lestun eða losun farms að neinu leyti. Að öllu athuguðu verður ekki talið að slysið verði rakið til notkunar A í merkingu 88. gr. laganna, þ.e. að slysið verði rakið til hreyfingar, vélarafls eða þyngdar hennar. Slysið telst því ekki bótaskylt úr lögmæltri slysatryggingu ökumanns A. Ekki er ljóst af gögnum málsins hvort M hafi verið eigandi A, en hvað sem því líður kemur ekki til álita að tjónið fáist bætt úr lögmæltri ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar þegar af þeirri ástæðu að tjónið verður ekki rakið til notkun hennar í skilningi 88. gr. þágildandi umferðarlaga.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr lögmæltri slysatryggingu ökumanns né ábyrðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 23. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 145/2020

M og
V v/ sjúkrakostnaðartryggingar innanlands.

Ágreiningur um hvort veittar hafi verið rangar upplýsingar við gerð vátryggingarsamnings sem leiða til brottfalls bóta.

Gögn.
Málskot, móttekið 20.4.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 4.6.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Með beiðni, dags. 20. desember 2018, tók M sjúkrahúskostnaðartryggingu innanlands hjá V og mun vátryggingin hafa tekið gildi 2. janúar 2019. Í beiðninni svaraði M neitandi spurningu um að hún hafi við útfyllingu beiðninnar eða áður haft þunglyndis- eða geðsjúkdóma.

M varð fyrir umtalsverðum kostnaði vegna læknismeðferðar og innlagnar á Landspítalann í maí og fram í júlí 2019. Hefur hún krafist að fá kostnað þennan bættan úr sjúkrakostnaðartryggingunni hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með því að hún hafi veitt rangar upplýsingar í vátryggingarbeiðninni varðandi þunglyndis- eða geðsjúkdóma sem hún hafi þá áður þjáðst af. Ef réttar upplýsingar hefðu verið veittar hefðu í samræmi við verklagsreglur allir þunglyndis- og geðsjúkdómar verið undanskildir í vátryggingunni. V sé því laust undan ábyrgð með vísan til 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Álit.
Með sjúkrakostnaðartryggingu þeirri sem deilt er um í máli þessu var M veitt vátryggingarvernd gegn kostnaði vegna veittrar heilbrigðisþjónustu sem ekki fékkst greidd úr almannatryggingum, sbr. lög nr. 112/2009 um sjúkratryggingar, þar eð hún fullnægði ekki skilyrðum laga til að njóta verndar úr því kerfi fyrst eftir að hún flutti til landsins. Vátyggingarvernd sú sem hér um ræðir er tekin til verndar tilteknum fjárhagslegum hagsmunum þar sem fjárhæð bóta ræðst af raunverulegu tjóni vátryggðs, þ.e. fjárútlátum vegna veittrar heilbrigðisþjónustu. Vátryggingin telst því til skaðatrygginga, sbr. I. hluta laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.), eins og flokkum laganna var skipað þegar M tók vátrygginguna í ársbyrjun 2019 og þegar hún varð fyrir þeim kostnaði sem ekki fékkst greiddur úr almannatryggingum vegna læknismeðferðarinnar á Landspítalanum í maí, júní og júlí sama ár.

Samkvæmt 1. og. 2. málsl. 1. mgr. 19. gr. vsl. getur vátryggingafélag, við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings, óskað eftir upplýsingum um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættu og skal slíkra upplýsinga aflað beint hjá vátryggingartaka, eða eftir atvikum vátryggðum, sem skal veita rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins. Þá segir í 20. gr. laganna að félagið beri ekki ábyrgð gagnvart vátryggingartaka ef vátryggingaratburður hefur orðið og vátryggingartaki hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 19. gr. Hafi vátryggingartaki hins vegar með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta og þá skuli við mat á ábyrgð félagsins litið til þess hvaða þýðingu vanræksla vátryggingartaka hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sök hans var mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti.

Við töku vátryggingarinnar í lok árs 2018 má ætla að M hafi að einhverju leyti þjáðst af þunglyndi og eftir atvikum af öðrum geðrænum einkennum. Aftur á móti verður ekki ráðið af gögnum málsins að hún hafi á því tímamarki gert sér grein fyrir að um óeðlilegt eða sjúklegt ástand gæti verið að ræða. Er því ekki unnt að líta svo á að hún hafi með saknæmum hætti, svikum eða vanrækslu, veitt rangar upplýsingar er hún við töku vátryggingarinnar svaraði spurningu varðandi þunglyndis- eða geðsjúkdóma. Er því ekki efni til að beita 20. gr. vsl. með því að skerða eða fella niður bætur. M telst því eiga rétt að fullum bótum úr sjúkrakostnaðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á óskertum bótum úr sjúkrakostnaðartryggingu innanlands hjá V.

Reykjavík, 1. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 146/2020

M og
V v/ slysatryggingar ökumanns ökutækisins X

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna umferðarslyss 15. febrúar 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 20. apríl 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 28. apríl 2020.

Málsatvik.
Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi ekið bifreiðinni X aftan á aðra bifreið á Strandgötu í Hafnarfirði. Í skýrslunni er haft eftir M að hann hafi ekki vitað hversu hratt hann ók bifreiðinni X þegar hann tók eftir því að bifreið fyrir framan hann var hemlað og hafi hann þá ekið aftan á þá bifreið. Haft er eftir ökumanni þeirrar bifreiðar að hún hafi stöðvað bifreið sína til að hleypa gangandi vegfarendum yfir götuna þegar bifreið hafi komið á mikilli ferð aftan á hennar bifreið. Haft er eftir vitni í sömu skýrslu að bifreiðinni X hafi verið ekið hratt fyrir árekturinn.

M telur aðallega að hann eigi óskertan bótarétt úr slysatryggingu ökumanns hjá V og vísar til þess að mikil og sterk sól hafi byrgt honum sýn við aksturinn og þess vegna hafi hann ekki náð að hemla í tæka tíð áður en árekstur varð. M bendir á að V hafi sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn og það sé ekki sannað. M bendir á að það eitt að hann hafi ekki haft ökuréttindi leiði ekki eitt og sér til stórkostlegs gáleysis og þó litið verði svo á séu ekki orsakatengsl milli réttindaleysis hans og árekstursins þar sem aftanákeyrslur séu mjög algengar, t.d. hafi orðið 1357 slíkir árekstrar á Íslandi árið 2019 og á tjónsstað, við gangbraut á Strandgötu, skráðar 15 slíkar. Til vara byggir M á því að takmörkun félagsins á ábyrgð eigi að vera minni en 50%.

V telur að sú háttsemi M að hafa ekið án þess að hafa öðlast ökuréttindi, án þess að hafa reynslu og þekkingu af akstri bifreiða, auk þess sem hann hafi ekið of hratt m.v. aðstæður að sögn vitnis, sé stórkostlegt gáleysi af hans hálfu. Orsakatengsl hafi verið milli réttindaleysis og þess að M hafði ekki stjórn á þeim aðstæðum sem sköpuðust. Með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 telur V rétt að takmarka ábyrgð sína um 50%.

Álit.
Af lögregluskýrslu verður ekki annað ráðið en að M hafi ekið bifreiðinni X án þess að hafa nokkurn tíma öðlast ökuréttindi, en enginn má stjórna bifreið án þess, sbr. 1. mgr. 48. gr þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Í 3. mgr. 14. gr. sömu laga er einnig kveðið á um að ökumenn verða að gæta þess að aka það langt á eftir öðru ökutæki að eigi sé hætta á árekstri, þótt ökutækið sem er á undan, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Í 36. gr. laganna kemur einnig fram að ökuhraða skuli jafnan miða við aðstæður.

Í þessu máli liggur ekkert fyrir um að M hafi haft þá reynslu af akstri að máli skipti við mat á háttsemi hans við akstur án ökuréttinda. Verður að meta honum það til stórkostlegs gáleysis að hafa ekið án slíkra réttinda, án þess að gæta þess að hafa nægilegt bil milli bifreiða sem og of hratt m.v. aðstæður þar sem mikil og sterk sól byrgði honum sýn. Telst sök hans mikil og vátryggingaratburður í beinu samhengi við það að hann gætti ekki að fyrirmælum umferðarlaga. Hefur slík háttsemi þau áhrif skv. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga að V getur takmarkað ábyrgð sína um helming. M á því ekki rétt á frekari bótum en V hefur boðið, eða 50% af heildartjóni sínu.

Niðurstaða.
M á ekki frekari bótarétt úr slysatryggingu ökumanns hjá V

Reykjavík, 27. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 147/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss sem M varð fyrir við störf hjá A hinn 25.09.2019

Gögn.
Málskot dags. 08.04.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 06.05.2020.

Málsatvik.
Í málskoti er atvikum lýst á þann veg að hinn 25. september 2019, þegar M var að störfum hjá A, hafi hann, ásamt þremur öðrum starfsmönnum, verið að færa bílalyftu þegar neðri hluti hennar gaf sig með þeim afleiðingum að hann fékk á hægri fót M sem meiddist við atvikið. M telur að vélabúnaður hafi gefið sig, þ.e. festingar sem haldið hafi bílalyftunni saman, hafi gefið sig. Slysið hafi ekki verið réttilega tilkynnt til Vinnueftirlitsins og verði A að bera hallann af sönnunarkorti sem af því hljótist. M telur líkamstjón sitt bótaskylt úr ábyrgðartryggingu A. Máli sínu til stuðnings vísar M til ákvæða laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 svo og reglugerða settra með stoð í þeim. Bílalyftan hafi hreinlega gliðnað í sundur og því sé ljóst að hún hafi ekki uppfyllt skilyrði sem sett séu með reglugerð auk þess sem A hafi augljóslega vanrækt viðhald og eftirlit hennar. Þá hafi M ekki verið öryggisskóm þrátt fyrir að hafa farið fram á það við vinnuveitanda sinn að fá slíka skó þar sem það fólst m.a. í starfi hans að handleika þungar byrðar. Þá hafi jafnframt verið vanrækt að framkvæma áhættumat vegna þessa verkþáttar. M telur að höfnun V á bótaskyldu sé ekki studd neinum gögnum og byggi eingöngu á órökstuddri frásögn A af atvikum,

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að með bréfi dags. 30. mars 2020 hafi félagið hafnað bótaskyldu. Vakin er athygli á því að slys M hafi vissulega verið tilkynnt réttilega til Vinnueftirlitsins og verði sönnunarbyrði því ekki snúið við á þeim grundvelli. Það sé M að sýna fram á atvik að baki slysinu og að það megi rekja til saknæmrar háttsemi A. Slík sönnun hafi ekki tekist. Þá séu frásagnir samstarfsmanna M í ósamræmi við lýsingu hans á atvikum, og beri á engan hátt með sér að umrætt slys sé að rekja til vanbúnaðar, ófullnægjandi leiðbeininga eða annars sem A beri ábyrgð á. Þannig hafi starfsmönnum verið gefin skýr fyrirmæli um hvernig vinna skyldi umrætt verk. Þá hafi M ekki verið falið umrætt verk, heldur tveimur öðrum starfsmönnum, og hafi hann að eigin frumkvæði ákveðið að aðstoða við flutning bílalyftunnar. Ástæða slyssins hafi svo verið sú að starfsmenn ákváðu sjálfir að flytja lyftuna með handafli fremur en að notast við lyftara, svo og að þeir hafi við það verk tekið utan um miðja lyftuna en ekki undir hana. Ástæða þess að hún féll hafi því verið einföld eðlisfræði en ekki vanbúnaður. Þá tekur V fram að M hafi, eins og öðrum starfsmönnum, staðið til boða að nota öryggisskó, en hafi hins vegar kosið að gera það ekki. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.
Svo bótaskylda úr ábyrgðartryggingu sé fyrir hendi þarf sá sem fyrir tjóni verður að sýna fram á að tjónsatvik megi rekja til skaðabótaskyldra athafna, eða athafnaleysis, vátryggðs. M byggir í málskoti á því að festingar umræddrar bílalyftu, sem hafi haldið henni saman, hafi gefið sig, lyftan hreinlega gliðnað í sundur, sem gefi til kynna að hún hafi verið vanbúin og viðhald og eftirlit með henni ekki í samræmi við áskilnað þar að lútandi. V heldur því hins vegar fram að umrætt atvik megi rekja til aðgæsluleysis M sjálfs, sem hafi óumbeðinn aðstoðað við verk sem unnið var þvert á leiðbeiningar yfirmanna. Ekki liggja fyrir nefndinni vitnisburðir þeirra samstarfsmanna M sem ætla má að hafi orðið vitni að umræddu atviki, né neinar ljósmyndir af aðstæðum eða nánari lýsing á búnaði umræddrar lyftu. Þá verður sú atvikalýsing sem M byggir á ekki ráðin af málavaxtalýsingu eins og hún kemur fram í tjónstilkynningu til V, dags. 16. desember 2019, en þar segir einfaldlega: „Vorum að færa bílalyftu af lyftaragöfflum og staðsetja hana á gólfi þegar hún datt á ristina og tábrotnaði við það.“ Þá liggur fyrir nefndinni útfyllt tilkynning til Vinnueftirlitsins, dags. 25. september 2019. Raunar virðist hún óundirrituð en þó er form hennar ekki með þeim hætti að leiði til þess að byggt verði á frásögn M, án stuðnings annarra gagna og gegn andmælum A. Gegn andmælum A, og án

frekari gagna er renni stoðum undir frásögn M, verður því ekki talið að sýnt hafi verið fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 148/2020

M og
V v/ ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B

Árekstur í hringtorgi á gatnamótum Suðurlandsvegar og Breiðholtsbrautar í Reykjavík þann 8.4.2020.

Gögn.
Málskot, móttekið 21.4.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 5.5.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
A var ekið eftir Breiðholtsbraut til norðausturs og inn í hringtorg við gatnamót Suðurlandsvegar. Í sömu andrá var B ekið eftir Suðurlandsvegi til suðausturs og um hringtorgið. Varð þá árekstur með bifreiðunum. Engin sameiginleg tjónsskýrsla eða tjónstilkynning um atvikið var gerð af hálfu aðila. Ökumenn hafa þó hvor í sínu lagi lýst aðdraganda árekstursins.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið af Breiðholtsbraut inn á hringtorgið þegar B hafi verið ekið af innri hring yfir á ytri hring. Nánar kvaðst hann hafa verið í miðri beygju í ytri hring torgsins er hann hafi séð B við hlið sér. Hafi hann þá hemlað en ökumaður B hafi haldið áfram að beygja að A þar til árekstur varð. Telur ökumaðurinn að það hafi ekki verið mögulegt að B hafi verð á ytri akrein þar sem hann hafi séð að henni var ekið í hliðina á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið eftir Suðurlandsvegi og um hringtorgið á ytri hring þegar A hafi komið eftir Breiðholtsbraut á hægri akrein og ekið inn í hægri framhurð B. Á vinstri akrein Breiðholtsbrautar hafi verið kyrrstæð bifreið hverrar ökumaður hafi beðið eftir að aka inn í hringtorgið.

Álit.
Samkvæmt 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, sem ekur að hringtorgi, veita þeim sem eru í torginu forgang. Í sömu málsgrein segir enn fremur að óheimilt sé að skipta um akrein við hringtorg eða á milli ytri og innri hrings í hringtorgi.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að A var ekið inn í hringtorgið í sömu andrá og B átti þar leið um. Ökumaður A virti því ekki forgang B um hringtorgið eins og kveðið er á um í fyrrgreindu lagaákvæði. Hann telst því eiga sök á árekstrinum. Þá hefur ökumaður A sönnunarbyrði um að ökumaður B hafi skipt um akrein í hringtorginu og að áreksturinn megi rekja til þess. Engum vitnum er til að dreifa sem borið geta um áreksturinn og tildrög hans og ökumaður B hefur staðhæft að hann hafi ekið um ytri hring. Eins og málið liggur fyrir verður því að telja ósannað að ökumaður B hafi skipt um akrein í hringtorginu. Er því ekki efni til að leggja sök á hann vegna áreksturs þessa. Öll sök verður því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.
Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 27. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 149/2020

M og
V v/ forfallatryggingar greiðslukortatryggingar.

Gildissvið vátryggingarskilmála vegna greiðslu sjálfsábyrgðar .

Gögn.
Málskot móttekið 22. apríl 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 6. maí 2020, ásamt afriti af tölvupóstsamskiptum M og V.
Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti, dags. 7. maí 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi tekið á leigu hús í Orlando í Bandaríkjunum 4.-12. apríl 2020 með samningi hinn 4. febrúar 2020 og þá hafi leiguverð verið greitt að fullu. Helmingur leiguverðs hafi verið endurgreitt en M kveðst hafa krafist bóta úr forfallatryggingu sinni hjá V vegna þess kostnaðar sem eftir stóð. V hafi fallist á bótaskyldu en hafi hins vegar dregið frá greiðslu bóta sem nemur eigin áhættu vegna fjögurra vátryggðra, hennar sjálfrar, maka og tveggja barna.

M vísar til þess að hún hafi ein gert samning um leigu umrædds húss og borið af því kostnað og því eigi að draga einu sinni frá sjálfsábyrgð vegna þess. Ekki eigi að miða við sjálfsábyrgð vegna ferðakostnaðar eiginmanns hennar og barna þar sem ekki sé verið að krefjast bóta vegna slíks kostnaðar.

V samþykkir að nefndin fjalli um bótafjárhæðir, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir nefndina nr. 1090/2005 en vísar til þess að í gr. 1.2 í vátryggingarskilmálum vátryggingar M komi fram að vátryggingin nái m.a. til korthafa, maka og barna með tilteknum skilyrðum og séu þeir aðilar vátryggðir í skilningi gr. 3.1. V vísar síðan til þess að um forfallatryggingu gildi 7. kafli vátryggingarskilmála þar sem komi fram að „sérhver vátryggður“ beri alltaf sjálfsábyrgð kr. 15.000 í hverju tjóni og mat V sé að skilja verði orðalag um sérhvern vátryggðan þannig að draga eigi frá sjálfsábyrgð vegna allra þeirra sem áttu að ferðast með M, sem sagt einnig vegna maka hennar og tveggja barna. V telur að þessi túlkun sé í fullkomnu samræmi við önnur ákvæði vátryggingarskilmála og tilgang tryggingarinnar.

Álit.
Um bótarétt M fer eftir ákvæði 7.1 í vátryggingarskilmálum en af henni leiðir að V bæti ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram og fæst ekki endurgreiddur, allt að kr. 350.000, vegna ferðar sem vátryggður kemst ekki í megi rekja ástæðu þess til m.a. þess að komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta sem leiða af farsótt. Í gr. 7.1.9 kemur fram að sérhver vátryggður beri alltaf sjálfsábyrgð kr. 15.000 í hverju tjóni.

Samkvæmt gögnum málsins greiddi M ein leiguverð umrædds húss, og ekki verður séð að aðrir aðilar hafi orðið fyrir tjóni vegna þess hluta leigunnar sem ekki fékkst endurgreiddur. Þar af leiðandi hafa aðrir vátryggðir heldur ekki gert neina kröfu á hendur V vegna tjónsins. Verður því ekki fallist á rök V fyrir því að skipta leigukostnaði og tjóni M í fjóra hluta. Samkvæmt framansögðu er um eitt tjón að ræða, og samkvæmt áðurnefndu ákvæði 7.1.9 í skilmálum V vegna vátryggingarinnar er upphæð sjálfsábyrgðar 15.000 kr. í hverju tjóni. Ber því að miða bótagreiðslu til M við það.

Niðurstaða.
Frá fjárhæð bóta úr kreditkortatryggingu M hjá V skal draga eina sjálfsábyrgð að upphæð 15.000 kr.

Reykjavík, 27. maí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 150/2020

M og
V vegna slysatryggingar ökumanns og/eða eiganda A

Ágreiningur um hvort tilkynnt hafi verið um slys innan tilkynningarfrests.

Gögn.
Málskot dags. 22.04.2020 ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf V dags. 05.05.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 11.05.2020.

Málsatvik.
Samkvæmt málskoti slasaðist M við akstur A hinn 14. ágúst 2017, þegar A endaði utan vegar. Hafi hann átt við höfuð- og stoðkerfisverki að stríða síðan. V hafnaði bótaskyldu vegna líkamstjóns M með bréfi dags. 4. september 2019 á þeim forsendum að tilkynning um slysið hafi verið of seint fram komin í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þannig hafi V ekki tilkynnt V um tjón sitt fyrr en hinn 18. júlí 2019, eða tæpum tveimur árum eftir tjónsdag. Á þeim tíma hafi verið meira en ár frá því M hefðu mátt vera ljósar afleiðingar slyssins.

M er ósammála þeirri afstöðu og vísar m.a. til dómafordæma máli sínu til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M vilji miða upphaf tilkynningarfrests við læknabréf dags. 28.september 2019, en þar komi fram að þar sem tvö ár séu liðin frá slysdegi sé ljóst að um varanlegar afleiðingar sé að ræða. V telur að M hafi mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins mun fyrr. Við lækniskomu hinn 13. desember 2017 hafi M þannig kvartað yfir því að hafa verið með höfuðverk undanfarna mánuði. Þá hafi M, hinn 20. september 2018 leitað til heilsugæslu vegna höfuðverkja og svima. Hafi M því þjáðst af slæmum höfuðverk allt frá slysdegi. M hafi tilkynnt tjón sitt til V hinn 18. júlí 2019, en ljóst sé að þá hafi verið meira en ár frá því hann mátti gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins. Það að M hafi ekki leitað til taugalæknis fyrr en hinn 17. júlí 2019 breyti engu um þá afstöðu enda ófært gæti M teygt tilkynningarfrestinn með því að leita ekki fyrr staðfestingar á tjóni sínu. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum gerir M í fyrsta lagi athugasemdir við að dagsetningar séu á reiki hjá V. Í upphaflegu höfnunarbréfi V sé þannig miðað við að M hafi átt að vera afleiðingar slyssins ljósar eigi síðar en 14. ágúst 2018, en í bréfi V til nefndarinnar sé miðað við dagsetningu fyrir 18. júlí 2018 og engin skýring sé veitt á þessu misræmi. Þá bendir M á að samkvæmt lögregluskýrslu sem gerð var vegna slyssins hafi í upphafi ekki verið talið að M hafi meiðst við slysið. Í fyrstu læknisheimsóknum M hafi það heldur ekki verið mat lækna að um varanleg einkenni væri að ræða og hafi honum aðeins verið ávísað vægum verkjalyfjum. Það sé ekki fyrr en M hafi leitað til taugalæknis sumarið 2019 sem hann hafi verið greindur með hálstognun og taugaskaða sem rakinn verði til slyssins.

Álit:
M varð sem fyrr segir fyrir slysi hinn 14. ágúst 2017 en V var tilkynnt um tjónið hinn 18. júlí 2019, eða um einu ári og ellefu mánuðum eftir tjónsdag. Í 1. mgr. 124 gr. laga um vátryggingarsamninga segir að sá sem rétt eigi til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Í máli þessu er deilt um hvort krafa M á hendur V hafi komið fram innan þeirra tímamarka. Verður að miða við að umræddur ársfrestur hefjist þegar afleiðingar slyss eru kunnar tjónþola. Taka verður undir þá afstöðu M að dagsetningar í málatilbúnaði V eru nokkuð á reiki og óljóst hvaða dagsetningu V kýs að miða við að M hafi verið kunnugt um afleiðingar slyssins.

Samkvæmt gögnum sem liggja fyrir nefndinni leitaði M fyrst til læknis vegna afleiðinga slyssins hinn 17. ágúst 207, eða þremur dögum eftir umrætt atvik. Þá greindust engin brot og fólst meðferð í verkjalyfjum og eftirliti eftir þörfum. Hinn 13. desember 2017 leitaði M til heilsugæslu vegna höfuðverkja og aftur hinn 20. september 2018. Virðist engin afgerandi greining né meðferðaráætlun

liggja fyrir á grundvelli skoðana sem fram fóru þá og var M vísað til sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum vegna umræddra höfuðverkja. M virðist hafa átt tíma hjá umræddum sérfræðingi hinn 17. júlí 2019, en í vottorði heilsugæslulæknis, dags. 20. ágúst 2019, kemur fram að óráðlegt sé að meta batahorfur fyrr en mat sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum liggi fyrir. Þá kemur fram í fyrirliggjandi vottorði heila- og taugalæknis, dags. 28. september 2019, að þar sem liðin séu meira en tvö ár frá slysinu telji viðkomandi læknir um varanlegan skaða að ræða og er M greindur með hálstognun og taugaskaða, og áframhaldandi meðferð í sprautuformi ráðlögð. Verður því að miða við að fram að þeim tíma hafi M ekki mátt vera ljóst að afleiðingar slyssins væru varanlegar og í öllu falli að honum hafi ekki verið það ljóst fyrir 18. júlí 2018. Verður samkvæmt öllu framansögðu að telja að krafa M á hendur V hafi verið sett fram innan áskilinna tímamarka 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga og að bótaskylda sé þar af leiðandi fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og/eða eiganda A hjá V.

Reykjavík 27. maí 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 151/2020

M og
V v/starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.

Fyrning kröfu vegna tjóns á húseigninni X

Gögn.
Málskot móttekið 27. apríl 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 14. maí 2020 ásamt byggingarsögu, gögnum frá byggingarfulltrúa um byggingarstjóraskipti og stöðu verk, tölvupóstur dags. 5. febrúar 2020 ásamt fylgiskjölum og tölvupóstur V dags. 26. febrúar 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi gert kröfu um greiðslu bóta til V hinn 8. janúar 2016 vegna margvíslegra galla á húseigninni X. Ekki var tekin efnisleg afstaða til bótakröfunnar en svör V voru á þá leið að ekki væri hægt að taka slíka afstöðu nema lægi fyrir úttekt á mögulegum göllum og orsökum þeirra. Erindi M var ítrekað á árinu 2018 og ítrekaði V þá afstöðu sína að ekki lægi fyrir úttekt eða mat vegna ætlaðra galla. Matsgerð dómkvadds matsmanns lá fyrir 13. ágúst 2019.

M telur að galla á húseigninni X sé hægt að rekja til saknæmrar háttsemi byggingarstjóra og byggir krafa M á gr. 4.1. í vátryggingarskilmálum um starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V. Einnig bendir M á gr. 3.2 í sömu skilmálum þar sem kemur fram að vátryggingin gildi í fimm ár frá lokaúttekt húseignar. M telur að kröfur þess hafi komið fram um leið og hægt var á árinu 2016 og þær séu ekki fyrndar þó sé miðað við að einhverjar upplýsingar hafi verið komnar fram á árinu 2012. Einnig vísar M til Hrd. 578/2014 um að fyrningarfrestur byrji ekki að líða fyrr en matsgerð liggi fyrir og í máli M hafi það ekki verið fyrr en á árinu 2019.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að kröfur M séu fyrndar. Um það vísar V fyrst og fremst til erinda fulltrúa M á árunum 2012, 2013 og 2014 varðandi galla á húseigninni, en þær upplýsingar komi fram í tölvupóstum frá þeim tíma. Einnig vísar V til þess að umræddar upplýsingar um galla á húseigninni og kröfur vegna þeirra á árinu 2012 hafi ekki verið komið á framfæri við V fyrr en í ársbyrjun 2020. V vísar til þess að um fyrningu kröfunnar gildi 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, sbr. 15. gr. vátryggingarskilmála og 2. mgr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. V telur að húseigendum hafi ekki mátt dyljast að á árinu 2012 hefðu verið komnir upp gallar á húseigninni, sömu gallar og væri verið að krefja félagið um bætur vegna nú. V vísar til þess að í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 kemur fram að „Krafa um skaðabætur fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga.“ Þannig sé krafa M fyrnd.

Álit.
Samkvæmt fyrri málslið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnist krafa um skaðabætur á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Þá segir í 14. gr. laganna að fyrningu sé slitið þegar skuldari hefur gagnvart kröfuhafa beinlínis eða með atferli sínu viðurkennt skylduna, svo sem með loforði um greiðslu eða með því að greiða afborgun höfuðstóls, verðbætur eða vexti.

Ljóst er af gögnum málsins, sérstaklega samskiptum fulltrúa húseigenda á árinu 2012, að sú vitneskja sem þá var fyrir hendi um galla á húseigninni X, þar á meðal athugasemdir við halla á svölum, óvirkt niðurfall, leka við útidyrahurð, rakaskemmdir í veggjum. leka og loftræstingu, er þess eðlis að nauðsynlegar upplýsingar hafi verið komnar fram um mögulegt tjón á þeim tíma, eða í síðasta lagi á árinu 2014.

Í málinu liggur ekki fyrir að fyrningarfrestur hafi verið rofinn með þeim hætti sem getið er í 14. gr. laga nr. 150/2007 og verður því að telja kröfu M fyrnda þar sem meira en fjögur ár eru liðinn frá því nauðsynlegar upplýsingar komu fram um mögulegt tjón. Verður því ekki fallist á að greiðsluskylda sé

fyrir hendi úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V, sbr. 15. gr. vátryggingarskilmála um fyrningarfrest.

Niðurstaða.
M, Húsfélag, á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Reykjavík, 23. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 152/2020

M og
V v/málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Gildissvið málskostnaðartryggingar vegna dómsmála.

Gögn.
Málskot móttekið 28. apríl 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 8. júní 2020.
Viðbótarathugasemdir lögmanns M, sbr. tölvupóstur dags. 13. júlí 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M eigi í ágreiningi í tveimur málum við nafngreindan einstakling. Í öðru málinu hefur sá hinn sami stefnt M og gert þá kröfu að viðurkenndur sé eignarréttur á helmingi útihúsa sem séu þinglýst eign M og tilheyra jörð þeirra. Í hinu málinu snýst ágreiningur um leigu á útihúsum þar sem M sem leigusalar hafa farið fram á útburð sama einstaklings úr húsinu. Ekki þykir þörf á að gera grein fyrir eðli ágreiningsins í ítarlegra máli hér.

M telur að greiða eigi bætur vegna lögfræðikostnaðar M úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar þar sem tilkynning um tjón hafi borist innan þess ársfrests sem tilgreindur sé í vátryggingarskilmálum, en M telur að þeim hafi ekki verið kunnugt um efnisatriði ágreinings í fyrra málinu að fullu fyrr en þeim var stefnt í nóvember 2018. Tilkynnt hafi verið um tjón til V í apríl 2019 og sé það því innan tilgreinds ársfrests. Einnig vísa M til þess að í seinna málinu hafi ágreiningur ekki komið upp fyrr en leigusamningi var rift í maí 2018 og hafi því tilkynning í apríl 2019 til V einnig borist innan ársfrests vátryggingarskilmála. M vísa einnig til þess að undanþáguákvæði sömu skilmála eigi ekki við um M þar sem ágreiningur varði ekki fasteignir eða eignarhald þeirra sjálfra á þeim. M telja auk þess að V geti ekki borði fyrir sig að ágreiningur varði atvinnurekstur þeirra.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að tjónstilkynning M vegna beggja mála hafi ekki borist innan ársfrests sem tilgreindur er í gr. 6.3 í vátryggingarskilmálum og hefur stoð í 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þar komi fram að vátryggður verði að tilkynna um tjón sitt til V innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. V telur að atvik á bak við ágreining M í báðum málum sem vísað er til hér að ofan hafi komið fram fyrir apríl 2018 og þegar málin voru tilkynnt til V í apríl 2019 hafi téður ársfrestur því verið liðinn. Einnig vísa V til undanþáguákvæðis í vátryggingarskilmálum í gr. 25.9 þar sem kemur fram að mál sem verða til vegna ágreinings sem varða M sem eigendur fasteignar séu sérstaklega undanskilin bótaskyldu. V vísar til þess að bæði ágreiningsmál M varði þau sem eigendur útihúsa og því eigi það ákvæði við auk þess sem félagið vísar til þess að málin varði einnig atvinnurekstur M.

Álit.
Samkvæmt skilmálum málskostnaðartryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Á hinn bóginn er tekið fram í skilmálunum að vátryggingin bæti ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar, sbr. tilgreining til gr. 25.9 í vátryggingarskilmálum.

M hefur krafið V um greiðslu bóta vegna tveggja ágreiningsmála. Þau mál fjalla annars vegar um eignarhald á útihúsum sem eru þinglýst eign M og hins vegar um gildissvið og skilyrði til riftunar leigusamnings á sömu útihúsum. Af gögnum málsins verður ekki nákvæmlega slegið föstu hvenær ágreiningur kom upp en ekki verður annað séð af sömu gögnum en að M séu eigendur umræddra útihúsa og þau séu hluti af fasteign M. Ágreiningur um eignarhald útihúsanna eða gildissvið leigusamnings um þau getur að mati nefndarinnar ekki varðað M öðruvísi en sem eigendur þeirrar fasteignar sem útihúsin tilheyra. Öðruvísi kæmi aðild M ekki til. Þegar af þeirri ástæðu verður að telja að kostnaður sem til hefur verið stofnað vegna hvors máls um sig, eða sá kostnaður sem M þarf að greiða að öðru leyti vegna málskostnaðar, falli utan gildissviðs vátryggingar þeirra hjá V og er þar

vísað til undanþáguákvæðis í gr. 25.9. Ekki er því ástæða til að fjalla um önnur ákvæði í vátryggingarskilmálum.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 153/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um umfang tjóns á ökutækinu B við árekstur hinn 30. mars 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 28.04.2020 ásamt fylgiskjali.
Bréf V, dags. 14.05.2020 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.
Hinn 30. mars 2019 var árekstur með ökutækjum A og B, sem er leigubifreið í eigu M. Samkvæmt tjónstilkynningu sem aðilar fylltu út og skiluðu til vátryggingafélaga sinna rúmlega mánuði síðar voru atvik þau að bifreið A ók aftur á bak á bifreið B. Sjáanlegt tjón hafi verið lítið og mössun á lakki dugað til að lagfæra lakkáferð á B. Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti brotnuðu hins vegar einnig festingar á vatnskassa bifreiðar B og fer M fram á bætur vegna þess tjóns. Meðfylgjandi málskoti er yfirlýsing bifreiðaverkstæðis þar sem segir m.a.: „vatnskassafestingar að ofanverðu eru brotnar eftir ákomu og af þeim sökum hefur komið hreyfing á intercooler og hann brotnað.“ Telur M framangreint leiða til þess að V sé bótaskylt vegna tjónsins.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, kemur fram að ekki hafi verið gerð tjónstilkynning vegna atviksins fyrr en rúmum mánuði eftir tjónsdag, eða eftir að M fór með bifreið sína til bilanagreiningar hinn 3. maí 2019. Bifreið B sé leigubifreið, árgerð 2016 og hafi verið ekið um 10.000 kílómetra að meðaltali í hverjum mánuði frá kaupdegi. Því megi ætla að bifreiðinni hafi verið ekið um 10.000 kílómetra frá umræddu atviki og þar til bilanagreining fór fram. Ýmislegt hefði því getað komið fyrir bifreiðina á þeim tíma. Þá hafi umræddur árekstur ekki verið harður og nánast enga ákomu að sjá á bifreiðunum eftir hann, enda hafi bifreið A verið ekið rólega aftur á bak uns hún lenti á framstuðara bifreiðar B. Á bak við stuðarann sé svo styrktarbiti sem ætlað sé að verja intercooler og vatnskassa fyrir höggi. Hafi M því, samkvæmt framansögðu, ekki tekist að sýna fram á að umrætt tjón verði rakið til árekstursins og er bótakröfu hans þar af leiðandi hafnað.

Álit:
Samkvæmt framansögðu vað lítið sjáanlegt tjón við umræddan árekstur og virðist hann hafa verið minni háttar. Þá verður ráðið af gögnum málsins að ökumaður A hafi borið alla sök á árekstrinum og því beri M að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Það hvílir hins vegar á M að sýna fram á umfang þess tjóns. Við mat á því hvort slík sönnun hafi tekist verður m.a. að líta til þess að nokkur tími leið frá umræddum árekstri fram til þess að bilanagreining fór fram og V var tilkynnt um atvikið. Þar sem bifreið M er notuð við atvinnurekstur má jafnframt ætla að hún hafi verið í nokkuð mikilli og stöðugri notkun á þeim tíma. Sé litið til áðurnefndrar yfirlýsingar bifreiðaverkstæðis þess sem M leitaði til verður heldur ekki ráðið með afdráttarlausum hætti af henni að skemmdir á bifreiðinni verði raktar til umrædds atviks. Samkvæmt öllu framangreindu hefur M því ekki sýnt fram á að skemmdir á millikæli og vatnskassa bifreiðar hans verði raktar til áreksturs við A hinn 30. mars 2019.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna skemmda á vatnkassafestingum og afleiðinga þeirra.

Reykjavík 23. júní 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 154/2020

M og
V vegna kreditkortatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu úr forfallalið ferðatryggingar.

Gögn.
Málskot, móttekið 29.04.2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 08.05.2020 ásamt fylgigögnum 1-3.

Málsatvik.
Samkvæmt upplýsingum í málskoti keyptu M og eiginmaður hennar, X, hinn 15. janúar 2020, alferð til Tenerife og var fyrirhugaður brottfarardagur, samkvæmt greiðslukvittun, 3. mars 2020 og áætlaður dvalartími til 14. mars 2020. Greiddu þau 782.978 kr. fyrir ferðina. X hafi hins vegar veikst af flensu í febrúarmánuði, á svipuðum tíma og Covid-19 tilfellum fjölgaði, og hótelið sem fyrirhugað var að M og X dveldu á hafi verið lokað vegna sóttkvíar einstaklinga sem greinst hefðu með veiruna. Hafi M og X því ákveðið að hætta við fyrirhugaða ferð þar eð X hafi verið veikur fyrir í lungum. Þar sem ferðasali hafi ekki viljað koma til móts við þau með því að veita þeim inneign í aðra ferð síðar hafi M haft samband við V. V hafi hafnað bótaskyldu vegna tjónsins úr greiðslukortatryggingu M hjá V. Fyrir nefndinni liggur læknisvottorð dags. 16. mars 2020 þar sem kemur fram að X hafi verið með bronchitis síðan fyrir áramót, veikindanna hafi fyrst orðið var hinn 20. desember 2020 en einkenni þeirra aukist í febrúar.

Í bréfi V til nefndarinnar vísar félagið til þess að það telji umrætt tjónsatvik falla utan bótasviðs skilmála forfallatryggingarinnar. Umræddri ferð hafi ekki verið aflýst og fyrir liggi að M og X hafi staðið til boða að dvelja á öðru hóteli en þau pöntuðu upphaflega. Á brottfarardegi hafi ekki verið til staðar opinber höft vegna farsóttar né ferðabann til eða frá Spáni. Í c-lið gr. 7.2.2 í viðeigandi vátryggingarskilmálum komi fram að félagið bæti ekki tjón sem stafi af tregðu vátryggðs til að ferðast. Hvað varði veikindi X þá komi fram að hann hafi verið greindur með acute bronchitis hinn 20. desember 2020, þ.e. áður en umrædd ferð var keypt. Sami sjúkdómur hafi svo leitt til þess að X var ekki ferðafær á fyrirhuguðum brottfarardegi. Í gr. 7.2 viðeigandi vátryggingarskilmála komi fram að félagið greiði ekki bætur vegna tjóns sem leiðir af hvers kyns slysum, veikindum og sjúkdómum sem vátryggður hefur þjáðst af og notið læknishjálpar við á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Eigi tilvik X undir umrætt undanþáguákvæði. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.
Samkvæmt ákvæði 1.2 í viðeigandi vátryggingarskilmálum nær greiðslukortatrygging M til korthafa, maka, sambýlismaka og barna á framfæri til loka 22 ára aldurs. Liggur því fyrir að M og X eru bæði vátryggð samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar.

Þá fjallar 7. kafli vátryggingarskilmálanna um forföll, þ.e. bætur vegna ferðakostnaðar, allt að 350.000 kr., sem greiddur er fyrirfram eða samið um fyrirframgreiðslu á vegna ferðar sem hinn vátryggði kemst ekki í ef nánar tilgreindar ástæður eiga við. Á sá kafli við þegar ferð er afbókuð fyrir fyrirhugaðan brottfarardag eins og um er að ræða í tilfelli M og X. Ágreiningslaust er í málinu að ekki var ferðabann til eða frá Spáni á fyrirhuguðum brottfarardegi. Þá virðist líka liggja fyrir að ferðasali hefði útvegað M og X gistingu á öðru hóteli en upphaflega var samið um hefðu þau farið fram á það. Verður því ekki séð að bótaskylda verði byggð á því að opinber höft er leiði af farsótt hafi komið í veg fyrir að farið yrði í ferðina, sbr. ákvæði 7.1.3.

Í ákvæði 7.1.1 er kveðið á um að bótaskylda stofnist ef ástæða þess að vátryggður kemst ekki í ferð eru veikindi, enda séu þau vottuð af starfandi lækni. Jafnframt kemur fram í ákvæði 7.2.1 að bætur greiðist ekki sé tjón að rekja til hvers kyns veikinda hinn vátryggði hefur þjáðst af og notið læknishjálpar eða meðferðar við á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Fyrir nefndinni liggur læknisvottorð, dags. 16. mars 2020, um að X, sem er annar hinnar vátryggðu, hafi, vegna bronkítis, ekki verið ferðafær á fyrirhuguðum brottfarardegi. Jafnframt kemur fram að veikinda hafi fyrst orðið vart hinn 20. desember 2019. Er þar af leiðandi ljóst að X þjáðist af umræddum

veikindum á síðustu sex mánuðum fyrir brottfarardag. Í áðurnefndu skilmálakvæði er hins vegar einnig áskilið að vátryggður hafi notið læknishjálpar vegna, eða meðferðar við, umræddra veikinda. Í fyrirliggjandi læknisvottorði er hakað við að X hafi ekki verið til neins konar meðferðar vegna sama eða tengds heilsuvanda síðustu tólf mánuði. Liggur því ekkert fyrir um að X hafi sótt sér læknisaðstoð eða meðferð, í skilningi ákvæðisins, vegna umrædds bronkítis. Þar af leiðandi á tilvísað undanþáguákvæði ekki við. Er bótaskylda því fyrir hendi að því er varðar ferðakostnað vátryggða X, enda er vottað af starfandi lækni að hann hafi ekki komist í umrædda ferð vegna veikinda en ekki liggur fyrir að hann hafi notið meðferðar af neinu tagi vegna umræddra veikinda fyrir greiðslu staðfestingargjalds.

Kemur þá til skoðunar hvort bótaskylda sé til staðar vegna tjóns vátryggðu M. Af skilmálaákvæði 7.1.2 leiðir að réttur til bóta sé fyrir hendi að öðrum skilyrðum uppfylltum komist vátryggður ekki í ferð vegna þess að náinn ættingi veikist alvarlega, enda sé það vottað af starfandi lækni. Ekki liggur annað fyrir en að M hafi verið heil heilsu og ferðafær á brottfarardegi og eins og áður segir verður ástæða þess að hún fór ekki í ferðina ekki rakin til opinberra hafta er leiði af farsótt. Verður því ekki annað séð en ákvæði 7.1.2 sé hið eina sem M gæti byggt bótakröfu sína á. Þrátt fyrir að vottað sé af starfandi lækni að X hafi ekki verið ferðafær á fyrirhuguðum brottfarardegi liggur ekkert fyrir um að veikindi hans hafi verið alvarleg í skilningi ákvæðisins, og með hliðsjón af því að byggt verður á því að hann hafi ekki sótt sér meðferð vegna þeirra verður að telja að svo hafi ekki verið. Sá skilningur sækir jafnframt stoð í lýsingu M sjálfrar í tjónstilkynningu hennar til V en þar segir hún að X sé með „undirliggjandi lungnaóþægindi“. Í málskoti tekur M svo fram að X hafi verið með „flensu“. Bendir framagreint ekki til þess að um alvarleg veikindi hafi verið að ræða. Þá ber jafnframt að líta til þess að samkvæmt áðurnefndu læknisvottorði komu veikindi X til áður en kaup á umræddri ferð áttu sér stað. Er bótaskylda því, samkvæmt framansögðu, ekki fyrir hendi hvað varðar ferðakostnað vátryggðu M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kreditkortatryggingu sinni hjá V, að því er varðar ferðakostnað eiginmanns hennar, X, að hámarki 350.000 kr.

Reykjavík, 9. júní 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 155/2020

M og
V v/ábyrgðartryggingar X

Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda vegna vinnuslyss 15. júní 2016.

Gögn.
Málskot móttekið 30. apríl 2020 ásamt fylgigögnum merktum 1.-6.
Bréf V dags. 9. júní 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1.-15.

Málsatvik.
Í gögnum málsins má sjá að M var að aka sérstakri stigabifreið, sem er vinnuvél en ekki skráningarskylt vélknúið ökutæki, á flughlaði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar þegar hún ók bifreiðinni á landgang með þeim afleiðingum að hún kastaðist fram fyrir sig og lenti með höfuð á framrúðu sem hafi við það brotnað og slasaðist M við það á baki. Umrædd lýsing er atvika kemur fram í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, sem undirrituð er af bæði M og fulltrúa X.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hennar þar sem X hafi ekki skipulagt vinnu hennar með fullnægjandi hætti m.t.t. fyrirmæla í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eða reglugerðar nr. 368/2006 um notkun tækja. Þannig telur M að hún hafi ekki hlotið tilskilda þjálfun m.v. að hún var ráðin í tímabundið sumarstarf hjá X. Einnig leggur M fram vitnisburði tveggja samstarfskvenna sinna þar sem kemur fram að þær og M hafi ítrekað verið beðnar um að aka vinnuvélum X þó þær hefðu ekki tilskilin réttindi til þess og í greint sinn hafi M verið sagt að taka stigabílinn. Einnig leggur M fram yfirlýsingu nafngreinds starfsmanns X sem kveðst hafa starfað sem „loading supervisor“ og telur hann að hann hafi að öllum líkindum gefið M tilmæli um að færa stigabíl þann sem hún ók síðan, en sá taldi að M hefði tilskilin réttindi til þess. M telur að X hafi látið það óáreitt að starfsmenn án tilskilinna réttinda væru beðnir um að aka vinnuvélum X.

V telur fyrir hönd X að ekki sé hægt að byggja á þeim yfirlýsingum vitna og yfirmanns sem M hafi lagt fyrir nefndina sökum ónákvæmni upplýsinga, þær séu ódagsettar, auk þess sem þeirra hafi verið aflað einhliða og ekki sé vitað um tengsl umræddra einstaklinga við M. Einnig telur V að á grunnnámskeiði, sem allir starfsmenn sitji, komi fram skýrar leiðbeiningar um að einungis þeir starfsmenn sem hafi fengið tilskilda þjálfun á tækin og hafi réttindi til að stjórna þeim eigi að nota þau. Einnig er vísað til eyðublaða og fyrirkomulags þjálfunar nýrra starfsmanna hjá X sem tryggi að starfsmenn sem ekki hafi tilskilin réttindi eða þjálfun á tiltekin tæki noti þau ekki. M hafi því átt að vera það ljóst að hún mátti ekki stýra stigabifreiðinni. Einnig telur V að ekki sé sýnt fram á með nægilega skýrum hætti að það hafi verið látið viðgangast af hálfu X að starfsmenn fyrirtækisins hafi stjórnað vinnuvélum án þess að hafa þekkingu eða reynslu til.

Álit.
Ekki er ágreiningur um að M slasaðist við störf sín hjá X þegar hún stjórnaði vinnuvél sem hún hafði ekki tilskilin réttindi til að stjórna. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að það réttindaleysi og/eða þekkingarleysi M hafi leitt til þess að hún vanmat hæð vinnuvélarinnar þannig að hún ók henni á landgang. Þó yfirlýsingar þriggja samstarfsmanna M hafi komið seint fram verður ekki annað ráðið af þeim en að einhver lausatök hafi verið í starfsemi X um hverjir væru fengnir til að stjórna vinnuvélum sem þeirri sem M stýrði þegar hún slasaðist, en sérstaklega verður litið til aldurs M og nauðsyn þess að gefa henni og samstarfsfólki hennar skýr skilaboð um hver mætti gera hvað. Augljós slysahætta er fólgin í stjórn vinnuvélar þeirra sem stigabíll er og verður X að bera hallann af sönnunarskorti um að reglur fyrirtækisins sem og þjálfun starfsmanna hafi verið fullnægjandi. X ber því skaðabótaábyrgð á tjóni M.

Þegar hins vegar er litið til háttsemi M sjálfrar, þó hún hafi verið ung að aldri, verður að líta til þess að henni mátti vera ljóst að hún hefði ekki réttindi til að stýra umræddri vinnuvél og m.t.t. augljósrar hæðar hennar verður að telja henni það til stórkostlegs gáleysis að hafa mislesið aðstæður á vettvangi þannig að hún kæmist undir þann landgang sem hún ók á. Með hliðsjón af 23. gr. a skaðabótalaga nr.

50/1993 verður hún að bera hluta tjóns síns sjálf vegna meðábyrgðar og af atvikum öllum er hún metin til helmings tjónsins.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V en bætur skerðast um helming af heildartjóni hennar vegna meðábyrgðar skv. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Reykjavík, 15. júlí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 156/2020

M og
V v/ vátryggingar á seldum vörum.

Ágreiningur um bótaskyldu er ekið var á ryksugu í bílastæðahúsi.

Gögn.
Málskot, móttekið 4.5.2020, ásamt fylgigögnum.
Svarbréf af hálfu V, ódagsett.

Málsatvik.
Samkvæmt málskoti kveður M að í byrjun apríl 2020 hafi ryksuga hans verið í bílageymslu („garage“) þegar eiginkona hans hafi að lokinni vinnu verið að leggja bifreið sinni í bílageymslunni og þá af slysni rekist á ryksuguna svo hún hafi orðið fyrir skemmdum.

M hefur krafist bóta vegna skemmda á ryksugunni úr sérstakri vátryggingu hjá V sem hann mun hafa keypt hjá seljanda vörunnar, að því er ráða má af gögnum málsins, en nánar tilgreind vátryggingamiðlun, A, annast milligöngu um bótauppgjör samkvæmt vátryggingunni fyrir hönd V.

Í ódagsettu svari A f.h. V til nefndarinnar vegna málsins kemur fram að 18. mars 2020 hafi borist formleg skýrsla M vegna tjónsins, en þar sé tilgreint að ryksugan hafi skemmst 15. mars eftir að ekið hafði verið á ryksuguna í bílastæðahúsi. Það hafi verið mat tjónafulltrúa A að vátryggður hafi ekki sýnt nægilega aðgát við geymslu tækis og hafi þar með brotið gegn gr. 6.3 í skilmálum vátryggingarinnar. Sú grein hljóði svo: „Varúðarregla: Sýna skal eðlilega aðgætni við vörslu hins vátryggða tækis, t.d. skilja það ekki eftir á svæði þar sem augljós hætta er á tjóni og ganga eðlilega og skynsamlega frá tæki við flutninga eða aðra meðhöndlun.“ Hafi bótakröfu M því verið hafnað úr fyrrgreindri vátryggingu hjá V.

Álit.
Samkvæmt 26. gr. laga nr. nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga getur vátryggingafélag gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

Ekki er um það deilt, eins og málið liggur fyrir, að ryksugan hafi orðið fyrir skemmdum er eiginkona M lagði bifreið sinni í bílageymslu. Ekki er heldur deilt um það að fyrir hendi sé vátrygging sem tekur til tjónstilviks eins og hér um ræðir.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvernig aðstæður voru í bílageymslunni eða hvernig ryksugunni hafði verið komið þar fyrir. Engum skýrum gögnum er til að dreifa sem varpa ljósi á að tjónið verði rakið til þess að fyrrgreindri varúðarreglu hafi ekki verið fylgt eða að við M sé að sakast að varúðarreglunni hafi ekki verið fylgt. Í málinu hefur því ekki verið sýnt fram á af hálfu V að skilyrði séu að lögum til að fella ábyrgðina niður eða takmarka ábyrgðina að einhverju leyti vegna brots á varúðarreglu. M á því óskoraðan rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr vátryggingu hjá V.

Reykjavík, 26. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 157/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um hvort líkamstjón hafi hlotist af völdum umferðaróhapps.

Gögn.
Málskot, móttekið 30.4.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 8.5.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 17. febrúar 2020 var A ekið aftan á bifreið sem M var farþegi í á Víkurvegi í Reykjavik. M leitaði á bráðadeild Landspítalans daginn eftir. Í bráðamóttökuskrá spítalans kemur fram að hann hafi verið með höfuðverk kvöldið áður, en verið stífur í baki og hnakka er hann vaknaði um morguninn. Einnig kemur fram að M hafi lent í fjórum bílslysum á síðustu þremur árum og verið talsvert aumur í líkamanum fyrir. Var talið að hann væri með verki í hnakka og baki eftir áreksturinn daginn áður, en ekki væru merki um teljandi höfuðáverka. Talið var líklegast að um tognun væri að ræða í hálsi og baki.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir við áreksturinn. Af hálfu V var aflað útreiknings á þeirri þyngdarhröðun sem við áreksturinn verkaði á þær bifreiðir sem hlut áttu að máli, eða svonefnds „PC Crash“ útreiknings. Samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu um útreikninginn var þyngdarhröðun bifreiðar þeirrar sem M var farþegi í 1,40 g og þyngdarhröðun A 0,88 g. Hefur V hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

Álit.
Eins og málið liggur fyrir virðist ekki um það deilt að samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar ber V ábyrgð á því líkamstjóni sem sýnt er fram á að M hafi orðið fyrir við áreksturinn.

Skaðabætur sem M krefst úr ábyrgðartryggingu A fyrir líkamstjón sitt ákvarðast á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna skal greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningabætur og ef líkamstjón hefur varanlegar afleiðingar skal einnig greiða bætur fyrir miska og bætur fyrir örorku, þ.e. varanlegan missi eða skerðingu á getu til að afla vinnutekna.

M mun hafa orðið fyrir meiðslum í fjórum bílslysum á síðustu þremur árum þegar hann lenti í slysinu 17. febrúar 2020. Engin álits- eða matsgerð liggur fyrir í málinu um þær heilsufarslegu afleiðingar sem M býr við af völdum síðastgreinds slyss. Jafnframt eru læknisfræðileg gögn sem liggja fyrir að öðru leyti mjög takmörkuð um þau atriði sem máli skipta þannig að unnt sé að ákvarða bætur fyrir líkamstjón. Samkvæmt þeim verður ekki séð að M eigi rétt til bóta sem mælt er fyrir um í skaðabótalögum, svo sem tímabundins atvinnutjóns skv. 2. gr., þjáninga skv. 3. gr., varanlegs miska skv. 4. gr. eða varanlegrar örorku skv. 5.-7. gr. Að þessu virtu hefur M ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem veiti honum rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 9. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 158/2020

M og
V vegna eignatryggingar lausafjár.

Gildissvið vátryggingarskilmála vegna tjóns á lausafé 10. og 13. janúar 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 4. maí 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 14. maí 2020 ásamt fylgiskjölum.
Minnisblað Veðurvaktarinnar dags. 25. maí 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á vörutjaldi M hinn 10. janúar sl. vegna veðurs og að það hafi alveg sprungið hinn 13. janúar sl.

M telur að bæta eigi tjónið úr eignatryggingu lausafjár þar sem það hafi orðið vegna ofsaveðurs. M vísar til greinargerðar veðurfræðings um vindhraða og afstöðu til þess til hvaða veðurmæla eigi að líta við mat á vindhraða.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að skilyrði til greiðslu bóta séu ekki uppfyllt skv. þeim vátryggingarsamningi sem M hafði á tjónsdegi. V bendir á að það komi fram bæði í vátryggingarskírteini og vátryggingarskilmálum að skilyrði bótaskyldu séu að tjón verði vegna ofsaveðurs sem feli í sér að vindhraði hafi náð a.m.k. 28,5 m/sek og hafi varað í 10 mínútur samfleytt. Ekki sé hægt að sjá á veðurmælum nálægt athafnasvæði M að þannig hafi háttað til og skilyrði séu því ekki uppfyllt til greiðslu bóta.

Álit.
Samkvæmt sérstöku ákvæði í vátryggingarskírteini eignatryggingar lausfjár M sem og vátryggingarskilmálum er gildissvið vátryggingarinnar þannig afmarkað: „Félagið bætir tjón af völdum óveðurs. Með óveðri er átt við ofsaveður, þ.e. ef vindhraði nær 28,5 m/sek og hefur varað í að minnsta kosti 10 mínútur samfleytt samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.“

Í þessu máli hafa verið lagðar fram mælingar frá Veðurstofu Íslands sem sýna ekki með skýrum hætti að vindhraði hafi náð 28,5 m/sek í meira en 10 mínútur á tjónsdegi. Í málinu liggur einnig fyrir sérfræðiálit veðurfræðings um líkur á því að vindur hafi náð nokkrum styrk og athugasemdir við hvernig orðalag gildissviðs vátryggingarsamnings er m.t.t. nútímamælinga á veðurhæð. Það reynir á hvort M hafi sýnt fram á það að hlutlæg gildissviðsskilyrði vátryggingarsamnings séu uppfyllt. Um það ber M sönnunarbyrði. Þó M hafi lagt fram gögn um hvernig best væri að hafa slíkt orðalag og upplýsingar um að vindstyrkur hafi verið mikill á tjónsdegi verður ekki séð af þeim gögnum að hægt sé að sýna fram á mælingar sem sýni með óyggjandi hætti að vindhraði hafi náð 28,5 m/sek og varað í 10 mínútur, eins og skýrt ákvæði vátryggingarsamnings gerir kröfu um. Ekki eru heldur upplýsingar um almennt eignatjón á svæðinu. Verður því ekki fallist á greiðsluskyldu V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr eignatryggingu lausafjár hjá V.

Reykjavík, 23. júní 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 159/2020

M og
V v/ greiðslukortatryggingar.

Gildissvið vátryggingarskilmála ferðatryggingar vegna gistikostnaðar.

Gögn.
Málskot móttekið 16. mars 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 17. apríl 2020.
Viðbótarathugasemdir M, sbr. tölvupóstur dags. 12. maí 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að X hafi verið í ferð til Florida í Bandaríkjunum þegar covid-19 faraldurinn hafi komið upp og í stað þess að fara heim 19. apríl 2020, eins og ætlað var, hafi M farið heim 14. mars 2020. Af gögnum málsins má ráða að M hafi verið búin að greiða fyrir gistingu fram í apríl og telji sig hafa orðið fyrir tjóni þess vegna sem eigi að greiða sem bætur vegna ferðarofs. M lýsir því í málskoti og viðbótarathugasemdum að hún og eiginmaður hennar hafi bæði verið í áhættuhópi vegna covid-19 og því hafi þau fylgt hvatningu íslenskra yfirvalda um að þau færu heim til Íslands fyrr en áætlað var.

V telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi úr greiðslukortatryggingu M og vísar til vátryggingarskilmála, nánar tiltekið til gr. 4.4 sem fjallar um ferðarof. V bendir á að í því ákvæði komi fram gildissvið vátryggingar M varðandi ferðarof og ástæður þær sem M hafi haft til að flýta heimferð sinni séu ekki nefndar í umræddu ákvæði. Þar af leiðandi falli tjón M utan gildissviðs vátryggingarinnar.

Álit.
Í málinu er ágreiningur um hvort M á rétt á greiðslu vátryggingabóta vegna ferðarofs úr greiðslukortatryggingu sinni. Í gr. 4.4.1 í vátryggingarskilmálum umræddrar greiðslukortatryggingar kemur fram að V greiði nauðsynleg viðbótarútgjöld vegna heimferðar til Íslands ef tiltekin skilyrði eru fyrir hendi. Þau skilyrði eru talin í gr. 4.4.2 sem andlát, alvarlegt slys eða skyndileg alvarleg veikindi náins ættingja vátryggðs og gr. 4.4.3 sem verulegt eignatjón á heimili vátryggðs eða í einkafyrirtæki hans sem gerir nærveru hans nauðsynlega. Lengra nær gildissvið ferðarofstryggingar M ekki. Ástæður heimferðar M voru ekki þær sem skilyrtar eru í ofangreindum ákvæðum og á M því ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V. Af gögnum málsins verður heldur ekki ráðið að önnur ákvæði í vátryggingarskilmálum V eigi við um aðstæður M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 9. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 160/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V.

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna slyss M hinn 9.12.2016

Gögn:
Málskot dags. 04.05.2020 ásamt fylgiskjölum 1-16.
Bréf V dags. 11.05.2020 ásamt fylgigögnum.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 12.05.2020.

Málsatvik.
Í málskoti er atvikum lýst svo að M hafi, í starfi sínu sem bifreiðastjóri hjá A, orðið fyrir slysi á þvottastöð í eigu B, en A hafi haft afnot af aðstöðunni þar. M hafi verið að þrífa bifreið í eigu A og notað við það verk slöngu sem hafi verið á hjóli sem var fest á vegginn í um þriggja metra hæð. Hjólið hafi hins vegar staðið á sér og A þá náð í stiga, sem var merktur A, og farið upp í hann í þeim tilgangi að laga hjólið. Hafi stiginn þá runnið undan honum með þeim afleiðingum að hann slasaðist töluvert.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B og var ágreiningi um það atriði vísað til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum, sem kvað upp úrskurð í máli 259/2018 hinn 30. október 2018. Með þeim úrskurði var kröfu M hafnað þar eð ekki væri sýnt fram á að B bæri skaðabótaábyrgð vegna atviksins.

M hefur jafnframt krafið V um bætur úr ábyrgðartryggingu A og um það snýst fyrirliggjandi ágreiningur, en V hefur, með bréfi dagsettu 19. ágúst 2019, hafnað bótaskyldu.

Byggir M kröfu sína gagnvart A á því að A hafi vanrækt skyldur sínar með því að tryggja ekki nægilega öryggi og vinnuaðstæður. Stiginn, eða sá hluti hans sem var á staðnum, en um hafi verið að ræða einn hluta stiga sem eigi að vera samsettur úr þremur hlutum, hafi ekki hentað verkinu eða aðstæðum, og beinlínis verið hættulegur. Umræddur stigi hafi hins vegar verið eina tiltæka tólið til að komast að hjólinu. Pallur hafi verið á vinnustöðinni, en ekki hafi verið mögulegt að nota hann. Undir það taki aðstoðarverkstjóri hjá M. Jafnframt hafi A haft vitneskju um að umrætt hjól, sem ætlast hafi verið til að starfsfólk notaði við vinnu sína, hafi verið bilað en vanrækt að gera ráðstafanir vegna þess. Enn fremur hafi verið vanrækt að gera áhættumat vegna umrædds verkþáttar, en með tölvupósti til starfsmanna dags. 15. júní 2017, hafi notkun lausra stiga án undangengins áhættumats beinlínis verið bönnuð, enda M ekki sá eini sem hafi slasast vegna slíkrar notkunar. Enn fremur hafi slys M ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en hinn 4 janúar 2017, og verði A að vera hallann af sönnunarskorti sem af því leiði. Þá mótmælir M því að umrætt tjón megi rekja til eigin sakar eða aðgæsluleysis. Þá sé augljóslega ekki um óhappatilvik að ræða þar sem umræddur stigi hafi verið vanbúinn. Máli sínu til stuðnings vísar M til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum svo og reglugerða settra með stoð í þeim. Jafnframt vísar M til dómaframkvæmdar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að þó A sé eigandi stigans sé óútskýrt af hverju stiginn var í starfsstöð B, en hann hafi horfið frá starfsstöð A. Yfirmenn hjá A hafi ekki haft vitneskju um að stiginn væri í umræddri þvottastöð, enda hafi hann ekki þjónað neinum tilgangi þar, enda hafi verið vinnupallur á staðnum sem nýta ætti við vinnu í hæð, og hafi M nýtt hann áður við sams konar vinnu. Engar frekari skýringar eða gögn styðji þá fullyrðingu að M hafi ekki verið unnt að nota pallinn umrætt sinn. Hvað varði bilun á umræddu hjóli sé það rétt að A hafi haft vitneskju um slíka bilun, en verið í þeirri trú að B hefði óskað eftir viðgerð, enda hafi það ekki verið í verkahring A að sinna viðhaldi í umræddu húsnæði. V byggir á því að slys M megi rekja til þess að M kaus sjálfur að nota umræddan stiga þrátt fyrir að hann hentaði augljóslega ekki til notkunar á blautu og hálu gólfi. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M kröfu sína og gerir athugasemdir við ýmsa þætti í málatilbúnaði V. Ekki verði horft framhjá því að umræddur stigi hafi verið á vinnustaðnum og notaður af starfsmönnum A. Þá hafi viðgerðir á títtnefndu hjóli ekki farið fram þrátt fyrir ábendingar þar að lútandi. Enn fremur hafi aðstoðarverkstjóri staðfest að M hafi ekki verið unnt að nota verkpallinn sem

var til staðar í húsnæðinu. V hafi ekki tekist að sýna fram á hið gagnstæða og þar eð slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu með réttum hætti beri A hallann af óvissu um atvik málsins.

Álit:
Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja tjón til saknæmra athafna, eða athafnaleysis, A, aðila eða atvika sem það ber ábyrgð á. Það er tjónþola að sýna fram á að slík skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi.

Byggja verður á því að umrætt hjól sem þvottaslangan var á hafi verið bilað og búnaður þessi því ekki hentað til fyrirhugaðra nota. Ekki verður þó séð að tjón A megi rekja beint til þeirrar bilunar, heldur þess hvaða aðferð hann kaus að eigin frumkvæði að nýta til að laga umrædda bilun. Ekkert liggur fyrir í málinu um að verklagsreglur eða leiðbeiningar frá vinnuveitanda hafi verið á þann veg að nýta ætti umræddan stiga við slíkar viðgerðir. Raunar virðist það hafa verið tilviljun ein að stiginn, sem vissulega var þó í eigu A, hafi verið á þvottastöðinni. Þá liggja fyrir nefndinni ljósmyndir af vinnupalli sem var á svæðinu, og fram kemur að M hafi áður nýtt hann við sambærilegar aðstæður. Því er þó borið við af hálfu M að ekki hafi verið mögulegt að notast við pallinn umrætt sinn. Jafnframt liggur fyrir tölvupóstur frá aðstoðarverkstjóra hjá A um að ekki hafi verið mögulegt að nota pallinn. Ekkert kemur þó fram, hvorki í máli M né aðstoðarverkstjórans, um ástæður þess að það hafi ekki verið hægt. Verður því ekki talið sýnt fram á að ástæður þess sé að rekja til atvika sem A, sem leigutaki aðstöðu í umræddu húsnæði, beri ábyrgð á. Verður að telja að frumorsök tjóns A sé sú að hann kaus að nýta einfaldan stiga, eða stigabút, sem samkvæmt lýsingu hentaði greinilega alls ekki aðstæðum, á gólfi, sem gera má ráð fyrir að hafi verið hált og blautt enda um þvottastöð að ræða. Óljóst er af hverju hann notaði ekki vinnupallinn sem var til staðar, en í öllu falli hefði honum verið rétt að leita eftir aðstoð annarra starfsmanna við verkið. Verður því ekki talið sýnt fram á að tjón hans megi rekja til saknæmra athafna, eða athafnaleysis A, aðila eða atvika sem það ber ábyrgð á heldur megi reka það til eigin sakar og aðgæsluleysis hans sjálfs. Þá verður ekki litið svo á að atvik þess máls séu svo illa upplýst að tilefni sé til að varpa sönnunarbyrði um atvik á A þrátt fyrir að Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um atvikið fyrr en hinn 4. janúar 2017. Ber því að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 9. júní 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 161/2020

M og
V vegna greiðslukortatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu úr forfallalið ferðatryggingar.

Gögn.
Málskot, móttekið 05.05.2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 19.05.2020 ásamt fylgiskjali.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 20.05.2020.

Málsatvik.
Samkvæmt upplýsingum í málskoti keypti M flugmiða fyrir sig, eiginmann sinn og börn þeirra, fram og til baka frá Reykjavík til Kanada og þaðan til Bandaríkjanna. Fyrirhugað flug var með erlendu flugfélagi, A, og áætlaður brottfarardagur hinn 9. júní 2020 en heimferð áætluð hinn 1. júlí 2020. Vegna Covid-19 faraldurins var umræddu flugi aflýst og vísaði A við aflýsingu til opinberra hafta kanadískra stjórnvalda. A neiti hins vegar að endurgreiða flugmiðana, og hafni því að líta til reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður hvað það varði jafnvel þó umrædd ferð hafi átt að hefjast innan EES-svæðisins. M hafi leitað til Samgöngustofu vegna þess. Á hinn bóginn bjóði A inneign hjá flugfélaginu sem gildi í 24 mánuði. M sjái sér ekki fært að nýta slíka inneign, auk þess sem ekki sé fyrirséð hvenær A hefji aftur flug til og frá Íslandi. Telur M umrædda inneign því ekki koma í stað endurgreiðslu. Hún krefst því bóta úr vátryggingu sinni hjá V þar eð forfallatrygging hennar taki til ferðakostnaðar sem ekki fáist endurgreiddur sé komið í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta er leiði af farsótt.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í skilmálum umræddrar vátryggingar komi fram að félagið bæti ferðakostnað sem er greiddur fyrirfram eða samið um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur. Af því megi ráða að félagið bæti ekki kostnað sem fáist endurgreiddur, og skipti þá ekki máli hvort endurgreiðslan sé í formi inneignar. Jafnframt sé í skilmálum vátryggingarinnar kveðið á um að félagið bæti ekki tjón sem stafi beint eða óbeint af útgjöldum sem ferðaskrifstofu, gistihúsi eða flugfélagi beri að greiða. Enn fremur bæti félagið ekki tjón sem stafi af fjárhagsörðugleikum aðila sem annist farþegaflutninga, en telja megi að tregðu flugfélaga til að endurgreiða flug, þrátt fyrir lagaáskilnað þar um, megi rekja til fjárhagsörðugleika vegna Covid-19. M hafi þegar fengið tjón sitt bætt í formi inneignar, en kanadíska samgongueftirlitið hafi gefið út yfirlýsingu um að inneignarnótur kunni, í ljósi aðstæðna, að vera fullnægjandi endurgreiðsla. Enn fremur gæti M, telji hún sig ekki hafa fengið fullnægjandi bætur frá A, leitað til útgefanda kreditkortsins og sótt endurgreiðslu á grundvelli kortaskilmála. M hafi því ekki tæmt þau úrræði sem standi til boða við að leita eftir endurgreiðslu. Óháð því, sé það svo skýrt samkvæmt framansögðu að bótaskylda V sé ekki fyrir hendi, enda bæti vátryggingin ekki kostnað sem flugfélögum beri að greiða eða kostnað sem þegar hafi fengist endurgreiddur.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að engin endurgreiðsla hafi átt sér stað, umrædd inneignarnóta hafi ekki verið gefin út og að engir samningar þar að lútandi hafi verið gerðir. Þá sé ljóst að A hafni því að endurgreiða umræddan kostnað á kreditkort M. Opinber höft hafi komið í veg fyrir ferðalag M og fjölskyldu hennar og þar sem sé tjón sem af því hlýst bótaskylt samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar. Þá telji A sér ekki skylt að endurgreiða umræddan kostnað og því geti V ekki skýlt sér bak við það að um sé að ræða kostnað sem flugfélaginu beri að greiða. Hvað varði mögulega fjárhagsörðugleika A sé þar aðeins um getgátur af hálfu V að ræða. Ítrekar M því kröfu sína um bætur úr umræddri vátryggingu.

Álit.

Í viðkomandi vátryggingarskilmálum er fjallað um forföll, þ.e. bætur vegna ferðakostnaðar, allt að 350.000 kr., sem greiddur er fyrirfram eða samið um fyrirframgreiðslu á vegna ferðar sem hinn vátryggði kemst ekki í og ekki fæst endurgreiddur ef nánar tilgreindar ástæður eiga við, en ágreiningslaust er að flugi M og fjölskyldu hennar var aflýst af atvikum sem lýst er í ákvæði 7.1.3, þ.e. komið var í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta er leiði af farsótt. Af orðalagi skilmálaákvæðis 7.1 um bótasvið má telja ljóst að skilyrði slíkrar bótagreiðslu er að umræddur ferðakostnaður fáist ekki endurgreiddur. Ágreiningslaust er að A hefur boðið farþegum, þ.á.m. M og fjölskyldu hennar, inneignarnótu í stað þeirra flugferða sem var aflýst. Ekki liggur annað fyrir en að upphæð inneignarnótunnar sé jöfn þeirri sem M greiddi fyrir umrædd flug. Verður því að telja að ferðakostnaður M og fjölskyldu hennar hafi, í skilningi ofangreinds ákvæðis, verið endurgreiddur, en ekki verður séð að ákvæðið beri það með sér að endurgreiðslan þurfi að vera í sama greiðslueyri og upphafleg kaup fóru fram í. Þannig verður að líta svo á endurgreiðsla vegna ferðakostnaðar fáist, sbr. orðalag áðurnefndrar skilmálagreinar, og skiptir þá ekki máli við mat á því að M hafi ekki tekið við umræddri inneignarnótu eða sérstakir samningar verið gerðir þar að lútandi. Það að M telji sér ekki fært að nýta umrædda inneign innan gildistíma hennar hefur þá ekki áhrif á þá niðurstöðu að skilyrði áðurnefnds ákvæðis, þ.e. að umræddur ferðakostnaður fáist ekki endurgreiddur, er ekki uppfyllt. Þegar af ofangreindri ástæðu verður að hafna kröfu M, og koma þá önnur ákvæði vátryggingarskilmálanna sem vísað er til ekki til sérstakrar skoðunar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kreditkortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 26. júní 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 162/2020

M og
V vegna frítímaslysatryggingar fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um hvort atvik falli undir vátryggingarskilmála.

Gögn.
Málskot dags. 05.05.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 22.05.2020 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 25. júní 2017, þegar hann var á ferðalagi í Nígeríu, hafi M lent í alvarlegu umferðarslysi og glími enn við afleiðingar þess. V hafi fallist á að greiða bætur vegna sjúkrakostnaðar erlendis en hafnað bótakröfu úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar og lýtur kvörtun M að þeim þætti málsins.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að slysatryggingin sé þeim takmörkunum háð að hún taki ekki til afleiðinga umferðarslysa hérlendis og erlendis þar sem lögskylt sé að tryggja bifreiðar fyrir tjóni af þeirra völdum. Ekki liggi annað fyrir en að gerð sé krafa um slíkar vátryggingar í Nígeríu. Jafnframt byggir V á því að kvörtun M til nefndarinnar sé of seint fram komin, enda hafi komið fram í höfnunarbréfi félagsins til M, dags. 29. mars 2019, að frestur til að vísa máli til nefndarinnar væri eitt ár frá dagsetningu þess.

Álit:
Í 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur fram að hafni vátryggingafélag kröfu um bætur, í heild eða hluta, glati sá sem rétt á til bóta þeim rétti höfði hann ekki dómsmál eða krefjist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd innan árs frá því hann fékk sannanlega tilkynningu um höfnunina. Í tilkynningu félagsins verði að koma fram hver lengd frestsins sé, hvernig honum verði slitið og lögfylgjur þess að það verði ekki gert. Meðal gagna fyrir nefndinni er tölvupóstur V til lögmanns M, dags. 29. mars 2019. Þar kemur fram að bótaskyldu úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar M hjá V sé hafnað og að unnt sé að skjóta málinu til nefndarinnar eða dómstóla innan árs frá dagsetningu tölvupóstsins. Verði það ekki gert falli bótaréttur niður. Samkvæmt framansögðu verður ekki annað séð en að umræddur tölvupóstur hafi verið í samræmi við áskilnað 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Málskot M barst nefndinni hinn 5. maí 2020, eða rúmlega þrettán mánuðum eftir að áðurnefnt höfnunarbréf var sent umboðsmanni hans. Þar sem M hefur ekki lagt fyrir nefndina nein gögn eða rökstuðning er styðji það að bera miði við annað tímamark verður því þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V vegna umferðarslyss sem hann varð fyrir hinn 25. júní 2017.

Reykjavík 23. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 163/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um rétt tjónþola til að fá bifreið sína útborgaða eftir að hún skemmdist í árekstri.

Gögn.
Málskot, móttekið 5.5.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 25.5.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Þann 30. janúar 2020 skemmdist bifreið M í árekstri þriggja bifreiða. Sú bifreið sem árekstrinum olli var tryggð hjá V. Samkvæmt gögnum málsins mun bifreið M hafa verið forskráð hér á landi 18. júlí 2018 en nýskráð á nafni M 24. janúar 2020. Kaupverð bifreiðarinnar mun hafa verið 3.790.000 krónur. Áætlaður viðgerðarkostnaður samkvæmt skoðunarsamantekt nánar tilgreinds bifreiðaverkstæðis nemur tæpum 755.000 krónum. Þar segir einnig að gaflinn sé eitthvað skemmdur, skottlok lokast illa og skemmd á bak við stuðara.

Í málskoti segir að afturhjól með hjólastelli hafi gengið fram um 5,4 cm og teygja þurfi grindina og rétta, auk skemmda á höggvara og afturhlíf, dráttarstykki sé bogið, fjárlægðarskynjari og grind bak við sem skipta þurfi um. Neðra afturbretti úr plasti og efra bretti úr járni sé bogið og hvoru tveggja sé gengið að afturhurð og afturhurð gengin fram. Kveður M að endursöluverð bifreiðarinnar muni mögulega lækka og með viðgerð á henni verði hún fyrir verulegu verðfalli og vandkvæðum við endursölu. Krefst hann þess að V greiði sér bifreiðina út. V hefur ekki fallist á að greiða bifreiðina út en vill greiða kostnað vegna viðgerðar á henni.

Álit.
Almennt gildir sú regla þegar bifreið hefur orðið fyrir skemmdum við umferðaróhapp að tjónið sé bætt með bótum sem nemur viðgerðarkostnaði og, eftir atvikum, annað afleiddu tjóni sem rekja má til óhappsins. Þegar ætla má að viðgerðarkostnaður nemi stærstum hluta verðmætis bifreiðarinnar eða meira hefur þeim sem ábyrgð ber á tjóninu verið játaður réttur til að kaupa bifreiðina á því verði sem nam verðmæti hennar fyrir tjónsatburð. Í því tilviki sem hér um ræðir liggur fyrir samkvæmt skoðunarsamantekt bifreiðaverkstæðis að viðgerðarkostnaður nemi um 755.000 krónum eða um 20% af kaupverði bifreiðarinnar. Engin skýr og ótvíræð sönnunargögn liggja fyrir sem sýna fram á að viðgerðarkostnaður muni á endanum nema verulega hærri fjárhæð en umrædd samantekt gefur til kynna. Eins og hér stendur á verður að telja rétt að V sé heimilt að inna bætur af hendi sem nemur viðgerðarkostnaði bifreiðarinnar, enda ekkert komið fram sem bendir til að M eigi ekki að geta fengið tjón sitt að fullu bætt með slíku uppgjöri. M telst því ekki eiga rétt til að fá tjónið bætt með því að V kaupi bifreið hans með greiðslu sem nemur andvirði hennar fyrir tjónsatburð.

Niðurstaða.
M á ekki rétt að fá bifreið sína greidda út úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 23. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 166/2020

M og
V v/ húseigandatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum heitavatnsleka í húseign.

Gögn.
Málskot, móttekið 11.5.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 27.5.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Samkvæmt málskoti munu M hafa orðið þess vör 8. mars 2020 að leki væri í húseign þeirra (A) og tilkynntu þau tjónið samdægurs til V þar sem þau höfðu í gildi húseigandatryggingu.

M fengu B, húsasmíðameistara og lögfræðing, „til að skoða og meta skemmdir vegna lekra lagna í húsinu.“ Samkvæmt skoðunarskýrslu B, dags. 5. apríl 2020, mætti hann á staðinn 12. mars og skoðaði ummerki rakaskemmda og tók sýni til skoðunar. Segir í skýrslunni að í ljós hafi komið mikil rakaummerki efir lekt rör í innvegg og sjáanlegar skemmdir og umtalsverð mygla í veggjum og gólfum kringum lekann í rými sem er hluti af holi sem og í aðliggjandi rýmum, annars vegar í herbergi og hins vegar stofu. Einnig hafi greinileg merki um raka og myglu verið í þakrými hússins, en veggur sem lekinn kom upp í nái upp í þakrýmið þannig að rakinn (gufa af heitu vatni) geti hafa átt greiða leið upp vegginn og upp í þakrýmið. Undir mynd í skýrslunni af dreifigrind, þar sem lekinn mun hafa átt upptök sín, segir að ummerki virðast benda til að lekinn hafi verið langvarandi og þar séu ryðguð járn og morkið í kring. Enn fremur kemur fram í skýrslunni að í aðliggjandi rýmum hafi mátt sjá rakaummerki og skemmdir. Í svefnherbergi hafi mátt sjá svarta myglu þegar parketlisti var fjarlægður og þegar parketfjöl hafi verið tekin upp hafi þykkt undirlag undir henni verið rennandi blautt og fúalykt gosið upp. Á útvegg í stofu hafi verið hækkaður raki og ekki sé hægt að útiloka, þótt langsótt sé, að hækkaður raki í þaki vegna lekans hafi getað orsakað rakann í útveggnum sem nái upp í þakrýmið og vatnið sem lak hafi verið heitt, en taumar hafi sést niður vegginn vegna raka sem hafi safnast saman þar fyrir ofan og lekið niður. Þá kemur fram í skýrslunni að börn M hafi þolað illa t.d. að kvefast, þar sem gjarnan hafi komið út úr því verri veikindi, svo sem lungnabólga. Leiða megi líkur að því að ástæða þess sé skert ónæmiskerfi af völdum svartmyglu sem hafi fundist í húsinu.

Í málskoti er þess getið að líklegasta ástæða þess hversu seint M urðu lekans vör sé að gat sé í gólfplötu beint undir lekastaðnum þar sem hitalagnir liggja niður í gólfplötuna. Meirihluti vatnsins hafi því runnið beint ofan í gatið „meðan einhver hluti þess hefur síðan náð að smjúga undir vegginn og læðast undir gólfefnum (parket og flísar) inn í aðliggjandi rými.“ Þá hafi þau ekki orðið vör við raka eða gufu sem hafi komist upp í þakrýmið.

M telja að um skyndilegan leka hafi verið að ræða og hafa krafist bóta fyrir það tjón sem varð á A úr húseigandatryggingunni hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt bótasviði í skilmálum húseigandatryggingar þeirrar sem hér á í hlut bætir vátryggingin tjón á hinu vátryggða af völdum vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. M hafa sönnunarbyrði um að þessum bótaskilyrðum sé fullnægt þannig að bótaskylda stofnist úr vátryggingunni. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að vatn hafi lekið um alllangt skeið áður en M kveðast hafa orðið lekans vör og hinar miklu skemmdir höfðu orðið á A. Þannig verður að ætla að skemmdirnar hafi, hlutrænt séð, ekki orðið skyndilega eins og áskilið er samkvæmt skilmálaákvæðinu. Að öllu athuguðu hefur því ekki verið sýnt fram á að tjónið sé að rekja til skyndilegs leka úr vatnsleiðslum og því séu skilyrði bótaskyldu úr vátryggingunni ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á bótum úr húseigandatryggingu hjá V.

Reykjavík, 26. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 167/2020

M og
V v/ábyrgðartryggingar ökutækisins X

Mögulegur réttur til miskabóta vegna umferðarslyss 25. júlí 2018.

Gögn.
Málskot móttekið 13. maí 2020 ásamt fylgigögnum og athugasemdum dags. 26. maí 2020.
Bréf V dags. 25. maí 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M varð fyrir bifreiðinni X þegar hún gekk yfir akbraut gegn grænu ljósi fyrir gangandi vegfarendur. Bifreiðinni X var ekið í vinstri beygju frá Skeifunni inn á Grensásveg, einnig gegn grænu ljósi. M kveðst hafa verið að ganga frá Fellsmúla yfir Grensásveg til austurs gegn grænu gönguljósi og þegar hún hafi verið komin á vinstri akrein Grensásvegar hafi bifreiðinni X verið ekið á sig. Einnig lýsir M því þannig að annarri bifreið hafi verið ekið inn á Grensásveg rétt fyrir aftan hana rétt á undan, úr sömu akstursátt og bifreiðin X. Framburður ökumanns bifreiðarinnar X er þannig í lögregluskýrslu að hún hafi verið að keyra af stað á lítilli ferð í þá akstursstefnu þegar hún hafi allt í einu séð bleika úlpu fyrir framan sig. Ökumaður X kveðst hafa bremsað töluvert áður en hún lenti á M, en að hún hafi ekið á um 15 km/klst hraða. Vitni á vettvangi lýsa atvikum með sambærilegum hætti en eitt þeirra nefnir að M hafi verið að tala í síma.

M telur að háttsemi ökumanns bifreiðar X hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi í skilningi a.liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þar vísar M sérstaklega til þess að ökumaður bifreiðar X hafi ekki verið að fylgjast með umferð og gangandi vegfarendur eigi að geta treyst því að geta gengið yfir akbraut gegn grænu ljósi. Einnig vísar M til dóms Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S-651/2018 þar sem M telur málavexti hafa verið keimlíka og fallist er á greiðslu miskabóta vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns sem ók bifreið á ganandi vegfaranda sem var að ganga yfir gangbraut gegn grænu gönguljósi. M bendir á að þó hún hafi ekki slasast eins alvarlega og tjónþoli í því máli sé tilviljun ein að þannig hafi ekki farið.

V hefur hafnað greiðslu miskabóta á þeim grundvelli að háttsemi ökumanns bifreiðar X hafi ekki falið í sér stórkostlegt gáleysi. V bendir á að meta verði háttsemina með hliðsjón af öllum aðstæðum og hafi ökumaður X ekið á mjög litlum hraða og hafi hún einnig reynt að bremsa þegar hún sá M. V telur M ekki hafa sýnt fram á að háttsemi ökumanns bifreiðar X hafi falið í sér það verulega frávik frá því sem ætlast mátti til af henni við akstur gegn grænu ljósi.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 ber vegfarendum að sýna tillitsemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum. Ökumaður bifreiðar X ók gegn grænu ljósi í vinstri beygju áleiðis suður Grensásveg þegar hún ók bifreiðinni á M sem var gangandi, einnig gegn grænu ljósi, yfir Grensásveg til austurs. Báðum vegfarendum bar að sýna tillitsemi, en á ökumanni bifreiðarinnar X hvíldi þó nokkuð meiri aðgæsluskylda þar sem hún ók í vinstri beygju inn á Grensásveg þar sem grænt gönguljós logaði. Verður háttsemi hennar, að hafa ekki tekið eftir M, metin henni til nokkurs gáleysis. Með hliðsjón af aðstæðum öllum verður þó ekki fallist á að háttsemin hafi falið í sér það verulega frávik frá eðlilegri aðgæsluskyldu að hún teljist vera stórkostlegt gáleysi í skilningi skilningi a.liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og telst tilvitnaður héraðsdómur ekki ótvírætt fordæmi um túlkun hugtaksins.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á miskabótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 23. júní 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 168/2020

M og
V v/ábyrgðartryggingar ökutækisins X

Mögulegur réttur til miskabóta vegna umferðarslyss 17. nóvember 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 14. maí 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 27. maí 2020 ásamt lögregluskýrslu og ljósrits úr fræðiriti.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M var farþegi í bifreið sem lenti í árekstri við bifreiðina X. Ekki er um það deilt í málinu að ökumaður bifreiðarinnar X beri ábyrgð á árekstrinum á grundvelli sakarskiptingar skv. 89. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 fyrir að hafa ekið inn á gatnamót Bústaðavegar og Kringlumýrarbrautar til austurs, þar sem rautt ljós logaði fyrir akstursstefnu hans, og þar ekið á bifreið sem M var farþegi í sem hafi ekið gegn grænu ljósi vestur Bústaðaveg og að beygja til vinstri inn á Kringlumýrarbraut til suðurs. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar X kveðst hafa verið á um 40 km/klst við akstur austur Bústaðaveg þegar hann sá bifreið fyrir framan sig og að það var rautt ljós fyrir akstursstefnu hans. Hann kvaðst þá hafa hemlað bifreiðinni en runnið inn á gatnamótin og á bifreið sem þar hafi verið fyrir á um 10-20 km/klst hraða.

M telur að sú háttsemi ökumanns bifreiðarinnar X að hafa ekið í hugsunarleysi inn á gatnamót gegn rauðu ljósi og of hratt miðað við aðstæður hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi í skilningi a.liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og greiða eigi miskabætur honum í samræmi við það úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar. M telur ósannað að ökumaður X hafi ætlað að hemla og að það verði að meta háttsemi hans hlutrænt, sbr. ummæli í dómi Hæstaréttar í máli 11/2019. M bendir á að ökumaður bifreiðar X hafi brotið gegn fjölmörgum ákvæðum umferðarlaga og reglna með akstri sínum og það styðji ályktun hans um stórkostlegt gáleysi auk þess sem það eigi stoð í dómaframkvæmd.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur skilyrði a.liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga ekki uppfyllt þar sem gáleysi ökumanns bifreiðar X hafi ekki verið á það háu stigi að það teljist stórkostlegt. V bendir á að aðstæður hafi verið slæmar, vegur hafi verið þakinn blautum snjó og veggrip því lítið. V telur einnig ósannað að háttsemi ökumanns bifreiðar X hafi verið það gróf að hann hafi meðvitað ætlað að aka gegn rauðu ljósi og sé því ekki tækt að beita ofangreindu heimildarákvæði til greiðslu miskabóta.

Álit.
Af gögnum málsins er ljóst að ekki er ágreiningur um að árekstur hafi orðið milli bifreiðarinnar X og þeirrar bifreiðar sem M var farþegi í með þeim hætti að bifreiðinni X var ekið inn á gatnamót gegn rauðu ljósi. Eins og nýleg dómaframkvæmd varðandi mat á því hvaða háttsemi sé stórkostlegt gáleysi bendir til felur stórkostlegt gáleysi í sér meira eða alvarlegra frávik frá þeirri háttsemi sem viðhafa ber samkvæmt þeim mælikvörðum sem stuðst er við, en þeir eru oftast hlutrænir og í flestum tilvikum á síðari árum skráðar hátternisreglur. Þegar litið er til lýsinga af háttsemi ökumanns bifreiðar X verður að telja ljóst að hann ók of hratt miðað við aðstæður, sbr. 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með því að geta ekki stöðvað bifreið sína við gatnamót, en skv. 1. mgr. 25. gr. sömu laga ber ökumönnum einnig að sýna aðgát við vegamót. Ekki verður fullyrt um að ökumaður bifreiðarinnar X hafi ætlað að aka yfir gatnamótin gegn rauðu ljósi heldur hafi hann misst bifreiðina inn á gatnamótin sökum veðuraðstæðna. Þó hraði ökumanns bifreiðar X hafi verið of mikill í þeim veðuraðstæðum verður ekki talið að háttsemi hans hafi vikið verulega frá því sem honum bar að viðhafa heldur sé sýnt að hann hafi viðhaft háttsemi sem þarf til að staðreyna nokkurt almennt gáleysi, en ekki á það háu stigi að það teljist stórkostlegt. Ekki verður heldur talið sannað að huglæg afstaða hans hafi falið í sér slíkt tillitsleysi að um sé að ræða stórkostlegt gáleysi. M á því ekki rétt til miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á miskabótum skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 26. júní 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 169/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar sveitafélagsins A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss sem M varð fyrir hinn 18. febrúar 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 14.05.2020 ásamt fylgiskjölum 1-13.
Bréf V dags. 26.05.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags.. 28.05.2020.

Málsatvik.
Hinn 18. febrúar 2019, þegar M var að störfum hjá A, varð hann fyrir slysi. Slysið atvikaðist með þeim hætti að M, sem hafði verið falið það verkefni að hreinsa snjó við leikskóla í A, setti hægri hönd í útblásturstúðu snjóblásarans, í þeim tilgangi að losa stíflu í honum. Ágreiningur málsins snýr einvörðungu að því hvort bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A sé til staðar, en fallist hefur verið á bótaskyldu úr slysatryggingu launþega.

M byggir kröfu sína á því að engar hlífar eða annar öryggisbúnaður hafi verið á útblásturstúðu snjóblásarans og því hægt að komast að hættulegum, hreyfanlegum hlutum innan hennar. Því hafi ekki verið að farið að fyrirmælum Vinnueftirlitsins hvað þetta varðaði. Þá hafi A ekki látið gera skriflega áætlun um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Enn fremur hafi engar skýrar verklagsreglur verið til staðar um framkvæmd starfsins og M hafi fengið ófullnægjandi leiðbeiningar um það. Byggir M á því að A hafi, samkvæmt framagreindu, vanrækt skyldur sínar á grundvelli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna settra með stoð í þeim. Jafnvel þó einhver eigin sök geti verið til staðar hjá M sé hún ekki slík að eigi að varða missi bótaréttar að öllu leyti.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að í skýrslu Vinnueftirlitsins hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að orsök slyssins væri fyrst og fremst sú að M hefði ekki stöðvað snjóblásarann áður en hann reyndi að losa stífluna. Snjóblásaranum sé haldið í gangi með því að halda í handfang á honum, og M hefði aðeins þurft að sleppa handfanginu til að stöðva blásarann og koma með því í veg fyrir að hætta skapaðist. M hafi auk þess verið reyndur starfsmaður, eftir þriggja ára starf hjá A, og hafi enn fremur haft verkstjórn með höndum. Hafi hann því sjálfur borið ábyrgð á því að starfsskilyrði væru fullnægjandi. Telur V samkvæmt framansögðu að slys M verði ekki rakið til atvika sem A beri skaðabótaábyrgð á heldur til aðgæsluleysis M sjálfs.

Í viðbótarathugasemdum sínum mótmælir M því að hann beri einhvers konar verkstjóraskyldur enda séu fullyrðingar um slíkt ósannaðar.

Álit:
Bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A er háð því að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Þannig þarf tjón M að vera rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða aðila sem það ber ábyrgð á. Fyrir nefndinni liggur umsögn Vinnueftirlitsins um slysið, dags. 26 mars 2019, og kemur þar fram að samkvæmt niðurstöðum rannsóknar megi rekja orsök þess til þriggja þátta; í fyrsta lagi þess að M hafi ekki stöðvað snjóblásarann þegar hann losaði stífluna, í öðru lagi til þess að öryggisbúnaði á útblásturstúðu hafi verið áfátt og í þriðja lagi til þess að verklagsreglum, fræðslu og þjálfun hafi verið ábótavant. Er fyrirmælum um úrbætur beint til A vegna þessa. Með hliðsjón af framangreindu er það því niðurstaða nefndarinnar að örsök slyss M megi rekja til athafnaleysis A hvað varðar skort á öryggisbúnaði og leiðbeiningum, og því sé bótaskylda fyrir hendi. Er þá jafnframt litið til þess að gegn neitun A liggur ekkert fyrir um að hann hafi borið verkstjórnarábyrgð í starfi sínu hjá A.

Hins vegar verður að líta svo á að M hafi, með því að slökkva ekki á virkni snjóblásarans með því að sleppa umræddu handfangi, af stórkostlegu gáleysi átt þátt í því að tjónsatburður varð og því verði bætur til hans skertar á grundvelli 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993. Verður honum því gert að bera helming tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.
Má rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V en rétt er að skerða þær um helming vegna meðábyrgðar hans á slysi sínu.

Reykjavík 23. júní 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 170/2020

M og
V vegna fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna frítímaslyss.

Gögn.
Málskot, dags. 05.03.2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 15.07.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 8. apríl 2019 hafi M verið staddur á gönguleið á fjallinu Breithorn í Sviss. M hafi fundið fyrir mæði og óþægindum og því snúið við fótgangandi í stað þess að renna sér niður fjallið á skíðum eins og til stóð. Þegar M hafi beygt sig niður til að lagfæra mannbrodda undir skó sínum hafi hann dottið á hliðina og runnið niður fjallshlíðina. Hann hafi náð að stöðva sig með ísexi en leiðin niður hafi verið of erfið og hann því sóttur með þyrlu og honum komið undir læknishendur.

V hefur hafnað bótaskyldu vegna þessa slyss þar sem í gr. 28.4 viðeigandi vátryggingarskilmála komi fram að vátryggingin greiði ekki bætur vegna slyss sem rakið verði til þátttöku vátryggðs í m.a. fjallaklifri. V telur að um fjallaklifur hafi verið að ræða, og M hafi verið útbúinn bæði mannbroddum og ísexi.

M fellir sig ekki við þá afstöðu og í málskoti tekur hann fram að hann hafi ekki stundað fjallaklifur þegar hann féll heldur hafi hann verið að hagræða mannbroddum á skóm sínum innan merktrar gönguleiðar. Ekki sé óeðlilegt að M hafi verið vel búinn fyrir göngu upp á 4.164 metra háan fjallstind, en auk þess hafi umræddur útbúnaður verið áskilinn í leiðbeiningum söluaðila ferðarinnar. Það verði þó seint talið til skilgreiningar á fjallaklifri að menn séu búnir mannbroddum og ísexi. Þá segi í skilmálum V að slys sem verði við „hvers konar“ fjallaklifur sé ekki bótaskylt. Hugtakið sé hins vegar ekki nánar skilgreint, t.a.m. komi ekki fram hvort ísklifur falli þar undir, og sé skilmálaákvæðið óljóst að því leyti. Enn fremur hafi dómstólar tekið afstöðu til sams konar skilmála og talið að „hvers konar“ ætti ekki við um fjallaklifur. Verði V að bera hallann af þessum óskýrleika skilmála sinna. Þá er ítrekað að slys M hafi ekki orðið við klifur.

V gerir ekki athugasemdir vegna málsins.

Álit.
Í gr. 28.4 vátryggingaskilmála sem gilda um fjölskyldutryggingu M hjá V segir að vátryggingin greiði ekki bætur vegna slyss sem rakið er til þátttöku vátryggðs í „hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarstökki, teygjustökki, fjallaklifri…“ Fallist er á það með M að „hvers konar“ vísi hér aðeins til glímu en ekki annarra athafna sem taldar eru upp Verður því leyst úr þessu máli á grundvelli þess hvort um „fjallaklifur“ hafi verið að ræða.

Af þeim gögnum sem fylgdu málskoti má ráða að umrætt fjall sé 4.164 metra hátt og að leiðin sem M hugðist fara hafi hafist í 3.883 metra hæð yfir sjávarmáli. Af meðfylgjandi myndum má og ráða að efsti hluti fjallsins, þ.e. leiðin á tindinn, sé töluvert mikið brattur. Þá segir í málskoti að M hafi verið á leið á topp fjallsins þegar hann sneri við vegna óþæginda sem því voru samfara að vera í svo mikilli hæð yfir sjávarmáli. Í nánari lýsingu á umræddri leið, sem liggur fyrir nefndinni, kemur m.a. fram að hún sé aðeins fyrir vant fjallafólk í fylgd með leiðsögumanni. Er jafnframt gerð krafa um að þátttakendur séu vel á sig komnir líkamlega og mælt er með að hafa í förina ýmiss konar búnað, s.s. brodda og klifurbelti. Þá segir í málskoti að M hafi, þegar hann rann niður hliðina, haldið á ísexinni í annarri hendi.

Allt ofangreint, þ.e. lýsingin á leiðinni, sá búnaður sem krafist var að þátttakendur hefðu meðferðis, og sú staðreynd að M hélt á exinni, leiðir til þess að alla líkur benda til þess að um fjallaklifur hafi verið að ræða, jafnvel þó M kunni að hafa verið gangandi en ekki klifrandi á slysstundu, og hafa engin gögn verið lögð fram er styðji það að ferð M á fjallið heyri fremur undir eitthvað annað hugtak. Er þar

af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans með vísan til þess að umrætt slys verði rakið til þátttöku hans í fjallaklifri.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 1. september 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 172/2020

M og
V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 29. apríl 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 18.05.2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 29.05.2020 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 29. apríl 2020 varð árekstur með ökutækjum A, sem er í eigu M, og B á Suðurlandsvegi. Aðilar fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til tjónanefndar vátryggingarfélaganna og var niðurstaða hennar sú að A bæri 1/3 hluta sakar fyrir að hafa ekki gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig áður en hann hóf vinstri beygju, en að B bæri 2/3 hluta sakar vegna ógætilegs framúraksturs.

M fellir sig ekki við þau málalok og tekur fram að ökumaður A hafi, áður en hann hóf vinstri beygju inn að vinnusvæði og akstur yfir miðlínu, gefið stefnuljós með góðum fyrirvara og litið í alla spegla. Hann hafi hægt vel á ferð bifreiðarinnar og verið kominn yfir miðlínu þegar hann varð þess var að A var við hlið hans á veginum. Þá telur M að B hafi verið á miklum hraða og hafi í raun verið að reyna að forða aftanáakstri fremur en að reyna framúrakstur. Þá hafi verið hálfbrotin lína á veginum, sem kveði á um að ekki skuli reyna framúrakstur nema ítrustu varúðar sé gætt. Það hafi ekki verið gert og á því beri B fulla ábyrgð.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, kemur fram að félagið geri ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins, en bréfi V fylgdu þó jafnframt athugasemdir aðila. Í frásögn B kemur fram að B hafi ekið í dágóða stund á eftir A áður en hann reyndi framúrakstur þar sem umferð hafi verið úr gagnstæðri átt. Hafi B því ekki verið á mikilli ferð og auk þess hafi hann gefið til kynna með stefnuljósi að hann hygði á framúrakstur. B hafi hins vegar aldrei orðið þess var að B gæfi stefnumerki eða drægi úr hraða til marks um að hann hygði á vinstri beygju. B hafi svo verið kominn langleiðina fram úr A þegar A ók í hliðina á honum og megi greina það af ákomum á B.

Álit:
Eins og að framan er rakið fylltu ökumenn ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi og samkvæmt þeim einhliða frásögnum sem liggja fyrir nefndinni ber þeim ekki saman um atvik í aðdraganda árekstrar. Þá virðast engin vitni hafa orðið að umræddum árekstri. Samkvæmt ákvæði 1. mgr., sbr. 7. mgr., 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 ber ökumanni sem hyggst beygja á vegamótum að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra og m.a. gæta sér í lagi að umferð sem á eftir kemur. Hvað varðar framúrakstur á umræddum vegarkafla má ráða af ljósmyndum að hálfbrotin miðlína hafi verið á veginum, en við slíkar aðstæður er óheimilt að aka yfir línuna nema með sérstakri varúð. Ökumaður sem hyggur á framúrakstur skal og gæta að ákvæðum 23.–25. gr. umferðalaga, og huga að því að unnt sé að aka fram úr öðru ökutæki án hættu, sbr. 2. mgr. 23. gr. Ekkert liggur fyrir annað en að akstursaðstæður hafi verið góðar umrætt sinn og ekki er sýnt fram á að framúrakstur við þessar aðstæður hafi verið sérlega varhugaverður. Verður þó að telja að hvorugur ökumanna hafa umrætt sinn sinnt nægilega þeim aðgæsluskyldum sem á þeim hvíldu og ber því að skipta tjóni í hlutfalli við sök þeirra, sbr. 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar. Verður talið, með hliðsjón af þeim gögnum sem þó liggja fyrir nefndinni, þar á meðal ljósmyndum af staðsetningu ákomu á B, að A beri meginsök á umræddum árekstri. Verður sök því skipt þannig að A beri 2/3 hluta sakar fyrir að hafa ekki gengið nægilega úr skugga um að unnt væri að beygja til vinstri án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra og að B beri 1/3 hluta sakar fyrir ógætni við framúrakstur,

Niðurstaða.
Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 26. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 174/2020

M og
V vegna slysatryggingar launþega A

Ágreiningur um hvort líkamsmeiðsl séu af völdum slyss í skilningi vátryggingarskilmála.

Gögn.
Málskot móttekið 18.05.2020 ásamt fylgiskjölum 1-11.
Bréf V dags. 08.06.2020.

Málsatvik.
Í málskoti er atvikum lýst svo að um klukkan 9:20 að morgni hins 11. október 2019 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við störf sín hjá A. Nánar er atvikum lýst svo að M hafi verið að sjóða gat á gám með svokallaðri suðuvél. Vélin hafi verið 100-150 kíló að þyngd, á hjólum og hann hafi þurft að draga hana nær sér við verkið. Vélin hafi þá rekist á brotajárn á jörðinni og við það komið þungt högg á hana og slinkur eða snúningur á hægri handlegg M sem hélt um vélina. M hafi hætt störfum á hádegi þennan dag, látið verkstjóra vita af slysinu og leitað samdægurs á bráðamóttöku. V hafi hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að ekki hafi verið um slys að ræða samkvæmt skilgreiningu viðeigandi vátryggingar. Við höfnunina sé lagt til grundvallar að M hafi slasast vegna átaks eða rangrar líkamsbeitingar við að draga vélina og sé örsök áverkans því ekki utanaðkomandi atburður. M fellir sig ekki við þá afstöðu og byggir á því að tjón hans sé bótaskylt úr slysatryggingu launþega A hjá V. M telur að við úrlausn málsins verði að byggja á þeirri lýsingu sem sé að finna í slysatilkynningum frá honum sjálfum og vinnuveitanda til Sjúkratrygginga Íslands og Vinnueftirlitsins, en samkvæmt þeim sé um slys að ræða. Hefði suðuvélin ekki stöðvast vegna aðskotahlutar hefði V ekki orðið fyrir meiðslum. Rétt sé að fyrrgreindar lýsingar séu ekki að fullu samhljóða þeim atvikalýsingum sem fram komi í bráðamóttökuskrá og í beiðni um sjúkraþjálfun en M telur ekki rétt að byggja á þeim lýsingum þriðju aðila umfram þær sem stafi frá honum og vinnuveitanda hans

Í bréfi V til nefndarinnar er tekið fram að í bráðamóttökuskrá dags. 11. október 2019, segi að M hafi verið „að draga þungan vagn sem festist og hann hélt áfram að draga og fékk við það mikið átak í hægri olnboga.“. Í beiðni um sjúkraþjálfun sem gerð hafi verið hinn 15. nóvember 2019 segi „…er að sjóða gat á gáma, þurfti að draga suðuvél aðeins nær sér, þegar beygði sig og togaði fast með hægri hendi, fékk ekki högg á sig en tognaði…“. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga, dags. 15. janúar 2020, segi svo að M hafi verið „að draga rafsuðuvél fyrir horn á gám, sem var í viðgerð, rafsuðuvél snögg stoppar vegna aðskotahlutar á gólfi og við það snýst uppá hönd starfsmanns.“. Sömu atvikalýsingu sé að finna í tilkynningu til Vinnueftirlitsins. Slys sé í viðeigandi vátryggingarskilmálum skilgreint sem „skyndilegur utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist sannanlega án vilja hans“. Fyrirliggjandi málsatvikalýsingar séu misvísandi og telur V ekki sýnt fram á að skilyrðinu um utanaðkomandi atburð sé fullnægt. Samkvæmt lýsingum í bráðamóttökuskrá og í beiðni um sjúkraþjálfun sé ljóst að um hafi verið að ræða álagsmeiðsl sem hafi átt sér stað innan líkama tjónþola þegar hann beitti átaki við að draga vélina en ekki slys í framangreindum skilningi. Bráðamóttökuskráin sé þá eina samtímagagnið í málinu og af því verði ráðið að rafsuðuvélin hafi staðið í stað og M þá beitt miklu afli og átaki við að losa hana. Síðar tilkomin gögn breyti ekki þeirri afstöðu og er bótaskyldu því hafnað, þar eð ekki sé sýnt fram á að M hafi fengið á sig slink eða högg þegar vélin stöðvaðist af völdum aðskotahlutar.

Álit:
Í 1.3 gr. vátryggingarskilmála slysatryggingar launþega A hjá V er að finna skilgreiningu á slysahugtakinu. Þar kemur fram að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist sannanlega án vilja hans. Ágreiningur aðila hverfist samkvæmt framangreindu um það hvort utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum M umrætt sinn. Meðal gagna málsins er tilkynning til Vinnueftirlitsins, dags. 15. janúar 2020, sem staðfest er af atvinnurekanda, og er þar að finna þá lýsingu á atvikum að umrædd rafsuðuvél hafi stöðvast snögglega vegna aðskotahlutar á gólfi og við það snúist upp á handlegg M. Sömu

atvikalýsingu er að finna í tilkynningu til Sjúkratrygginga, sem er dagsett sama dag, og er einnig staðfest af A, og í tjónstilkynningu til V dags. 6. apríl 2020. Af framantöldum gögnum má ráða að utanaðkomandi atburður í skilningi áðurnefnds ákvæðis hafi valdið meiðslum á líkama M, þ.e. að högg eða slinkur hafi komið á handlegg M við það að vélin stöðvaðist snögglega. Verður þá ekki litið framhjá því að ekki er ágreiningur meðal A og M um atvik er leiddu til meiðsla M, en slys M sætti ekki rannsókn Vinnueftirlitsins. Þá verður ekki talið að þvílíkt ósamræmi sé milli atvikalýsingar ofangreindra gagna og þeirra gagna sem V byggir afstöðu sína á að rétt sé að byggja einvörðungu á þeim síðarnefndu varðandi það sem í milli ber. Þannig verður t.a.m. ekki byggt á því að atvikalýsing eins og hún kemur fram í bráðamóttökuskrá sé í bersýnilegri mótsögn við síðari lýsingar á atvikum. Með hliðsjón af framansögðu, svo og heildstæðri skoðun á þeim gögnum er fyrir nefndinni liggja, verður því byggt á því að um slys í skilningi viðeigandi vátryggingarskilmála hafi verið að ræða, þ.e. að tjón á líkama M megi rekja til þess utanaðkomandi atburðar að umrædd rafsuðuvél hafi stöðvast snögglega, og að bótaskylda sé þar af leiðandi til staðar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík, 15. júlí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 175/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna slyss M hinn 15.3.2019

Gögn:
Málskot dags. 18.5.2020 ásamt fylgiskjölum 1-9.
Bréf V dags. 26.05.2020 ásamt fylgigögnum 10-13.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi verið í samskiptum við tilgreindan ráðgjafa hjá V, haustið 2018, varðandi töku tryggingа. Lagði M fyrir nefndina tölvupóstsamskipti milli sín og V er snéru að vátryggingartöku auk þess sem gerð var grein fyrir fundum milli framkvæmdastjóra M og ráðgjafa V um vænlega tryggingarkosti fyrir M. Þá lýsir M því að í kjölfar samskiptanna hafi framkvæmdastjóri M kallað eftir tilboðum í tilgreindar tryggingar með tölvupósti til ráðgjafans. Í svarbréfi dags. 20. september 2018 sendi ráðgjafinn framkvæmdastjóra M uppsetningu umbeðinna tryggingа og lagði auk þess til að M tæki ábyrgðartryggingu vegna reksturs félagsins. Að sögn M sendi framkvæmdastjórinn ráðgjafanum í kjölfarið nöfn og kennitölur dótturfélaga málskotsaðila. Er því lýst í gögnum málsins að M er móðurfélag um rekstur leigufélags og að öll eignarsöfn þess séu rekin í tilvitnuðum dótturfélögum. M eigi hins vegar ekki fasteignir og hafi ráðgjafinn verið grandsamur um þá skipan mála hjá M. Í kjölfar frekari samskipta framkvæmdastjórans og ráðgjafa V hafi tryggingar verið settar í gildi, m.a. ábyrgðartrygging atvinnureksturs vegna starfsemi M.

Gögn málsins innihalda afrit af vátryggingarskírteini sem gefið var út vegna ábyrgðartryggingar M. Er þess getið í skírteininu að starfsemi hins vátryggða sé „leigufélag“. Þá kemur fram sundurliðun á skírteini að „brunabótamat/laun“ sé að fjárhæð kr. 90.015.000,- og að um vátrygginguna gildi skilmálar félagsins um ábyrgðartryggingu atvinnureksturs svo og þeir sérstöku skilmálar/skildagar sem tilgreindir eru.

Samkvæmt gögnum málsins barst M skaðabótakrafa þann 5.4.2020, vegna konu (K) sem slasaðist þann 15.3.2019 í tröppum við tiltekið fjölbýlishús í Suðurnesjabæ (A). Allir eignarhlutar fjölbýlishússins eru í eigu X, sem að sögn aðila er dótturfélag M. Hefur M krafist þess að viðurkennt verði að ábyrgðartrygging sína ná til tjónsins sem K varð fyrir. Í þessu sambandi vísar M m.a. til þess að ábyrgðartrygging M hjá V eigi að taka til starfsemi M sem leigufélags, þ.e. við rekstur dótturfélaganna og útleigu þeirra á fasteignum, enda sé það liður í starfsemi M sem leigufélags. Enn fremur vísar M til fyrrgreindra samskipta við V um vátryggingartökuna og þess að stjórnendur M hafi verið í góðri trú um að ábyrgðartryggingin næði til alls reksturs M sem leigufélags og dótturfélaga þess. Við tryggingatökuna hafi M sent ráðgjafanum yfirlit yfir dótturfélögin og þannig verið skilningur þeirra að tryggingin næði jafnframt til dótturfélaganna. Þá vísar M til þess að V beri ríka skyldu við ráðgjöf um töku tryggingа beri að skilgreina þarfir vátryggingartaka í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að X., eigandi eignarinnar A, sé sjálfstæður lögaðili og að M beri ekki skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sem rekja má til fasteigna sem annar sjálfstæður lögaðili á og leigir út. Þá vísar V til þess að samskipti V við M um vátryggingartökuna hafi einungis snúið að tilteknum tryggingum M en ekki tryggingum dótturfélaganna. Í samskiptum aðila hafi þó komið í ljós að M ætti dótturfélög sem langflest væru bara með brunatryggingar og M hafi verið bent á það. V hafi vegna þessa óskað eftir lista yfir dótturfélögin til að geta samræmt iðgjöld brunatryggingа þeirra fjölmörgu fasteigna sem dótturfélögin voru með í tryggingu hjá félaginu. M hafi hins vegar ekki viljað frekari tryggingar fyrir dótturfélögin. Þá vísar V til þess að í skírteini ábyrgðartryggingar M sé ekki tilgreint að aðrir en M njóti vátryggingarverndar. M teljist því einn vátryggður skv. skilmála vátryggingarinnar.

Álit:
Til þess að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu M þarf að mega rekja tjón þriðja manns til saknæmra athafna, eða athafnaleysis M, eða atvika sem hann ber með öðrum hætti ábyrgð á. Eðli málsins samkvæmt og með hliðsjón af meginreglum skaðabótaréttarins ber M ekki skaðabótaábyrgð á saknæmri háttsemi annarra lögaðila, hvort heldur sem um er að ræða dótturfélög M eða aðra aðila. Ábyrgðartrygging M, nær þar af leiðandi ekki til tjóna sem dótturfélag þess getur borið skaðabótaábyrgð á, nema sérstaklega sé tekið fram í vátryggingarsamningi, svo sem vátryggingarskírteini eða skilmála vátryggingarinnar, að vátryggingin gildi jafnframt um starfsemi dótturfélaga þess.

Lögð hafa verið fram tölvupóstsamskipti sem varpa nokkru ljósi á aðdraganda vátryggingartökunnar. Af þeim gögnum verður ekki ráðið að M hafi mátt ganga út frá því að ábyrgðartrygging M næði jafnframt til starfsemi dótturfélaga þess. Þá verður ekki fullyrt út frá fyrirliggjandi gögnum að ráðgjöf M hafi verið röng eða með öðrum hætti ófullnægjandi með hliðsjón af ákvæðum laga um vátryggingarsamninga.

Að teknu tilliti til framangreinds og því að ekki er kveðið á um það í umræddum vátryggingarsamningi að ábyrgðartrygging M nái jafnframt til dótturfélaga er ljóst að ábyrgðartryggingin nær ekki til tjónsins sem um ræðir. Tekið skal fram að ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort skaðabótaskylda hefur yfir höfuð stofnast vegna slyssins.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 26. júní 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 176/2020

M og
V v/innbúskaskótryggingar fjölskyldutryggingar.

Gildissvið vátryggingarsamnings vegna tjóns á munum í umferðaróhappi.

Gögn.
Málskot móttekið 15. maí 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 29. maí 2020, ásamt mynd.

Málsatvik.
Í tjónstilkynningu M til V dags. 24. apríl sl. kemur fram eftirfarandi lýsing: „Var með hátlara og dj græjur í skottinu sem eyðilögðust í tjóninu.“ Í sömu tilkynningu er gerð frekari grein fyrir umræddum munum sem annars vegar „Hátalarar Yamaha ns8“ og „Pioneer XDJ-XZ“.

M telur að bæta eigi tjón á munum hans sem innbúsmunum og vísar til þess að um sé að ræða hljómtæki sem hann er með á sínu heimili. M vísar einnig til þess að um sé að ræða tómstundartæki hans og telur að ekki komi fram skýrar skilgreiningar í vátryggingarskilmálum hvaða tæki falla utan gildissviðsins.

V telur að tjón á munum M falli utan gildissviðs innbús- og innbúskaskótryggingar hans þar sem um s´eað ræða afar sérhæfðan og fullkominn búnað til að spila og blanda tónlist. V vísar til þess að búnaðurinn hafi m.a. þann eiginleika að geta breytt styrkleika og eiginleikum hljóðmerkja. V telur að umræddir munir M falli hvorki undir skilgreiningu á almennu innbúi eða tómstundaráhöldum, né séu þeir hluti af sérgreindu innbúi í skilningi vátryggingarskilmála.

Álit.
Ekki er ágreiningur um að tjónsatvik það sem leiddi til tjóns á munum M falli undir gildissvið vátryggingarsamnings hans við V um innbúskaskótryggingu. Ágreiningur í málinu lýtur fyrst og fremst að því hvort munir M falli undir gildissvið vátryggingarskilmálanna.

Í vátryggingarskilmálum kemur fram í 2. gr. að vátrygging taki bæði til svokallaðs almenns innbús og sérgreinds innbús. Í sömu skilmálum kemur fram að með almennu innbúi sé átt við lausafjármuni sem fylgja almennum heimilishaldi og þar kemur einnig fram að vátryggingin nái til tómstundaáhalda. Það segir einnig í sömu grein að með sérgreindu innbúi sé átt við m.a. hljómtæki, útvarps og sjónvarpstæki og tölvur ásamt fylgihlutum til framangreindra tækja.

Almennir vátryggingarskilmálar byggja alla jafna á stöðluðum samningsákvæðum sem vátryggingafélag semur einhliða. Í vátryggingarskilmálum V er sérstaklega tekið fram að vátryggingin taki til svokallaðs sérgreinds innbús og nefnd þar sérstaklega hljómtæki og tölvur ásamt fylgihlutum þeirra. Ekki eru sérstakar takmarkanir á tegundum slíkra eða áskildir eiginleikar. Þó tilgreindir munir M fylgi mögulega ekki almennu heimilishaldi getur V ekki túlkað ákvæði um sérgreint innbú með sama hætti og almennt innbú í ljósi þess að greinarmunur er gerður á þessum hugtökum með orðalagi 2. gr. innbústryggingar sem gildir um hina vátryggðu muni í innbúskaskótryggingu V. Sérgreint innbú þarf því ekki að vera þess eðlis að það fylgi almennu heimilishaldi eða að það megi ekki vera sérstaks eðlis. Þegar orðin hljómtæki og eftir atvikum tölvur ásamt fylgihlutum samkvæmt orðanna hljóðan verður ekki annað séð en að þeir munir M sem urðu fyrir tjóni með skyndilegu og ófyrirséðu utanaðkomandi atviki séu annað en hans sérgreinda innbú. M á því rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 26. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 177/2020

M og
V vegna ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar A hjá V.

Ágreiningur um hvort líkamstjón hafi orðið af ásetningi eða gáleysi.

Gögn.
Málskot dags. 19.05.2020 ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf V dags. 03.06.2020.

Málsatvik.
M krefst bóta úr ábyrgðarlið heimilistryggingar A, vegna tjóns sem hlaust af athöfnum ólögráða sonar A, B. Tjónsatvik, en um grundvallaratriði þeirra er ekki deilt sem slík, samkvæmt frásögn M og upplýsingum úr lögregluskýrslu, voru í stuttu máli þau að hinn 2. mars 2020 veitti B M hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að M hlaut töluverða áverka. Ágreiningur aðila snýr að huglægri afstöðu B, þ.e. hvort um ásetning eða gáleysi hafi verið að ræða. M byggir á því að um stórfellt gáleysi, en ekki ásetning af hálfu B hafi verið að ræða, og því sé bótaskylda til staðar úr umræddri vátryggingu.

M rökstyður afstöðu sína nánar með því að gerandi hafi verið fjórtán ára gamall og því alls ekki bær til að gera sér grein fyrir afleiðingum háttsemi sinnar. Samkvæmt framburði B hafi hann verið hræddur þegar M kom og ræddi við hann og fleiri drengi, enda hafi M, sem gekk á drengina vegna eineltis í garð sonar síns, verið afar æstur. Ákvörðun B um að veita M hnefahögg hafi því verið ómeðvituð. Kraftur höggsins hafi svo verið meiri en ella þar sem B hafi haft stóran hring á hendinni og hafi M meiðst töluvert, og m.a. beinbrotnað. Þar eð háttsemi B hafi verið saknæm og ólögmæt telur M sig eiga kröfu um bætur úr vátryggingu A. M geri sér þá grein fyrir því að almennt sé slíkur bótaréttur ekki fyrir hendi úr vátryggingu sé um ásetningsbrot að ræða. Atvik málsins verði þó að skoða heildstætt, með hliðsjón af aldri og þroska B svo og því hræðsluástandi sem hann hafi verið í. B hafi því ekki gert sér grein fyrir afleiðingum gjörða sinna, og ekki haft ásetning til að valda því tjóni sem M varð fyrir við höggið. Telur M að um stórfellt gáleysi, en ekki ásetning, hafi verið að ræða, enda sé almennt gerð krafa til þess að svo að um ásetning teljist hafa verið að ræða þurfi tjónvaldur að vera meðvitaður um líklegt tjón sem leiði af háttsemi hans.

Í bréfi V til nefndarinnar er þeirri afstöðu lýst að um ásetningsverknað hafi verið að ræða, og því sé bótaréttur úr vátryggingunni ekki fyrir hendi. Til þess að um ásetningsbrot sé að ræða þurfi þrjú skilyrði að vera uppfyllt, þ.e. að B hafi haft vilja til að viðhafa ákveðna háttsemi, háttsemin hafi leitt til tjóns, og B hafi að minnsta kosti látið sér í léttu rúmi liggja hvort tjón leiddi af háttseminni, en það sé lægsta stig ásetnings. Það sé hins vegar ekki skilgreiningaratriði að B hafi beinlínis viljað valda tjóni eða að honum hafi verið ljóst hversu mikið tjón gæti hlotist af verknaðinum. V telur hafið yfir vafa að fjórtán ára dreng sé ljóst að sú háttsemi að slá mann af afli í andlitið með krepptum hnefa og einhvers konar hnúajárni sé til þess fallin að valda tjóni. Telja megi að það hafi beinlínis verið ætlun B að valda tjóni, en í það minnsta að hann hafi mátt gera sér grein fyrir að líklegt væri að tjón hlytist af háttsemi hans. Við mat á huglægri afstöðu B verði líka að líta til þess að á verknaðarstundu hafi hann verið með stórum hópi drengja á svipuðum aldri, og með hnúajárn meðferðis, enda hafi ætlunin verið að valda syni M meiðslum. Hafi samkvæmt framansögðu verið um ásetningsverknað að ræða og bótaréttur úr umræddri vátryggingu því ekki fyrir hendi.

Álit:
Í skilmálum þeim sem eiga við um umrædda vátryggingu A hjá V segir að auk þeirra skilmála gildi almennir skilmálar félagsins. Í 1. mgr. 21. gr. þeirra segir að hafi vátryggður, sem í þessu tilfelli er B, af ásetningi valdið því að tjónsatburður varð beri félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. og 89. gr. laga nr. 30/2004. Er því ljóst að ábyrgðarliður fjölskyldutryggingar A nær ekki til ásetningsverknaða.

Frásögnum M, B og vitna í lögregluskýrslum ber ekki að fullu saman um atvik málsins. Samkvæmt frásögn M hjá lögreglu hinn 5. mars 2020, voru atvik þau að B þrýsti sér upp að honum og rak honum bylmingshögg í andlitið þegar hann leit undan. M hafi hins vegar aldrei ýtt við B eða öðrum í hópnum.

Í framburði B í lögregluskýrslu dags. 2. mars 2020 segir hins vegar að B hafi orðið hræddur þegar M „ýtti“ í hann og þá slegið hann einu höggi í andlitið með krepptum hnefa. Ekkert liggur þó fyrir annað en að B hafi haft ásetning til að veita M hnefahögg. Jafnframt er ljóst að töluvert tjón hlaust af þeirri háttsemi. Þá liggur fyrir og er óumdeilt að til stóð að „veitast að“ syni M, þó ekkert hafi orðið úr þeim barsmíðum samkvæmt frásögn B í áðurnefndri lögregluskýrslu. Í skýrslunni kemur og fram að B hafi verið með þrjá hringa á hendi, fasta saman, sem hann notaði sem „hnúajárn“. Verður því að byggja á því að B hafi gert sér grein fyrir að slíkur útbúnaður væri til þess fallinn og þjónaði beinlínis þeim tilgangi að valda auknu tjóni kæmi til þess að hann veitti einhverjum hnefahögg. Með hliðsjón af framansögðu, svo og því að B var fullra fjórtán ára þegar umrætt atvik átti sér stað og aðstæðum að öðru leyti, verður að líta svo á að um ásetningsverknað hafi verið að ræða enda hafi B gert sér grein fyrir að tjón hlytist af þeirri háttsemi að slá M í andlitið með þeim hætti sem hann gerði.

Á grundvelli framangreinds er greiðsluskylda úr umræddri vátryggingu því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar A hjá V.

Reykjavík, 26. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 178/2020

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á Skemmuvegi í Kópavogi við hús nr. 20 þann 5.11.2019.

Gögn.
Málskot, móttekið 19.5.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 4.6.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V2, dags 27.5.2020.

Málsatvik.
Laust eftir kl. 9 þann 5. nóvember 2019 varð árekstur með A, sem var ekið norður Skemmuveg, og B, sem hafði verið ekið aftur á bak frá bifreiðastæði við hús nr. 20. Rákust saman aftanverð hægri hlið A og afturendi B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið norður Skemmuveg á 20-30 km hraða á klst. og til móts við hús nr. 20 hafi hann fundið fyrir smá höggi hægra megin á A. Hrím hafi verið á framrúðu A og áður en hann lagði af stað við enda götunnar hafi hann úðað á rúðuna efni til að eyða hríminu („Defreezer“), en það ekki dugað til. Hafi hann því verið með bílstjórahurðina opna og litið út um hana er hann ók.

Ökumaður B kvaðst hafa bakkað frá bifreiðastæði við hús nr. 20 út á Skemmuveg þegar hann varð var við A. Hann hafi hemlað og stöðvað. Þá hafi A verið ekið utan í B.

Af hálfu V1 er talið að ökumaður B hafi ekki gætt nægilega að 1. mgr. 17. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 með því að hafa ekki gengið úr skugga um að unnt hafi verið að aka aftur á bak án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Því séu ekki orsakatengsl milli háttsemi ökumanns A við aksturinn og þess að áreksturinn varð. Því skuli ökumaður B bera fulla ábyrgð á árekstrinum.

Af hálfu V2 er talið að ökumaður A hafi hagað akstri sínum þannig að hann hafi ekki haft fullnægjandi útsýn út úr bifreiðinni. Hann eigi því sök á árekstrinum. Ökumaður B hafi ekið aftur á bak í veg fyrir umferð og af þeim sökum eigi hann einnig sök á árekstrinum. Að öllu virtu skuli hvor ökumanna bera helming sakar.

Álit.
Hrím var á framrúðu A þannig að ökumaður sá ekki út um hana og ekki tókst að eyða hríminu þótt efni hafi verið úðað á hana í því skyni. Brá ökumaðurinn þá á það ráð að horfa út um opna bílstjórahurðina. Þessi akstursmáti ökumanns A var vítaverður og hann sýndi ekki þá tillitssemi og varúð sem af honum mátti krefjast svo að eigi myndi leiða til hættu eða valda tjóni, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 50/1987. Þá er ljóst að ökumaður A sá ekki til ferða B fyrr en hann fann fyrir að högg kom á A. Þegar litið er til þessa og hinnar alvarlegu sakar ökumanns A verður telja rétt að hann hafi sönnunarbyrði um að áreksturinn megi rekja til atvika sem ökumaður B ber ábyrgð á. Samkvæmt gögnum málsins hefur sú sönnun ekki tekist. Með því að V2 hefur þegar fallist á að hvor ökumanna skuli bera helming sakar er ekki tilefni til að hrófla við þeirri sakarskiptingu.

Niðurstaða.
Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 26. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 179/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar B

Ágreiningur um skaðabótaábyrgð úr ábyrgðartryggingu vegna vinnuslyss.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið. 20. janúar 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 25. maí 2020, ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V2, dags. 28. maí 2020, ásamt fylgiskjölum

Málsatvik.

Þann 10. ágúst 2017 starfaði M í vörumóttöku hjá B. Samkvæmt tjónstilkynningu B til V2, frá 28. nóvember 2018, var M að vinna við móttöku á bjórkútum þegar starfsmaður A kemur með rafmagnslyftara og ýtir við tveimur vörubrettum í staðinn fyrir að taka annað út fyrst. Kemur þá hnykkur á seinna brettið og fullir bjórkútar á því fóru af stað. M brást skjótt við því og greip kútana og kom þeim aftur á sinn stað. M var inni í þröngu rými á milli brettanna og áttaði sig á aðstæðum og hættum og bað því starfsmann A að bíða með frekari hreyfingu á lyftaranum. Að hennar sögn gerði hann það þó ekki og keyrði lyftarann aftur af stað með þeim afleiðingum að þrír fullir kútar féllu af bretti og ofan á handlegg M, sem á þeim tímapunkti var ekki viss um hvort meiðsli hafi orðið. Hönd M bólgnaði þó fljótt og varð svört og leitaði M til læknis samdægurs og kom þá í ljós brot á hægri úlnlið, sem hafði í för með sér varanlegar afleiðingar. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en 18. september 2017, eða um 5 vikum eftir atburðinn.

M telur slysið bótaskylt úr ábyrgðartryggingu A hjá V1 þar slysið megi annað hvort rekja til þess að A hafi ekki farið yfir öryggisatriði með starfsmanni sínum, sem talinn er hafa valdið M líkamstjóni, eða að A hafi farið yfir öryggisatriðin en starfsmaðurinn hafi ekki farið eftir tilmælum. Hafi A ekki farið yfir öryggisatriðin með fullnægjandi hætti sé ljóst að það stríði gegn lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980. Einkum er vísað til 37. gr., sbr. 13. og 14. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laganna skuli haga og framkvæma vinnu þannig að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar á vinnustað. Þá skuli fylgja viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er þessa þætti varðar. Þá vísar M einnig til 42. gr. framangreindra laga, sem og 46. gr. sem fjallar um vélar, tæki og annan búnað. Einnig vísar hann til 7., 8. og 9. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja, sem hann telur að hafi verið brotnar.

Hvað hinn þáttinn varðar, þ.e. að starfsmaður A hafi ekki farið eftir tilmælum A vísar M til 1. mgr. 37. gr. laganna þar sem fram kemur að haga skuli vinnu þannig að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Ljóst sé að háttsemi starfsmanns A hafi ekki verið í samræmi við það ákvæði. Hann hafi í fyrsta lagi átt að taka eitt bretti í einu og í öðru lagi átt að hinkra þegar M sagði honum að gera það. Hann hafi því sýnt af sér gáleysi sem leiddi til slyssins.

V1 hafnaði bótaskyldu með bréfi, dags. 21. janúar 2019, með vísun til þess að samkvæmt upplýsingum frá A kannaðist enginn við þetta slys eða að hafa keyrt lyftarann umrætt sinn. Því væri ósannað að starfsmaður A hafi komið að slysinu. V1 hafi litið fram hjá því að í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands hafi verið tilgreindur sjónarvottur að slysinu en að V1 hafi ekki gert neitt til að hafa samband við vitnið eða að öðru leyti leitast við að staðreyna málsatvik umfram það að spyrjast fyrir um atvikið hjá tryggingataka. Lögmaður M hafi sjálfur reynt að hafa samband við vitnið, en án árangurs.

M gerir þá varakröfu að tjónið sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu B hjá V2 þar sem slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en 18. september 2017, eða um 5 vikum eftir atburðinn. Það sé þvert gegn 79. gr. laga nr. 46/1980, þar sem kveðið er á um að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna Vinnueftirlitinu um öll slys þar sem starfsmaður verður óvinnufær í einn eða fleiri daga. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skuli tilkynna innan sólarhrings en önnur slys innan viku frá atburði. Þessi dráttur B að tilkynna um slysið

hafi valdið því að nær ómögulegt sé að sýna fram á sök starfsmanns A, enda hafi Vinnueftirlitið ekki komið á slysstað og gert skýrslu um atvikið vegna þessa dráttar. Á því verði B að bera ábyrgð.

Í bréfi V1 til nefndarinnar kemur fram að félagið hafni bótaskyldu á sömu forsendum og tjóninu var upphaflega hafnað, þ.e. enginn hjá A kannist við atvikið eða að hafa keyrt lyftarann umrætt sinn. Það sé hlutverk M að sanna að tjón hafi orðið og að A beri ábyrgð á tjóninu. Miðað við þau gögn sem liggi fyrir í málinu telur félagið ósannað að atvik hafi verið með þeim hætti sem M heldur fram og því sé rétt að hafna bótaskyldu.

Í bréfi V2 til nefndarinnar kemur fram að félagið telji það óskiljanlegt að M skuli beina kröfu sinni að V2 þegar M hefur ekki sjálf gengið nægjanlega eftir að afla gagna til að sýna fram á skaðabótaskyldu þess sem olli slysinu. Félagið vísar aðallega til tölvupósts sem það sendi á lögmann M þann 24.1.2020. Þar kemur fram að tvö vitni hafi verið að atvikinu og B hafi rætt við annað þeirra, sem kvaðst myndu þekkja starfsmann A sem olli slysinu, ef hann sæi mynd af honum. Líklega hafi einnig verið annað vitni að atburðinum. Svo virðis því að til staðar sé vitneskja um hvað gerðist og hvernig. Það geti ekki verið á ábyrgð B að M hafi ekki lagt fram framburð vitna í málinu gagnvart A og V1.

Álit

Í máli þessu er gerð krafa í ábyrgðartryggingu sem A var með hjá V1 á grundvelli þess að annað hvort hafi A vanrækt að fara yfir öryggisatriði með starfsmanni sínum eða, hafi það verið gert, hafi starfsmaður A ekki farið eftir tilmælum A. Engar upplýsingar liggja fyrir frá téðum starfsmanni eða vitnisburðir sem geta sýnt hver sá er eða hvað gerðist í raun. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna telst það hvorki sannað að A hafi vanrækt að fara yfir öryggisatriði né að starfsmaður A hafi ekki farið eftir tilmælum A. Ekki verður því fallist á að tjón M sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu sem A var með hjá V1.

Fyrir liggur að B tilkynnti Vinnueftirlitinu ekki um slysið fyrr en um 5 vikum eftir atvikið og er það í andstöðu við 79. gr. laga nr. 46/1990 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þó frásögn M sé lögð til grundvallar af atvikum vegna slsyssins leiðir það hins vegar ekki til þess að því sé haldið fram að starfsmenn á vegum B hafi verið valdir að slysinu og getur framangreind síðbúin tilkynning ekki leitt til þess að B beri ábyrgð á afleiðingum slyssins. Tjónið fellur því heldur ekki undir ábyrgðartryggingu sem B var með hjá V2.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu, sem A var með hjá V1 og ekki heldur úr ábyrgðartryggingu sem B var með hjá V2.

Reykjavík, 15. júlí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 180/2020

M og
V1 vegna sjúklingatryggingar A og
V2vegna sjúklingatryggingar B

Ágreiningur um skilyrði laga um sjúklingatryggingar nr. 111/2000 vegna afleiðinga skurðaðgerðar 2. júlí 2018.

Gögn.
Málskot, dags. 20. maí 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V2, dags. 4. júní 2020 með fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 9. júní 2020.
Athugasemdir lögmanns málskotsaðila með bréfi dags. 11. júní 2020.
Bréf V1, dags. 14. júlí 2020 með fylgigagni.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M gekkst undir aðgerð 2. júlí 2018 vegna viðbeinsbrots þar sem bæklunarlæknirinn A framkvæmdi aðgerðina og svæfingalæknirinn B sá um deyfingu vegna aðgerðarinnar. Aðdraganda aðgerðar M má rekja til slyss sem hún varð fyrir hinn 23. september 2017 þegar bifreið var ekið á hana og hlaut hún þar á meðal viðbeinsbrot vinstra megin. Vegna verkja frá brotinu leitaði M til bæklunarlæknisins A í júní 2018 sem ákvað að meðferð við þeim verkjum væri að gera aðgerð með plötum og skrúfum sem var síðan framkvæmd eins og áður segir hinn 2. júlí 2018. Eftir aðgerðina hefur M haft verki og máttleysi í vinstri handlegg og telur að það megi rekja til afleiðinga aðgerðarinnar.

M telur að skilyrði 1. eða 4.tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 eigi við í máli sínu og hefur beint kröfu bæði að bæklunarlækninum A vegna þess sem og svæfingalækninum B. Helstu rök M fyrir því að skilyrði umræddra töluliða eigi við eru m.a. þau að deyfingarefni hafi farið á stað sem það átti ekki að fara á og þannig valdið skaða eða eitrunaráhrifum eða að sá búnaður sem notaður var til deyfingar hafi valdið skaða á taugum. Þessu til viðbótar komi einnig til greina að við aðgerðina hafi verið beitt of miklum eða röngum þrýstingi eða togi sem valdi hafi áverka á taum eða og langar skrúfur eða þeim komið fyrir á röngum stað. Einnig vísar M til þess að ekki hafi verið gripið til réttra úrræða eftir aðgerðina og rétt hefði verið að beina henni í enduraðgerð sem fyrst til að fjarlægja skrúfur og plötu. Að lokum bendir M á að mögulega megi rekja tjón hennar til þess að um óvenjuleg viðbrögð tauga hafi verið að ræða við áreiti sem fylgi aðgerð og deyfingu. M byggir á að ofangreindar ástæður leiði til bótaskyldu beggja lækna eða eftir atvikum annars þeirra á grundvelli skilyrða annars vegar 1. og hins vegar 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. M vísar þessu til stuðnings til ummæla sérfræðilæknis, sem sé einnig reyndur matslæknir, í göngudeildarnótu dags. 11. nóvember 2018 þar sem kemur fram að mat hann sé það að einkenni sem M hafi tengist aðgerðinni sem hún gekkst undir og hún eigi rétt, a.m.k. á sjúklingatryggingabótum ef einkenni hennar verði varanleg. M vísar einnig til þess að umræddur læknir hafi bent henni á að senda inn kvörtun til landlæknis á grundvelli 12. gr. laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 og það hafi hún gert 17. janúar 2019 og mál hennar sé enn til meðferðar þar. M vísar síðan til greinargerðar óháðs sérfræðings í bæklunarskurðlækningum sem landlæknir aflaði við meðferð máls hennar hjá embættinu, dags. 4. mars 2020 þar sem komi fram að tvenn mistök hafi átt sér stað við meðferð M og þau bæði hjá bæklunarlækninum A. Annars vegar hafi skrúfa gengið of langt niður og í svokallað krummaklakk og hins vegar að þegar í ljós kom eftir aðgerðina og í kjölfar myndrannsókna hefði verið réttast að fara svo fljótt sem auðið væri í enduraðgerð og fjarlægja skrúfur og plötu sem fyrst til að tryggja að þrengsli að taugaflækju hefðu sem minnst áhrif og skyn og vöðvavirkni. Það að slíkar ráðstafanir hafi ekki verið gerðar hafi leitt til tjóns M skv. skilyrðum 1.tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu og á því verði alla vega læknirinn A að bera ábyrgð og ekki skipti máli að landlæknir hafi ekki lokið því að afgreiða mál hennar skv. lögum nr. 41/2007.

V1 taldi með afstöðu sinni í bréfi dags. 9. júní 2020 að vísa ætti málinu frá nefndinni þar sem ekki lægi fyrir skriflegt álit landlæknis vegna kvörtunar M á grundvelli 12. gr. laga nr. 41/2007. Með viðbótarathugasemdum félagsins, sbr. bréf dags. 14. júlí 2020 vísar það til greinargerða læknisins A sem bæði hafði skilað slíkri fyrir og eftir að mat þess sérfræðings sem landlæknisembættið leitaði til og skilaði greinargerð 4. mars 2020 vegna málsins. V telur ekki vera fyrir hendi læknisfræðileg rök til að komast að þeirri niðurstöðu að komast hefði mátt hjá tjóni ef meðferð hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu læknisins A á viðkomandi sviði. V1 mótmælir því að það mat sem kemur fram í greinargerðinni dags. 4. mars 2020 sé lagt til grundvallar þar sem þar sé verið að meta skilyrði laga nr. 41/2007 en ekki skilyrði laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Greinargerðin sé eitt gagn af mörgum sem liggi fyrir í málinu og ekki nægilegt til að staðfesta bótaskyldu úr sjúklingatryggingu læknisins A, hvorki á grundvelli 1. né 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Hvað varðar 4. tl. sérstaklega vísar V1 til þess að ekki sé vitað hvers eðlis sá fylgikvilli sé sem M hafi orðið fyrir né nákvæmlega hverjar orsakir hans séu. Einnig bendir V1 á að sérstök greinargerð óháðs sérfræðings í svæfingalækningum liggi ekki enn fyrir í málinu og verði ekki hægt að komast að endanlegri niðurstöðu um mögulegar orsakir fyrr en slík greinargerð liggi fyrir, en fyrirsjáanlegt sé að landlæknisembættið muni afla slíkra gagna. V1 telur að á meðan það liggi ekki fyrir heildargögn í málinu sé ekki hægt að slá föstu að nokkur bótaskilyrði laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt.

V2 telur að ekki sé sýnt fram á í gögnum málsins að þau óþægindi sem M glímir við í dag sé hægt að rekja til deyfingar þeirrar sem svæfingalæknirinn B framkvæmdi. Notast hafi verið við svokallaða ómstýrða deyfingu og ekki sé sýnd að stungið hafi verið á taug með deyfinál. Auk þessa er rakið í smáatriðum sú aðferð sem læknirinn B við hafði við deyfinguna og farið yfir það að til þess að taugaskaði geti komið til vegna deyfingar þá þurfi deyfingarnál að hafa verið stungið í allar fimm taugarætur við radial og axillary taugar þar sem taugaskaða sé vart. Staðsetning deyfingar þeirrar sem B framkvæmdi hefi hins vegar ekki verið þannig. Einnig vísar V2 til greinargerðar læknisins B til landlæknis dags. 22. mars 2019 þar sem læknisfræðilegum atriðum er lýst.

Álit.

Ekki virðist ágreiningur um að M teljist hafa verið sjúklingur í skilningi 1. gr. laga nr. 111/2000 og eigi því rétt á bótum að fullnægðum öðrum skilyrðum laganna.

Samkvæmt 1. tl. 2. gr. laganna skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til þess að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 111/2000 segir m.a. svo um umræddan tölulið: „Ákvæði þessa töluliðar tekur til allra mistaka sem verða við rannsókn, meðferð o.s.frv. Orðið mistök er hér notað í mun víðtækari merkingu en almennt tíðkast í lögfræði. Ekki skiptir máli hvernig mistökin eru.“ Af þessum orðum má sjá að sönnunarkröfur eru almennt minni þegar kemur að því að meta það hvort skilyrði umrædds 1.tl. 2. gr. laganna séu uppfyllt, sem og að bótaskilyrðið sem lýtur að því að meðferð hafi verið hagað eins vel og unnt hefði verið verði ekki túlkað með sama hætti og skilyrði um saknæma háttsemi í skilningi hefðbundins skaðabótaréttar, t.d. þegar tekin er afstaða til þess hvort skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi skv. sakarreglu skaðabótaréttarins. Einnig verður að miða við að afstaða landlæknis á grundvelli 12. gr. laga nr. 41/2007 vegna mögulegra mistaka eða vanrækslu við veitingum heilbrigðisþjónustu feli ekki í sér sérstakt mat á því hvort skilyrðum laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu sé fullnægt og það að slíkt álit liggi ekki fyrir endanlega hefur því ekki áhrif á efnislega meðferð málsins hjá nefndinni.

Í málinu er ágreiningur um hvort skilyrði 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu eru uppfyllt annars vegar vegna meðferðar M hjá bæklunarlækninum A og hins vegar vegna meðferðar hjá svæfingalækninum B. Í málinu liggur fyrir sérstök greinargerð óháðs bæklunarlæknis dags. 4. mars 2020 sem kemst að þeirri niðurstöðu að tvenns konar mistök hafi verið gerð við aðgerð M hjá lækninum A. Annars vegar hafi skrúfa gengið of langt niður og í svokallað krummaklakk og hins vegar að þegar í ljós kom eftir aðgerðina og í kjölfar myndrannsókna hefði verið réttast að fara svo fljótt sem auðið væri í enduraðgerð og fjarlægja skrúfur og plötu sem fyrst til að tryggja að þrengsli að taugaflækju hefðu sem minnst áhrif og skyn og vöðvavirkni. Þessu mati hefur ekki verið hnekkt með

gögnum frá öðrum óháðum sérfræðingum og verður að meta það svo að umrædd skýrsla hafi ríkara sönnunargildi en afstaða vátryggðs sjálfs til álitaefnis varðandi 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Verður af mati umrædds óháðs sérfræðings að ráða að bæklunarlæknirinn A hafi mátt haga meðferð sinni þannig að henni hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið og tjón M verði að öllum líkindum rakið til þess. Telst bótaskylda því fyrir hendi úr sjúklingatryggingu læknisins A hjá V1.

Samkvæmt 4. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til meðferðar eða rannsóknar, þ.m.t. aðgerðar, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni. Af læknisfræðilegum gögnum sem liggja fyrir í þessu máli verður ekki ráðið að sýnt sé að skilyrðum þessa liðar sé fullnægt gagnvart læknunum A eða B og kemur hann því ekki frekari til skoðunar.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr sjúklingatryggingu B hjá V2.

Reykjavík, 1. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 181/2020

M og
V v/ slysatryggingar ökumanns ökutækis.

Ágreiningur um hvort orsakatengsl séu á milli sjúkdómseinkenna og slyss á vélsleða.

Gögn.
Málskot, móttekið 15.5.2020, ásamt fylgigögnum ásamt síðari athugasemdum og fylgigögnum.
Bréf V, dags. 15.7.2020.

Málsatvik.
Síðdegis laugardaginn 27. apríl 2013 varð M fyrir meiðslum við akstur vélsleðans A. Í skýrslu sem tekin var hjá lögreglu 2. september 2013 er haft eftir M að hún hafi ekið A upp tiltekið fjall og verið búin að aka nokkra metra þegar hún hafi farið fram af litlum hól og fengið hnykk á sig og lent á stýrinu með hjálminn þar sem hann kom yfir hökuna. Hún hafi haldið akstrinum áfram upp fjallið og til baka aftur um 10 mínútum síðar, en þegar hún hafi tekið hjálminn af höfðinu hafi hana svimað og verið aum í öxl og hálsi. Hún hafi farið daginn eftir til læknis vegna eymsla í öxl og hálsi og með óþægindi í höfði og í hnakka. Við skýrslutökuna kvaðst hún enn finna til í öxlinni vinstra megin þegar hún sé við vinnu.

Samkvæmt gögnum málsins mun M hafa leitað til læknis á tiltekinni heilbrigðisstofnun 28. apríl, daginn eftir slysið, vegna verks í hálsi og vinstri öxl. Hún leitaði einnig til læknis 29. apríl og í beiðni um myndrannsókn þann dag segir: „Snjósleðaslys á laugardag kl. 16. Rak höku í stýri. Verkur við sveigju til vinstri og leiðir út í vi. handlegg. Mest í löngutöng.“ Við rannsóknina munu engin brot eða önnur áverkamerki hafa fundist á hálsliðum.

M mun næst hafa leitað til læknis 8. apríl 2016 vegna verkja vinstra megin í hálsi sem hún rakti til slyssins. Í beiðni um myndrannsókn frá 10. maí 2016 er vikið að sjúkrasögu hennar þar sem fram kemur að hún hafi lent í snjósleðaslysi þremur til fjórum árum áður og tognað á hálsi og öxl vinstra megin og hafi verki í hálsi og í vinstri öxl sem leiði upp í hnakka. Við segulómun sem þá fór fram hafi komið í ljós „lítil disk útbungun á C5-C6 og minni mæli C6-C7, en ekki staðbundið brjósklos og ekkert sem bendir til að þrýsti á mænu eða taugarætur. Ekki heldur merki um slit eða spondyloarthritis.“

M leitaði aftur til læknis 9. júní 2017 þar sem hún lýsti miklum áhyggjum af höfuðverk. Hún væri með dofa og verk út í vinstri hendi og leiðniverk um allt höfuð vinstra megin. Var talið að einkenni þessi tengdust líklega „bólguprócess“ í hálshrygg. Í kjölfarið fór M í myndrannsóknir af heila, hálshrygg og vinstri axlarlið.

M leitaði svo á heilsugæslustöð 20. apríl 2018 vegna heilahristings sem hún hafi fengið á blakæfingu deginum áður er hún rakst á annan leikmann og fengið högg framan á höfuðið og hnykk á háls og dottið síðan á gólfið og fengið högg á vinstri öxl. M leitaði aftur til læknis 23. sama mánaðar vegna enn verri höfuðverkjar og þrýstingstilfinningar í höfði auk þess sem hún hafi fengið yfirliðstilfinningu þá um daginn.

Hinn 23. ágúst 2019 leitaði M á ný til læknis vegna verkja í vinstri öxl sem hafi verið viðvarandi vandamál í sex ár í kjölfar snjósleðaslyss. Hinn 26. sama mánaðar fékk M tilvísun til bæklunarlæknis, B, vegna þeirra einkenna sem hún bjó við, einkum í hálshrygg og vinstri öxl. Í læknabréfi B, dags 22. október 2019, kemur fram að M hafi verið slæm í vinstri öxl í einhver ár. Hún hafi alltaf rekið þetta til vélsleðaslyss sem hún hafi lent í sex árum áður og þá fengið hnykk á öxlina og hálsinn, en alls ekki verið verkjuð fyrsta árið. Þannig lagað nokkuð óljós tengsl. Hún hafi verið slæm síðustu árin og átt erfitt með að lyfta upp fyrir sig og þreytist fljótt. Allt hafi reynst eðlilegt við segulómun af hálshrygg og segulómun af vinstri öxl hafi meira og minna verið eðlileg en sennilega einhver vökvi „subacromialt“. Eina sem unnt væri að bjóða upp á í lækningaskyni væri að spegla öxlina og gera „decompression“. Gekkst M undir slíka aðgerð hjá B 14. nóvember 2109.

M hefur krafist viðurkenningar á bótaskyldu úr lögmæltri slysatryggingu ökumanns B hjá V vegna þess líkamstjóns sem hún kveðst hafa orðið fyrir við atvikið 29. apríl 2013. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem í gildi voru er slysið varð 27. apríl 2013, skal hver ökumaður sem m.a. stjórnar vélsleða vera tryggður sérstakri slysatryggingu og skal vátryggingin tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. laganna.

Líkt og að framan greinir varð M fyrir umræddu vélsleðaslysi 27. apríl 2013. Hún leitaði til læknis strax í kjölfar slyssins, bæði 28. og 29. apríl sama ár vegna þeirra meiðsla sem hún hlaut í slysinu. Næst mun hún hafa leitað læknis 8. apríl 2016 eða tæpum þremur árum síðar vegna einkenna sem hún rakti til slyssins. Ekki verður ráðið að hún hafi leitað læknis aftur vegna þessara einkenna fyrr en rúmu ári síðar eða í júní 2017. Af gögnum málsins að dæma mun hún svo ekki hafa leitað til læknis vegna einkenna sem hún rakti til vélsleðaslyssins fyrr en 23. ágúst 2019, en í millitíðinni, eða í apríl 2018, fékk hún högg á höfuð og hálshnykk og skall í gólfið á vinstri öxl er hún var á blakæfingu. Við skoðun hjá B í október 2019 kvað M einkenni sín í vinstri öxl megi rekja til vélsleðaslyssins í apríl 2013, en hún hafi þó verið verkjalaus fyrsta árið. Af þessum sökum kveður læknirinn tengsl við slysið vera nokkuð óljós.

Engin álits- eða matsgerð hæfs og óvilhalls aðila liggur fyrir í málinu varðandi heilsu M og hvort þau sjúkdómseinkenni sem hún býr við megi rekja til vélsleðaslyssins í apríl 2013. Að frátöldum fyrstu dögunum eftir slysið liðu nærri þrjú ár liðu slysinu uns M leitaði sér læknishjálpar vegna þeirra sjúkdómseinkenna sem hún rekur til slyssins. Síðan leið eitt ár og svo aftur tvö ár, að séð verður, á milli læknisheimsókna vegna þessara einkenna. Samkvæmt þessu og fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum verður ekki fullyrt að þessi einkenni sem M býr nú við hafi verið viðvarandi allar götur frá vélsleðaslysinu 27. apríl 2013 né heldur að þau séu svo sértæk fyrir slysið að sannað teljist að þau megi rekja til þess. Að öllu virtu telst því ekki nægilega sannað að hún eigi rétt á bótum úr slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns B, vélsleðans A, hjá V.

Reykjavík, 1. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 182/2020

M og
V vegna líftrygginga A

Ágreiningur um hvort vanræksla á upplýsingagjöf við töku líftrygginga hafi verið sviksamleg skv. 1. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Gögn.
Málskot móttekið 25.05.2020 ásamt fylgigögnum1-11.
Bréf V dags. 09.06.2020 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að A hafi keypt líftryggingu í júlí 1993 og líftryggingu með sjúkdómatryggingarviðauka í desember 1995. Hún hafi greinst með magakrabbamein með meinvörpum í febrúar 2019 og látist hinn 28. maí sama ár. Eftirlifandi eiginmaður hennar, M, hafi krafið V um greiðslu úr umræddum vátryggingum en V hafi hafnað þeirri kröfu á þeim grundvelli að A hafi með sviksamlegum hætti gefið rangar upplýsingar um heilsufar sitt við töku vátrygginganna. M hafnar því og krefst þess að bótaskylda verði viðurkennd, til vara krefst hann þess að fallist verði á bótaskyldu að hluta en til þrautavara gerir hann kröfu um að iðgjöld verði endurgreidd þar sem umræddar vátryggingar hafa þá verið ógildar frá upphafi.

Í málskoti kemur fram að A hafi, í júní 1989, greinst með sykursýki 1, en tekist hafi að ná góðum tökum á þeim sjúkdómi. Árið 1990 hafi hún jafnframt greinst með skjaldkirtilsóreglu og blóðleysi, þ.e. B-12 skort, en með lyfjagjöf hafi tekist að halda góðri stjórn á því. Í júlí 1993 hafi A og M fengið heimsókn tryggingasölumanns. A hafi sagt honum frá sjúkrasögu sinni en hann ráðlagt henni að taka líftryggingu og hafi hún fyllt út umsókn samkvæmt leiðbeiningum hans. Hafi A svarað því neitandi að hún hafi síðustu tíu ár legið á sjúkrastofnunum vegna sjúkdóms, slyss eða rannsókna. Janframt hafi hún svarað því neitandi að hún hafi, þá eða fyrr, haft aðra sjúkdóma, líkamlega eða andlega. Þessi svör hafi ekki verið gefin í sviksamlegum tilgangi, heldur hafi A ekki munað til þess að hún hefði legið á sjúkrastofnun og talið sig vera við góða heilsu við töku vátryggingarinnar. Á árinu 1994 hafi A þurft að leggjast á sjúkrastofnun, en það hafi verið vegna andlegs og líkamlegs álags í vinnu og einkalífi og orsök þeirrar dvalar því ekki að rekja til sjúkdóms. Hinn 14. desember 1995 hafi A og M aftur fengið heimsókn umrædds sölumanns sem þá hafi ráðlagt A að kaupa líftryggingu með sjúkdómatryggingarviðauka. Sölumaðurinn hafi tjáð A að hún þyrfti ekki að hafa áhyggjur af upplýsingagjöf þar eð vátryggingafélagið mundi sjálft kanna heilsufarssögu hennar. Hafi A fyllt út umsókn eftir hans leiðsögn, og m.a. svarað því neitandi að hún væri, eða hefði verið á lyfjum eða læknismeðferð, hefði fengið óeðlilega blóðsykursmælingu eða misst meira en þrjár vikur samfleytt úr vinnu vegna veikinda á undangengnum þremur árum. A hafi á þessum tíma talið sig heilsuhrausta og hafi verið í fullri vinnu, eins og raunar í þrjá áratugi eftir að hún greindist með sykursýki.

Upphaflega hafi umræddar vátryggingar ekki verið keyptar hjá V, heldur öðru félagi, X, sem síðar hafi gengið kaupum og sölum en V hafi tekið yfir samninga um vátryggingar þessar árið 2017. Ýmislegt bendi til þess að X hafi aflað gagna um heilsufar A, sönnunarbyrði um að svo hafi ekki verið hljóti að liggja hjá V, en slík sönnun hafi ekki tekist, væntanlega vegna þess að skjalavarsla vegna þessara vátrygginga hafi ekki verið hjá V fyrr en svo löngu eftir töku þeirra. X hafi hins vegar borið skylda til að nýta sér þá heimild sem A veitti til að kalla eftir frekari gögnum um heilsufar hennar, og ekki sé rétt að M beri hallann af því að það hafi verið vanrækt. A hafi verið þess fullviss að frekari upplýsinga um hana yrði leitað og því hafi hún ekki viðhaft nein svik við umsókn um umþrættar vátryggingar. Þá gerir M athugasemdir við upplýsingagjöf af hálfu umrædds sölumanns sem hafi haft beina hagsmuni af því að A keypti vátryggingarnar. Á grundvelli alls ofangreinds, svo og þess að sykursýki A hafi ekki átt þátt í að draga hana til dauða, telur M því bótaskyldu fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar er tekið fram að A hafi leitað á göngudeild lyflækninga vegna sykursýki þremur mánuðum áður en hún sótti um vátryggingu í júlí 1993. Þá hafi jafnframt verið gert ráð fyrir endurkomu hennar þremur mánuðum síðar. Útilokað sé að A hafi gleymt því að hún glímdi við sykursýki, B-12 skort og vanvirkan skjaldkirtil er hún fyllti út umrædda umsókn. Í nóvember 1995,

eða rúmum mánuði áður en hún sótti um vátryggingu hinn 14. desember hafi A jafnframt leitað á göngudeild lyflækninga til eftirlits. Sjúkrasaga A bendi þannig eindregið til þess að A hafi vísvitandi leynt upplýsingum við töku vátrygginganna.

Þá er því hafnað að vátryggingafélagi beri skylda til að kalla eftir heilsufarsgögnum, og sé ósannað að viðkomandi sölumaður hafi tjáð A að það yrði gert. Segist umsækjandi vera heilsuhraustur, en undirritun hans feli í sér yfirlýsingu um sannsögli, sé engin ástæða til slíkrar gagnaöflunar. Þá er í bréfi V tekið fram að X starfi enn undir sömu kennitölu, þó að nafn þess hafi breyst og því hafi V aðgang að öllum gögnum þess og ekki fari milli mála að sjúkrasögu A hafi aldrei verið aflað.

Þá vísar V til 2. mgr. 85. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 en háttsemi vátryggingartaka þegar um hreinar áhættulíftryggingar er að ræða þurfi að teljast sviksamleg svo ábyrgð félagsins falli niður, sbr. 1. mgr. 83. gr. sömu laga. Um svik sé að ræða þegar vátryggingartaki veit að upplýsingar sem hann gefur eru rangar eða ófullnægjandi og tilgangur þeirrar upplýsingagjafar er að fá félagið til að gera samning sem það hefði að öðrum kosti ekki gert, eða gert á öðrum kjörum. Þegar litið sé til sjúkrasögu A fyrir töku vátrygginganna megi telja ljóst að hún falli undir þá skilgreiningu. Hefðu réttar upplýsingar legið fyrir við töku vátrygginganna hefðu þær aldrei verið gefnar út. Er kröfum M því hafnað.

Álit:

Í 1. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga er kveðið á um að hafi vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína og vátryggingaratburður hafi orðið beri vátryggingafélag ekki ábyrgð. Þá er í 2. mgr. 85. gr. laganna tekið fram að í hreinum áhættulíftryggingum geti félagið aðeins borið sig að upplýsingaskyldu hafi ekki verið fullnægt ef vátryggingaratburður hafi orðið, eða félagið veitt viðvörun skv. 94. gr. um að það hyggist bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð, innan tveggja ára frá því að ábyrgð þess hófst. Sú takmörkun gildi þó ekki hafi svikum verið beitt. Samkvæmt þessu snýr ágreiningur aðila að því hvort upplýsingar sem A gaf við töku vátrygginga hafi verið rangar eða ófullnægjandi, og hvort um sé að ræða sviksamlegt athæfi í skilningi laganna.

Fyrir nefndinni liggja útfylltar umsóknir A um báðar hinar umþrættu vátryggingar.

Í umsókn um líftryggingu, sem dagsett er hinn 20. júlí 1993, svarar A neitandi spurningu um hvort hún hafi undangengin tíu ár legið á sjúkrastofnun vegna sjúkdóms, slyss eða rannsókna og hvort hún hafi eða hafi haft aðra andlega eða líkamlega sjúkdóma. Af sjúkragögnum, sem einnig liggja fyrir nefndinni má þó ráða að sumarið 1989 hafi A verið lögð, í um tíu daga, inn á sjúkrastofnun til rannsókna og þá greinst með sykursýki 1 og að hún hafi áfram verið undir eftirliti lækna vegna þess sjúkdóms, en af gögnum má ráða að á árunum fyrir töku líftryggingarinnar hafi hún almennt mætt til eftirlits á göngudeild á þriggja mánaða fresti, m.a. hinn 14. apríl 1993 og var þá jafnframt gert ráð fyrir endurkomu þremur mánuðum síðar. Í umsókn sinni svaraði A því jafnframt játandi að hún væri fullkomlega heilsuhraust og vinnufær. Með hliðsjón af því að A var undir reglulegu eftirliti lækna vegna insúlínháðrar sykursýki, verður að líta svo á að með fyrrgreindum svörum hafi hún, með sviksamlegum hætti, gefið rangar upplýsingar.

Í umsókn um vátryggingu sem dagsett er hinn 18. desember 1995 var meðal annars spurt að því hvort umsækjandi væri, eða hefði verið á lyfjum eða undir einhverju læknisefirliti, hefði fengið óeðlilegar niðurstöður blóðrannsókna, t.d. hækkaðan blóðsykur, greinst með sjúkdóm eða vandamál frá maga, eða misst fleiri en þrjár vikur samfleytt úr vinnu á síðustu þremur árum vegna veikinda eða slyss. A svaraði öllum framangreindum spurningum neitandi og sagðist telja sig heilsuhrausta. Af sjúkragögnum, sem liggja fyrir nefndinni má þó m.a. greina að hinn 10. júní 1994 hafi A verið lögð inn bráðainnlögn, sem stóð yfir í 20 daga, vegna kviðverkja, flökurleika og uppkasta, en jafnframt var grunur um að streita spilaði inn í vandamál hennar. Við útskrift tók A fjórar tegundir lyfja. Einnig kemur fram í læknabréfi dags. 8. febrúar 1995 að A hafi þjáðst af magabólgum og að skjaldkirtill þreifist stækkaður. Enn fremur má ráða að A hafi verið undir reglulegu læknisefirliti, aðallega vegna sykursýki sinnar, á árunum 1994 og 1995. Verður af framansögðu því að líta svo á að með fyrrgreindum svörum hafi hún, með sviksamlegum hætti, gefið rangar upplýsingar við töku vátryggingarinnar.

Þá verður ekki séð að unnt sé að byggja á öðrum röksemdum sem M færir fram fyrir því að bótaskylda sé fyrir hendi, enda verður ekki fallist á að skyldu hafi borið til að kalla eftir frekari heilsufarsgögnum A, né að sýnt sé fram á að háttsemi við sölu eða ráðgjöf vegna umræddra vátrygginga hafi verið slík að breyti réttarstöðu aðila hvað þetta varðar.

Verður samkvæmt framansögðu að hafna kröfu M um greiðslu bóta úr umræddum vátryggingum og verður heldur ekki séð, miðað við aðstæður, að efni séu til að fallast á kröfu hans um endurgreiðslu iðgjalda.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta eða endurgreiðslu iðgjalda vegna líftrygginga A hjá V.

Reykjavík, 15. júlí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 183/2020

M og
V v/ húseigandatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á húseign af völdum vatnsleka og kostnaðar vegna lagfæringar á veggflís.

Gögn.
Málskot, móttekið 22.5.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 8.6.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Í janúar 2020 varð M var við vatnsleka í húseign sinni, A. M hafði í gildi húseigandatryggingu hjá V vegna A og 27. janúar tilkynnti hann um tjónið til V. Í tjónstilkynningunni kemur fram að flísar í sturtu séu að byrja að þrýstast út og brotna. Einnig sé parket fyrir utan baðherbergi byrjað að bólgna. Samdægurs mun pípulagningamaður á vegum V hafa skoðað ummerki lekans í A og að mati hans hafi ekki verið um að ræða leka úr lögnum A heldur hafi virst leka meðfram blöndunartækjum vegna óþéttra samskeyta þegar sturtan var í notkun. Í skoðunarskýrslu pípulagningamannsins kemur fram að búið hafi verið að rífa flísar af sturtuvegg og hreinsa. Tjónþoli (M) hafi viljað meina að það hefði lekið með blöndunartækjum og hafi M beðið skoðunarmanninn að hafa samband við múrarameistara sem hafi tekið flísarnar niður. Mun sá múrarameistari hafa tjáð skoðunarmanninum að vitlaust hafi verið gengið frá í kringum blöndunartækin, ekki hafi verið notuð gúmmíþétting/kítti og þar af leiðandi hafi vatn náð að leka á bak við rósettu. Ekki hafi verið búið að framkvæma neinar viðgerðir á rörunum.

Að beiðni M munu skoðunarmenn á vegum V hafa skoðað aðstæður að nýju 28. janúar og komist að sömu niðurstöðu og skoðunarmaðurinn komst að deginum áður varðandi orsakir lekans. Með tölvubréfi 31. janúar hafnaði V bótaskyldu úr húseigandatryggingunni þar sem tjónið félli ekki undir bótasvið vátryggingarinnar. M sætti sig ekki við afstöðu V og að beiðni M voru aðstæður í A skoðaðar að nýju 6. og 10. febrúar, en í síðara sinnið mun skoðunarmaðurinn hafa verið frá sama fyrirtæki og sá skoðunarmaður sem skoðaði aðstæður fyrst, þ.e. 27. janúar. Niðurstaða þessara matsmanna mun hafa verið hin sama og fyrri skoðunarmanna að ekki væri um leka úr lögnum hússins að ræða heldur að vatn læki með blöndunartækjum vegna óþéttra samskeyta.

Við svo búið lét M lagfæra baðherbergið og 16. mars fékkst leyfi til að nota sturtuna að nýju. Tíu dögum síðar, eða 26 mars, kveðst M hafa orðið var við rakabletti á steyptum vegg beint undir leiðslum fyrir sturtuna. Kveður M að af hálfu V hafi ekki verið gengið nægilega úr skugga um að „enginn leki væri í leiðslunum eins og kemur fram í gr. 14.5.5 í bygg.rgl með þéttileika og þrýstiprófun, að neysluvatnslagnir séu þannig hannaðar og frágengnar að þéttileiki þeirra sé tryggður á fullnægjandi hátt, skoða lagnagrind o.s.frv. Tjónþolar urðu ekki varir við að þetta hafi verið gert af hálfu tryggingafélagsins og voru mjög illa upplýstir allt ferlið hvað var metið og hvernig.“ Hafði M af þessu tilefni samband við V og óskaði eftir frekari athugun á lekanum sem hann hafði þá orðið var við. Pípulagningamaður skoðaði verksummerkin 8. apríl og svo aftur 20. apríl og þá ásamt múrara sem taldi nauðsynlegt að brjóta upp eina veggflís til að skoða betur ummerki í veggnum. Aðilar á vegum V munu svo einnig hafa komið 24. og 27. apríl til að skoða frekar ummerki og fylgjast með hvort raki í veggnum færi minnkandi. Með tölvubréfi V til M 30. apríl var fyrri höfnun á bótaskyldu áréttuð þar eð nánari skoðun hafi ekki bent til þess að lagnir A væru að leka. Þá var tekið fram í tölvubréfinu varðandi kostnað við að lagfæra þá veggflís sem múrari hafði brotið upp 20. apríl að V væri reiðubúið að greiða M þan kostnað með fjögurra tíma vinnu en M yrði sjálfur að sjá um að verkið yrði unnið. Með tölvubréfi sama dag kvaðst M hafna boði V og kvaðst vilja „að þið skaffið múrara til að setja flísina á og ganga frá á sama hátt og var áður.“ Sama dag sendi V að nýju tölvubréf til M þar sem fram kom að aðkomu V að málinu væri lokið og M yrði sjálfur að sjá um að lagfæra umrædda flís, þar sem M hafi hafnað tillögu V og því væri tilboð þess „út af borðinu.“

M vill ekki una afstöðu V og í málskoti kvartar hann yfir í fyrsta lagi að honum verði afhentar skýrslur sem V hefur undir höndum varðandi rakamælingar sem gerðar hafi verið á vegum V, svo og „mat á hvaða aðferðir eru notaðar til þess að leita að orsök lekans og rökstuðning fyrir niðurstöðu félagsins“, í öðru lagi að V hafi ekki orðið við ósk M um að fá óháðan matsaðila sem ekki hafi hagsmuna að gæta og komi nýr að málinu til að finna orsök lekans, í þriðja lagi er gerð krafa um að V lagfæri skemmdir í sturtu eftir að veggflís hafði verið brotin upp og í fjórða lagi að orsök lekans verði fundin og lagnir lagfærðar þannig að M sitji ekki eftir með tjón.

Álit.

Samkvæmt bótasviði í skilmálum húseigandatryggingar V, sem M hafði í gildi hjá félaginu, bætir vátryggingin tjón á hinu vátryggða, þ.e. A í því tilviki sem hér um ræðir, af völdum vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. M hefur sönnunarbyrði um að þessum bótaskilyrðum sé fullnægt þannig að bótaskylda stofnist úr vátryggingunni.

Kvörtun M fjallar í fyrsta lagi um að V hafi ekki afhent honum tiltekin gögn sem, að því er virðist, lúta að rakamælingum í A og rökstuðningi fyrir ákvörðun V að hafna bótaskyldu. Ekki er ljóst hvaða gögn V hefur undir höndum og geta fallið undir þá kvörtun sem hér um ræðir. Hvað sem því líður verður að telja að V hafi ekki frekari gögn eða upplýsingar í fórum sínum en rakin hafa verið í samskiptum aðilanna, svo sem í tölvupóstum, og þýðingu geta haft fyrir M til að meta á hverju höfnun M á bótaskyldu er byggð. Er því ekki efni til að taka kvörtun þessa til greina.

Í öðru lagi kvartar M yfir því að V hafi ekki orðið við ósk M um að fá óháðan matsaðila sem ekki hafi hagsmuna að gæta og komi nýr að málinu til að finna orsök lekans. V hefur kallað til allmarga aðila til að skoða aðstæður í A í því skyni að fá úr því skorið hvort tjón af völdum vatnslekans sé bótaskylt úr vátryggingunni. Af gögnum málsins má ráða að í flestum tilvikum sé um að ræða sjálfstæða verktaka sem veita V þjónustu og ráðgjöf í tengslum við tjón og tjónamöt. Ef M hefur talið ástæðu til að vefengja niðurstöður þessara aðila varðandi orsök vatnslekans var það fyrst og fremst í hans hendi að afla skoðunar- eða matsgerðar hæfs og óvilhalls aðila um vatnslekann og orsök hans í því skyni að sýna fram á að tjónið væri að rekja til atvika sem féllu undir bótasvið vátryggingarinnar og teldist þar með bótaskylt úr vátryggingunni. Eins og hér stóð á gat M ekki gert kröfu um að V kæmi að öflun slíkrar skoðunar- eða matsgerðar. Kvörtun M að þessu leyti verður því ekki tekin til greina.

Í þriðja lagi gerir M kröfu um að V lagfæri skemmdir í sturtu eftir að veggflís sem hafði verið brotin upp af hálfu múrara á vegum V 20. apríl til að sjá betur bak við flísina hver væri orsök þeirrar rakamyndunar sem þá hafði komið fram í vegg undir leiðslum fyrir sturtu. Eins og áður getur bauðst V í tölvubréfi til M 30. apríl til að greiða fyrir lagfæringu á flísinni með greiðslu sem nemur fjórum vinnustundum. Samkvæmt 3. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga getur vátryggður krafist greiðslu bóta í peningum þegar annað leiðir ekki af vátryggingarskilmálum eða lögum. Með vísan til þessa getur M ekki gert kröfu til þess að V sjái um eða annist viðgerð á veggflísinni sem brotin var upp. V hafði hins vegar lofað tiltekinni peningagreiðslu vegna viðgerðarinnar og ekki er unnt að skilja viðbrögð M svo að hann hafi leyst V undan því að inna af hendi þá greiðslu sem það hafði boðið í þessu sambandi. Eftir atvikum verður að telja að V beri að standa við loforð sitt um greiðslu sem nemur fjórum vinnustundum til viðgerðar á flísinni.

Í fjórða lagi krefst M að orsök lekans verði fundin og lagnir lagfærðar þannig að hann sitji ekki eftir með tjón. Þessa kröfu verður að skilja svo að krafist sé viðurkenningar á bótaskyldu V úr húseigandatryggingunni. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að vatn hafi lekið um nokkurn tíma þegar M varð lekans var. Þá liggur heldur ekki fyrir nein skoðunar- eða álitsgerð sem sýnir fram á að tjónið stafi af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr leiðslum A. Að öllu athuguðu hefur ekki því ekki verið sýnt fram á að tjónið sé að rekja til leka vatnsleiðslum sem falli undir bótasvið vátryggingarinnar og því eru skilyrði bótaskyldu úr vátryggingunni ekki fyrir hendi. M á því ekki rétt á bótum úr vátryggingunni vegna vatnstjónsins í A.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum vegna vatnstjóns úr húseigandatryggingu hjá V. V greiði hins vegar M í peningum fjárhæð sem nemur fjórum vinnustundum til viðgerðar á veggflís sem var brotin upp 20. apríl 2020.

Reykjavík, 15. júlí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 184/2020

M og
V v/fasteignatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum vatnsleka í húseign.

Gögn.
Málskot móttekið 25. maí 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 3. júní 2020, ásamt tjónstilkynningu dags. 17. maí 2020, höfnunarbréfi V dags. 22. maí 2020, myndum af aðstæðum og tjóni og skráum samskiptum V vegna tjónsins.

Málsatvik.
Í tjónstilkynningu M til V dags. 17. maí sl. kemur fram að skolprör frá klósetti og affallsrör frá baðherbergisvaski virðist hafa losna frá fyrir töluverður síðan og skemmdir hafi orðið á útveggjum, veggjum í kjallara, lofti og burðarbitum í húseign M.

M telur að skilyrði vátryggingarskilmála um að tjón hafi orðið með ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum ætti þar sem frárennsli frá salerni hafi losnað skyndilega og því lekið beint niður í kjallara. M bendir einnig á að skipt hafi verið um skolplagnir fyrir 8 árum síðan og hafi þær verið í rými í kjallara þar sem hafi verið búið að loka fyrir með plötu sem gerði það að verkum að hann hafi ekki uppgötvað afleiðingar lekans strax.

V sendi skoðunarmann á tjónsstað sem taldi mat að um langvarandi leka hafi verið að ræða sem olli tjóni á húseigninni. V vísar til þess mats því til grundvallar að hafna bótaskyldu þar sem gildissvið vátryggingarinnar sé þannig skilgreint í 1. gr. vátryggingarskilmála að vátryggingin greiði einungis bætur vegna skemmda á vátryggðri húseign sem stafi eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum hennar. Einnig vísar V til 2. gr. sömu skilmála þar sem undanþegið er sérstaklega tjón vegna vatns úr skolp- eða frárennslislögnum, tjóns vegna missigs frárennslislagna og tjóns sem hýst af langvarandi raka eða vatnsleka og tjón vegna myglu eða sveppagróðurs. V telur sýnt af myndum og skoðun starfsmanns félagsins á aðstæðum eð um sé að ræða tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka og jafnvel vegna missigs frárennslislagna. Hvort um sig sé undanþegið í b. og c.lið 2. gr. vátryggingarskilmála og því telur V tjón M ekki greiðsluskylt úr fasteignatryggingu hans.

Álit.
Samkvæmt bótasviði í 1. gr. skilmála fasteignatryggingar þeirrar sem hér á í hlut greiðir vátryggingin bætur vegna skemmda á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum hennar. M hefur sönnunarbyrði um að þessum bótaskilyrðum sé fullnægt þannig að bótaskylda stofnist úr vátryggingunni. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að vatn hafi lekið um alllangt skeið áður en M kveðst hafa orðið lekans var og skemmdir orðið á húseign hans. Þannig verður að ætla að skemmdirnar hafi, hlutrænt séð, ekki orðið skyndilega eins og áskilið er samkvæmt skilmálaákvæðinu. Að öllu athuguðu hefur því ekki verið sýnt fram á að tjónið sé að rekja til skyndilegs leka úr vatnsleiðslum og því séu skilyrði bótaskyldu úr vátryggingunni ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 26. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 185/2020

M og
V v/ húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bakarofni.

Gögn.
Málskot, móttekið 26.05.2020.
Bréf V, móttekið 08.06.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 11.06.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 5. maí 2020 hafi M orðið fyrir tjóni þegar hurð á bakarofni losnaði, féll í gólfið og eyðilagðist. M krafðist bóta úr húseigendatryggingu sinni en kröfu hans hafi verið hafnað á grundvelli þess að vátryggingin bætti ekki tjón á gleri í heimilistækjum. M hafi ekki fellt sig við það og bent V á að aðeins eitt glerjanna hefði brotnað við það að hurðin losnaði með þeim afleiðingum að karmurinn eyðilagðist, en hins vegar svaraði ekki kostnaði að skipta um einstaka hluti í hurðinni, heldur þyrfti að skipta um hana alla. V hafi enn hafnað kröfu hans en þá á þeim grunni að vátryggingin bætti tjón þegar það stafaði af tilfallandi bilun. Tjón á bakarofni M hefði hins vegar orðið þegar ofnhurðin var opnuð, þ.e. tjónið stafaði af mannavöldum en ekki tilfallandi bilun. M er ósammála þeirri túlkun og telur bótaskyldu fyrir hendi, þar sem tjónið hafi orsakast af því að löm væri slitin, þ.e. tilfallandi bilun. Þá hafi M sérstaklega boðið V að skoða aðstæður en það hafi ekki verið gert.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að fallist hafi verið á bótaskyldu úr vátryggingu M hjá félaginu en að hún næði bara upp að ákveðnu marki. Í bréfi M eru framanreifaðar röksemdir áréttaðar. Vátryggingin bæti í fyrsta lagi, samkvæmt skilmálaákvæði 9.4.5, ekki tjón á gleri í heimilistækjum. Þá sé litið til skilmálaákvæðis 9.5.1 en þar komi fram að vátryggingin bæti tjón af völdum brots þegar innréttingar, loftklæðningar eða aðrir hlutar hússins falla og brotna vegna tilfallandi bilunar. Önnur lömin á hurðinni hafi gefið sig þegar M opnaði ofninn. Það geti ekki talist tilfallandi bilun. Jafnvel þó umrætt atvik yrði talið falla undir það að vera „bilun“ í skilningi skilmálanna verði og að líta til þess að umræddur ofn sé fimmtán ára gamall og því líklegt að tjónið megi rekja til áralangrar notkunar og slits, en að öðru leyti liggi ekkert fyrir um ástand lamarinnar eða ofnsins. Er því bótaskyldu vegna tjóns á ofnhurðinni hafnað.

Álit.
Gögn um umrætt tjón og atvik að baki því eru afar takmörkuð fyrir nefndinni. Verður þó að byggja á því að aðilar séu sammála um að ágreiningur þeirra hverfist um það hvort „tilfallandi bilun“ hafi valdið því að hurðin af bakaraofninum losnaði og féll í gólfið. Það er M sem ber sönnunarbyrði fyrir því að svo hafi verið. Þar eð hvorki nýtur við nánari lýsingar á umræddri löm eða öðrum íhlutum hurðarinnar, ljósmynda af hurðinni, mats verkstæðis á því hvað hafi orsakað umrætt tjón eða annarra gagna er varpað geti frekara ljósi á atvik málsins er ekki unnt að byggja á því að slík sönnun hafi tekist. Er bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum vegna tjóns á ofnhurð úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 26. júní 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 187/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar vegna áaksturs hinn 5.4.2020

Gögn:
Málskot dags. 26.5.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 3.6.2020 ásamt fylgiskjali nr. 1.

Málsatvik.
Hinn 5. apríl 2020 var bifreið M ekið út úr bílastæðahúsi upp um ramp á lóð fasteignar í eigu X. Um er að ræða einbreiðan ramp sem afmarkaður er með grjótgarði vinstra megin við aksturssstefnu bifreiðarinnar og steyptum vegg hægra megin. Við efsta hluta rampsins til hægri, þar sem veggurinn endar, eru einnig nokkrir stórir steinar sem skilja akleiðina frá gangstétt og bílastæðum á lóðinni. Þegar bifreiðinni var ekið upp rampinn rakst hún utan í stein hægra megin á enda rampsins, svo tjón hlaust á fram- og afturhurð bifreiðarinnar hægra megin. M lýsir aðstæðum með þeim hætti að talsverður snjór hafi verið á svæðinu og skafl myndast efst í rampinum þannig að ekki sást í kanta eða grjótgarða á endum útkeyrslunnar. Steinninn sem hann ók á hafi verið undir snjó og því ekki sjáanlegur.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu á þeim grundvelli að tjónið verði rakið til gáleysis X sem veghaldara og/eða fasteignareiganda. Vísar M í þessu sambandi til þess að steinninn hafi skagað út á akbrautina og að X hafi hafi látið undir höfuð leggjast að lagfæra það þrátt fyrir að hann hafi áður verið látinn vita af tjónum á öðrum bílum vegna steinsins.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að staðsetning grjótsins sé ekki til þess fallið að valda tjóni, enda sé ekið í þeirri fjarlægð frá grjótgarðinum sem ætlast sé til. Telur félagið að tjón M verði einungis rakið til aðgæsluleysis hans sjálfs og þess að hann gætti ekki fyllstu varúðar við aksturinn.

Álit:
Í gögnum málsins er að finna myndir af aðstæðum, þar sem sjá má að grjót beggja vegna akbrautarinnar. Ekki verður séð af myndunum að grjót skagi út á akbrautina eða sé sérstaklega til þess fallið að valda hættu eða tjóni á bifreiðum sem ekið er um rampinn. Þá liggja ekki fyrir nein gögn sem staðfesta að X hafi haft vitneskju um að á svæðinu hafi áður orðið tjón eða að aðstæður kynnu að vera varhugaverðar. Er því ekki sýnt fram á að X hafi verið rétt að grípa til aðgerða vegna þessa. Áakstur bifreiðarinnar verður því ekki rakið til atvika sem X verður kennt um. M á þar af leiðandi ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 26. júní 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 188/2020

M og
V v/ábyrgðartryggingar X

Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda vegna vinnuslyss 18. mars 2019.

Gögn.
Málskot dags. 14. maí 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 10. júní 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X þar sem var að sópa gólf þegar hann rak tær í bretti á gólfi og féll. M telur að það að bretti hafi verið á gólfi í gangvegi á vinnustaðnum brjóti gegn ákvæðum 13. og 38. gr. laga nr. 46/1980 um að gæta eigi fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað og við framkvæmd vinnunnar. M vísar einnig til þess að X hafi brotið gegn fyrirmælum í 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða þar sem skipulag vinnu á þrifadegi hafi ekki verið nægilega gott. Einnig vísar M til þess að slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins sbr. skyldu í 79.-81. gr. sömu laga, mál hans hafi ekki verið rannsakað af hálfu eftirlitsins og verði því að leggja frásögn M til grundvallar varðandi málsatvik, sbr. dómaframkvæmd. M vísar til þess að einhver starfsmaður X hafi komið fyrir bretti í gangvegi og verði X að bera ábyrgð á þeirri háttsemi og vísar einnig til málavaxta í máli Hrd. 370/2006.

V hefur hafnað því að sannað sé að M hafi orðið fyrir líkamstjóni en ef svo er að greiðsluskylda sé ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu. V telur að M hafi verið að vinna einfalt verk og dottið vegna eigin aðgæsluleysis og ekki hafi sérstök hætta stafað af því bretti sem lá á gólfi vinnustaðarins. Einnig vísar M til Hrd. 725/2010 og telur tilvísun M til Hrd. 370/2006 ekki eiga við. V vísar einnig til þess að læknisfræðileg gögn málsins sýni ekki með óyggjandi hætti að M hafi hlotið líkamstjón við vinnu sína hinn 18. mars 2019.

Álit.
Í gögnum málsins liggur ekki fyrir ítarleg lýsing atvika af hálfu M sjálfs, nema tjónstilkynning til Sjúkratrygginga Íslands sem dags. er 17. apríl 2019 sem undirrituð er af starfsmanni lögmannsstofu sem M hefur veitt umboð. Þar er atvikum þannig lýst að M hafi verið að taka til í húsnæði og við þrif á sérstökum þrifadögum og hafi hann skv. eigin frásögn fallið á hné á steinsteypt gólf þegar hann rak tær í bretti. Í tilkynningu X til Vinnueftirlitsins dags. sama dag lýsir fulltrúi X atvikum með sama hætti. Ekki er því ágreiningur um málsatvik hvað varðar aðdraganda þess atviks sem M kveðst hafa hlotið líkamstjón vegna. Verður ekki séð af gögnum málsins að skipulag vinnu á vinnustað X hafi brotið gegn fyrirmælum vinnuverndarlaga eða reglna og ekkert í málinu gefur til kynna að staðsetning brettis þess sem M rak tærnar í hafi verið með þeim hætti að augljós slysahætta hafi stafað af. Verður því ekki fallist á að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X geti borið skaðabótaábyrgð á mögulegu líkamstjóni M. Þegar af þeirri ástæðu er ekki fallist á að greiðsluskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. júlí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 189/2020

M og
V v/ vátryggingar á seldum vörum.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á sjónvarpi.

Gögn.
Málskot, móttekið 28.05.2020, ásamt fylgigögnum.
Svarbréf af hálfu V, dags. 19.06.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 26.06.2020.

Málsatvik.
M krefst bóta úr sérstakri vátryggingu hjá V, vegna tjóns á sjónvarpi, en af gögnum málsins má ráða að hann hafi keypt vátrygginguna hjá seljanda sjónvarpsins samhliða kaupum á því. Nánar tilgreind vátryggingamiðlun, A, annast milligöngu um bótauppgjör samkvæmt vátryggingunni fyrir hönd V.

Í málskoti lýsir M atvikum svo að sjónvarpið hafi staðið á tvöfaldri kommóðu, þegar það hafi fallið á gólfið og skemmst. Nánar tiltekið hafi X, sem virðist hafa haft sjónvarpið í sinni vörslu, verið að prófa og rekist með kúst eða moppu í rafmagnssnúrur tækisins, sem hafi valdið því að sjónvarpið hafi oltið og hafnað á gólfinu með framangreindum afleiðingum. Um óhapp hafi verið að ræða.

Í svari A fyrir hönd V til nefndarinnar kemur fram að við upphaflega tjónstilkynningu hafi X lýst atvikum svo að sjónvarpið hafi verið veggfest og fallið á gólfið við það að kústur hafi rekist í snúrur þess. Þrátt fyrir þessa lýsingu hafi borðstandur sjónvarpsins verið skemmdur. Hafi það því verið mat þess sem tjónaskoðaði sjónvarpið að lýsing á atvikum kæmi ekki heim og saman við skemmdirnar á tækinu. X hafi ekki notað það tækifæri til að leiðrétta upphaflega tjónsatvikalýsingu. Í kjölfarið hafi M haft samband og sagt upphaflega lýsingu á tjónsatvikum ranga, sjónvarpið hefði aldrei verið vegghengt heldur staðið á kommóðu. Eftir standi að skemmdirnar á sjónvarpinu séu of miklar til að þær hafi getað átt sér stað með þeim hætti sem M og X vilji meina. Er kröfu M því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M kvartar hann yfir því að A fyrir hönd V vilji ekki leiðrétta ranga tjónaskýrslu. Sjónvarpið hafi alltaf staðið á háum skenki og fallið þaðan í gólfið. A hafi ekki viljað skoða aðstæður á tjónsstað en hefði það verið gert hefði komið í ljós að engin göt eða för eftir veggfestingu sé að finna á veggnum enda hafi veggfesting aldrei verið notuð.

Álit.
Í svari A til nefndarinnar er hvorki að finna tilvísun til ákvæða skilmála umræddrar vátryggingar né til laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þá virðast skilmálar umræddrar vátryggingar ekki meðal gagna fyrir nefndinni, en vísað er til þeirra í vátryggingarskírteini. Er því nokkuð örðugt að henda reiður á því á hvaða grunni höfnun bótaskyldu byggir.

Vátryggingarskírteini, eins og það kemur fyrir á sölukvittun vegna sjónvarpstækisins, er meðal gagna fyrir nefndinni og raunar eina gagnið fyrir nefndinni sem innfelur upplýsingar um skilmála umræddrar vátryggingar. Þar er að finna sérstakar varúðarreglur í töluliðum 1-3, en samkvæmt 26. gr. laga um vátryggingarsamninga getur vátryggingafélag gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Af svörum A til nefndarinnar verður ekki ráðið að byggt sé á því að brotið hafi verið gegn umræddum varúðarreglum heldur virðist höfnunin byggð á því mati að lýsing á tjónsatviki samræmist ekki umfangi tjónsins. Engin gögn liggja hins vegar fyrir um að svo sé, né er rökstutt nánar hvernig höfnun bótakröfu verði byggð á því. Verður því ekki séð hverju það varðar að ósamræmi sé í atvikalýsingum varðandi það hvort umrætt sjónvarp hafi verið vegghengt eða staðið á skenk, enda liggur ekkert fyrir um að brotið hafi verið gegn umræddum varúðarreglum við vörslur eða notkun hins vátryggða.

Hefur því ekki verið sýnt fram á af hálfu V að skilyrði séu að lögum til að hafna bótaskyldu. M á því óskoraðan rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr vátryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 192/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartrygginga bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 2. maí 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 28.05.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 10.06.2020.
Bréf V2, dags. 03.06.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 15.06.2020.

Málsatvik.
Hinn 2. maí 2020 varð árekstur milli A, sem M ók umrætt sinn, og B, á bifreiðastæði við Dalveg í Kópavogi. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú að þar sem báðir ökumenn hefðu verið að aka aftur á bak í aðdraganda áreksturs skyldi sök skipt til helminga. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og segir í málskoti að hún telji sig eiga að vera í 100% rétti þar eð hún hafi verið kyrrstæð þó nokkru áður en B bakkaði á A. Framburður vitnis staðfesti jafnframt þá málavaxtalýsingu auk þess sem ökumenn A og B hafi báðir skrifað undir það á framhlið tjónstilkynningar að A hafi verið kyrrstæð við áreksturinn.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar segir að ljóst sé að ökumenn hafi báðir ekið aftur á bak úr stöðureitum, M hafi tekið eftir B fyrir aftan sig og því stöðvað bifreiðina og þannig gert allt sem í hannar valdi stóð til að koma í veg fyrir árekstur. A hafi því verið kyrrstæð þegar B ók á hana. Þar af leiðandi, og með hliðsjón af því sem fram komi í tjónstilkynningu, beri B því fulla ábyrgð á því að árekstur varð.

V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, segir í bréfi sínu til nefndarinnar að þó A hafi stöðvað á undan B hafi bifreiðarnar, samkvæmt framburði vitnis, verið mjög nálægt hvor annarri og því hafi verið um augnabliksstöðvun að ræða, A hafi snarstöðvað rétt áður en árekstur varð. Báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak í aðdraganda árekstrar og beri samkvæmt framansögðu að skipta ök til helminga.

Álit:
Á framhlið tjónstilkynningar sem ökumenn fylltu út á vettvangi er hakað við „ók úr kyrrstöðu frá gangstétt/vegarkanti/opnaði dyr“ og „ók aftur á bak“ vegna beggja bifreiða. Þá er ritað við hlið afstöðumyndar að A hafi verið „stopp þegar árekstur varð“. Nánari lýsing ökumanns A í tjónstilkynningu er á þann veg að árekstrarvörn í bifreið A hafi farið í gang og hún þá snarstoppað, og séð bifreið B fyrir aftan sig en sú bifreið hafi ekki stöðvað með þeim afleiðingum að árekstur varð. Þá liggur fyrir nefndinni svohljóðandi framburður vitnis: „Ég horfði á báða bílana bakka samtímis út stæðunum og tóku greinilega ekki eftir hvorum öðrum en ég sá að annar bíllinn stoppaði á undan hinum en þeir voru komnir mjög nálægt hvorum öðrum.“ Þá liggur fyrir nefndinni lýsing V2 á því að haft sé eftir ökumanni B að hún sé ekki sammála M um að A hafi verið kyrrstæð.

Í samræmi við það sem segir á framhlið tjónstilkynningar verður að miða við að báðir aðilar hafi ekið aftur á bak í aðdraganda árekstrar. Þá verður líka, samkvæmt frásögn M sjálfrar, að miða við að hún hafi ekki veitt B athygli fyrr en viðvörunarkerfi í bifreið hennar fór í gang. Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Verður að miða við að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Það hefur þá ekki, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, úrslitaáhrif þó A hafi stöðvað bifreið sína áður en til árekstrar kom, enda virðist af framburði vitnis sem það hafi einungis verið örskotsstund áður og að bifreiðarnar hafi þá þegar verið mjög nálægt hvor annarri. Samkvæmt framansögðu, og með hliðsjón af áðurnefndum merkingum á framhlið tjónstilkynningar verður ekki séð að annar ökumanna

eigi að bera meiri sök en hinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, verður sök skipt þannig að hvor ökumanna beri helming sakar.

Niðurstaða.
Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 15. júlí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 193/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar X

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna tjóns í kjölfar þess að olía lak af bifreið.

Gögn.
Málskot dags. 18.5.2020, ásamt fylgiskjölum nr. 1-9.
Bréf V dags. 5.6.2020, ásamt fylgiskjali nr. 1.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að skipt var um olíu á bifreið M, hinn 19. ágúst 2019, á smurstöð X í Kópavogi. Í smurbók ökutækisins kemur fram að staða ökumælis hafi verið 114.419 mílur þegar olíuskiptin áttu sér stað. Færslan í smurbókinni er þó ekki árituð af starfsmönnum X með undirskrift eða stimpli líkt og gjarnan er gert. Að sögn M varð fyrst vart við olíuleka og óeðlileg hljóð frá vél bifreiðarinnar í október 2019 þegar búið var að aka bifreiðinni u.þ.b. 200 mílur frá olíuskiptum. M kveðst hins vegar ekki hafa haft grun um að bilunin yrði mögulega rakin til mistaka við olíuskipti. Þá taldi M ekki aðkallandi að fara með bifreiðina í viðgerð því hann hafði aðgang að öðrum bifreiðum. Fór hann fyrst með bifreiðina á verkstæði í byrjun desember 2019. M hefur lagt fram greiningu bifreiðaverkstæðis á biluninni sem fram fór þann 5. desember 2019. Þar kemur m.a. fram að olíu vanti á bifreiðina, kerti séu léleg auk þess sem mikið bank og smellir komi úr vél. Þegar bifreiðin hitni byrji að leka olía með olíutappa undir vél í umtalsverðu magni. Þá kemur fram í greiningunni að vegna þess að bifreiðin hafi tapað olíu hafi legur á sveifarási ofhitnað og eyðilagst.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu þar sem engar aðrar mögulegar skýringar séu á tjóninu en að starfsmenn X hafi gert mistök við herslu á olíutappa vélarinnar.

V telur skaðabótaábyrgð ekki fyrir hendi og vísar til þess að ýmsar ástæður geti legið að baki olíuleka 20 ára gamallar bifreiðar, aðrar en óforsvaranleg vinnubrögð starfsmanna X. Enn fremur vísar V til þess að olíuleki hafi komið í ljós tveimur mánuðum eftir að olíuskiptin fóru fram en M hafi þó ekkert aðhafst vegna þess fyrr en fjórum mánuðum frá smurþjónustu X. Telur V ósannað að tjónið verði rakið til smurvinnu starfsmanna X.

Álit:
Ágreiningur málsins snýr að því hvort skemmdir á vél bifreiðarinnar verði raktar til mistaka við smurþjónustu hennar hjá X, þann 19. ágúst 2019. Sönnunargögn um það sem kann að hafa valdið skemmdum á vélinni eru mjög af skornum skammti. Í ljósi þess hversu lítið af gögnum um orsakir tjónsins liggja fyrir verður á grundvelli fyrirliggjandi gagna ekki talið nægilega sannað að tjónið verði rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. júlí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 194/2020

M og
V vegna slysatryggingar launþega hjá sveitarfélaginu A

Ágreiningur um hvort tilkynnt hafi verið um tjónsatburð innan tilkynningarfrests.

Gögn.
Málskot dags. 02.06.2020 ásamt fylgiskjölum 1-11.
Bréf V dags.16.06.2020.

Málsatvik.
Í málskoti er atvikum lýst svo að hinn 30. desember 2016 hafi M orðið fyrir slysi við starf sitt hjá A en ekki sé deilt um atvik sem slík. M hafi meiðst á sitjanda og rófubeini. Hinn 5. janúar 2017 hafi M leitað til læknis vegna afleiðinga slyssins en við röntgenmyndatöku síðar í þeim mánuði hafi ekki greinst fersk brot og hann því fengið áskrifuð verkjalyf og upplýsingar um að líklega væri um beinmar að ræða sem gengi til baka með tímanum. Sumarið 2019 hafi M enn verið með viðvarandi verki og leitað á hjúkrunarvakt. Þá hafi hann áttað sig á því að einkenni hans væru líkast til varanleg og áframhaldandi rannsóknir hafi sýnt fram á beinmar og bjúg milli rófubeinsliða. M hafi leitað til lögmanns og slys hans verið tilkynnt til V hinn 31. júlí 2019, tveimur dögum eftir komu M á hjúkrunarvakt. Hinn 29. október 2019 hafi V hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að ekki hefði verið tilkynnt um slysið innan árs frá því að M fékk vitneskju um þau atriði er krafa hans væri reist á, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og telur að hann hafi fyrst getað gert sér grein fyrir því að um bótaskylt atvik kynni að vera að ræða eftir viðtal við hjúkrunarfræðing í lok í júlí 2019, enda hafi hann fram að því talið að einkenni hans mundu jafna sig með tímanum. V hafi þá verið tilkynnt um slysið tveimur dögum síðar. Ófært sé að miða upphaf tilkynningarfrests við fyrra tímamark, enda hafi M fram að því fylgt ráðleggingum lækna um að gefa áverkunum tíma til að jafna sig.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið geti með engu móti fallist á að það hafi fyrst verið eftir komu M á hjúkrunarvakt í júlí 2019 sem hann hafi gert sér grein fyrir afleiðingum slyssins. M hafi þá haft viðvarandi verki frá slysdegi og það að hann hafi ekki leitað læknis vegna þess í tvö og hálft ár leiði ekki til þess að tilkynningarfresturinn framlengist. Ekki verði ráðið af gögnum málsins að einkenni M hafi verið þess eðlis að það hafi tekið hann umtalsverðan tíma að gera sér grein fyrir tjóni sínu. Eftir að hafa verið með viðvarandi verki í 12-18 mánuði eftir slysið hafi M mátt gera sér grein fyrir afleiðingum þess. Sé umræddur tilkynningarfrestur því liðinn og kröfu M hafnað.

Álit:
M varð sem fyrr segir fyrir slysi hinn 30. desember 2016 en V var tilkynnt um tjónið hinn 31. júlí 2019, eða um tveimur árum og sjö mánuðum eftir tjónsdag. Af gögnum málsins má ráða að M hafi ekki leitað læknisaðstoðar vegna afleiðinga slyssins á tímabilinu 20. janúar 2017 til 29. júlí 2019. Þrátt fyrir það má ráða af þeim læknisfræðilegu gögnum sem fyrir nefndinni liggja að hann hafi fundið fyrir afleiðingum þess allan þann tíma. Þannig segir t.a.m. í læknisvottorði vegna komu hans á hjúkrunarvakt hinn 29. júlí 2019 að M „finnst hann ekkert vera að lagast“. Þá er í málskoti talað um „viðvarandi“ verki. Má af þessu ráða að M, þrátt fyrir að leita sér ekki læknismeðferðar um tveggja og hálfs árs skeið, hafi fundið fyrir afleiðingum slyssins allan þennan tíma, og liggur ekkert fyrir í málinu um að einkenni hans hafi breyst eða þróast. Jafnvel þó M hafi, samhliða ávísun á verkjalyf, hinn 20. janúar 2017, fengið þær upplýsingar hjá lækni að einkennin mundu jafna sig með tímanum, en raunar kemur ekkert skýrt fram um það í fyrirliggjandi læknisfræðigögnum, er óhjákvæmilegt að líta svo á, að M hafi haft vitneskju um þau atvik sem krafa hans er reist á meira en ári áður en hann tilkynnti um tjón sitt til V. Er örðugt að nefna ákveðin eða algild tímamörk í því sambandi, en miðað við þau læknisfræðilegu gögn sem fyrir nefndinni liggja, og lýsingu M sjálfs í málskoti, verður að telja að eftir að hafa haft viðvarandi verki í meira en ár hafi hann mátt gera ráð fyrir því að einkenni væru varanleg. Í 1. mgr. 124 gr. laga um vátryggingarsamninga segir að sá sem rétt eigi til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glati þeim rétti ef

krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Samkvæmt framansögðu verður að telja að krafa M á hendur V hafi ekki komið fram innan þessara tímamarka og verður kröfu hans því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega sveitarfélagsins A hjá V.

Reykjavík 1. september 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 195/2020

M og
V v/ kaskótryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið eftir áakstur.

Gögn.
Málskot, móttekið 2.6.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 29.6.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Að kvöldi 15. apríl 2020 var bifreiðinni A, í eigu M, ekið á bifreið við Suðurhellu 6 í Hafnarfirði. Við höggið kastaðist bifreið sú sem A var ekið á á aðra bifreið sem síðan kastaðist á þriðju bifreiðina. B, ökumaður A og framkvæmdastjóri M, hvarf af vettvangi. Mikið tjón er sagt hafa orðið á A og þeirri bifreið sem hún rakst á en lítið á hinum tveimur. Loftbelgir í A blésu út við áaksturinn.

Lögreglu var tilkynnt um atvikið. Á vettvangi gáfu þrír ónafngreindir ungir piltar sig á tal við lögreglu og sögðu mann hafa gengið frá vettvangi suður Suðurhellu og síðan til austurs út götuna. Piltarnir hafi sammælst um að maðurinn hafi verið dökkklæddur og gráhærður og töldu að hann hafi verið undir áhrifum áfengis vegna þess hve slagandi göngulag hans hafi verið. Lögregla fór að heimili B. Hann mun ekki hafa komið til dyra, en til hans hafi sést sofandi inn um svefnherbergisglugga.

Morguninn eftir, eða 16. apríl 2020, tilkynnti B til lögreglu að A hafi verið stolið.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 11. maí 2020 kvaðst B hafa verið annars hugsar þegar óhappið varð og hann gruni að hann hafi gefið í í staðinn fyrir að bremsa. Eftir honum er haft m.a.: „Ég var ekki í þessum heimi.“ Hann kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Morguninn eftir hafi verið búið að fjarlægja A af vettvangi. Ástæðu þess að hann hafi tilkynnt lögreglu um þjófnað á bifreiðinni hafi verið sú að hann hafi „panikkað“ og ekki dottið annað í hug en að tilkynna að henni hafi verið stolið.

M hefur krafist bóta úr kaskótryggingu A hjá V vegna tjóns sem varð á A við óhappið. V hefur hafnað bótaskyldu og kveður að með vísan til framburðar piltanna þriggja sé nægilega sannað að B hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Því til frekari staðfestu er til þess vísað að B hafi umrætt sinn ekið eftir beinum vegi inn á bifreiðastæði án nokkurra ummerkja um að hann hafi reynt að hemla, í framhaldinu horfið af vettvangi og tilkynnt svo daginn eftir gegn betri vitund að bifreiðinni hafi verið stolið. Telur V að eins og málum er háttað hvíli sönnunarbyrði á M um þau atriði sem hann ber fyrir sig sér til hagsbóta.

Álit.
Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga losnar vátryggingafélag úr ábyrgð samkvæmt kaskótryggingu, eins og hér um ræðir, í heild eða að hluta ef vátryggður hefur valdið vátryggingaratburði með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. M er einkahlutafélag. Samkvæmt 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 má í vátryggingum sem tengjast atvinnustarfsemi, með vissum takmörkunum sem hafa þó ekki þýðingu í þessu máli, semja um að vátryggður geti glatað rétti sínum til bóta í heild eða að hluta vegna háttsemi nánar tilgreindra manna eða hópa. Með þessum hætti hefur verið samið samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um kaskótryggingu A þannig að M getur glatað rétti sínum til bóta í heild eða að hluta ef B, sem framkvæmdastjóri M, hefur valdið tjónsatburðinum með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi.

Þeir ungu piltar sem tjáðu lögreglu á vettvangi að B hafi slagað er hann gekk af vettvangi ályktuðu út frá þessu göngulagi B að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, en urðu þess ekki varir með beinum hætti að hann hafi verið undir áfengisáhrifum. Af þessum framburði piltanna verður ekki fullyrt með neinni vissu að atvikið megi rekja til þess að B hafi verið undir áhrifum áfengis. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins að eftir atvikið hafi mátt sjá merki þess í A að B hafi haft áfengi um hönd við

aksturinn. Af ljósmyndum af vettvangi í lögregluskýrslu má ráða að bifreiðir þær sem skemmdust við áaksturinn hafi staðið við götubrún eða ekki mjög langt frá henni. Því hafi ekki þurft mikið frávik frá beinni akstursstefnu eftir götunni til að rekast á bifreiðirnar. Þótt lögregla hafi séð B sofandi á heimili sínu virðast engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að kanna líkamsástand hans, svo sem hvort hann hafi verið slasaður ellegar í óökuhæfu ástandi svo sem sökum ölvunar, en ætla verður að ríkt tilefni hafi verið til slíkrar athugunar m.a. í ljósi fyrrgreinds vitnisburðar piltanna. Eftir atvikum verður ekki talið að ökuferill A í aðdraganda óhappsins eða hvarf B af vettvangi geri það nægilega líklegt að B hafi valdið tjónsatburðinum vegna ölvunar þannig að rétt þyki að sönnunarbyrði verði snúið við og M verði gert að sýna fram á að tjónsatburðurinn verði ekki rakinn til ölvunarástands B. Eins og málið horfir við verður að telja að fullnægjandi sönnunargögn hafi ekki komið fram um að B hafi ekið undir áhrifum áfengis þegar óhappið varð. Er því ekki nægilegt tilefni til að skerða rétt M til bóta úr kaskótryggingunni. M telst því eiga rétt á óskertum bótum úr kaskótryggingunni vegna þess tjóns sem varð á A umrætt sinn.

Niðurstaða.
M á rétt á óskertum bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 196/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur bifreiða á Reykjanesbraut, við Kaldárselsveg í Hafnarfirði, þann 9.12.2019.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 2. júní 2020, ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V1, dags. 22. júlí 2020.
Tölvupóstur V2, dags. 9. júlí 2020.
Tölvupóstur V2, dags. 28. ágúst 2020

Málsatvik.
Árekstur varð á Reykjanesbraut við Kaldárselsveg þann 9. desember 2019 á milli ökutækja A og B, sem óku til suðurs. Ágreiningurinn snýr bæði að því hvor ökumaður beri sök á árekstrinum og einnig að uppgjöri bóta fyrir viðgerð á A

Aðilar fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu og var ágreiningur á milli þeirra um stöðu ökutækjanna er áreksturinn varð. Ökumaður A kveðst hafa ekið á hægri akrein til suðurs þegar B hafi verið ekið af bannsvæði vinstri akreinar á vinstri hlið bifreiðar hans. Ökumaður B kveðst hafa verið að aka á vinstri akrein til suðurs þegar ökumaður A hafi skyndilega skipt um akrein og ekið í hægri hlið B. Eftir töluverð samskipti samþykkti M að sök væri skipt til helminga. M fór með A í viðgerð en þá kom upp ágreiningur við V2 um uppgjör tjónsins þar sem V2 vildi skerða bætur fyrir viðgerðina þar sem tjónsmat hafi falið í sér viðgerð á eldra tjóni. Við nánari skoðun á málinu telur M niðurstöðu um sakarskiptingu ósanngjarna og telur að alla sök eigi að fella á ökumann B, sem hafi verið að aka vinstri akrein, sem þrengdist og sameinaðist hægri akrein. Hann hafi ekki gætt að sér og ekið á A, sem var á hægri akrein.

Í tölvupósti V1 kemur fram að þar sem ágreiningurinn snúist fyrst og fremst um uppgjör tjónsins á milli M og V2 en ekki um skiptingu sakar í málinu, geri félagið ekki athugasemdir vegna málsins.

Í tölvupósti V2 frá 9. júlí 2020 kemur fram að félagið taki undir með Tjónanefnd vátryggingafélaganna og telji rétt að skipta sök til helminga þar sem ósannað sé um stöðu ökutækja í aðdraganda árekstursins. Þá kemur fram að ástæða þess að félagið hafi lækkað bætur til M væri sú að skemmdir voru fyrir á bifreiðinni fyrir áreksturinn eins og skýrt komi fram í skýrslu arekstur.is vegna málsins. Því hafi félagið tekið út kostnað við lagfæringar á eldri skemmdum og ekki samþykkt nema 50% af viðgerðarmati á grundvelli tjónsmats frá verkstæði.

Álit

Ágreiningur máls þess snýr annars vegar að sakarskiptingu og hins vegar uppgjöri tjóns. Hvað sakarskiptinguna varðar þá greinir aðila á um hver staða ökutækjanna var er áreksturinn varð. Þar sem ekki er neinum gögnum til að dreifa til að styðja framburð ökumanna verður að skipta sök til helminga.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum getur nefndin fjallað um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki málsaðila. Slíkt samþykki liggur fyrir í málskoti M og í tölvupóst frá V2 frá 28. ágúst 2020, en ágreiningurinn snýr eingöngu að því félagi. Fyrir liggur að eldra tjón var á ökutæki A og eru aðilar sammála um að V2 beri ekki að bæta það tjón. Fyrir liggur viðgerðarmat frá verkstæði og sérstök rannsókn á vegum arekstur.is á skemmdum á bifreiðinni. V2 hefur metið þau gögn og komist að þeirri niðurstöðu að þeirra hlutur af heildarviðgerðarkostnaði sé kr. 146.738,- að teknu tilliti til sakarskiptingar til helminga og eldri skemmda á A. M ber sönnunarbyrði

fyrir umfangi síns tjóns og hefur ekki tekist að færa sönnur á að tjón á A vegna þessa áreksturs sé hærra en framangreindri fjárhæð nemur.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga. M á rétt á bótagreiðslu að fjárhæð kr. 146.738,-

Reykjavík, 15. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 197/2020

M og
V v/ líftryggingar og slysa- og sjúkratryggingar.

Ágreiningur um háttsemi starfsmanna vátryggingamiðlunar við sölu vátryggingar í maí 2018.

Gögn.
Málskot móttekið 3. júní 2020 ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur frá Tryggingum og ráðgjöf ehf. dags. 11. júní 2020.
Bréf frá Tryggingum og ráðgjöf ehf. dags. 29. júlí 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi leitað til lögmanns „....*vegna ágreinings um greiðslu bóta vegna kaupa hans á V sjúkdóma og slysatryggingu hjá vátryggingamiðlara.* Af málskoti og öðrum gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að vátryggingamiðlunin X hafi haft með höndum miðlun vátrygginga fyrir erlent vátryggingafélag, V, sem er með starfsleyfi í Slóvakíu. Í málskoti kemur síðan fram að í því skyni að koma á vátryggingarviðskiptum hafi M ritað undir umboð til X sem hafi falið í sér „..fullt og ótakmarkað umboð til þess að koma á vátryggingum og annars framkvæmd þeirra."

M ritaði undir vátryggingarumsókn 25. maí 2018 og hinn 1. júní 2018 var tiltekin fjárhæð skuldfærð af bankareikningi hans mánaðarlega allt til 1. september 2019. Í málsgögnum liggur fyrir afrit af bréfi frá V til M dags. 30. maí 2018 þar sem honum er greint frá því að líftrygging að fjárhæð 10000 evrur taki gildi hinn 1. júní 2018 og mánaðarleg fjárhæð iðgjalds tilgreind, einnig í evrum. Í málsgögnum má síðan einnig sjá bréf frá V til M dags. 2. október 2018 þar sem honum er greint frá því að ekki hafi borist gögn um heilsufar hans þannig að hægt sé að meta áhættu af vátryggingarviðskiptum vegna frekari líftryggingar (life insurance), heilsutryggingar (health insurance) eða slysatryggingar (accident insurance) og hafi því ekki verið samþykkt af hálfu vátryggingarfélagsins að slík vernd taki gildi. M kveðst ekki hafa fengið umrædd bréf og bendir á í málskoti að þau hafi verið send eingöngu með tölvupósti og það hafi verið án þess að M hafi samþykkt að eiga slík samskipti við V.

M fékk hjartaáfall 7. júní 2019 og komst að því í kjölfarið að hann nyti ekki vátryggingaverndar hjá V vegna afleiðinga þess.

Í málskoti er síðan farið ítarlega yfir samskipti M við vátryggingamiðlunina X og telur M að í háttsemi starfsmanna X hafi falist „...saknæm vanræksla á starfsskyldum vátryggingarmiðlunarinnar auk þess sem brotið var gegn góðum og gegnum venjum á starfssviðinu eins og þær meðal annars birtast í þágildandi lögum nr. 32/2005..." Einnig er í málskoti byggt á því að töf sem hafi orðið á afgreiðslu vátryggingarbeiðni M og vanræksla á tilkynningarskyldu hafi verið óforsvaranleg og leitt til þess að M hafi verið ótryggður þegar hann veiktist. Einnig telur M að X hafi ekki leyst störf sín af hendi svo sem góðar venjur í vátryggingaviðskiptum bjóði og ekki gætt hagsmuna M í viðskiptunum og vísar um það til 28. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun vátrygginga.

X ritar í bréfi sínu til nefndarinnar dags. 29. júlí sl. að þar sem M beini kröfum sínum eingöngu að X, þá sé greinargerð sem fylgi í bréfi X rituð á þeim grunni. Í greinargerðinni er af hálfu X farið yfir að fyrirtækið sé dreifingaraðili vátrygginga í skilningi laga nr. 62/2019 um dreifingu vátrygginga, en ekki vátryggingafélag. Einnig er þar lýst samstarfi X við V og samskiptum M við starfsmann X í maí 2018 og í kjölfarið. Í niðurlagi greinargerðarinnar er síðan bent á það af hálfu X að ekki sé um að ræða samsömun milli dreifingaraðila vátrygginga og vátryggingarfélaga sem slíkt sé leitt af samningi og sérstaklega lofað af hálfu dreifingaraðila, en þannig hafi ekki háttað til í máli M. Einnig telur X að M eigi að beina kröfum sínum að vátryggingafélaginu sjálfu (V) en það hafi haft með höndum alla þá þætti sem M kvarti yfir og telur X að málskoti sé beint að röngum aðila.

Álit.
Ljóst er af öllum gögnum málsins að uppi er ágreiningur um miðlun vátrygginga milli vátryggingamiðlunarinnar X, vátryggingafélagsins V og M átti sér stað á árinu 2018. Til að taka af öll

tvímæli þá giltu lög nr. 32/2005 um miðlun vátrygginga um starfsemi vátryggingamiðlara á þeim tíma en lög nr. 62/2019 voru ekki samþykkt á Alþingi fyrr en 7. júní 2019 og birt í stjórnartíðindum 2. júlí 2019. Ákvæði nýrri laga eiga því ekki við um samskipti M og starfsmanna X á árinu 2018.

Í samþykktum fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005, kemur fram í 3. gr. að nefndin úrskurði „...um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi.“ Ákvæðið hefur verið túlkað rúmt í þeim tilvikum þar sem önnur vátryggingafélög, þ.e. sem veita þjónustu hér á landi á grundvelli starfsleyfis í einhverju ríki (öðru en Íslandi) sem á aðild að samstarfinu um Evrópska efnahagssvæðið, veitir sérstakt samþykki fyrir því að nefndin fjalli um ágreining milli þeirra og viðskiptavina. Í þessu máli liggur slíkt samþykki fyrir af hálfu vátryggingafélagsins V. Engin afstaða er hins vegar tekin til málskotsins af hálfu V sérstaklega.

Eins og farið var yfir, við reifun málavaxta hér að ofan, beinast kröfur M aðallega að háttsemi starfsmanna X, sem er vátryggingamiðlun en ekki gegn vátryggingafélaginu V. Í 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum kemur skýrlega fram að nefndin úrskurði eingöngu um ágreining milli málskotsaðila og vátryggingafélags og eru því ekki skilyrði til úrskurðar af hálfu nefndarinnar um ágreining milli vátryggingamiðlara eða vátryggingamiðlunar við viðskiptavini þeirra.

Í 20. gr. þágildandi laga um miðlun vátrygginga nr. 32/2005 er kveðið á um skyldu vátryggingamiðlara til að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Ekki verður séð af gögnum málsins að M hafi beint kröfum að því vátryggingafélagi sem ábyrgðartryggir eða ábyrgðartryggði starfsemi X á þeim tíma sem vátryggingum var miðlað til M.

Nefndin getur ekki tekið afstöðu til mögulegrar vanrækslu X á lögboðnum skyldum sínum eða mögulega skaðabótaábyrgð X á árinu 2018 nema um sé að ræða ágreining um bótaskyldu í slíkri ábyrgðartryggingu. Ekki verður séð af gögnum málsins að krafa M beinist að bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X skv. 20. gr. laga nr. 32/2005, hjá tilteknu vátryggingafélagi og verður því að vísa málinu frá nefndinni.

Niðurstaða.
Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 8. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 198/2020

M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar fasteignasala X

Ágreiningur um skaðabótaskyldu fasteignasala og tjón.

Gögn.
Málskot móttekið 2. maí 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 11. júní 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að kaupsamningur hafi komist á milli M og seljenda húseignar í lok júní 2018. Í söluyfirliti sem lá fyrir þegar M gerðu tilboð í húseignina kom fram að stærð hennar væri 295,2 fermetrar að meðtöldum 37,8 fm bílskúr. Í söluyfirlitinu kom einnig fram eftirfarandi texti: „*Húsið er nokkuð stærra en uppgefnir fermetrar skv. Fasteignaskrá þar sem u.þ.b. 30 fermetra óskráð rými er í kjallara. Í dag eru 5 rúmgóð svefnherbergi sem auðvelt væri að bæta við sjötta svefnherberginu í óskráðu rými í kjallara. Möguleiki væri að gera auka íbúð í kjallara með sérinngangi.“* Fasteignasali hjá X sá um sölu húseignarinnar. Þegar M fengu húseignina afhenda kom í ljós að umrætt rými í kjallara var inni í skráðum heildarfermetrafjölda húseignarinnar.

M telur að saknæm háttsemi fasteignasala X hafi leitt til þess að M keyptu húseign sem var 10,97% minni en söluyfirlitið gaf til kynna og stærðarfrávik því mikið. M byggir á því að fasteignasalinn hafi vanrækt skyldur sínar skv. 10.-12. gr. laga um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015, sérstaklega þær skyldur sem komið fram í 1. mgr. 11. gr. laganna þar sem kemur fram að fasteignasali skuli gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar, sem ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Þessar röngu upplýsingar um stærð húseignarinnar hafi haft þau áhrif að M hafi greitt hærra verð fyrir hana heldur en ella hefði orðið og á því tjóni beri X skaðabótaábyrgð með hliðsjón af 27. gr. laga nr. 70/2015 og almennum reglum skaðabótaréttarins. Þannig sé því fyrir hendi greiðsluskylda vegna tjónsins úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

V vísar til 1. gr. vátryggingarskilmála starfsábyrgðartryggingar fasteignasala þar sem kemur fra að vátrygging tekur til almenns fjártjóns þriðja manns, sem leiðir af gáleysi í störfum vátryggðs sem fasteignasala. V telur í fyrsta lagi að fyrra skilyrði 1. gr. vátryggingarskilmálanna ekki uppfyllt, þ.e. að ekki sé sýnt fram á að M hafi orðið fyrir almennu fjártjóni þar sem ekki sé sýnt að upplýsingar um stærð meignarinnar hafi haft áhrif á eiginleika hennar sem sjá megi við almenna skoðun. Auk þess hafi ekki verið lögð fram nokkur gögn sem sýni fram á í hverju hið meinta fjártjón M felist. Ennfremur telur V að ekki sé sannað að húseignin hafi verið gölluð í skilningi 27. gr. laga um fasteignakaup né heldur að svokölluðum gallaþröskuldi 2. málsl. 18. gr. laganna hafi verið náð. V vísar til þess að reiknað fermetraverð m.v. söluverð húseignar M hafi verið mun lægra en sambærilegra eigna sem seldar hafi verið á svipuðum slóðum á svipuðum tíma. Einnig vísar V til þess að upplýsingar í söluyfirliti sem gert var af fasteignasala X hafi tekið mið af upplýsingum frá seljendum húseignarinnar og verði ekki gerðar það ríkar kröfur til fasteignasala að þeir staðreyndi allar upplýsingar frá seljendum, umfram það sem kemur fram við sjónskoðun eigna. V telur því ekki skilyrði til greiðslu skaðabóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysis hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í 1. mgr. 13. gr. sömu laga er kveðið á um að fasteignasali skuli við kynningu á eign sem hann hefur til sölumeðferðar gæta þess að upplýsingar sem

veittar eru um hana og lýsingar á henni séu réttar og í sem bestu samræmi við eiginleika og ástand eignarinnar og að hann skuli gæta hófs í lýsingum á eigninni. Enn fremur skal fasteignasali, sbr. 15. gr. laganna, í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur og siðareglur bjóða. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar.

Ljóst er af gögnum málsins að skráð stærð húseignarinnar sem var í sölumeðferð hjá fasteignasölunni X var í samræmi við raunverulega stærð hennar og voru því upplýsingar í söluyfirliti, um að 30 fm rými í kjallara væri óskráð, rangar. Orðalag 1. mgr. 11. gr. um að fasteignasali skuli gæta þess vandlega að upplýsingar á söluyfirliti felur í sér strangt sakarmat gagnvart fasteignasölum sem sérfræðingum. Verður að gera þær kröfur til þeirra að þeir gangi úr skugga um að upplýsingar sem þessar, hvort sem þær stafa frá seljendum eða öðrum, séu staðreyndar áður en slíkt orðalag er sett í söluyfirlit. Enginn fyrirvari var í söluyfirliti um réttmæti þessara upplýsinga og verður að meta fasteigna það til gáleysis að setja þær upplýsingar fram. Þannig ber hann ábyrgð skv. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 70/2015.

Til þess að greiðsluskylda stofnist skv. almennum reglum skaðabótaréttar verður að sýna fram á að ofangreint gáleysi fasteignasalans hafi leitt til tjóns, og þá skv. 1. gr. vátryggingarskilmála starfsábyrgðartryggingar fasteignasala hjá V, almenns fjártjóns fyrir M. Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar um umfang slíks tjóns eða að það hafi yfirhöfuð orðið. Ekkert mat liggur fyrir því til staðfestingar eða önnur gögn sem leiða líkum að því að M hafi orðið fyrir almennu fjártjóni. Ekki verður því hægt að fallast á greiðsluskyldu úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

Niðurstaða.

Fallist er á að um saknæma háttsemi fasteignasala X hafi verið að ræða gagnvart M, en ekki er fallist á greiðsluskyldu úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala þar sem ekki er sýnt fram á almennt fjártjón vegna háttseminnar.

Reykjavík, 1. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 199/2020

M og
V v/ábyrgðartrygginga ökutækjanna A og B

Árekstur á Látraströnd 15. maí 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 3. júní 2020 ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur V, dags. 5. júní 2020 ásamt tjónaskýrslu vegna áreksturs.

Málsatvik.
Árekstur var með bifreiðunum A og B á Látraströnd þar sem ökumenn beggja bifreiða óku til suðurs í átt að Fornaströnd. Í tjónstilkynningu sem gerð var af fyrirtækinu Aðstoð&Öryggi á vettvangi áreksturs kemur fram að ökumönnum hafi ekki borið saman um hvernig árekstur varð. Ökumaður bifreiðar A (M) kveðst hafa ekið af stað úr kyrrstöðu og ekið um tvær bíllengdir áfram þegar bifreið B hafi verið ekið utan í bifreið A. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið á réttum vegarhelming og ekki hafa sveigt bifreið sinni til vinstri. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið framhjá bifreiðinni A, sem hafi verið kyrrstæð á eða við gangstéttarkant, á öfugum vegarhelmingi og þá hafi ökumaður bifreiðar A ekið í hlið bifreiðar B. Í skýrslunni eru einnig myndir af vettvangi og ákomum á bifreiðunum.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum með því að aka óvarlega fram úr bifreið A. M telur að sök hafi ranglega verið lögð á sig sem ökumann bifreiðar A á grundvelli 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, en sú grein eigi ekki við. M telur einnig að ákomur á bifreiðum A og B gefi skýrlega til kynna að ökumaður bifreiðar B hafi ekið á bifreið A. Einnig vekur M athygli á því að ökumaður bifreiðar B hafi viðurkennt að hafa ekið á hraðanum 30-35 km/klst á vegi þar sem hámarkshraði sé 30 km/klst, hafi ekki gætt þess að hafa nægt hliðarbil milli bifreiða við framúrakstur skv. 3. mgr. 23. gr. umferðar laga og ekki sinnt venjulegri aðgæsluskyldu 2. mgr. 23. sömu laga. Einnig vísar M til samskipta ökumanna eftir óhappið og breytingu á afstöðu ökumanns B til málsins frá því óhappið varð og þar til skýrsla var gerð seinna um daginn.

V tekur ekki sérstaka afstöðu til sakarskiptingar vegna málsins.

Álit.
Í málinu er ágreiningur milli ökumanna um staðsetningu bifreiða í aðdraganda áreksturs sem og hvenær bifreið A var ekið af stað frá gangstéttarkanti. Í tjónstilkynningarskýrslu ber ökumaður bifreiðar A um að hann hafi ekið af stað úr kyrrstöðu og árekstur hafi orðið eftir að hann var búinn að aka um tvær bíllengdir áfram á akbrautinni. Ökumaður bifreiðar B lýsir atvikum hins vegar þannig að bifreið A hafi verið ekið af stað til hliðar frá gangstéttarkanti í sömu mund og bifreið B var ekið framúr.

Í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 koma eftirfarandi fyrirmæli fram „*Áður en ökumaður ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar skal hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra.*“ Þegar litið er til þessara skýru fyrirmæla og þau borin saman við ákvæði 23. gr. sömu laga varðandi aðgát við framúrakstur verður að líta svo á að ökumaður bifreiðar A beri hallann af sönnunarskorti um að hann hafi verið búinn að aka það langt áfram á akbrautinni, eftir að hann ók úr kyrrstöðu til hliðar inn á akbraut, að aðgæsluskyldu hans skv. ákvæðinu væri lokið. Engin vitni voru að atburðinum og engin gögn í málinu sýna með skýrum hætti að atvik hafi verið eins og ökumaður bifreiðar A lýsir þeim, enda lýsing ökumanns bifreiðar B önnur og verður framburður annars ökumanns ekki talinn hafa ríkara sönnunargildi en hins. Öll sök verður því lögð á ökumann bifreiðar A (M).

Niðurstaða.
Ökumaður bifreiðar A ber alla ábyrgð á árekstrinum við bifreiðina B.

Reykjavík, 1. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 200//2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A - dagvistunar aldraðra hjá V

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss sem M varð fyrir hinn 18.10.2017.

Gögn.
1. Málskot dags. 04.06.2020 ásamt fylgigögnum 1-14.
2. Bréf V dags. 09.06.2020 ásamt fylgigögnum 15-16.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 11.08.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 18. október 2017 hafi M slasast við störf sín hjá A. Nánar tiltekið hafi M verið að aðstoða aldraðan vistmann við böðun og hafi hún setið á vinnukolli og verið að þurrka fætur vistmannsins þegar sætið á stólnum gaf sig með þeim afleiðingum að M féll í gólfið og slasaðist. M gerir kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna atviksins. M rökstyður kröfu sína m.a. með því að húsasmíðameistari sem gert hafi við stólinn í kjölfar atviksins hafi talið að mikið álag hafi leitt til þess að sessan gaf sig, en stóllinn hafi lengi verið í mikilli notkun. A hafi því vanrækt að tryggja aðbúnað og öryggi starfsfólks, en vinnuveitanda hafi borið að huga að því að vinnustólar hafi ákveðinn líftíma og slitni eftir ákveðna notkun. Áhöld starfsfólks þurfi að vera örugg og hafi A ekki gætt að því sem skyldi. Þá hafi A vanrækt að tilkynna um slysið til Vinnueftirlitsins, og hafi tilkynning um það ekki verið send fyrr en hinn 11. júní 2018. Beri A því hallann af sönnunarskorti á upplýsingum um atriði sem áhrif geti haft á sakarmat í málinu. Máli sínu til stuðnings vísar M til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum svo og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að samkvæmt upplýsingum frá A hafi stóllinn verið í notkun alla virka daga, við að aðstoða vistmenn við böðun, en þrír til fimm fari í bað hvern dag. Starfsfólk A fylgist sjálft með sínu vinnusvæði og tilkynni um það sé einhverju ábótavant. Fyrir umrætt slys hafi A ekki borist neinar kvartanir vegna stólsins og starfsfólk hafi ekki tekið eftir neinu athugaverðu við hann. A hafi því ekki verið ljóst að slysahætta gæti hlotist af stólnum og því hefði ekki verið sýnt fram á vanrækslu. Þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að slysið megi rekja til atriða sem A beri skaðabótaábyrgð á er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum til nefndarinnar áréttar M að það sé á ábyrgð vinnuveitanda en ekki starfsfólks hans að sjá til þess að aðbúnaður sé fullnægjandi. Þegar M hafi hafið störf hjá A hafi hún ekki fengið neinar leiðbeiningar um að verklagsreglur væru þær að henni bæri að fylgjast sérstaklega með sínu vinnusvæði og tilkynna um það væri einhverju ábótavant. Að öðru leyti ítrekar M áður fram komnar röksemdir sínar.

Álit:
Ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Ekki er deilt um það að orsök slyssins hafi verið sú að hnakklaga sessa á umræddum stól gaf sig með þeim hætti, að því er virðist af gögnum málsins, að skrúfur sem festu fót stólsins við sessuplötuna losnuðu. Ekki hefur þó verið sýnt fram á hvert ástand stólsins var fyrir umrætt atvik, hvort gera hafi mátt ráð fyrir að hættu gæti stafað af notkun hans eða að notkun hans hafi verið óforsvaranleg, og verður það ekki fullyrt af þeim ódagsettu ljósmyndum sem fyrir nefndinni liggja. Þá liggur ekki fyrir nefndinni faglegt mat viðgerðaraðila eða annarra á ástandi stólsins fyrir atvikið. Enn fremur verður ekki séð að það starfsfólk sem notaði stólinn við vinnu sína hafi gert athugasemdir við ástand hans. Liggur því ekkert fyrir um að A hafi haft vitneskju um að umræddur stóll væri vanbúinn með einhverjum hætti eða þyrfti viðgerðar við. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að notkun stólsins, t.a.m. með tilliti til aldurs, hafi verið óforsvaranleg og að A hafi borið að bregðast við af þeim sökum. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið að sýnt hafi verið fram á

að slys M rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða aðila sem A ber ábyrgð á. Ber því að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 8. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 201/2020

M og
V v/slysatryggingar fjölskyldutryggingar.

Gildissvið vátryggingaskilmála vegna orðalagsins starfsorkumissir vegna slyss 28. júlí 2017.

Gögn.
Málskot móttekið 5. júní 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 19. júní 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi slasast í frítímaslysi í júlí 2017 og matsgerð liggi fyrir um afleiðingar líkamstjóns hennar vegna slyssins. Niðurstaða læknis sem framkvæmdi það mat sýnir að tímabil 100% tímabundinnar óvinnufærni M vegna slyssins var talið vera sex mánuðir. Í vátryggingarskilmálum V kemur fram eftirfarandi ákvæði: „Valdi slys tímabundnum missi starfsorku, greiðir félagið dagpeninga í samræmi við þá fjárhæð sem í gildi var á slysdegi. [...]“ Einnig segir í sömu skilmálum í gr. 4.2 að félagið bæti ekki tímabundinn starfsorkumissi sem er minni en 50% af eðlilegri starfsorku.

M hefur krafist dagpeningagreiðslna í sex mánuði og vísar um það til matsgerðar þar sem læknir tók sérstaka afstöðu til umrædds tímabils. M telur að mat læknisins taki tillit til fyrra heilsufars hennar og skipti ekki máli hvort hún hafi áður fengið greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, enda séu þær greiðslur vegna annarra veikinda en afleiðinga slyssins. M vísar til þess að orðið starfsorka sé sett fram í vátryggingarskilmálum einhliða af hálfu V og verði að túlka þá þannig að leggja verði til grundvallar læknisfræðilegt mat þegar metið er hvort starfsorka sé skert. Það mat liggi fyrir í máli M og því verði að greiða dagpeninga í samræmi við það.

V telur að skilyrði til greiðslu bóta vegna tímabundins starfsorkumissis séu ekki uppfyllt og vísar um það til ákvæða í vátryggingarskilmálum. V bendir á að búið hafi verið að meta M til læknisfræðilegrar örorku á árinu 2016 og ekkert bendi til þess að hún hafi verið orðin vinnufær þegar hún lenti í slysi í júlí 2017 og geti þannig ekki krafist bóta vegna starfsorkumissis.

Álit.
Í stöðluðum vátryggingarskilmálum V vegna fjölskyldutryggingar kemur orðið starfsorkumissir fram í í þessu máli reynir orðskýringu þess orðs. Engin sérstök skilgreining er á orðinu í vátryggingarskilmálum og verður ekki annað séð en að V hafi staðið að beiðni um mat á afleiðingum slyss M og þar hafi verið beðið um mat á tímabili tímabundinnar óvinnufærni hennar. Matsgerð dags. 15. desember 2019 sýnir það mat læknis að um sex mánaða tímabil hafi verið að ræða hjá M vegna tímabundinnar óvinnufærni og verður ekki annað séð af gögnum málsins en að sá læknir hafi haft upplýsingar um fyrra heilsufar M þegar matið átti sér stað. Þegar kemur upp vafi hvernig túlka eigi orðið starfsorkumissi í vátryggingarskilmálum, sem V leggur fram í stöðluðu formi, verður að túlka slíkan samning neytanda í hag. Mati á tímabili tímabundinnar óvinnufærni hefur ekki verið hnekkt og verður því að leggja til grundvallar það tímabil samsvari starfsorkumissi í skilningi vátryggingarskilmála. M á því rétt á dagpeningagreiðslum úr frítímaslysatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
M, á rétt á dagpeningum vegna tímabundins starfsorkumissis úr frítímaslysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 202/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna slyss á sundstað.

Gögn.
Málskot móttekið 5. júní 2020.
Bréf V dags. 23. júní 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið að ganga yfir brú í sundlaug þegar hann rennur í hálku og dettur. Um er að ræða brú sem gestir sundlaugarinnar ganga yfir til að komast á pottasvæði sundlaugarinnar. Í tjónstilkynningu M til V, dags. 11. júlí 2019, kemur fram að M hafi runnið í hálku í sundlaug þann 28. nóvember 2018 og marist aftan á lærum, baki og úlnlið. Í málinu liggur fyrir slysaskýrsla frá sundlaug, dags. 28. nóvember 2018, undirrituð af starfsmanni laugarinnar en einnig liggur fyrir yfirlýsing forstöðumanns sundlaugar þess efnis að skýrslan hafi ekki verið rituð sama dag og tilgreint er í skýrslunni. Þá er vísað í yfirlýsingu starfsmanns í turni, sem sá óhappið gerast, en sá starfsmaður hóf ekki störf fyrr en 1. desember 2018. Af gögnum málsins má því ráða að slysið hafi verið í lok nóvember eða byrjun desember 2018 en ekki liggur nákvæmlega fyrir hvenær slysið varð.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysi hans þar sem X hafi vanrækt að tryggja fullnægjandi hálkuvarnir á gönguleiðum sundlaugarinnar á slysdegi. M leggur fram yfirlýsingu vitnis, dags. 15. janúar 2020, af slysi M þar sem fram kemur að hann hafi séð M renna á brúnni. Segir vitnið í yfirlýsingunni að svona hálkumyndun geti gerst mjög snögglega við ákveðnar aðstæður og svo hafi verið í tilvikinu þegar M rann niður brúna. M vísar m.a. til 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 814/2010, um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, þar sem segir að gönguleiðum við útilaugar skuli haldið frostfríum. Þá vísar M einnig til 11. gr. reglugerðarinnar um að sund- og baðstaðir skuli viðhafa laugargæslu, eftirlit o.fl. M telur að X hafi ekki gætt að framangreindu og því beri X skaðabótaábyrgð á líkamstjóni X.

V telur skaðabótaábyrgð ekki fyrir hendi og hafnar því sem röngu og ósönnuðu að aðstæður í sundlaug hafi verið óforsvaranlegar. Af gögnum málsins sé ljóst að M hafi ekki tilkynnt um tjónið fyrr en 1-2 vikum eftir tjónsdag og því verði sönnunarbyrði um aðstæður ekki lögð á X. Þannig liggi ekki fyrir nákvæmlega hvenær M datt og því er óljóst hvaða aðstæður voru á vettvangi þegar það gerðist. Það hafi því staðið M nær að tryggja sér sönnun um aðstæður á vettvangi þegar slysið varð. Það hafi M ekki gert og M hafi því ekki sýnt fram á að starfsmenn X hafi brotið gegn fyrirmælum í reglum eða reglugerðum eða á annan hátt vanrækt að gera ráðstafanir vegna aðstæðna. Því telur V að M beri halla af skorti á sönnun um þessu atriði. Þá vísar V til þess að telji nefndin að málsatvik séu með þeim hætti sem X lýsi þá sé um óhappatilvik að ræða sem ekki sé hægt að rekja til skaðabótaskyldrar háttsemi X. Þannig sé brúin útbúin snjóbræðslukerfi og því séu hálkuvarnir ávallt til staðar. Þá sé svæðið saltað þegar vart er við hálku, bæði í upphafi vaktar og yfir daginn. Loks séu varúðarmerkingar á laugarsvæði þar sem varað er við mögulegri hálku. Þá er vísað til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 156/2013, þar sem málsatvik voru með svipuðum hætti.

Álit.
Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort M eigi rétt á skaðabótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X hjá V þegar hann féll við göngu yfir brú yfir á pottasvæði í sundlaug í lok nóvember eða byrjun desember 2018. Nánar tiltekið hvort rekja megi fall hans til þess að starfsmenn X hafi sýnt saknæma háttasemi með því að gera ekki nauðsynlegar ráðstafanir vegna mögulegrar hálku og hvort brotið hafi verið gegn fyrirmælum í reglugerð nr. 814/2010, um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, um frostfríar gönguleiðir við útilaugar.

Þegar gögn málsins eru metin verður ekki talið sannað nákvæmlega á hvaða degi M datt, þ.e. hvort það hafi verið 28. nóvember 2018 eins og M heldur fram, eða í byrjun desember 2018 eins og

yfirlýsing forstöðumanns sundlaugar ber með sér. Þá liggur fyrir að M tilkynnti ekki um slysið fyrr en einni til tveimur vikum eftir slysið. Í því ljósti verður sönnunarbyrði um atvik og aðstæður ekki lögð á X. Það stóð M nær að tryggja sér sönnun um aðstæður á vettvangi í greint sinn. Verður ekki, m.t.t. þeirra ganga sem hafa verið lögð fram fyrir nefndina, og almennra sönnunarreglna, talið sýnt fram á að starfsmenn X hafi brotið gegn fyrirmælum í lögum eða reglugerðum eða á annan hátt vanrækt að gera ráðstafanir vegna veðuraðstæðna. Ekki verður því lögð skaðabótaábyrgð á X vegna slyssins.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 203/2020

M og
V v/ slysatryggingar launþega.

Ágreiningur um hvort réttur til endurupptöku slysamáls hafi verið fallinn niður á grundvelli ákvæða í vátryggingarskilmálum.

Gögn.
Málskot, móttekið 5.6.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 29.6.2020.

Málsatvik.
Hinn 5. september 2016 var M, stjórnandi vöruflutningabifreiðar, að störfum við að lesta bifreiðina. Vildi þá til það slys að efri afturhurðarhleri bifreiðarinnar skall á höfuð hans. Með matsgerð, dags. 10. janúar 2018, var M metinn til 10% varanlegrar örorku af völdum slyssins vegna sárs á höfði og tognunaráverka á háls og mjóbak. Hinn 27. febrúar 2018 mun hann hafa fengið greiddar bætur úr slysatryggingu launþega sem vinnuveitandi hans hafði keypt hjá V. Tók hann við bótunum „með fyrirvara um niðurstöðu matsgerðar og allur réttur áskilinn í því sambandi."

Á árinu 2019 mun heilsu M hafa hrakað frá sem var þegar afleiðingar slyssins voru metnar í ársbyrjun 2018. Í fyrirliggjandi læknisvottorði kemur m.a. fram að „MRI" rannsókn af hálshrygg frá október 2019 hafi sýnt verulega auknar slitbreytingar í hálshrygg miðað við rannsókn í september 2017. Þannig hafi M versnað mikið myndrænt á aðeins tveimur árum. Var álit viðkomandi læknis að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu M og líklegt sé að ástand hans megi rekja til vinnuslyssins 5. september 2016.

Með bréfi, dags. 30. mars 2020, hefur af hálfu M verið krafist endurupptöku slysamálsins hjá V vegna versnunarinnar. V hefur hafnað endurupptöku með vísan til ákvæða í skilmálum slysatryggingarinnar þar sem meira en þrjú ár hafi verið liðin frá slysinu þegar endurupptökunnar var beiðst.

Álit.
Í skilmálum slysatryggingar launþega hjá V sem gilda um slysaatburðinn sem M varð fyrir í september 2016 er svofellt ákvæði varðandi bætur fyrir varanlega örorku: „Valdi slys þeim, sem vátryggður er, varanlegu líkamstjóni, innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi." Enn fremur er tekið fram í skilmálunum að við ákvörðun örorkubóta skuli að auki fylgja þeirri reglu að þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast, skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið.

Þegar M krafðist endurupptöku málsins 30. mars 2020 var meira en þrjú og hálft ár liðið frá slysinu. Ákvæði vátryggingarskilmálanna er skýrt og fortakslaust um það að örorkumat skuli framkvæma í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Með því að sá frestur var liðinn sem matið skyldi í síðasta lagi framkvæmt hefur M glatað rétti sínum til frekari bóta úr vátryggingunni. Fyrirvari sem M gerði við bótauppgjörið 27. febrúar 2019 breytir þessu ekki, enda ekkert komið fram í málinu sem gefur til kynna að V hafi samþykkt að víkja frá framangreindum ákvæðum í vátryggingarskilmálunum. Samkvæmt þessu, sbr. og dóma Hæstaréttar Íslands frá 27. maí 2004 í máli nr. 22/2004 og 7. júní 2018 í máli nr. 604/2017, á M ekki rétt til frekari bóta úr vátryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 204/2020

V v/ ábyrgðartryggingar húsfélags.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum falls í stiga í stigagangi.

Gögn.
Málskot, móttekið 11.6.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 23.7.2020.

Málsatvik.
M býr á fyrstu hæð í fjöleignarhúsinu A. Hinn 31. desember 2018 var hún á leið niður stiga sem liggur frá fyrstu hæð niður á jarðhæð. Í fyrstu eða annarri tröppu rann hún í bleytu og féll aftur fyrir sig og skall í tröppurnar með þeim afleiðingum að hún rófubeinsbrotnaði og varð fyrir meiðslum í baki.

Stiginn á milli fyrstu hæðar og jarðhæðar er flísalagður en á milli annarra hæða í stigahúsinu mun stiginn vera teppalagður. M kveður stigann þar sem slysið varð vera innan sameignarinnar og flísar sem þarna eru á stiganum hafi ekki nægilegt hálkuviðnám til að varna slysum þegar bleyta berst inn á þær, en þekkt sé að bleyta liggi á þeim og mikil umferð fólks sé um stigann en nauðsynlegt sé að fara um stigann til að komast að lyftu hússins. Þá séu engar sérstakar merkingar til að vara við hálku vegna bleytu. M hefur krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hún hlaut við fallið úr ábyrgðartryggingu húsfélags A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á að stiginn hafi verið vanbúinn eða frágangur hans hafi ekki verið í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar eða hönnunargögn vegna byggingar hússins. Þá verður heldur ekki séð að flísar þær sem eru á stiganum séu öðruvísi en almennt má gera ráð fyrir að séu á stigum fjöleignarhúsa eða að þær séu á einhvern hátt óvenju hálar eða hættulegar jafnvel þótt bleyta kunni að liggja á þeim. Að öllu virtu verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að slysið megi rekja til óforsvaranlegra aðstæðna í stiganum eða annarra atvika sem húsfélagið getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu húsfélagsins hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu húsfélagsins að A hjá V.

Reykjavík, 8. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 205/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss.

Gögn.
Málskot móttekið 06.06.2020 ásamt fylgiskjölum 1-14.
Bréf V dags. 07.07.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi hinn 20. júní 2017 þegar hann var við störf hjá A. Slysið hafi atvikast með þeim hætti að glersíló sem M hafi verið að vinna við hafi stíflast. Til að losa stífluna hafi M hent glerflösku í vélina, eins og starfsfólki hafi verið uppálagt að gera við þessar aðstæður, og við það hafi glerbrot skotist í auga hans. Starfsmönnum hafi ekki staðið til boða öryggisgleraugu við vinnu sína. Hafi M leitað samdægurs til læknis og í kjölfarið gengist undir aðgerð á auga en varanleg örorka hans sé metin 10%. Vinnueftirlitinu hafi verið tilkynnt um atvikið daginn eftir en ekki rannsakað það sérstaklega. Telur M að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans, þar sem A hafi vanrækt að útvega starfsmönnum hlífðargleraugu og verkstjórn hafi verið ábótavant þar sem það verklag sem M hafi verið kennt til að losa stíflu úr glersílói hafi verið stórhættulegt. Þá hafi A vanrækt að tilkynna Vinnueftirlitinu um atvikið samdægurs og verði því að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem af því leiði. Máli sínu til stuðnings vísar M til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum svo og reglna settra á grundvelli þeirra.

Í bréfi V kemur fram að M hafi ekki tilkynnt um slysið samdægurs þar eð hann hafi fyrst talið sig hafa fengið sandkorn í augað, og hafi A ekki verið kunnugt um áverka hans fyrr en nokkrum dögum síðar. Það að Vinnueftirlitinu var ekki tilkynnt samdægurs um slysið leiði því ekki til þess að A beri hallann af því sé eitthvað óljóst um málsatvik. Sú aðferð að kasta flösku í sílóið stíflist það sé þá ekki í samræmi við reglur A, enda sé prik staðsett við færibandið sérstaklega í þeim tilgangi að losa stíflur. Slíkt verklag hefði ekki verið látið viðgangast hefði verkstjóra verið kunnugt um það. Þá liggi fyrir að M hafi staðfest að hafa kynnt sér starfsmannahandbók A en þar komi sérstaklega fram að starfsmönnum sé skylt að nota hlífðargleraugu við vinnu við glerbrot. Hlífðargleraugu af ýmsum gerðum séu þannig tiltæk. Hvað varði svo fyrirliggjandi vitnisburð þriggja aðila um að engin öryggisgleraugu hafi verið til staðar, og að verklag það sem M viðhafði hafi verið í samræmi við leiðbeiningar, verði að líta til þess að um sé að ræða vin, bróður og unnustu M auk þess sem vitnisburðanna hafi verið aflað eftir að höfnun V lá fyrir. Ljóst sé að slys það sem M varð fyrir megi rekja til þess að hann hagaði sér þvert á reglur A og því er bótaskyldu hafnað.

Álit:
Sá sem telur sig hafa orðið fyrir skaðabótaskyldu tjóni ber sönnunarbyrði fyrir því að almenn skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Er það því M að sýna fram á að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis A eða aðila sem það ber ábyrgð á. Gögn um atvikið eru að nokkru leyti takmörkuð, þannig er tilkynning til Vinnueftirlitsins ekki jafnítarleg og best yrði á kosið og engar ljósmyndir er sýni aðstæður á vettvangi eru til staðar. Þá virðast engin vitni hafa orðið að umræddu atviki. Fyrir nefndinni liggja þá þrjár samhljóða yfirlýsingar vitna um að engin hlífðargleraugu hafi verið til staðar og að vinnureglur hafi kveðið á um að kasta bæri glerflösku í op sílósis kæmi til stíflu í því. Við mat á gildi þessara vitnisburða verður að líta til þess að þeirra var aflað í lok apríl 2020, þ.e. tæpum þremur árum eftir slysið og eftir að höfnun V á bótaskyldu lá fyrir. Þá liggur fyrir nefndinni staðfest yfirlýsing M þess efnis að hann hafi kynnt sér starfsmannahandbók A og þekki viðbragðsáætlun vegna neyðaratvika. Í umræddri starfsmannahandbók segi m.a. að starfsfólki sé, við vinnu við glerbrot eða glertalningu, skylt að nota hlífðargleraugu vegna hættu á að glerbrot skjótist út og lendi í augum starfsfólks. Verður því að byggja á því að M hafi haft vitneskju um áhættuna samfara því að nota ekki slík hlífðargleraugu og ekki hefur verið sýnt fram á að þau hafi ekki staðið honum til boða. Hvað varðar staðhæfingu M um að honum hafi verið kennt það, að því er virðist hættulega,

verklag að losa stíflu úr glersílói með því að kasta glerflösku í op þess, er það mat nefndarinnar að ekki sé, gegn neitun A, sýnt fram á það. Hvað varðar meinta vanrækslu á að tilkynna um slys M til Vinnueftirlitsins, en fyrir liggur að það var tilkynnt daginn eftir, þá liggur fyrir staðhæfing V þess efnis að A hafi ekki verið kunnugt um slysið samdægurs. Þeirri staðhæfingu hefur M ekki mótmælt sérstaklega, né tiltekið hvenær og með hvaða hætti A var gert kunnugt um atvikið. Verður því ekki byggt á því að A beri af þeim sökum hallann af þeim sönnunarskorti sem uppi kann að vera, en raunar virðist ekki deilt um atvik sem slík, þ.e. að M hafi, án þess að vera með hlífðargleraugu, kastað glerflösku í sílóið. Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður, samkvæmt framansögðu, ekki talið sýnt fram á að skortur á leiðbeiningum eða ófullnægjandi aðbúnaður starfsfólks, eða önnur atriði sem A beri ábyrgð á, hafi leitt til slyss M umrætt sinn. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 1. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 206/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um hvort skilyrðum endurupptöku bótamáls sé fullnægt.

Gögn.
Málskot, móttekið 10.6.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 7.7.2020.

Málsatvik.
M var farþegi í bifreið sem lenti í hörðum árekstri á Reykjanesbraut við Kúagerði þann 15. janúar 2011 og varð fyrir varanlegum meiðslum. A, sem olli tjóninu, var ábyrgðartryggð hjá V. Með matsgerð tveggja lækna, dags. 12. desember 2012, var varanlegur miski M af völdum slyssins metinn 15 stig og varanleg örorka 15%. Um mat á miskanum segir svo í matsgerðinni:

„Hún hefur eftir slysið búið við viðvarandi einkenni hálstognunar, með höfuðverkjum og stirðleika í hreyfingum háls auk verkja í háls. Þá er hún með tognun í baki, stirðleika og verki, bæði í brjóst og mjóbaki. Vegna verkja hefur hún verulega svefnörðugleika og finnur fyrir allnokkrum leiða og geðeinkennum því tengt. Hún hefur útbreidda eymslapunkta líkt og sést í vefjagigt. Hún hefur eftir slysið verið í sjúkraþjálfun og er nú á Reykjalundi og hefur þannig reynt að takmarka tjón sitt. Hún sinnir heimilisstörfum með nokkrum óþægindum en hefur ekki vegna verkja sinna treyst sér út á vinnumarkað....

Við mat á varanlegum miska af völdum slyssins, sbr. 1. og 2. málslið 1. mgr. 4. greinar skaðabótalaganna, er höfð hliðsjón af miskatöflu örorkunefndar. Horft er til þess að hún hafi í umferðarslysinu þann 15.1.2011 hlotið tognun á háls, væga tognun á mjóbaki. Þá er horft til þess að verkir þessu tengt leiði eðli málsins samkvæmt til allnokkurra geðeinkenna og andlegrar vanlíðunar og svefnröskunar."

Með bréfi lögmanns M, dags. 22. janúar 2013, til V tilkynnti hann að M sætti sig ekki við matið, taldi það rangt og kvaðst fara fram á dómkvaðningu matsmanna til að fá endanlega niðurstöðu um það tjón sem hún varð fyrir í slysinu. Við uppgjör bóta 29. janúar 2013 þar sem tekið var við bótunum með fyrirvara um að greiðslan væri samþykkt sem innborgun á heildarbætur og áskilinn réttur til hækkunar á öllum kröfuliðum í kjölfar matsgerðar dómkvaddra matsmanna.

Með matsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna, heila- og taugalæknis og lögmanns., dags. 25. maí 2014, var komist að þeirri niðurstöðu að varanlegur miski af völdum slyssins væri 20 stig og varanleg örorka 20%. Um mat á varanlegum miska segir svo í matsgerðinni:

„Varanlegar heilsufarslegar afleiðingar slyssins 15. janúar 2011 verða raktar til tognunar í háls-, brjóst- og lendhrygg, með viðvarandi verkjum frá háls- og lendhrygg sem aukast við álag, álagsverkjum i brjósthrygg, eymslum og hreyfiskerðingu og auk þess býr hún við meiri andlega vanlíðan en almennt gerist með slíka tognunaráverka"

Samkvæmt tjónskvittun, útprentaðri 1. september 2014, var tjón M gert upp að nýju. Kemur fram í kvittuninni að um væri að ræða „fullar og endanlegar bætur" vegna tjóns M. Tekið var við bótunum af hálfu M „með fyrirvara um betri rétt tjónþola."

Telur M að frá uppgjörinu hafi hún glímt við stöðugt versnandi heilsu og 28. nóvember 2015 hafi hún verið metin með meira en 75% örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins. Hinn 11. maí 2018 voru dómkvaddir þrír yfirmatsmenn, bæklunarskurðlæknir, geðlæknir og lögmaður, til að framkvæma yfirmat og meta að nýju varanlegar afleiðingar slyssins fyrir M. Samkvæmt yfirmatsgerð þeirra, dags. 15. febrúar 2020, var komist að þeirri niðurstöðu að varanlegur miski af völdum slyssins næmi 28 stigum og varanleg örorka væri 30%. Varðandi miskamatið segir m.a. svo í matsgerðinni:

„Einkenni þau sem matsbeiðandi býr við eru margvísleg. Lýst er útbreiddum stoðkerfiseinkennum og andlegum einkennum vegna afleiðinga umferðarslyssins 15. janúar 2011. Þau einkenni sem matsmenn telja vera staðfest og orsakatengsl séu á milli umferðarslyssins og þeirra einkenna eru verkir í hálsi, brjósthrygg og mjóbaki. Einnig frá vinstri kálfa og andleg einkenni. Hún hefur verið lítt vinnufær og smám saman hafa sótt á hana þunglyndiseinkenni eins og fram kemur."

Í matsbeiðni var þess óskað að yfirmatsmenn legðu mat á hvort breyting hafi orðið á mati á varanlegum afleiðingum slyssins frá því að undirmatið var framkvæmt og eftir atvikum í hverju sú breyting væri fólgin og hverju hún næmi m.a. í miskastigum og jafnframt að metið yrði hvort breytingin hafi verið ófyrirsjáanleg miðað við undirmatið 25. júní 2014. Í umfjöllun í yfirmatsgerðinni varðandi þennan matslið kemur fram að matsmenn telji að marktæk breyting hafi ekki orðið á varanlegum afleiðingum slyssins frá því matsgerðin 25. júní 2014 var unnin og sé þá tekið tillit til einkennalýsinga og skoðunar fyrr og nú, en ekki verði séð að marktækur munur sé þar á. Í niðurstöðu matsgerðarinnar er þessum lið svarað svo að matsmenn telja ekki að marktæk breyting eða ófyrirsjáanleg breyting hafi orðið á varanlegum afleiðingum slyssins frá 25. júní 2014.

M hefur krafist bóta vegna varanlegs miska sem metinn var samkvæmt yfirmati umfram það sem hann var metinn samkvæmt undirmatinu, auk vaxta og kostnaðar, einkum kostnaðar vegna yfirmats þar sem V hafi farið fram á að þrír matsmenn yrðu dómkvaddir til að framkvæma matið. V hefur hafnað bótaskyldu með því að krafa M væri fyrnd samkvæmt 99. gr. áður gildandi umferðarlaga nr. 50/1987 auk þess sem félaginu væri ekki skylt að greiða kostnað vegna yfirmats.

Álit.

Að fengnu undirmati fór fram fullnaðaruppgjör bóta 1. september 2014 að því er ráða má af fyrirliggjandi tjónskvittun. Við bótunum var tekið af hálfu M „með fyrirvarara um betri rétt tjónþola.“ Orðalag þessa fyrirvara er mjög almennt. Engin skýr gögn liggja fyrir um það í málinu að M hafi gert athugasemdir við einhverja tiltekna þætti í matsgerðinni sem lagt var til grundvallar við bótauppgjörið. Eins og atvikum er háttað getur framangreindur fyrirvari við bótauppgjörið því ekki falið annað í sér en að M áskildi sér rétt til að krefjast frekari bóta ef síðar yrðu ófyrirséðar breytingar á heilsufari hans sem yllu því að varanlegar afleiðingar af völdum slyssins yrðu meiri en byggt var á við uppgjörið, sbr. 11. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þótt varanlegur miski sé 8 metinn stigum hærri samkvæmt yfirmati en hann hafði verið metinn samkvæmt undirmatinu er engu að síður tekið fram í yfirmatinu með afdráttarlausum hætti að engin marktæk né ófyrirsjáanleg breyting hafi orðið á heilsu M frá því undirmatið fór fram. Þessari niðurstöðu yfirmatsgerðarinnar hefur ekki verið hnekkt með öðrum gögnum sem liggja fyrir í málinu. Skilyrðum 11. gr. laga nr. 50/1993 til endurupptöku málsins er því ekki fullnægt. Af því leiðir að M á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut í slysinu. Með því að enginn réttur til bóta telst hafa stofnast kemur ekki til skoðunar hvort krafa M á hendur V kunni að hafa fallið niður vegna fyrningar.

M aflaði á sinn kostnað yfirmatsgerðar í málinu í því skyni að færa sönnur á frekari rétt hennar til bóta úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu og tók þar með þá áhættu sem fólst í því að afla þessa sönnunargagns. Sú sönnunarfærsla, sem að var stefnt með öflun matsgerðarinnar, dugði ekki eins og að framan greinir. Þá verður að telja ljóst að um yfirmatsgerð var að ræða. Bar því að hafa yfirmatsmenn fleiri en þá sem stóðu að undirmati, sbr. 64. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Það verður því ekki rakið til sérstakrar kröfu V hversu margir yfirmatsmennirnir voru. Í ljósi þess sem hér að framan greinir getur M ekki krafist þess að V greiði kostnað vegna yfirmatsgerðarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 1. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 207/2020

M og
V1 v/ábyrgðartryggingar ökutækis A og
V2 v/ábyrgðartryggingar ökutækis B

Árekstur við bensínstöð Olís í Norðlingaholti 13. maí 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 10. júní 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V2 dags. 29. júní 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V1 dags. 1. júlí 2020.
Tölvupóstur M dags. 6. júlí 2020.

Málsatvik.
Árekstur var með bifreiðunum A og B við bensínstöð Olís í Norðlingaholti á tilgreindum tíma. Í gögnum málsins liggur ekki fyrir sameiginleg tjónstilkynning ökumanna vegna árekstursins eða skýrsla frá óháðum aðilum eins og árekstur.is eða lögreglu vegna málsins. Hvor ökumaður um sig hefur lýst aðdraganda áreksturs í skýrslu til síns vátryggingafélags og liggja þau gögn fyrir í málinu sem og lýsing vitnis sem gaf sig fram við ökumann bifreiðar B eftir að ökumaður bifreiðar A hafði farið af vettvangi. Vitnið lýsir atvikum þannig að hann hafi verið staðsettur fyrir aftan bifreið A og ökumaður bifreiðar B hafi hleypt vitninu yfir akbrautina þegar bifreið A hafi verið ekið úr stæði utan í bifreið B. Ökumaður bæði bifreiða A og B lýsa atvikum þannig að þeir hafi verið við akstur á stæðinu þegar hinni bifreiðinni var ekið úr bifreiðastæði.

M telur að sú lýsing ökumanns bifreiðar B af aðstæðum standist ekki þar sem hann sem ökumaður bifreiðar A hafi ekki verið að aka úr bifreiðastæði heldur frá bílalúgu. Einnig dregur M það í efa að vitnisburður hafi þýðingu í málinu en vitnið hafi ekki gefið sig fram við ökumenn á vettvangi, eins og honum hafi verið fullunnt að gera.

V1 tekur ekki afstöðu málsins en V2 telur að leggja eigi framburð vitnis til grundvallar um að ökumaður bifreiðar A hafi ekið úr bifreiðastæði á bifreið B og beri M sem ökumaður bifreiðar A því alla sök á árekstrinum.

Álit.
Í málinu liggur fyrir að engin sameiginleg tjónstilkynning var gerð vegna áreksturs bifreiða A og B og af gögnum málsins má sjá að lýsingar ökumanna eru ólíkar af aðdraganda áreksturs. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvar árekstur varð og hvar þau bifreiðastæði sem koma fram í lýsingum þeirra eiga að vera. Verulegur ágreiningur er því um málsatvik og lýsing ætlaðs vitnis af atburðinum er heldur ekki nægilega skýr um staðsetningu bifreiðanna, auk þess sem það hefur einnig áhrif að vitnið gaf sig ekki fram við báða ökumenn á árekstrarstað. Á meðan ekki er ljóst við hvaða bifreiðastæði er átt í lýsingu vitnisins verður ekki lagt til grundvallar að ökumaður bifreiðar A hafi ekið úr slíku á bifreið B. Þegar litið er til alls þessa er enn það verulegur ágreiningur um málsatvik að ekki er nægilega upplýst um þau til að leggja meiri sök á annan ökumann en hinn vegna árekstursins og skiptist hún því til helminga.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 25. ágúst 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 208/2020

M og
V v/ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um skaðabótaábyrgð vinnuveitanda vegna vinnuslyss 14. maí 2018.

Gögn.
Málskot móttekið 12. júní 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 29. júlí 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X, þar sem M var að vinna við færiband. Í tjónstilkynningu M sjálfrar til V dags. 15. september 2018 kemur fram að hún hafi verið að vinna á móttökuenda á færibandi „... og of mikið að koma af því svo þá voru kassar út um allt og ég datt um kassa.“ Í tilkynningu X til Vinnueftirlits dags 16. maí 2018 og tilkynningu til V dags. 26. september 2018 kemur fram að M hafi hrasað um grænmetiskassa sem hún hafði lagt frá sér við vinnustöð sína skömmu áður.

M lýsir aðstæðum í málskoti þannig að hún hafi verið að taka við vörum af færibandi sem settar hefðu verið inn á það á miklum hraða og þannig hafi kassar safnast upp í vinnuaðstöðu hennar sem hafi síðan leitt til þess að hún hrasaði um einn þeirra og hlaut af því líkamstjón. M vísar til þess að slys hennar hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins sbr. skyldu í 79.-81. gr. sömu laga, mál hennar hafi ekki verið rannsakað af hálfu eftirlitsins og verði því að leggja frásögn M til grundvallar varðandi málsatvik, sbr. dómaframkvæmd. M byggir ennfremur á því að vinnuaðstæður hennar hafi ekki uppfyllt fyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. M vísar til þess að yfirmaður hennar, sem hafi verið verkstjóri í skilningi laganna, hafi átt að afstýra þeirri hættu sem skapaðist af aðstæðum á vinnustaðnum í ljósi þess að hann sjálfu hafi skapað þær og einnig vísar M til reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða þar sem segi að vinnurými skuli skipulögð með hliðsjón af því starfi sem eigi að framkvæma og umferðarleiðir skuli vera greiðar. M telur að háttsemi yfirmanns hennar hafi ekki verið þess eðlis að starfið hafi verið skipulagt með hliðsjón af þessum þáttum sem og telur hún að aðferðir við að stafla byrðum, eins og hún þurfti að gera með kassana sem bárust af færibandinu, hafi átt að skipuleggja betur.

V vísar til þess að óumdeilt sé að M hafi verið að taka á móti vöru af færibandi þegar hún varð fyrir líkamstjóni. Þá sé óumdeilt að vörur af færibandi hafi verið settar í kassa sem síðan hafi verið staflað upp í vinnurýminu. Einnig telur V að óumdeilt sé að M hafi fallið um kassa sem hún sjálf hafi tekið til handargagns og komið fyrir á gólfi í vinnurými sem hún vann ein í. V telur ósannað að vinnuaðstæður M hafi ekki verið ófullnægjandi eða verkstjórn áfátt. M hafi ekki gert athugasemdir vegna hraða á færibandi og hún hafi sinnt sambærilegum störfum um nokkurra mánaða skeið. Einnig hafi verið neyðarrofar til staðar að stöðva færibandið ef á þurfti að halda. V vísar einnig til ljósmyndar af vinnurými.

Álit.
Í gögnum málsins liggur fyrir sú lýsing M í tjónstilkynningu til V að hún hafi dottið um kassa og þannig slasast. Hún lýsir einnig aðstæðum þannig að það hafi verið kassar út um allt og of mikið af koma af færibandi sem hún hafi verið að vinna við. Ekki er heldur annað að sjá af gögnum málsins en að M hafi orðið óvinnufær vegna slyssins fljótlega og X hafi borið að tilkynna um það til Vinnueftirlitsins og var það gert tveimur dögum eftir slysið. Vinnueftirlitið kom ekki á staðinn til rannsóknar á atvikum. Þannig verður að leggja þessa frásögn M af atvikum til grundvallar við mat á skilyrðum skaðabótaábyrgðar af hálfu X.

Þegar frekari gögn um vinnuaðstöðu M eru skoðuð, þ.á.m. mynd af vinnurými má sjá að endi færibands er nokkuð breiður og nokkuð pláss er til að koma fyrir kössum sem matvæli af færibandinu fara í. Ekki verður annað séð en að um hafi verið að ræða einfalt verk og ekki hafi þurfti sérstaka verkstjórn við upprööun kassa, auk þess sem verður að leggja til grundvallar að hægt hafi verið að stjórna færibandinu með því að stöðva það ef hraði þess var of mikill. M kveðst sjálf hafa rekið fót í

kassa á gólfi og verður ekki annað séð af gögnum málsins en að hún hafi sjálf komið þeim kassa fyrir á þeim stað sem hann var. Verður tjón hennar ekki rakið til þess að vinnuaðstæður hafi verið ófullnægjandi m.v. aðstæður og fyrirmæli laga og reglna um vinnuvernd eða verkstjórn af hálfu X ábótavant. Verður því ekki fallist á að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X geti borið skaðabótaábyrgð á mögulegu líkamstjóni M og þannig er ekki fyrir hendi greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 209/2020

M og
V v/ábyrgðartryggingar X

Fall úr stiga á vinnustað 29. ágúst 2019.

Gögn.
Málskot dags. 12. júní 2020 ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur V, dags. 10. júlí 2020 ásamt verklagsreglum merktum: Framleiðsla, mötuneyti og vöruhús.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi slasast við vinnu sína þegar hún var að sækja vörur upp í hillu og féll við það úr stiga og slasaðist. Í málinu liggur fyrir úttekt Vinnueftirlitsins á vinnustaðnum í kjölfar slyssins og gerðar voru þær athugasemdir að ekki hafi verið gerð skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði starfsmanna, ekki hafi verið gert sérstakt áhættumat vegna þess verks sem unnið var og ekki tilnefndur öryggisfulltrúi til eftirlitsins.

M telur að aðbúnaður hafi verið ófullnægjandi á vinnustað sínum með vísan til laga nr. 46/1980 um hollustuhætti, aðbúnað og öryggi á vinnustöðum, auk viðauka við reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja, hafi sá búnaður sem henni hafi verið gefinn kostur á að nota við störf sín ekki hentað til verksins. Um hafi verið að ræða þriggja þrepa tröppu sem hafi ekki verið nógu há þannig að hún hafi þurft að teygja sig sérstaklega upp við að ná í þær umbúðir sem hún var að ná í þegar hún féll í slíkri tröppu og slasaðist. Einnig vísar M til þess að þegar það er metið saman að ekki hafi verið fyrir hendi áhættumat vegna verksins eða tilnefndur öryggisfulltrúi af hálfu X þá sé um skaðabótaskyldu að ræða af hálfu X og eigi því að koma til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Vísað er til dóma Hæstaréttar varðandi fall í stiga máli M til stuðnings.

V telur að ekki sé um að ræða saknæma háttsemi vinnuveitanda eða vanbúnað á vinnustað hennar og verði að líta svo á að líkamstjón M hafi komið til vegna óhappatilviks. Þannig hafi M misst jafnvægið eða skrifað fótur í tröppum þannig að hún féll aftur fyrir sig. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við umræddar tröppur í skýrslu Vinnueftirlitsins, sem komið hafi á vettvang, og þær athugasemdir sem gerðar hafi verið í þeirri skýrslu séu ekki þess eðlis að þær leiði til bótaskyldu af hálfu X. V telur einnig að þeir dómar Hæstaréttar sem M vísi til í málskoti séu ekki sambærilegir við málsatvik í máli hennar.

Álit.
Í málinu er slysi M lýst þannig í skýrslu Vinnueftirlitsins að M hafi orðið fyrir óhappi þegar hún stóð í miðþrepi þriggja þrepa tröppu þannig að hún féll aftur fyrir sig. Engar sérstakar athugasemdir eru gerðar við notkun umræddrar tröppu í sömu skýrslu og ekki liggja fyrir önnur gögn sem sýna með greinilegum hætti að hún hafi verið sérstaklega hættuleg til þess verks sem M vann í greint sinn. Aðdraganda slyssins er lýst með sama hætti í lögregluskýrslu. Um var að ræða einfalt verk og fall M úr tröppunni verður af fyrirliggjandi gögnum ekki rakið til saknæms vanbúnaðar af hálfu X. Ekki verður heldur séð að bein orsakatengsl séu milli þess að X átti eftir að skila gögnum til Vinnueftirlitsins og tilnefna öryggisfulltrúa og þess óhapps sem leiddi til líkamstjóns M. Slys M verður rakið til óhappatilviks á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
Má ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 210/2020

M og
V vegna ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna foktjóns.

Gögn.
Málskot móttekið 19.06.2020.
Bréf V dags. 08.07.2020 ásamt fylgiskjölum 1-8.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 14.07.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 14. febrúar 2020 hafi orðið tjón á tveimur bifreiðum, X og Z, sem séu í eigu B, við það að þakplötur frá fasteign A hafi fokið á þær. A hafi viðurkennt að eiga plöturnar, sem einnig hefðu skemmt fasteign og bifreiðar í eigu A, en hafi ekki viljað tilkynna V um tjónið.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að mikið óveður hafi gengið yfir á svæðinu, og hæsta skráða vindhviða hafi mælst 54,4 metrar á sekúndu. Um hafi verið að ræða eina mestu óveðurslægð síðustu ára og töluvert eignatjón hlotist af henni. Þá liggi fyrir yfirlýsing A um að umræddar þakplötur hafi verið á baklóð hans og fergðar niður með hellugrjóti. Þrátt fyrir þær ráðstafanir hafi þær fokið til, eins og raunar allt lauslegt á svæðinu, samkvæmt frásögn A, en tjón hans sjálfs megi rekja til grjótkasts en ekki platnanna. Verði tjón M því aðeins rakið til óveðurs en ekki saknæmrar háttsemi A. Þá liggi engin gögn fyrir um hið meinta tjón á bifreiðunum né um hvað hafi valdið því, og því sé alls ósannað að það sé að rekja til umræddra þakplatna en ekki annarra muna eða jarðefna sem hafi fokið um svæðið. Að endingu tekur V fram að M hafi aldrei verið skráður eigandi Z og geti því ekki átt bótarétt vegna skemmda á henni. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum gerir M athugasemdir við lýsingar A og V á atvikum.

Álit:
Bótaskylda úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar A hjá V er háð því að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni M, sbr. og 10. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála. Þannig þarf tjón M að vera rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða annarra vátryggðra og er það M að sýna fram á það. Gögn fyrir nefndinni eru nokkuð takmörkuð. Þannig liggja ekki fyrir ljósmyndir eða annað er sýni fram á tjón á umræddum bifreiðum, né nein gögn er sýni fram á hvað hafi valdið umræddum skemmdum. Jafnvel þó sýnt væri fram á að tjón á bifreiðunum megi rekja til umræddra þakplatna í eigu A hefur ekki verið sýnt fram á að hann hafi sýnt af sér saknæmt aðgæsluleysi við vörslur þeirra eða frágang, en af framlögðum gögnum er ljóst að vindstyrkur á svæðinu var gríðarlegur, og mesta hviða mældist 54,4 metrar á sekúndu. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna bótaskyldu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar A hjá V

Reykjavík 1. september 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 211/2020

M og
V vegna sjúklingatryggingar þvagfæraskurðlæknis (A).

Krafa um bætur úr sjúklingatryggingu vegna afleiðinga blöðruhálskirtilsástungu.

Gögn.
Málskot dags.18.06.2020 ásamt fylgiskjölum 1-10.
Bréf V dags. 20.07.2020 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Í málskoti er atvikum lýst svo að hinn 29. nóvember 2017 hafi M gengist undir blöðruhálskirtilsástungu sem framkvæmd var af A. Í kjölfar hennar hafi M fengið sýkingu, háan hita og átt erfitt með gang. Hafi hann verið lagður inn á sjúkrahús í um tíu daga vegna þessa, og legið á gjörgæsludeild hluta þess tíma. Rannsóknir hafi þá leitt í ljós að um blóðsýkingu hafi verið að ræða auk þess sem hjartaómun hafi leitt í ljós væga skerðingu á starfsemi vinstri slegils en samkvæmt nótu læknis hafi það líklega verið afleiðing blóðsýkingar. Í kjölfar innlangar hafi M þurft að notast við þvaglegg í nokkra mánuði.

Vegna þessa gerði M kröfu um bætur úr sjúklingatryggingu A, en V hafnaði kröfu hans með bréfi dags. 21. júní 2020. M rökstyður kröfu sína með því að hann hafi orðið fyrir tjóni í skilningi laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, en samkvæmt 1. mgr. 1. gr. þeirra eigi sjúklingar sem verði fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu til starfans rétt til bóta samkvæmt lögunum. Samkvæmt 1. tl. 2. gr. laganna skuli greiða bætur án tillits til þess hvort skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttar sé fyrir hendi enda megi að öllum líkindum ætla að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræði hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðeigandi sviði. M vísar til þess að aðferð sú sem A beitti við ástunguna hafi ekki verið eina nákvæma aðferðin sem í boði var. Vísar M til meðfylgjandi upplýsingabæklings fyrir sjúklinga með blöðruhálskrabbamein en þar séu nokkrar aðferðir tilgreindar. Fallist nefndin ekki á að skilyrði 1. tl. 2. gr. séu uppfyllt vísar M jafnframt til 4. tl. 2. gr. en þar komi fram að bætur skuli greiða ef tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skuli líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skuli taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni. M vísar í því samhengi til þess að sýkingar í kjölfar sýnatöku séu tiltölulega sjaldgæfar og að rannsóknir sýni að tíðni sýkinga sé um 1%. M hafi orðið fyrir tjóni í kjölfar umræddrar ástungu, umrædd sýking sé af sjaldgæfum toga og ekki fyrirsjáanleg, og tjón M meira en svo að hægt sé að ætlast til þess að hann þoli það bótalaust. Þá sé ljóst að einkenni sem M finni fyrir vegna ástungunnar séu í engum tengslum við þann sjúkdóm sem M greindist með í kjölfarið.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V því að sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til sýkingar sem hann fékk í kjölfar ástungunnar, fremur hafi verið um að ræða tímabundin einkenni sem gengið hafi til baka. Telur V því að skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga um sjúklingatryggingu sé ekki uppfyllt. Jafnvel þótt svo væri telur V að umrætt tjónsatvik falli ekki undir 2. gr. laganna. Þannig sé ekki sýnt fram á, sbr. 1. tl. 2. gr., að aðrar aðferðir hefðu hentað betur við sýnatökuna, sýnataka fari langoftast fram með hjálp ómtækis um endaþarm eins og í tilviki M, en einungis í undantekningartilvikum í gegnum húð. Fylgikvillar þeirrar aðferðar, sem sé flóknari, séu einnig umtalsverðir, en öllum aðferðum við sýnatöku fylgi sýkingarhætta. Hvað varði hugsanlega bótaskyldu á grundvelli 4. tl. 2. gr. bendir V á að um hafi verið að ræða aðgerð sem hafi verið framkvæmd í þeim tilgangi að staðreyna illkynja mein í blöðruhálskirtli, en skoða verði tjón vegna aðgerðar í samhengi við áhættuna af því að láta hjá líða að framkvæma hana. Þá liggi ekki fyrir nein haldbær gögn um

afleiðingar sýkingarinnar, og í öllu falli sé ljóst að þær hafi verið afar vægar í samanburði við alvarleika þess sjúkdóms sem markmiðið var að greinar hjá M. Þá sé sýking algengur fylgikvilli, sem sé getið í kynningarefni sem sjúklingar fái fyrir ástungu, og jafnframt sé sjúklingum gefið sýklayf samhliða sýnatöku í þeim tilgangi að fyrirbyggja sýkingu. Séu skilyrði 4. tl. 2. gr. því heldur ekki uppfyllt. Hafnar V því bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um sjúklingatryggingu eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, rétt til bóta samkvæmt lögunum sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis til starfans. Í 2. gr. laganna segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhverra þeirra atvika sem síðan eru rakin í tl. 1-4. Í 1. tl. 2. gr. laganna er mælt fyrir um bótaskyldu ef ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði og í 4. tl. er vísað til tjóna sem hljótast af meðferð og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Við mat á því hvort annars vegna 1. eða 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingar eigi við verður að líta til þeirra þess sem kemur fram um sönnun, þ.e. að sýna verði fram á tjón og að tjón verði að öllum líkindum að vera rakið til þess að meðferð hafi ekki verið hagað eins vel og var hægt eða sýking hafi orðið meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Við mat á þessum atvikum verður sönnunarbyrði ekki snúið alfarið við heldur hvílir á tjónþola að sýna fram á að atvik hafi „að öllum líkindum“ verið með þeim hætti.

Af gögnum þeim sem liggja fyrir nefndinni verður ekki að fullu ráðið hvert tjón M í tengslum við umrædda ástungu hafi verið. Vissulega má ráða af gögnum málsins að M hafi verið lagður inn á sjúkrahús hinn 2. desember 2017 vegna sýkingar sem kom upp í kjölfar ástungunnar og að hann hafi verið útskrifaður hinn 11. desember sama ár. Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um núverandi ástand M hvað varðar minnkað útfall úr hjartasegli eða örðugleika við gang. Liggur þannig ekki fyrir hvort þau einkenni tengdust umræddri sýkingu beint, eða hvort þau hafi gengið til baka, enda liggur ekki fyrir nefndinni læknisvottorð um þróun umræddra einkenna. Hefur þá ekki verið gert líklegt að aðferð sú sem beitt var við sýnatöku hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hafi verið eða í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði, sbr. 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Þó M hafi sýnt fram á að aðrar aðferðir séu tiltækar liggur þannig ekkert mat fyrir um það að þær hefðu reynst öruggari eða betri, eða í betra samræmi við þekkingu og reynslu á sviðinu. Þá ber að líta til þess að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er einhver hætta á sýkingu í kjölfar ástungu af þessu tagi, og mun tíðni þeirra 1-2%. Þar sem ekki liggur fyrir að sýking sú sem M fékk hafi verið alvarlegri eða af öðrum toga en slíkar sýkingar almennt, og ekki er sýnt fram á varanleg áhrif hennar, verður heldur ekki talið að skilyrði 4. tl. 2. gr. séu uppfyllt. Samkvæmt framansögðu, og með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja, er bótaskylda úr sjúklingatryggingu A ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúklingatryggingu A hjá V.

Reykjavík 8. september 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 212/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar verktaka.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna fokskemmda á bifreið.

Gögn.
Málskot, móttekið 18.6.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 6.7.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Um miðnætti 18. júní 2019 var bifreiðinni A í eigu M ekið eftir hringvegi 1 við Esjumela í Reykjavík norðan Mosfellsbæjar. Þar hafði verið unnið að gerð hringtorgs á mótum hringvegarins, Leiruvegar og Norðurgrafarvegar og hafði verktakinn B framkvæmdirnar með höndum. Er A var í umrætt sinn ekið um hringtorgið mun skyndilega hafa rokið upp skýstrókur þannig að jarðvegur hafi dunið á A sem varð af þeim sökum fyrir skemmdum. M kveður óumdeilt að engar merkingar hafi verið á leiðinni við hringtorgið eða í nágrenni við það til að vara við lausum jarðvegi eða fokhættu af nokkru tagi. Kveður M að tjónið megi rekja til þess að frágangur á framkvæmdasvæðinu við hringtorgið hafi verið óforsvaranlegur og merkingum hafi verið ábótavant. Kveður M í þessu sambandi að m.a. hafi mátt setja upp umferðarmerki samkvæmt reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, svo sem merki nr. A99.11, „önnur hætta“, nr. A22.11, „steinkast“, og nr. A32.11, „sviptivindur“.

Fokið hafi komið frá framkvæmdasvæði vegna vegaframkvæmda sem hafi staðið yfir um nokkurt skeið og jarðefni á svæðinu hafi verið þess eðlis að þau hafi auðveldlega getað fokið og valdið skemmdum á bifreiðum sem þarna áttu leið um. Þá hafi verið ástæða til varúðarmerkinga vegna snarpra vindhviða sem geti gætt á umræddu svæði. Ekki hafi verið tyrft á svæðinu þegar tjónið varð og engar ráðstafanir heldur gerðar til að hindra fok þrátt fyrir brýnt tilefni.

M kveður B bera ábyrgð á tjóni því sem varð á A af völdum jarðefnafoksins og hefur krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur neitað bótaskyldu.

Álit.
Í útboðslýsingu vegna framkvæmda við hringtorgið, 1.11.3, er ákvæði er lýtur að merkingum og öryggisráðstöfunum vegna framkvæmdanna. Þar segir að áður en framkvæmdir hefjast skuli verktaki bera undir verkkaupa til samþykkis ítarlega öryggisáætlun þar sem lýst er nauðsynlegum öryggisráðstöfunum vegna framkvæmdanna í samræmi við reglugerð nr. 492/2009, um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við veg. Skal í áætluninni m.a. koma fram hvernig merkingum á og við vinnusvæðið skuli háttað. Samkvæmt gögnum málsins liggur ekki fyrir að merkingar á og við vinnusvæðið hafi ekki verið í samræmi við þá öryggisáætlun sem verktaki á að hafa lagt fyrir verkkaupa eða að merkingar á svæðinu hafi ekki verið í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 492/2009.

Í úttektargerð Vegagerðarinnar í tengslum við verklok, dags. 3. júní 2019, kemur m.a. fram að fjarlægja þurfi allar vinnusvæðamerkingar og eigi þeim göllum sem snúa að verktaka, B, að vera lokið fyrir 24. júní 2019. Þá kemur fram í úttektinni að sáningu sé ólokið en það verk snúi að verkkaupa, Vegagerðinni. Af þessari úttekt verður ekki annað ráðið en B hafi borið að fjarlægja allar vinnusvæðamerkingar þegar að lokinni úttektinni og því verður það vart talið á ábyrgð B að engar varúðarmerkingar hafi verið uppi 18. júní, þegar tjónið varð á A, ef á annað borð hafi verið þörf á slíkum merkingum. Af gögnum málsins verður heldur ekki ráðið að tilefni hafi verið til að hafa uppi þau umferðarmerki skv. reglugerð 289/1995 sem M tilgreinir í málskoti. Þá virðist það hafa verið í verkahring Vegagerðarinnar að sá í ógróin svæði við hringtorgið en ekki B.

Að öllu virtu verður ekki ráðið að tjón á A verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna B í tengslum við verkframkvæmdir á hans vegum við hringtorgið eða annarra atvika sem hann getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V vegna tjónsins á A.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B vegna tjóns á bifreiðinni A hjá V.

Reykjavík, 1. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 213/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar X

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna hálkuslyss, þann 31. mars 2015.

Málskot M, dags. 19.6.2020, ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.
Bréf V dags. 10.7.2020, ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.

Málsatvik.
M rann til í hálku og slasaðist þann 31. mars. 2015 þegar hún var á gangi á lóð X. Dvaldi hún á umræddum tíma á heilsustofnun X sér til heilsubótar. Stóð dvalargestum til boða að taka þátt í daglegum göngutúrum sér til heilsubótar á meðan dvöl þeirra stóð. Var M á göngu með slíkum gönguhóp þegar atvikið átti sér stað og var hópurinn leiddur af starfsmönnum X.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni tjóni sínu á þeim grundvelli að tjónið megi rekja til vanrækslu af hálfu starfsmanna X. Í því sambandi byggir M m.a. á því að það hafi verið ámælisvert af starfsmönnum X að leiða hóp skjólstæðinga stofnunarinnar yfir hálkusvæði þegar aðrar gönguleiðir voru auðar og greiðfærar. Þá hafi ekki verið hafður uppi sérstakur viðbúnaður eða gerðar varúðarráðstafanir vegna hálkunnar. Engar merkingar eða viðvaranir hafi gefið til kynna að hálka væri á þessari leið og starfsmenn X hafi ekki haft uppi nein varnaðarorð um hálkuna. Enn fremur hafi leiðin hvorki verið söltuð né sandborin, né heldur hafi verið hitalögn í jarðvegi.

V tiltekur í bréfi sínu til nefndarinnar að málsaðilum beri ekki saman um það hvar atvikið átti sér stað. M vísi til þess að slysið hafi átt sér stað á göngustíg á lóð X en samkvæmt upplýsingum frá X hafi slysið átt sér stað á götu á lóð X. Umrædd gata sé í venjulegri gönguleið, sem gengin er daglega allt árið um kring og nauðsynlegt sé að fara yfir hana til að komast að húsnæði X. Hafnar V þeirri fullyrðingu M að hægt hefði verið að velja aðra auða og greiðfæra leið í stað leiðarinnar sem valin var. Við þær aðstæður sem ríktu hefði öllum, þ.á.m. M, mátt vera ljóst, og ekki getað dulist, að hálka væri á lóðinni og í kring um stofnunina. Þá vísar V til þess að skv. upplýsingum frá X sé ávallt tilkynnt til gönguhópa ef það er hálka úti og dvalargestum bent á að nota mannbrodda. Þá séu mannbroddar til sölu í verslun X á svæðinu.

Álit:
Gögn málsins bera með sér að þegar atvikið átti sér stað hafi verið talsverður snjór yfir jörðu. Mátti M því vera ljóst að hálka kynni að vera á svæðinu og þörf væri á notkun sérstaks skóbúnaðar, svo sem mannbrodda, til hálkuvarna. Hafi hún ekki átt slíkan búnað átti hún þess kost að sleppa gönguferðinni í ljósi aðstæðna, enda var um að ræða valkvæða gönguferð. Engin gögn styðja fullyrðingar M um að unnt hefði verið að velja aðra auða eða greiðfæra leið í stað þeirrar sem var valin í umrætt sinn. Telst fullyrðingin því ósönnuð og ber M hallann af þeim sönnunarskorti. Verður það því ekki metið starfsmönnum X til gáleysis að hafa valið þá leið sem farin var. Að teknu tilliti til gagna málsins verður ekki fullyrt að tjón M verði rakið til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 214/2020

M og
V v/slysatryggingar fjölskyldutryggingar.

Takmörkun á ábyrgð vátryggingafélags vegna slyss 27. júlí 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 19. júní 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 17. júlí 2020, ásamt viðmiðunartöflu Landspítala um styrk s-etanóls/ölvunareinkenni.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 17. júlí 2020.
Gögn málsins hjá V, að beiðni nefndarinnar, tjónstilkynning M til V dags. 19. febrúar 2020, gögn úr sjúkraskrá vegna slyss og blóðrannsóknir.

Málsatvik.
Í málskoti og tjónstilkynningu M til V kemur fram að M rann til í bleytu sem var á stétt við heimili hennar og datt aftur fyrir sig og lenti með höfuð á „járn bobbing". Í tjónstilkynningu kemur einnig fram að M hafi verið undir áhrifum áfengis þegar hún féll. Í læknisfræðilegum gögnum kemur fram að svokallað EtOH hafi mæst 55,9 þegar M kom á sjúkrahús vegna afleiðinga fallsins og hafi verið meðvitundarskert. Í málskoti er þess getið að slíkt áfengismagn svari til 2,54 prómilla.

M telur að greiða eigi bætur vegna líkamstjónsins úr slystryggingu fjölskyldutryggingar og ekki séu fyrir hendi forsendur fyrir V til að takmarka ábyrgð sína vegna þess að M hafi verið undir áhrifum áfengis. M telur að skilyrði 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 séu ekki uppfyllt um stórkostlegt gáleysi þar sem ekki sé orsakasamband milli ölvunaráhrif og þess óhapps sem M varð fyrir.

V telur sýnt að magn áfengis í blóði M hafi verið nálægt eitrunarmörkum sem séu í kringum 65 mmól/L en M hafi mælst með 55,9 við komu á sjúkrahús. V vísar til viðmiðunartöflu Landspítala um að niðurstöður á bilinu 45-60 mmól/L merki að einstaklingur hafi áberandi ölvunareinkenni og eigi í erfiðleikum með hreyfinga og tal. V telur að vegna þessara áfengisáhrifa hafi M ekki borið skynbragð á það hvernig best væri að ganga um blauta stétt/pall við hús sitt, eins og hún hefði gert hefði hún verið allsgáð. V takmarkar því ábyrgð sína að fullu og vísar um það til 21. gr. vátryggingarskilmála og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Álit.
Af gögnum málsins verður ekki ráðið að ágreiningur sé um að líkamstjón M hafi orðið vegna slyss. Hins vegar er um að ræða ágreining um hvort V geti beitt undanþáguákvæði 21. gr. vátryggingarskilmála fjölskyldutryggingar, sem fær stoð í heimild 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga, um að V geti takmarkað ábyrgð sína að fullu vegna þess að háttsemi M, sem leiddi til líkamstjóns hennar, hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi af hennar hálfu. Rétt er að benda á að V ber sönnunarbyrði um að undanþáguákvæði eigi við og þar með að M hafi með háttsemi sinni stuðlað að líkamstjóni sínu og að sú háttsemi hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi.

Ekkert liggur fyrir um að M hafi verið að gera annað en að ganga að húsi sínu þegar hún féll við og rak höfuðið í. Engin vitni eru að því að M hafi átt í erfiðleikum með gang eða að áfengisáhrif hafi leitt til þess að hún hrasaði. Verður V að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Eru því ekki efni til að takmarka ábyrgð V miðað við fyrirliggjandi gögn og er viðurkennd bótaskylda úr slysatryggingu í frítíma fjölskyldutryggingar.

Niðurstaða.
M á fullan rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 8. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 215/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 27. apríl 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 18. júní 2020 ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V2, dags. 1. júlí 2020, ásamt úrskurðum nefndarinnar í málum 62 og 76/2020.
Tölvupóstur V1, dags. 31. ágúst 2020.

Málsatvik.
Í lögregluskýrslu kemur fram að hinn 27. apríl 2020 varð árekstur milli bifreiða A og B þar sem þeim var ekið um hringtorg við Breiðholtsbraut og Suðurlandsveg. Ökumaður bifreiðar A ók á ytri hring hringtorgsins og ætlaði sér að beygja á Breiðholtsbraut þannig að þegar hann ók fram hjá gatnamótum við Suðurlandsveg hafi hann verið með stefnumerki inn í hringtorgið til að láta vita af því. Bifreið B hafi síðan verið ekið í hlið bifreiðar A þegar hann ók fram á útleið á Suðurlandsveg. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið á innri hring hringtorgsins frá Olís í Norðlingaholti og ætlað út úr því á Vesturlandsveg.

M krefst þess að öll sök verði lögð á ökumann bifreiðar B þar sem hann hafi ekki gætt þess að vera á réttri akrein til að fara út úr hringtorginu, hann hafi átt að vera á ytri akrein en ekki innri skv. fyrirmælum í 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

V1 og V2 gera ekki sérstakar athugasemdir vegna sakarskiptingar í málinu en V2 vísar til þess að skipta eigi sök til helminga í takt við fyrri úrskurði nefndarinnar um sambærilegt álitaefni.

Álit:
Í 2. málslið 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslið sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu. Það þýðir að ökumanni bifreiðar A (M) bar að víka fyrir umferð úr innri hring, sbr. 3. málslið 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Hins vegar þar sem ökumaður bifreiðar B ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hann ók inn í hringtorgið bar honum að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið, sbr. fyrrgreint ákvæði 2. málsliðar 6. mgr., 19. gr. Af því sem fram kemur í lögregluskýrslu verður ekki annað ráðið en að bæði ökumaður bifreiðarinnar A og bifreiðar B hafi með aksturslagi sínu umrætt sinn vanrækt að fylgja áskilnaði 6. mgr. 19. gr. Við þessar aðstæður sem hér eru uppi verður ekki séð að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, skal sök skipt þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Niðurstaða.
Ökumenn bifreiðar A og bifreiðar B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 22. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 216/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna sigs á sólpalli og skjólvegg.

Gögn.
Málskot móttekið 18.06.2020.
Bréf V dags. 06.07.2020, ásamt fylgiskjölum 1-3.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 06.07.2020 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að A hafi grafið fyrir húsgrunni á lóð við hlið fasteignar M. Ranglega hafi verið staðið að verkinu, sem hafi valdið því að pallur við fasteign M færðist til og þurfi að endurbyggja hann. Við jarðvegsskiptingu hafi A grafið fyrir þremur húsum í einu, niður á fjögurra metra dýpi og sú hola hafi staðið opin án dælingar og fyllst af vatni, sem hafi leitt til tjónsins. A hafi áður valdið sambærilegu tjóni við jarðvegsskiptingu hinum megin götunnar. M hafi ráðfært sig við fagaðila sem segi að vel hefði verið hægt að haga framkvæmdum á annan hátt og koma með því í veg fyrir tjónið. Ljóst sé að A sé kunnugt um að rangt verklag hafi verið viðhaft, enda hafi fyrirtækið við síðari uppgröft notað aðrar og vandaðri aðferðir. M telja því sýnt fram á að tjón þeirra verði rakið til vanrækslu og gáleysis A og að bótaskylda sé því fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar er fallist á að sýnt sé fram á að sólpallur og skjólveggur við fasteign M hafi sigið nokkuð. Líklegt sé að jarðvegur hafi sigið eða pallurinn sigið ofan í jarðveginn en ekkert mat eða annars konar gögn liggi fyrir er sýni fram á orsakir sigsins, því sé erfitt að fullyrða hvort það sé að rekja til vinnu A eða annarra atvika. Þá sé mögulegt að frágangur pallsins hafi verið ófullnægjandi. Það séu M sem beri hallann af þessum sönnunarskorti. Ekkert liggi þá fyrir annað en að vinnu A hafi verið hagað í samræmi við góðar venjur og verklag. Þess utan beri A enga ábyrgð á umgengni um húsgrunninn eftir að uppgreftri lauk. Hafi verið nauðsynlegt að dæla vatni úr grunninum hafi það því verið á ábyrgð annarra aðila, svo sem lóðarhafa. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar árétta M að pallur við fasteign þeirra sé smíðaður á föstu undirlagi og staurar grafnir niður eins og venja er. Því sé fráleitt að sigið megi rekja til óvandaðs frágangs. Að öðru leyti ítreka M kröfur sínar og áður framkominn rökstuðning.

Álit.
Eins og að framan greinir byggja M kröfu sína á því að verklag A við framkvæmdir á aðliggjandi lóð hafi valdið tjóni á fasteign þeirra. Bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A er háð því að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Þannig þarf tjón M að vera rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða aðila sem það ber ábyrgð á. Það er tjónþoli sem ber sönnunarbyrðina fyrir að svo sé. Gögn fyrir nefndinni eru af nokkuð skornum skammti. Þannig liggur t.a.m. ekki fyrir nefndinni neitt mat á ástæðum þess að umræddur sólpallur og skjólveggur hafi sigið. Þrátt fyrir að M taki fram að þau hafi leitað álits fagmanna á verklagi A við uppgröftinn liggja heldur engin gögn eða matsskýrslur fyrir nefndinni hvað það varðar. Án frekari gagna er styðji við kröfu M er ómögulegt að slá því föstu að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Hefur því ekki verið sýnt fram á að saknæmar athafnir, eða athafnaleysi A, hafi valdið umræddu tjóni. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna bótaskyldu.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 25. ágúst 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 218/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V

Ágreiningur um bótaskyldu er M féll og slasaðist á leið úr húsnæði A.

Gögn.
Málskot dags. 22.06.2020 ásamt fylgiskjölum 1-19.
Bréf V dags. 10.08.2020 ásamt fylgiskjölum.
Viðbótarathugasemdir M dags. 22.08.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M starfi að A, og er hún hafi lokið störfum um klukkan 23:30 hinn 10. janúar 2018, hafi hún haldið út um aðalinngang A og eftir að hafa tekið nokkur skef hafi hún „flogið á hausinn“ með þeim afleiðingum að hún úlnliðsbrotnaði. Orsök slyssins megi rekja til þess að stétt við aðalinngang A hafi ekki verið hálkuvarin, hvorki söltuð né sönduð, þó fyrirhafnarlítið hefði verið að grípa til slíkra ráðstafana. A hafi borið að tryggja öryggi starfsfólks og þeirra sem áttu leið um svæðið, en sú skylda hafi verið vanrækt umrætt sinn. Með því hafi A skapað sér skaðabótaábyrgð, enda hefðu forsvarsmenn A mátt gera sér grein fyrir að slysahætta stafaði af aðstæðum og að afleiðingar slíks slyss gætu orðið umtalsverðar. Á grundvelli þessa krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V, en V hafi hafnað kröfunni með bréfi dags. 15. júlí 2020. Í bréfi V hafi komið fram að A hafi uppfyllt þær skyldur sem á því hvíldu með því að hafa snjóbræðslukerfi við innganginn, en jafnframt hafi tiltekið fyrirtæki séð um að hálkuverja sérstaklega væri þörf á slíku, og væri í höndum starfsmanna A, M þeirra á meðal, að leita eftir frekari þjónustu þess eftir þörfum. Enn fremur væri kassi með salti fyrir utan inngang að A. Mótmælir M því sérstaklega að hálkuvarnir hafi verið á hennar ábyrgð, enda hafi hún verið á vakt á 4. hæð A og ekki haft vitneskju um ástandið við inngang hússins. Einnig heldur M því fram að enginn saltkassi hafi verið við innganginn umrætt sinn. Máli sínu til frekari stuðnings vísar M til dómaframkvæmdar og nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að að sögn A sé göngusvæði, u.þ.b. eins meters breitt, við hús A og sé snjóbræðslulögn undir því. Hafi M verið búin að taka nokkur skref þegar hún féll bendi það til þess að hún hafi verið komin út fyrir þetta upphitaða svæði. Þá hafi A gert samning við tiltekið fyrirtæki um að hálkuverja eftir þörfum, og hafi planið fyrir utan A verið sandað að morgni 10. janúar, en meðalhiti þann dag hafi verið 2,5 gráður og lægst farið í 0,2 gráður. Af framangreindu megi sjá að A hafi uppfyllt skyldur sínar að þessu leyti. Hins vegar bendi V líka á það að A hafi beint því til yfirmanna á vakt hverju sinni að hafa samband við umrætt fyrirtæki væri þörf á frekari hálkuvörnum, og hafi verið sendur tölvupóstur til allra deildarstjóra og húsvarðar þess efnis. Sá tölvupóstur hafi verið hengdur upp á vinnustöð M. Um 50 manns hafi komið að eða yfirgefið húsnæði A við vaktaskipti á sama tíma og M en engin önnur slys orðið. Auk þess hafi fata með hálkueyði verið við aðalinngang og hafi hver og einn því getað hálkuvarið eftir þörfum. Við störf sín hafi M jafnframt haft gott útsýni yfir upplýst bílaplön við A og hafi hún enn fremur getað spurt gestkomandi um færð utan við húsið. Þá sé hvorki sýnt fram á að lýsing hafi verið ófullnægjandi né að snjóbræðslukerfið hafi ekki virkað umrætt sinn.

Í viðbótarathugasemdum sínum rekur M að hún telji að gangsvæðið sé breiðara en einn meter, og nái alveg út að kanti sem aðskilji gangstétt og bifreiðastæði, þrátt fyrir að aðeins hluti þess svæðis sé með snjóbræðslukerfi. Þá hafi M fallið í hálku á gangstéttinni rétt við aðalinnganginn, en ekki á bílaplaninu. Jafnframt er því enn mótmælt að fata með hálkueyði hafi verið staðsett við innganginn, og styðji myndbandsupptökur þá staðhæfingu. Þá geti það engan veginn talist réttmæt krafa að M beri sjálfri að fylgjast sérstaklega með aðstæðum, sinna hálkuvörnum eða sækja slíka þjónustu.

Álit:
Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyssins, en ekki virðist ágreiningur um að slys M sé að rekja til þess að hún rann í hálku fyrir utan A. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á. Fyrir nefndinni liggja tvær myndbandsupptökur er sýna M annars vegar halda út um aðalinngang A og hins vegar þegar hún kemur aftur að hurð við aðalinngang hússins og heldur þá um handlegginn. Af þessum myndskeiðum verður þó ekki skýrlega greint hvar M féll eða hverjar aðstæður voru þar á þeirri stundu er slysið varð. Af myndskeiðunum má þó ráða að M hafi haldið á mannbroddum, í stað þess að setja þá á skó sína, þegar hún hélt út og má af því draga þá ályktun að ekki hafi verið bersýnileg hálka utan við húsið. Af umræddum myndskeiðum verður heldur ekki ráðið að lýsingu hafi verið ábótavant. Af gögnum málsins má jafnframt ráða að snjóbræðslukerfi hafi verið undir hluta umræddrar stéttar og ekki hefur verið sýnt fram á bilun í því. Enn fremur virðist A hafa verið með samning við tiltekið fyrirtæki um að það sinnti hálkuvörnum og virðist sem planið hafi verið sandað klukkan 5:35 að morgni hins 10. janúar og aftur klukkan 4:24 að morgni hins 11. janúar. Ekki liggja nein gögn fyrir nefndinni er sýni fram á að veðurfar hinn 10. janúar 2018 hafi sveiflast með þeim hætti að bersýnilega væri tilefni til frekari hálkuvarna. Hefur samkvæmt framansögðu ekki verið sýnt fram á að hvaða leyti M hafi vanrækt skyldur sínar þegar kom að hálkuvörnum umræddan dag. Ekki telst því sýnt fram á að slys M verði rakið til atvika sem A verður kennt um og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 15. september 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 219/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs á Breiðholtsbraut hinn 25. maí 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 22.06.2020 ásamt fylgiskjölum 1-2.
Bréf V1, dags. 17.07.2020 ásamt fylgiskjali.
Bréf V2, dags. 01.07.2020 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Samkvæmt lögregluskýrslu sem liggur fyrir nefndinni ók X, sonur M, bifreið A, sem er í eigu M, aftan á bifreið B, sem stóð mannlaus á Breiðholtsbraut við Stekkjarbakka, að morgni hins 25. maí 2020. B hafði verið tilkynnt stolin fyrr um morguninn. Í lögregluskýrslu lýsir X atvikum svo að hann hafi áttað sig of seint á því að B hafi verið kyrrstæð og ekki náð að hemla í tæka tíð með þeim afleiðingum að árekstur varð.

Í málskoti gerir M kröfu um að B verði gert að bera a.m.k. helming sakar á umræddu atviki, þar eða B hafi verið skilin eftir á vinstri akrein Breiðholtsbrautar án nokkurra viðvörunarmerkja. Hafi það verið meginorsök árekstursins. Í viðbótarframburði X, dags. 5. júní 2020, komi fram að áreksturinn megi einnig rekja til þess að hann hafi haft skerta sýn vegna sólar en staða sólar á þeim tíma sem atvikið átti sér stað hafi ekki verið slík að hún hafi getað blindað X að neinu ráði.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að meta beri ökumanni B það til sakar það stórkostlega ábyrgðarleysi að skilja bifreiðina eftir á fjölförnum vegi þar sem hámarkshraði væri 60 kílómetrar á klukkustund, án þess að skeyta að nokkru leyti um hættuna sem slíkt hefði í för með sér. Því sé rétt að M fái tjón sitt bætt að fullu eða að hluta úr ábyrgðartryggingu B. Breyti engu þar um þó bifreiðinni B hafi áður verið stolið, enda beri eigandi hlutlæga ábyrgð á ökutæki sínu og tjóni sem hljótist af notkun þess, jafnvel þó viðkomandi vátryggingafélag geti svo átt endurkröfurétt á hendur tjónvaldi.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, til nefndarinnar er tekið fram að byggja verði á framburði X varðandi það að hann hafi verið blindaður af sól og því ekki ekið í samræmi við aðstæður. X hafi þá veitt B athygli en talið að hún væri á ferð þrátt fyrir að hún væri kyrrstæð og mannlaus. X beri því fulla sök á umræddu atviki, enda hafi hann verið meðvitaður um B áður en hann ók beint aftan á bifreiðina. Jafnvel þó hluti sakar yrðu lagður á ökumann B sé það svo að fébótaskylda sem alla jafna hvíli á eigendum ökutækja færist yfir á þann sem notar ökutæki í algeru heimildarleysi. Jafnframt vísar V2 til þess að ábyrgðartrygging bifreiða taki til eigenda þeirra svo og þeirra sem með samþykki eigenda noti ökutækið. Ökumaður sem í heimildarleysi notaði B falli því ekki undir umrædda vátryggingu. Er kröfu M því hafnað.

Álit:
Byggja verður á því að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig þegar hann ók aftan á bifreið B, þar sem hún var kyrrstæð og mannlaus á veginum. Ber hann því nokkra sök á umræddum árekstri. Hins vegar verður að líta til ákvæða 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Í 1. mgr. þess ákvæðis segir að eigi megi stöðva ökutæki eða leggja því þannig að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir aðra umferð. Þá segir í 2. mgr. að á vegi megi einungis stöðva eða leggja ökutæki hægra megin. Í máli þessu liggur fyrir að ökumaður B skildi við ökutækið kyrrstætt, án nokkurra viðvarana, á vinstri akrein fjölfarins vegar þar sem hámarkshraði er 60 kílómetrar á klukkustund. Er ljóst að slíkt háttalag var til þess fallið að valda hættu og óþægindum fyrir aðra umferð og fól því í sér brot gegn fyrrnefndum lagaákvæðum. Verður B því jafnframt talinn bera nokkra sök á umræddum árekstri. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, skal sök skipt þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Þar eð bæði V1 og V2 fjalla í málatilbúnaði sínum um fébótaskyldu þess sem notar ökutæki í heimildarleysi, auk þess sem V2 byggir á því að umrædd notkun falli ekki undir umrædda vátryggingu er jafnframt nauðsynlegt að fjalla stuttlega um álitaefni sem af því rísa. Í 4. gr. laga um ökutækjatryggingar er fjallað um grundvöll ábyrgðar, og kemur þar fram að eigandi ökutækis beri hlutlæga ábyrgð á tjóni sem hlýst af notkun þess en greiðsla slíkrar bótakröfu skal tryggð með ábyrgðartryggingu, sbr. 1. mgr. 8. gr. Jafnframt kemur fram í 1. mgr. 6. gr. að eigandi ökutækis beri ábyrgð á og sé fébótaskyldur vegna slíks tjóns en að fébótaskyldan flytjist þó yfir á þann sem notar ökutæki í algeru heimildarleysi. Framangreint leiðir að mati nefndarinnar ekki til þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu vegna tjóns þriðja aðila af völdum ökutækis falli niður sé ökutæki notað í algeru heimildarleysi, heldur þess að vátryggingafélag eigi endurkröfurétt á hendur tjónvaldi í slíkum tilvikum.

Niðurstaða.
Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík 1. september 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 220/2020

M og
V v/ lögmæltrar slysatryggingar ökumanns bifhjóls.

Deilt um hvort meiðsl hafi orðið þegar tjónþoli var við akstur bifhjóls.

Gögn.
Málskot, móttekið 23.6.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 3.7.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Samkvæmt tjónstilkynningu, dags. 12. mars 2020, kvaðst M hafa 19. maí, en án þess að greina ártal, hafa orðið fyrir meiðslum á „Skarhólabraut/Rauðamýri“ og hafi slysið borið að með þeim hætti að hann hafi runnið til í lausamöl. Ekki er nánar lýst hver hafi verið tildrög slyssins. Hins vegar kemur fram að slysið hafi orðið í vinnutíma en ekki er þess getið í tilkynningunni hvenær tíma dags slysið varð.

Í málskoti segir að M hafi misst stjórn á nánar tilgreindu bifhjóli, A, í lausamöl með þeim afleiðingum að hann hafi dottið og lent illa á hægri hlið. Nánar segir í málskoti um tildrög slyssins að hann hafi þurft að skreppa frá úr vinnu á bifreiðaverkstæði til að sinna erindum. Hafi hann verið stopp á rauðu ljósi og á leið að taka aftur af stað þegar A hafi runnið til í lausamöl með þeim afleiðingum að hann hafi fallið harkalega á hægri hliðina. Í bráðamóttökuskrá bráðadeildar Landspítalans er skráð að M hafi komið eftir að hafa dottið í gönguferð. Hafi hann hrasað og lent með hægri öxl á grjóti.

Tiltekinn einstaklingur, B, segir í yfirlýsingu, dags. 15. maí 2020, að um miðjan maí (ártal ekki tilgreint) eða rétt áður en lögreglan hafi farið að sekta vegna nagladekkja hafi hann komið á bifreiðaverkstæði, þar sem M starfar, til að sækja bifreið sem hafi verið í viðgerð hjá honum. Þá hafi M tjáð honum að hann hafi lent í slysi á mótorhjóli sínu. Þá liggur fyrir í málinu ljósrit úr dagbók.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá V vegna þeirra meiðsla sem hann kveðst hafa orðið fyrir vegna þeirra meiðsla sem hann varð fyrir umrætt sinn. V kveður ósannað að slysið megi rekja til notkunar bifhjólsins og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem voru í gildi til ársloka 2019, skyldi hver ökumaður sem stjórnar ökutæki, þ. á m. bifhjóli, tryggður sérstakri slysatryggingu, svonefndri slysatryggingu ökumanns, og skyldi vátryggingin tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss sem ökumaður varð fyrir við stjórn ökutækisins, enda yrði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. laganna.

Ekki er ljóst hvar slysstaðurinn á að hafa orðið samkvæmt tjónstilkynningu og því sem greinir í málskoti, þ.e. hvar M á að hafa stöðvað A á rauðu ljósi á mótum Skarhólabrautar og Rauðumýrar. Við athugun hefur ekki reynst unnt að finna út hvar Skarhólabraut og Rauðamýri eiga að mætast þar sem umferð er stýrt með umferðarljósum. Verður ekki séð samkvæmt þessu að samræmi sé í gögnum sem stafa frá M um það hvar tjónsatvikið á að hafa gerst og við hvaða aðstæður. Þá er það heldur ekki í samræmi við það sem fram kemur í skráningu á bráðadeild Landspítalans að M hafi orðið fyrir meiðslunum við það að hafa dottið í gönguferð. Eins og mál þetta er í pottinn búið verður að telja ósannað að hann hafi orðið fyrir meiðslum við akstur bifhjólsins. Yfirlýsing B breytir engu í þessu efni né heldur fyrirliggjandi ljósrit úr dagbók. M telst því ekki eiga rétt á bótum úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifhjólsins A hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 221/2020

M1 og M2 og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á hjólhýsi er það var dregið af bifreið.

Gögn.
Málskot, móttekið 23.6.2020.
Bréf V, dags. 2.7.2020.

Málsatvik.
Hinn 5. júní 2020 dró M1, eigandi A, hjólhýsið B sem var í eigu M2. Vildi þá til það óhapp að B eyðilagðist í veltu.

Þess hefur verið krafist af hálfu M1 og M2 að B verði bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til 3. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar. Telur M1 að eðlilegast hefði verið að rifta vátryggingasamningi milli hans og V vegna A og gera nýjan samning vegna þeirrar lagabreytingar sem fólst í nefndu lagaákvæði auk þess sem V hafi borið að upplýsa hann um lagabreytinguna.

Álit.
Gögn málsins eru mjög takmörkuð um málsatvik að öðru leyti en því að B mun hafa orðið fyrir skemmdum er það var dregið af A og valt.

Lög nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, sem tóku gildi 1. janúar 2020, leystu af hólmi ákvæði XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem fjallað var um fébætur og vátryggingu. Með 3. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 var bætt inn í löggjöfina nýju ákvæði varðandi skaðabótaábyrgð þegar tjón verður á eftirvagni eða öðru tæki sem dregið er af skráningarskyldu ökutæki öðru en léttu bifhjóli í flokki I samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019, sbr. 7. gr. laga nr. 30/2019. Ákvæði 3. mgr. 4. gr. laganna hljóðar svo: „Þegar ökutæki dregur eftirvagn eða annað tæki er fest við það telst það vera ein heild og eigandi (umráðamaður) ökutækisins er ekki skaðabótaskyldur ef tjón verður á eftirvagninum eða tækinu.“ Í lagaákvæði þessu felst að ekki hafi stofnast skaðabótaréttur M2 á hendur M1 vegna skemmdanna á B sem hlaust af notkun A. M2 á því ekki skaðabótakröfu á M1 vegna tjónsins og af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Eins og að framan greinir fólst í lagabreytingunni takmörkun á skaðabótaábyrgð eiganda skráningarskylds ökutækis gagnvart eiganda eftirvagns eða annars tækis sem fest er við ökutækið. Þótt skaðabótaábyrgð eiganda ökutækis gagnvart eiganda tækis sem fest er við það hafi með þessu takmarkast verulega miðað við það sem gilti samkvæmt eldri umferðarlögum hefur það ekki áhrif á bótasvið hinnar lögmæltu ábyrgðartryggingar eða hefur með beinum hætti áhrif á samning um vátrygginguna milli félagsins og vátryggingartaka, þ.e. V og M1 í því tilviki sem hér um ræðir. Engin heimild var að lögum til að rifta vátryggingarsamningum milli V og M1 vegna gildistöku laga nr. 30/2019. Þá getur það ekki haft áhrif á niðurstöðu málsins þótt ekki hafi verið gerð sérstök grein fyrir þessari lagabreytingu við endurnýjun vátryggingarinnar.

Niðurstaða.
Tjón á hjólhýsinu B, í eigu M2, fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 1. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 222/2020

M og
V v/vatnstjónstryggingar fasteignatryggingar.

Ágreiningur um tjóns af völdum vatns 11. maí 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 23. júní 2020 ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur V, dags. 7. júlí 2020 ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur M, dags. 14. júlí 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á þriggja ára gömlu parketi í húseign M vegna vatns í maí 2020.

M telur að tjón hafi orðið á um 92 fm svæði húseignarinnar þar sem parketið sé flæðandi og mat á tjóninu verði að miða við það, auk þess sem sambærilegt parket sé hætt í framleiðslu og þannig sé ekki tækt að bæta sem nemur hluta af því svæði. M vísa til ljósmyndar af inngangi inn í herbergi í húseigninni því til stuðnings að um sama rými sé að ræða alls staðar á umræddum 92 fm fleti. Einnig vísa M til þess í viðbótarröksemdum með tölvupósti 14. júlí sl. að raki sé kominn inn í eitt af þremur herbergjum.

V segir í bréfi sínu að félagið hafi viðurkennt bótaskyldu og greidd bætur í samræmi við tjónamatsgerð félagsins. Þar hafi verið miðað við skipt væri um gólfefni á 43 fm fleti þar sem einungis sé sýnt fram á að tjón hafi orðið á þeim fleti. Einnig vísar V til 31. gr. vátryggingarskilmála sem gilda um fasteignatryggingu M þar sem kemur fram sú sérstaka uppgjörsregla að „Komi til tjóns á gólfefnum eru aðeins greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður.“ Ekki hafi verið sýnt fram á að tjón hafi orðið á öðru rými en þeim 43 fm sem V hafi þá þegar greitt bætur fyrir og því eigi ekki að koma til frekari bótagreiðslna.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga á vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki er um annað samið í vátryggingarsamningi. Í 1. gr. vátryggingarskilmála fasteignartryggingar V segir að vátryggingin greiði bætur vegna tjóns sem leiðir af skemmdum á vátryggðri húseign skv. tilteknum skilyrðum. Ekki er ágreiningur um að þau skilyrði séu uppfyllt í málinu, enda hefur V fallist á bótaskyldu skv. 1. gr. Í 3. gr. vátryggingarskilmála kemur fram hvernig bætur eru ákvarðaðar en þar kemur fram að þær miðist við sannanlegar vatnsskemmdir á hinni vátryggðu húseign og skuli miða að því að húseignin verði ekki lakara ástandi en fyrir tjónið. Í 31. gr. sömu skilmála kemur síðan fram sérstök regla varðandi tjón á gólfefnum þar sem sérstaklega er tekið fram að aðeins séu greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður.

Við mat á því hvort greiddar hafi verið bætur í samræmi við ofangreind ákvæði sem gilda um vátryggingarsamning milli M og V verður að líta til þeirra sönnunargagna sem liggja fyrir í málinu. M hafa ekki lagt fram sérstök sönnunargögn sem sýna fram á að tjón hafi orðið á gólfefnum í húseign þeirra umfram þá 43 fm sem lagðir eru til grundvallar í matsgerð V. Ekki verður heldur ráðið af fátæklegum gögnum málsins að frekara tjón hafi orðið. Þó gólfefni sem lagt verður á það rými verði ekki fyllilega af sömu gerð og á öðrum parketlögðum flötum húseignar hennar, og þó einhver sjónarmunur kunni að verða milli þeirra gólfflata sem aðskildir eru með herbergishurðum, verður, af þeirri einu ljósmynd sem lögð hefur verið fyrir nefndina, ekki talið sýnt fram á að ástand eignarinnar verði af þeim sökum lakara en það var fyrir tjónið eða að heildarútlit raskist þannig að sjálfstæður bótaréttur stofnist þess vegna. M eiga því ekki rétt, miðað við framlögð gögn, á frekari bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingarinnar.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík, 1. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 223/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs á hringtorgi hinn 27. maí 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 23.06.2020 ásamt fylgiskjölum 1-6 auk myndbanda.
Bréf V1, dags. 20.07.2020 ásamt fylgigögnum 1-2.
Bréf V2, dags. 16.07.2020 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Hinn 27. maí 2020 varð árekstur milli A, sem er í eigu M, og B, á hringtorgi við Mörkina. Samkvæmt skýrslu Aðstoðar og öryggis um atvikið var B ekið austur Suðurlandsbraut á innri hring, en A norður Skeiðarvog og inn á ytri hring hringtorgsins. Þegar B var ekið út úr hringtorginu austur Mörkina hafi A verið ekið í veg fyrir hana. Samkvæmt framburði X, ökumanns A, í skýrslunni hafi hún verið næstum því komin alveg framhjá útkeyrsluarminum við Mörkina þegar B hafi ekið aftan á hana. Samkvæmt framburði ökumanns B í skýrslunni var hann á innri akrein hringtorgsins og hafði gefið stefnuljós til hægri áður en hann beygði út úr hringtorginu. Hafi A þá verið ekið í veg fyrir hann.

M gerir athugasemd við að vera látinn bera alla sök á umræddum árekstri og vísar til þess að ekki liggi annað fyrir en að X hafi ekið varlega og sýnt fulla aðgætni við akstur inni í hringtorginu. Ákoma á bifreiðunum, svo og það að A hafi kastast í hálfhring við áreksturinn bendi hins vegar til þess að áreksturinn hafi verið harður. Það bendi til þess að B hafi verið ekið á miklum hraða og aftan á A. Því sé rétt að B beri alla sök á umræddum árekstri.

Í bréfi V1 til nefndarinnar er vísað til þess að af ákomu á bifreiðarnar sé ljóst að framendi B hafi rekist af nokkru afli aftast á vinstra afturhorn A. Líkist áreksturinn fremur aftanákeyrslu en árekstri í hringtorgi sem komi til vegna þess að ökumaður á ytri akrein vanræki forgangsskyldu. Með viðeigandi aðgæslu hefði ökumaður B því getað komið í veg fyrir umræddan árekstur. B hafi ekki gætt að umferð fyrir framan sig og beri því fulla ábyrgð á umræddum árekstri.

Í bréfi V2 til nefndarinnar er vísað til þess að B hafi gefið til kynna með stefnumerki að hann hygðist aka út úr hringtorginu. Því hafi ekki verið mótmælt af hálfu M, enda hafi ökumaður A ekki veitt B athygli fyrr en við áreksturinn. Ljóst sé að ökumaður A hafi ekki virt forgang umferðar af innri hring og beri því alla sök á umræddum árekstri. Breyti engu þar um hvar bifreiðarnar hafi lent saman og þá séu staðhæfingar um hraðan akstur og ógætilegt aksturslag B engum gögnum studdar. Beri A því alla sök á umræddum árekstri.

Álit:
Í 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er að finna ákvæði um akstur í hringtorgum. Þar segir m.a. ökumaður sem aki á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang. Verður að telja, með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja, að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Framangreint ákvæði leysir ökumenn sem aka á innri hring þó ekki undan almennri aðgæsluskyldu, sbr og 1 mgr. 19. gr. umferðarlaga þar sem kveðið er á um að ökumaður sem hyggst beygja á vegamótum skuli ganga úr skugga um að það sé hægt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Með hliðsjón af ákomu á bifreiðarnar samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu, þ.e. því að ekki er um hliðarákomur að ræða heldur er ákoma á B er aftarlega og ákoma á A á vélarhlíf, verður að líta svo á að A hefði átt að verða B var í aðdraganda árekstrar og verður því byggt á því að hann hafi ekki gætt nægilega að annarri umferð. Teljast því báðir ökumenn hafa sýnt af sér aðgæsluleysi í aðdraganda árekstrar og bera báðir nokkra sök. Samkvæmt framansögðu, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, verður sök skipt þannig að hvor ökumanna beri helming sakar.

Niðurstaða.
Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík 1. september 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 224/2020

M og
V v/ forfallatryggingarliðs greiðslukortatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna ákvörðunar um að hætta við utanlandsferð.

Gögn.
Málskot, móttekið 23.6.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M keypti skipulagða ferð fyrir sig og sambýliskonu sína til Tenerife sem átti að hefjast 14. mars 2020 með ráðgerðri heimkomu 21. sama mánaðar. Ferðina greiddi hann með greiðslu greiðslukorti, en kortinu fylgdi sérstök vátrygging hjá V sem fól í sér m.a. forfallatryggingu. Er kom að brottfarardegi kveður M að ljóst hafi verið að þeim hefði verði skylt að fara í 14 daga sóttkví við heimkomuna 21. mars að kröfu íslenskra stjórnvalda vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Sömuleiðis hafi ferðafrelsi á Tenerife verið mjög takmarkað frá 14. mars vegna faraldursins og heita mátti að útgöngubann hafi verið í gildi fyrir ferðamenn sem jafna mætti við sóttkví. Við þeim hafi því blasað sóttkví, hvort heldur yrði á hóteli á Tenerife eða við heimkomuna til Íslands. Algjör firra hefði því verið að fara í ferðina. Mun M ásamt sambýliskonu sinni hafa ákveðið að fara ekki í ferðina.

M hefur krafist þess að fá kostnað vegna ferðarinnar greiddan úr forfallatryggingunni hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt skilmálum forfallatryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar bætir félagið ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, allt að 350.000 krónur vegna ferðar sem hinn vátryggði kemst ekki í ef ástæðan er m.a. sóttkví hins vátryggða enda vottað af starfandi lækni. Í ákvæði þessu felst að vátryggður á rétt á bótum úr vátryggingunni ef hann er í sóttkví við upphaf ferðar sem í reynd útilokar hann frá því að komast í ferðina. M og sambýliskona hans voru ekki í sóttkví þegar ferðin átti að hefjast 14. mars 2010 og voru því af þeim sökum ekki útilokuð frá því fara í umrædda ferð til Tenerife. Jafnvel þótt þau hefðu þurft að búa þar við skert ferðafrelsi samkvæmt fyrirskipunum stjórnvalda þar í landi sem og dveljast í 14 daga sóttkví er þau kæmu aftur til Íslands kom það ekki í veg fyrir að fara í ferðina. Skilyrðum vátryggingarskilmálanna til að fá kostnaðinn endurgreiddan úr vátryggingunni var því ekki fullnægt í því tilviki sem hér um ræðir. Af því leiðir að M á ekki rétt á endurgreiðslu úr forfallatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingarlið greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 1. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 225/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og árekstrar 9. október 2017.

Gögn.
Málskot, móttekið 24.06.2020, ásamt fylgiskjölum 1-5.
Bréf V, dags. 27.07.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 07.08.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 9. október 2017 hafi bifreið sem M ók lent í árekstri við A sem hafi ekið aftan á hana. M hafi leitað samdægurs á bráðamóttöku vegna vaxandi verkja frá hálsi. Í október 2019 hafi M enn þjáðst af stífleka í hálsi, með verkjaleiðni niður í brjóstbak. Afleiðingar árekstursins hafi því háð M. M telur ósanngjarnt og óeðlilegt eigi hann að þola framangreindar afleiðingar bótalaust og því hafi hann krafist bóta vegna tjóns síns úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hafi hafnað kröfu hans með tölvupósti dags. 4. maí 2020, þar sem vísað hafi verið til þess að árekstur bifreiðanna hafi verið afar vægur og ósannað sé að orsakatengsl séu milli hans og meintra líkamsáverka M.

M byggir á því að einkenni hans hafi fyrst komið í ljós eftir umrætt umferðarslys og samtímagögn renni stoðum undir það. Þá séu umrædd einkenni enn til staðar, sbr. læknisvottorð dags. 24 október 2020. Þá telur M að svokölluð PC-Crash skýrsla sem V vísi til hafi ekkert sönnunargildi í málinu hvað varðar orsakatengsl, enda komi hvergi fram í henni að ómögulegt sé að M hafi hlotið líkamstjón í umræddum árekstri. Þá sé skýrslunnar aflað einhliða og veiki það gildi hennar. M krefst þess því fyrir nefndinni að viðurkenndur verði réttur hans til bóta úr ábyrgðartryggingu A.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til niðurstöðu PC-Crash skýrslu sem gerð hafi verið um atvikið, en í niðurstöðum hennar komi fram að umræddur árekstur hafi verið vægur, og þyngdarhröðun aðeins 0,72 g., sem sé helmingi minni hröðun en fáist með að „hlamma sér í sófa“. Afar ólíklegt sé því að hann hafi getað leitt til varanlegs líkamstjóns M. Þá hafi engar ákomur sést á bifreið M vegna árekstursins, hvorki rispur né annað. M hafi leitað á bráðamóttöku strax á slysdegi, en þrátt fyrir að eiga að mæta í endurmat eftir 1-2 vikur frá slysi séu engin gögn um að hann hafi gert það. Verði ekki séð að M hafi leitað aftur til læknis vegna umræddra einkenna, en hann hafi fengið meðferð hjá nuddara og „æft upp hreyfingar sjálfur.“ Þá sé í læknisvottorði, dags. 24. október 2019 lýst einkennum sem ekki séu sértæk fyrir afleiðingar umferðarslyss, þ.e. vægt skertar og stirðar hreyfingar. Ekkert liggi hins vegar fyrir um sjúkrasögu M og hvort hann eigi sögu um einkenni frá hálsi. Orsakatengsl milli slyssins og þeirra áverka sem M telji sig hafa orðið fyrir séu því ósönnuð og er bótaskyldu hafnað.

Í viðbótarathugasemdum til nefndarinnar mótmælir M öllum sjónarmiðum og málsástæðum félagsins og ítrekar fyrri sjónarmið og kröfur.

Álit.
Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 9. október 2017. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað eða án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að ekkert tjón hafi orðið á bifreið M við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástand M.

Fyrir nefndinni liggja tvö læknisfræðileg gögn, þ.e. annars vegar skráning um komu M á bráðamóttöku hinn 9. október 2017 og hins vegar læknisvottorð dags. 24. október 2019. Í bráðamóttökuskrá kemur fram að M greinist með tognun og ofreynslu á liði og bönd ótilgreindra hluta háls. M var ráðlagt að taka verkjalyf eftir þörfum og leita á heilsugæslu til endurmats væri hann ekki betri innan 7-14 daga.. Í læknisvottorðinu kemur fram að M hafi fengið meðferð hjá nuddara og æft upp hreyfingar sjálfur. Þá segir að M hafi fundið fyrir stífleika sem hafi haft leiðni í brjóstbak. Þetta hái M nokkuð við störf, en hann vinni við tölvu allan daginn. Við skoðun komi þá fram að M hafi vægt skertar og stirðar hreyfingar, þreifieymsli séu yfir hnakkfestum og minniháttar eymsli yfir hálshryggjartindum og sjalvöðvum. Samkvæmt framansögðu eru engar upplýsingar eru um að M hafi leitað á heilsugæslu eða annarrar læknisaðstoðar vegna afleiðinga árekstursins og liggur í raun ekkert fyrir um líðan hans þessi tvö ár sem liðu milli læknisskoðana. Verður því að telja að ekki sé sýnt fram á að tengsl séu milli þeirra einkenna sem M finnur fyrir núna, og eru nokkuð almenns eðlis, og árekstursins. Þá verður heldur ekki talið að fyrirliggjandi læknisvottorð sé afdráttarlaust varðandi það að einkenni M sé að rekja til umrædds árekstrar né kemur skýrt fram hvort einkenni M hafi verið viðvarandi frá slysdegi eða hvernig þau hafi þróast. Samkvæmt framansögðu er ekki sýnt fram á orsakatengsl milli einkenna M nú og umrædds árekstrar. Verður kröfu hans því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 8. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 226/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og árekstrar 9. október 2017.

Gögn.
Málskot, móttekið 24.06.2020, ásamt fylgiskjölum 1-5.
Bréf V, dags. 27.07.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 07.08.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 9. október 2017 hafi bifreið sem M var farþegi í lent í árekstri við A sem hafi ekið aftan á hana. M hafi leitað samdægurs á bráðamóttöku, þar sem hún hafi aðallega kvartað undan suði í vinstri eyra og verkjum frá hægri öxl með leiðni niður í handlegg, sem farið hafi versnandi, og stífleika frá hálsi. M, sem sé með vefjagigt og liðagigt, hafi einnig leitað á göngudeild taugasjúkdóma með verk í vinstri hendi, brunaverk og ofurnæmi, en jafnframt hafi hún verið með væg einkenni frá hægri fæti. Í vottorði læknis á göngudeild segi að króníski taugaverkir komi klárlega upp úr slysinu, vissulega sé M viðkvæmari vegna vefjagigtar sinnar en einkennin sem geri hana nánast óvinnufæra hafi hafist með slysinu. V hafi hafnað kröfu hennar um bætur úr ábyrgðartryggingu A með tölvupósti dags. 4. maí 2020, þar sem vísað hafi verið til þess að árekstur bifreiðanna hafi verið afar vægur og ósannað sé að orsakatengsl séu milli hans og meintra líkamsáverka M.

M byggir á því að skýr og greinileg orsakatengsl séu milli slyssins og þeirra taugaverkja sem M þjáist af og gögn málsins renni stoðum undir það. Þá telur M að svokölluð PC-Crash skýrsla sem V vísi til hafi ekkert sönnunargildi í málinu hvað varðar orsakatengsl, enda komi hvergi fram í henni að ómögulegt sé að M hafi hlotið líkamstjón í umræddum árekstri. Þá sé skýrslunnar aflað einhliða og veiki það gildi hennar. M krefst þess því fyrir nefndinni að viðurkenndur verði réttur hennar til bóta úr ábyrgðartryggingu A.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til niðurstöðu PC-Crash skýrslu sem gerð hafi verið um atvikið, en í niðurstöðum hennar komi fram að umræddur árekstur hafi verið vægur, og þyngdarhröðun aðeins 0,72 g., sem sé helmingi minni hröðun en fáist með að „hlamma sér í sófa“. Afar ólíklegt sé því að hann hafi getað leitt til varanlegs líkamstjóns M. Þá hafi engar ákomur sést á bifreiðinni sem M var í vegna árekstursins, hvorki rispur né annað. M hafi leitað á bráðamóttöku strax á slysdegi, ekki séu skráðar fleiri komur til læknis fyrr en hinn 7. nóvember 2019. Í vottorði þess læknis, dags. 13. desember 2019, kom fram að M sé með vefjagigt og liðagigt sem geri hana viðkvæmari en ella fyrir því að þróa með sér þau einkenni sem hún kvarti yfir eftir áreksturinn. Þá segi í læknisvottorði, dags. 24. október 2019 að M hafi áður verið með einkenni frá hálsi og engin gögn liggi fyrir um að hún hafi verið búin að ná sér af þeim þegar áreksturinn varð. Orsakatengsl milli slyssins og þeirra áverka sem M telji sig hafa orðið fyrir séu því ósönnuð og er bótaskyldu hafnað.

Í viðbótarathugasemdum til nefndarinnar mótmælir M því sérstaklega að ætlast sé til þess að M leggi fram vottorð um líðan sína fyrir slysið. Í læknisvottorði komi fram að hún hafi tekið eftir óþægindum í hálsi eftir áreksturinn og almennt ætti slík frásögn að vera metin trúverðug. Jafnframt mótmælir M öllum sjónarmiðum og málsástæðum félagsins og ítrekar fyrri sjónarmið og kröfur.

Álit.
Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 9. október 2017. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað eða án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að ekkert tjón hafi orðið á bifreið M við áreksturinn.

Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástand M.

Fyrir nefndinni liggur læknisvottorð sérfræðilæknis á göngudeild taugasjúkdóma, dags. 13. desember 2019 og læknisvottorð bæklunarlæknis dags. 24. október 2019. Í hinu fyrrnefnda segir að M, sem sé með vefjagigt og liðagigt, hafi leitað á bráðamóttöku á slysdegi og aftur daginn eftir. Myndir sem þá voru teknar sýndu enga ferska beináverka í hálsi en slitbreytingar og fleygbreytingar sem greindust voru taldar gamlar. Var talið að hún hafi fengið slæman hnykk og henni í kjölfarið ráðlögð meðferð með verkjalyfjum. Hinn 7. nóvember, en ekki er ljóst af vottorðinu hvaða ár það var; 2017, 2018 eða 2019, hitti M sérfræðilækni á göngudeild taugasjúkdóma og sagðist þá hafa verið hjá sjúkraþjálfara eftir slysið. Lýsti hún þá brunaverk og ofurnæmi í vinstri hendi, auk þess sem hún sýndi væg einkenni frá hægri fæti. Í kjölfarið hefur M sætt ýmsum rannsóknum svo sem mænustungu vegna gruns um MS og taugaleiðniprófi. Verður ekki séð að neitt athugavert hafi komið fram í þeim rannsóknum. Samkvæmt vottorðinu, dags. 13. desember 2019, er M greind með Chronic Pain, 133, og kemur fram að króníski taugaverkir hafi komið upp úr slysinu. Í síðarnefnda læknisvottorðinu, dags. 24. október 2019, segir að M sé heilsugóð utan slitgigtar og hafi verið hjá nuddara eftir slysið. Í lýsingu á núverandi líðan segir að M hafi taugaleiðniverki niður í báðar hendur sem hún hafi reynt lyfjameðferð við og þá hafi hún fundið fyrir óþægindum í hálsi eftir slysið auk þess sem hún hafi fundið fyrir eyrnasuði, þá sé hún með verki frá axlargrind með leiðni niður í handlegg. Við skoðun á hálsi komi fram vægt skertar hreyfingar og þreyfieymsli við öxl.

Önnur læknisfræðileg gögn liggja ekki fyrir nefndinni. Af ofangreindum vottorðum má ráða að M hafi þjáðst af vefjagigt, liðagigt og slitgigt, en þrátt fyrir það liggur ekkert fyrir um sjúkrasögu hennar fyrir umrætt slys. Þá eru ofangreind vottorð ekki í fullu samræmi hvað varðar þá meðferð sem M hafi gengist undir í kjölfar árekstursins eða fyrri sjúkdómsgreiningar. Þá er ekki að fullu ljóst hvenær M leitaði á göngudeild taugasjúkdóma vegna afleiðinga árekstursins, en M hefur raunar ekki mótmælt því sérstaklega að það hafi ekki verið fyrr en 7. nóvember 2019, eins og V heldur fram í bréfi sínu. Er því ekki að fullu ljóst hver samfella í læknismeðferð M hefur verið né hvernig taugaverkir þeir sem lýst er í vottorðinu hinn 24. október 2019, hafa getað orsakast af þeim hnykk sem hún lýsir við áreksturinn, en í vottorði segir eingöngu að þeir komi klárlega upp úr slysinu. Samkvæmt framansögðu er því ekki sýnt fram á orsakatengsl milli einkenna M nú og umræddsárekstrar. Verður kröfu hennar því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 8. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 227/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna hálkuslyss, þann 31. mars 2015.

Málskot M, dags. 22.6.2020, ásamt fylgiskjölum nr. 1-10.
Bréf V1, dags. 10.7.2020.
Bréf V2, dags. 13.8.2020.
Bréf M, dags. 17.8.2020.

Málsatvik.
Snemma morguns hinn 24. nóvember 2019 varð árekstur milli bifreiðanna A og B. Atvikum er lýst í lögregluskýrslu með þeim hætti að ökumaður bifreiðarinnar B hafi verið að aka bifreið sinni vestur Hestháls. Skyndilega hafi komið mikil móða á gluggana á bifreiðinni. Hann hafi því kveikt á miðstöðinni en þegar hann leit upp hafi hann séð hvar bifreiðin A var kyrrstæð á akbrautinni. Hann hafi ekki náð að hemla eða víkja frá og því endað aftan á A. Aðspurður kvaðst ökumaður B ekki vita hvort A hafi verið kyrrstæð á akbrautinni eða uppi á kanti við umferðareyjuna. Kvaðst hann hafa verið á 40-50 km hraða.

M, eigandi bifreiðarinnar A, lýsir atvikum með þeim hætti að aðfaranótt 24. nóvember hafi hann orðið bensínlaus á Vesturlandsvegi. Hann hafi tekið þá ákvörðun að láta bifreiðina renna yfir á mun fáfarnari götu, þ.e. Hestháls og gert tilraun til að koma bílnum í bifreiðastæði við fyrirtækið Nóa Síríus. Hann hafi þó ekki komist svo langt og því ýtt bifreiðinni niður götuna þannig að hún var nánast öll út af götunni, þó þannig að bæði vinstri dekk bifreiðarinnar voru enn á akbrautinni. Kveðst M hafa ætlað að sækja bifreiðina að morgni 24. nóvember en hún hafi þá verið horfin.

M sættir sig ekki við þá niðurstöðu tryggingafélaganna að M verði látinn bera 2/3 hluta sakar á árekstri bifreiðanna. Vísar M m.a. til þess að þau fordæmi sem tryggingafélögin leggja til grundvallar séu ekki sambærileg máli kæranda. Í þeim málum hafi verið ekið á bifreiðar sem voru að öllu leyti inn á akbraut þegar árekstur átti sér stað við önnur ökutæki. Þá hafi árekstrarnir í þeim tilvikum verið á fjölförnum götum. Hestháls sé hins vegar fáfarin gata. Enn fremur vísar M til þess að hann hafi reynt að skilja við bifreiðina þannig að sem minnst hætta skapaðist af henni. Þá hafi svæðið verið vel upplýst og bifreiðin vel sýnileg ökumönnum. Telur M að tjónið verði alfarið rakið til aðgæsluleysis ökumanns bifreiðarinnar B. Móða eða önnur utanaðkomandi áhrif hafi byrgt ökumanninum sýn þegar hann ók bifreiðinni og hann verði sjálfur að bera ábyrgð á því. Þá hafi bifreið M ekki átt að dyljast honum m.v. aðstæður og birtuskilyrði.

V2 telur að áreksturinn verði að öllu leyti rakinn til gáleysis ökumanns bifreiðarinnar A. Vísar V2 m.a. til þess að gáleysi felist í því að bifreiðin hafi orðið bensínlaus. Þá hafi M brotið gegn umferðarlögum með því að tendra ekki varúðarljós bifreiðarinnar og setja ekki upp varúðarþríhyrning á akbrautina til þess að vara aðra ökumenn við aðsteðjandi hættu. Þá hafi ökumaður A vanrækt að flytja bifreiðina á viðeigandi stað eins fljótt og unnt var.

Álit:
Samkvæmt þágildandi 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 má eigi stöðva ökutæki eða leggja því á þeim stað eða þannig að það geti valdið hættu eða óþarfa óþægindum fyrir umferð. Samkvæmt 2. mgr. sömu gr. má einungis stöðva ökutæki eða leggja því hægra megin á akbraut. Skal stöðva ökutæki eða leggja við ystu brún akbrautar og samhliða henni eða utan hennar, ef unnt er. Þá segir í 4. mgr. 7. gr. laganna að ekki megi leggja ökutækjum nema á sérstaklega merktum stæðum. Að teknu tilliti til gagna málsins og því sem fram hefur komið er ljóst að bifreið M var ólöglega lagt og að ökumaður hennar fylgdi ekki öðrum reglum um hvernig skuli skilja við bifreiðar. Við mat á sakarskiptingu verður þó að meta hátterni hans og ætlað gáleysi í samræmi við aðstæður hverju sinni. Af gögnum málsins, sérstaklega ákomustað bifreiðarinnar, verður að teljast ljóst að bifreiðin var skilin eftir að

mestu leyti utan vegar, á fáförnum og vel upplýstum stað. Var bifreiðin því vel sýnileg ökumönnum og staðsetning bifreiðarinnar ekki sérstaklega til þess fallin að valda mikilli hættu, jafnvel þó ökumaður hennar hafi ekki gert viðeigandi varúðarráðstafanir. Þá liggur fyrir að ökumaður bifreiðarinnar B viðurkennir að hann hafi ekki tekið eftir bifreiðinni vegna móðu sem safnast hafði á rúður bifreiðarinnar sem hann ók. Að teknu tilliti til framangreinds er niðurstaða nefndarinnar sú að áreksturinn verði fyrst og fremst rakinn til aðgæsluleysis ökumanns B, sem ók bifreið sinni á kyrrstæða bifreið, þrátt fyrir að hún hafi verið vel sýnileg. Að teknu tilliti til málsatvika og aðstæðna að öðru leyti þykja ekki er efni til að fella hluta sakar á ökumann A. Verður því öll sök lögð á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.
Leggja ber alla sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík 8. september 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 228/2020

V v/slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A

Sönnun orsakatengsla milli áreksturs og líkamstjóns 16. október 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 26. júní 2020 ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur V, dags. 15. júlí 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi lent í umferðaróhappi 16. október 2019 þar sem hann hafi ekið aftan á aðra bifreið sem hafi snarhemlað. M kveðst í tjónstilkynningu til V hafa verið að aka börnum sínum í skólann og hafi litið aftur fyrir sig í augnablik áður en árekstur varð og hafi því verið snúinn í sætinu þegar högg af árekstrinum varð. M kveðst í sömu tjónstilkynningu hafa verið frískur og vinnufær fyrir slysið en fundið fyrir óþægindum í fæti sama dag og fundið fyrir stirðleika eftir slysið. M leitaði til heilsugæslu 16. janúar 2020 vegna einkenna sem hann rekur til árekstursins.

M telur að orsakatengsl séu fyrir hendi milli áreksturs og þess líkamstjóns sem hann varð fyrir við áreksturinn. M kveðst hafa haft samband við V eftir áreksturinn og fengið þær upplýsingar að það lægi ekki á því að tilkynna um líkamstjón þar sem hann hefði ár til þess. M kveðst hafa haft samband við V 16. desember 2019 og leitað í kjölfarið til læknis og útvegað sér gögn um að ekkert í hans sjúkraskrá bendi til þess að óþægindi hans í dag sé hægt að rekja til annars en umrædds áreksturs.

V telur orsakatengsl ósönnuð milli áreksturs og líkamlegra einkenna M. V vísar til þess að ósannað sé að M hafi tilkynnt um líkamstjón strax eftir áreksturinn, en ekki finnist gögn um samskipti M við félagið fyrr en við tjónstilkynningu dags. 16. desember 2019. V telur að það að M hafi ekki leitað til læknis fyrr en þremur mánuðum eftir sé ekki fullnægjandi læknisfræðilegt mat á orsakatengslum.

Álit.
Í málinu er ágreiningur um hvort orsakatengsl séu sönnuð milli einkenna þeirra sem M finnur fyrir í dag og umferðaróhapps 16. október 2019. Ljóst er af gögnum málsins að M leitaði ekki til læknis vegna afleiðinga umrædds óhapps fyrr en 16. janúar 2020 og síðan aftur 21. febrúar 2020. Einkenni þau sem M lýsir við lækniskomur eru nokkuð almenn og höfðu ekki í för með sér óvinnufærni eða sérstaka meðferð strax eftir tjónsatburðinn. Verður ekki litið svo á að umrædd feli í sér skýra sönnun um orsakatengsl við áreksturinn. Þó liggi fyrir ágrip úr sjúkraskrá M á heilsugæslu fyrir slysið liggja ekki fyrir frekari læknisfræðileg gögn, t.d. mat á afleiðingum sem styðja við kröfur M. Með hliðsjón af öllu framansögðu verður því ekki talið að M hafi með framlögðum gögnum tekist að sýna fram á orsakasamhengi milli árekstursins og líkamlegra einkenna og miðað við það er kröfu hans því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðar A hjá V.

Reykjavík, 1. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 230/2020

M og
V v/ábyrgðartryggingar sveitafélagsins X

Fall úr stiga 25. júní 2018.

Gögn.
Málskot móttekið 26. júní 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 9. júlí 2020.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 20. ágúst 2020 ásamt mynd.
Tölvupóstur V, dags. 10. september 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M var við vinnu sína þegar hann var sendur í húsnæði X sem hýsir skammtímavistun fyrir langveik og fötluð börn. Vinna M fólst í því að alga netbúnað fyrir X og þurfti vegna þess að fara upp á háaloft í húsinu. Til þess að komast upp á háaloftið notaði M stiga sem var til staðar í húsnæðinu. Þegar hann var á leið niður af loftinu rann stiginn undan honum þannig að hann datt á bakið. Í tjónstilkynningu vinnuveitanda M til V kemur fram að M hafi skrikað fótur þannig að stiginn hafi runnið undan honum en í tilkynningu til Vinnueftirlitsins kemur fram að tröppurnar „..skrikuðu til undan honum..".

M telur að aðstæður í húsnæði X hafi verið ófullnægjandi og rekur líkamstjón sitt til þess að stiginn hafi ekki verið búinn stuðningsstólpum eða festingum þannig að hætta hafi verið á því að hann rynni undan. M vísar til 4. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða og 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 þar sem séu reglur um að stigar og tæki eigi að vera þannig að ekki stafi hætta af þeim. Einnig vísar M til leiðbeiningarrits Vinnueftirlitsins frá 2017 um vinnu í hæð um að ganga skuli frá lausum stigum með þeim hætti að ekki sé hætta á að þeir renni til og í leiðbeiningum stofnunarinnar frá 1991 sé mælt með að hafa festibúnað á stigum að ofan og stamt undirlag undir stigakjálkum. M telur þann stiga sem hann hafði til notkunar ekki hafa uppfyllt umrædd fyrirmæli og ósannað sé að starfsmenn X hafi boðist til að halda um stigann. Einnig vísar M til þess að stiginn hafi verið lagfærður eftir slysið og festur sérstaklega auk þess sem slys M hafi ekki verið tilkynnt sérstaklega til Vinnueftirlitsins af hálfu X.

V telur að aðstæður hafi ekki verið hættulegar í húsnæði X og að alla vega einn nafngreindur starfsmaður X hafi boðist til að halda um stiga þann sem M notaði til að komast upp á loft. Þannig hafi verið gerðar ráðstafanir til að tryggja öryggi M sem hafi ekki verið starfmaður X og því ekki skylda á X að tilkynna um slysið til Vinnueftirlitsins. Einnig bendir V á að M hafi komið áður í umrætt húsnæði og þannig þekkt aðstæður þar. Í viðbótarathugasemdum V með tölvupósti 10. september 2020 ítrekar félagið fyrri athugasemdir sínar en leggur ekki fram ný gögn eða ný sjónarmið í málinu.

Álit.
Ágreiningur málsins snýst um aðstæður í húsnæði á vegum X, nánar tiltekið hvort stigi sem M notaði til að fara upp á háaloft í húsnæðinu hafi verið fullnægjandi. Í gögnum málsins er mynd af stiganum og aðstæðum þar sem M fór upp á loft og staðfesting frá forstöðumanni hjá X, sem var á staðnum í greint sinn, á því að hún hafi boðið M aðstoð við að fara upp á loft og þar af leiðandi niður aftur. Að hennar sögn afþakkaði M þá aðstoð, en M hefur mótmælt því að hafa verið boðin slík aðstoð. Við mat á því hvort aðbúnaður hafi verið í samræmi við skráðar eða óskráðar hátternisreglur verður ekki talið sannað að stiginn hafi verið þannig útbúinn að hann brotið hafi í bága við bindandi stjórnvaldsfyrirmæli. M hafið farið upp stigann áður en hann fór niður og var í lófa lagið að biðja um aðstoð við að halda í stigann ef hann mat hann ótryggan. Verður því ekki fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitafélagsins X hjá V.

Reykjavík, 22. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 231/2020

M og
V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B

Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á hringtorgi á mótum Hringbrautar og Suðurgötu hinn 20. maí 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 29.06.2020 ásamt fylgiskjölum 1-2.
Bréf V, dags. 06.07.2020 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Hinn 20. maí 2020 varð árekstur milli A, sem M ók umrætt sinn, og B, á hringtorgi við mót Hringbrautar og Suðurgötu í Reykjavík. Í málskoti lýsir M atvikum svo að hún hafi verið stödd á innri akrein hringtorgsins, og gefið stefnuljós til marks um að hún hygðist aka út úr hringtorginu. B hafi ekið á ytri akrein og hafi þá átt að veita A forgang en það hafi hann ekki gert heldur ekið í veg fyrir A. M hafi hemlað og reynt að sveigja frá til að afstýra árekstri, án árangurs. Þá áréttar M að af afstöðumynd í tjónstilkynningu, sem B hafi ekki gert athugasemd við við undirritun, sé ljóst að hann hafi ekki verið kominn framhjá útkeyrslunni við áreksturinn. Ekki sé hægt að byggja á síðar fram komnum framburði B hvað þetta varði, B hafi ekið hratt og ætlað sér að ná framhjá útkeyrslunni en vegna mikillar umferðar hafi það ekki tekist. Þá hafi B, þar eð hann ætlaði ekki að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum verið óheimilt að aka á ytri hring hringtorgsins. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til tjónanefndar vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú að M bæri alla sök á umræddum árekstri, þar eð A hefði verið ekið aftan á B. M fellir sig, samkvæmt framansögðu, ekki við þá niðurstöðu og telur B bera alla sök á umræddum árekstri.

V, sem var vátryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, segist í bréfi til nefndarinnar ekki gera athugasemdir vegna málsins. Bréfi V fylgdi tölvupóstur og skýrsla frá ökumanni B þar sem segir að afstöðumynd á tjónstilkynningu sé röng og að bifreið B hafi að mestu verið komin framhjá útkeyrslunni þegar áreksturinn varð. Þá hafi tjónið á bifreið B verið á hægra afturhorni en ekki því vinstra. Telji B að um aftanákeyrslu hafi verið að ræða og að ökumaður A hafi ekki gefið stefnumerki.

Álit:
Á framhlið tjónstilkynningar, sem ökumenn staðfesta báðir með undirritun sinni og er meðal gagna málsins, er merkt við ákomu á vinstra framhorni A, og bæði vinstra og hægra megin aftan á B, en ekki er að fullu ljóst af gögnum málsins hvorum megin ákoman var. Af afstöðumynd á framhlið tilkynningarinnar má ráða að bifreið B hafi þegar áreksturinn varð, verið staðsett nokkurn veginn þvert á vegamót út úr hringtorginu. Í 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er að finna ákvæði um akstur í hringtorgum. Þar segir m.a. ökumaður sem aki á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang. Það leysir ökumenn sem aka á innri hring þó ekki undan almennri aðgæsluskyldu, sbr og 1 mgr. 19. gr. umferðarlaga þar sem kveðið er á um að ökumaður sem hyggst beygja á vegamótum skuli ganga úr skugga um að það sé hægt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Með hliðsjón af ákomu á bifreiðarnar samkvæmt tjónstilkynningu, þ.e. því að ákoma á B er aftast á bifreiðinni, svo og staðsetningu B, samkvæmt afstöðumynd á tjónstilkynningu, þegar árekstur varð, verður að líta svo á að A hafi verið ekið aftan á B og A því ekki gætt nægilega að annarri umferð við vegamót. Ákoma á bifreiðarnar bendir þannig ekki til þess að B hafi verið ekið í veg fyrir A, og miðað við staðsetningu B verður að telja að ökumaður hennar hafi á þeim tíma sem áreksturinn varð ekki mátt vænta þess að þurfa að gæta forgangsrétti bifreiða á innri akrein. Þá verður ekki séð að aksturslag ökumanns B hafi falið í sér brot gegn öðrum ákvæðum umferðarlaga umrætt sinn né að hann hafi sýnt af sér sérlega ógætni. Verður þá ekki fallist á það með M að B hafi borið skylda til að aka á innri akrein hringtorgsins, en sú skylda sem í 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga er lögð á ökumenn til að velja hægri akrein, ytri hring, ætli þeir að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum, leiðir ekki sjálfkrafa til þess að óheimilt sé að velja ytri akrein ætli ökumenn framhjá fyrstu gatnamótum. Með hliðsjón af

framansögðu, og þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja, telst ökumaður A því bera alla ábyrgð á umræddum árekstri.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík 1. september 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 232/2020

M og
V f.h. erlenda vátryggingafélagsins (V) v/ Starfstengdrar slysa- og sjúkratryggingar

Ágreiningur um rétt til greiðslu vegna óvinnufærni af völdum sjúkdóms.

Gögn.
Málskot móttekið 25.6.2020, ásamt fylgiskjölum 1-10.
Bréf V dags. 8.9.2020.

Málsatvik.
M hafði í gildi slysa- og sjúkdómatryggingu hjá V. Með tjónstilkynningu, dags. 28.8.2018, gerði M kröfu um bætur úr vátryggingunni vegna algjörrar óvinnufærni, sem að sögn M hófst í júní 2018. Í gögnum málsins kemur fram að M hafi leitað til sérfræðilæknis í júní 2018 og í kjölfarið verið greindur með Parkinsons sjúkdóminn. Í læknisvottorði læknisins, dags. 4.12.2018 kemur fram að læknirinn hafi fyrst séð M þann 20.6.2018. Þá kemur fram í vottorðinu að M hafi í tvö ár verið með hæg vaxandi einkenni skjálfta og stífni í höndum. Hann hafi orðið sífellt stirðari og hægari með hverjum mánuði þessi tvö ár. Einnig liggur fyrir óvinnufærnisvottorð heilsugæslulæknis, dags. 21.5.2019, þar sem fram kemur að M hafi ekki sömu starfsgetu og áður og að það sé því affarsælast fyrir hann og fyrirtækið hann hætti.

Með bréfi, dags. 13.1.2020 var bótaskyldu hafnað úr vátryggingunni af hálfu V á þeim grundvelli að veikindi (illness) M hafi ekki leitt til óvinnufærni innan 12 mánuða frá því að fyrstu einkenna varð vart.

Í skilmálum vátryggingarinnar er hugtakið „illness“ skilgreint svo:

„***Illness*** *means sickness or disease, the symptoms of which first appear during the* ***period of Insurance*** *and which solely and independently of any other cause result in* ***Your*** *total disablement within twelve consecutive months after the symptoms first appear.*“

Álit.
Ekki er að fullu ljóst hvað nákvæmlega er átt við með hugtakinu „veikindi“ („illness“) í skilmálum vátryggingarinnar þegar það er gert að skilyrði að veikindin þurfi að hafa leitt til algjörrar óvinnufærni innan tólf mánaða samfellds tímabils eftir að einkenni komu fyrst fram („results in **Your** total disablement within twelve consecutive months after the symptoms first appear“). Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda samninga, má víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Svo umrætt ákvæði vátryggingarskilmálans fari ekki í bága við þetta ákvæði laga verður að skýra hugtakið veikindi („illness“) svo að þau teljist hafa orðið þegar einkenni hafa fyrst komið fram sem gefa tilefni til að ætla að veikindin, ein og sér og óháð öðrum sjúkdómseinkennum, kunni að hafa óvinnufærni í för með sér innan tólf mánaða samfellds tímabils.

Með vísan til þessa verður samkvæmt gögnum málsins ekki talið sannað að veikindi samkvæmt skilgreiningu skilmálanna hafi orðið fyrr en M leitaði til sérfræðilæknis í júní 2018. Óvinnufærni M kom til í síðasta lagi 21.5.2019, þegar óvinnufærnisvottorð var gefið út. Verður samkvæmt þessu að líta svo á að M eigi rétt til bóta úr vátryggingunni

Niðurstaða.
M á rétt á bótum fyrir varanlega óvinnufærni úr slysa- og sjúkratryggingu V hjá erlenda vátryggingafélaginu (V).

Reykjavík, 22. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 233/2020

M og
V vegna fasteignatryggingar.
Ágreiningur um bótaskyldu vegna leka.

Gögn.
Málskot, móttekið 29.06.2020.
Bréf V, dags. 14.07.2020, ásamt fylgigögnum 1-5.

Málsatvik.
Í málskoti lýsir M atvikum svo að skólplögn á millilofti í fjölbýlishúsi sem hann var einn eigenda að hefði gefið sig með þeim afleiðingum að leki varð og rakaskemmdir á íbúðinni fyrir neðan. V hafi verið tilkynnt um tjónið hinn 16. maí 2020. V hafi, með tölvupósti dags. 12. júní 2020, hafnað bótaskyldu með vísan til þess að vátryggingin greiddi bætur vegna tjóns sem kæmi eingöngu til vegna ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum húseignar. Tjón M félli ekki undir þau skilyrði. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og segir umræddar lagnir hluta af lagnakerfi hússins, og að leki hafi komið upp vegna bilunar í pakkningu. Formaður húsfélagsins, sem sé pípulagningarmaður, skilji þá ekki afstöðu V í málinu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í tjónstilkynningu hafi sagt að loftun á frárennslisstamma fyrir ofan íbúð M leki, einangrun sé orðin blaut og með tímanum hafi raki myndast á loftaplötum og að málning á lofti sé bólgin á a.m.k. þremur stöðum. Félagið hafi kallað til pípulagningarmeistara sem hafi komist að því að pakkning á milli röra hafi verið í ólagi. Skipt hafi verið um hana til að fyrirbyggja frekara tjón. Í 1. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála komi fram að vátryggingin bæti skemmdir á húseign sem eigi upptök sín innan veggja hússins og stafi eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum. Í þessu tilviki sé um að ræða loftunarrör sem tengt sé við frárennslislagnir til að fyrirbyggja t.d. sog úr vatnslásum hreinlætistækja. Loftunarrör séu ekki vatnsberandi og ekki hönnuð til að flytja vatn og því sé ekki um frárennslislögn að ræða. Tjónið megi rekja til gufu eða vatns frá umræddu loftunarröri, en frágangi þess hafi verið verulega ábótavant og bendi gögn til þess að það hafi verið óþétt í lengri tíma, jafnvel árum saman sem valdið hafi skemmdum með tímanum. Þá hafi verið missig í lögninni þar eð hún hafi ekki verið nægilega fest, en tjón vegna missigs sé ekki bótaskylt samkvæmt skilmálum. Jafnvel þó litið yrði svo á að um frárennslislögn sé að ræða sé því ekki um bótaskylt tjón að ræða. Er bótakröfu M því hafnað, með vísan til 1. og 2. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála.

Álit.
Í skilmálum fasteignatryggingarinnar er í 1. gr. kveðið á um bótasvið hennar. Þar kemur m.a. fram í gr. 1 a. að vátryggingin bæti tjón vegna skemmda á vátryggðri húseign sem eigi upptök sín innan veggja hússins og stafi eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. Fallist er á það með M að umrætt loftunarrör sé, m.a. með hliðsjón af tilgangi þess og tengslum við aðrar lagnir, hluti af frárennslislögnum hússins. Hins vegar verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að umrætt vatnstjón megi rekja til ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka heldur virðast gögn málsins þvert á móti benda til þess að um langvarandi leka eða útgufun hafi verið að ræða. Hefur því ekki verið sýnt fram á að bótaskylda úr fasteignatryggingu sé fyrir hendi. Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 8. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 235/2020

M og
V v/ slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A

Ágreiningur um hvort bótaskylt líkamstjón hafi orðið af völdum áreksturs.

Gögn.
Málskot, móttekið 2.7.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 15.7.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Aðfaranótt 29. nóvember 2019 ók M bifreiðinni A aftan á aðra bifreið. Hann var fluttur á bráðamóttöku Landspítala háskólasjúkrahúss. Samkvæmt bráðamóttökuskrá spítalans var hann talinn hafa fengið tognun á háls og vinstra hné. M leitaði til nafngreinds bæklunarlæknis og samkvæmt læknisvottorði læknisins, dags. 28. maí 2020, er M sagður hafa hlotið tognun á vinstri sjalvöðva, tognun á brjóstbak og tognun á vinstra hné. Þá hafi hann verið plagaður af höfuðverk og brenglun á sjón á vinstra auga. Hafi afleiðingar slyssins háð honum varðandi vinnu hans, áhugamál og almennt.

M hefur krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hann kveðst hafa orðið fyrir við slysið úr slysatryggingu ökumanns A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu úr vátryggingunni að frátöldu því að félagið muni endurgreiða útlagðan kostnað vegna fyrstu læknisskoðunar, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar sem fallið hafi til á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið og að öðrum skilyrðum fullnægðum. Til stuðnings höfnun sinni hefur V vísað til útreiknings á þyngdarhröðun bifreiðanna við áreksturinn, svonefnds PC Crash útreiknings, sem félagið aflaði, en samkvæmt þeim útreikningi var líklegasta gildi þyngdarhröðunar A -1,60 g og líklegasta gildi þyngdarhröðunar bifreiðar þeirrar sem ekið var aftan á 1,71 g.

Álit.
Samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem í gildi voru er slysið varð, skyldi hver ökumaður sem stjórnar vátryggingarskyldu ökutæki tryggður sérstakri slysatryggingu og skyldi vátryggingin tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. laganna. Bætur fyrir líkamstjón úr slysatryggingu þessari ákveðast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Auk sjúkrakostnaðar og annars fjártjóns eru bótaliðir samkvæmt lögunum tímabundið atvinnutjón (2.gr.), þjáningar (3. gr.), varalegur miski (4. gr.) og varanleg örorka (5.-9. gr.).

Gögn um líkamstjón það sem M hlaut í slysinu 29. nóvember 2019 eru mjög takmörkuð eða einungis þau gögn sem að framan er getið. Þannig liggur m.a. engin matsgerð hæfra og óvilhallra aðila fyrir í málinu um hverjar séu þær líkamlegu afleiðingar sem hann býr við og rekja má til slyssins. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum, hefur ekki verið sýnt fram á að M eigi rétt á frekari bótum samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga vegna líkamstjóns síns en sjúkrakostnaðar sem V hefur þegar fallist á að greiða. Þegar af þessari ástæðu á M ekki rétt á frekari bótum úr slysatryggingunni. Í þessu sambandi skiptir fyrirliggjandi útreikningur á þyngdarhröðun ökutækjanna við áreksturinn ekki máli fyrir úrslit málsins.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum úr lögmæltri slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V, en félagið hefur þegar samþykkt að greiða.

Reykjavík, 8. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 236/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitafélagsins X

Skaðabótaábyrgð vegna slyss í dagvistun ungmenna 10. október 2018.

Gögn.
Málskot dags. 30. júní 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 12. ágúst 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið í dagvist þann 10. október 2018. Umrædd dagvist er fyrir börn og ungmenni sem þurfa sérstaka þjónustu. Af lýsingum í lögregluskýrslu má ráða að M hafi setið í sófa í sameiginlegu rými með starfsmönnum Hins Hússins og tveimur öðrum ungmennum, A og B. Það hafi síðan komið upp þær aðstæður að B hafi kastað bók í áttina að M sem leiddi til þess að allir starfsmenn Hins Hússins sem voru í sama rými aðskildu B úr aðstæðunum. Þá hafi A komið úr annarri átt og kastað handlóði, sem var 1,5 kg. að þyngd, í andlit M sem varð fyrir alvarlegum meiðslum. Í málinu liggur einnig fyrir lýsing á getu A til að gera sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna.

Í málinu liggur m.a. fyrir yfirlýsing starfsmanns dagvistunar þess efnis að umrædd handlóð hafi áður verið tekin úr umferð en einhver hafi sótt þau og fært í rýmið þar sem atvikið varð. Þá hafi handlóðin og allir þungir hlutir, sem hægt er að kasta eða nota sem barefli, verið endanlega fjarlægðir eftir slysið. Í sömu yfirlýsingu starfsmanns segir að starfsmenn dagvistunarinnar reyni að vinna „maður á mann“ þar sem verið sé að vinna með mörg ungmenni með mjög mikla þjónustuþörf. Er það staðfest í vitnisburði starfsmanns í lögregluskýrslu frá tjónsdegi þar sem segir að einn starfsmaður sé að passa hvern einstakling. Þannig hafi verið þrjú ungmenni og þrír starfsmenn á því svæði þegar slysið varð. Loks liggur fyrir yfirlýsing móður A í lögregluskýrslu þar sem fram kemur að hún hafi ítrekað gert kröfu um að tveir starfsmenn gæti A á hverjum tíma.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysi hennar á grundvelli almennu sakarreglunnar, vinnuveitendaábyrgðar X og vegna ófullnægjandi öryggisráðstafana X þar sem starfsfólk X hafi ekki tryggt öryggi M. Þannig hafi starfsmenn X átt að gera betur við að fjarlægja handlóð og tryggja að þau væru óaðgengileg þeim sem væru í dagvistun. M telur að sérstaklega ríkar skyldur hvíli á X sem haldi úti frístundaheimili til að tryggja öryggi, enda séu þar börn í dagvistun sem oft á tíðum átta sig ekki á eigin gjörðum. Þá telur M að starfsmenn X hafi hafi átt að tryggja að ávallt væri einn starfsmaður með hverju barni. Þannig hefði sá starfsmaður, sem hafði eftirlit með A, ekki átt að víkja frá honum þegar hafist var handa við að fjarlægja B úr rýminu.

V telur skaðabótaábyrgð ekki fyrir hendi og hafnar því að slys M megi rekja til saknæmrar hegðunar eða eftir atvikum athafnaleysis starfsmanna X eða að slysið verði rekið til annarra atvika sem X beri ábyrgð á. Í málinu sé ekkert fram komið sem bendir til þess að atvikið sé að rekja til ófullnægjandi öryggisráðstafana eða vanrækslu af hálfu starfsmanna X. Þannig hafi 3 starfsmenn verið í rýminu þegar slysið varð, A sé ekki sérnemandi sem kalli á sérstakt eftirlit eða aðgæslu og því er hafnað að tilvist 1,5 kg. handlóða í rými leiði til bótaábyrgðar. Þannig hafi verið um óhappatilviljun að ræða.

Álit.
Í málinu er ekki ágreiningur á meðal aðila um málsatvik. Við mat á skaðabótaábyrgð X ber annars vegar að horfa til yfirlýsingar starfsmanns X að umrætt handlóð hafi, fyrir slysið, verið tekin úr umferð og síðan endanlega fjarlægð eftir slysið. Þannig liggur fyrir að starfsmenn X voru meðvitaðir um hættueiginleika handlóðanna og fjarlægðu þau úr rýminu fyrir slysið. Verður að telja að X beri ábyrgð á því að handlóðin hafi verið færð inn í rýmið aftur þó ekki sé upplýst hver hafi gert það. Þá liggur einnig fyrir að vinnuregla var viðhöfð að starfsmenn X vinni „maður á mann“. Frá þeirri vinnureglu hafi verið horfið þegar starfsmaður, sem fylgdist með A, vék frá honum til að fjarlægja B. Við það var A án eftirlits og gat tekið upp handlóðin og kastað í M. Með því verður að líta svo á að

starfsmenn X hafi vikið frá vinnureglu á frístundaheimilinu. Því verður að telja að starfsmenn X hafi ekki tryggt öryggi M með þeim hætti sem gera verður kröfu um á frístundaheimili fyrir börn með sérþarfir. Á því ber X ábyrgð á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar skaðabótaréttar.

Niðurstaða.
M á rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 237/2020

M og
V v/ábyrgðartryggingar ferðaþjónustunnar X

Skaðabótaábyrgð vegna falls í fjárhúsum 10. júní 2017.

Gögn.
Málskot dags. 30. júní 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 20. júlí 2020.

Málsatvik.
Í lögregluskýrslu dags. 10. júní 2017 kemur fram að M slasaðist þegar hann steig í gegnum trégrind í fjárhúsi. Í lögregluskýrslu sem gerð var 7. október 2019 lýsti lögreglumaður atvikum nánar með þeim hætti að M hafði sagst hafa verið að smíða hænsnakofa ásamt föður sínum skammt frá fjárhúsinu og þegar vantaði stiga við smíðina hafi M gengið að fjárhúsinu í því skyni að finna þar stiga. Í lögregluskýrslunni kemur fram að nokkrum tugum metra frá fjárhúsinu hafi verið kofabygging í gangi og hafi lögreglumaðurinn ályktað að það hafi verið sá kofi sem M vísaði til á vettvangi sem hænsnakofa. Auk þess kemur fram í lögregluskýrslu að faðir M hafi staðfest frásögn hans á vettvangi.

Í gögnum málsins liggja einnig fyrir afrit tölvupóstsamskipta starfsmanns V við forsvarsmann X vegna atvika málsins. Þar kemur fram í svörum við spurningum starfsmanns V að ástæða slyss M hafi verið sú að gólf fjárhússins hafi verið í lélegu ásigkomulagi og að M hafi ekki vitað af því. Einnig kemur fram að það sem hafi leitt til slyss M hafi verið það að enginn haft orð á því við M að ástand gólfsins hafi verið slæmt. Einnig kemur fram að gólfið hafi verið rifið strax í kjölfarið.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna slyss hans og að hana megi rekja til þess að aðstæður í fjárhúsinu, þ.e. ástand gólfs, hafi verið ófullnægjandi og hættulegar og M hafi ekki verið greint frá því þegar hann hafi verið sendur inn í fjárhúsið til að ná í stiga. Þetta sé staðfest í tölvupóstsamskiptum milli forsvarsmanns X og V og gerir M athugasemdir við að þau gögn hafi ekki verið kynnt M sérstaklega við meðferð málsins hjá V.

V hafnar alfarið röksemdum M varðandi mögulega skaðabótaábyrgð X og vísar til þess að gögn málsins bendi til þess að M hafi verið við smíðar inni í fjárhúsinu þegar hann slasaðist, sbr. það sem haft er eftir honum í læknisvottorðum. Einnig telur V að tengsl M við staðinn séu með þeim hætti að foreldrar hans búi þar og hafi honum því átt að vera ljóst ástand fjárhússins auk þess sem augljóst hafi verið að húsið hafi verið gamalt og ástandið slæmt. V telur að um óhappatilvik sé að ræða sem X ber ekki skaðbótaábyrgð á.

Álit.
Af gögnum málsins verður ekki ráðið en að M hafi strax á vettvangi slyss greint þannig frá atvikum að hann hafi slasast þegar hann féll í fjárhúsi og hann hafi átt þar erindi vegna þess að hann hafi ætlað að sækja þangað stiga. Nákvæmari lýsing lögreglumanns á atvikum í lögregluskýrslu frá 7. október 2019 felur ekki í sér nýja lýsingu M heldur ítarlegri tilgreiningu á aðstæðum af hálfu lögreglumannsins. Það sem tilgreint er í læknisfræðilegum gögnum um aðstæður verður ekki túlkað þannig að um sjálfstæðar lýsingar sé að ræða sem fari í bága við umrædda lýsingu í lögregluskýrslum. Þegar það er virt og þær yfirlýsingar forsvarsmanns X um aðstæður á vettvangi og það að viðurkennt sé að M hafi ekki verið upplýstur um bágt ástand fjárhúss, áður en hann var beðinn um að sækja þangað stiga, verður ekki annað séð en að viðurkennt sé af hálfu X að rétt hefði verið að vara M við aðstæðum. Verður að meta það til sakar þeim sem störfuðu í þágu X í greint sinn, en ekki hefur annað komið fram en að X hafi haft boðvald yfir þeim sem gátu brugðist við aðstæðum og varað M við. Ekki er sýnt af gögnum málsins að slys M megi rekja til gáleysis hans sjálfs og á hann því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á fullan rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ferðaþjónustunnar X hjá V.

Reykjavík, 8. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 238/2020

M og
V vegna slystryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A

Ágreiningur um skerðingu bótaréttar á grundvelli stórfellds gáleysis ökumanns.

Gögn.
Málskot, dags.01.07.2020, ásamt fylgiskjölum 1-9.
Bréf V, dags. 15.07.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 12.01.2021.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að aðfararnótt hins 28. október 2018 hafi M lent í bílslysi. Atvik hafi verið þau að M hafi ekið A vestur Reykjanesbraut þegar hún fór yfir á öfugan vegarhelming með þeim afleiðingum að árekstur varð við bifreiðina B, sem var á austurleið. M hafi slasast nokkuð við áreksturinn en auk þess hafi atvikið haft í för með sér miklar sálrænar afleiðingar fyrir M en vinur hans sem var farþegi í A lést í árekstrinum. Í kjölfar þessa atviks hafi M verið ákærður vegna brota á 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 14. gr., og 1., sbr. 2., mgr. 44. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 87/1987. Hafi M verið sakfelldur fyrir framangreind brot í héraði, og sú niðurstaða síðar staðfest í Landsrétti, utan þess að M hafi þar verið sýknaður af broti gegn ákvæði 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Með tölvupósti dags. 4. júlí 2019 hafi V tilkynnt M um að bótaréttur hans úr slysatryggingu ökumanns A hafi verið skertur um helming þar eð hann hafi sofnað undir stýri. M fellir sig ekki við þá afstöðu og telur hana byggja á röngum forsendum. Á vettvangi slyssins hafi M tjáð lögreglu að hann hefði sofnað undir stýri, en M tali ekki íslensku og aðeins bjagaða ensku og hafi auk þess verið í áfalli. Við síðari skýrslugjöf hjá lögreglu hafi hann sagt að hann hafi ekki fundið til þreytu við aksturinn og hafi ekki vitað hvað gerðist. Hafi M svo fyrir dómi borið að hann vissi ekki hvað hefði valdið slysinu. Þá liggi í raun takmörkuð gögn því til staðfestingar að A hafi í raun farið yfir á öfugan vegarhelming. Þar sem ekki liggi fyrir hvað hafi í raun valdið slysinu sé það því ótæk niðurstaða að skerða bætur til M um helming.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram sú afstaða að M hafi valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi og séu bætur því skertar um helming með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og 2. mgr. 31. gr. skilmála vátryggingarinnar. Vísar V til niðurstöðu héraðsdóms, en þegar svar V barst var dómur í Landsrétti ekki fallinn, um að M hafi verið ófær um að stjórna ökutæki örugglega vegna þreytu, sem hafi valdið því að hann sofnaði undir stýri með þeim afleiðingum að árekstur varð. Þessi háttsemi hafi verið metin M til stórfellds gáleysis og hafi hann verið dæmdur til refsingar.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M áður framkomnar röksemdir, þ.e. að niðurstaða V, héraðsdóms og Landsréttar um að M hafi sofnað undir stýri sé aðeins rökstudd með vísan til framburðar hans á vettvangi og skýrslu sem tekin var af honum síðar sama dag. Verði að taka mið af aðstæðum við slysið, óvissu um nákvæmar orsakir þess, og þeirra þungbæru afleiðinga sem það hafi haft í för með sér fyrir M. M hafi hvorki verið undir áhrifum áfengis né fíkniefna og V hafi ekki fært sönnur á að hann hafi sofnað undir stýri, en sönnunarbyrðin um að réttur til skerðingar bóta sé til staðar hvíli á V. Vísar M jafnframt til dómaframkvæmdar Hæstaréttar varðandi það að gáleysi þurfi að vera á afar háu stigi svo það teljist stórkostlegt og leiði til skerðingar bóta. Fallist nefndin hins vegar á það með V að skerðing bóta sé heimil sé helmingsskerðing í öllu falli úr hófi.

Álit.
Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélags, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þegar um persónutryggingar aðrar en líftryggingar er að ræða. Við úrlausn á því hvort skerðing sé heimil skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Svo virðist sem fyrst eftir slysið hafi M talið sig hafa sofnað við aksturinn, sbr. það sem

haft er eftir honum í aðkomuskýrslu lögreglu sem vitnað er til í héraðsdómi, og lýsingu í fyrirliggjandi læknisvottorði dags. 5. nóvember 2018, þar sem fram kemur að við komu á bráðamóttöku hafi M talið sig hafa sofnað undir stýri enda hafi hann verið þreyttur. Fyrir dómi bar M hins vegar að hann myndi ekki hvað hefði gerst og gæti ekki útskýrt tildrög slyssins. Í niðurstöðukafla dóms Landsréttar í máli M kemur þó fram að dómurinn telji sannað, með hliðsjón af gögnum frá lögreglu og framburðum lögreglumanns og ökumanns hinnar bifreiðarinnar, að M hafi umrætt sinn ekið A yfir á öfugan vegarhelming. Hafi M með því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Var M sakfelldur fyrir að hafa ekið A án nægilegrar varúðar og þannig á sig kominn að hann var ekki fær um að stjórna A örugglega. Telur nefndin óhjákvæmilegt að miða við þessa niðurstöðu dómsins og verður því að telja sýnt fram á að M hafi valdið umræddum atburði af stórkostlegu gáleysi og er því, með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga, heimilt að lækka ábyrgð félagsins. Þykir af öllu framangreindu hæfilegt að bætur til M verði skertar um helming og hann beri því helming tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slystryggingu ökumanns A, en skerða skal bætur til hans um helming.

Reykjavík, 2. febrúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 239/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs á hringtorgi hinn 22. júní 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 03.07.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 16.07.2020.
Bréf V2, dags. 20.07.2020 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Hinn 22. júní 2020 varð árekstur milli A, sem M ók umrætt sinn, og B, á hringtorgi við Fífuhvammsveg í Kópavogi. Ökumenn gerðu ekki sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi en ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að M bæri alla sök á umræddum árekstri þar eð hann hefði ekki virt forgang umferðar sem ók um hringtorgið.

M er ósammála þeirri niðurstöðu og segir í málskoti að hann telji sig hafa verið í rétti. Hann hafi verið á undan B inn á hringtorgið en B hafi ekið á of miklum hraða og keyrt á A. Meðal gagna málsins er einnig skrifleg yfirlýsing frá M þar sem hann segist hafa ekið inn í hringtorgið eftir að hafa séð B nálgast, A hafi verið á undan og því „átti þetta að vera alveg í lagi“. B hafi hins vegar greinilega verið á miklum hraða og ekið inn í vinstri hlið A, hugsanlega því hann hefði verið með hugann við annað en aksturinn.

Fyrir nefndinni liggur einnig yfirlýsing frá B þar sem hann segist ábyrgur ökumaður sem virði hraðatakmarkanir. Þá segir hann M fyrst hafa tjáð sér á vettvangi að hann hefði ekki séð B. A hafi ekið inn á hringtorgið á það miklum hraða að mögulega hafi hann ekki virt biðskyldumerki við það, auk þess sem hann hafi ekki gætt nægilega á umferð á hringtorginu.

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, gerir ekki athugasemdir vegna málsins.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, segir að B hafi ekið á innri hring hringtorgsins þegar A ók inn á hringtorgið og í veg fyrir B. M beri þá sönnunarbyrði fyrir staðhæfingum sínum um að A hafi verið komin inn á hringtorgið á undan B og að B hafi verið ekið of hratt. Slík sönnun hafi ekki tekist. Sé ljóst að M hafi ekki gætt nægilega að umferð um hringtorgið er bifreið A var ekið yfir biðskyldu og í veg fyrir B. Beri því að fella alla sök á M

Álit:
Í 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er að finna ákvæði um akstur í hringtorgum. Þar segir m.a. ökumaður sem ekur að hringtorgi skuli veita þeim sem aka um hringtorgið forgang. Af ljósmyndum af vettvangi, sem m.a. sýna ákomu á bifreiðarnar verður ekki annað séð en að B hafi þegar verið á hringtorginu þegar A ók inn á það. Þannig samrýmast ákomur bifreiðanna, þ.e. á vinstri hlið A og hægra framhorni B, því að bifreiðarnar hafi rekist saman við að A hafi ekið inn á hringtorgið í veg fyrir B. Staðsetning bifreiðanna, eins og greina má hana af ljósmyndum sem teknar voru í kjölfar atviksins, bendir þá til hins sama. M hefur þannig ekki sýnt fram á eða gert það líklegt að hann hafi þegar verið kominn inn á hringtorgið þegar B ók inn á það, eða að B hafi að öðru leyti hagað akstri sínum með vítaverðum hætti. Verður því miðað við að M hafi vanrækt að virða forgangar umferðar um hringtorg og öll sök lögð á hann.

Niðurstaða.
M, ökumaður A, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík 8. september 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 240/2020

M og
V v/ málskostnaðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna málskostnaðar vegna deilu um skiptingu söluandvirðis fasteignar í kjölfar sambúðarslita.

Gögn.
Málskot, móttekið 5.7.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 10.7.2020.

Málsatvik.
Af gögnum málsins má ráða að M hafi verið í óvígðri sambúð með fyrrum sambýliskonu sinni, A, um skeið er slitnaði upp úr sambúð þeirra í febrúar 2019. Haustið 2018 hafi þau keypt nánar tilgreinda fasteign, B, og þinglýstur eignarhluti hvors um sig í eigninni hafi verið 50%. Eftir sambúðarslitin hafi þau hins vegar greint á um hver skuli vera hlutdeild þeirra í söluandvirði eignarinnar eftir að hún hafði verið seld. Mun ágreiningur þeirra um eignarhlutdeild þerra m.a. hafa snúist um það hvort víkja hafi átt frá hinu þinglýsta eignarhlutfalli vegna framlags M og ættmenna hans við endurbætur á eigninni. Vegna ágreinings um búskiptin hafi bú þeirra að kröfu B verið tekið til opinberra skipta samkvæmt 100. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Svo virðist sem ekki hafi tekist að leysa úr ágreiningi um skiptingu söluandvirðis B hjá skiptastjóra sem ætla verður að skipaður hafi verið samkvæmt 102. gr. laga nr. 20/1991 og því hafi ágreiningnum verið skotið til héraðsdóms til úrlausnar samkvæmt 112. gr. laganna.

M hefur krafist þess að fá kostnað við málareksturinn greiddan úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar sem hann hefur í gildi hjá V. M kveður skilyrði fyrir opinber skipti ekki hafa verið fyrir hendi þar sem hann og sambýliskona hans hafi ekki búið saman í tvö ár eins og áskilið er í 100. gr. laga nr. 20/1991. Þrátt fyrir að hann hafi fallist á þessa málsmeðferð megi allt eins líta svo á að um hafi verið að ræða ágreining sem hafi risið við slit á vinskap. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt 100. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. getur annar sambúðarmaka eða báðir við slit á óvígðri sambúð eða báðir krafist opinberra skipta til fjárslita milli þeirra. Með óvígðri sambúð í merkingu laganna er átt við sambúð tveggja einstaklinga, sem skráð er í þjóðskrá eða sem ráða má af öðrum ótvíræðum gögnum, enda eigi sambúðarfólk barn saman eða von á barni saman eða hafi búið saman samfleytt í að minnsta kosti tvö ár. Engin gögn liggja fyrir í málinu því til sönnunar að skilyrði laganna varðandi sambúðartíma hafi ekki verið fullnægt í því tilviki sem hér um ræðir. Að auki verður ekki annað ráðið af málsgögnum en að M og A hafi verið í óvígðri sambúð þegar slitnaði upp úr sambúð þeirra. Við úrlausn málsins varðandi rétt m til bíta úr málskostnaðartryggingunni skiptir heldur engu máli hversu lengi sambúðin hafði varað þegar til sambúðarslita kom.

Samkvæmt vátryggingarskilmálum málskostnaðartryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Hins vegar er sú takmörkun á bótasviði vátryggingarinnar að hún bætir m.a. ekki málskostnað sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildir um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna, umgengnisrétt og faðernismál.

Eins og mál þetta liggur fyrir fer ekki á milli mála að framangreindur málarekstur stendur í beinu sambandi við sambúðarslit M og A. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 1. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 241/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss við störf ofan á frysti í fiskvinnslustöð í Færeyjum.

Gögn.
Málskot, dagsett 30.6.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 30.7.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 14. ágúst 2018 varð M fyrir meiðslum er hann var að störfum fyrir vinnuveitanda sinn, A við að einangra kælirör ofan á frystum í nánar tilgreindri fiskvinnslustöð í Færeyjum. Í málskoti er atvikum lýst svo að lofthæð hafi verið lág svo grind eða göngupallar ofan á frystunum ekki verið settir upp meðan á verkinu stóð. Þess í stað hafi M staðið ofan á sjálfum frystunum þar sem „rafmagnsstígar“ og glussaslöngur hafi flækst fyrir. Er hann var að fara yfir frystirör á einum frystinum hafi hann stigið á kapalstíga og glussaslöngu „sem ultu undan fætinum“ með þeim afleiðingum að hann hafi misstigið sig, fallið fram fyrir sig og rekið höfuðið í handrið og hlotið áverka á vinstri ökkla.

M kveður slysið mega rekja til ófullnægjandi starfsaðstæðna ofan á frystinum, m.a. með því að göngupallar hafi ekki verið til staðar. Þá hafi slysið ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins í samræmi við lög fyrr en í maí 2019, eða u.þ.b. níu mánuðum eftir að slysið gerðist og því liggi umsögn þess um slysið ekki fyrir. Leiði það til þess að A skuli bera hallann af skorti á upplýsingum um atriði sem áhrif geta haft á sakarmat. M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt sem hann hlaut í slysinu úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.
Vinnueftirlit ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Af lögunum verður ekki ráðið að starfssvið Vinnueftirlitsins taki til starfsemi fyrirtækja utan Íslands. Af því leiðir að ekki gat til þess komið að Vinnueftirlitið rannsakaði slysavettvanginn þar sem hann var í Færeyjum. Þótt gera megi nokkrar kröfur til vinnuveitenda, eins og A í því tilviki sem hér um ræðir, að þeir hlutist til um að slys sem starfsmenn þeirra verða við störf erlendis verði rannsökuð með tilhlýðilegum hætti af þar til bærum rannsóknaraðilum og í samræmi við löggjöf viðkomandi lands. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að slík rannsókn hafi farið fram á slysi M. Engin gögn liggja hins vegar fyrir um það hvernig haga skuli slíkri rannsókn í Færeyjum samkvæmt þarlendri löggjöf.

Hvað sem framangreindu líður eru ekki bornar brigður á frásögn M varðandi tildrög slyssins. Þá er ljóst að aðstæður voru erfiðar við það verk sem M vann við sem hafa krafist sérstakrar aðgæslu þeirra sem þarna voru að störfum. M er iðnmenntaður og mun hafa unnið við að einangra frystirör hjá A í um tíu mánuði þegar slysið varð. Ekkert í gögnum málsins bendir til að unnt hefði verið að hafa aðstæður öðruvísi ofan á frystinum þegar hann fór yfir frystirörið umrætt sinn né heldur verið gert líklegt að unnt hefði verið að vinna verkið með öðrum hætti en gert var. Í ljósi þessa verður ekki talið að slysið verði rakið til atvika sem A getur borið ábyrgð á. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 8. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 242/2020

M og
V v/slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A og ábyrgðartryggingar fyrirtækisins X

Vinnuslys þegar hleri flutningabifreiðar fauk upp 25. febrúar 2019.

Gögn.
Málskot, móttekið 9. júlí 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 5. ágúst 2020, ásamt fylgigögnum.
Myndband af vettvangi tjóns.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist á höfði þegar vindhviða feykti upp hlera eða hurð á tengivagni sem festur var við flutningabifreiðina A. Myndband liggur fyrir af atvikum og nefndin fór yfir það.

M telur annars vegar að tjón M megi rekja til notkunar bifreiðarinnar A og hann hafi verið við störf sem ökumaður bifreiðarinnar. Þannig eigi hann rétt á bótum úr slysatryggingu 92. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Hins vegar telur M að tjón hans sé rakið til skaðabótaábyrgðar X þar sem hlerar og festingar flutningsvagnsins hafi verið ófullnægjandi og hafi það leitt til þess að hurð hans fauk upp í greint sinn. Slys M hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og þannig hafi rannsókn ekki farið fram á festingum og lögregla hafi heldur ekki rannsakað þær á vettvangi. M telur að búnaður vagnsins hafi ekki verið í samræmi við reglur um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004 auk þess sem fyrirmæli í ákvæðum viðauka tilskipunar 70/387 EBE hafi ekki verið uppfyllt. Einnig vísar M til dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

V telur að frumorsök slyss M sé að sú snarpa og óútreiknanlega vindhviða sem feykti hurð tengivagns flutningabifreiðarinnar A upp. Sú vindhviða sé ótengd búnaði bifreiðarinnar og séu málsatvik því ekki sambærileg við dóma sem M vísar til í málskoti og ekki hægt að rekja til notkunar bifreiðarinnar í skilningi 1. mgr. 88. gr. þágildandi umferðarlaga og bótaréttur því ekki fyrir hendi úr slysatryggingu ökumanns skv. 92. gr. sömu laga. Einnig hefur V hafnað því að tjón M sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar X og telur að X hafi fullnægt tilkynningarskyldu sinni til Vinnueftirlitsins og vísar um það til ummæla í lögregluskýrslu um að lögregla hafi haft samband við Vinnueftirlitið á slysstað. Einnig telur V að það að festingarbúnaður á tengivagni hafi gefið sig í greint sinn verði ekki rakið til þess að hann hafi verið vanbúinn og vísar einnig til þess að tengivagninn sé innan við árs gamall.

Álit.
Ljóst er af gögnum málsins og myndbandsupptöku af tjónsatvikinu að snörp vindhviða feykti upp hurð á tengivagni sem M var að vinna við í greint sinn. Verður tjónið ekki rakið til annarrar sjálfstæðrar tjónsorsakar sem felur í sér að bifreið sú sem tengivagninn tengdist hafi verið í notkun í skilningi 1. mgr. 88. gr. þágildandi umferðarlaga þannig að greiðsluskylda hafi stofnast úr 92. gr. sömu laga. Á M því ekki rétt á vátryggingarbótum úr þeirri vátryggingu.

Í lögregluskýrslu vegna málsins liggur fyrir að lögregla tilkynnti Vinnueftirlitinu um slys M og einnig liggur fyrir afrit af tjónstilkynningu X til eftirlitsins. Engin sjálfstæð frásögn frá M liggur fyrir í málinu þar sem kemur fram hvernig festingar voru á tengivagni eða að þær hafi verið með einhverjum hætti ótraustar. Verður ekki heldur ályktað af gögnum málsins að þannig hafi umbúnaður verið eða hann hafi farið gegn fyrirmælum í skráðum hátternisreglum. Sönnunarbyrði hvílir á tjónþola að sýna fram á skilyrði skaðabótaábyrgðar og verður ekki séð að hægt sé að leiða það af gögnum um frásögn M af aðstæðum á vettvangi að festingar hafi verið vanbúnar. Verður því ekki lögð skaðabótaábyrgð á X og greiðsluskylda því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A eða ábyrgðartryggingu fyrirtækisins X hjá V

Reykjavík, 8. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 243/2020

M og
V vegna slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A

Ágreiningur um skerðingu bótaréttar úr slysatryggingu ökumanns vegna líkamstjóns.

Gögn.
Málskot, móttekið 09.07.2020, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 15.07.2020, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamsmeiðslum hinn 30. nóvember 2018, þegar A, sem hann ók, lenti í árekstri við bifreiðina B á gatnamótum Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar. Vegna meiðsla sinna krafðist M bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A. V hafi kynnt M afstöðu sína til bótakröfu hans með bréfi dags. 12. september 2019, þar sem bætur til M hafi verið skertar um helming á grundvelli þess að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn.

M mótmælir þeirri afstöðu og segir í málskoti að hann hafi ekið af stað við gatnamótin, gegnt grænu ljósi, þegar B hafi verið ekið í veg fyrir A. Staðfesti farþegi í A þá frásögn hans. Bótaréttur hans úr vátryggingunni verði ekki skertur nema annars vegar sé sýnt fram á að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn og hins vegar að orsakatengsl séu milli þeirrar háttsemi og tjónsins. Ósannað sé að M hafi verið valdur að slysinu með því að aka gegnt rauðu umferðarljósi, en vitni sem bar að svo hafi verið hafi verið staðsett hinum megin við gatnamótin og hafi því ekki getað seð stöðu umferðarljósanna. Jafnvel þó fallist yrði á að M hafi ekið yfir gatnamótin gegnt rauðu umferðarljósi feli það ekki sjálfkrafa í sér að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi en ekki sé sýnt fram á að M hafi sýnt af sér alvarlegt frávik frá þeirri háttsemi sem honum bar að viðhafa. Jafnvel þó um væri að ræða stórkostlegt gáleysi þá leiði það svo ekki fyrirvaralaust til bótaskerðingar enda þurfi að líta til annarra þátta og skoða atvik heildstætt. Jafnvel þó ekki verði fallist á framangreint gangi skerðing um helming svo of langt, og komi til skerðingar eigi hún að vera minni en helmingur.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að félagið telji fullsannað að M hafi, með því að aka óhikað gegnt rauðu umferðarljósi á fjölförnum gatnamótum í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr. 4. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987, sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Verði bætur til hans því skertar um helming með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og 2. mgr. 31. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga er heimilt að lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélags hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en líftryggingum valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella. Við mat á því skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Liggur því fyrir nefndinni að meta hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn, en sönnunarbyrði fyrir því hvílir á V.

Af gögnum málsins, sér í lagi lögregluskýrslu sem gerð var um atvikið, verður að telja, þrátt fyrir andmæli hans, að M hafi ekið gegnt rauðu ljósi umrætt sinn og beri því sök á árekstri A og B. Það eitt og sér að aka gegnt rauðu umferðarljósi leiðir ekki sjálfkrafa til þeirrar niðurstöðu að með aksturslagi sínu hafi M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, enda þarf þá að vera um að ræða verulegt frávik frá þeirri háttsemi sem ætlast mátti til af honum. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að aðrir þættir í aksturslagi eða háttsemi M hafi verið meðverkandi orsakir árekstursins. Af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu telst V því ekki hafa sýnt nægilega fram á það að háttsemi M við akstur umrætt sinn hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi af hans hálfu. Hallann af þeim sönnunarskorti ber V og telst M því eiga rétt á fullum bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á óskertum bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 22. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 244/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur bifreiða á Bragagötu í Reykjavík, þann 16.6.2020.

Gögn.
Málskot málskotsaðila, móttekið 10. júlí 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 27. júlí 2020, ásamt fylgiskjölum
Tölvupóstur V2, dags. 28. júlí 2020.

Málsatvik.
Árekstur varð á Bragagötu í Reykjavík þann 10. júlí 2020. Ökumaður A ók eftir götunni í vesturátt þegar B var ekið afturábak úr stöðureit og inn á akbrautina og ók A aftan á B.
Samkvæmt tjónstilkynningu A var hann að aka Bragagötuna til vesturs þegar B er skyndilega bakkað úr stöðureit í veg fyrir A. Stór sendibíll hafi verið vinstra megin við B, sem skyggði á útsýni hans á komandi umferð. Ökumaður B kveðst hafa verið að bakka út úr stöðureit og verið kominn miðja leið út á götuna er nágrannar hans, sem stóðu fyrir framan bílinn, hafi kallað á hann og því hafi hann stöðvað ökutækið. Þá hafi liðið 5-10 sekúndur þar til A var ekið aftan á hann. Vitnisburður annars nágrannans liggur fyrir í gögnum málsins og kemur þar fram að B hafi verið kyrrstæður er A var ekið á hann. Í bréfi V1 kemur fram að þrátt fyrir að líklegt sé að B hafi verið kyrrstæð er áreksturinn varð liggur ekki fyrir hversu lengi það var. Því verði að líta svo á að ökumaður B hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig er hann bakkaði úr stöðureitnum, enda dugi augnabliksstöðvun ökutækis ekki til að færa sök yfir á þann sem ekur á ökutæki við slíkar aðstæður. Jafnframt hafi ekki verið sýnt fram á að eitthvað athugavert hafi verið við aksturslag ökumanns A. Því sé rétt að fella alla sök á ökumann B. Í tölvupósti V2 til nefndarinnar kemur fram að framburður vitnis rími vel við framburð ökumanns B og því beri að leggja alla sök á ökumann A, þar sem B hafi verið kyrrstæð nægilega lengi til að færa sök á árekstrinum yfir á A.

Álit
Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að áður en ökumaður ekur ökutæki aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu fyrir aðra. Ágreiningur máls þessa snýr að því hvort ökumaður B hafa gætt nægilega vel að þessu en í 5. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 segir að „Ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.“ Ökumaður B heldur því fram að ökutæki B hafi verið kyrrstætt í 5-10 sekúndur áður en A var ekið á B. Sá framburður fær stuðning í framburði vitnis, sem þó staðfesti ekki að stöðvunin hafi varað í 5-10 sekúndur. Engu að síður má leiða líkum að því að ökutæki B hafi verið kyrrstætt nægilega lengi til þess að færa sök yfir á ökumann A, er hann ók vestur Bragagötu, þar sem 30 km hámarkshraði er. Þar sem ekki liggur fyrir með óyggjandi hætti að stöðvun B hafi varað allan þann tíma sem ökumaður B heldur fram þykir rétt að skipta sök til helminga. Ber hvor því helming sakar á árekstrinum.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 15. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 246/2020

M og
V v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X

Ágreiningur um hvort bótaskylt líkamstjón hafi orðið af völdum áreksturs 19. febrúar 2019.

Gögn.
Málskot, móttekið 15. júlí 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 30. júlí 2020, ásamt leiðréttri PC-Crash skýrslu.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 10. ágúst 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð milli bifreiðar sem M ók og bifreiðarinnar X sem ekið var aftan á bifreið M. Í tjónstilkynningu kveðst M hafa fengið hnykk á bakið við áreksturinn og hafi verið á leiðinni í sjúkraþjálfun þar sem hún hafi verið veik fyrir í baki. Í málinu liggur fyrir eitt læknisvottorð frá heilsugæslulækni þar sem kemur fram að M hafi leitað á heilsugæslu hinn 20. febrúar 2019 og þar borið um verki í baki strax við áreksturinn sem og vaxandi verki í hnakka, hálsi og herðum. Í vottorðinu eru frekari læknisheimsóknir raktar sem og einkenni sem M hafði fyrir áreksturinn.

M telur að sannað sé að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum 19. febrúar 2019 komi einkenni hennar vegna hans fram í læknisfræðilegum gögnum málsins. Einnig bendir M á að hún hafi verið veik fyrir í baki og heilsufar hennar hafi versnað eftir áreksturinn. M telur að ekki sé unnt að byggja á svokölluðu PC-Crash forriti við mat á orsakatengslum þar sem ekki sé tekið tillit til ýmissa þátta sem geti haft áhrif á útreikning eins og þyngd ökumanna sjálfra, líkamsstaða þeirra við árekstur og líkamsbygging. Einnig telur M að ályktanir af útreikningum séu ekki miðaðar við einstaklinga sem hafi háan lífaldur.

V vísar til þess að skv. svokallaðri PC-crash skýrslu hafi högg við áreksturinn verið mjög vægt og að í læknisfræðilegum gögnum komi fram að M hafi 18 ára sögu um mjóbaksverki ásamt sögu um verki í herðavöðum og hálsvöðvum, eymsli í vöðvafestum í hnakka og fleira. V vísar einnig til niðurstöðu í dómi Landsréttar í máli nr. 877/2018 varðandi mat á niðurstöðum PC-crash.

Álit.
Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 19. febrúar 2019. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað eða án þess að litið sé til annarra gagna. Í málinu liggur fyrir eitt læknisvottorð sem lýsir einkennum M eftir áreksturinn. Einnig eru lýsingar af fyrri einkennum sem svipar mjög til þeirra einkenna í mörg ár áður en til árekstursins kom.

Ef orsakatengsl eru sönnuð getur M átt rétt á bótum fyrir líkamstjón samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Auk sjúkrakostnaðar og annars fjártjóns eru bótaliðir samkvæmt lögunum tímabundið atvinnutjón (2.gr.), þjáningar (3. gr.), varalegur miski (4. gr.) og varanleg örorka (5.-9. gr.). Gögn um líkamstjón það sem M hlaut í árekstrinum 19. febrúar 2019 sýna ekki með óyggjandi hætti að skilyrði séu til greiðslu bóta skv. þessum liðum. Þannig liggur m.a. engin matsgerð hæfra og óvilhallra aðila fyrir í málinu um hverjar séu þær líkamlegu afleiðingar sem hún býr við og rekja má sérstaklega til slyssins. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum, hefur ekki verið sýnt fram á að M eigi rétt á frekari bótum samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga vegna líkamstjóns síns. Þegar af þessari ástæðu á M ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 8. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 247/2020

M og
V v/ábyrgðartryggingar ökutækisins X

Mögulegur réttur til miskabóta vegna umferðarslyss 17. nóvember 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 15. júlí 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 31. júlí 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M var ökumaður bifreiðar sem lenti í árekstri við bifreiðina X. Ekki er um það deilt í málinu að ökumaður bifreiðarinnar X beri ábyrgð á árekstrinum á grundvelli sakarskiptingar skv. 89. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 fyrir að hafa ekið inn á gatnamót Bústaðavegar og Kringlumýrarbrautar til austurs, þar sem rautt ljós logaði fyrir aksturssstefnu hans, og þar ekið á bifreið M sem hafi ekið gegn grænu ljósi vestur Bústaðaveg og að beygja til vinstri inn á Kringlumýrarbraut til suðurs. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar X kveðst hafa verið á um 40 km/klst við akstur austur Bústaðaveg þegar hann sá bifreið fyrir framan sig og að það var rautt ljós fyrir aksturssstefnu hans. Hann kvaðst þá hafa hemlað bifreiðinni en runnið inn á gatnamótin og á bifreið sem þar hafi verið fyrir á um 10-20 km/klst hraða. M gerir í máli þessu kröfu um greiðslu miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Rétt er að geta þess að nefndin hefur úrskurðað um samrættan ágreining áður, með úrskurði sinum í máli 168/2020, en í því máli var málskotsaðili farþegi í bifreið M, en ekki M sjálfur. Var niðurstaða nefndarinnar sú að ekki væri sýnt fram á að X hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og því væri ekki sýnt fram á rétt til miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

M gerir í málskoti athugasemdir við þá niðurstöðu, og tekur fram að ómögulegt sé fyrir tjónþola að sýna fram á hver huglæg afstaða tjónvalds hafi verið og að það sé tjónþoli sem beri sönnunarbyrði fyrir því að fyrir hendi séu atvik sem leysi hann undan bótaskyldu. Þá hafi háttsemi X vikið verulega frá viðurkenndri háttsemi og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, enda hafi hann mátt vænta þess að akstur gegnt rauðu umferðarljósi á fjölförnum vegi gæti leitt til tjóns. Máli sínu til stuðnings vísar M til dómafordæma og vísar að öðru leyti til þess rökstuðnings sem fram kom í máli 168/2020.

M telur þannig að sú háttsemi ökumanns bifreiðarinnar X að hafa ekið í hugsunarleysi inn á gatnamót gegn rauðu ljósi og of hratt miðað við aðstæður hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi í skilningi a.liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og greiða eigi honum miskabætur í samræmi við það úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar. M telur ósannað að ökumaður X hafi ætlað að hemla og að það verði að meta háttsemi hans hlutrænt, sbr. ummæli í dómi Hæstaréttar í máli 11/2019. M bendir á að ökumaður bifreiðar X hafi brotið gegn fjölmörgum ákvæðum umferðarlaga og reglna með akstri sínum og það styðji ályktun hans um stórkostlegt gáleysi auk þess sem það eigi stoð í dómaframkvæmd.

Í bréfi sínu til nefndarinnar gerir V í fyrsta lagi kröfu um að máli þessu verði vísað frá nefndinni þar sem í raun sé um endurupptökubeiðni að ræða og málskotið uppfylli ekki skilyrði til endurupptöku fyrir nefndinni. Verði ekki fallist á frávísunarkröfu hafnar V bótaskyldu og telur skilyrði a.liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga ekki uppfyllt þar sem gáleysi ökumanns bifreiðar X hafi ekki verið á það háu stigi að það teljist stórkostlegt. V bendir á að aðstæður hafi verið slæmar, vegur hafi verið þakinn blautum snjó og veggrip því lítið. V telur einnig ósannað að háttsemi ökumanns bifreiðar X hafi verið það gróf að hann hafi meðvitað ætlað að aka gegn rauðu ljósi og sé því ekki tækt að beita ofangreindu heimildarákvæði til greiðslu miskabóta.

Álit.
Þrátt fyrir að ágreining í þessu máli sé að rekja til sömu atvika og komu til umfjöllunar í fyrri úrskurði nefndarinnar ber að líta til þess að málsaðili er ekki hinn sami. Er frávísunarkröfu V því hafnað og málið tekið til efnislegrar afgreiðslu.

Af gögnum málsins er ljóst að ekki er ágreiningur um að árekstur hafi orðið milli bifreiðarinnar X og bifreiðar M með þeim hætti að bifreiðinni X var ekið inn á gatnamót gegn rauðu ljósi. Eins og nýleg dómaframkvæmd varðandi mat á því hvaða háttsemi sé stórkostlegt gáleysi bendir til felur stórkostlegt gáleysi í sér meira eða alvarlegra frávik frá þeirri háttsemi sem viðhafa ber samkvæmt þeim mælikvörðum sem stuðst er við, en þeir eru oftast hlutrænir og í flestum tilvikum á síðari árum skráðar hátternisreglur. Þegar litið er til lýsinga af háttsemi ökumanns bifreiðar X verður að telja ljóst að hann ók of hratt miðað við aðstæður, sbr. 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með því að geta ekki stöðvað bifreið sína við gatnamót, en skv. 1. mgr. 25. gr. sömu laga ber ökumönnum einnig að sýna aðgát við vegamót. Ekki verður fullyrt um að ökumaður bifreiðarinnar X hafi ætlað að aka yfir gatnamótin gegn rauðu ljósi heldur hafi hann misst bifreiðina inn á gatnamótin sökum veðuraðstæðna. Þó hraði ökumanns bifreiðar X hafi verið of mikill í þeim veðuraðstæðum verður ekki talið að háttsemi hans hafi vikið verulega frá því sem honum bar að viðhafa heldur sé sýnt að hann hafi viðhaft háttsemi sem þarf til að staðreyna nokkurt almennt gáleysi, en ekki á það háu stigi að það teljist stórkostlegt. Ekki verður heldur talið sannað að huglæg afstaða hans hafi falið í sér slíkt tillitsleysi að um sé að ræða stórkostlegt gáleysi. M á því ekki rétt til miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á miskabótum skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 8. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 248/2020

M og
V v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar sveitafélagsins X

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss í húsnæði X.

Gögn.
Málskot móttekið 15.7.2020, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 30.7.2020, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í málskoti M kemur fram að þann 2.11.2018 hafi M verið stödd í íþróttahúsi X, þar sem hún hugðist stunda íþróttir með hópi af fólki. Áður en ástundun íþrótta hófst hugðist M nota salerni í kvennaklefa íþróttahússins. Salernisbásinn er þannig úr garði gerður að hann er á upphækkun og er því eitt þrep inn á salernið. Kveðst M hafa rekið fótinn í þrepið þegar hún var á leið á salernið með þeim afleiðingum að hún datt og lenti með kviðinn og efri hluta líkamans á salernisskálinni. Slasaðist M nokkuð við fallið.

M kveður umrætt þrep vanbúið og telur að tjónið megi rekja til hættulegs þreps, vanbúnaðar og ófullnægjandi frágangs húsnæðisins. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt gögnum málsins var íþróttahúsið byggt árið 1962. Í dómaframkvæmd hefur því verið slegið föstu að almennt þurfi húseignir ekki að fullnægja gildandi byggingarreglugerð, heldur einungis þeim kröfum sem voru í gildi þegar húseignin var reist. Þó gilda um þetta tilteknar undantekningar, svo sem í húseignum þar sem veitt er opinber þjónusta sem ekki er unnt að sækja annars staðar. Undantekning á þeim grundvelli á ekki við í þessu máli, þar sem á staðnum er veitt almenn þjónusta.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að umrædd salernisaðstaða hafi verið byggð í gildistíð eldri byggingarreglugerðar og að henni hafi ekki verið breytt síðan. Þá liggur ekki annað fyrir en að umrædd salernisaðstaða uppfylli þær reglur sem voru í gildi þegar húseignin var reist.

Enn fremur verður ekki séð að umrætt þrep sé þannig úr garði gert að það geti verið hættulegt þeim sem eiga leið um. Þá getur það ekki haft þýðingu í þessu sambandi X hafi brugðist við og gert ákveðnar breytingar til að sporna við frekari slysum. Að teknu tilliti til framangreinds verður ekki talið að slysið megi rekja til atvika sem X getur borið ábyrgð á. M á því ekki bótarétt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.. Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 249/2020

M og
V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs við hringtorg á Bæjarbraut við Arnarnesveg.

Gögn.
1. Málskot, móttekið 16. júlí 2020, ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur V1, dags. 28. júlí 2020, ásamt skýrslu Aðstoðar&Öryggis vegna áreksturs.
3. Bréf V2, dags. 29. júlí 2020, ásamt skýrslu Aðstoðar&Öryggis vegna áreksturs og niðurstöðu tjónanefndar vátryggingafélaganna í máli nr. 270/20.
4. Tölvupóstur M, dags. 6. ágúst 2020.

Málsatvik.
Í skýrslu Aðstoðar&Öryggis vegna áreksturs kemur fram að bifreiðum A og B var ekið eftir Bæjarbraut að hringtorgi við Arnarnesveg og hafi bifreiðinni A verið ekið á undan B eftir akbrautinni sem ein akrein í þá akstursátt. Þegar bifreið A hafi verið ekið inn í hringtorg við Arnarnesveg hafi bifreið B verið upp að hægri hlið bifreiðar A og þannig hafi orðið árekstur með bifreiðunum. Ökumaður bifreiðar A (M) kveðst hafa ekið eftir akbraut Bæjarbrautar og stöðvað við hringtorgið og þegar hann hafi verið að aka inn í hringtorgið hafi árekstur orðið við bifreið B, sem hann hafi ekki séð eða átt von á hægra megin við sig. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið á eftir bifreið A á Bæjarbraut, ekið upp að hægri hlið hans og stöðvað. Árekstur hafi síðan orðið þegar bifreið A var ekið af stað og beygt utan í framhorn bifreiðar B.

M telur að það eigi að leggja alla sök á ökumann bifreiðar B þar sem hann hafi tekið fram úr bílaröð á einbreiðri götu og brotið þar gegn fyrirmælum ýmissa ákvæða umferðarlaga, m.a. 23. og 25. gr. þeirra um framúrakstur sem skuli fara fram vinstra megin og með fyllstu aðgát. M telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekið gegn vegmerkingum sem sýni greinilega eina akrein að hringtorginu.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur að ekki sé hægt að bera saman aðstæður á hringtorgi á Bæjarbraut og hringtorgi á Suðurgötu í Reykjavík, sem tjónanefnd vátryggingarfélaganna byggði afstöðu sína á.

V2 telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar A fyrir að hafa ekið af stað úr kyrrstöðu á bifreið B.

Álit.
Ljóst er af tjónsskýrslu sem liggur fyrir í málinu að ökumenn bifreiða A og B óku eftir akbraut Bæjarbrautar, ökumaður bifreiðar B á eftir ökumanni bifreiðar A. Enginn vafi er um að á vettvangi er einungis ein akrein eftir Bæjarbraut og verður því ekki komist hjá því að álykta að þegar ökumaður bifreiðar B ekur fram með hægri hlið bifreiðar A þá hafi hann ætlað að aka fram úr hægra megin við bifreiðina. Slíkt aksturslag er ekki í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að aka skuli vinstra megin fram úr ökutæki nema því sem fyrir framan er sé ekið með greinilegum hætti til vinstri. Þessu sinnti ökumaður B ekki. Ekki verður séð af gögnum málsins að aðstæður á vettvangi séu þess eðlis að rétt hafi verið að aka hægra megin við bifreið A í greint sinn. Ökumaður bifreiðar A mátti ekki búast við bifreið hægra megin við sig þegar hann ók af stað inn í hringtorgið og verður ökumaður bifreiðar B því talinn bera alla ábyrgð á árekstrinum.

Niðurstaða.
Öll sök á ökumann bifreiðarinnar B sem vátryggð hjá V2.

Reykjavík, 8. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 250/2019

M og
V vegna réttaraðstoðartryggingar fjölskyldutryggingar

Ágreiningur um hvort bótaskylda úr réttaraðstoðartryggingu M hjá V sé til staðar.

Gögn.
Málskot móttekið 17.07.2020 ásamt fylgiskjölum 1-17.
Bréf V dags. 08.11.2019 ásamt fylgiskjali.
Viðbótarathugasemdir M bárust í nokkrum tölvupóstum, dags. 31.07.2020 – 04.08.2020.

Málsatvik.
Af stefnu, sem er meðal gagna fyrir nefndinni, má ráða að M hafi höfðað mál gegn X og Y, og geri þær kröfur aðallega að X verði gert að afsala tilgreindri fasteign, A, til M og eiginmanns hennar, Y. Í grófum dráttum eru málsatvik, eins og þau koma fram í stefnu, þau að Y og M, sem höfðu búsetu að A höfðu hug á að festa kaup á fasteigninni. Af margvíslegum ástæðum hafi þau þó ekki staðist greiðslumat og því hafi verið leitað til föður Y, X. X hafi fallist á að vera skráður tilboðsgjafi og lántakandi vegna kaupanna, en skyldi hann þó afsala A til M og Y gerðu þau kröfu um það. M og Y hafi ætíð komið fram sem eigendur A, greitt kaupsamnings- og afsalsgreiðslur, auk annars kostnaðar vegna kaupanna og hafi eignin ekki verið afhent X. Jafnframt hafi M og Y greitt X upphæð sem svaraði til afborgana af lánum, og greitt skatta og skyldur af eigninni. Skráning X sem eiganda hafi því aðeins verið til málamynda.

Í tengslum við ofangreindan málarekstur gerði M kröfu um bætur úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. Hinn 22. júní 2020 hafnaði V bótaskyldu á grundvelli þess að ágreiningurinn varðaði M sem eiganda fasteignar, sbr. undanþáguákvæði f.-liðar 38. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála.

M mótmælir þeirri afstöðu og telur ekki rétt að túlka hugtakið „eiganda“ fasteignar með þeim hætti sem V geri. Fyrir dómi séu gerðar viðurkenningarkröfur sem hafðar séu uppi án þess að fyrir liggi kauptilboð eða -samningur og án þess að M eigi eignarrétt í A. Undanþáguákvæði beri að túlka þröngt, og M sé ekki þinglýstur eigandi A. Sé markmiðið að undanþáguákvæðið nái til annarra en „þinglýstra“ eigenda verði að byggja á því að um óskýrt orðalag í skilmálum sé að ræða. Jafnframt beri að líta til þess að aðrir en þinglýstir eigendur fasteigna geti ekki keypt sér húseigendatryggingu, en í slíkum vátryggingum sé réttaraðstoðartrygging vegna ágreinings sem sem varði vátryggðan sem eiganda fasteignar innifalin. Sé samræmistúlkun beitt sé ljóst að í undanþáguákvæði fjölskyldutryggingarinnar beri að túlka „eiganda“ fasteignar með sama hætti, þ.e. að um þinglýstan eiganda sé að ræða. Samkvæmt öllu framansögðu sé bótaskylda því fyrir hendi. Máli sínu til stuðnings vísar M jafnframt til dómafordæma, úrskurða yfirskattanefndar og fræðirita. Krafa M fyrir nefndinni er því sú að nefndin úrskurði um að M sé ekki eigandi fasteignar skv. tilgreindu undanþáguákvæði viðeigandi skilmála og að því sé bótaskylda fyrir hendi.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að það skjóti skökku við að M haldi því fram að hún sé ekki eigandi A þegar ágreiningur dómsmálsins snúi að því að hún sé réttmætur eigandi helmings fasteignarinnar. Því sé ljóst að málareksturinn falli undir tilgreint ákvæði skilmálanna sem undanþiggi ágreining sem varði vátryggðan sem eiganda fasteignar. Tilvísun M til samræmistúlkunar breyti engu í því samhengi, enda sé almennt viðurkennt að vátryggingafélögum sé heimilt í vátryggingarskilmálum að undanskilja ákveðnar áhættur eða tjónsatvik sé um valkvæðar vátryggingar að ræða. Umþrætt skilmálaákvæði skuli túlka eftir orðanna hljóðan og þar sem ljóst sé samkvæmt framansögðu að umræddur málarekstur varði M sem eiganda fasteignar sé bótaskylda ekki fyrir hendi. Er kröfu M því hafnað.

Álit.
Í skilmálum umræddrar vátryggingar kemur fram að vátryggingin greiði málskostnað vegna ágreinings í einkamáli, sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar almennra dómstóla hér á landi. Af f-lið 38. gr. skilmálanna leiðir hins vegar að vátryggingin tekur ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar. Af framangreindri málsatvikalýsingu, svo og fyrirliggjandi gögnum, má ráða að málatilbúnaður M í umræddu dómsmáli byggi á því að hún og Y séu raunverulegir eigendur fasteignarinnar A, og að skráning X sem eiganda hennar hafi aðeins verið til málamynda. Verður ekki fallist á það með M að beita beri annarri túlkun en túlkun samkvæmt orðanna hljóðan þegar kemur að því að greina merkingu orðins „eigandi“ í tilvísuðu undanþáguákvæði vátryggingarskilmálanna. Verður þá að telja að „eigandi“ hafi, samkvæmt almennum málskilningi, víðari skírskotun en „þinglýstur eigandi“, þó vissulega sé almennt litið svo á að þinglýsing eignarheimildar gefi sterka vísbendingu um raunverulegt eignarhald. M grundvallar hins vegar málarekstur sinn á því að svo sé ekki í þessu tilviki. Samkvæmt öllu framansögðu verður því að líta svo á að umræddur ágreiningur snúist að meginstefnu um eignarhald á fasteign og varði M sem eiganda fasteignar. Ber því að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fjölskylduverndar 3 hjá V.

Reykjavík 8. september 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 251/2020

M og
V v/ húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns af völdum leka frá íbúð í fjöleignarhúsi.

Gögn.
Málskot, móttekið 27.7.2020.
Bréf V, dags. 11.8.2020, ásamt fylgigögnum.
Tjónstilkynning M til V, dags. 1.6.2020.

Málsatvik.
Með tjónstilkynningu, dags. 1. júní 2020, tilkynnti M um tjón í húsnæði sínu A. Mun raki og bleyta hafa komið frá íbúð við hliðina á húsnæði M á 2. hæð og þaðan í gegnum gólf niður á 1. hæð. Skemmdir eru sagðar hafa orðið á málningu á veggjum auk þess sem þvottavél hafi skemmst. Samkvæmt því sem ráða má af gögnum málsins mun vatn hafa lekið inn í húsnæði í eigu M frá baðkari í íbúðinni við hliðina á 2. hæð. Í tjónstilkynningunni kemur fram að af hálfu M hafi allt frá síðustu áramótum (2019/2020) ítrekað verið bent á leka frá umræddri íbúð. Samkvæmt skoðun skoðunarmanns V mun rakann í íbúð M hafa verið að rekja til þess að frágangur baðkarsins hafi verið orðinn lélegur.

Húsfélagið að A hefur í gildi húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis hjá V og M krefst þess að fá tjón sitt bætt úr vatnstjónstryggingarlið vátryggingarinnar eða ábyrgðartryggingarlið hennar þar eð eigandi íbúðar þeirrar sem lekinn kom frá sé skaðabótaskyldur gagnvart sér vegna tjónsins.

Álit.
Samkvæmt vatnstjónstryggingarlið í skilmálum húseigendatryggingarinnar bætir vátryggingin tjón á húseigninni af völdum vatns þegar tjónið má rekja til nánar tilgreindra orsaka, þ. á m. þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða óvæntra og skyndilegra bilana á tækjunum. Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki annað ráðið en lekann megi rekja til ófullnægjandi frágangs á þéttingu milli veggjar og baðkarsins þannig að vatn eigi greiða leið þar á milli og þaðan í nærliggjandi húsnæði við hliðina ellegar á neðri hæð. Verður því ekki talið að tjón á húsnæði M megi rekja til þess að vatn hafi flætt úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða óvæntra og skyndilegra bilana á tækjum. Aðrar tjónsorsakir sem vátryggingin tekur til geta ekki komið hér til álita. Tjón M fæst því ekki bætt úr vatnstjónstryggingarlið húseigendatryggingarinnar.

Samkvæmt ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingarinnar bætir vátryggingin munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum sem eiganda húseignarhluta sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Hins vegar bætir vátryggingin ekki tjón vegna langvarandi leka. Ljóst þykir samkvæmt gögnum málsins að vatnslekinn hafi staðið yfir um alllangt skeið eða a.m.k. frá því fyrir áramótin 2019/2010 uns tilkynnt var um tjónið í júníbyrjun 2020. Telst því að um langvarandi leka hafi verið að ræða úr íbúðinni sem lekinn stafaði frá. Af því leiðir að framangreind takmörkun á bótasviði vátryggingarinnar á hér við burtséð frá því að eigandi umræddrar íbúðar kann lögum samkvæmt að hafa bakað sér bótaskyldu gagnvart M. Með því að tjónið fellur samkvæmt þessu utan bótasviðs ábyrgðartryggingarinnar á M ekki rétt til bóta úr henni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingarlið né ábyrgðarlið húseigendatryggingar hjá V.

Reykjavík, 22. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 252/2020

M og
V v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X

Ágreiningur um hvort bótaskylt líkamstjón hafi orðið af völdum áreksturs 28. mars 2019.

Gögn.
Málskot, móttekið 22. júlí 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 16. mars (sic) 2020, ásamt færslu úr sjúkraskrá dags. 12. október 2017 og PC-Crash skýrslu dags. 5. ágúst 2019.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 18. ágúst 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð milli bifreiðar sem M ók og bifreiðarinnar X sem ekið var aftan á bifreið M. Í tjónstilkynningu Aðstoðar&Öryggis vegna árekstursins kemur fram að M greindi frá því í samtali við starfsmann fyrirtækisins 2. apríl 2019 að hún væri með verki í baki og hálsi. Í gögnum málsins kemur einnig fram að M leitaði þann dag til læknis og áður hafði hún leitað á Læknavaktina á árekstrardegi. Einnig koma fram upplýsingar í læknisfræðilegum gögnum um fyrra heilsufar M.

M telur sannað að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem leitt hefur til varanlegra afleiðinga í árekstrinum og telur að ekki sé hægt að byggja afstöðu V til greiðsluþátttöku vegna gagnaöflunar og matsgerðar á niðurstöðu svokallaðrar PC-Crash skýrslu sem aflað var einhliða af hálfu V.

V vísar til þeirrar skýrslu með þeim rökum að þar komi fram að árekstur hafi verið mjög vægur og nær engar skemmdir hafi orðið á bifreið M við áreksturinn og þannig ómögulegt að hún hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn. Einnig telur V að einkenni M séu svipuð og hafi haft áður og þannig sé ekki sannað að þau séu einungis að rekja til árekstursins.

Álit.
Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 28. mars 2019. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað eða án þess að litið sé til annarra gagna.

Í málinu liggja fyrir eitt læknisvottorð sem lýsa einkennum M eftir áreksturinn. Einnig eru lýsingar af fyrri einkennum sem svipar mjög til þeirra einkenna í mörg ár áður en til árekstursins kom.

Ef orsakatengsl eru sönnuð getur M átt rétt á bótum fyrir líkamstjón samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Auk sjúkrakostnaðar og annars fjártjóns eru bótaliðir samkvæmt lögunum tímabundið atvinnutjón (2.gr.), þjáningar (3. gr.), varalegur miski (4. gr.) og varanleg örorka (5.-9. gr.).

Gögn um líkamstjón það sem M hlaut í árekstrinum 19. febrúar 2019 sýna ekki með óyggjandi hætti að skilyrði séu til greiðslu bóta skv. þessum liðum. Þannig liggur m.a. engin matsgerð hæfra og óvilhallra aðila fyrir í málinu um hverjar séu þær líkamlegu afleiðingar sem hún býr við og rekja má sérstaklega til slyssins. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum, hefur ekki verið sýnt fram á að M eigi rétt á frekari bótum samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga vegna líkamstjóns síns. Þegar af þessari ástæðu á M ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 22. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 253/2020

M og
V v/ slysatryggingar launþega.

Ágreiningur um orsakatengsl og hvort tilkynning um tjón hafi borist vátryggingafélagi of seint.

Gögn.
Málskot, móttekið 22.7.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 12.10.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 7. nóvember 2017 kveðst M hafa orðið fyrir meiðslum í vinnu sinni er hann fékk yfir sig stæðu af húsgögnum sem féll af vörubretti. Leitaði hann til heimilislæknis á heilsugæslustöð 12. júlí 2018 vegna eins mánaðar sögu um verk í vinstri öxl og niður allan vinstri útlim og út í þumal og vísifingur. Eftir skoðun hjá lækninum og að fenginni myndgreiningarrannsókn var M vísað til A, nánar tilgreinds bæklunarskurðlæknis, og kom M til skoðunar hjá honum 7. september 2018. Í læknisvottorði A, dags. 25. júní 2019, kemur fram að þá hafi M lýst slysinu 7. nóvember 2017 og hafi hann haft slæman verk í vinstra hné eftir það sem þó hafi skánað. Hann hafi einnig leitað til tilvísandi heimilislæknis vegna einkenna í vinstri öxl sem hann kveðst rekja til slyssins. Þá kemur fram í vottorðinu að segulómskoðun af vinstri öxl hafi sýnt tilfærða sin langhöfða upparmstvíhöfða, en með aðgerð 26. september 2018 hafi verið létt á axlarklemmu og skafið úr axlarhyrnulið. Þá hafi segulómskoðun af vinstra hné sýnt litla skemmd í innri liðmána og bólgubreytingar í sköflungslæga hliðarbandi. Kveður læknirinn að í ljósi þess að ekki séu fyrirliggjandi upplýsingar um annað en að engin fyrri saga sé um verkjavandamál í vinstra hné og vinstri öxl M megi að meiri líkum en minni telja að verkjavandamál þau er upp komu fljótlega eftir slysið megi rekja til þess. Þá verði að leggja í hendur matsmanna að taka afstöðu til þess hvers vegna svo langur tími leið frá slysinu þar til hann leitaði sér hjálpar.

M tilkynnti um slysið til V 23. apríl 2019 og var móttaka tilkynningarinnar staðfest 24. sama mánaðar, en M krefst bóta úr slysatryggingu launþega sem vinnuveitandi hans hafði í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu annars vegar á þeirri forsendu að M hafi glatað rétti til bóta sökum þess að ósannað sé að umrædd meiðsl hafi hlotist í slysinu og hins vegar að hann hafi glatað rétti til bóta samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga þar sem hann hafi tilkynnt tjónið til V þegar meira en eitt ár var liðið frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á.

Álit.
M leitaði læknis vegna einkenna sem hann rekur til slyssins ekki fyrr en 12. júní 2018 eða rúmum átta mánuðum eftir að það gerðist. Við þá komu er þess getið í sjúkraskrá að hann hafi haft einkenni frá vinstri öxl í einn mánuð. Ekki er að sjá að hann hafi þá kvartað vegna einkenna í vinstra hné né heldur að hann hafi orðið fyrir meiðslum við atvikið 7. nóvember 2017. Engin skoðunar- eða matsgerð hæfs og óvilhalls aðila liggur fyrir í málinu varðandi meiðsl sem M kann að hafa hlotið við það atvik. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum verður ekki talið að nægilega hafi verið sýnt fram á að umrædd einkenni í vinstri öxl og vinstra hné megi rekja til atviksins 7. nóvember 2017. Þegar af þeirri ástæðu á hann ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 29. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 254/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Slys á rampi 5. september 2018.

Gögn.
Málskot móttekið 21. júlí 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 11. ágúst 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þegar hann ók rafknúnum hjólastól sínum á rampi við verslunarmiðstöð þegar hann fékk sól í augun og ók út af rampinum.

M telur að sýnt sé að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni enda hafi hann leitað samdægurs til bráðamóttöku vegna slyssins og þar hafi komið fram að hann hafi verið tognaður og marinn. Í kjölfarið hafi M leitað aftur til lækna vegna slyssins. M telur einnig að X hafi vanrækt skyldur skv. mannvirkjalögum og byggingarreglugerð þar sem rampur sá sem komið hafi verið upp vegna framkvæmda við Kringluna hafi verið hættulegur og brotið í bága við aðgengisfyrirmæli fyrir hjólastóla. M telur auk þess að X hafi borið að gæta sérstaklega að því að vinnusvæði á vegum fyrirtækisins uppfyllti lög og reglur um öryggi á vinnusvæði, sbr. 8. gr. reglna nr. 547/1996.

V vísar til þess að þegar bótakrafa hafi fyrst borist í ábyrgðartryggingu X hafi félagið hafnað henni á þeim grundvelli að tjón væri ósannað. Síðar hafi borist upplýsingar frá X um aðkomu fyrirtækisins að framkvæmdum á svæðinu og þá hafi komir fram að X hafi unnið á afmörkuðu og vel merktu svæði innan girðingar og hafi ekki haft með hönnun, smíði eða uppsetningu bráðabirgðapalla að gera. V bendir á að umsjón með framkvæmdum í september 2018 hafi verið hjá rekstrarfélagi og hafi rampurinn verið á vegum þess félags en ekki X og þannig verði skaðabótaábyrgð ekki lögð á X vegna frágangs rampsins sem M ók út af.

Álit:
Í gögnum málsins liggur ekki annað fyrir um skipulag á vinnusvæði við verslunarmiðstöð í greint sinn en að fyrirtækið X hafi haft með hluta svæðisins að gera og hafi unnið innan þess. Ekkert í gögnum málsins staðfestir að sá rampur sem M ók út af hafi verið gerður af starfsmönnum X eða á vegum fyrirtækisins af öðrum orsökum. Hallann af þeim sönnunarskorti ber M. Telst því ekki sannað að þær aðstæður sem M telur hafa leitt til tjóns hans hafi verið á ábyrgð X. Bótaskylda er því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 255/2020

M og
V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur hvort atvik við tjónsatburð falli undir bótasvið vátryggingar.

Gögn.
Málskot móttekið 30.07.2020 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Bréf V dags. 07.08. 2020 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að A, sem er vörubifreið í eigu M, hafi, hinn 7. júlí 2020, verið til viðgerðar hjá nánar tilgreindu bifreiðaverkstæði þegar bolti, sem halda á húsi bifreiðarinnar, gaf sig með þeim afleiðingum að húsið féll fram fyrir sig og olli það töluverðum skemmdum á bifreiðinni. M gerði kröfu til bóta úr kaskótryggingu A hjá V, sem hafi hafnað kröfu hans á grunsvelli þess að ekki væri um bótaskylt atvik að ræða.

M mótmælir þeirri afstöðu og tekur fram að í skilmálum vátryggingarinnar komi fram að hún bæti tjón á ökutækinu vegna „uppfoks á vélarhlíf, kistulokum, afturhlera eða hurðum“ en ekki sé áskilið að vindhraði nái einhverju tilteknu marki svo um „uppfok“ sé að ræða. Ökumannshúsið á A sé í raun vélarhlífin, enda þurfi að lyfta því upp til að komast að vélinni. Þá hafi húsið fallið fram fyrir sig „líkt og það hefði fokið upp“ þegar unnið var að viðgerð. Enn fremur sé umrætt atvik ekki sérstaklega undanskilið bótaábyrgð í skilmálum vátryggingarinnar. Því sé bótaskylda fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ósannað að tjónsatvik falli undir bótasvið kaskótryggingar A. Kaskótrygging taki til fjölmargra atvika en ekki sé um aláhættutryggingu að ræða, og sé bótasvið vátryggingarinnar skýrlega afmarkað í 4. gr. skilmála hennar. Sönnunarbyrði um að tjón falli undir bótasvið vátryggingarinnar hvíli á M. Slík sönnu hafi ekki tekist. V hafnar því þá sérstaklega að um hafi verið að ræða uppfok á vélarhlíf, enda liggi þvert á móti fyrir að bolti í búnaði bifreiðarinnar hafi gefið sig þegar verið var að slaka ökumannshúsinu niður. Bendi því ekkert til þess að um fok á vélarhlíf hafi verið að ræða.

Álit:
Í 4. gr. umræddra vátryggingarskilmála er að finna nánari skilgreiningar á bótasviði vátryggingarinnar. Í gr. 4.8 kemur fram að vátryggingin bæti tjón á ökutækinu vegna uppfoks á m.a. vélarhlíf, og virðist M fyrst og fremst grundvalla kröfu sína á því ákvæði. Í því tilviki sem hér um ræðir liggur fyrir, og ekki er ágreiningur um, að ökumannshúsið á A féll fram og skemmdist er bolti sem var í tjakki sem nýtist við hífingu og slökun hússins, gaf sig þegar verið var að slaka húsinu niður. Verður því ekki jafnað við uppfok. Þá verður heldur ekki séð að umrætt atvik verði fellt undir önnur ákvæði í skilmálagreinum 4.1 – 4.17. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 15. september 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 256/2020

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar verslunarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu er kerra rann á bifreið á athafnasvæði kerruleigu.

Gögn.
Málskot, móttekið 31.7.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 18.8.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V2, dags 18.8.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 11. júlí 2020 hafði ökumaður A komið fyrir tveggja öxla kerru, sem hann hafði á leigu, í stöðureit fyrir enda bifreiðastæðis fyrir framan verslun B sem m.a. annast útleigu á kerrum. Að svo búnu mun ökumaður A hafa farið í afgreiðslu B til að ganga frá uppgjöri vegna leigu á kerrunni en á meðan hafi maki ökumannsins gengið frá kerrunni þar sem ökumaðurinn hafði lagt henni. Eftir það mun kerran hafa runnið og lent á vinstri framhurð bifreiðarinnar (D) sem er í eigu M, en D hafði verið lagt í stöðureit við enda merktra stöðureita á bifreiðastæðinu þannig að vinstri hlið D vísaði á móti umræddri kerru og fleiri kerrum sem þar voru í stöðureitum.

Skemmdir urðu á D við óhappið. Telur M að tjónið megi rekja til þess að ökumaður A hafi ekki skilið kerruna eftir á öruggan hátt og hefur M krafist þess að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V1. Jafnframt kveður M að stæði það sem kerrunni var lagt í vera í halla og það hafi valdið því að kerran rann af stað. Óforsvaranlegt sé af hálfu B að kafa kerruna í slíku stæði. Af þeim sökum kveður M að B beri ábyrgð á því tjóni sem varð á D. Hefur M því einnig krafist bóta vegna tjónsins á D úr ábyrgðartryggingu B hjá V2. Bæði félög hafa hins vegar hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar skal eigandi (umráðamaður) bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Umrætt sinn hafði kerran verið tengd frá B þegar hún fór að renna og hafnaði á D. Tjónið hlaust því ekki af notkun B í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019. Eigandi B verður því ekki gerður ábyrgur fyrir tjóninu á grundvelli þeirrar lagagreinar. Þegar af þeirri ástæðu fæst tjónið ekki bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V1.

Þrjár ljósmyndir liggja fyrir í málinu þar sem sjá má kerruna þar sem henni hafði verið lagt í stæði fyrir kerrur sem B leigir út. Ekki verður ráðið af þessum myndum hvort eða hversu mikill hallinn er sem M kveður að hafi valdið því að hún fór að renna, né heldur að hallinn hafi verið meiri en næmi venjulegum vatnshalla á svæði eins og hér um ræðir. Miðað við fyrirliggjandi gögn málsins verður ekki talið að nægilega hafi verið sýnt fram á að tjónið verði rakið til atvika sem B ber ábyrgð á. Við svo búið fæst það ekki bætt úr ábyrgðartryggingu D hjá V2.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, bifreiðarinnar tryggðri hjá V1, né heldur úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Reykjavík, 15. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 257/2020

M og
V v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreiðinni B

Gögn.
Málskot dags. 4. ágúst 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 26. ágúst 2020.
Tölvupóstur M, dags. 27. ágúst 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M hafi farið með bifreið sína (B) í gegnum þvottastöð X. Á undan bifreið B hafi verið bifreið A og í lýsingu M af atburðarás þá hafi krókur á bifreið A skollið niður á framhluta bifreiðar B. Nánar tiltekið lýsir M því þannig að báðar bifreiðarnar hafi verið komnar næstum að lokum ferðar í gegnum sjálfvirka þvottastöð X þegar hann hafi séð að bifreiðin A (sem sé jeppabifreið) hafi verið skökk og afturdekk lent upp á kanti og þegar ökumaður bifreiðar A hafi ekið henni áfram hafi hún dottið niður og lent á bifreið B. Í málinu liggur fyrir lýsing ökumanns bifreiðar A í tjónstilkynningu um að bifreið hans hafi verið kyrr á sleða á þvottastöð þegar bifreið B hafi ekið aftan á bifreið hans. Í tölvupósti V dags. 5. desember sl. kemur einnig fram að ökumaður A hafni því, í samtali við starfsmann V, að hafa hagað akstri sínum þannig að tjón sé af völdum bifreiðar A.

M telur að bæta eigi tjón hans bifreið B úr ábyrgðartryggingu bifreiðar A og verður ekki annað séð af málskoti en að M telji að ökumaður bifreiðar A hafi hreyft bifreið sína án þess að taka tillit til umferðar á eftir sér í þvottastöðinni. Einnig telur M að gögn málsins um tjón á bifreið B sýni að tjónið hafi orðið með þeim hætti sem hann lýsir en ekki þannig að hann hafi ekið aftan á krók bifreiðar A.

V hefur bæði hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðar A og ábyrgðartryggingu X og telur ekki sannað að atvik séu með þeim hætti að sýnt sé fram á sök ökumanns bifreiðar A eða ábyrgð X vegna tjónsins.

Álit.
Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að nokkur ágreiningur sé um málsatvik og aðdraganda þessa að tjón varð á bifreið M þegar henni var ekið í gegnum þvottastöð X. Engin gögn málsins styðja það sérstaklega að bifreið A hafi verið ekið með einhverjum hætti ranglega í gegnum þvottastöðina eða að útbúnaður hennar hafi leitt til árekstursins. M ber sönnunarbyrði um að aðstæður hafi verið með einhverjum hætti þannig að hann geti gert skaðabótakröfu á annað hvort eiganda bifreiðar B eða X vegna tjónsins. Sú sönnun hefur ekki tekist með þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina og er því ekki um bótaskyldu að ræða úr ábyrgðartryggingum hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A eða ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 258/2020

M og
V v/forfallatryggingar greiðslukortatryggingar

Ágreiningur um greiðslu bóta vegna hótelkostnaðar í tengslum við ferð sem ekki var farin til Hollands í apríl 2020.

Gögn.
Málskot dags. 5. ágúst 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 11. ágúst 2020.
Tölvupóstur M, dags. 13. ágúst 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M hafi ætlað að ferðast til Amsterdam hinn 9. apríl sl. og tilbaka til Íslands 13. apríl sl. Flug Icelandair fram og tilbaka var fellt niður og fór M ekki í ferðina. M borgaði kostnað vegna hótelgistingar vegna fyrirhugaðrar dvalar í Amsterdam í janúar sl. og hefur ekki, þrátt fyrir tilraunir fengið kostnaðinn endurgreiddan.

M telur að greiða eigi bætur úr ferðatryggingu sem hann hefur í gegnum greiðslukort sitt vegna hótelkostnaðar í ferð sem hann telur sér hafa verið ómögulegt að fara í. M bendir á að á þeim tíma sem fyrirhuguð ferð átti að vera hafi flug verið fellt niður og hefði hann þurft að kaupa tvö ný flug til að komast í sambærilega ferð. Einnig bendir M á að á þessum tíma hafi allt verið lokað í Hollandi nema matvörubúðir og einungis þrír í einu getað komið saman úti. Það hafi enginn verið að ferðast á þessum tíma og landið hafi í raun einungis verið opið fyrir Hollendinga á heimleið. Í raun hafi hann því ekki átt þess kost að fara í ferðina.

V vísar til gildissviðs vátryggingar þeirrar sem M hefur í gegnum greiðslukort sitt. Í 7. gr. vátryggingarskilmála þeirrar tryggingar komi fram að M sé m.a. vátryggður með forfallatryggingu og þar komi fram skilyrði þess að hægt sé að krefjast bóta fyrir ferðakostnað vegna ferðar sem ekki er farin. Ein af þeim ástæðum sem komi til greina er að vátryggður komist ekki í ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt, sbr. gr. 7.1.3. V bendir á að engin slík höft hafi verið á ferðum M til Hollands og Íslendingum hafi verið heimilt að ferðast þangað á fyrirhuguðum brottfarardegi M í apríl 2020. Þannig falli forföll M utan gildissviðs vátryggingar hans.

Álit.
Samkvæmt skilmálum forfallatryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar, sbr. 7. gr. þeirra, bætir félagið ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, allt að 350.000 krónur vegna ferðar sem hinn vátryggði kemst ekki í ef ástæðan er t.d. ein af eftirtöldum:

7.1.1 Andlát, líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins vátryggða enda vottað af starfandi lækni.

7.1.2 Að náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður: a) Andist. b) Hljóti alvarleg líkamsmeiðsl, eða veikist alvarlega, enda vottað af starfandi lækni.

7.1.3 Vitnaskylda fyrir dómi eða forföll vegna starfa sem vátryggður getur ekki vikið sér undan að vinna skv. lögum um skyldusóttkví eða ef komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt.

7.1.4 Verulegt eignatjón á heimili vátryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega

Í þessu máli verður að líta til þess að það er skilyrði greiðsluskyldu úr vátryggingunni að vátryggður hafi neyðst til að hætta við ferð, þ.e. að honum gegn vilja sínum hafi verið gert að hætta við ferð sína í því tilviki sem hér um ræðir annað hvort vegna opinberrar sóttkvíar eða að hann hafi ekki komist í ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt, sbr. ákvæði 7.1.1 eða 7.1.3, en önnur ákvæði forfallatryggingar koma ekki til skoðunar vegna máls M.

M og eiginkona hans voru ekki í sóttkví þegar ferð þeirra átti að hefjast 9. apríl 2020 og voru því af þeim sökum ekki útilokuð frá því fara í umrædda ferð, enda kemur fram í gögnum þeirra að þau hefðu þurft að taka tvö flug til að komast á áfangastað. Jafnvel þótt þau hefðu þurft að búa við skert

ferðafrelsi í Amsterdam samkvæmt fyrirskipunum stjórnvalda þar í landi sem og dveljast í 14 daga sóttkví er þau kæmu aftur til Íslands kom það ekki í veg fyrir að fara í ferðina. Umrædd ákvæði í gr. 7.1.1 eða 7.1.3 eiga því ekki við aðstæður þeirra.

Skilyrði vátryggingarskilmálanna til að fá kostnaðinn endurgreiddan úr vátryggingunni var því ekki fullnægt í því tilviki sem hér um ræðir. Af því leiðir að M á ekki rétt á endurgreiðslu hótelskostnaðar úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 15. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 259/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss 6. desember 2016.

Gögn.
Málskot dags. 15.07.2020 ásamt fylgiskjölum 1-23.
Bréf V dags. 18.08.2020.
Viðbótarathugasemdir M dags. 03.09.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 6. desember 2016, þegar hann var að störfum hjá A, hafi M orðið fyrir varanlegu líkamstjóni. Í upphafi var ágreiningur um atvik málsins, þ.e. hvort um slys í skilningi vátryggingarskilmála hafi verið að ræða og um atvik við tjónsatburð, og er honum lýst ítarlega í málskoti og fylgigögnum. Nú sé hins vegar ekki ágreiningur meðal aðila um að tjón M hafi atvikast með þeim hætti að M hafi stigið upp á hallandi stálþil á súlu í þeim tilgangi að setja ryksugu í samband við rafmagnsinnstungu sem var í nokkurri hæð á súlunni. Hafi M ekki náð til innstungunnar með öðrum hætti en að stíga upp á þilið, og hífa sig upp á stálhandfangi eða hanka á súlunni. Hann hafi þá runnið til á stálþilinu með þeim afleiðingum hann missti fótanna og hnykkur kom á vinstri öxl hans, en hann notaði vinstri höndina til að halda sér í umrætt handfang og varna því þannig að hann félli í gólfið. Við þetta slitnaði sin í vinstri öxl hans og gekkst hann undir aðgerð vegna þess, og var, samkvæmt læknisvottorði dags. 22. maí 2017, óvinnufær með öllu frá slysdegi og til 1. júní 2017.

Vegna tjóns síns gerir M kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Byggir hann kröfu sína á því að tjón hans megi rekja til saknæms og ólögmæts vanbúnaðar á vinnustað, sem felist í því að starfsmenn hafi þurft að stíga á hallandi og sleipt stálþil og hífa sig upp á handfangi í um þriggja metra hæð til að ná til umræddrar innstungu. Hafi aðbúnaður því verið óforsvaranlegur, þar sem A hafi gert ráð fyrir að starfsmenn príluðu upp á hált og rykfallið stálþil til að hanga á handfangi í þeim tilgangi að ná til innstungunnar, en ljóst sé að slysahætta hafi verið fólgin í þessu verklagi. Þá hafi starfsfólk ítrekað kvartað undan þessu fyrirkomulagi án þess að A gripi til aðgerða. Hins vegar hafi úrbætur verið gerðar eftir umrætt atvik, þannig hafi innstungan verið færð neðar og stálhandfangið fjarlægt til að koma í veg fyrir að hægt væri að príla upp á súluna með þessum hætti. Þá mótmælir M því sérstaklega að stigi sem hann hefði getað nýtt við verkið hafi verið til staðar, enda beri V sönnunarbyrði vegna slíkra staðhæfinga. Þá sé um einfalt verk að ræða sem eðlilegt sé að einn maður geti sinnt og því fráleitt að starfsmenn eigi að vinna tveir saman að því að setja ryksugu í samband. Enn fremur gerir M athugasemdir við að atvikið hafi ekki verið réttilega tilkynnt til Vinnueftirlitsins og beri því að leggja frásögn M af atvikum til grundvallar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að nú sé ekki ágreiningu um atvik sem slík, en ljóst sé að kærandi, sem sé ekki mjög hávaxinn, hafi ekki náð auðveldlega upp í umræddan rafmagnstengil. Þá er sjúkrasaga M rakin að nokkru leyti, en vegna skertrar starfsorku hafi hann verið fluttur til léttari starfa hjá A í árslok 2015. Meðal starfsskyldna í deild þeirri sem A starfaði, ásamt tveimur öðrum, hávaxnari mönnum, hafi verið að ryksuga vikulega í ofnhúsi. Ávallt hafi verið hafður sá háttur á að hávaxnari starfsmennirnir tengdu ryksuguna. Á slysdegi hefði M, sem þess utan glímdi við heilsubrest, átt að leita auðveldari leiða við að ná til tengilsins. Hann hefði t.a.m. getað beðið eftir samstarfsmanni sínum, sem var á salerninu, eða náð í tröppu sem var í um 30 metra fjarlægð. Þá hafi fleiri tröppur verið í 150-200 metra fjarlægð. Það að hafa tengil í tiltekinni hæð geti ekki talist vanbúnaður, auk þess sem hæð hans hefði ekki átt að dyljast M. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum tekur M fram að stoðkerfiseinkenni þau sem hann hafi búið við fyrir umrætt slys séu ekki í neinum tengslum við þá áverka sem hann hlaut í slysinu. Þá er því enn mótmælt að tröppur hafi verið til staðar og vísað til vitnisburðar samstarfsmanns M í því samhengi en þar segi

að tröppur og stigar hafi verið fjarlægð af vinnusvæðinu nokkru fyrir slysið enda hafi hlotist slys af notkun þeirra.

Álit:

Leyst verður úr ágreiningi aðila á þeim grundvelli að ekki sé deilt um hvernig slys M atvikaðist, þ.e. að hann hafi runnið á umræddu stálþili þegar hann var að reyna að koma ryksugu á vinnustaðnum í samband við rafmagnstengill. Þá virðist ekki deilt um að tengillinn hafi verið í það mikilli hæð að M næði ekki til hans með öðrum hætti, þó ekki sé að fullu ljóst hver nákvæmlega hæð tengilsins var. Þá segir m.a. í tilkynningu A til Vinnueftirlitsins, dags. 20. desember 2017: „Starfmaður var að stinga rafmagnstengli af ryksugu í samband í ofnhúsi vegna reglubundinna þrifa. Við þetta þarf að stíga upp á súlu með halla 35-45°“ svo um viðtekið verklag virðist hafa verið að ræða. Miðað við þennan halla og lýsingu M á umræddu stálþili eins og það var á slysdegi, en henni hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, virðist ljóst að nokkur slysahætta gæti skapast af því að klifra upp það. Þá liggur ekki fyrir að tröppur hafi verið tiltækar, eða að starfsmönnum hafi verið uppálagt að nota aðrar aðferðir en að stíga á þilið, og í ljósi atvika, fyrirliggjandi gagna og vitnisburða, svo og þess að engin rannsókn var gerð á tildrögum slyssins eða aðstæðum verður A að bera hallann af sönnunarskorti um það. Þá verður ekki fallist á það með V að M hafi borið að bíða eftir öðrum, sér hávaxnari starfsmönnum, til aðstoðar, auk þess sem ráða má af vitnisburði samstarfsmanns M, í vitnamáli sem rekið var um fyrri ágreining aðila, að hávaxnari starfsmenn hafi einnig þurft að stíga upp á umrætt þil til að ná til tengilsins. Þá liggur ekki fyrir að hægt hafi verið að tengja ryksuguna við aðra, haganlegar staðsetta, tengla.

Með hliðsjón af öllu framansögðu verður því að telja að slys M megi rekja til ófullnægjandi aðbúnaðar á vinnustað hans en samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum hvílir sú skylda á atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Verður að telja að A hafi ekki hugað nægilega að þeim áskilnaði hvað varðaði staðsetningu umræddrs tengils og leiðir til að ná til hans og er bótaskylda því fyrir hendi. Þá verður ekki séð að tilefni sé til að skerða bótarétt M á grundvelli þess að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. Á hann því óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Að endingu verður ekki hjá því komist að koma á framfæri ábendingu vegna málatilbúnaðar lögmanns M, en hann hefði að ósekju mátt vera styttri og hnitmiðaðri.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 22. september 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 260/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á Snæfellsnesvegi 5. júlí 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 5. ágúst 2020 með fylgiskjölum og tölvupóstur M dags. 21. september 2020.
Bréf V1 dags. 20. ágúst 2020, ásamt lögregluskýrslu.
Tölvupóstur V2, dags. 14. september 2020, ásamt lögregluskýrslu.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að árekstur var með bifreiðum A og B hinn 5. júlí 2020 en báðum bifreiðum var ekið um Snæfellsveg í sömu átt í aðdraganda áreksturs. Bifreið B var ekið áleiðis til vinstri á vegamótum inn á tiltekinn veg þegar árekstur varð og bifreið A ekið í vinstri hlið hennar. Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni bifreiðar A að hann hafi ekið eftir Snæfellsvegi og „..ekki vitað alminnilega hvað gerðist fyrr en bifreið hans lenti á vinstri hlið [bifreiðar B].“ Í dagbók lögreglu frá 16. júlí sl. er haft eftir M að hann telji að þessi skýrsla lögreglu hafi ekki farið rétt en lögreglumaður sem þá ræddi við M segir í þeirri dagbókarfærslu að framburður M hafi verið sá sami og haft hafði verið eftir honum í frumskýrslu. Ökumaður bifreiðar B gaf viðbótarskýrslu hjá lögreglu 4. ágúst sl. og þar komi fram að hann teldi staðsetningu áreksturs ranga, hann hafi verið að beygja inn á Jarðlangsstaðaveg en ekki Skjólbrekkuveg þegar árekstur varð.

M telur að ekki hafi verið rétt sagt frá tjóninu í lögregluskýrslu og telur að ökumaður bifreiðar B hafi hægt skyndilega niður og bifreiðinni síðan ekið til hægri, áður en henni var ekið í vinstri beygju, eins og ökumaður bifreiðar B hafi ætlað að taka U-beygju á veginum.

V1 gerir ekki sérstakar athugasemdir við gögn málsins en V2 telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar A.

Álit:
Þegar litið er til gagna málsins, sérstaklega þess sem kemur fram í framburði ökumanna bæði í frumskýrslu lögreglu og viðbótarskýrslum, er ljós að árekstur varð með bifreiðum A og B í þann mund sem bifreið B var ekið til vinstri á vegamótum. M telur að bifreið B hafi verið ekið í víða vinstri beygju í framburðarskýrslum kemur það ekki skýrt fram. Framburður M sem ökumanns bifreiðar A bendir hins vegar til þess að hann hafi ekki fylgst nægilega með umferð á undan sér þar sem framburður hans bendir til þess að hann hafi ekki vitað strax hvað gerðist. Hallann af sönnunarskorti ber M þar sem ekki hefur tekist að sýna fram á að ökumaður bifreiðar B hafi hagað akstri sínum ógætilega. M bar hins vegar sem ökumanni bifreiðar A að gæta þess að hafa nægilegt bil á milli bifreiða, sbr. fyrirmæli í 2.mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og ef hann ætlaði að aka framúr bifreið B þá bar honum að gæta fyrirmæla 23.-24. gr. sömu laga um framúrakstur. Af gögnum málsins og framburði M sjálfs er ekki hægt að slá því föstu og ber M því alla sök á árekstrinum sem ökumaður bifreiðar A.

Niðurstaða.
Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 3. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 261/2020

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á Háaleitisbraut við útkeyrslu frá bifreiðastæði við Ármúla 2 í Reykjavík 22.7.2020.

Gögn.
Málskot, móttekið 5.8.2020, ásamt fylgigögnum.
Tölvubréf V1, dags. 19.8.2020.
Bréf V2, dags 14.8.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
A var ekið út á Háaleitisbraut frá bifreiðastæði við Ármúla 2 og hugðist ökumaður beygja til vinstri áleiðis austur Háaleitisbraut fyrir framan bifreið (D) sem var kyrrstæð í röð bifreiða á leið til vesturs eftir Háaleitisbraut í átt að gatnamótum Ármúla. Í sömu andrá var B ekið vestur Háaleitisbraut vinstra megin með D og fleiri bifreiðum sem voru kyrrstæðar fyrir aftan D. Báðar bifreiðar, A og B, voru óökufærar eftir áreksturinn. Austan útkeyrslunnar er einungis ein merkt nokkuð breið akrein á Háaleitisbraut til vesturs en vestan við útkeyrsluna skiptist akbrautin til vesturs í tvær merktar akreinar. Á kafla er hámarkshraði á Háaleitisbraut 30 km á klst. en skammt austan árekstrarstaðarins hækkar hann í 50 km á klst.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á mjög litlum hraða í gegnum bílaröðina og var að koma sér inn á „vinstri akreinina“ í átt að gatnamótum Ármúla. Þá hafi B verið ekið á miklum hraða frá vinstri á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið vestur Háaleitisbraut og þar sem akbrautin breikkar við útkeyrsluna hjá Ármúla 2 hafi hann ekið til vinstri og fram með með bílaröð sem hafi verið honum á hægri hönd. Við útkeyrsluna hafi vinstra framhorn A skotist út úr bílaröðinni og árekstur orðið. Ökumaðurinn kvaðst ekki vera viss hversu hratt hann ók en hann hafi ekki ekið á ofsahraða.

Álit.
Samkvæmt gögnum málsins var A ekið frá bifreiðastæði inn á Háaleitisbraut. Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af bifreiðastæði. Ökumaður A gætti ekki þessarar skyldu er hann ók frá bifreiðastæðinu inn á Háaleitisbraut. Hann á því sök á árekstrinum. Á hinn bóginn er ljóst að ökumaður B ók fram með röð kyrrstæðra bifreiða þar sem einungis ein merkt akrein er á akbrautinni, jafnvel þótt hún sé nokkuð breið. Þá má ráða samkvæmt ljósmyndum af skemmdum á bifreiðunum að áreksturinn hafi verið nokkuð harður. Má ráða að B hafi verið ekið allhratt og nokkuð hraðar en aðatæður leyfðu. Ökumaður B sýndi því ekki þá tillitssemi og varúð sem af honum mátti krefjast, sbr. 1. mgr. 4. gr. umferðarlaganna. Hann á því einnig nokkra sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum þykir rétt að leggja 2/3 sakar á ökumann A og 1/3 sakar á ökumann B.

Niðurstaða.
Ökumaður A, bifreiðarinnar A ber 2/3 sakar og ökumaður B, bifreiðarinnar B ber 2/3 sakar.

Reykjavík, 22. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 262/2020

M og
V v/innbúsliðar fjölskyldutryggingar og ábyrgðartryggingu X

Ágreiningur um fjárhæð innbústjóns vegna vatnleka 15.-17 maí 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 28. júlí 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 26. ágúst 2020, ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 1. september 2020 ásamt yfirliti M yfir atburðarrás.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að tjón varð á innbúi M vegna vatns sem flæddi inn í íbúð hennar. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu vegna tjónsins í þeim skilningi að V hefur viðurkennt hana úr ábyrgðartryggingu X og bætt tjón á innbúsmunum M að verulegu leyti. Ágreiningur málsins lýtur aðallega að tjóni sem varð á tilteknum hluta innbúsins, eða listaverkum og rúmdýnu.

M telur að greiða eigi skaðabætur vegna tjóns sem varð á myndlistarverkefnum eftir hana sjálfa, teikningum og grafíkverkum að verðmæti kr. 6.250.000 og telur tjón á rúmdýnu hafa verið meira en kr. 90.000 sem V hafi einhliða ákveðið að greiða vegna þess hluta tjónsins. M vísar til þess að hún hafi unnið sem myndlistarmaður í um 35 ár og því hafi hún átt mörg verk sem geymd hafi verið í lokaðri skúffu undir rúmi hennar. M vísar til staðfestinga í gögnum málsins um verk hennar og vinnu í gegnum tíðina til stuðnings verðmati því sem hún leggur til grundvallar á verkum sínum. M kveðst hafa komið vatnsblautum verkum fyrir í svörtum ruslapokum fyrir utan íbúð sína eftir að hreinsað hafi verið út úr henni og vísar til myndar af þeim í gögnum málsins. Einnig telur M að starfsmenn V hafi haft næga möguleika til að kynna sér innihald þeirra poka áður en þeim var fargað.

V telur að ekki sé unnt að greiða bætur vegna listaverka M þar sem hún hafi fargað þeim eftir tjónsatburðinn, þrátt fyrir leiðsögn frá tjónaskoðunarmanni V um að gera það ekki. Þannig geti M ekki sýnt fram á hvert tjón hennar er og rétt sé að M beri hallann af slíkum sönnunarskorti. Hvað varðar bótagreiðslu fyrir rúmdýnu þá hafi V greitt bætur fyrir slíka dýnu m.v. aldur hennar og notkun, en dýnan hafi verið um 10 ára gömul og afskriftir sem félagið reiknaði með væri 70% vegna þess.

Álit.
Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi orðið fyrir nokkru tjóni á innbúi sínu vegna þess að vatn streymdi um hana. Þegar mat á slíku tjóni er framkvæmt er mikilvægt að sá sem greiða á bætur hafi tækifæri til þess að meta það sem hefur orðið fyrir tjóni til fjár. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar um er að ræða muni sem ekki eru þess eðlis að hægt sé að endurnýja þá með öðrum eins hlutum, t.d. eins og listaverk. Þó aðstæður hafi verið óþægilegar fyrir M vegna tjónsins verður ekki hægt að líta svo á að henni hafi verið ómögulegt að gefa V kost á því að skoða hina skemmdu tjónsmuni eða eftir atvikum að fá einhvern óháðan aðila til að verðmeta þá áður en þeim var fargað. Eins og gögn málsins liggja fyrir verður sönnunarbyrði um verðmæti teikninga og grafíkverka lögð á M og miðað við þau gögn verður ekki talið fullsannað að þau séu 6.250.000 króna virði, en ekki liggur fyrir sérstakt mat á tjónsmunum. Ekki liggur heldur fyrir sérstakt mat á rúmdýnu þeirri sem bætt var með 70% afskriftum. Ekki er því hægt að fallast á að M eigi rétt til frekari bótagreiðslna úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 263/2020

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar ökutækisins B

Árekstur á Suðurlandsvegi við Sunnuhlíð 8. júní 2020

Gögn.
Málskot móttekið 31.7.2020, ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.
Bréf V dags. 21.8.2020.
Bréf V2 dags. 11.9.2020.
Bréf M dags. 30.9.2020.

Málsatvik.
Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla þar sem fram kemur að lögregla hafi verið kölluð út vegna áreksturs bifreiðanna A og B. Gögn málsins bera með sér að í aðdraganda árekstursins var bifreiðunum ekið vestur Suðurlandsveg. A mun hafa verið fyrir framan B og varð áreksturinn þegar A beygði til hægri inn afleggjara að Uppsölum.

Þegar lögregla kom á vettvang var bifreiðin A kyrrstæð á afleggjaranum að Uppsölum og B vestan við afleggjarann utan vegar. Mun ákoma hafa verið sjáanleg hægri hlið A og á framenda B. Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni A að hann hafi verið á leið að sveitabænum Uppsölum og kveðst hann hafa gefið stefnuljóst til hægri áður en hann kom að afleggjaranum. Í þann mund sem hann beygði hafi bifreiðinni B verið ekið inn í hægri hlið bifreiðarinnar. Kveðst ökumaðurinn hafa ekið á 20-30 km/klst. þegar óhappið varð. Lögregla tók eftir að búið var að svissa af kveikjuláslyklum bifreiðarinnar. Þegar ökumaður svissaði á bifreiðina logaði stefnuljós til hægri. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa verið á leið vestur og ekið á eftir A þegar henni var ekið yfir á vinstri akrein. Kveðst ökumaður B þá hafa haldið að ökumaður A hafi ætlað að hleypa sér fram úr. Hann hafi því stigið á bensíngjöfina og ætlað fram úr bifreiðinni á hægri akreininni en þá hafi A verið ekið í veg fyrir sig. Kveðst ökumaður B hafa ekið á 60-70 km/klst. þegar óhappið varð.

Niðurstaða tjónanefndar vátryggingafélaganna var á þá leið að sök ætti að skiptast til helminga. M, eigandi bifreiðarinnar A, er ósáttur við þá niðurstöðu og gerir þá þær kröfur fyrir úrskurðarnefnd að ökumaður bifreiðar B teljist einn bera ábyrgð á árekstrinum. Í málskoti mótmælir M fullyrðingum ökumanns B um að A hafi verið ekið yfir á vinstri akrein áður en henni var beygt til hægri inn að Uppsölum. Þá vísar M m.a. til þess að ökumaður A hafi gefið stefnuljós til hægri og að það hafi enn logað þegar svissað var á bifreiðina eftir áreksturinn.

Álit.
Eins og rakið hefur verið ber ökumönnum ekki saman um atvik eða afstöðu bifreiðanna í aðdraganda árekstursins. Hins vegar liggur fyrir að árekstur varð þegar bifreiðinni B var ekið hægra megin fram úr bifreiðinni B. Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal alla jafna aka vinstra megin fram úr ökutæki. Þegar ökumaður beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju er þó heimilt að aka hægra megin fram úr. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að ökumaður A hafi verið að beygja til vinstri eða greinilega verið að undirbúa vinstri beygju. Af þeim sökum og með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga er ljóst að B var óheimilt að aka fram úr bifreiðinni hægra megin í umrætt sinn.

Þá er ekkert í gögnum málsins sem staðfestir að ökumaður A hafi ekið bifreið sinni yfir á vinstri vegarhelming í aðdraganda árekstursins. Gegn neitun ökumanns A verður því að teljast ósannað að bifreiðinni hafi verið ekið yfir á vinstri akrein í aðdraganda árekstursins. Verður því öll sök lögð á ökumann bifreiðar B sem gætti þess ekki að hafa nægilegt bil á milli bifreiða.

Niðurstaða.
Leggja ber alla sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 22. október 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 264/2020

M og
V vegna slysatryggingar launþega A hjá V.

Ágreiningur um hvort atvik falli undir slysahugtak vátryggingarskilmála.

Gögn.
Málskot móttekið 11.08.2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 28.08.2020 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 14. febrúar 2018 hafi M, er hún starfaði sem sjálfboðaliði á vegum A, slasast er hún steig úr bifreið á Lækjargötu í Reykjavík. Hafi halli við ræsi í götunni leitt til þess að niðurstigið úr bifreiðinni var hærra en vanalega, sem hafi komið M á óvart og hafi hún fótbrotnað er hún steig niður á götuna úr bifreiðinni. M telur að slysið megi rekja til þess að gatan hallaði að ræsum og því hafi verið um skyndilegan og óvæntan, utanaðkomandi atburð að ræða sem leiði til þess að tjón hennar sé bótaskylt úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Með bréfi, dags. 12. ágúst 2019, hafnaði V kröfu M á þeim grundvelli að skilyrði slysahugtaksins væru ekki uppfyllt. Þessi afstaða er ítrekuð í bréfi V til nefndarinnar þar sem segir að í áverkvottorði komi fram að M hafi misstigið sig, þá segi í tjónstilkynningu M til V að M hafi fundið fyrir miklum verk í hægri ökkla við að stíga úr bifreið A, en niðurstigið hafi verið hærra en vanalegt sé vegna halla í götunni. Slys sé í skilmálum V skilgreint sem skyndilegur, utanaðkomandi atburður sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Meiðsl sem rekja megi til misstigs, tognunar og ofreynslu hafi ekki verið talin falla þar undir, enda sé þá ekki um utanaðkomandi atburð að ræða. Meiðsl M verði rakin til þess að eitthvað hafi gefið sig í fæti hennar er hún steig niður úr bifreið. Jafnvel þó hallinn í götunni hafi verið meiri en M gerði ráð fyrir sé ekkert í gögnum málsins sem styðji það að meiðsl hennar hafi orðið fyrir tilstilli utanaðkomandi atburðar. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Í 2. gr. 1. kafla skilmála viðeigandi vátryggingar er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Misstig hefur verið talið atburður sem á uppsprettu sína innan líkama tjónþola en verður ekki talið til utanaðkomandi atburða. Í þeim læknisfræðilegu gögnum sem fyrir nefndinni liggja kemur fram að M hafi misstigið sig illa á hægri ökkla, og ekki hefur verið sýnt fram á að utanaðkomandi atburður hafi orsakað misstigið eða að meiðsl M hafi atvikast með öðrum hætti, en engin frekari gögn um aðstæður á vettvangi liggja fyrir. Verður þannig að byggja á því að misstig hafi valdið því að M hlaut brot á völubeini í hægri ökkla. Samkvæmt framansögðu telst M ekki hafa orðið fyrir slysi í skilningi viðeigandi vátryggingarskilmála og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík, 22. október 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 265/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á miðstöðvarofnum.

Gögn.
Málskot móttekið 12.08.2020 ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf V dags. 24.08.2020 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.
Í málskoti lýsir M atvikum svo að hinn 13. nóvember 2019 hafi starfsmaður A komið í fasteign hennar til að setja upp nýja rennslismæla. Hinn 16. nóvember hafi M orðið þess vör að „allt var á floti“ í bílskúrnum, þar sem mælarnir voru staðsettir. Hafi A sent starfsmann til að gera við, en uppúr því hafi miðstöðvarofnar í fasteign M byrjað að leka og nýlegur ofn hafi sprungið. M telur að mistök hafi orðið af hálfu A, fyrst þegar skipt var um mælana, og aftur þegar viðgerð fór fram, og hafi það valdið umræddu tjóni. Hafi það verið mat pípulagningarmanns að í kjölfar þessa hafi verið rétt að skipta um fimmtán ofna í fasteign M, til að varna frekara tjóni, en sex ofnanna hafi verið sprungnir. Einnig hafi gólfefni skemmst vegna leka. Vegna þessa gerir M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt frásögn A hafi borist tilkynning um leka hinn 16. nóvember 2019. Hafi starfsmaður A lagfært svokallaðan dropaleka, þ.e. lítinn leka meðfram pakkningum á mæli, en ekkert tjón hafi orðið vegna þess leka. Samkvæmt A hafi vatn verið tekið af og hleypt aftur á með venjubundnum hætti og bendi ekkert til þess að starfsmaður A hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leiða eigi til skaðabótaábyrgðar A. Af ljósmyndum megi hins vegar greina að stór hluti þeirra miðstöðvarofna sem láku hafi verið komnir til ára sinna og líklega megi leka í þeim rekja til slits og tæringar. Þegar vatn sé tekið af og hleypt aftur á myndist óhjákvæmilega aukinn þrýstingur í lögnum, en alls ósannað sé að tjón ; megi rekja til slíks þrýstingsskots, þó hugsanlegt sé að það hafi verið meðverkandi tjónsorsök. Eðli máls samkvæmt þurfi lagnakerfi að þola þrýstingsskot og í þeim tilgangi séu settir upp þrýstijafnarar og öryggislokar. Verði tjón M rakið þrýstingsskots sé því ljóst að lagnabúnaður fasteignar hennar hafi verið í ólagi.

Álit.
Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að tjón varð á fasteign M skömmu eftir skipt var um rennslismæli. Þá verður jafnframt að telja líklegt að einhver mistök hafi átt sér stað við þann starfa, en eftir það lak meðfram pakkningum við rennslismælinn. Annar starfsmaður á vegum A kom þá og skipti um pakkningar, og við þann starfa hefur verið lokað fyrir vatnsinntak og vatni svo hleypt á aftur. Í kjölfar þess varð vart við leka frá miðstöðvarofnum og skemmdir á þeim. Það eitt og sér að loka fyrir vatnsinntak og hleypa vatni aftur á verður að teljast fremur venjubundin framkvæmd þegar unnið er við lagnakerfi og á eitt og sér ekki að leiða til tjóns. Ekki liggur fyrir nefndinni sönnun þess hvað varð til þess að ofnar í fasteign M fóru að leka og skemmdust, hvort þar var um að kenna þrýstingsskoti eða einhverju öðru og eins liggur ekkert fyrir um almennt ástand lagnakerfis í fasteign M. Jafnvel þó mistök hafi átt sér stað við útskiptingu á rennslismæli liggur ekki fyrir að þau hafi getað orsakað tjón M, en af gögnum málsins að dæma virðist þá hafa verið um að ræða staðbundinn leka við pakkningu við mælinn, sem staðsettur var í bílskúr M. Þá er heldur ekki sýnt fram á að sá starfsmaður sem skipti út umræddum pakkningum hafi á einhvern hátt hagað starfa sínum með óforsvaranlegum hætti þannig að valdið hafi umræddu tjóni. Svo bótaskylda úr ábyrgðartryggingu V sé fyrir hendi verður að sýna fram á að athafnir eða athafnaleysi A, eða aðila sem það ber ábyrgð á, hafi leitt til umræddrs tjóns. M hefur ekki tekist að sýna fram á það og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfum hennar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 22. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 266/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á bifreiðastæði við verslunarmiðstöðina Smáralind í Kópavogi þann 18.6.2020.

Gögn.
Málskot, móttekið 13.8.2020, ásamt fylgigögnum.
Tölvubréf V, dags. 28.8.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Í sameiginlegri tjónstilkynningu sem báðir ökumenn hafa undirritað kemur fram að A hafi verið ekið aftur á bak og B verið kyrrstæð. Jafnframt segir að dæld sé á vinstri bakhlið A og ákoma á framstuðara B.

Samkvæmt málskoti kveðst ökumaður A hafa bakkað úr stöðureit. Þá er flautað svo hann hafi stöðvað, en þá hafi hann fundið að komið hafi verið við bifreið hans. Eftir einhver samskipti milli hans annars vegar og ökumanns og farþega í B hins vegar hafi það gerst að B hafi stefnt nokkuð hratt á vinstra horn A.

Samkvæmt viðbótarupplýsingum frá ökumanni B kvaðst hann hafa verið með bifreið sína í gangi og verið tilbúinn að aka af stað þegar A hafi borið að og til að koma bifreiðinni í stöðureit hafi ökumaður A ekið aftur á bak með þeim afleiðingum að A rakst framan á B þótt hann hafi reynt að vara ökumanninn við með því að flauta.

Vitni, D, kvaðst hafa séð er ökumaður A hafi verið að reyna að leggja í mjög þröngt stæði. Þegar hann hafi ekki komist inn í stæðið hafi hann bakkað á B. Ökumaður A hafi aftur reynt án árangurs að leggja í stæðið hafi hann bakkað aftur á B. Er lögregla hafi komið á vettvang hafi ökumaður B farið út úr bifreiðinni en B þá farið af stað og hafnað aftan á A.

Tvö vitni, E og F, kveðast hafa séð er ökumaður B hafi stigið út úr bifreiðinni og í kjölfarið hafi B runnið áfram og rekist aftan á A.

Af fyrirliggjandi myndbandsupptökum úr öryggismyndavél á staðnum má sjá að A er ekið aftur á bak uns hún lendir framan á B og síðan er A ekið stuttan spöl áfram frá B. Nokkru síðar má svo sjá ökumann og farþega í B stíga út úr bifreiðinni en í sömu andrá rennur B áfram og hafnar aftan á A.

Álit.
Af gögnum málsins, þ. á m. fyrrgreindum myndbandsupptökum, þykir mega slá föstu á að A hafi fyrst verið ekið aftur á bak með þeim afleiðingum að hún rakst framan á B. Ökmaður gætti ekki nægrar varúðar og ber einn sök á því tjóni sem þá hlaust. Skömmu síðar fór ökumaður B út úr bifreiðinni án þess að ganga áður úr skugga um að hún færi ekki af stað, eins og raunin varð, með þeim afleiðingum að hún hafnaði aftan á A. Ber ökumaður B alla sök á því tjóni sem hlaust af völdum þessa áreksturs.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber alla sök á tjóni sem hlaust við fyrri árekstur bifreiðanna og ökumaður B ber alla sök á tjóni sem hlaust við síðari áreksturinn.

Reykjavík, 22. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 267/2020

M og
V v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X

Ágreiningur um sönnun líkamstjóns vegna umferðaróhapps 15. júní 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 14. ágúst 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 25. ágúst 2020, ásamt myndum af af www.ja.is, skýrsla Aðstoðar&Öryggis í lit og myndir af bifreiðinni A eftir óhapp.

Málsatvik.
Í tjónstilkynningu Aðstoðar&Öryggis vegna áreksturs bifreiða 15. júní 2019 kemur fram að ekið hafi verið á bifreiðina A á bifreiðastæði við Kleppsveg. Nánar tiltekið var bifreiðinni X ekið í hægri hlið bifreiðarinnar A og hefur verið fallist á bótaskyldu V úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X. Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa setið í aftursæti bifreiðarinnar A og hafi við áreksturinn hlotið líkamstjón. Það tjón var tilkynnt til V með tjónstilkynningu dags. 2. september 2019. Af gögnum málsins má ráða að M hafi fyrst leitað til læknis hinn 20. júní 2019 og eftir það bæði í júlí og ágúst það ár. Í málinu liggur einnig fyrir útskrift vitnamáls þar sem vitnisburðir ökumanna bifreiðanna, M og starfsmanns Aðstoðar&Öryggis liggja fyrir um atvik 15. júní 2019. Þar kemur fram að ökumaður bifreiðar X og starfsmaður Aðstoðar&Öryggis urðu ekki vör við M í aftursæti bifreiðarinnar A en bæði M sjálf og ökumaður bifreiðarinnar staðfesta þar að þar hafi hún verið og setið við hlið barns.

M telur sannað að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstri bifreiðanna sem nefndar eru hér að ofan. M vísar til læknisfræðilegra gagna um einkenni sem hún leitaði fyrst til læknis vegna 20. júní 2019, eða um fimm dögum eftir áreksturinn. Einnig sé ljóst af gögnum málsins að einkenni séu í samræmi við áreksturinn og M hafi ekki verið með sambærileg einkenni áður og séu því orsakatengsl sönnuð milli áreksturs og einkenna. Einnig bendir M á að framburður hennar hafi verið staðfastur frá tjóninu, allt frá því hún leitaði fyrst til læknis. M bendir á að eiginmaður hennar, sem var ökumaður bifreiðarinnar A, tali litla sem enga íslensku og hafi ekki verið spurður um farþega í bifreiðinni. Bifreiðin sé auk þess með dökkum rúðum Einnig telur M að ekki sé hægt að byggja á framburði starfsmanns Aðstoðar og Öryggis í málinu þar sem starfsemi fyrirtækisins sé fjármögnuð af tryggingafélögum og engar verklagsreglur séu fyrir hendi um hvernig mál hjá fyrirtækinu eru rannsökuð.

V telur ósannað að M hafi verið farþegi í bifreiðinni A þegar árekstur varð við bifreiðina X. V vísar til þess að ökumaður bifreiðarinnar X hafi ekki séð nokkurn farþega á þeim 45-50 mínútum sem ökumenn bifreiðanna stóðu við þær. Auk þess hafi starfsmaður Aðstoðar&Öryggis ekki orðið var við nokkurn farþega og borið að hann hafi ljósmyndað bifreiðar nálægt afturrúðu bifreiðarinnar A og hefði því átt að verða var við slíkt. Einnig bendir V á að ökumaður bifreiðarinnar RU N12 hafi staðfest skýrslu Aðstoðar&Öryggis með undirskrift sinni án þess að tilgreina M sem farþega.

Álit.
Í málinu liggja fyrir lýsingar ökumanna á atvikum vegna áreksturs bifreiðanna A og X, sem og lýsing M og lýsing starfsmann Aðstoðar&Öryggis sem kom á staðinn til að gera tjónsskýrslu. Ljóst er af þeirri skýrslu og vitnisburðum þeirra sem nefndir eru hér að ofan að enginn farþegi fór út úr bifreiðinni A þegar beðið var eftir því að gera skýrslu vegna árekstursins og ekki er að sjá að ágreiningur sé um að sá tími hafi verið að minnsta kosti 40 mínútur. M leitaði til heilsugæslu 20. júní 2019, eða fimm dögum eftir árekstur og bar þá um að hún hafi fundið fyrir óþægindum eftir umferðarslys á Kleppsvegi, en ekki er sérstaklega tilgreint hvenær það varð. Ekki var tilkynnt um líkamstjón til V fyrr en 2. september 2019.

Af gögnum málsins leiðir að enginn annar en M sjálf eða eiginmaður hennar geta staðfest að M hafi verið farþegi í aftursæti bifreiðarinnar A þegar bifreiðinni X var ekið í hlið A, þrátt fyrir að tveir aðrir einstaklingar hafi verið nálægt bifreiðinni í nokkurn tíma. Þó læknisfræðileg gögn sýni heimsóknir til læknis vegna afleiðinga umferðarslyss liggja ekki fyrir óyggjandi sönnunargögn um að einkenni hafi

komið í árekstri bifreiðanna A og X. Hallann af þeim sönnunarskorti verður M að bera. Ekki verður því fallist á að M eigi rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 22. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 268/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Þjónustustúlka á hóteli slasaðist er hún rann á gólfi í sturtuklefa í hótelherbergi.

Gögn.
Málskot, móttekið 13.8.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 28.8.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M starfaði sem þjónustustúlka m.a. við þrif á nánar tilgreindu hóteli í eigu A. Hinn 27. júní 2019 var M að þrífa sturtuklefa í einu herbergja hótelsins. Rann hún þá á bleytu á gólfinu og varð fyrir talsverðum meiðslum og var flutt á sjúkrahús til skoðunar og meðferðar. M kveður sturtugólfið hafa verið óvenju hált umrætt sinn, líkt og leifar af sjampói eða öðrum hálum vökva hafi verið á gólfinu. Þá hafi lýsing í sturtuklefanum verið lítil og erfitt að gera sér grein fyrir hvort bleyta eða hálka hafi verið á gólfinu eður ei. Gólfflísarnar hafi verið dökkar og hálar, einkum þegar bleyta lá á þeim og engar mottur hafi verið til staðar til að koma í veg fyrir að fólk hrasaði á þeim. Slysið var tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins með tilkynningu, dags. 5. júlí 2019.

Kveður M aðstæður í sturtuklefanum hafa verið óforsvaranlegar og slysið megi rekja til þess að A og starfsmenn hans hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðum settum samkvæmt þeim í því skyni að treysta stöðu starfsmanna hér á landi með því að tryggja vinnuöryggi þeirra frekar. Er í þessu efni vísað til 13. gr. laga nr. 46/1980 og ákvæða í reglugerð nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Enn fremur hafi A ekki gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum, sbr. 65. gr. laga nr. 46/1980, né heldur hafi A veitt M kennslu eða tilsögn við framkvæmd verksins frá því hún hóf störf. Hafi M sinnt þrifum í sturtuklefanum umrætt sinn líkt og hún var vön að gera. Þá er og byggt á því af hálfu M að slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins eins og A bar að gera samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980. Verði því að leggja frásögn M til grundvallar að flísar á sturtugólfinu hafi verið óvenju hálar umrætt sinn og erfitt hafi veri að gera sér grein fyrir því sökum þess hve dökkar flísarnar voru og raflýsing dræm.

Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut í slysinu. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Lögregla var ekki kvödd á vettvang þegar slysið varð og Vinnueftirliti ríkisins var ekki tilkynnt um slysið fyrr en rúmri viku síðar. Slysið og aðstæður á vettvangi voru ekki rannsakaðar af þess hálfu. Að því marki sem gögn málsins sýna ekki fram á annað þykir mega leggja frásögn M af slysinu og tildrögum þess til grundvallar þegar mat er lagt á það hvort slysið verði rakið til atvika sem A ber ábyrgð á.

Af fyrirliggjandi ljósmyndum má ráða að millbrúnar flísar eru á öllu baðherbergisgólfinu, þ. á m. í sturtuklefanum án þess að gólfið þar sé afmarkað sérstaklega. Reyklitað gler afmarkar hins vegar sturtuklefann frá baðherbergisrýminu.

Meðal gagna málsins er lýsing á ensku frá söluaðila gólfflísanna á öryggi þeirra með tilliti til hálkuviðnáms. Samkvæmt lýsingunni eru umræddar flísar í svonefndum flokki R11 yfir flísar með hálkuvörn og eru taldar vera öruggar fyrir bæði þurrt og blautt umhverfi, sem gerir þær fullkomnar til notkunar á heimilum, svo sem þar sem raki er, eins og í baðherbergjum og eldhúsum, forstofum og jafnvel stofum. („Similarly to the R12, floor tiles in the R11 Anti Slip category are considered to be secure for both dry and wet environments, which makes them perfect for use in home environments varying from damper areas such as bathrooms and kitchens, to hallways and even living rooms.“) Verður samkvæmt þessu að leggja til grundvallar að þær flísar sem voru í sturtuklefanum hafi fullnægt nauðsynlegum öryggisstöðlum þannig að þær hafi mátt nota á sturtugólfinu. M mun hafa starfað hjá A um þriggja ára skeið þegar slysið varð. Vinna við þrif, eins og M vann við þegar slysið varð, er tiltölulega einfalt og krefst í raun ekki sérstakra leiðbeininga til að geta sinnt því á öruggan og

fullnægjandi hátt. Ekkert haldbært liggur fyrir í málinu sem bendir til að slysið megi rekja til þess að skriflegt áhættumat hafi ekki verið gert varðandi þennan verkþátt. Jafnvel þótt lýsing í sjálfum sturtuklefanum hafi verið eitthvað minni en annars staðar í baðherberginu er ekkert haldbært komið fram sem gefur ástæðu til að ætla að slysið megi rekja til hinnar skertu lýsingar. Jafnvel þótt gólfið hafi verið hálla en venjulega, svo sem vegna þess að sápuleifar hafi legið á því verður ekki talið að það verði virt öðrum starfsmönnum A til sakar. Að öllu virtu verður því ekki litið svo á að slysið verði rakið til atvika sem A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 22. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 269/2020

M og
V vegna sjúklingatryggingar

Ágreiningur um umfang bótaskylds tjóns

Gögn.
Málskot móttekið 13.08.2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 26.08.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 28.08.2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að um vorið 2015 hafi M orðið fyrir tjóni vegna mistaka sem gerð voru við veitingu heilbrigðiþjónustu á tiltekinni húðmeðferðarstofu og eigi hún því rétt til bóta á grundvelli laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Um það er í sjálfu sér ekki deilt, en meðferðin leiddi til skaða á húð beggja upphandleggja, sem valdi andlegri vanlíðan vegna útlitslýtis en einnig því að M eigi erfitt með að vera í sól vegna hættu á bruna. Þá kunni húðskemmdirnar að auka áhættu á húðkrabbameini. Samkvæmt matsgerð sem M gekkst undir, dags. 27. mars 2020, er varanlegur miski vegna þessa 15. stig, skv. 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en í neðanmálsgreinum í matsgerðinni kemur fram að sé hlutfallsreglu beitt verði miski 10 stig. Á grundvelli þessa hefur V fallist á bótaskyldu miðað við 10 miskastig, en hafnað að miða við 15 miskastig.

Í málskoti, og meðfylgjandi gögnum þess, kvartar M undan því að V vilji bara greiða hluta tjónsins og noti hlutfallsregluna. V hafi dregið afgreiðslu málsins í tvö ár og vilji nú miða við hlutfallsreglu sem hafi nýlega verið sett í lög. Að sögn V sé það „prinsip“ hjá félaginu. V hafi hins vegar ekki viljað gefa M skriflegar útskýringar, eins og farið hafi verið fram á heldur hafi samskipti farið fram í gegnum síma. M segir það athugavert að V tengi tvö óskyld slys saman til að minnka tjón hennar. Beiting hlutfallsreglu eigi ekki við í hennar tilviki en tjón sem hún hafi hlotið áður í vinnuslysi og bílslysi hafi ekkert með þetta tjón hennar að gera. Þá sé ekki rétt að miða við lægra miskastig þar sem bæði sé um að ræða lýti og aukna hættu á krabbameini.

V telur í fyrsta lagi að um sé að ræða ágreining um bótafjárhæðir, og því beri að vísa máli þessu frá nefndinni, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykkta hennar, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005. Í bréfi V til nefndarinnar er þá vísað til þess að í matsgerð komi fram að varanlegur miski væri 15 stig, en 10 stig sé hlutfallsreglu beitt. Niðurstaða miskamats sé því 10 stig. Verði ágreiningurinn tekinn til efnismeðferðar megi því skilja málatilbúnað M sem svo að hún kvarti yfir því að hlutfallsreglu sé beitt við mat á afleiðingum tjónsatburðar, og hún telji að sú regla hafi verið sett eftir að hinn bótaskyldi atburður átti sér stað. Hlutfallsreglan sé meginregla í matsfræðum og leiði til þess að varanleg örorka eða miski fari ekki samanlagt yfir 100 stig annars vegar þegar afleiðingar fyrri tjóna séu til staðar og hins vegar þegar fleiri en einn áverki séu í sama atviki. Tjón M hafi náð til beggja handleggja og því sé reglunni beitt. Þá vísar félagið til óáfrýjaðs dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-32/2018 en atvik þess máls hafi átt sér stað 2012. Þar sé staðfest að um sé að ræða viðurkennda aðferð við heildarmat á miska sem sé nú að finna í miskatöflu Örorkunefndar. Því sé það ekki rétt hjá M að um nýja aðferð sé að ræða. Því er það mat V að ekki sé fyrir hendi frekari bótaréttur.

Í viðbótarathugasemdum M segir hún að E-32/2018 hafi aldrei verið birtur, en að hún hafi ráðfært sig við starfsmann dómstólsins og telji þann dóm ekki hafa fordæmisgildi. Þá ítrekar hún kröfur sínar og fyrri röksemdir og segist ekki átta sig á málflutningi V.

Álit.
Í 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum segir m.a. að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi og að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. V byggir á því að um sé að ræða ágreining um bótafjárhæðir og fer því fram

á frávísun nefndarinnar. Á það verður ekki fallist, enda tekur nefndin ekki til skoðunar tilteknar fjárhæðir í þessu samhengi. Verður því litið svo á að um ágreining um bótaskyldu sé að ræða, enda hafi V hafnað bótaskyldu er miði við fullt mat á miska M, og hafi hann því verið færður niður miðað við hlutfallsreglu. Byggi M þannig á því að V hafi aðeins fallist á bótaskyldu vegna hluta tjóns hennar. Verður ágreiningur aðila því tekinn til efnislegrar meðferðar.

Við afgreiðslu málsins skoðaði nefndin sérstaklega dóm héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-32/2018 en hann hefur nú verið birtur. Í niðurstöðukafla kemur fram að dómurinn fallist á að beiting reglunnar hafi verið „bæði eðlileg og hefðbundin aðferð þar sem fyrir hendi voru fjöláverkar og miski að nálgast 100 stig.“ Það er í samræmi við ummæli þess læknis sem kom að matsgerðinni og vitnað er til í niðurstöðukaflanum um að „hlutfallsreglunni sé beitt þegar fjöláverkar eru fyrir hendi og miski fer að nálgast 100 stig“. V hefur í engu sýnt fram á hvernig atvik þess máls hafi verið sambærileg tilviki M, en máli E-32/2018 var um að ræða umferðarslys þar sem tjónþoli varð m.a. fyrir heilaskaða, skerðingu á virkni skynfæra, skaða á stoðkerfi og áfallastreituröskun. Í tilviki M verður hvorki fallist á að um fjöláverka í þessum skilningi hafi verið að ræða þrátt fyrir að M hafi skaðast á báðum handleggjum og miski hennar jafnframt langt frá því að nálgast 100 stig.

Í fyrirliggjandi matsgerð kemur fram að M hafi áður, vegna afleiðinga þriggja aðskildra tjónstilvika verið metin til varanlegs miska, fyrst 7 stiga, næst 11 stiga og svo 5 stiga, eða samtals 23 stiga. V hefur ekki rökstutt með neinum hætti að fyrri afleiðingar eigi að hafa áhrif til lækkunar en í bréfi V til nefndarinnar er aðeins sagt að hlutfallsreglunni skuli beitt þar sem tjón M hafi náð til beggja handleggja. Á það verður samkvæmt framansögðu ekki fallist og enginn frekari rökstuðningur lagður fyrir nefndina af hálfu V.

Jafnvel þó fallist væri á það með V að hlutfallsreglan kunni að vera hefðbundin og eðlileg aðferð við að færa niður miska í ákveðnum tilvikum hefur þannig í engu verið rökstutt hvernig tilvik M falli þar undir, né við hvað er miðað við niðurfærslu miska. Þá verður heldur ekki séð að það sé rökstutt frekar í fyrirliggjandi matsgerð en eingöngu er minnst á hlutfallsregluna þar í neðanmálsgreinum án frekari rökstuðnings fyrir beitingu hennar eða útreikningi. Er þá jafnframt litið til þess að ekki verður séð að tilvísun til hlutfallsreglu hafi verið að finna í miskatöflum Örorkunefndar fyrr en í júní 2019. Verður því fallist á kröfu M um að óheimilt sé að beita hlutfallsreglu við niðurfærslu miska hennar.

Niðurstaða.
V var ekki rétt að beita hlutfallsreglunni við mat á varanlegum miska M.

Reykjavík, 15. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 270/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar.

Gildissvið vátryggingarskilmála og ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna truflunar á flutningskerfi raforku 10. desember 2019.

Gögn.
Málskot dags. 14. ágúst 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 2. september 2020, ásamt fylgiskjölum.
Bréf lögmanns M, dags. 10. september 2020 og tölvupóstur dags. 29. september 2020.
Viðbótargreinargerð V dags. 8. október 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram lýsing M á því að eftir að óveður hafi gengið yfir landið hinn 10. desember 2019 og vegna þess hafi orði miklar truflanir á kerfi M, fjöldi lína hafi dottið út og sumar þeirra í langan tíma. Þegar línur hafi verið settar aftur inn hafi komið tímabundin sveifla á kerfi sem hafi leitt til yfirspennu og hafi hún farið út fyrir vikmörk M og leitt til tjóns á raftækjum viðskiptavina. M greiddi bætur vegna tjónsins til eiganda raftækjanna með milligöngu V án þess að ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu M væri útkljáður.

M telur að rekja megi tjón eigenda raftækjanna til starfsemi sinnar og það að tímabundin sveifla hafi komið á kerfi M óvænt og skyndilega leiði til þess að skilyrði 1. mgr. 2. gr. vátryggingarskilmála um skaðabótaábyrgð séu uppfyllt. M telur að óveður sé ekki sérstaklega undanskilið í vátryggingarskilmálum og vísar til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 51/2019 því til stuðnings að ábyrgðartrygging gæti tekið til tjóna sem verða í óveðri. M vísar einnig til þess að í reglugerð nr. 1084/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi sé fjallað um spennu og spennuflökt og hver vikmörk svokallaðrar afhendingarspennu skuli vera. M vísar einnig til mælinga sinna um afhendingarspennu á tímabilinu 10.-12. desember 2019 þar sem sjá megi viðvarandi spennuflökt og að spenna fari undir vikmörk. Einnig kemur fram í bréfi lögmanns M dags. 10. september 2020 að viðbrögð M vegna straumleysi hafi verið alfarið í samræmi við góðar venjur, en það hafi ekki komið í veg fyrir að tjón yrði á raftækjum þegar rafmagni var aftur komið á. Gögn sem sem sýna spennumælingar fylgdu með umræddu bréfi M.

V telur að það sé ekki hægt að rekja tjón á raftækjum til skaðabótaábyrgðar M og telur að ekkert í málinu bendi til þess að starfsmenn M hafi sýnt saknæma háttsemi eða rekja megi tjónið að öðru leyti til skaðabótaábyrgðar M. V telur að viðbrögð M við einu mesta óveðri síðari ára hafi verið í samræmi við góðar venjur. V telur að að það sé óhjákvæmilegt að það verði sveiflur á rafspennu þegar rafmagn er sett á að nýju eftir að rafmagni slær út vegna óveðurs og ekkert í málinu bendi til þess að það hafi orðið vegna vanrækslu M. Þarna séu um óviðráðanlegar aðstæður að ræða (force majeure) sem enginn beri ábyrgð á. V vísar einnig til þess að gögn um ætluð vikmörk séu óskýr og engar matsskýrslur liggi fyrri um meint tjón í raftækum. Einnig vísar V því á bug að úrskurður í máli nefndarinnar nr. 51/2019 hafi þýðingu við mat í þessu máli.

Nefndin óskaði eftir afstöðu málsaðila til mögulegrar skaðasemisábyrgðar á grundvelli laga nr. 25/1991 og þess sem þar kemur fram reglur laganna gildi um rafmagn.

Í afstöðu V kemur fram sú afstaða að M sé hvorki framleiðandi eða dreifingaraðili rafmagns í skilningi laga um skaðasemisábyrgð heldur hafi M það eina hlutverk að reka flutningskerfi raforku. Framleiðsla rafmagns sé að mestu leyti í höndum Landsvirkjunar ohf. og dreifing raforku í höndum sérstakra dreifiveitna, sbr. 2. tl. 3. gr. raforkulaga. Einnig vísar V til þess að ekki sé sannaður ágalli á vöru, sbr. fyrri röksemdir auk þess sem orsakatengsl séu ósönnuð. Raftæki hafi mismunandi endingartíma og ekkert liggi fyrir um að tjón sem varð á raftækjum í greint sinn hafi verið vegna spennutruflana eingöngu. Einnig vísar V til þess að skv. 2. mgr. 2. gr. laga um skaðsemisábyrgð beri

aðilar ekki skaðsemisábyrgð á grundvelli laganna þegar um er að ræða munatjón ef tjón nær ekki 500 evrum og ekkert liggi fyrir um einstakar tjónsfjárhæðir tjónþola sem gerðu kröfu á M.

M segir í sínum viðbótarathugasemdum að ef niðurstaða sé sú að flutningur M á raforku falli undi lög um skaðsemisábyrgð þá falli tilvikið undir gildissvið tryggingarinnar,“..enda hafi ekki verið sýnt fram á að tjónið sé rakið til sakar Landsnets eða vanrækslu.“

Álit

Í málinu er ágreiningur um hvort skaðabótaábyrgð hafi stofnast af hálfu M vegna tjóns á raftækjum sem varð í kjölfar óveðurs sem gekk yfir landið 10. desember 2019. Í vátryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar M kemur meðal annars fram í 1. mgr. 2. gr. að vátryggingin taki til skaðabótaábyrgðar vátryggðs vegna skemmda á munum enda verði þær raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Ekki verður séð af gögnum málsins að samið hafi verið með öðrum eða víðtækari hætti í vátryggingarsamningi M og V. Í þessu máli liggur fyrir að M hefur greitt bætur til eigenda raftækja vegna þeirra tjóns en V hefur ekki fallist á að slíkt tjón megi rekja til atvika eða aðstæðna sem M ber skaðabótaábyrgð á.

Til þess að til skaðabótaábyrgð skv. íslenskum rétti komi til þarf að sýna fram á að skilyrði skaðbótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli reynir helst á hvort um sé að ræða ábyrgð skv. svokallaðri sakarreglu eða reglu um vinnuveitendaábyrgð, eða hvort skaðsemisábyrgð sé að ræða á grundvelli sérreglna laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð. Sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi beri sönnunarbyrði um að áðurnefnd skilyrði séu uppfyllt.

Í málinu liggja fyrir gögn um spennusveiflur í starfsemi M sem fyrirtækið sjálf metur þannig að farið hafi yfir tiltekin vikmörk. Í málinu liggur hins vegar ekki fyrir sjálfstætt mat á þeim gögnum frá óháðum aðila eða frekari staðfestingar um að farið hafi verið yfir umrædd vikmörk. Þegar litið er til þess að M ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt, auk þess sem það stendur M nær að leggja fram fullnægjandi gögn um starfsemi sína, verður að telja að þau gögn sem lögð hafa verið fram sýni ekki með afgerandi hætti að starfsmenn M hafi sýnt gáleysi við störf sín eða að búnaður M hafi verið með einhverjum hætti þannig að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Fer það saman við mat á því hvort um ágalla á vöru hafi verið að ræða í skilningi laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð.

Hvað varðar ágreining um gildissvið laga um skaðsemisábyrgð og hvort M teljist vera dreifingaraðili rafmagns verður ekki hjá því litið að flutningskerfi hljóta að hafa afgerandi þýðingu við dreifingu þess þó dreifiveitur selji rafmagnið beint til notenda. Í ljósi framangreindrar niðurstöðu um að hvorki sé sýnt fram á skaðabótaskylda háttsemi starfsmanna M eða aðstæður sem M ber á annan hátt skaðabótaábyrgð á, eða að ágalli hafi verið á vöru, telur nefndin ekki nauðsynlegt að fjalla frekar um stöðu M sem dreifingaraðila.

Að öllu framangreindu telst því ekki nægilega sannað að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt um skaðabótaábyrgð M á tjóni eigenda raftækja í kjölfar spennutruflana í desember 2019. Gildissvið ábyrgðartryggingarskilmála fer saman við skilyrði skaðabótaréttar og þannig hefur ekki stofnast bótaskylda úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

Ekki er fyrir hendi bótaskylda úr ábyrgðartryggingu M hjá V vegna tjóns á raftækjum.

Reykjavík, 3. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 271/2020

M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasala A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna upplýsingagjafar við sölu á fasteign.

Gögn.
Málskot dags. 17.08.2020, ásamt fylgigögnum 1-7.
Bréf V, dags. 10.09.2020 ásamt fylgigögnum 1-5.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 10.09.20 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Samkvæmt gögnum málsins festu M, í apríl 2016, kaup á fasteigninni B, en seljendur voru X. Um haustið varð vart við leka í eigninni og var ágreiningsmál milli M og X vegna þess rekið fyrir dómstólum. Dómur Landsréttar í málinu var kveðinn upp hinn 21. júní 2019, og var niðurstaðan sú að X var gert að greiða M skaðabætur að fjárhæð 1.333.368 kr., auk málskostnaðar að hluta. Meðan ágreiningur M og X var rekinn fyrir héraðsdómi seldu M B til Y, en kaupsamningur þar að lútandi er dagsettur hinn 17. janúar 2018. Hinn 26. júní 2018 gerðu M og Y með sér samkomulag vegna framkominna galla á eigninni, en með því féllust M á að greiða Y 1.500.000 kr. án viðurkenningar á því að um bótaskylda galla hefði verið að ræða.

M krefjast bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna fyrrgreinds samkomulags og byggja kröfu sína á því að A hefði, við sölu eignarinnar til Y, átt að upplýsa um dómsmálið milli M og X, grundvöll þess og ástandið á ytra byrði B, en galli fasteignarinnar hafi falist í því að raki myndaðist í íbúðinni vegna sprunga á ytra byrði hússins. Y hafi haft spurnir af málarekstrinum, eftir afhendingu eignarinnar, og í kjölfarið látið framkvæma ástandsskoðun, sem hafi leitt í ljós að viðgerðir á B væru ófullnægjandi. Hafi M í kjölfarið gengið til samninga við Y í þeim tilgangi að takmarka tjón sitt og greitt henni 1.500.000 kr. vegna umrædds galla. Beint orsakasamband sé milli þess tjóns M og háttsemi A, sem í störfum sínum hafi vanrækt þær skyldur sem á henni hvíldu samkvæmt 10.-12. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa, enda hafi M tilkynnt A um að dómsmál væri í gangi vegna B, í þeirri trú að Y yrði upplýst um það.

Í bréfi V til nefndarinnar er haft eftir A að M hafi upplýst A um að leki hefði komið upp í eigninni og að M hafi höfðað mál gegn X, en jafnframt að komið hefði verið í veg fyrir lekann og að húsfélagið að B ábyrgðist þá viðgerð. Hafi A staðið í þeirri trú að málaferlum milli M og X væri lokið. Eftir að Y hafi fengið eignina afhenta hafi hún frétt að málaferli stæðu yfir vegna hennar og hafi hún þá komist að því að ástand B væri verra en upplýst hefði verið um. Hafi það leitt til samkomulags milli M og Y. Í söluyfirliti, sem gert var í tengslum við sölu M á B, og hafi verið undirritað af þeim, komi ekkert fram um galla né málaferli vegna þeirra. Í kaupsamningi milli M og Y komi svo fram að lekið hafi á nokkrum stöðum í B, en að þann leka sé búið að lagfæra. Að mati V beri þetta hvorki með sér að A hafi vitað, eða mátt vita af því, að málaferli væru í gangi, né að gallar væru enn til staðar á B. Þá hafi Y sjálf ekki áttað sig á því að fasteignin væri haldin göllum fyrr en hún frétti af umræddu dómsmáli milli M og X. Hafi A því ekki getað áttað sig á því að úrbætur hefðu ekki farið fram, þvert á upplýsingar frá M. A hafi því fylgt lagaáskilnaði við upplýsingagjöf vegna eignarinnar og byggt á upplýsingum sem stöfuðu frá M sjálfum. Þess utan sé ekki sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni. Í dómsmáli milli M og X hafi M fengið tildæmdar skaðabætur að upphæð 1.333.368 með vöxtum og dráttarvöxtum. Þau hafi hins vegar upp á sitt einsdæmi ákveðið að ganga til samninga við Y svo hún gengi ekki inn í rekstur þess dómsmáls.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að tjón það sem þau hafi fengið bætt í dómsmáli gegn X sé rakið til þess að fyrri seljandi hafi leynt þau og viðeigandi fasteignasala upplýsingum um galla á B. Tjónið sem M vilji fá bætt úr ábyrgðartryggingu A sé hins vegar að rekja til þess að A hafi haldið mikilvægum upplýsingum frá Y. Málin séu því með öllu ótengd. M, sem hafi verið að selja fasteign í fyrsta sinn, hafi leitað til A sem sérfræðings. Þá liggi fyrir viðurkenning A á því að henni hafi verið

kunnugt um málaferli milli M og X. Hún hafi, þrátt fyrir að telja „rétt að upplýsa um málaferli ef þau eru í gangi“, hin vegar ákveðið að þær upplýsingar skiptu Y ekki máli. Í því felist gáleysi A og því sé bótaskylda fyrir hendi.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Þá er í c-lið 1. mgr. 11. gr. kveðið á um að í söluyfirliti skuli m.a. koma fram upplýsingar um galla sem seljanda og/eða fasteignasala er kunnugt um. Þá kemur fram í j-lið 1. mgr. 11. gr. að í söluyfirliti skuli upplýsa um önnur atriði sem kunnugt er um, svo sem skýrslur um ástand eignar sem gerðar hafa verið. Í 1. mgr. 12. gr. kemur m.a. fram að fasteignasali skuli sækja upplýsingar í opinberar skrár og skýrslur ef unnt er. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysis hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Enn fremur skal fasteignasali, sbr. 15. gr. laganna, í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur og siðareglur bjóða. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar.

Af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja verður að telja sýnt að A hafi verið kunnugt um að M hefðu höfðað mál gegn X vegna galla á B. Samkvæmt frásögn A hafi A þó talið að þeim málaferlum hafi verið lokið og að úrbætur hefðu farið fram. A hafi staðið í þeirri meiningu að ekki væri um að ræða upplýsingar sem skiptu væntanlegan kaupanda máli þar sem upplýst hafi verið um umræddan leka. Meðal gagna málsins er ódagsett söluyfirlit, sem ber það með sér að vera prentað út hinn 8. desember 2017 og er undirritað af M. Á því kemur ekkert fram um neina galla á eigninni, né um deilur M við fyrri seljendur. Í yfirlýsingu húsfélags sem fylgja skal söluyfirliti kemur fram að þak hafi verið lagfært. Verður samkvæmt framansögðu að telja að söluyfirlitið uppfylli að þessu leyti ekki áskilnað 11. gr. laga nr. 70/2015. Þannig hefði A verið rétt að upplýsa um málarekstur milli M og X, svo og um umfang þeirra galla sem deilt var um í því máli. Dómsmál sem rekið er um galla á fasteign verður þannig að teljast til þeirra atriða sem falla undir áðurnefndan j-lið 1. mgr. 11. gr. sbr. og 15. gr. laga nr. 70/2015. Þá er einfalt að grafast fyrir um afdrif dómsmála, og verður að líta svo á að upplýsingagjöf M til A hafi gefið tilefni til þess.

Hins vegar hvílir jafnframt á M að sýna fram á orsakatengsl milli þessa gáleysis af hálfu A og þess tjóns sem þau telja sig hafa orðið fyrir. Fyrir nefndinni liggja engin gögn er sýni fram á umfang þeirra galla er enn voru til staðar er Y lét ástandskoða eignina og er því örðugt að leggja mat á réttmæti kröfu Y gagnvart M. Þá liggur heldur ekkert fyrir um hvert söluverð eignarinnar, þegar M seldu Y hana, hefði verið hefði verið réttilega upplýst um ástand hennar. Er því ekki sýnt fram á orsakatengsl milli háttsemi A og þess tjóns sem M telja sig hafa orðið fyrir. Er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu þeirra. Er bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 6. október 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 272/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Starfsmaður slasaðist er taska féll á hann við færiband er unnið var við að afferma flugvél.

Gögn.
Málskot, móttekið 15.8.2020, ásamt fylgigögnum.
Tölvubréf V, dags. 31.8.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Um kl. 6:45 að morgni 29. ágúst 2019 var M að störfum við að fjarlægja töskur úr flugvél á vegum vinnuveitanda síns, A. Segir í málskoti að við verkið hafi hann unnið við færiband og hafi hann sett klossa (bremsu) á færibandið til að stöðva það. Þrátt fyrir það hafi taska, um 25 kg að þyngd, fallið úr 2 m hæð á herðablöð hans með þeim afleiðingum að hann hafi orðið fyrir meiðslum. Hann hafi leitað til læknis sama dag þar sem hann hafi verið greindur með hálstognun og ráðlagt að taka sér nokkurra daga frí frá vinnu.

Í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands, sem er dags. 20. febrúar 2020 og undirrituð af M, er frá því greint á ensku að hann hafi verið að taka töskur úr flugvél og hafi hann staðið undir tilteknum dyrum til að setja setja bremsuklossa („brake chokes“) á færibandið. Maður fyrir ofan hann sem var að taka töskurnar hafi fyrir slysni („accidentally“) misst gripið á handfangi 15-20 kg þungri tösku og misst hana úr 8-9 feta hæð á höfuð hans.

Eftir atvikið mun M hafa haldið áfram störfum en stimplað sig út af vinnustaðnum kl. 9:06 að lokinni afgreiðslu flugvéla þá um morguninn. Síðar um morguninn mun M hafa leitað til læknis.

M kveður færibandið hafa verið vanbúið þar sem það hélt áfram að ganga eftir að M hafði stöðvað það með bremsuklossanum. Hafi vanbúnaðurinn farið í bága við 13. og 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum, svo og 5. gr. reglugerðar 367/2006 um notkun tækja og gr. 2.3 í 1. viðauka við reglugerðina. Enn fremur hafi verkstjórn og leiðbeiningar verkstjóra verið ófullnægjandi þar sem ekki hafi verið tryggt að þungar töskur gætu ekki fallið á starfsmenn við störf þeirra. Þá hafi slysið ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulausrar tafar eins og A hafi verið skylt að gera, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980, en M kveðst hafa látið vinnuveitanda sinn vita strax af slysinu.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Í málinu liggur fyrir tilkynning A til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 29. ágúst 2019, um að M hafi þann sama dag orðið fyrir slysi sem hafi gerst með þeim hætti að hann hafi verið búinn setja klossa á færibandið þegar taska hafi dottið á herðablöð hans. Tilkynning þessi mun hafa verið móttekin hjá Vinnueftirlitinu degi síðar, eða 30. ágúst 2019. Af þeim sökum hafi eftirlitið ekki talið tilefni til að rannsaka slysið sérstaklega. Af hálfu A er því haldið fram að í fyrstu hafi ekki varið talið að meiðsl M hafi verið alvarleg þar sem hann hafi lokið vakt að morgni slysdags og leitað læknis síðar. Slysið hafi hins vegar verið tilkynnt Vinnueftirlitinu jafnskjótt og starfsmenn fyrirtækisins fengu vitneskju um að M yrði óvinnufær í meira en einn dag af völdum þess. Engin haldbær gögn liggja fyrir sem sýna fram á að lagaskylda A til að tilkynna um slysið hafi stofnast fyrr en það var gert.

Ekki verður horft fram hjá því sem fram kemur í tilkynningu M til Sjúkratrygginganna að samstarfsmaður hans hafi fyrir slysni eða óheppni ekki náð taki á handfangi á tösku með þeim afleiðingum að taskan féll ofan á hann. Engin skýrsla liggur fyrir í málinu af téðum samstarfsmanni M hvernig það atvikaðist að hann náði ekki taki á töskunni. Eins og málið liggur fyrir verður ekki talið að það hafi verið vegna saknæmrar háttsemi að samstarfsmaðurinn missti takið á töskunni. Ekkert í gögnum málsins gefur tilefni til að ætla að taskan hafi fallið ofan á M vegna bilunar eða galla í færibandinu, ónógra leiðbeininga, fræðslu eða ófullnægjandi verkstjórnar af hálfu A. Að öllu virtu verður ekki talið að slysið megi rekja til atvika sem A getur borið ábyrgð á. Samkvæmt því á hann ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 22. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 273/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur við Hveramörk 10 hinn 20. júní 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 16. ágúst 2020 með fylgiskjölum.
Bréf V1 dags. 10. september 2020, ásamt gögnum.
Tölvupóstur V2, dags. 24. september 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að árekstur var með bifreiðum A og B hinn 20. júní sl. Ekki var gerð sameiginleg tjónstilkynning á vettvangi og ekki liggur heldur fyrir lögregluskýrsla vegna málsins. Hvor ökumanna um sig skilaði til síns vátryggingafélags lýsingu á aðdraganda áreksturs. M er eigandi bifreiðar A og í gögnum málsins má sjá lýsingu ökumanns á því að hann hafi ekið aftur á bak eftir Hveramörk og ekki séð neitt í baksýnisspegli þegar bifreið B var ekið aftur á bak úr bifreiðastæði í veg fyrir bifreið A. Ökumaður bifreiðar B lýsir hins vegar atvikum þannig að hann hafi verið að aka aftur á bak úr bifreiðastæði og verið kominn út á Hveramörk þegar ökumaður bifreiðar A byrjaði að aka aftur á bak og á bifreið B sem hafi þá stöðvað bifreið sína rétt áður en árekstur varð.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera ábyrgð á árekstri þar sem ökumaður bifreiðar A hafi sýnt næga aðgæslu en ökumaður bifreiðar B hafi ekið rösklega aftur á bak úr bifreiðastæði og vitni geti staðfest það.

V1 og V2 telja að skipta eigi sök milli ökumanna til helminga þar sem hvorugur ökumann hafi sýnt nægjanlega aðgæslu í aðdraganda áreksturs skv. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Álit:
Þegar litið er til gagna málsins er ljóst að báðir ökumenn voru að aka aftur á bak í aðdraganda áreksturs. Hvor ökumanna um sig ber hinn sökum um að hafa ekið án aðgæslu. Í 1.mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir: „Áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skal hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra.“ Sú skylda hvíldi á báðum ökumönnum og ekki er sýnt að annar þeirra hafi gætt þessa betur en hinn. Engin sameiginleg skýrsla vegna árekstursins var gerð á vettvangi og ekki liggja fyrir sérstakar vitnaskýrslur vegna málsins. Með vísan til þessa er ekki hægt að leggja framburð annars ökumanns til grundvallar frekar en hins og verður því að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.
Sök á árekstri milli bifreiðanna A og B skiptist til helminga milli ökumanna.

Reykjavík, 3. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 274/2020

M og
V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs í Múlagöngum hinn 8. ágúst 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 18.08.2020 ásamt fylgiskjölum 1-2.
Bréf V, dags. 03.09.2020.

Málsatvik.
Hinn 8. ágúst 2019 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B, í Múlagöngum, Dalvíkurbyggð. Var lögregla kölluð til og lögregluskýrsla um umræddan árekstur er meðal málsgagna. Þar kemur fram að A hafi verið ekið göngin til vesturs, en B til austurs. Göngin séu einbreið og beri umferð til vesturs að veita umferð til austurs forgang og víkja inn í útskot fyrir henni. Samkvæmt framburði B í lögregluskýrslu ók hann göngin til austurs á 60-70 kílómetra hraða á klukkustund og hafi séð bifreið koma á móti sér. Hann hafi dregið úr hraða en ekki náð að forða árekstri. Samkvæmt framburði M í lögregluskýrslu ók hún göngin á 40-50 kílómetra hraða á klukkustund og hafi séð B koma á móti sér og ætlað inn í útskot, en þá séð B koma á móti sér á miklum hraða. Hún hafi hemlað og bifreið hennar verið kyrrstæð er árekstur varð.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú M skyldi bera alla ¾ hluta sakar á umræddum árekstri fyrir að virða ekki forgang umferðar á móti en B ¼ hluta sakar fyrir of hraðan akstur. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur fram í málskoti að hún telji glæfraakstur B hafa orsakað áreksturinn, hámarkshraði í göngunum sé 50 kílómetrar á klukkustund og hafi B, samkvæmt frásögn hans sjálfs, ekið á hraða sem hafi verið allt að 40% meiri. Ef B hefði verið á löglegum hraða hefði ekki komið til árekstrar. Í málskoti segir M að hún hafi séð B koma í fjarska en metið það svo að hún hefði nægan tíma til að aka að næsta útskoti, á leið sinni þangað hafi hún séð B stefna beint á sig og þá áttað sig á því að hún næði ekki að aka í útskotið áður en bifreiðarnar mættust. Hún hafi þá flautað og hemlað og A verið kyrrstæð er B rakst á hana. Þá leggur M fram hraða og fjarlægðarútreikninga sem sýni fram á að ef B hefði verið ekið á löglegum hraða hefði henni gefist ráðrúm til að víkja í næsta útskot áður en bifreiðarnar rækjust á hvor aðra. Þá hafi B verið skrítinn í háttum og líklega ekki heill heilsu.

V, sem var vátryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, gerir ekki athugasemdir vegna málsins.

Álit:
Óumdeilt er að M, sem ók Múlagöng til vesturs, bar að veita umferð til austurs forgang. Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M hafi veitt B athygli úr fjarska en metið það svo að hún næði að útskoti nr. 4 áður en hún þyrfti að víkja fyrir B. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar er skammt, eða 160 metrar, á milli útskota, og verður því að telja að M hefði, eftir að hún veitti B athygli í fjarska, haft nægt ráðrúm til að víkja tímanlega í útskot áður en til árekstrar kom. Meginorsök árekstrarins er því að rekja til þess að M gætti ekki nægjanlega að annarri umferð og aðstæðum þegar hún mat það svo að hún mundi komast að útskoti 4 áður en til árekstrar kæmi. Ber M því meginsök á umræddum árekstri.

Hins vegar verður ekki horft framhjá því að samkvæmt eigin framburði B í lögregluskýrslu var ökuhraði hans talsvert umfram löglegan hámarkshraða og ber hann því jafnframt nokkra sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber sök á umræddum árekstri að 3/4 hlutum og ökumaður B ber sök að 1/4 hluta.

Reykjavík 22. september 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 275/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um hvort sjúkdómseinkenni megi rekja til tiltekins áreksturs.

Gögn.
Málskot, móttekið 18.8.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 25.8.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 28. maí 2019 var A ekið í hlið bifreiðar sem M ók á Dalvegi í Kópavogi. M hafði einnig lent í svipuðum árekstri 9. mars sama ár. Í læknisvottorði heimilislæknis, dags. 7. febrúar 2020, kemur fram að M hafi tvívegis lent í árekstri þar sem ekið hafi verið í vinstri hlið. Við það hafi hann fengið hnykk vinstra megin á hálsinum og hafi honum fundist hann dofna svolítið upp í andlitinu eftir það í annað skiptið. Eftir þetta hafi hann farið að fá versnandi óþægindi frá hálshryggnum, leiðniverk ofan í vinstra herðablað og vinstri hendi, sérstaklega út í þumalfingur, einnig stundum út í litla fingur. Í vottorðinu kemur einnig fram að M hafi lent í bílveltu 25. janúar 2004 og fengið hnykk á háls og bak og eftir það hafi hann verið veikur fyrir í mjóbakinu. Á árinu 2008 hafi M kvartað um verki og smell í hálsi. Þá hafi hann komið í janúar 2019 vegna verkja sem hafi legið í gegnum nára hægra megin og út í spjaldhrygg og yfir mjöðmina.

Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð læknis og lögfræðings, dags. 20. október 2005, vegna fyrrgreinds slyss 25. janúar 2004 var M talinn hafa hlotið 8 stiga varanlegan miska og 5% varanlega örorku vegna nokkurra tognunareinkenna í baki. Í matsgerðinni kemur fram að M hafi verið metinn til 15% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku vegna vinnuslyss 1988 vegna einkenna frá hálsi og vinstri öxl.

Eftir slysið 9. mars 2019 leitaði M til læknis 14. sama mánaðar og talinn hafa hlotið tognun í brjósthrygg og hálshrygg við áreksturinn. Með beiðni um sjúkraþjálfun, dags. 5. apríl sama ár, er hann sagður búa við verk í mjóbaki og hálsi vinstra megin með leiðni niður í þumal.

Eftir slysið 28. maí 2019 leitaði M til læknis 30. sama mánaðar vegna verkja í vinstri upphandlegg yfir „triceps“, undir herðablaðið vinstra megin með straum út í handlegg og svo upp hálsinn upp höfuðið. M hafi ekki áður verið með verki í upphandleggnum en hitt sé versnun á fyrri verk. Við skoðun hafi mikil bólga verið í „paraspinal“ vöðvum vinstra megin á hálsi og „sternocleidomastoid“ vöðvanum sem og herðum og verið aumur þar yfir. Í fyrrgreindu læknisvottorði heimilislæknis frá 7. febrúar 2020 kemur fram að M hafi einnig leitað til læknisins 14. júní og 8. október 2019. Auk þess hafi hann leitað til bæklunarlæknis sem hafi sent hann í segulómskoðun („SÓ“). Í samantekt í niðurlagi vottorðsins segir að M hafi ítrekað lent í bílslysum, fyrst 2004 og kvartanir hafi verið frá mjóbaki og hálsi en eftir slysið í maí 2019 sé eins og verkur í hálsi hafi aukist talsvert og slitbreytingar komið í ljós við segulómun síðar um sumarið. Hann hafi greinilega fengið tognun á hálshrygg og brjósthrygg.

M hefur krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hann kveðst hafa orðið fyrir við slysið 28. maí 2019 úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu að frátöldu því að félagið muni endurgreiða útlagðan kostnað vegna fyrstu læknisskoðunar, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar sem fallið hefur til á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið að öðrum skilyrðum fullnægðum. Til stuðnings höfnun sinni kveður V að högg á bifreið M hafi verið vægt og samkvæmt svonefndum „PC Crash“ útreikningi, sem V hefur aflað, hafi þyngdarhröðun sem verkaði á bifreiðina af högginu mælst 0,5G. Áhrif slíks höggs á líkama M hafi því verið hverfandi. M hefur ekki fallist á afstöðu V né rökstuðning félagsins sem byggist á útreikningi á þeirri þyngdarhröðun sem á að hafa verkað á bifreið hans.

Álit.
Líkamstjón M bætist samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Auk sjúkrakostnaðar og annars fjártjóns eru bótaþættir samkvæmt lögunum tímabundið atvinnutjón (2.gr.), þjáningar (3. gr.), varalegur miski (4. gr.) og varanleg örorka (5.-9. gr.).

Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að M kunni að hafa orðið fyrir einhverjum meiðslum við áreksturinn 28. maí 2019, sem veitir honum rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A að því marki sem sýnt er fram á að fullnægt sé bótaskilyrðum einhverra þeirra bótaþátta sem mælt er fyrir um í

skaðabótalögunum. Fyrrgreindur PC Crash útreikningur sem aflað var af hálfu V er mjög óskýr og ómögulegt að átta sig á hvað nákvæmlega er verið að reikna út þannig að þýðingu geti haft við mat á því hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum árekstursins. Útreikningur þessi verður því ekki talinn hafa sérstakt sönnunargildi í máli þessu. Hvað sem því líður veita læknisfræðileg gögn sem liggja fyrir í málinu mjög takmarkaðar upplýsingar um það líkamstjón sem M býr við og beinlínis má rekja til slyssins 28. maí 2019. Þannig liggur ekki fyrir nein álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra manna um líkamstjón hans af völdum þessa tiltekna slyss. Að öllu virtu verður að telja að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að M eigi rétt á frekari bótum umfram þær bætur sem V hefur þegar fallist á að greiða vegna sjúkrakostnaðar. Hann á því ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V en félagið hefur þegar fallist á að greiða.

Reykjavík, 15. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 276/2020

A og
V vegna starfsábyrgðartryggingar bifreiðasala.

Ágreiningur um skaðabótaábyrgð vegna greiðslu úr starfsábyrgðartryggingu.

Gögn.
Málskot dags. 17. ágúst. 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 11. september 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að V tilkynnti M hinn 16. júní 2020 að félagið myndi viðurkenna bótaskyldu gagnvart seljanda bifreiðar úr starfsábyrgðartryggingu M vegna atvika sem komu upp við sölu bifreiðarinnar. Greiðsla skaðabóta hefur átt sér stað og hefur V hafið innheimtu sjálfsábyrgðar M skv. vátryggingarsamningi.

Samskipti M og seljenda bifreiðar voru á þá leið skv. gögnum málsins að M var falið að selja bifreið og að sögn hafði bifreiðin verið til sölu í nokkurn tíma á bifreiðasölunni sjálfri án þess að tilboð bærist í hana. Hinn 27. ágúst 2018 hafi síðan verið undirritaður kaupsamningur og afsal þar sem söluverð bifreiðarinnar hafi verið ákveðið 1.500.000 krónur og undir skjalið ritaði starfsmaður M f.h. seljenda, skv. ódagsettu umboði, undirrituðu af seljanda. Í skjalinu kaupsamningur og afsal kemur fram að greiðsla söluandvirðis eigi að fara fram í þrennu lagi, 500.000 krónur við afhendingu og sama fjárhæð annars vegar 3. október og hins vegar 3. nóvember 2018. Eigendaskipti fóru fram 27. ágúst 2018. Óumdeilt er að kaupandi stóð ekki skil á þessum greiðslum þrátt fyrir að að seljandi höfðaði mál gegn honum til greiðslu þeirra. Einnig kemur fram í gögnum málsins að kaupandi bifreiðarinnar hafi verið skráður ógjaldfær skv. skráningu Creditinfo þegar sala á bifreiðinni fór fram. Í kröfu seljanda til V kemur fram að hann telji M ekki hafa gætt hagsmuna hennar í samræmi við 15. gr. laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu, þar sem komi fram að bifreiðasalar skuli gæta þess að ekki séu settir ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningnum. Krafan byggðist á því að með því að skrifa undir kaupsamning og afsal fyrir hönd seljanda, með skilmálum um greiðslufrest á kaupverði án þess að fá sérstakt samþykki seljanda fyrir því og tryggja að kaupandi væri gjaldfær, hefði M sýnt gáleysi við störf sín. Auk þess var vísað til þess að með því að láta eigendaskipti fara fram áður en kaupverð væri að fullu greitt hefði seljandi orðið fyrir tjóni, en seljandi hafi haft litla reynslu af bifreiðaviðskiptum. Á þessum forsendum féllst V á að greiða skaðabætur til seljanda úr starfsábyrgðartryggingu M.

Bifreiðasalan M telur að skaðabótaábyrgð hafi ekki verið fyrir hendi af hálfu fyrirtækisins og ranglega hafi verið greiddar bætur úr starfsábyrgðartryggingu hennar og gerir þá kröfu fyrir nefndinni að ákvörðun V verði „..felld úr gildi.“ M telur að bifreiðasalan hafi unnið í samræmi við venjur og reglur sem gilda um bifreiðasölu. M telur að eigendaskipti á bifreiðinni hafi ekki leitt til tjóns fyrir seljanda en að tjón hans sé fyrst og fremst vegna vanefnda kaupanda. M telur að seljandi hefði ekki verið betur settur við að innheimta kröfu sína ef eigendaskipti hefðu ekki átt sér stað þar sem ekki hefði verið skilyrði til riftunnar kaupanna. M mótmælir því að hafa ekki upplýst seljanda um greiðslufrest kaupverðs, en það komi skýrlega fram í tilboði og við fyrstu greiðslu hafi verið augljóst að kaupverð væri ekki að fullu greitt og seljandi hefði ekki gert athugaemdir við þá tilhögun á þeim tíma. Þar sem V hafi greitt bætur og ætli að innheimta sjálfsábyrgð skv. vátryggingasamningi um starfsábyrgðartrygginguna telur M sig hafa lögvarða hagsmuni af því að fá úr ágreiningi skorið.

V telur að vísa eigi máli M frá nefndinni þar sem í fyrsta lagi hafi M ekki lagt kröfu sína fyrir V áður en málið fór fyrir úrskurðarnefnd, sbr. 2. mgr. 5. gr. samþykkta fyrir nefndina. Í öðru lagi vísar V til 1. mgr. 3. gr. samþykktanna þar sem komi fram að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu en krafa M sé að ákvörðun sé felld úr gildi. Í þriðja lagi vísar V til ákvæðis í gr. 13.2 í vátryggingarskilmálum starfsábyrgðartryggingar bifreiðasala þar sem kemur fram að hluti af vátryggingarsamningi milli M og V er að V komi fram fyrir hönd vátryggðs og ráði málsmeðferð.

Álit:
Ágreiningur aðila í máli þessu lýtur fyrst og fremst að því hvort skilyrði hafi verið til bótaskyldu og þannig greiðslu skaðabóta úr starfsábyrgðatryggingu bifreiðasala þar sem M var vátryggð. Verða málsgögn ekki skilin öðruvísi en að V hafi verið kunnugt um afstöðu M til málsins áður en bótaskylda var samþykkt af hálfu V og einnig að það hafi verið gert í óþökk M. Nefndin telur að hvorki 1. mgr. 3. gr., ná 2. mgr. 5. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum komi í veg fyrir afgreiðslu hennar á þeim ágreiningi.

Þegar litið er til gagna málsins í heild verður fallist á með V að skilyrði hafi verið til greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu M. Verður þar helst litið til þeirra ströngu krafna sem gera má til þeirra sem hafa einkarétt á því að stunda tiltekna starfsemi, eins og lögum var háttað á þeim tíma um M sem bifreiðasala. Í þágildandi 15. gr. laga um verslunaratvinnu nr. 28/1998 kemur fram að „Bifreiðasali skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Bifreiðasali ber ábyrgð á verkum starfsmanna sinna við sölu ökutækja sem væru þau verk hans sjálfs.“ Í þessu felst að bifreiðasali verður að tryggja sér sönnun þess að viðskiptavinir eru upplýstir um öll atriði í tengslum við sölu bifreiðar og sérstaklega þegar samningar fela í sér greiðslufrest á kaupverði. Það liggur ekki fyrir með óyggjandi hætti að M hafi tryggt sér slíka sönnun, en það var sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að skrifað var undir kaupsamning og afsal fyrir hönd seljanda skv. umboði. Hallann af þessum sönnunarskorti ber M.

Ljóst er að tölvupóstsamskiptum V og forsvarsmanns M að M var upplýst um framkomna bótakröfu og hafði tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum að áður en afstaða til bótaskyldu var tekin og gætt ákvæðis 2. mgr. 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 um upplýsingagjöf. Eins og kemur fram hér að ofan telur nefndin að ákvörðun um bótaskyldu hafi verið tekin af hálfu V á grundvelli skaðabótaréttar með réttum hætti. Nefndin úrskurðar skv. 1. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir nefndina um ágreining um bótaskyldu milli málskotsaðila og vátryggingafélags. Niðurstaða nefndarinnar er að bótaskylda hafi verið fyrir hendi úr þeirri vátryggingu.

Hvað varðar tilvísun V til gr. 13.2 í vátryggingarskilmálum þá er ljóst að skv. orðanna hljóðan hennar hefur V forræði á máli þegar krafa er gerð um greiðslu úr starfsábyrgðartryggingu bifreiðasala og er ákvæðið hluti af þeim vátryggingarsamningi sem var í gildi milli M og V á árinu 2018. Verður hins vegar að vekja athygli á því að það ákvæði í vátryggingarsamningnum verður að túlka í samræmi við síðasta málslið 2. mgr. 44. gr. laga um vátryggingarsamninga kemur fram að viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð sé ekki bindandi fyrir vátryggðan.

Niðurstaða.
Rétt var af hálfu V að samþykkja bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu bifreiðasala M.

Reykjavík, 22. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 277/2020

M og
V v/ frítímaslysatryggingarliðs fjölskyldutryggingar.

Maður varð fyrir meiðslum þegar leið yfir hann eftir meðferð hjá tannlækni og hann féll í gólfið.

Gögn.
Málskot, móttekið 13.8.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 27.8.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 13. ágúst 2019 var M til meðferðar hjá tannlækninum A. Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti tókst A ekki að deyfa tönn áður en borað var í hana. Kveður M að mikill sársauki hafi fylgt því þegar borað var í tönnina og að meðferð lokinni hafi hann farið í afgreiðslu hjá A til að greiða fyrir læknisþjónustuna. Hafi hann þá hnigið niður meðvitundarlaus. Við fall í gólfið hafi hann hlotið áverka á vör og nefi auk þess sem tönn hafi brotnað.

M hefur krafist bóta úr frítímaslysatryggingu hjá V vegna þeirra líkamsmeiðsla sem hann varð fyrir við fallið í gólfið. V hefur hafnað bótaskyldu þar sem M hafi ekki orðið fyrir umræddum meiðslum af völdum slyss í skilningi þeirra vátryggingarskilmála sem gilda um slysatrygginguna ellegar að slysið sé undanþegið bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt skilmálum slysatryggingarinnar greiðast bætur úr vátryggingunni vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, við skólanám eða almennar íþróttaiðkanir enda leiði slysið til nánar tilgreinds tjóns. Einnig er tekið fram að með orðinu slys í skilmálunum sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

Enn fremur er kveðið á um það í skilmálunum, í kafla um undanþegnar áhættur, að vátryggingin bæti ekki slys sem verða m.a. vegna lækningameðferðar nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss.

Samkvæmt gögnum málsins verður ekki ráðið að af hálfu V séu bornar brigður á með hvaða hætti M varð fyrir meiðslunum. Þykir því mega leggja til grundvallar þá frásögn M að hann hafi orðið fyrir miklum sársauka þegar borað var í tönn hans sem hefur haft þau áhrif á líkamsstarfsemi hans að leið yfir hann þegar hann kom í afgreiðslu tannlæknastofunnar. Verður samkvæmt þessu að telja að meiðslin megi rekja til yfirliðs í kjölfar mikils sársauka við að borað var í tönn hans. Eins og hér stóð á verður að líta á þá aðgerð að borað var í tönnina sem leiddi til sársaukans sem utanaðkomandi atvik sem leiddi til slyssins. Samkvæmt þessu telst vera um slys að ræða í skilningi vátryggingarskilmálanna. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að slysið verður rakið til lækningameðferðar sem A veitti M umrætt sinn og af gögnum málsins verður ekki séð að meðferðin hafi verið af læknisráði af völdum bótaskylds slyss. Í ljósi þessa og með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis í skilmálunum verður að telja að slysatryggingin taki ekki til þessa slyss sem M varð fyrir í kjölfar læknismeðferðarinnar hjá A. Hann á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 22. september 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 278/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Slys þegar barn fór yfir girðingu 24. ágúst 2018.

Gögn.
Málskot dags. 21. ágúst. 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 8. september 2020.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 10. september 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M, þá sex ára gamall, hafi verið með móður sinni að fylgjast með fótboltaleik á Skagavelli. M fór með vinum sínum af vellinum til að leika sér í fótbolta og ætlaði síðan að stytta sér leið aftur inn á áhorfendasvæði Skagavallar me því að klifra yfir girðingu sem er í kringum völlinn. M náði að festa sig uppi á girðingunni og við það að reyna að losa sig hlaut M alvarlega áverka á höndum.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem hann varð fyrir þennan dag og vísar til þess að umbúnaður girðingar þeirrar sem M klifraði yfir hafi verið þannig að teinar á girðingunni hafi snúið upp og það hafi falið í sér augljósa slysahættu. M vísar til þess að leiðbeiningar á heimasíðu framleiðanda girðingarinnar séu þannig að X hafi átt val um að snúa umræddum teinum niður og verði að meta það eftir aðstæðum hvort það sé gert. M bendir á að aðstæður séu þannig á Skagavelli á vænta megi umferðar barna og ungmenna og hafi því átt að snúa teinum girðingarinnar niður. M bendir á að umræða um slysahættu vegna girðinga sem þessa hafi verið nokkur og sérfræðingur í slysavörnum hafi bent á þá hættu. Eðlilegt sé að gera þær kröfur til X að tryggja öryggi þeirra barna og unglinga sem eiga leið um íþróttavöll með viðeigandi hætti og öllum tiltækum ráðum. Einnig bendir M á að breytingar hafi verið gerðar eftir slys hans sem sýni að búnaður girðingarinnar hafi ekki verið fullnægjandi og þörf hafi verið á að bæta úr.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að uppsetning umræddrar girðingar hafi verið í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og M hafi ekki sýnt fram á að slíkum leiðbeiningum hafi ekki verið fylgt, en ekki komi þar fram að teinar eigi að snúa niður við tilteknar aðstæður. V vísar til þess að sönnunarbyrði hvíli á M um að mat X á aðstæðum hafi verið rangt með því að snúa teinum upp og bendir ennfremur á að girðingin hafi ákveðið hlutverk í tengslum við skipulagða keppnisleiki og tengda viðburði á svæði sem íþróttafélag í X standi fyrir. Ekki sé um að ræða leikvöll í skilningi skoðunarhandbókar um leikvelli og því eigi þau sjónarmið sem komi fram hjá sérfræðingi í slysavörnum um slík svæði ekki við. Viðbrögð X eftir þetta slys verði heldur ekki metin sem staðfesting á einhvers konar gáleysi af hans hálfu.

Álit:
Ágreiningur aðila um skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns M verður leystur á grundvelli skilyrða skaðabótaréttar og þeirra sönnunargagna sem liggja fyrir um aðstæður á tjónsstað og atvik sem geta leitt til skaðabótaábyrgðar. Í málinu liggja fyrir upplýsingar um leiðbeiningar framleiðanda girðingar um uppsetningu hennar þó þær sem voru notaðar árið 1995 þegar girðingin var fyrst sett upp finnist ekki. Ekki er hægt að álykta að þær leiðbeiningar hafi verið öðruvísi á þeim tíma varðandi það hvort teinar hennar hafi átt að snúa upp eða niður, en ætla verður að sá sem lætur setja girðingu sem þessa upp verði að meta almennt slysahættu af henni. Eðli málsins samkvæmt er ekki ætlast til þess að fólk klifri yfir umrædda girðingu, hvorki fullorðnir né börn enda tilgangur girðinga almennt að hefta umferð fólks þannig að það velji að fara í gegnum hlið eða annars konar op á girðingum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það í málinu að börn hafi almennt notað þessa leið sérstaklega eða aðrir, þannig að ástæða hafi verið til þess að bregðast við því sérstaklega. Ekki liggur heldur fyrir að slys hafi orðið við umrædda girðingu áður. Þó X hafi gert tilteknar ráðstafanir eftir slys M ræður það eitt ekki úrslitum um hvort umbúnaður girðingarinnar hafi verið fullnægjandi í greint sinn. M hefur ekki tekist

að leggja fram óyggjandi gögn sem staðfesta að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt og ber hallann af slíkum sönnunarskorti. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjáV.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 280/2020

M og
V v/ málskostnaðartryggingar í fjölskyldutryggingu.

Ágreiningur um bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu/réttaraðstoðartryggingu.

Gögn.
Málskot móttekið 20.8.2020, ásamt fylgiskjölum 1-9.
Bréf V dags. 8.9.2020.

Málsatvik.
Segir í málskoti að M hafi verið handtekinn á árinu 2013 vegna gruns um aðild að fíkniefnainnflutningi. Árið 2014 hafi hann svo fengið greiddar miskabætur vegna ólögmætrar handtöku og rannsóknaraðgerða lögreglu vegna þess. Þá kemur fram í málskoti M að hann hyggst höfða mál á hendur íslenska ríkinu á grundvelli þeirrar kröfu að íslenska ríkið greiði fyrir sameiginlegt mat á varanlegum afleiðingum handtökunnar og rannsóknaraðgerðum lögreglu. Sendi M beiðni til Ríkislögmanns þann 15.7.2019 þar sem þess var óskað að íslenska ríkið myndi standa að mati á varanlegum afleiðingum aðgerða lögreglu. Sendi Ríkislögmaður svar þann 3.9.2020 um að erindið hafi verið sent til umsagnar. Eftir ítrekun á bréfi M frá 15.7.2019 sendi Ríkislögmaður svo annað sams konar bréf þann 28.7.2020. Að sögn M bárust engin frekari svör frá Ríkislögmanni.

M tilkynnti V um málið og sendi kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu sinni þann 5.8.2020. Telur M að málið falli undir málskostnaðarlið Fjölskyldutryggingar sinnar hjá félaginu.

V hafnaði bótaskyldu og vísaði til þess að árs tilkynningarfrestur til að tilkynna tjón skv. 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn þegar tilkynning barst félaginu þann 5.8.2020. Telur V að ágreiningur í málinu hafi hafist með beiðni M, dags. 15.7.2019, því það hafi verið þá sem ósætti málskotsaðila við fyrra uppgjör hans og íslenska ríkisins hafi verið komið til vitundar íslenska ríkisins. Ágreiningur hafi því verið hafinn á þeim tímapunkti hvort sem svör hefðu borist strax eða ekki. Þá telur V að ágreiningur hafi í allra síðasta lagi verið kominn upp þegar 15 daga svarfrestur sem settur var fram í bréfi M til íslenska ríkisins var liðinn. Enn fremur hefur V vísað til þess í samskiptum við M að málið falli ekki undir tryggginguna vegna þess að það varði atvinnu vátryggðs. Telur félagið að þar sem hann hafi verið færður til í starfi vegna atviksins og hlotið tekjumissi vegna þess falli málið undir undantekningarákvæði í skilmálum félagsins, þar sem kveðið er á um að ágreiningur er varðar atvinnu vátryggðs falli ekki undir tryggginguna.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 51.gr. laga nr. 30/2004 glatar vátryggður rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. Þar sem um málskostnaðartryggingu er að ræða verður að líta til skilmála vátryggingarinnar um það hvenær stofnast til bótaskylds atviks úr tryggingunni. Segir í m.a. í skilmálanum að: „*Vátryggingin tekur til ágreinings sem kemur upp á vátryggingartímabilinu [..]*“. Í skilmálanum er jafnframt almennt miðað við þá reglu að til bótaskylds atburðar stofnist þegar ágreiningur er kominn upp á milli aðila. Verður því að miða við að upphaf ársfrestsins byrji að líða við það tímamark er vátryggðum mátti vera ljóst að ágreiningur væri kominn upp.

Ágreiningurinn í máli þessu lýtur að því hvort íslenska ríkið greiði fyrir sameiginlegt mat á varanlegum afleiðingum rannsóknaraðgerðar lögreglu á heilsu M og kröfu M um bætur á grundvalli slíks mats. Fyrir liggur að beiðni um aðkomu íslenska ríkisins að slíku mati var fyrst send Ríkislögmanni þann 15.7.2019 og að endanleg afstaða Ríkislögmanns liggur ekki fyrir. Verður því að meta hvort, og þá hvenær M mátti vera ljóst að Ríkislögmaður myndi ekki verða við beiðni M um að standa að sameiginlegu mati á afleiðingum tjónsins. Að mati nefndarinnar mátti M í allra fyrsta lagi vera ljóst að ágreiningur kynni að vera uppi þann 3.9.2020, þegar svarbréf barst frá Ríkislögmanni um að málið yrði sent til umsagnar. Á þeim tímapunkti var ársfrestur skv. 1. mgr. 51. gr. laga um

vátryggingarsamninga ekki liðinn. Af gögnum málsins verður ekki séð að umræddur ágreiningur tengist atvinnu M á nokkurn hátt. Undantekningarákvæði vátryggingarskilmálans um að vátryggingin nái ekki til ágreinings er varðar atvinnu vátryggðs á því ekki við í þessu máli. M rétt á bótum úr vátryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V

Reykjavík, 15. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 282/2020

M og
V vegna sumarhúsatryggingar.

Ágreiningur um bótafjárhæð vegna tjóns á sumarhúsi 21. febrúar 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 15. júní 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 8. september 2020.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 10. september 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins liggur fyrir að tjón varð á sumarhúsi M hinn 21. febrúar sl. og mat á tjóninu lá fyrst fyrir 29. apríl sl. með ósk M um endurmat í lok maí sl. Í tillögu V að uppgjöri er gert ráð fyrir því að M geti sótt fulla endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vinnu þegar sumarhús þeirra verður byggt aftur á grundvelli XXXIII. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

M telur að ekki sé unnt að gera ráð fyrir því við tjónsuppgjör að þau fái endurgreiddan virðisaukaskatt þar sem sú lagaheimild sem liggur til grundvallar slíkri endurgreiðslu gildi einungis út árið 2020 og ekki sé ljóst að vinna komi til með að eiga sér stað á því ári. M vísa til þess að byggingarleyfi hafi ekki fengist ennþá og því sé mikil óvissa um tímasetningu framkvæmda. Þannig sé ekki hægt að miða við að þær náist á árinu 2020.

V vísar til tjónamats sem félagið gerði hinn 29. apríl sl. þar sem gert er ráð fyrir endurgreiðslu virðisaukaskatts í samræmi við gildandi lög og vísar um það til gr. 5.3 í vátryggingarskilmálum þar sem komi orðrétt fram að „Ef vátryggður getur nýtt kostnað venga tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu vátryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.“ V vísar til þess að tjónsuppgjörið geri ráð fyrir rúmum tíma fyrir M að láta vinna að uppbyggingu eða um sjö mánuði á árinu 2020. Einnig vísar V til tjónstakmörkunarskyldu skaðabótaréttar og þeirrar meginreglu sem þar gildir um að tjónþolar skuli ekki hagnast á tjóni sínu. V telur að M hafi ekki sýnt fram á að þau geti ekki byggt sumarhús sitt upp á árinu 2020.

Álit:
Í málinu er ágreiningur um hvort við tjónsuppgjör bóta úr sumarhúsatryggingu eigi að taka mið af gildandi lögum um rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna byggingaframkvæmda. Óumdeilt er að M ættu slíkan rétt á árinu 2020 ef framkvæmdir eiga sér stað á því ári og miðast tilboð V við það. Af vátryggingaskilmálum verður ekki annað ráðið en ákvörðun bóta taki mið af 5. gr. skilmálanna og þar annars vegar kveðið á um að tjónsbætur miðist við enduröflunarverð á sambærilegum hlutum og skemmst hafa eða eyðilagst og fjárhags og eignastaða vátryggðs sé hin sama fyrir tjón, sbr. gr. 5.1. Einnig kemur fram í gr. 5.3 að bótafjárhæðir skuli taka mið af kostnaði við viðgerð á hinni vátryggðu húseign og er V í sjálfsvald sett hvort það bætir tjón með peningagreiðslu eða greiðir kostnað af fullnægjandi viðgerð á hinu vátryggða. Einnig kemur þar fram það sem V vísar til í röksemdum sínum að bætur lækki ef vátryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar. Þessi ákvæði vátryggingarskilmála eru hluti af vátryggingarsamningi M og V um það hvernig bætur eru ákveðnar ef tjón verða. Eru báðir aðilar bundnir af þeim ákvæðum. Tjónsuppgjör sem miðast við eingreiðslu á árinu 2020 og það að framkvæmdir eigi sér stað á því ári getur því tekið mið af því að M fái endurgreiddan virðisaukskatt vegna framkvæmda. Ekki hafa verið lögð fram óyggjandi gögn af hálfu M um uppbyggingartíma og á meðan þau liggja ekki fyrir verður ekki hægt að miða við aðrar forsendur en þær sem liggja fyrir miðað við gildandi lög. Niðurstaða nefndarinnar er sú að forsendur þær sem liggja fyrir í málinu um bótauppgjör séu réttar miðað við árið 2020. Nefndin getur ekki tekið afstöðu á öðrum grundvelli.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á frekari bótum en tjónsuppgjör á árinu 2020 gerir ráð fyrir.

Reykjavík, 22. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 283/2020

V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á gatnamótum hinn 15. júlí 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 23.08.2020 ásamt fylgiskjölum 1-7.
Bréf V1, dags. 22.09.2020 ásamt fylgiskjali.
Bréf V2, dags. 18.09.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 13.10.2020.

Málsatvik.
Hinn 15. júlí 2020 varð árekstur milli ökutækja A, sem er í eigu M, og B, á gatnamótum Grensásvegar og Suðurlandsbrautar í Reykjavík. Á bakhlið tjónstilkynningar lýsir A atvikum svo að A hafi verið á beygjuakrein við Engjaveg á leið yfir gatnamót til vinstri inn á Suðurlandsbraut. Ökutæki B hafi verið á beygjuakrein á Grensásvegi, en í stað þess að beygja til vinstri inn á Suðurlandsbraut hafi B ekið beint áfram, og rekist á hægri hlið ökutækis A. Á bakhlið sinnar tjónstilkynningar lýsir ökumaður B atvikum svo að hann hafi verið fyrir aftan tvær bifreiðar á beygjuljósi til vinstri, en fært sig, áður en kom að óbrotinni línu á veginum, á akrein með stefnu beint áfram.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú að ökumaður A bæri alla sök á umræddum árekstri þar eð hún hafi tekið vinstri beygju í veg fyrir B. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur fram í málskoti að báðar bifreiðarnar hafi verið á vinstri beygjuakrein. Því hafi A ekki mátt ætla að nauðsyn bæri til að veita B forgang, þar eð leiðir bifreiðanna hefðu með réttu ekki átt að skerast. Þá liggi fyrir tvær afstöðumyndir, undirritaðar af báðum ökumönnum, sem sýni skýrlega að B hafi ekið beint áfram, og í veg fyrir A, af beygjuakrein. Það sem komi fram hjá B á bakhlið tjónstilkynningar sé hins vegar einhliða, síðar tilkominn framburður B

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, vísar í bréfi sínu til nefndarinnar til þess að á afstöðumynd á framhlið tjónstilkynningar, sem báðir ökumenn hafi staðfest með undirritun, komi skýrt fram að báðum bifreiðum hafi verið ekið á beygjuakreinum. Ökumaður B hafi þá skipt um akrein á gatnamótum og ekið í veg fyrir A. Þetta megi jafnframt greina af nákvæmari afstöðuteikningu sem A og B hafi staðfest með undirritun. Á bakhlið tjónstilkynningar hafi B því vikið frá fyrri framburði sínum og verði að leggja frumgögn málsins til grundvallar atvikalýsingu. Þannig hafi B með þeirri háttsemi sinni að skipta um akrein á gatnamótum brotið gegn 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 sem leggi bann við því að skipta um akrein á, eða við, vegamót. Beri B því alla sök á umræddum árekstri.

V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, byggir afstöðu sína á því að B segi, á bakhlið tjónstilkynningar, hafa skipt tímanlega um akrein áður en óbrotin miðlína skildi akreinar. A beri sönnunarbyrðina fyrir því að svo hafi ekki verið og hafi sú sönnun ekki tekist. A hafi með aksturslagi sínu brotið gegn 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga sem kveði m.a. á um að ökumaður sem hyggist beygja á vegamótum skuli ganga úr skugga um að það sé hægt á hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, enda hafi hún ekki gætt nægilega að umferð úr gagnstæðri átt. Beri A því alla sök á umræddum árekstri.

Álit:
Fyrir nefndinni liggja tvær teikningar er sýna afstöðu bifreiðanna í aðdraganda árekstrar. Annars vegar er um að ræða teikningu á framhlið tjónstilkynningar og hins vegar stærri og ítarlegri teikningu sem gerð er á sérstöku blaði. Báðar þessar teikningar eru staðfestar með undirritun beggja ökumanna, og síðarnefnda teikningin er dagsett 16. júlí 2020. Verður því byggt á þeim sem frumgögnum um atvik málsins. Af þessum teikningum má ráða að A hafi verið staðsett á beygjuakrein til vinstri inn á Suðurlandsbraut og B hafi verið staðsett á miðjuakrein á Grensásvegi, sem einnig er beygjuakrein til

vinstri inn á Suðurlandsbraut, úr gagnstæðri átt. Verður því að telja að framburður B, á bakhlið tjónstilkynningar, þess efnis að hann hafi skipt tímanlega um akrein áður en að gatnamótum kom, sé í andstöðu við það sem ráða má af áðurnefndum teikningum. Verður því byggt á því að B hafi skipt um akrein og fyrirhugaða akstursstefnu við, eða á, gatnamótum, og þannig brotið gegn lokamálslið 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga sem kveður á um bann við því að skipta um akrein við eða á gatnamótum.

Þar er samkvæmt framansögðu mat nefndarinnar að B hafi ekið í veg fyrir A er hann ók beint áfram af beygjuakrein og að A hafi ekki mátt vænta annars en að hann mundi beygja til vinstri þannig að leiðir þeirra mundu ekki skerast. Ber B því alla sök á árekstri bifreiðanna.

Niðurstaða.
Ökumaður B, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 29. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 284/2020

M og
V vegna fasteignatryggingar.

Ágreiningur um bótafjárhæð vegna vatntjóns í húseign.

Gögn.
Málskot móttekið 26. ágúst 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 16. september 2020 ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur lögmanns M dags. 17. september 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram sú krafa M að „.. umfang bótaskyldu vátryggingafélags vegna skolpvatnsleka verið endurmetið.“ Í málskoti kemur einnig fram að M rekur tjón á húseign sinni til leka sem varð í eldhúsi húseignar hennar vegna leka frá efri hæð húseignarinnar og hins vegar til þess að sá leki hafi ekki verið lagaður nægilega vel af hálfu vátryggingafélags eiganda efri hæðar hússins.

M telur að V eigi að greiða bætur í samræmi við kostnaðaráætlun sem M hefur sjálf aflað vegna kostnaðar sem mun hljótast af viðgerð vegna tjónsins. Sú kostnaðaráætlun hljóðar upp á 2.213.185 krónur og er að sögn M um að ræða mat byggingariðnfræðings/verktaka. V hafi boðið mun lægri bótafjárhæð sem dugi ekki til að bæta tjón hennar.

V telur að ágreiningur sé um bótafjárhæð þar sem félagið hafi boðið greiðslu á 533.450 krónum vegna tjónsins, en M hafi hafnað því. V samþykkir ekki að nefndin fjalli um þennan ágreining um bótafjárhæðir og vísar til 2. mgr. 3. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005. Þar komi fram að sérstakt samþykki þurfi frá öllum aðilum til að nefndin fjalli um bótafjárhæðir og þar sem V samþykki ekki þá beri að vísa málinu frá.

M telur að kröfugerð hennar snúi að umfangi bótaskyldu og eigi því ekki að vísa málinu frá nefndinni.

Álit.
Í 2. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing birt í B-deild stjórnartíðinda nr. 1090/2005, kemur fram að nefndin úrskurði ekki um bótafjárhæðir nema að fengnu sérstöku samþykkti allra málsaðila. Af gögnum þessa máls og kröfugerð M um „umfang bótaskyldu“ og röksemdir fyrir henni verður ekki skilin öðruvísi en að ágreiningur í málinu snúi aðallega að því hvaða fjárhæðir eigi að greiða úr fasteignatryggingu hennar vegna tjóns á húseign.

Í gögnum málsins kemur fram afstaða félagsins til fjárhæða bóta liggi fyrir og af málskoti verður heldur ekki annað ráðið en að M sé ósátt við þá fjárhæð. Telst ágreiningur vera um bótafjárhæð og þar sem V hefur ekki samþykkt að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir verður að vísa málinu frá nefndinni.

Niðurstaða.
Máli M, er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 22. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 285/2020

M og
V v/ sjúklingatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna læknismeðferðar við hryggskekkju.

Gögn.
Málskot, móttekið 26.8.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 8.10.2020.

Málsatvik.
M var í meðferð hjá bæklunarskurðlækninum A vegna hryggskekkju frá júlí 2000, er hún var 10 ára gömul, til nóvember 2005. Árið 2005, er M var orðin 16 ára og hætt að vaxa, var talið að úr því myndi hryggskekkjan ekki versna og talið óhætt að útskrifa hana án frekara eftirlits. Í janúar 2016 fór M í myndatöku af hryggnum og kom þá í ljós að hryggskekkjan hafði aukist úr 45° í 55°. Kveður M að A hafi ekki lagt neit til vegna þessarar breytingar svo sem að hún ætti að fara í aðgerð. Í kjölfarið leitaði M til bæklunarskurðlæknisins B sem lét taka mynd af hryggnum í nóvember 2017 en þá hafi hryggskekkjan verið komin í 58°. Gekkst M undir aðgerð hjá B 2. maí 2018. Eftir aðgerðina var M óvinnufær í sex mánuði og hækkaði um 4 cm.

M kveðst hafa fengið ranga og villandi meðferð hjá A. Meðal annars hefði átt að spengja hana strax á árinu 2006 er hún var með 45° skekkju. Jafnframt hafi verið rangt að útskrifa hana árið 2006 í ljósi þess að hryggskekkjan hélt áfram að aukast. Á árunum 2002 til 2018 hafi hún alltaf verið með seyðing í baki og verk í mjóbaki, höfuðverk, vöðvabólgur o.fl. sem hafi takmarkað getu til vinnu og að sinna áhugamálum. Hefði A átt að senda hana í aðgerð strax á árinu 2016. Hefur M krafist bóta úr sjúklingatryggingu A hjá V. Til stuðnings kröfu sinni hefur M einkum vísað til greinar í dagblaði á árinu 1996 þar sem fjallað var um aðgerð á hrygg sem A framkvæmdi hjá ungri stúlku, svo og til bréfs B, dags. 16. júní 2020. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt rétt til bóta samkvæmt lögunum. Nánar greinir í 2. gr. laganna um skilyrði þess að slíkur réttu geti stofnast. Samkvæmt þeirri lagagrein skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers eftirtalinna atvika:

1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.
2. Tjón hlýst af bilun eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.
3. Mat sem síðar er gert leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem völ var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.
4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Engin mats- eða álitsgerð liggur fyrir, svo sem matsgerð dómkvaddra matsmanna sýnir fram á að M hafi orðið fyrir tjóni sem að öllum líkindum megi rekja til einhverra þeirra atvika sem tilgreind eru í 1. til 4. tölulið 2. gr. laganna. Í þessu efni dugir ekki sem sönnunargagn tilvísun í blaðagrein fyrir tæpum 25 árum varðandi tiltekna aðgerð sem A framkvæmdi. Ekkert kemur heldur fram í bréfi B frá 16. júní 2020 sem bendir til að þau sjúkdómseinkenni sem M býr við megi rekja til þeirra atvika eins og lýst er

í 2. gr. laganna. Að öllu virtu verður að telja að M hafi ekki sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir tjóni sem telst bótaskylt á grundvelli laganna um sjúklingatryggingu. Samkvæmt þessu á M ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu hjá V.

Reykjavík, 3. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 286/2020

M og
V vegna slysa- og sjúkratryggingar.

Ágreiningur um gildissvið slysahugtaks vátryggingaréttar vegna afleiðinga sýkingar í júlí 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 26. ágúst 2020 með fylgiskjölum.
Bréf V dags. 12. október 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M leitaði á heilsugæslustöð vegna verkja og bólgu í hægri úlnlið hinn 18. júlí 2019 og síðan aftur fjórum dögum síðar og þá var honum vísað á bráðamóttöku. Hinn 31. júlí 2019 greindist M með „Staphyloccus aureus“ bakteríusýkingu og tók þá við stíf sýklalyfjameðferð. M hefur verið óvinnufær vegna afleiðinga þessa síðan.

M byggir á því að hann hafi slasast á höndum við vinnu sína, en hann starfaði í júlí 2019 sem smiður. M vísar til þess að við komu á bráðamóttöku hafi hann haft tvö sár á höndum og ætla megi að sýking hafi átt leið inn í líkama hans af húð í gegnum þau sár og þannig valdið óþægindum í úlnlið. M telur að það sýking berist með þessum hætti inn í líkama hans hafi verið skyndilegur atburður í skilningi gr. 14.3 í vátryggingarskilmálum og eigi hann rétt til bóta vegna slyss úr slysa- og sjúkratryggingu sinni. M vísar til læknisfræðilegra gagna og telur að sýkingarafleiðingar hafi komið fljótt fram og þar sé einnig sýnt fram á að bakterían lifi almennt á húð og hafi þannig komist inn í líkama M, þ.e. í gegnum sár á höndum hans.

V telur að um veikindi sé að ræða en ekki skyndilegan atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs í skilningi gildissviðs vátryggingarskilmála. V vísar til þess að almennt geti bakteríu- og veirusýkingar leitt til veikinda fólks en ekki sé sýnt fram á að eitthvað skyndilegt atvik hafi leitt til sýkingar í tilviki M og þannig að tjón hafi komið fljótt fram. Þannig sé um sambærilegar aðstæður að ræða þegar um eitrun og kul sé að ræða. Þannig telur V að um sjúkdóm sé að ræða en ekki slys.

Álit:
Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ágreiningur M og V snúist aðallega um það hvort afleiðingar sýkingar M séu meiðsli á líkama hans í skilningi gr. 14.2 í vátryggingarskilmálum og hafi mið til vegna skyndilegs atburðar. Í gr. 14.3 í sömu skilmálum kemur fram að við meiðsl á útlimum sé þess ekki krafist að atburður sé jafnframt utanaðkomandi og á það við í máli M. Í II. kafla vátryggingarskilmála er fjallað um svokallaða sjúkravernd og rétt til bóta vegna starfsorkumissis af völdum sjúkdóms en ekki er að sjá af málsgögnum að ágreiningur sé um bótaskyldu af þeim ástæðum.

Í gögnum málsins er ítarlega farið yfir afleiðingar sýkingar þeirrar sem greindist hjá M í lok júlí 2019. Ekki hefur hins vegar verið upplýst með nægilega skýrum hætti hvort og þá hvaða skyndilegi atburður hefur mögulega getað leitt til hennar. Það er því ósannað að skilyrði gr. 14.2, sbr. gr. 14.3 í vátryggingarskilmálum V séu uppfyllt þannig að um slys sé að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr slysalið slysa- og sjúkratryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysa- og sjúkratryggingu sinni hjá Vþ

Reykjavík, 3. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 287/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss um borð í farþegaskipi.

Gögn.
Málskot dags. 24.08.2020 ásamt fylgiskjölum 1-9.
Bréf V dags. 09.10.2020 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Hinn 21. júní 2019 varð M fyrir slysi um borð í farþegaskipi A. Samkvæmt lýsingu í málskoti voru atvik með þeim hætti að nokkur veltingur hafi verið á skipinu, og stjórnandi þess hafi svo skyndilega tekið krappa beygju sem hafi leitt til þess að farþegar féllu úr sætum sínum. M slasaðist nokkuð við fallið og krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess þar sem slys hennar megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna A og skorts á öryggisráðstöfunum um borð.

Byggir M kröfu sína á því að gera verði þá kröfu til skipstjóra sem annist farþegaflutninga að þeir hugi vel að veðri og sjólagi og gæti ítrustu varúðar við mat á því hvort lagt sé út. Að sigla bátnum og taka krappa beygju við þær aðstæður sem verið hafi verði að meta starfsmanni A til gáleysis. Rökstyður M og þessa afstöðu með vísan til nánar tilgreindra ákvæða siglingarlaga nr. 34/1985, en af þeim leiði að annast skuli öruggan flutning farþega og að farsala sé skylt að bæta líkamstjón farþega megi rekja það til yfirsjónar eða vanrækslu aðila sem hann beri ábyrgð á. Þá hafi öryggisráðstafanir í borð um A verið ófullnægjandi. Vísar M til skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa þar sem fram hafi komið að bekkurinn sem M sat á hafi verið háll, og staðsettur ofan á lestarlúgu, þá hafi einu handriðin sem hægt var að grípa í við aðstæður sem þessar verið staðsett aftan á bekknum. Hafi aðstæður um borð því verið ótryggar og það hafi orsakað slys M. Jafnframt komi fram í skýrslu nefndarinnar að A hyggist bæta úr þessum vanbúnaði, en væru aðstæður fullnægjandi væri varla tilefni til þess. Þá vísar M í málskoti til dómaframkvæmdar, en ljóst sé að ríkar kröfur verði gerðar til aðila sem flytji farþega á bátum og skipum.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að félagið telji ósannað að uppfyllt séu þau skilyrði bótaábyrgðar að tjón M verði rakið til yfirsjónar eða vanrækslu A eða aðila sem það beri ábyrgð á, en það sé M sem beri sönnunarbyrðina fyrir því. Skipinu hafi verið siglt á 6,5 – 7 sjómílum í hægri norðaustanátt og í samræmi við aðstæður og sjólag, og ekkert í gögnum málsins bendi til þess að siglt hafi verið of hratt miðað við aðstæður. Þá bendi ekkert til þess að skipið hafi skort einhvern þann öryggisbúnað sem hefði getað komið í veg fyrir slys M, allur nauðsynlegur öryggisbúnaður sé um borð og handrið, sem farþegar geti notað, séu á baki bekkja skipsins. Skipið hafi þá uppfyllt allar þær opinberu kröfur sem gerðar séu til farþegaskipa og öryggisbúnaðar þeirra og hafi öll tilskilin leyfi verið til staðar. Sé því ekki sýnt fram á að nauðsynlegur öryggisbúnaður hafi ekki verið um borð. Það að A ætli að setja handrið fyrir framan umræddan bekk og líma á hann stamt gúmmíefni feli svo aðeins í sér að A ætli að ganga lengra en kröfur séu um og verði ekki túlkað sem svo að öryggisbúnaður á slysdegi hafi ekki verið fullnægjandi. Er kröfu M því hafnað.

Álit:
Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A en svo bótaskylda sé fyrir hendi þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða aðila sem það ber ábyrgð á. Meðal gagna fyrir nefndinni eru lögregluskýrsla um atvikið og skýrsla Rannsóknarnefndar samgönguslysa. Af þeirri síðarnefndu má ráða að orsök slyssins sé sú að skipið hafi fengið á sig öldur sem það valt undan. Í málskoti kemur fram að stjórnandi skipsins hafi tekið krappa beygju við þær aðstæður, en ekkert í öðrum gögnum eða vitnisburði bendir til þess að sú hafi verið raunin. Þá liggur ekki fyrir að veður hafi verið með þeim hætti að óforsvaranlegt hafi verið að halda í umrædda ferð en samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar var vindhraði sex metrar á sekúndu. Er því ekki fallist á að slys M megi rekja til háttsemi stjórnenda skipsins umrætt sinn. Hvað varðar

hugsanlegan vanbúnað skipsins þá liggur fyrir að skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa er í sjálfu sér ekki ætlað að skipta sök eða ábyrgð, þó vissulega megi byggja á henni við greiningu á málsatvikum. Af ljósmynd í skýrslunni má sjá að lúgutessar standa upp úr lestarlúgu sem bekkurinn er á og er í skýrslunni gerð sérstök athugasemd við það fyrirkomulag og lýst þeirri afstöðu að sá frágangur geti orsakað slys þar sem farþegar geti hrasað um þá. Umræddir lúgutessar virðast hins vegar ekki hafa orsakað slys M heldur verður ráðið af vitnisburði hennar að hún hafi fallið úr sætinu við dekkið þegar veltingur kom á skipið. Ekki liggur annað fyrir en að skipið hafi uppfyllt allar opinberar kröfur um öryggisbúnað, að tilskilin leyfi hafi verið til staðar og að ekki hafi verið gerðar athugasemdir við aðbúnað um borð fyrir umrætt atvik. Þó ætlun A virðist sú að ganga lengra en krafist sé hvað varðar öryggisbúnað verður ekki talið að það leiði til þess að líta skuli svo á að í því felist viðurkenning á því að aðbúnaður sé ófullnægjandi, eða að svo sé í raun. Samkvæmt framansögðu telst því ekki sýnt fram á að slys M verði rakið til atvika sem A beri bótskyldu á. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 3. nóvember 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 288/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna tjóns á sjálfskiptingu.

Gögn.
Málskot móttekið 28.08.2020 ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf V dags. 03.09.2020 ásamt fylgiskjölum 1-4.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 09.09.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að bifreiðaverkstæðið A hafi gert við bifreið í eigu M, en reikningur vegna viðgerðarinnar er dagsettur 14. maí 2019. Viðgerðin hafi falið í sér að skipta út olíukæli fyrir sjálfskiptingu bifreiðarinnar. Nokkrum dögum síðar hafi bifreiðin bilað aftur og hafi þá verið leitað til umboðsverkstæðisins B en upphafleg bilanagreining B er dags. 29. maí 2019. Þá hafi engin olía mælst á skiptingu. M byggir á því að við vinnu sína hafi starfsmenn A gleymt að fylla á olíu í sjálfskiptingu með þeim afleiðingum að sjálfskipting bifreiðarinnar hafi eyðilagst og gerir því kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Byggir M kröfu sína m.a. á því að í uppfærðri bilanagreiningu B, dags. 3. september 2019, komi fram að „líklegast hefur gleymst að setja olíu á skiptinguna“, en enginn leki hafi fundist í skiptingunni. Það sé fullmikil tilviljun, hafi engin mistök verið gerð af hálfu A, að sjálfskiptingin gefi sig nokkrum dögum eftir viðgerðina.

V hafi hafnað kröfu M, með bréfi dags. 27. september 2020, með þeim rökum að ekki væri hægt að fullyrða að tjón M verði rakið til þess að mistök hafi átt sér stað hjá A. Samkvæmt frásögn A hafi ekki verið tappað af skiptingunni, heldur hafi 0,7 lítrum verið bætt á olíuna. Jafnframt hafi starfsmenn A þrifið vélarrýmið sem hafi verið olíublautt. M fellir sig ekki við þá afstöðu enda bendi allt til þess að A hafi ekki bætt á olíuna, jafnvel þó það hafi verið gert hafi A þá ekki gengið úr skugga um að komið hafi verið í veg fyrir áframhaldandi leka áður en bifreiðin var afhent M.

Í bréfi til nefndarinnar tekur V fram að það hvíli á M að sýna fram á að atvik hafi verið með þeim hætti að A beri skaðabótaábyrgð á umræddu tjóni. Það hafi ekki tekist enda geti ýmsar ástæður, aðrar en mistök af hálfu A, legið að baki ónýtri sjálfskiptingu. V vísar þá sérstaklega til þess að í upphaflegri bilanagreiningu B komi fram að vélarrýmið hafi verið útatað í olíu án þess að upplýst hafi verið um ástæður þess. Þá sé ágiskun B um að líklega hafi ekki verið fyllt á olíu þegar A vann við bifreiðina ekki næg sönnun þess að slík mistök hafi átt sér stað. Samkvæmt frásögn A hafi verið fyllt á olíu, vélarrými þrifið við upphaf og lok viðgerðar, og bifreiðin prófuð án þess að leki eða annað athugavert hafi komið í ljós.

Álit:
Sá sem telur sig hafa orðið fyrir skaðabótaskyldu tjóni ber sönnunarbyrði fyrir því að almenn skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Er það því M að sýna fram á að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis A eða aðila sem það ber ábyrgð á. Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að B telji líklegt og allt benda til að ekki hafi verið fyllt á sjálfskiptinguna þegar skipt var um kæli, þ.e. þegar A var að vinna við bifreiðina. Bilanagreining B er þó ekki afdráttarlaus um þessi atriði, og eins verður ráðið af gögnum málsins að olía hafi verið í vélarrými þegar bifreiðin kom í viðgerð til B. Ekki er ljóst hvaðan sú olía kom, hafi A ekki fyllt á olíu við skiptin. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki séð að nægilega afdráttarlaust mat liggi fyrir varðandi það að mistök hafi átt sér stað hjá A, og í raun um það hvað varð til þess að sjálfskipting bifreiðarinnar gaf sig, þó fram komi að vísbendingar séu um að þrýstingur hafi fallið í skiptingu. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur M því ekki tekist að sýna nægilega fram á að tjón á bifreiðinni sé að rekja til skaðabótaskyldrar háttsemi A. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík 22. október 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 289/2020

M og
V vegna slysatryggingar sjómanna hjá V

Ágreiningur um hvort atvik falli undir slysahugtak vátryggingarskilmála.

Gögn.
Málskot dags. 28.08.2020 ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf V dags. 11.09.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 14.10.2020.

Málsatvik.
Á málskoti kemur fram að hinn 24. janúar 2020, hafi M, er hann var að störfum í skipi A, orðið fyrir meiðslum. Nánar er tildrögum atviksins lýst svo að M hafi verið á leið niður stiga og hafi hann misreiknað sig og talið sig vera á síðasta stigaþrepinu þegar hann átti í raun tvö þrep eftir. Hafi hann við þetta fengið slink á hnéð. Vindhraði á þessum tíma hafi verið 15-25 metrar á sekúndu. Þegar M leitaði læknis eftir atvikið kom í ljós að hann var með tognun á liðbandi hægra hnés. Með tölvupósti, dags. 6. ágúst 2020, hafi V hafi V hafnað bótaskyldu með vísan til þess að ekki væri sýnt fram á að meiðsli M yrðu rakin til utanaðkomandi atvika, og því væri ekki um slys í skilningi viðkomandi vátryggingarskilmála að ræða.

M mótmælir þeirri afstöðu, enda bendi ekkert til þess að svimi, jafnvægisleysi eða annað innra ástand M hafi orsakað meiðsli hans. Ekki sé um það að ræða að hann hafi misstigið sig af óþekktri ástæðu heldur liggi fyrir að hann hafi hrasað er hann missti af þrepi í stiga. Um hafi verið að ræða óvænt frávik frá því sem vænta megi þegar gengið sé niður stiga. M hafi meiðst við það að skyndilegur höggáverki kom á hnéð þegar hann lenti af fullum þunga á fætinum eftir að hafa misreiknað sig með ofangreindum hætti. Vísar M sérstaklega til fordæmis Hæstaréttar í máli nr. 412/2011 og síðari úrlausna sem byggi á því fordæmi, þar sem um hafi verið að ræða slys sem atvikuðust með þeim hætti að tjónþolar hafi misreiknað sig við stökk. Þá bendi vindstyrkur til þess að veltingur hafi verið á skipinu sem auki líkur á meiðslum við atvik sem þetta.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að misstig feli, að mati V, í sér meiðsl sem verði vegna eigin hreyfingar tjónþola, en ekki utanaðkomandi atburðar, misstig eitt og sér geti þannig ekki fallið undir skilgreiningu slysahugtaksins í vátryggingarskilmálum. Þá sé ákveðið misræmi í lýsingum á atvikum, annars vegar í skipsdagbók, tilkynningu til sjúkratrygginga, og bráðamóttökuskrá og hins vegar í málskoti. Þannig sé það fyrst í málskoti sem minnst sé á utanaðkomandi atvik, þ.e. höggáverka á hné eftir fall. Í öðrum atvikalýsingum sé aðeins talað um misstig eða slink á hné þar sem M hafi misreiknað sig í stiganum. Ekki verði byggt á síðar til kominni atvikalýsingu og er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Í skilmálum viðeigandi vátryggingar er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama þess sem er vátryggður og gerist án vilja hans. Ljóst er af framansögðu að ágreiningur aðila snýr að því hvort líkamstjón það sem M varð fyrir hinn 24. janúar 2020 sé að rekja til utanaðkomandi atburðar eða innri orsaka. Af fyrirliggjandi lýsingum má telja ljóst að umrætt atvik hafi orðið með þeim hætti að M hafi misreiknað sig er hann var að ganga niður tröppur og fengið slink eða högg á hnéð þar sem niðurstigið hafi verið hærra en hann gerði ráð fyrir. Verður að telja það fela í sér skyndilegan utanaðkomandi atburð. Þá liggur ekkert fyrir annað en að M hafi verið heill heilsu og af þeim læknisfræðilegu gögnum er liggja fyrir nefndinni verður ekki séð að M hafi strítt við veiklun af einhverju tagi í hægra hné fyrir umrætt atvik. Bendir þá ekkert til þess meiðsl M verði að öðru leyti rakin til sjúkdóms eða innra ástands M. Er það því niðurstaða nefndarinnar að um slys í skilningi vátryggingarskilmála hafi verið að ræða og bótaskylda því fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna A hjá V.

Reykjavík, 22. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 290/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Vinnuslys við hífingu með lyftara 25. febrúar 2019.

Gögn.
Málskot dags. 24. ágúst 2020 ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V dags. 12. október 2020 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.´
Í gögnum málsins er atvikum lýst þannig að M hafi slasast við vinnu sína þegar fingur hans klemmdist milli rennibekkjar eða vélar og borðs eða grindar. M lýsir atvikum þannig í tjónstilkynningu til V dags 14. mars 2019 að þegar verið var að setja borð ofan á rennibekk hafi hann klemmst illa á vinstri hendi. Í málskoti er aðstæðum þannig lýst að M hafi verið falið að færa stórt og þungt borð á rennibekk og við það verk hafi samstarfsmaður hans stjórnað lyftara sem notaður hafi verið til að ferja borðið og slys M hafi orðið þegar stjórnandi lyftarans hafi látið borðið síga án þess að vara M við. M kveðst hafa misst hluta fingursins og leitaði strax til læknis og varð óvinnufær strax á slysdegi. Í gögnum málsins liggja fyrir framburðarskýrslur tveggja samstarfsmanna M sem lýsa atvikum þannig að þeir hafi ekki séð slysaatvikið sjálft heldur einungis afleiðingar, en lýsa báðir atvikum þannig að þeir hafi allir verið að vinna að verkinu.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans vegna saknæmrar háttsemi stjórnanda lyftarans sem M telur ekki hafa sýnt af sér nægilega aðgæslu í aðdraganda slyss hans. M vísar til gr. 3.2.5 í viðauka reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja um að lyftingar skuli skipuleggja og framkvæma rétt og það hafi ekki verið gert í greint sinn. Einnig vísar M til þess að skipulagning verksins hafi ekki verið fullnægjandi þar sem M hafi verið að vinna það í fyrsta skipti. Ekki hafi verið gerðar nægar öryggisráðstafanir, sbr. fyrirmæli í lögum nr. 46/1980 eða fyrrnefndrar reglugerðar nr. 367/2006. M bendir einnig á að slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins, eins og skylt hafi verið að gera skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 og verði því að leggja hans frásögn til grundvallar málsatvikum. Einnig vísar M því á bug að hann hafi sinnt umræddu verki óumbeðinn og X bæri hallann af sönnunarskorti um það vegna vanrækslu tilkynningarskyldu til Vinnueftirlitsins.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur ósannað að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. V lýsir atvikum þannig að M hafi slasast þegar verið var að sinna verki þar sem koma átti fyrir grind undir vél inn í rými þar sem önnur vél var fyrir og þurfið að slaka grindinni yfir þá vél. Til verksins hafi verið notaður skotbómulyftari og leiðilínur sem festar hafi verið á tveimur stöðum í grindina til að stýra henni á réttan stað. Slysið hafi síðan orðið þannig að M sjálfur hafi bent stjórnanda lyftarans á að slaka grindinni niður og sett hönd sína á milli og það hafi leitt til slyssins. V telur að slys M megi rekja til hans eigin gáleysis þar sem hann hafi reynt að stýra byrði lyftarans með höndunum í stað þess að leyfa leiðilínum að gera það. Einnig bendir V á að M hafi starfað í tvö ár hjá fyrirtækinu og hafnar því að X eigi að bera hallann af sönnunarskorti vegna atvika. Einnig bendir V á að lyftari sá sem var notaður til verksins hafi uppfyllt allar öryggiskröfur og telur það sýnt af framburði sjónarvotta af slysinu að M hafi farið með hendi

Álit:
Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Með vísan til þessa lagaákvæðis og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau.

Í málinu er ágreiningur um málsatvik og fá fullyrðingar sem hafðar eru fyrirsvarsmönnum X um að M hafi ekki átt að vinna umrætt verk fá ekki stoð í öðrum gögnum málsins eins og t.d. lýsingum sjónarvotta. Verður að leggja það sem haft er eftir M til grundvallar um málsatvik og að slys hans hafi orðið þegar stjórnandi lyftara hafi látið borð eða grind síga án þess að vara hann við og aðrar mögulegar orsakir slyssins teljast ósannaðar. Sú háttsemi lyftarastjórnandans að gæta ekki betur að sér er gáleysisleg og ber X ábyrgð á henni. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Samkvæmt 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim, skerðist ekki réttur starfsmanns til skaðabóta sem verður fyrir líkamstjóni í starfi sínu vegna meðábyrgðar hans nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Jafnvel þótt M kunni að hafa sýnt einhverja óvarkárni þegar slysið varð er ekkert í gögnum málsins sem gefur tilefni til að virða þessa háttsemi til stórkostlegs gáleysis. Af þeim sökum er réttur hans til bóta úr ábyrgðartryggingunni óskertur.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 17. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 291/2020

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á Kjalvegi þann 14.8.2020.

Gögn.
Málskot, móttekið 28.8.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 24.9.2020.
Bréf V2, dags 17.9.2020.

Málsatvik.
A og B var ekið í sömu átt eftir Kjalvegi og var A ekið á undan B. Er ökumaður B hugðist aka vinstra megin fram úr A var henni sveigt til vinstri og aðlægar hliðar bifreiðanna rákust saman.

Ökumaður A kvað veginn hafa verið hræðilegan. Stórar holur hafi verið í honum sem hann hafi í nokkrar mínútur verið að reyna að aka fram hjá. Hafi hraði hans verið 10 km á klst. Þá hafi B komið fyrirvaralaust, ökumaður hennar reynt framúrakstur og ökutækin rekist saman. Hann hafi ekki séð nein merki þess að ökumaður B hafi ætlað að aka fram úr A, hvorki í baksýnisspegli né hliðarspegli. Í málskoti kveður ökumaður A að aðstæður á hægri helmingi vegarins, miðað við aksturssstefnu, hafi verið „virkilega slæmar“ og því hafi hann þurft í nokkurn tíma að færa sig reglulega á miðjan veg til að koma í veg fyrir að tjón yrði á A. Í þessu tilfelli hafi ökumaður B reynt framúrakstur án þess að hann hafi tekið eftir honum.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 20 km hraða á klst. og eftir að hafa „dólað“ smá stund fyrir aftan A hafi hann reynt framúrakstur. Ökumaður A hafi fært sig nær vegkanti og hann hafið framúraksturinn með stefnuljósið kveikt. Er hann hafi verið næstum samsíða A hafi henni skyndilega verið sveigt til vinstri og í hlið B.

Álit.
Ljóst þykir að vegurinn þar sem áreksturinn varð hafi verið holóttur og erfiður yfirferðar. Af þeim sökum hefur þurft að sýna sérstaka varkárni og tillitssemi við akstur á veginum, sbr. m.a. 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 (ufl.).

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. ufl. skal ökumaður vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti. Þá skal ökumaður, áður en hann ekur til hliðar, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, sbr. 2. mgr. 20. gr. laganna. Áður en ökumaður A færði bifreið sína inn á miðju vegarins í þann mund sem áreksturinn varð gætti hann ekki að umferð fyrir aftan sig eins og honum bar. Hann telst af þeim sökum eiga sök á árekstrinum.

Þegar nauðsynlegt er, til að koma í veg fyrir eða afstýra hættu, skal ökumaður gefa hljóð- eða ljósmerki eða á annan hátt vekja athygli annarra vegfarenda á hættunni, en ljósmerki skal gefa með því að blikka aðalljósum, sbr. 1. mgr. 33. gr. ufl. Aðstæður til framúraksturs voru varhugaverðar og lítið mátt út af bregða svo ekki myndi skapast hætta á árekstri. Var því brýnt að ökumaður B gæfi ökumanni A merki um framúraksturinn áður en hann hófst. Á því varð misbrestur hjá ökumanninum, en einungis stefnumerkjagjöf telst ekki hafa verð fullnægjandi eins og hér stóð á. Hann á því einnig sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum þykir rétt að hvor ökumanna beri helming sakar.

Niðurstaða.
Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 29. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 293/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar veitufyrirtækis (A).

Ágreiningur um fjárhæð bóta vegna tjóns af völdum heitavatnsleka. Frávísun.

Gögn.
Málskot, móttekið 1.9.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugsemdum og gögnum.
Bréf V, dags. 16.9.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Í ágúst 2019 var lokið við endurbætur á tiltekinni húseign (B) í eigu M. Um það leyti sem framkvæmdum lauk, eða 12. september 2019, tilkynnti M til V um tjón á B af völdum heitavatnsleka, en tjónsdagur er sagður hafa verið 23. maí saman ár. Er tjóninu lýst svo að heitavatnslögn í eigu A hafi farið í sundur og vatn lekið úr henni um óskilgreindan tíma. Samkvæmt greiningu starfsmanna A hafi heitt vatn náð að leka undir sökkla B og virðist hafa safnast þar saman. Gufa hafi með einhverjum hætti náð að komast inn í húsið og verða að raka. Verkfræðingur hafi mælt hitastig á gólfplötu í kjallara 30°C. Vatnslekinn mun hafa verið rakinn til mistaka starfsmanna A og bótaskylda var viðurkennd úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Verktakar sem V útvegaði unnu að viðgerð á húseigninni vegna vatnstjónsins. Kveðst V hafa greitt 5.308.247 krónur vegna þeirrar vinnu. M taldi tjónið ekki að fullu bætt með þeirri viðgerð sem fram fór á vegum þess verktaka sem V hafði útvegað. Með greinargerð, dags. 1. júlí 2020, var af hálfu M gerð krafa í átta stafliðum (A-H) um bætur samtals að fjárhæð 12.867.075 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Um kröfuna segir svo í greinargerðinni: „Eftir að framkvæmdatíma tryggingafélagsins var einhliða lokið og úttekt hafði farið fram af hálfu þess komu ýmsar skemmdir skemmdir í ljós sem þurfti að lagfæra áður en húsnæðið gæti talist hafa góða innivist af hálfu sérfræðinga [...] verkfræðistofu. Um var að ræða tafsama og dýra vinnu við rakamælingar og viðamiklar viðgerðir, t.d. á suðurvegg skrifstofu í SA-hluta hússins. Þessar viðgerðir og mælingar fóru fram á fyrstu mánuðum yfirstandandi árs og lauk í maí...“

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Í 2. mgr. sömu greinar samþykktanna segir að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Þá er tekið fram í 3. mgr. greinarinnar að nefndin úrskurði hvort ágreiningur heyri undir nefndina og telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

Í máli þessu er ekki deilt um það að tjón sem hlaust af umræddum heitavatnsleka sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Á hinn bóginn greinir aðila á um það hvert umfang tjónsins er og hver skuli vera fjárhæð bóta vegna tjónsins. Eins og málið liggur verður að líta svo á að ágreiningurinn lúti að því hver skuli vera fjárhæð bóta vegna þess tjóns sem hlaust af völdum vatnslekans. V hefur ekki samþykkt sérstaklega að nefndin fjalli um bótafjárhæðir í máli þessu eins og áskilið er í 2. mgr. 3. gr. samþykktanna svo nefndin geti fjallað um slíkan ágreining. Að svo vöxnu heyrir ágreiningurinn ekki undir nefndina og ber því að vísa málinu frá, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

Niðurstaða.
Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 22. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 294/2020

M og
V vegna lausafjártryggingar og kaskótryggingar ökutækis.

Ágreiningur um greiðslu bóta vegna tjóns á lausafé og bifreið 12. desember 2018.

Gögn.
Málskot móttekið 3. september 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 20. september 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins, þ.á.m. lögregluskýrslum, kemur fram að farið var inn í verslunarhúsnæði M að því er virðist aðfararnótt 12. desember 2018 og varningi stolið þaðan. Einnig voru teknir lyklar af bifreið M og hún fjarlægð. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að bifreiðin hafi ekki fundist. Niðurstaða lögreglurannsóknar, þar sem vettvangur var rannsakaður strax eftir að tjón hafði verið tilkynnt, var sú að líklega hefði verið farið inn í verslunarhúsnæði M með lykli. Í málinu liggur einnig fyrir ódagsett skýrsla með myndum frá byggingarverktaka um að hurð á verslunarhúsnæðinu sé óþétt og hurðarhúnn laus, sem og að lamir hurðarinnar virðist snúnar.

M telur að greiða eigi bætur úr lausafjártryggingu sinni vegna tjóns á lausafé sem hafi verið fjarlægt í innbroti, en telur að fyrirtækið hafi ekki verið með kaskótryggingu ökutækis í gildi. M telur ekki skipta máli að vátryggingarfjárhæð í lausafjártryggingunni hafi verið hækkuð skömmu fyrir tjónsatburði en það hafi verið vegna stækkunar á verslunarhúsnæði og verðmætari lagers. M telur heldur ekki skipta máli að fyrirtækið hafi áður orðið fyrir tjóni og sé hér um einangrað tjónsatvik að ræða sem verði að meta þannig. Einnig vísar M til þess að í lögregluskýrslu sé orðið innbrot notað og fjallað sé um far eftir eitthvað álag á karmi hurðarinnar sem séu ummerki um innbrot og ekki sé hægt að útiloka að kunnáttumenn hafi verið á ferð sem hafi reynt að fara eins varlega og þeir gátu við að komast inní húsnæði M. Í málskoti kemur einnig fram að vísað sé á bug ásökunum af hálfu V um að um sviksamlega háttsemi hafi verið að ræða af hálfu eiganda M.

V hefur hafnað bótaskyldu úr lausafjártryggingu M með vísan til þess að ósannað sé að um innbrot hafi verið að ræða þar sem niðurstaða lögreglurannsóknar hafi verið að farið hafi verið inn í húsnæði M með lykli og þau ummerki sem hafi verið á hurðarkarmi beri með sér að þau hafi verið búin til í þeim tilgangi að láta líta út fyrir að um innbrot hafi verið að ræða. V telur að niðurstaða lögreglu sé afdráttarlaus um að ekki hafi verið um innbrot að ræða í verslunarhúsnæði M. V lýsir því einnig yfir að kaskótrygging sé í gildi vegna ökutækis í eigu M en telur þjófnað hennar ósannaðan og þannig sé ekki fyrir hendi bótaskylda úr þeirri vátryggingu heldur. Afstöðu V fylgja einnig upplýsingar um viðskiptasögu M við V síðan í janúar 2017 og tvisvar eftir það hafi verið greiddar bætur úr lausafjártryggingu M, annars vegar vegna innbrots í febrúar 2017 og hins vegar vegna bruna í nóvember 2017. Einnig vísar V til þess að stuttu fyrir tilkynningu um það tjón sem hér er til umfjöllunar hafi M hækkað lausafjártryggingu umtalsvert. V vísar einnig til þess að með vísan til 2. mgr. 47. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 falli allur réttur M niður skv. vátryggingarsamningi þar sem M hafi af ásetningi veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiði til þess að hann fái greiddar bætur sem hann á ekki rétt til. V vísar einnig til 10. gr. vátryggingarskilmála undir nafninu „sameiginlegir skilmálar“. V telur einnig að sú háttsemi brjóti gegn 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr 19/1940 og áskilur sér rétt til að kæra málið til lögreglu til frekari rannsóknar. V bendir einnig á að ódagsett skýrsla um húsnæði M beri ekki með sér hvenær það hafi verið skoðað og hafi því ekkert sönnunargildi. Einnig vísar V til þess að í samskiptum eiganda M við starfsmenn V hafi hann hamrað á því að brotist hafi verið inn í verslun M í gegnum útidyrahurð og að ökutæki M hafi verið notað til að ferja lausaféð sem stolið var. Það hafi leitt til grunsemda bæði lögreglu og félagisins að maðkur hafi verið í mysunni hvað varðar tjónsatvikið.

Álit:
Í málinu er ágreiningur um bótaskyldu annars vegar úr lausafjártryggingu þar sem gildissvið þeirrar vátryggingar nær til „innbrots“ og hins vegar verður að líta svo á að þar sem kaskótrygging ökutækis var í gildi á tjónsdegi þá sé einnig ágreiningur um hvort gildissvið þeirrar vátryggingar nái til tjónsins, þ.e. hvort um „þjófnað“ hafi verið að ræða. Um gildissvið beggja vátrygginga er fjallað í vátryggingarskilmálum fyrir hvora um sig.

Vátryggingartaka/vátryggðum ber skv. almennum sönnunarreglum að sýna fram á að tjón hans falli undir gildissvið vátryggingarsamnings. Þegar litið er til gildissviðs lausafjártryggingar M hjá V verður því að líta svo á að M hafi sönnunarbyrðina um að tjón á lausafé í verslunarhúsnæði hans sé vegna innbrots. Gögn málsins sýna það ekki með óyggjandi hætti þar sem lögreglurannsókn leiðir ekki skýrt í ljós að brotist hafi verið inn heldur er þar dregin sú ályktun að farið hafi verið inn í húsnæði M með lykli. Skýrsla sem lögð var fram einhliða af hálfu M og er ódagsett hefur ekki það sönnunargildi að hún hnekki þeirri niðurstöðu lögreglurannsóknarinnar. Þetta leiðir til þess að ósannað er að M hafi orðið fyrir bótaskyldu tjóni úr lausafjártryggingu sinni. Frekari umfjöllun um 2. mgr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga hvað varðar þá vátryggingu er því þarflaus.

Þó M haldi því fram í málskoti að hann hafi ekki ætlað að festa kaup á kaskótryggingu ökutækis verður ekki hjá því litið að V hefur með athugasemdum sínum við málskot M staðfest að slík vátrygging var í gildi á tjónsdegi. Kemur því til skoðunar hvort hafi orðið tjón sem fellur undir gildissvið þeirrar vátryggingar, en eins og áður segir nær hún til þjófnaðar.

Í ljósi þess að ekki verður annað séð af málsgögnum en að ökutæki M hafi ekki fundist verður að telja sannað að þjófnaður hafi átt sér stað. Af gögnum málsins má ráð að lyklar ökutækisins hafi verið geymdir inn í verslunarhúsnæði M án þess að þeim hafi verið komið fyrir þar í lokaðri eða læstri hirslu. Í gr. 6.3. í vátryggingarskilmálum kaskótaryggingar hjá V kemur fram sú varúðarregla að ökutæki skuli vera læst og lykla ökutækis skuli geyma á öruggum stað. Þessa var ekki gætt af hálfu M og telst því tilefni til að takmarka ábyrgð V á grundvelli 26. gr. laga um vátryggingarsamninga. Með hliðsjón af því að umrædd varúðarregla er mikilvæg til að koma í veg fyrir þjófnað á ökutæki og M hafði alla möguleika til að geyma lykla á öruggum stað verður með hliðsjón af atvikum öllum að takmarka ábyrgð V um helming.

Hvað varðar vísun V til 2. mgr. 47. gr. og að M hafi misst rétt til bóta vegna ásetnings um að veita rangar eða ófullnægjandi upplýsingar verður slíkur ásetningur ekki talinn fullsannaður m.v. þau gögn sem liggja fyrir í málinu. Sönnunarbyrði um takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags hvílir á V og ber félagið því hallann af slíkum sönnunarskorti.

M á því rétt á bótum úr sinni kaskótryggingu ökutækis hjá V en réttur til bóta takmarkast um helming.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr lausafjártryggingu en á rétt á bótum sem nemur helmingi tjóns á ökutæki úr kaskótryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 3. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 295/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um skilyrði skaðabótaréttar vegna tjóns á bifreið 26. febrúar 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 26. ágúst 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 24. september 2020 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á vinstra fram- og afturhjóli bifreið M þegar hann ók ofan í holu á Sigtúni við Grand hotel, sem rekið er af X.

M telur að hann eigi að fá skaðabætur vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu X hjá V þar sem starfsmenn X hljóti að hafa vitað af holunni í ljósi þess hversu margir starfsmenn vinna þar og að annað mál hafi komið upp á árinu 2017 sem endað hafi hjá úrskurðarnefndinni. Einnig vísar M til þess að komið hafi verið upp umferðarmerki til að gefa til kynna að vegur væri ósléttur og áður hafi verið gert við umrædda holu. M telur að tjónið verði ekki rakið til hraðaksturs hans sjálfs, en engin merki hafi verið um að sérstakar hraðatakmarkanir hafi verið á svæðinu.

V telur ósannað að starfsmenn X hafi vitað af holunni á tjónsdegi, en hún hafi verið löguð um leið og slíkar upplýsingar komu fram Einnig vísar V til þess að hámarkshraði á bifreiðastæðum sé 15 km/klst og tjón á bifreiðinni bendi til þess að hraði hafi verið meiri en það. Einnig vísar V til 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 um ábyrgð veghaldara og telur að skilyrði um gáleysi af hálfu X sé ekki uppfyllt auk þess sem líkur séu á því að M hafi ekki sýnt eðliega varkárni, eins og vísað sé til í ákvæðinu.

Álit.
Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Enn fremur skal veghaldari svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni.

Þegar tjón verður getur sá sem verður fyrir tjóni sótt skaðabætur skv. ofangreindri bótareglu en skv. almennum sönnunarreglum verður sá hinn sami að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Í þessu tilviki felst það í því að það þurfa að koma fram sönnunargögn sem styðja þá frásögn M að viðhaldi vegar hafi verið ábótavant og að starfsmenn X hafi sýnt saknæmt athafnaleysi gagnvart því að gera ekki ráðstafanir til að laga holuna. Sá sem gerir skaðabótakröfu á annan ber hallann af slíkum sönnunarskorti. Þannig verður ekki fallist á kröfu M til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 296/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss sem M varð fyrir hinn 01.10.2018.

Gögn.
Málskot dags. 07.09.2020 ásamt fylgigögnum 1-13.
Bréf V dags. 01.10.2020 ásamt fylgigagni.

Málsatvik.
Hinn 1. október 2018 slasaðist M við störf sín hjá A. Slysið atvikaðist þannig að fingur M lenti á milli þegar eldvarnarhurð skall á hönd hans þegar hann var að loka henni með þeim afleiðingum að hann missti hluta af fingri. Slysið var tilkynnt samdægurs til lögreglu og Vinnueftirlitsins, og segir m.a. í skýrslu lögreglu að gegnumtrekkur eða vindsúgur hafi verið á staðnum og eins virtist hurðarpumpan halda illa við hurðina. Að sömu niðurstöðu er komist í rannsókn Vinnueftirlitsins; þ.e. að sterkur dragsúgur hafi myndast þegar hurðinni var lokað og að pumpa sem vinna átti á móti þrýstingsmun hafi ekki haldið á móti. Þá segir í fyrirmælum eftirlitsins til A að endurskoða skuli áhættumat með hliðsjón af slysinu. Jafnframt beinir eftirlitið þeim fyrirmælum til B, eigenda húsnæðis þess sem starfsemi A fer fram í, að tryggja að allar hurðir, hurðapumpur og seglar í húsnæðinu séu yfirfarnar og tryggt sé að hurðir lokist örugglega, óháð því hvort strekkingur sé í byggingunni.

M rökstyður kröfu sína til bóta úr ábyrgðartryggingu A í fyrsta lagi með því að af niðurstöðu Vinnueftirlitsins megi ráða að slysið sé að rekja til þess að ekki lá fyrir áhættumat vegna þessa verkþáttar og vinnuaðstöðu hafi verið áfátt, en það sé atvinnurekanda að trygga að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Áhættumat hafi vantað varðandi það hvernig starfsfólk ætti að beita sér við hurðina væri strekkingur í byggingunni, og hefði sá verkþáttur verið áhættumetinn hefði mátt gera verkáætlun um forvarnir vegna hans. Áhættumat hefði þannig leitt hættueiginleika þessa verkþáttar í ljós og gefið tilefni til að gripa til forvarna. Þá hafi A verið kunnugt um að vandamál væru til staðar hvað varðaði virkni hurðarsegla, þ.e. að þeir héldu ekki hurðunum eins og til væri ætlast. Við skýrslutöku hjá lögreglu lýsir M aðbúnaði svo að það séu seglar sem halda eigi hurðum opnum meðan umgangur er um þær, en þeir virki ekki sem skyldi og því hafi verið notast við færanlega járnstaura til að halda hurðum opnum, en jafnframt hafi verið erfitt að láta hurðirnar haldast lokaðar. A hefði því hæglega getað komið í veg fyrir slys M með því að tilkynna B um ástand hurðanna og krefjast viðhalds og eftirlits með þeim. Enn fremur hefði A sjálft getað bætt úr þessum vanbúnaði, enda beri atvinnurekendum, á vinnustöðum þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, að stuðla sameiginlega að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum. Þá hafi því verið haldið fram af hálfu A að M hafi verið að sinna hefðbundnu verklagi B um lokun hurða og hafi fengið þjálfun frá B í tengslum við það. Því mótmælir M enda hafi hann enga slíka þjálfun fengið. Þá geti A ekki komið sér undan lögbundinni skyldu um þjálfun starfsmanna sinna með vísan til þess að ábyrgð á henni sé á herðum annars aðila, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 46/1980. Á grundvelli alls framangreinds sé bótaskylda því fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar er tekið fram að ekki verði séð af skýrslu og fyrirmælum Vinnueftirlitsins að skortur á áhættumati hafi verið meðverkandi orsakaþáttur slyssins, orsökin sé einfaldlega sögð sú að dragsúgur hafi myndast þegar hurðinni var lokað og hurðarpumpa ekki náð að halda á móti. Hvað varði vanbúna vinnuaðstöðu þá hafi A ekki fengið neinar athugasemdir um ástand hurðanna áður en slys A átti sér stað. Hafi A því ekki haft tilefni til að leitast eftir því að B gerði úrbætur á þeim. Af lýsingu M sjálfs á ástandi hurðanna megi jafnframt ráða að fyrri vandamál varðandi þær hafi aðeins tengst því að hurðir væru lengi að lokast og starfsfólk hafi þurft að halda þeim lokuðum svo að seglar sem áttu að halda þeim lokuðum virkuðu. Hvað hurðarpumpur varði segi hins vegar í framburði M fyrir lögreglu að þær virki yfirleitt alltaf og séu ástæða þess að hurðirnar sé yfirleitt lengi að lokast. Það sem orsakaði slysið hafi verið það að hurðarpumpan hélt ekki á móti og hurðin skelltist en það

hafi samkvæmt framansögðu ekki verið þekkt vandamál. Þá er áréttað að hurðirnar séu á ábyrgð B, sem sjái um eftirlit og viðhald með þeim. Hvað þjálfun varði þá hafi M lokið allri þeirri skylduþjálfun sem starf hans hafi krafist, og hafi á starfstíma sínum sótt 23 námskeið á vegum A. Verði ekki séð að hann hafi skort þjálfun til að loka umræddri hurð, og megi ráða af framburði hans að hann hafi verið meðvitaður um reglur og ferla varðandi það hvenær umrædd hurð skyldi vera lokuð. Á grundvelli framangreinds er bótaskyldu því hafnað.

Álit:

Rétt er að árétta að krafa M beinist aðeins að vinnuveitanda hans, A, en ekki B, sem er rekstraraðili húsnæðisins þar sem starfsemi A fer fram. Ágreiningur málsins lýtur þar af leiðandi að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Ekki er deilt um það með hvaða hætti slysið atvikaðist og er skýrsla Vinnueftirlitsins fremur afdráttarlaus hvað varðar orsök þess, þ.e. að sterkur dragsúgur hafi myndast og hurðarpumpa sem vinna átti á móti þrýstingsmun hafi ekki haldið á móti. Þrátt fyrir að A séu gefin fyrirmæli um að endurskoða áhættumat með hliðsjón af slysinu verður þannig ekki fallist á að skortur á áhættumati hafi orsakað slysið. Þá verður ekki fallist á að þjálfun eða verkstjórn hafi verið ábótavant þannig að orsakað hafi slys M. Hvað varðar mögulegan vanbúnað á búnaði hurðanna þá liggur fyrir nefndinni framburðarskýrsla M hjá lögreglu. Af henni má ráða að seglar sem halda eigi hurðunum opnum og lokuðum virki ekki sem skyldi og hafi yfirmönnum verið tilkynnt um það. Hins vegar kemur þar einnig fram að hurðarpumpurnar virki almennt og það taki hurðir yfirleitt langan tíma að lokast vegna þeirra og liggur því ekkert fyrir að um þekkt vandamál hafi verið að ræða. Gegn andmælum A verður ekki talið sýnt fram á að A hafi verið ljóst að hurðarpumpur kynnu að vera vanbúnar, og þá virðist sem sambærilegt atvik hafi ekki átt sér stað áður. Verður því ekki talið að sýnt sé fram á að A hafi með einhverjum hætti vanrækt skyldur sínar hvað varðar búnað hurðanna. Fyrirmælum Vinnueftirlitsins um að tryggt skuli að hurðir lokist örugglega óháð strekkingi er kunni að myndast í húsnæðinu er þá beint að eigendum húsnæðisins. Samkvæmt öllu framansögðu verður því ekki talið að sýnt hafi verið fram á að slys M rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða aðila sem A ber ábyrgð á. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík 3. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 297/2020

M og
V vegna starfstryggingar M.

Ágreiningur um rétt til greiðslu bóta vegna óvinnufærni.

Gögn.

Málskot, dags. 3. september 2020, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 7. desember 2020, ásamt fylgiskjölum.
Viðbótarathugasemdir M, dags 23. desember 2020.

Málsatvik.
Í málskoti er kvartað yfir ákvörðun V um að hafa annars vegar ekki endurnýjað starfstryggingu M hjá V og hins vegar að hafa ekki greitt honum bætur í samræmi við skilmála vátryggingarinnar. Fram kemur að M hafi verið óvinnufær frá því í mars 2019 en M hafi greinst með lungnabólgu sem erfiðlega gekk að ráða við á árinu 2019. Á árinu 2019 gekkst M einnig undir aðgerð vegna kransæðastíflu og hafi hann verið að ná sér af eftirköstum hennar til ársloka 2019. Meðan á því bataferli stóð hafi M verið greindur með hálffrosnar axlir og hrygggigt. Vegna þessa hafi M gert kröfu í vátryggingu sína hjá V, en vátryggingin hafi verið í gildi þegar þessi atburðarás átti sér stað. Engar greiðslur hafi borist M síðan í byrjun árs 2020 og hafi M þó fylgt fyrirmælum umboðsmanns V hér á landi hvað varði upplýsingagjöf og gagnaöflun. Engin svör eða skýringar hafi borist frá V eða umboðsaðila þess. Lögmaður M hafi svo sent nánar tilgreindar spurningar til umboðsaðila V, varðandi það af hverju þrjú tjónanúmer hafi verið sett á starfstryggingu M, hvers vegna vátrygging M hafi ekki verið endurnýjuð í lok árs 2019 og hvers vegna útlagður kostnaður úr lækningatryggingu hafi ekki verið greiddur. Engin svör hafi borist. Kvörtun M snýr því að því að vátrygging hans hafi ekki verið endurnýjuð og því að ekki hafi verið greiddar bætur úr henni í samræmi við skilmála. Byggir M rétt sinn á því að starfstrygging hans eigi að tryggja honum bætur að fjárhæð 200.000 kr. á viku verði um algera tímabundna örorku að ræða, og einnig eigi hann rétt á sjúkrakostnaði. Hámarksbótatími sé 104 vikur. M hafi aldrei sagt vátryggingunni upp né fengið uppsögn á henni en þó hafi hún ekki verið endurnýjuð í lok árs 2019 eins og gert sé ráð fyrir að gerist sjálfkrafa. Sé það í andstöðu við lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sér í lagi 2. mgr. 15. gr., og skilmála. V hafi einfaldlega fellt niður greiðslur án rökstuðnings og stangist það á við skilmála vátryggingarinnar. Er því krafist bóta úr vátryggingunni vegna desembermánaðar 2019 og ársins 2020.

Í bréfi umboðsaðila V til nefndarinnar kemur fram að V hafi svarað lögmanni M með skýringum á því að félagið líti á hvert tjónstilvik sem grundvöll sérstakrar kröfu og því sé um að ræða þrjú tjónsnúmer Komi fram í því bréfi að bætur vegna lungnabólgu M verið greiddar að fullu og því máli sé lokið. Krafa M vegna kransæðastíflu sé enn til meðferðar og kröfu vegna einkenna frá öxlum sé hafnað og hafi M fengið bréf þess efnis dags. 4. desember 2020. Sé þar byggt á því að óvinnufærni M frá febrúarmánuði 2020 sé að rekja til einkenna frá hálsi, öxlum og baki, og samkvæmt læknisfræðilegum gögnum sé um að ræða spondylarthrosis sem sé algengur gigtsjúdómur sem rekja með til slits, „normal wear tear“ og sé því undanskilinn í skilmálum vátryggingarinnar. Hvað varði endurnýjun vátryggingarinnar sé það svo að starfsverndartryggingin taki til starfs vátryggðs. M hafi ekki verið vinnufær frá því í janúar 2019, og á endurnýjunardegi vátryggingarinnar hafi hann verið án atvinnu. Samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar, en bótagreiðslur nemi að hámarki 75% árstekna, endurnýist vátryggingin ekki þegar vátryggingartaki er án atvinnu og tekjulaus. Þá mótmælir V því að sjúkrakostnaður hafi ekki verið að fullu greiddur enda bendi gögn málsins ekki til þess. Hvað varði upplýsingagjöf M til V þá vanti enn gögn er sýni fram á hvenær M hafi náð sér af einkennum sem rekja megi til kransæðastíflu og eins frekari gögn vegna kröfu um bætur vegna einkenna frá baki og öxlum. Hins vegar hafi tímabundið atvinnutjón vegna lungnabólgu og hjartaaðgerðar fyrir tímabilið 15. janúar til 20. febrúar 2020 þegar verið bætt.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að öll gögn hafi verið send til V. Hvað varði hrygggigt M þá megi ráða af læknisfræðilegum gögnum að hún sé tilkomin vegna ýmissa þátta, ekki síst lítillar hreyfingar M í kjölfar lungnabólgu, því sé engin náttúruleg orsök fyrir henni og bótaskylda fyrir

hendi. Þá er áréttað að M hafi aldrei sagt vátryggingunni upp og það að hætta bótagreiðslum til hans án nokkurra skýringa stangist á við lög og skilmála. Hvar varði röksemdir V um að M hafi verið án atvinnu á endurnýjunartíma vátryggingarinnar og því hafi endurnýjun ekki verið möguleg þá standist þær ekki skoðun. M hafi ekki verið atvinnulaus heldur óvinnufær og á því sé grundvallarmunur. Hámarksbótatími samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar sé 104 vikur frá þeim degi sem vátryggingartaki verði fyrir algerri tímabundinni örorku að undanskildum fyrstu 14 dögunum. Verði það ekki skilið öðru vísi en svo að óvinnufærni sem vottuð er af lækni sé forsenda fyrir vikulegum greiðslum í allt að tvö ár. Þá sé hvergi minnst á það í skilmálaákvæðum um uppsögn samningsins að vinnufærni og innkoma sé forsenda endurnýjunar eða þess að trygging haldist í gildi. Áskilnaður um að vátryggður sé á vinnumarkaði sé því óljós og stangist á við önnur ákvæði skilmálanna, en óskýra skilmála beri að túlka neytanda í hag.

Álit.

Í 79.gr. laga um vátryggingarsamninga, en hún á við um endurnýjun slysa- eða sjúkratryggingar og breytingu á skilmálum, segir í 1. mgr.: *Nú á slysa- eða sjúkratrygging að gilda í tiltekinn tíma, eitt ár eða lengur, og félagið hyggst ekki framlengja vátrygginguna fram yfir þann tíma og skal það þá tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda. Að öðrum kosti framlengist vátryggingartímabilið um eitt ár.* Í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram í hvers kyns tilvikum vátryggingafélag geti hafnað því að endurnýja slíka vátryggingu og jafnframt er áskilið að slík höfnun skuli sannanleg og rökstudd. Um vátryggingasamning aðila gilda íslensk lög, þ.á.m. lög um vátryggingarsamninga. Af gögnum málsins verður svo helst ráðið að það hafi verið fyrst með bréfi V til nefndarinnar, hinn 7. desember 2020, sem fram kom einhvers konar rökstuðningur fyrir því að vátrygging V var ekki endurnýjuð á endurnýjunardegi hennar hinn 18. desember 2019. Er sú framkvæmd skýrlega í andstöðu við framangreindan lagaáskilnað og var V því ekki heimilt að hafna því að endurnýja vátrygginguna með þessum hætti.

Samkvæmt vottorði læknis, sem sent var með tjónstilkynningu til V, dags. 15. mars 2019, var M óvinnufær frá 15. janúar 2019. Af útskrift samskiptaseðla úr sjúkraskrá M má svo ráða að hinn 20. júní 2019 hafi verið gert ráð fyrir að M gæti hafið störf að nýju, enda að ná sér af lungnabólgu, hinn 8. júlí 2019. Svo virðist þó sem bakslag hafi komið í bataferli M og hann gekkst undir frekari rannsóknir sem leiddu í ljós kransæðasjúkdóm og gekkst M undir aðgerð vegna hans hinn 16. júlí 2019. Svo virðist sem M hafi eitthvað stundað eða gert tilraun til að stunda vinnu haustið 2019, en hafi þó verið óvinnufær að fullu frá 30. október 2019, bæði vegna eftirkasta lungna- og hjartasjúkdóma og einkenna frá öxlum og baki. Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni og varða umrædda vátryggingu má ráða að bótatími sé 104 vikur að frádregnum 14 daga biðtíma. V hefur hins vegar hafnað kröfu M um bætur vegna óvinnufærni af völdum einkenna M frá baki og öxlum sem sé eini orsakaþáttur óvinnufærni hans frá febrúarlokum 2020 á grundvelli þess að um sé að ræða „disablement directly or indirectly arising out of or consequent upon or contributed by: any naturally occurring condition or degenerative process, or any gradually operating cause“, sbr. 15. tl. undanskilinna tjónsorsaka í skilmálum vátryggingarinnar. Af læknisfræðilegum gögnum sem liggja fyrir verður ekki ráðið að M hafi sögu um verki frá hálsi og baki, og svo virðist sem hann hafi fyrst leitað til læknis vegna þessara einkenna í febrúar 2020, en skv. læknisvottorði dags. 24. júlí 2020 hefur M verið greindur með hrygggigt (ankylosing spondylitis). Í höfnun sinni vegna kröfu M um bætur vegna óvinnufærni af völdum hrygggigtar vísar V til þess að um sé að ræða „normal wear tear“ og sé því um að ræða slit sem hafi orsakast á löngum tíma, og falli tjón M vegna þessa því undir áðurgreindan 15. tl. Það hvílir á V að sýna fram á að framangreind undanþága eigi við og af læknisfræðilegum gögnum verður ekki ráðið að um sé að ræða langvinnt sjúkdómsferli og að ástand M megi rekja til þeirra þátta sem tilteknir eru í greindu ákvæði. Er bótaskylda vegna óvinnufærni M sem rekja má til hrygggigtar hans því fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt til greiðslu bóta vegna óvinnufærni af völdum hrygggigtar úr starfstryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 16. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 298/2020

M og
V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda.

Ágreiningur um hvort réttur til bóta hafi glatast vegna tómlætis og orsakatengsl.

Gögn.
Málskot, móttekið 7.9.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 16.10.2020.

Málsatvik.
Hinn 21. september 2018 var M ökumaður bifreiðar, A, þegar árekstur varð með A og annarri bifreið á Laufásvegi í Reykjavík. Tveimur dögum síðar, eða 23. sama mánaðar, leitaði M á bráðamóttöku Landspítalans. Í bráðamóttökuskrá vegna komunnar á bráðamóttökuna kemur fram að um morguninn daginn áður hafi hún vaknað með vægan dofa í framanverðum handleggjum beggja vegna, frá öxlum og niður í fingur. Við komu á bráðadeildina hafi hún verið með aukna vöðvabólguverki í vinstri öxl. Hún hafi einnig fundið fyrir dofa í aftanverðum vinstri fótlegg, frá rasskinn niður að ökkla. Hún sé með gamalt brjósklos sem hafi valdið einkennum á þessu sama svæði, þó hafi það aðallega verið verkir. Var talið að hún hafi fengið hnykk á háls og bak og mikinn vöðvastífleika í kjölfarið. Hnjask á bak hafi mögulega orðið til þess að erta gamla brjósklossvæðið.

M hóf meðferð hjá sjúkraþjálfara 12. október 2018 og mun hafa sótt 46 meðferðartíma til 22. júní 2020.

Í læknisvottorði heimilislæknis, dag. 5. ágúst 2020, er gerð grein fyrir ýmsum stoðkerfiseinkennum sem M hefur búið við frá árinu 2001, þ. á m. í kjölfar tveggja umferðarslysa í október 2002 og nóvember 2005, svo og brjóskloss sem greindist vorið 2009.

Með tilkynningu 29. janúar 2020 hefur M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá V fyrir það líkamstjón sem hún kveðst hafa orðið fyrir við slysið. V hefur hafnað bótaskyldu úr vátryggingunni. Annars vegar er byggt á þeim forsendum að tilkynning um slysið hafi borist of seint með þeim afleiðingum að M hafi glatað rétti sínum til bóta, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og hins vegar að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins og þeirra sjúkdómseinkenna sem hún býr við í dag.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi vátryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Samkvæmt því sem fram kom í bráðamóttökuskrá Landspítalans þegar M leitaði þangað tveimur dögum eftir slysið verður að telja nægilega ljóst að hún varð fyrir einhverjum meiðslum við áreksturinn. Hún hóf meðferð hjá sjúkraþjálfara um þremur vikum síðar sem ætla verður að hafi verið í þeim tilgangi að ná bata vegna þeirra meiðsla sem hún hafði hlotið. Með tilliti til þessa verður að telja að ekki hafi verið sýnt fram á að ári áður en V var tilkynnt um kröfu M, eða 29. janúar 2019, þ.e. rúmum fjórum mánuðum eftir slysið, hafi M mátt gera sér grein fyrir atvikum sem leiddu til kröfu hennar á hendur V. M hafði því ekki glatað rétti sínum til bóta skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 þegar tilkynnt var um kröfu hennar.

Í skilmálum slysatryggingarinnar er kveðið á um það að vátryggingin greiði bætur fyrir líkamstjón vátryggðs á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna skal sá sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningabætur. Ef líkamstjón hefur varanlegar afleiðingar skal einnig greiða bætur fyrir miska og bætur fyrir örorku, þ.e. varanlegan missi eða skerðingu á getu til að afla vinnutekna. Nánar er kveðið á um ákvörðun þeirra bóta sem hér um ræðir í öðrum greinum laganna, einkum 2.-7. gr.

Gögn málsins eru mjög takmörkuð varðandi það líkamstjón sem M býr við í dag og rekja má til umferðarslyssins í september 2018. Af gögnum málsins má engu að síður ráða að hún hafi búið við eldri sjúkdómseinkenni í stoðkerfi. Engin álits- eða matsgerð liggur fyrir í málinu því til sönnunar að hún búi nú við sjúkdómseinkenni af völdum árekstursins né heldur hvert tjón hennar sé. Því hefur ekki verið sýnt fram á samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að réttur til bóta samkvæmt skaðabótalögum hafi stofnast. Við svo búið telst M ekki eiga rétt til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 3. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 299/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna B og C

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs á Reykjanesbraut við frárein af Breiðholtsbraut hinn 17. júlí 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 31.08.2020.
Bréf V1, dags. 16.09.2020.
Bréf V2, dags. 22.09.2020 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 23.09.2020.

Málsatvik.
Hinn 17. júlí 2020 varð árekstur milli ökutækja B og C. Í skýrslu Aðstoðar & öryggis, en fyrirtækið var kvatt á vettvang, kemur fram að A, B og C hafi öllum verið ekið suður Reykjanesbraut frá Breiðholtsbraut/Nýbýlavegi. A hafi ekið niður aðrein frá Breiðholtsbraut til suðurs, og svo ekið inn á hægri akrein, til hliðar við aðreinina. B hafi verið á þeirri akrein og til að forða árekstri við A hafi B sveigt frá með þeim afleiðingum að B rakst á C, sem var á akrein til vinstri við B. Haft er eftir ökumanni A í skýrslunni að hún hafi ekki séð B, sem ók samsíða henni og hafi hún því haldið áfram að skipta um akrein. Haft er eftir ökumanni B að hann hafi skyndilega séð A sveigja í átt að sér, og hafi A verið nánast komin í hliðina á B, og hafi hann því sveigt frá.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú að ökumaður A bæri alla sök á umræddum árekstri þar eð hún hefði ekki gætt nægilega að sér við akreinaskipti og með því orsakað árekstur B við C. M, sem er eigandi bifreiðar A, fellir sig ekki við þá niðurstöðu og segir í málskoti að umrædd aðrein sé löng, og því allnokkur aðdragandi að innakstri á akreinina. Þá hafi A gefið stefnumerki til marks um fyrirætlan sína. Því sé það ekki rétt að A hafi skyndilega sveigt inn á aðalbrautina. Flemstursleg viðbrögð B gefi til kynna að hann hafi ekki gætt nægilega að annarri umferð og megi ætla að með réttum viðbrögðum hefði B getað forðað árekstri. Hins vegar hafi B hvorki hægt snarlega á ferðinni né gefið hljóðmerki er ljóst var í hvað stefndi. Það fríi B ekki ábyrgð að hann hafi ekið eftir aðalbraut umrætt sinn, eftir sem áður verði ökumenn að sýna varkárni og árvekni. Krefst M því þess að úrskurði tjónanefndar verði hnekkt og vafaatriði málsins virt A til vegs.

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, gerir ekki athugasemdir vegna málsins.

V2, sem var vátryggjandi B og C á tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að A hafi umrætt sinn ekki gætt að áskilnaði 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, en þar segi að áður en ökumaður aki af stað frá vegbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Hafi aksturslag A verið til þess fallið að skapa hættu og óþægindi og sé það meginorsök árekstrar B og C. Því sé rétt að A beri fulla ábyrgð á umræddum árekstri.

Álit:
Í skýrslu Aðstoðar & öryggis er að finna framburð A, sem gefinn var skömmu eftir umrætt atvik. Þar segir að hún hafi verið að skipta um akrein til vinstri. Hún hafi ekki séð hinn bílinn sem var henni samsíða og hafi haldið áfram að skipta um akrein. Af þessu má telja ljóst að A hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga, með því að gæta ekki nægilega að annarri umferð við akreinaskipti. Þá verður ekki fallist á það með M að B hafi borið að bregðast við með öðrum hætti. Verður enda að líta svo á, samkvæmt framburði A sjálfrar, að A hafi haldið áfram að skipta um akrein og þar með beygt í veg fyrir B, án þess að gæta nægilega að umferð í kringum sig, og verður því að telja að atburðarás hafi verið nokkuð hröð. Þá er ekkert í gögnum málsins, þ.á.m. framburði aðila, sem

bendir til annars en að B hafi hagað akstri sínum í samræmi við umferðarlög í aðdraganda þessa atviks. Samkvæmt framansögðu verður því öll sök á árekstri B og C lögð á A.

Niðurstaða.
Ökumaður A, ber alla sök á umræddum árekstri B, og C.

Reykjavík, 22. október 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 300/2020

M og
Vv/ ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar X

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu húsnæðissamvinnufélags.

Gögn.
Málskot, dags. 7.9.2020, ásamt fylgigögnum nr. 1-7.
Bréf V, dags. 510.2020, ásamt fylgigögnum nr. 1-5.

Málsatvik.
Hinn 29. október 2018 varð M fyrir slysi þegar hún féll í tröppum fyrir utan heimili sitt. Húsnæði M er í eigu húsnæðissamvinnufélagsins X, en M hefur þar búseturétt. Í málskoti lýsir M tildrögum slyssins á þá leið að hún hafi verið á leið út frá heimili sínu, snemma morguns, þegar hún steig niður tröppurnar rann of datt niður þrjú þrep. Kveður hún tröppurnar hafa verið mjög hálar en skrúfað hafi verið fyrir snjóbræðslulögn sem lá undir tröppunum og átti að koma í veg fyrir að hálka myndaðist á þeim. Í gögnum málsins kemur fram að árið 2017 hafi komið fram leki í hitalögn undir tröppunum og að X hafi því brugðið til þess ráðs að skrúfa fyrir hitaveitu að lögninni. Hitalaust hafi verið undir tröppunum fram að hausti 2019.

M telur að X, sem eigandi húsnæðisins, beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga slyssins þar sem aðstæður í tröppunum hafi verið óforsvaranlegar. Þá hafi aðstæður ekki verið í samræmi við kröfur til viðhalds sem gert er ráð fyrir í lögum og reglum. Vísar M m.a. til þess að skv. 5. mgr. 15. gr. laga nr. 66/2003 um húsnæðissamvinnufélög skuli húsnæðissamvinnufélag annast viðhald á ytra byrði húsa, sem og búnaði, kerfum og lögnum. Vísar M enn fremur til þess að íbúar hafi kvartað undan bilun í hitalögn í janúar 2018.

V kveður X hafa fengið tilkynningu síðla árs 2017 um að eitthvað væri að hitalögn í tröppunum. Hitalögnin hafi því verið aftengd og starfsmenn X reynt að laga lögnina sjálfir með því að setja þéttiefni í snjóbræðslukerfið sem þéttist þegar það kemst í snertingu við súrefni. Sú viðgerð hafi hins vegar ekki tekist, þar sem lekinn hafi reynst of mikill. X hafi því haft samband við verktaka sem ætlaði að fara í umfangsmikla framkvæmd á tröppunum til að koma hitalögninni í lag. Verktakinn hafi hins vegar sinnt verkinu illa þrátt fyrir ítrekanir X. Hafi endað með því að X leitaði til annars verktaka sem vann verkið árið 2019.

Hefur V hafnað bótaskyldu með vísan til þess slys M verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi X. Vísar V m.a. til þess að á eigendum fasteigna hvíli engin lagaskylda til að hafa snjóbræðslukerfi í tröppum, heldur sé um valfrjálsan aukabúnað að ræða. Þá hafnar V því að hálka og klaki á tröppunum verði rakin til þess að viðhaldi hitalagnarinnar hafi ekki verið sinnt. Í þessu sambandi bendir V á að hitalögnin hafi ekki lekið með þeim afleiðingum að úr varð hálka, heldur hafi hún verið aftengd í kjölfar bilunar. Hálkan sé hins vegar bein afleiðing af íslenskri veðráttu um vetur, sem umráðamenn fasteigna þurfi að bregðast við með því að viðhafa hálkuvarnir.

Álit.
Í málinu er ágreiningur um hvort X beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir þegar hún rann í hálku í tröppum fyrir utan heimili sitt. Óumdeilt er að snjóbræðslukerfi í tröppunum var óvirk vegna bilunar og að bæði M og X var kunnugt um bilunina þegar slysið varð. En fremur er ljóst að engin skylda hvílir á X um að hafa virkt snjóbræðslukerfi á umræddum stað. Þá er óumdeilt að hálka í tröppunum verður ekki rakin vatnsleka úr snjóbræðslukerfinu. Heldur var um að ræða hálku af völdum frosta og ofankomu eins og búast má við í íslensku vetrarveðri.

Eðli málsins samkvæmt stendur íbúum og umráðamönnum, húsnæðis það næst að tryggja hálkuvarnir fyrir utan heimili sitt. Fyrir liggur að M var íbúi í umræddu húsnæði og var umráðamaður þess skv.

samningi við X um búseturétt. Var M kunnugt um aðstæður, óvirkni hitalagnarinnar og mátti henni vera kunnugt um að hálka kynni að vera á tröppunum. Gaf það henni sérstakt tilefni til að gæta ýtrustu varkárni og viðhafa hálkuvarnir. Með hliðsjón af framangreindu verður að líta svo á slysið verði rakið til óhappatilviks og/eða eigin sakar M. Verður því ekki fallist á kröfu M til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 301/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Starfsmaður varð fyrir meiðslum á fæti er hann féll með fótinn ofan í gryfju í gólfi vélaskemmu.

Gögn.
Málskot, móttekið 8.9.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 23.9.2020.

Málsatvik.
Um hádegisbil mánudaginn 30. júlí 2018 var M að störfum hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma (A) og var að ganga frá tilteknum áhöldum í vélaskemmu. Féll þá vinstri fótur hans ofan í gryfju í gólfi skemmunnar með þeim afleiðingum að hann varð fyrir meiðslum á hné. Lögregla var ekki kvödd á staðinn og Vinnueftirliti ríkisins var ekki tilkynnt um slysið þegar það gerðist. Slysið var því ekki rannsakað af hálfu þessara aðila né skýrslur gerðar af þeirra hálfu.

Í tilkynningu A um slysið til Vinnueftirlitsins, dags. 30. október 2018, segir að M hafi umrætt sinn stigið niður um rifu sem hafi verið á gryfjunni og vinstri fótur farið niður um rifuna er hann steig með vinstri fæti á spýtu sem lukti gryfju í gólfi skemmunnar. Féll fóturinn niður í gryfjuna og varð M fyrir meiðslum á hné. Tildrögum slyssins er efnislega lýst á sama veg í tilkynningu A til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 14. nóvember s.á.

Í málskoti segir að slysið hafi borið að með þeim hætti að M hafi stigið ofan á brotna fjöl í skemmunni sem einhver samstarfsmaður hans hafði sett aftur yfir gryfjuna eftir að fjölin hafi brotnað með þeim afleiðingum að vinstri fótur M hafi fallið ofan í gryfjuna. Þegar slysið varð kveðst M hafa verið á fyrsta degi í vinnu eftir leyfi og honum hafi ekki verið tilkynnt sérstaklega af yfirmönnum um skemmdir í gólfinu. Kveður M að slysið megi rekja til ófullnægjandi aðbúnaðar á vinnustaðnum og hættulegra starfshátta A sem vinnuveitanda og samstarfsmanna hans. Hafi A vanrækt skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og hefur í því sambandi m.a. vísað til 13., 37. og 42 gr. laganna. Auk þess hafi slysið ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu eins og A bar að gera samkvæmt 79. gr. laganna. Því beri að leggja frásögn M til grundvallar um þau atriði sem hefði verið hægt að varpa ljósi á með rannsókn Vinnueftirlitsins. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V kveður ekki vera neinn ágreining uppi um málsatvik og kveður ástæðu þess að fjölin hafi brotnað vera þá að verktaki sem hafi fengið að geyma gröfu inni í skemmunni hafi gert gat á fjölina með skóflu gröfunnar föstudaginn 27. júlí 2018. Að öðru leyti hafi fjalir yfir gryfjunni verið í góðu lagi. Fjölin hafi því verið brotin í þrjá daga, þ. á m. laugardag og sunnudag, og því eðlilegt að ekki hafi verið ráðist í framkvæmdir um leið. Einnig hafi M og aðrir starfsmenn verið látnir vita af gatinu á fjölinni um leið og hún brotnaði. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.
Í málinu liggja fyrir nokkrar ljósmyndir af gryfju þeirri sem M féll með annan fótinn ofan í. Þar má sjá að nokkrar fjalir eru lagðar þvert yfir gryfjuna og eru þær felldar ofan í gólfið þannig að þær og skemmugólfið mynda nánast samfelldan gólfflöt. Við annan enda gryfjunnar liggur fjöl yfir hana en við hlið þeirrar fjalar er opið bil eins og þar vanti eina fjöl. Hinum megin við bilið er fjöl sem er brotin í annan endann og má greina að brotið sé nýlegt. Ekki er að fullu ljóst hvort þetta brot hafi komið til þegar M steig út á fjalirnar eða af völdum gröfuskóflunnar föstudeginum áður. Hvað sem því líður verður að telja ljóst að brotin fjöl og jafnvel gat hafi verið yfir gryfjunni þegar M átti leið um skemmuna til að ganga frá áhöldum. Þessi umbúnaður var hættulegur og til þess fallinn að valda slysum. Jafnvel þótt A hafi ekki gefist nægur tími til að setja nýjar fjalir yfir gryfjuna með viðunnandi hætti áður en M varð fyrir slysinu hafði hann engu að síður nægilegt ráðrúm til að gera viðhlítandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsmenn og aðrir sem kynnu að eiga leið inn í skemmuna

myndu ekki ganga yfir fjalirnar þar sem þær voru brotnar, svo sem með því að girða svæðið af. Með því að hafa ekki gert slíkar ráðstafanir brást A skyldum sínum samkvæmt 13. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um að fyllsta öryggis skuli gætt á vinnustaðnum. Telst A því bera ábyrgð á því líkamstjóni sem M varð fyrir í slysinu.

Gegn andmælum M telst ósannað samkvæmt gögnum málsins að M hafi verið varaður við hættunni vegna hinna brotnu fjala áður en slysið varð, en staðhæfingV um að M hafi verið varaður við hættunni er ekki studd neinum gögnum. Þrátt fyrir það verður að telja að M hafi mátt gera sér grein fyrir hættunni í tæka tíð, ef hann hefði gætt ýtrustu varúðar á leið sinni eftir gólfinu. Við mat á því hvort M beri sjálfur meðábyrgð á tjóninu verður að horfa til 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum, en samkvæmt því ákvæði skerðist ekki réttur starfsmanns til skaðabóta vegna líkamstjóns sem hann verður fyrir í starfi sínu vegna meðábyrgðar hans nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. M var að koma með áhöld inn í skemmuna til að ganga frá þeim, þegar slysið varð. Ekki er ljóst hversu vel M sá niður fyrir sig er hann steig á fjalirnar. Að þessu athuguðu og að að virtum gögnum málsins að öðru leyti verður að telja ósannað að M hafi átt þátt í að slysið varð með háttsemi sem verður metin honum til stórkostlegs gáleysi. Eru því ekki skilyrði að lögum til að skerða bótarétt hans. M á því óskoraðan rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 22. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 302/2020

M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasala X

Ágreiningur um skaðabótaábyrgð fasteignasala vegna sölu á fasteign í október 2017.

Gögn.
Málskot móttekið 11. september 2020 ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V dags. 26. október 2020.
Bréf lögmanns M, dags. 26. október 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M fólu X að selja húseign sína haustið 2017. Á árinu 2018 varð ágreiningur milli M sem seljenda húseignarinnar og kaupanda hennar sem leiddi til þess að kaupandinn höfðaði mál á hendur M til greiðslu skaðabóta eða afsláttar af kaupverði. Hinn 22. mars 2019 voru M dæmd í Héraðsdómi Reykjaness til að greiða kaupanda skaðabætur á grundvelli 43. gr. laga um fasteignakaup nr. 40/2002 og gert að gefa út afsal vegna húseignarinnar. Í þeim dómi kom fram að sú niðurstaða byggðist á því að M hafi veitt „..ónógar upplýsingar um eignina að því er varðar sólstofu...“, en í forsendum dómsins kemur fram að saknæm háttsemi M hafi falist í því að upplýsa ekki um skýrslu sem fyrir eigendur húseignarinnar höfðu aflað sem staðfesti bágt ástand sólstofunnar áður en M keyptu húseignina, en þau bjuggu í henni í 4 ár. Í forsendum dómsins er einnig gerð grein fyrir vitnisburði X um sölu húseignarinnar þar sem hann lýsir því að hann hafi ekki séð nokkuð athugavert við sólstofu við skoðun. Í dómnum kemur síðan fram það mat dómsins að söluyfirlit sem útbúið hafi verið fyrir húseign M haustið 2017 hafi ekki uppfyllt 11. gr. laga nr. 70/2015 eða 8. gr. reglugerðar nr. 939/2004 um efni söluyfirlits, enda hafi þar ekki verið lýsing á byggingarefni sólstofu eða ástandi hennar.

M telja að X beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem þau telja sig hafa orðið fyrir við það að hafa verið dæmd til greiðslu skaðabóta til kaupanda húseignar þeirrar sem X tók að sér að selja gegn þóknun. M vísa til umfjöllunar í dómi héraðsdóms Reykjaness um háttsemi X varðandi gerð söluyfirlits og telja að tjón þeirra megi fyrst og fremst rekja til þess að upplýsingar í söluyfirliti voru ekki nægilega nákvæmar af hálfu X. M telja að X hafi vanrækt starfsskyldur sínar að því er varðar frágang og efnisinnihald söluyfirlits og X hafi borið að kanna og tilgreina sérstaklega byggingarefni og ástand sólstofu. Einnig byggja M á því að þeim hafi verið ókunnugt um leka í sólstofu og ókunnugt um eldri skýrslu fyrri eigenda húseignarinnar um ástand sólstofu. Einnig vísa M til þess að þau hafi ekki verið viðstödd þegar X hafi sýnt húseignina og það að söluyfirlit hafi verið ófullnægjandi hafi haft afgerandi þýðingu í niðurstöðu dóms héraðsdóms Reykjaness um skaðabótaábyrgð þeirra gagnvart kaupanda.

V mótmælir því að X hafi vanrækt skyldur sínar skv. lögum nr. 70/2015 og telur að X hafi aflað allra viðeigandi gagna varðandi húseign M. Einnig telur V að X hafi ekki getað orðið þess var við sjónskoðun að ágallar hafi verið á sólstofu húseignarinnar og upplýsingar til væntanlegra kaupenda, þar á meðal í söluyfirliti, hafi komið frá M sjálfum. V telur að ábyrgð sem lögð hafi verið á M sem seljendur gagnvart kaupanda vegna viðskipta þeirra í millum verði ekki þannig lögð á fasteignasala að M sem seljendur eignarinnar geti sótt sér skaðleysi af slíkum kröfum til fasteignasalans. V telur einnig að ekki sé hægt að leiða það af 11. gr. laga nr. 70/2015, þar sem fjallað er um það sem á að koma fram í söluyfirliti, að upplýsingar um byggingarefni sólstofu þurfið að koma sérstaklega fram í söluyfirliti.

Álit:
Í málinu liggur fyrir að M voru dæmd til greiðslu skaðabóta og málskostnaðar vegna skorts á upplýsingaskyldu gagnvart kaupanda fasteignar um ástand hennar. Af forsendum héraðsdóms verður ekki annað ráðið en að það að ekki hafi legið fyrir upplýsingar um það að sólstofa húseignarinnar hafi ekki uppfyllt staðla og reglur sem gilda um slík mannvirki og að ekki hafi verið upplýst um skýrslu

sem fyrri eigendur húseignarinnar höfðu aflað um ástand hennar og ágalla. Í dómnum kemur einnig fram að ábyrgð M sem seljenda sé að lögum og breyti engu þó svo þau hafi falið löggiltum fasteignasala sölu eignarinnar og það veita upplýsingar um hana, auk þess sem M hafi búið í eigninni í fjögur ár og því átt að vera ástand hennar ljóst. Ekki er upplýst í málinu að slíkum upplýsingum hafi M heldur komið á framfæri við X. Þó fjallað sé um gerð söluyfirlits í títtnefndum dómi var X ekki stefnt til greiðslu skaðabóta í málinu, hvorki aðallega né til réttargæslu. Það að fjallað sé um skyldur hans í forsendum dómsins, án þess að hann hafi tækifæri til að tjá sig frekar en hann gerði sem vitni, verður ekki talið bindandi gagnvart honum.

Þegar atvik málsins eru virt í heild telst ekki fullsannað að upplýsingar í söluyfirliti eða háttsemi X við sölu húseignar M hafi verið ófullnægjandi í ljósi þess að upplýsingar um ástand húseignarinnar gátu ekki komið frá öðrum en M sjálfum, né heldur skýrsla fyrri eigenda. Ekki verður heldur ályktað út frá 11. gr. laga nr. 70/2015, að það að tilgreina ekki sérstaklega byggingarefni sólstofu í söluyfirliti umfram þær upplýsingar sem X fékk frá M sjálfum, feli í sér saknæma háttsemi af hálfu X.

Niðurstaða.
M, eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. nóvember 2020.

_____
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

_____ _____
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 303/2020

M og
V vegna sjúklingatryggingar X

Ágreiningur um gildissvið laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 vegna aðgerðar á miðnesi.

Gögn.
Málskot móttekið 11. september 2020 með fylgiskjölum.
Bréf V dags. 20. september 2020, ásamt viðbótargögnum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M var til meðferðar hjá lækninum X vegna vandamála vegna nefstíflu. Aðgerð var framkvæmd á miðnesi í mars 2016 og eftir það varð vart við gat á miðnesi sem reynt var að bæta úr með því að koma sérstökum tappa fyrir í gatinu. M fékk minniháttar sýkingu vegna þess og hafa frekari tilraunir til þess að laga umrætt gat ekki borið árangur, m.v. upplýsingar í málskoti.

M telur að X beri bótaábyrgð á grundvelli 1. og 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 þar sem afleiðingar meðferðar hans hjá X séu ær að það blístri í nefi hans í hvert skipti sem hann andar í gegnum það. M telur það til þess gats sem kom á miðnesi hans í aðgerð hjá X og telur M að X hafi óvart ekið svo mikið af vef báðum megin á miðnesinu í aðgerðinni að gat hafi myndast. M telur að afstaða landlæknis hafi ekki úrslitaþýðingu vegna bótaskilyrða laga um sjúklingatryggingu þar sem þar sé frekar verið að fjalla um skilyrði skaðabótaréttar að öðru leyti, t.d. skv. sakarreglunni. M vísar til fræðirita sem sýni að það sé fáttítt að gat komi á miðnes í aðgerð eins og M fór í hjá X, eða um 0,5-3.1%. M telur einnig að skilyrði 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt á þeim grundvelli að fylgikvilli sá sem M hefur af aðgerð hjá X sé sjaldgæfur og vitnar til sömu fræðigreina og áður um það.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að M hafi verið til meðferðar hjá X frá árinu 2010 m.a. vegna nefstíflu. Meðferð hafi verið þannig háttað að M hafi fengið lyf til að takast á við slímhúðarbólgu í nefi en einnig hafi X séð skekkju. Aðgerð hafi síðan verið framkvæmd í mars 2016 og eftir það hafi borið á blísturshljóðum í nefi M. V telur ekki sannað að gat hafi komið á miðnes M í aðgerð hjá X en mótmælir því ekki að það hafi uppgötvast eftir þá aðgerð. Hvað varðar skilyrði 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu vísar V til niðurstöðu álits landlæknis um að aðkoma X að vandamálum M hafi verið innan ramma góðrar læknisfræði og gat á miðnesi sé þekktur fylgikvilli við aðstæður sem þær sem M fór í. Einnig vísar V til þess að m.v. gögn málsins og tilvísanir til fræðirita séu 1-8% líkur á því að það komi gat á miðnes í viðlíka aðgerð og X framkvæmdi sem og sé ekki sýnt fram á mögulegt tjón M.

Álit:
Samkvæmt 1. tl. 2. gr. laganna skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til þess að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 111/2000 segir m.a. svo um umræddan tölulið: „Ákvæði þessa töluliðar tekur til allra mistaka sem verða við rannsókn, meðferð o.s.frv. Orðið mistök er hér notað í mun víðtækari merkingu en almennt tíðkast í lögfræði. Ekki skiptir máli hvernig mistökin eru.“ Af þessum orðum má sjá að sönnunarkröfur eru almennt minni þegar kemur að því að meta það hvort skilyrði umrædds 1.tl. 2. gr. laganna séu uppfyllt, sem og að bótaskilyrðið sem lýtur að því að meðferð hafi verið hagað eins vel og unnt hefði verið verði ekki túlkað með sama hætti og skilyrði um saknæma háttsemi í skilningi hefðbundins skaðabótaréttar, t.d. þegar tekin er afstaða til þess hvort skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi skv. sakarreglu skaðabótaréttarins.

Sönnunargögn þau sem liggja fyrir í þessu máli hvað þetta varðar er fyrst og fremst það sem hægt er að lesa út úr áliti landlæknis á grundvelli 12. gr. laga nr. 41/2007 vegna mögulegra mistaka eða

vanrækslu við veitingu heilbrigðisþjónustu. Þó sú afstaða feli ekki í sér sérstakt mat á því hvort skilyrðum laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu er fullnægt verður að telja umrætt gagn hafa nokkra þýðingu við mat á því hvort meðferð M hafi verið hagað eins vel og unnt var og í samræmi við reynslu og þekkingu á sviði háls-, nef- og eyrnalækninga. Með umræddu áliti Landlæknis fylgir umsögn óháðs sérfræðings á sviðinu sem telur að um þekktan fylgikvilla sé að ræða og ekki komi fram að X hafi sýnt einhvers konar ótilhlýðilega framkomu við meðferð M. Í niðurstöðu álitsins er tekið undir þetta mat með þeim orðum að X hafi hagað meðferð innan ramma góðrar læknisfræði. Þessu mati hefur ekki verið hnekkt og verður ekki séð að skilyrði 1.tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu sé þannig uppfyllt.

Samkvæmt 4. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til meðferðar eða rannsóknar, þ.m.t. aðgerðar, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni. Af læknisfræðilegum gögnum sem liggja fyrir í þessu máli, m.a. umræddri umsögn óháðs sérfræðings, sem fylgir afstöðu landlæknis vegna meðferðar M, er um nokkuð algengan fylgikvilla að ræða. Því mati hefur heldur ekki verið hnekkt. Verður þegar af þeirri ástæðu talið að skilyrði 4. tl. 2. gr. eigi ekki við.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 305/2020

M húsfélag og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um skilyrði skaðabótaréttar vegna tjóns á húseign 25. júní 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 14. september 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 25. september 2020 ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur M dags. 28. september 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á húseigninni A þegar heitt vatn lak inn í húseignina að utan.

M telur að V eigi að greiða bætur vegna tjónsins þar sem leki hafi verið við inntak utanhúss sem sé á ábyrgð X. M vísar til þess að sú aðferð sem hafi verið notuð við að koma hitavatnslögn inni húseignina hafi ekki verið nógu örugg eða í samræmi við þekkingu á sínum tíma, þ.e. að steypa sem notuð var hafi losnað frá vegg og þannig hafi vatn náð að streyma niður í langan tíma. Einnig vísar M til mynda af steypu og tærðu röri máli sínu til stuðnings.

V telur að um skyndilega og ófyrirséða bilun hafi verið að ræða á lögn sem starfsmenn X hafi ekki vitað af og þannig hafi ekki verið hægt að sjá hana fyrir. Auk þess vísar V til þess að drenlagnir eigi að geta tekið við vatni umhverfis hús.

Álit.
Í málinu liggja fyrir lýsingar á tjóni M og skýringar M á því hver hugsanleg tjónsorsök er. Ekki liggja fyrir nokkur gögn sem staðreyna að þær aðferðir sem notaðar voru af hálfu X við lagningu hitaveitulagna í húseign M hafi verið rangar eða að mistök hafi verið gerð á þeim tíma. Þegar engin slík gögn liggja fyrir verður ekki fallist á að M hafi sannað að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt þannig að það komi til greiðslu úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Hallann af sönnunarskorti ber M og verður því ekki fallist á bótaskyldu úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V

Reykjavík, 22. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 306/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á Sprengisandsleið 23.08.2020.

Gögn.
Málskot móttekið 15.09.2020 ásamt fylgiskjölum 1-2.
Bréf V1, dags. 30.09.2020 ásamt fylgiskölum 1-2.
Bréf V2, dags. 01.10.2020 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.
Hinn 23. ágúst 2020 varð árekstur milli bifreiða A, og B, sem M ók umrætt sinn, á Sprengisandsleið. Af teikningu á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrituðu má ráða að B hafi verið staðsett á öfugum vegarhelmingi, vinstra megin við óbrotna miðlínu þegar A tók vinstri beygju, án þess að gefa það til kynna með stefnumerki, með þeim afleiðingum að bifreiðarnar rákust saman. A lýsir atvikum svo að hann hafi dregið mikið úr ferð í aðdraganda vinstri beygju inn á veiðislóða og hafi ekki orðið var við B sem hafi hafið framúrakstur á vegi með óbrotinni miðlínu skammt frá einbreiðri brú. B hafi svo rekist á A þegar A beygði til vinstri. Nánari lýsing ökumanns B á atvikum er sú að A hafi staðnæmst á veginum fyrir framan hann, á þeim stað þar sem brotin miðlína taki við af óbrotinni. Engin merkt vegamót hafi verið á þessu svæði og A ekki gefið stefnuljós. Hafi B því hægt á akstrinum, og gefið stefnuljós til marks um að hann hygði á framúrakstur. Meðan á framúrakstri stóð hafi A hins vegar beygt til vinstri með fyrrgreindum afleiðingum.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú sök skyldi skipt til helminga. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur fram í málskoti að hann hafi gætt að umferð fyrir framan sig og tekið eftir A sem virtist stopp á veginum, og hann hafi ekki haft neina ástæðu til að ætla að A hygði á vinstri beygju. Góð vegsýn hafi verið og hann því talið sér óhætt að aka framúr til að valda ekki öngþveiti eða hættu á þjóðveginum, enda sé heimilt að aka yfir óbrotna miðlínu beri brýna nauðsyn til.

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, vísar í bréfi sínu til nefndarinnar til þess að A hafi ekki orðið var við B fyrir aftan sig og hafi ekki mátt búast við framúrakstri á þessum stað þar sem óbrotin miðlína hafi verið á veginum og framúrakstur með öllu óheimill. Þá greini ökumenn á um það hvort A hafi verið kyrrstæð í aðdraganda vinstri beygju og beri B hallann af þeim sönnunarskorti. Jafnvel þó A hafi einnig ekið yfir óbrotna miðlínu hafi það verið óhjákvæmilegt til að komast inn á umræddan vegslóða. Því sé rétt að B beri alla sök á árekstri bifreiðanna.

V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, byggir afstöðu sína á því að A hafi í engu gætt þeirrar aðgæsluskyldu sem á honum hvíldi við akstur af akbraut, hann hafi ekki gefið stefnumerki og ekki gætt að umferð fyrir aftan sig. B hafi ekki gætt nægilega að sér við framúrakstur en hafa verði í huga að hann hafi talið sig vera að aka framhjá kyrrstæðri bifreið, og beri A sönnunarbyrðina um að svo hafi ekki verið. Þá gildi bann við akstri yfir óbrotna miðlínu jafnt um þá sem hyggist beygja út á vegaslóða. Hafi framúrakstur því verið eðlilegur undir þessum kringumstæðum. Beri því að leggja alla sök á A.

Álit:
Í 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er að finna reglur um akstur á vegamótum og í beygjum. Þar segir m.a. í 1. mgr. að ökumaður sem hyggst beygja á vegamótum skuli gæta þess að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra vegfarendur, og m.a. gefa gaum að umferð sem á eftir kemur. Þá skuli ökumaður gefa stefnumerki í samræmi við fyrirhugaða akstursstefnu. Telja verður, sbr. 6. mgr. sama ákvæðis, að þessi áskilnaður eigi jafnt við þó ekið sé inn á vegarslóða en ekki um eiginleg vegamót. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður A hafi vanrækt að gefa stefnumerki til marks um

fyrirhugaða akstursstefnu í aðdraganda þess að hann beygði til vinstri. Þá kemur fram að A hafi ekki orðið var við B í aðdraganda beygjunnar og verður því að telja að A hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig. Ber A því nokkra ábyrgð á árekstrinum. Hins vegar verður ekki, gegn neitun A, talið nægilega sýnt fram á að bifreiðin hafi staðnæmst áður en henni var beygt til vinstri. Í 23. gr. umferðarlaga er að finna almennar reglur um framúrakstur. Þar kemur m.a. fram, í 2. mgr., að ökumaður sem hyggur á framúrakstur skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu. Þá er í 25. gr. umferðarlaga kveðið á um bann við framúrakstri við ákveðnar aðstæður. Þar kemur fram, í 1. mgr. að óheimilt sé að aka fram úr öðru vélknúnu ökutæki þegar óbrotin miðlína er á milli akreina þar sem ekið er í gagnstæðar áttir. B braut með aksturslagi sínu gegn þessum ákvæðum og ekki er sýnt fram á að brýna nauðsyn hafi borið til að aka yfir óbrotna miðlínu umrætt sinn, enda verði að líta svo á að mikið þurfi að koma til svo slíkt sé heimilt. Ber hann því jafnframt nokkra sök á árekstrinum. Samkvæmt framansögðu, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, skal sök skipt þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga milli ökumanns A og B.

Reykjavík 17. nóvember 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 307/2020

V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss sem M varð fyrir hinn 13.06.2019.

Gögn.
Málskot dags. 11.09.2020 ásamt fylgigögnum 1-15.
Bréf V dags. 28.09.2020 ásamt fylgigagni.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 13. júní 2019 hafi M slasast við störf sín hjá A. Í málskoti er atvikum lýst svo að M hafi verið að húkka krók í herðatré sem notað sé til að hífa deiglur. Pressa hafi verið á M um að hraða verkinu, þar eð stutt hafi verið í útsteypingu, og hafi hann reynt að losa krókinn með því að ýta á hann og lyfta. Það hafi gengið illa þar sem krókurinn hafi verið stífur og vegið 6-700 kíló. Hann hafi haldið í herðatréð með vinstri hendi og notað hægri hendi til að ýta og lyfta þegar krókurinn rann skyndilega til baka og slóst í þumalfingur vinstri handar með þeim afleiðingum að hann brotnaði. M krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna afleiðinga slyssins, en V hafi hafnað kröfu hans með bréfi dags. 15. janúar 2020, með vísan til þess að það hafi verið aðgæsluleysi M sjálfs sem orsakaði meiðsli hans.

M telur að slys hans megi rekja til ófullnægjandi verkstjórnar og saknæms aðbúnaðar á vinnustað og því sé bótaskylda fyrir hendi. M byggir á því að hífingarbúnaðurinn sem honum var ætlað að nota hafi verið vanbúinn og ekki hentað til verksins, og hafi það verið meginorsök slyssins. Þá hafi verkstjórn og skipulagi verið áfátt. Þannig hafi M verið fyrirskipað að vinna einn sín liðs við hættulegt tæki án fullnægjandi leiðbeininga, en vinnuveitanda sé skylt að upplýsa starfsfólk sitt um notkunarskilyrði tækja og mögulega slysahættu. Hefðu fleiri starfsmenn aðstoðað M við verkið hefði þá mátt koma í veg fyrir umrætt slys. Þá hafi skipulagi verksins verið áfátt þar sem mikil pressa hafi verið á M að klára umrætt verk, og hafi rannsókn A leitt í ljós að skipuleggja þurfi vinnu betur og forðast að setja of mikið álag á starfsfólk. Áður en M var fyrirskipað að vinna umrætt verk hefði verkstjóri átt að ganga úr skugga um hættu sem skapast gæti af framkvæmd þess og leita leiða til að verjast henni. Máli sínu til stuðnings vísar M til ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim, auk Hæstaréttardóms nr. 639/2015. Enn fremur hafi verið vanrækt að tilkynna atvikið til Vinnueftirlits ríkisins, svo sem skylt sé og beri A hallann af þeim sönnunarskorti sem af því leiði.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að ósannað sé með öllu að líkamstjón M verði rakið til saknæms aðbúnaðar á vinnustað, vanbúnaðar kranans, ófullnægjandi verkstjórnar eða skipulags eða annarra atvika eða aðstæðna sem A beri ábyrgð á. Ekki hafi verið rökstutt á hvern hátt kraninn hafi verið vanbúinn, og hafi hann verið tekinn út af Vinnueftirlitinu án athugasemda nokkru fyrir slys M. Slysahætta eigi ekki að fylgja notkun kranans, en hins vegar þurfi kranastjóri að sýna eðlilega aðgæslu við umgengni um hann. Þá hafi M fullgild réttindi til að stjórna umræddum krana og hafi margoft framkvæmt sambærileg verk. M hafi einfaldlega verið að sinna starfi sínu með venjubundnum hætti og ekki hafi verið sýnt fram á að sérstaks eftirlits eða leiðbeininga hafi verið þörf vegna þess. Þá liggi fyrir að lögregla hafi gert skýrslu um atvikið, auk þess sem fulltrúa Vinnueftirlitsins hafi verið tilkynnt um það. Vinnueftirlitið hafi hins vegar ekki talið tilefni til að koma á vettvang, en það eigi ekki að leiða til þess að vikið verði frá almennum sönnunarreglum. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið.

Í fyrsta lagi byggir M á því að umræddur krani hafi verið vanbúinn, ekki hentað til umrædds verks og honum hafi fylgt slysahætta, og hafi það verið meginorsök slyssins. Ekki liggur þó annað fyrir en að

alvanalegt sé við hífingar að nýta krók og herðatré við verkið og hefur M ekki sýnt fram á hvern hátt umræddur hífingarbúnaður hafi verið vanbúinn eða óhentugur til verksins sem slíkur. Þá liggur fyrir að lögregla mætti á vettvang um klukkustund eftir umrætt slys en ekki má ráða af skýrslu lögreglu að eitthvað hafi verið athugavert við kranann og virðist hann raunar hafa verið í notkun skömmu eftir slysið. Þá hefur því ekki verið mótmælt að M hafi verið með fullnægjandi réttindi til að stjórna umræddum krana og samkvæmt frásögn hans í lögregluskýrslu hafði M margoft áður losað krókinn á krananum með þessum hætti, en fyrir liggur að M hafði starfað hjá A í rúma sextán mánuði frá slysdegi. Krókurinn hafi verið stífur og mjög þungur, og M reynt að ýta á hann og lyfta á sama tíma. Allt í einu hafi hann misst krókinn þannig að hann rann til baka og slóst í vinstri þumalfingur hans sem kramdist þá milli tveggja járna.

M byggir í öðru lagi á því að verkstjórn, skipulagi og leiðbeiningum hafi verið áfátt. Af frásögn M sjálfs svo og gögnum sem liggja fyrir nefndinni, verður ekki ráðið annað en að um venjubundið verklag hafi verið að ræða, verkþátt sem M hafi framkvæmt oft áður, og hefur því ekki verið sýnt fram á að sérstakra leiðbeininga hafi verið þörf. Hvað varðar ummæli M um að kraninn hafi verið stífur, verður svo ekki ráðið af því að hann hafi verið stífari en venjan var eða að ráða megi eitthvað um vanbúnað kranans af ofangreindri lýsingu M á atvikum. Fyrir nefndinni liggur atvika- og slysa skýrsla A þar sem kemur fram að M telji að þrýst hafi verið á hann að hraða verkinu og hafi það verið stór orsakavaldur umrædds slyss. Af þeirri skýrslu má einnig ráða að bæta eigi úr þessu með því að skipuleggja vinnu betur og setja ekki of mikið álag á starfsmenn. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur M þó ekki sýnt nægilega fram á hvað olli því að sérstök þörf var á að klára þetta verk hratt, né hver hafi gefið fyrirmæli um það. Í málskoti og meðfylgjandi gögnum kemur fram að pressa hafi komið á M þar sem síðan hafi verið að koma að útsteypingu, en ekki er að finna nánari útskýringar á því hvers eðlis sú pressa hafi verið eða hverju það hefði valdið hefði verkið tafist.

Verður samkvæmt framansögðu að líta svo á að ekki sé sýnt fram á annað en að um óhappatilvik, sem átt hafi sér stað við framkvæmd M á venjubundnu verki, sem hann var vanur að sinna, hafi verið að ræða. Hvað varðar það að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins þá segir í lögregluskýrslu um slysið að haft hafi verið samband við nafngreindan starfsmann Vinnueftirlitsins. Þó ráða megi af yfirlýsingu Vinnueftirlitsins, dags. 8. júli 2020, að tilkynning hafi ekki borist þegar slysið átti sér stað, verður því að líta svo á að í það minnsta óformleg samskipti hafi átt sér stað, auk þess sem lögregla virðist strax hafa verið kvödd á vettvang, og er því ekki tilefni til að víkja frá almennum sönnunarreglum vegna þess.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið að sýnt hafi verið fram á að slys M rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða aðila sem A ber ábyrgð á. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 308/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar.

Ágreiningur um bótaábyrgð undirverktaka við húsbyggingu vegna vinnuslyss.

Gögn.
Málskot, móttekið 11.9.2020, ásamt fylgigögnum.
Tölvubréf V, dags. 28.9.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Þann 19. nóvember 2018 var unnið við húsbyggingu A í Reykjavík á vegum byggingarverktakans B. Að húsbyggingunni komu undirverktakar, þ. á m. D og E sem M starfaði hjá. Síðdegis umræddan dag var unnið við að hífa með byggingarkrana mótafleka til að koma honum fyrir í stæðu af mótaflekum sem hafði verið komið fyrir á akleið að norðanverðu við A sem liggur samsíða sams konar akleið meðfram húsi að A. F, fyrirsvarsmaður D, stjórnaði krananum. M mun hafa staðið ofan á flekastæðunni til að taka á móti flekanum sem verið var að hífa. Vildi þá ekki betur til en að flekinn rakst í M sem féll ofan af stæðunni og niður á akleiðina sem liggur meðfram A1. M varð fyrir talsverðum meiðslum við fallið.

Í skýrslu lögreglu sem kvödd var á vettvang er haft eftir G, nafngreindum verkstjóra á staðnum, að eitthvað slag hefði komið á flekann og hann slegist í M með þeim afleiðingum að hann hafi fallið ofan af stæðunni og niður á akleiðina meðfram A1. F mun hafa skýrt frá atvikum á sama veg og verkstjórinn. Jafnframt er haft eftir F að hann hafi stjórnað krananum með fjarstýringu og þegar flekinn hafi verið kominn nærri M hafi sterk vindhviða komið inn húsasundið á milli A og A1, slegið á kranann svo flekinn hafi kastast til og slegið til baka á M sem hafi fallið við höggið.

Slysið var rannsakað af Vinnueftirliti ríkisins. Í umsögn þess um slysið kemur fram að verið var að hífa mótafleka 4,8 x 2,7 m að stærð. Við hífinguna hafi mótaflekinn fokið á M sem hafi verið að taka á móti og losa. Við það hafi hann fengið á sig mikið högg og fallið fram af stæðunni sem hann stóð á og niður vegg á lóðamörkunum. Hafi fallið verið 2 m niður á hellulagða jörð. Vindur er sagður hafa verið töluverður eða um 8-15 m/sek. Niðurstaða rannsóknar Vinnueftirlitsins var sú að slysið mætti rekja í fyrsta lagi til þess að ekki hafi verið tekið tillit til vindstyrks við hífingar umræddan dag, í öðru lagi hafi mótaflekinn verið tvöfaldur að stærð og af þeim sökum tekið á sig meiri vind og í þriðja lagi til staðsetningar M þar sem honum var ætlað að losa mótaflekann.

M taldi að E bæri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu á grundvelli reglu skaðabótaréttarins um vinnuveitandaábyrgð þar sem slysið hafi mátt rekja til saknæmrar háttsemi F sem stjórnanda kranans og að E hefði vanrækt skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerðum byggðum á þeim lögum þar sem nægilegt öryggi hafi ekki verið tryggt á vinnusvæðinu. Var í því efni m.a. vísað til gr. 3.2.5 í II. viðauka reglugerðar nr. 367/2006, um notkun tækja, þar sem kveðið er á um að allar lyftingar skuli skipuleggja og framkvæma rétt svo að öryggis starfsmanna sé gætt og þeim stjórnað með viðeigandi hætti. Einnig var vísað til fleiri ákvæða reglugerðarinnar. Krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu E hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut í slysinu. V hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni og var ágreiningurinn lagður fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Með úrskurði nefndarinnar 14. janúar 2020 í máli nr. 464/2019 var komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið ljóst af gögnum málsins að F hafi verið starfsmaður E í skilningi reglunnar um vinnuveitandaábyrgð og því væri ekki unnt að fullyrða að E bæri ábyrgð á tjóninu. M ætti því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu E hjá V.

Síðar mun hafa komið í ljós að F var starfsmaður og jafnframt fyrirsvarsmaður D sem einnig hefur í gildi ábyrgðartryggingu hjá V vegna atvinnurekstrar síns. Hefur M krafist bóta vegna tjóns síns úr þeirri ábyrgðartryggingu hjá V. V kveður samkvæmt upplýsingum fengnum hjá F að D hafi verið undirverktaki B sem hafi falið því að sjá um uppsteypu hússins. Starfsmenn B hafi jafnan stjórnað umræddum byggingarkrana. Í umrætt sinn hafi G, verkstjóri, hins vegar beðið F að hífa mótin þar sem enginn kranamaður með réttindi hafi verið tiltækur á svæðinu. Annars hafi hífingar ekki verið á hans

verksviði samkvæmt verksamningi heldur hafi verið um að ræða tilfallandi beiðni um aðstoð í tvær til þrjár klukkustundir. G hafi sagt honum hvað hann ætti að hífa, hvaðan og hvert og hafi hífingin alfarið verið unnin samkvæmt skipunum G. Verkið sem verið var að vinna hafi verið skipulagt af B sem aðalverktaka og í umrætt sinn hafi F verið undir verkstjórn B og lotið boðvaldi hans. Þá sé ósannað að slys M verði rakið til mistaka F. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands hafi mesti vindur á slysstað verið um 7 m á sekúndu þegar slysið varð og mesta kviða um 12 m á sekúndu. Ekki hafi verið bent á neinar hlutlægar reglur sem banni hífingu við þessar aðstæður. Slysið verði því aðeins rakið til óhappatilviljunar. Hefur V því hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

Álit.

Eins og rakið hefur verið er það mat Vinnueftirlitsins samkvæmt umsögn sinni um slysið að rekja megi slysið til þess að ekki hafi verið tekið tillit til vindstyrks við hífinguna með tilliti til stærðar mótaflekans sem af þeim sökum hafi tekið á sig meiri vind, svo og staðsetningar M þar sem honum var ætlað að losa mótaflekann. Þessu mati hefur ekki verið hnekkt sérstaklega, jafnvel þótt í umsögninni sé talið að vindur hafi verið ívið meiri en upplýsingar Veðurstofunnar um vind í Reykjavík gefa til kynna. Í ljósi þessa verður að telja að F hafi ekki gætt nægilega að öllum aðstæðum þegar hann hífði flekann með hliðsjón af vindi og stærð flekans. Við hífinguna var því ekki gætt ákvæða laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem eiga að tryggja fyllsta öryggi við hífinguna. Ber að virða aðgæsluleysi F að þessu leyti til gáleysis af hans hálfu.

Engin skýr gögn liggja fyrir um það hvernig verkaskiptingu var háttað á byggingarstaðnum né heldur hvernig verkstjórn var háttað. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 46/1980 skulu atvinnurekendur þar sem fleiri eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, og aðrir sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum. Með vísan til þessa ákvæðis bar F sem fyrirsvarsmanni D, eins þeirra fyrirtækja sem aðild áttu að byggingar-framkvæmdunum við A, að leggja sitt að mörkum til að tryggja örugg starfsskilyrði á byggingarstaðnum, þ. á m. þegar byggingarkraninn var notaður við hífingar. Undan þessari skyldu gat hann ekki skorist jafnvel þótt yfirverkstjórn hafi verið í höndum starfsmanna yfirverktakans, B, og í þessu sambandi getur heldur ekki skipt máli þótt G hafi beðið hann að taka við stjórn kranans skamma stund og gefið fyrirmæli um hvað skuli híft og hvert. F stjórnaði hífingunni þegar slysið bar að höndum og bar ábyrgð á að hún yrði útfærð á þann veg að fyllsta öryggis væri gætt. Þar sem það brást, líkt og að framan greinir, ber D sem vinnuveitandi F ábyrgð á líkamstjóni M. Af gögnum málsins verður ekki séð að slysið verði rakið til meðábyrgðar M. Hann á því óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Niðurstaða.

M, á óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík, 29. október 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 309/2020

M og
V vegna greiðslukortatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr forfallatryggingu.

Gögn.
Málskot, móttekið 07.09.2020 ásamt læknisvottorði.
Bréf V, dags. 30.09.2020 ásamt fylgiskjölum.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 01.10.2020.

Málsatvik.
Hinn 23. febrúar 2020 greiddi M staðfestingargjald vegna ferðar sem hún hugðist fara í með fjölskyldu sinni til Svíþjóðar dagana 19.-25. júní 2020. Svo fór þó að fjölskyldan hætti við ferðina vegna veikinda M, og liggur fyrir nefndinni læknisvottorð þess efnis, dags. 15. júní 2020. Í umræddu læknisvottorði kemur fram að M hafi, við barnsburð árið 2016, orðið fyrir miklum og varanlegum skaða á mjaðmagrind, mjóbaki og hálshrygg. Vegna þessa hafi hún gengist undir tvær aðgerðir og sé enn að ná sér eftir þær og því ófær um lengri setur á borð við flugferðir. Gerði M á grundvelli þessa kröfu um bætur úr forfallatryggingu sem er hluti greiðslukortatryggingar hennar hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu og krefst M þess fyrir nefndinni að þeirri ákvörðun verði hnekkt. Rökstyður hún kröfu sína með því að skerta ferðafærni hennar megi rekja til þess að það tók hana lengri tíma en ætlað hefði verið að ná sér eftir aðgerðir sem hún gekkst undir annars vegar 12. mars 2020 og hins vegar 2. apríl 2020. Fyrir aðgerðirnar hefði M verið upplýst um að hún þyrfti að hvílast í átta vikur frá aðgerð, en sá tími hefði reynst mun lengri. Þá hafi afpöntun ferðarinnar byggt á ráðgjöf starfsmanns V, sem hefði sagt eiginmanni M að rétt væri fyrir þau að afbóka ferðina. M telur rök V, um að bótaskylda sé ekki fyrir hendi þar sem hún hafi verið sjúklingur og í meðferð við sínum vanda, ekki ganga upp, enda hefðu það í för með sér að fólk sem ætti við langvarandi heilsufarsvanda að stríða gæti aldrei pantað sér utanlandsferðir vegna áhættu á að lenda í sambærilegu atviki.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til gr. 6.2.1 í viðeigandi vátryggingarskilmálum. Þar komi fram að félagið bæti ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt. Óumdeilt sé að M hafi glímt við heilsuvanda frá árinu 2016 og hafi þjáðst af honum við greiðslu staðfestingargjalds. Umræddar aðgerðir hafi verið gerðar vegna sömu veikinda og sé það jafnframt að rekja til þeirra að M komst ekki í umrædda ferð. Þar af leiði að veikindi M hafi verið til staðar við kaup hennar á ferðinni. Er kröfum M því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar áréttar M m.a. að það sé óeðlilegt geti langveikt fólk ekki undirgengist aðgerðir án þess að eiga á hættu að missa hugsanlegan bótarétt komi til þess að bati eftir slíkar aðgerðir sé hægari en gert var ráð fyrir.

Álit.
Í gr. 6.1. viðeigandi vátryggingarskilmála segir að V bæti ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram eða samið um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, allt að 200.000 kr., vegna ferðar sem hinn vátryggði kemst ekki í ef ástæðan er m.a. veikindi vátryggðs, sbr. gr. 6.1.1. Í gr. 6.2. er hins vegar að finna takmarkanir á bótaskyldu V og segir í gr. 6.2.1. að félagið bæti ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt.

Í læknisvottorði því sem liggur fyrir nefndinni kemur fram að M hafi í kjölfar barnsburðar á árinu 2016 fundið fyrir miklum verkjum í mjaðmagrind, mjóbaki og hálshrygg. Þá hafi hún átt fjölmargar komur á verkjamiðstöð LSH vegna þessa frá hausti 2019. M sé á sterkum lyfjum til meðhöndlunar á þrálátum verkjum og afleiðingum þeirra, en hefðbundin meðferð hafi ekki skilað árangri. Því hafi verið reynd ígræðsla mænuörva, og er það vegna bataferlis í kjölfar þeirra aðgerða sem hún komist ekki í umrædda ferð.

Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á að veikindi M hafi verið til staðar þegar hún greiddi staðfestingargjald vegna umræddrar ferðar, hinn 23. febrúar 2020. Jafnframt verður að telja, með hliðsjón af því að M hafi verið á sterkum lyfjum, og að því er virðist undir tíðu læknisefirliti að hún hafi einnig, á þeim tíma sem staðfestingargjald var greitt, sætt meðferð vegna veikinda sinna. Umræddar aðgerðir, og bataferli í kjölfar þeirra, er þá einnig að rekja til sömu veikinda, og eru þær hluti þeirrar meðferðar sem M hefur gengist undir. Verður því að líta svo á að um sé að ræða tjón sem falli undir takmörkunarákvæði gr. 6.2.1 í umræddum vátryggingarskilmálum og breytir það ekki þeirri niðurstöðu að bati hafi verið hægari en búast mátti við enda er tjón M eftir sem áður að rekja til sömu veikinda.

Hvað varðar fullyrðingar M um að tjón hennar megi að einhverju leyti rekja til rangrar ráðgjafar V hafa ekki verið lögð fram nein gögn er styðji við þá staðhæfingu og verður því ekki á henni byggt.

Á grundvelli alls framangreinds er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr kreditkortatryggingu sinni hjá V..

Reykjavík, 22. október 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 310/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um hvort bótaskylda vegna slyss á vinnustað sé til staðar.

Gögn.
Málskot dags. 11.09.2020 ásamt fylgiskjölum 1-14.
Bréf V dags. 30.11.2020 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 27. ágúst 2018 hafi M slasast við störf sín hjá A. Slysið hafi atvikast með þeim hætti að M stóð uppi í stiga og var að logsjóða pall á vörubíl þegar hann féll úr stiganum og slasaðist töluvert við fallið. Var lögreglu tilkynnt um slysið og er skýrsla hennar meðal gagna fyrir nefndinni.

M telur að A beri ábyrgð á slysinu, þar eð A hafi vanrækt þær skyldur sem á því hvíldu varðandi öryggi á vinnustað auk þess sem verkstjórn og eftirliti hafi verið ábótavant. A hafi þannig sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi og því sé bótaskylda til staðar úr ábyrgðartryggingu þess. Máli sínu til stuðnings vísar M fyrst og fremst til þess að ekki hafi verið til staðar verklagsreglur eða almennar leiðbeiningar um það verk sem M sinnti á slysdegi, í nokkurri hæð og við erfiðar aðstæður. M hafi verið gert að nýta vanbúinn, lausan stiga, við vinnu í 2,5 metra hæð, og hafi A því ekki tryggt nægilegar öryggisráðstafanir á vinnustaðnum. Greinilegt sé af ljósmyndum í lögregluskýrslu sem gerð var um atvikið hve erfiðar aðstæður hafi verið og því brýnt að starfsmenn hefðu stiga sem hentaði við verkið, og væri festur. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglna settra með stoð í þeim, og dómafordæma. M áréttar sérstaklega að honum hafi ekki verið kunnugt um að stiginn sem hann notaði hentaði ekki til verksins, enda hafi ekki verið til staðar neinar verklags- eða vinnureglur sem kvæðu á um það. Þá gerir M athugasemd við að slysið hafi ekki verið tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins, svo sem borið hafi að gera samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980 og verði A að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem af því leiði að rannsókn eftirlitsins hafi ekki farið fram. Þá hafnar M því að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leitt geti til þess að bótaréttur hans verði skertur a grundvelli meðábyrgðar. Á grundvelli framangreinds sé því bótaréttur til staðar.

V hefur, með bréfi dags. 12. júní 2020, hafnað bótaskyldu. Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að félagið telji að slys M verði ekki rakið til sakar A eða vanbúnaðar á vinnustað. Verkáætlun og áhættumat hafi verið gerð á árinu 2015 og kynnt öllu starfsfólki A. Þar komi fram að sé laus stigi notaður í undantekningartilvikum eigi að tryggja að hann geti ekki runnið undan, til hliðar eða aftur. Keyptir hafi verið sérstakir búkkar til að tryggja öryggi starfsmanna við þessar aðstæður, en þeir standi tryggilega og séu stöðugir. Hafi því bæði verið til staðar verklagsreglur og öryggisráðstafanir verið gerðar. M hafi starfað hjá A í samtals tíu ár og búið yfir góðri þekkingu á aðstæðum. Verði að telja einsýnt að M hafi verið kunnugt um að ekki átti að nota lausan stiga við umrætt verk. Þrátt fyrir að M hafi haft þá vitneskju og staðið til boða að nýta annað tæki við verkið hafi hann kosið að haga því á þennan hátt. Þá telur V að ekki sé ágreiningur um málsatvik sem slík, og auk þess hafi slysið verið tilkynnt til lögreglu. Það eigi því ekki að hafa áhrif á bótaskyldu þó Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um atvikið. Telur V því ekki sýnt fram a að slysið verið rakið til vanrækslu eða vanbúnaðar og hafnar bótaskyldu.

Álit:
Fyrir nefndinni liggur verkáætlun/áhættumat sem unnið var af hálfu A, dags. 16. október 2015. Þar er fjallað um verkið „mat á bilunum bíla og tækja“ og segir þar um „aðgerðir og eftirfylgni“ vegna fallhættu: „Nota viðeigandi stiga og tröppur tækja, ekki hoppa. Ef lausir stigar eru notaðir í undantekningartilfellum skal tryggja að þeir geti ekki runnið undan, fallið til hliðar eða aftur

samkvæmt lögum.“ Ekkert kemur hins vegar fram um að búkkar séu til staðar, né liggja fyrir ljósmyndir af þeim. Þá verður ekki glögglega ráðið af lýsingu þessa verkefnis að verkefnið sem M sinnti á slysdegi, þ.e. logsuða palls á vörubíl, falli undir þennan lið. Þá liggur ekki skýrlega fyrir með hvaða hætti kynning á umræddu plaggi hafi farið fram.

Í lögregluskýrslu sem gerð var um atvikið segir aðeins að M hafi staðið í stiganum sem staðsettur var upp við hlerann og hafi verið að vinna við efri hluta hlerans er stiginn færðist til og féll til jarðar með þeim afleiðingum að M féll til jarðar. Þá hafi M verið fluttur með sjúkrabifreið á bráðamóttöku. Ekkert kemur fram um stærð eða gerð stigans, að öðru leyti en því er ráða má af ljósmynd af honum, aðstæður á gólfi eða hvort búkkar eða önnur hentugri tæki hafi verið til staðar. Verður því ekki litið svo á að lögregluskýrsla leiði fyllilega í ljós orsakir umrædds slyss. Ætla má að rannsókn Vinnueftirlitsins, hefði hún farið fram, hefði leitt ofangreinda þætti betur í ljós. Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Af gögnum málsins má ráða að M hafi verið óvinnufær þegar í kjölfar slyssins og liggur ekki fyrir af hverju ekki var tilkynnt um það í samræmi við lagaáskilnað, en A verður að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem af því leiðir. Verður samkvæmt framansögðu að líta svo á að starfsmönnum A hafi verið látinn í té umræddur stigi til að nýta við störf sín, þrátt fyrir að telja megi að einfaldur stigi henti illa til að vinna í við logsuðu. Verður því litið svo á að A hafi, samkvæmt framansögðu, vanrækt þær skyldur sem lagðar eru á það með ákvæðum 13., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um að gæta skuli fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar á vinnustað, sbr. og ákvæði varðandi notkun stiga í 4.2. gr. II. viðauka reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja sem sett er á grundvelli laganna. Samkvæmt öllu framansögðu að telja að A beri skaðabótaábyrgð á slysi M, enda liggur hvorki fyrir að sérstakar verklagsreglur vegna umrædds verkþáttar hafi verið til staðar og kynntar starfsfólki, né að aðrar aðferðir hafi staðið M til boða við þennan starfa.

Samkvæmt 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124 /2009 um breytingu á þeim, skerðist ekki réttur starfsmanns til skaðabóta vegna líkamstjóns sem hann verður fyrir í starfi sínu vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er ekki sýnt fram á stórkostlegt gáleysi M og verður bótaréttur hans ekki skertur af þeim sökum.

Niðurstaða.
M, á óskoraðan rétt til bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 15. desember 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 311/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Vinnuslys í verkstæðishúsnæði 12. febrúar 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 14. september 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 29. september 2020.

Málsatvik.
Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 24. febrúar 2020, sem undirrituð er af bæði M og fulltrúa X, kemur fram að M hafi rekið fót í stálstangir sem voru á gólfi verkstæðis og runnið í olíu á gólfinu í kjölfarið með þeim afleiðingum að hann datt og lenti illa. Einnig kemur þar fram að M hafi strax hætt vinnu en engin vitni hafi verið af atburðinum. Einnig má ráða af tjónstilkynningunni að M hafi fengið greidd laun í veikindaforföllum frá slysdegi, en verið sagt upp störfum. Læknisvottorð sem gefið var út 12. febrúar 2020, á tjónsdegi, kveður á um óvinnufærni til 16. febrúar sama ár.

M gerir kröfu um viðurkenningu bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V á með þeim rökum að á vinnustað hans hafi verið hættulegar vinnuaðstæður og verkstjórn og skipulagi áfátt. Vísað er til almennra fyrirmæla um skyldur atvinnurekenda um öryggi á vinnustöðum í lögum nr. 46/1980 og einnig er vísað til reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða þar sem m.a. er kveðið á um að umferðarleiðir skuli vera greiðar og afmarkaðar og draga skuli úr hálku á gólfum. Einnig vísar M til þess að slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins eins og atvinnurekanda bar skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 og segi dómaframkvæmd að þá verði X að bera hallann af sönnun um atvik. Einnig vísar M sérstaklega til þess að það hefði átt að geyma járnstangir þær sem hann féll um á stað þar sem ekki væri hætta á að starfsmenn féllu um þær auk þess sem X verði að bera hallann af því að óupplýst sé hvaðan olíupollur á gólfi stafaði.

V telur slys M verði ekki rakið til ófullnægjandi og hættulegra vinnuaðstæðna og vísar til þess að M hafi starfað á vinnustaðnum í 2 ár og hafi því verið kunnugur aðstæðum þar og verið eini starfsmaðurinn á þeim tíma sem óhapp hans varð sem hafi verið við vinnu við glussakerfi bifreiðar, eitthvað sem M hafi haft sérstaka þekkingu á. V byggir á því að engin vitni hafi orðið af atviki því sem M lýsir og verkstjóri hafi skilið M þannig að hann hafi misstigið sig, en ekki þannig að alvarlegt atvik hafi átt sér stað. Einnig vísar V til dóms Landsréttar í máli nr. 560/2018 þar sem niðurstaða byggðist á því að fall reynds starfsmanns í snjóbleytu á verkstæði væri óhappatilvik. M hefur mótmælt því að umræddur dómur eigi við um aðstæður hans. V telur einnig að ómögulegt sé að halda gólfum á verkstæðum þannig að útilokað sé að á þeim sé vökvi, olía eða bleyta, en það sé eðli starfseminnar að það geti gerst. Auk þessa telur V að ekki hafi verið tilefni til að tilkynna óhapp M til Vinnueftirlitsins samdægurs þar sem um minniháttar atvik hafi verið að ræða.

Álit:
Í gögnum málsins kemur með skýrum hætti fram að M hætti störfum rétt fyrir hádegi þann dag sem hann hlaut líkamstjón við störf sín hjá X. Í málinu liggur einnig fyrir læknisvottorð dags. sama dag þar sem vottuð er óvinnufærni M í a.m.k. fjóra daga. Verður ekki hjá því komist að líta svo á að skylda atvinnurekanda til að tilkynna um líkamstjón M til Vinnueftirlitsins skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 hafi verið vanrækt í greint sinn. Í ljósi viðurkenndrar dómaframkvæmdar um afleiðingar slíkrar vanrækslu verður að leggja til grundvallar framburð tjónþola (M) af aðstæðum á slysstað. Í tjónstilkynningu, sem hann skrifar undir ásamt fulltrúa X, kemur fram að hann hefi rekið fót í stálstangir sem legið hafi á gólfi og runnið í olíupolli í kjölfarið. Af málskoti verður ekki annað ráðið en að M lýsi aðstæðum þannig að hann hafi ekki vitað af olíupolli á gólfi og að umferðarleiðir hafi ekki verið greiðar vegna járnstanga á gólfinu. Þó aðrir starfsmenn og forsvarsmenn X lýsi aðstæðum á annan hátt verða þeir að bera hallann af sönnunarskorti sökum vanrækslu á því að tilkynna til

Vinnueftirlitsins, eins og áður segir. Með hliðsjón af aðstæðum öllum verður að telja að umferðarleiðir hafi ekki verið með öllu greiðar og ekki hafi verið gætt að því að hreinsa upp bleytu á gólfi sem skapaði hættu. Verður X að bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M sem af því hlaust. Ekkert í málinu bendir til þess að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í aðdraganda tjónsins og verður því ekki látinn bera hluta tjóns sín sjálfur, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. M á því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 29. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 312/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á þjóðvegi 931 hinn 13. ágúst 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 15.09.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 01.10.2020 ásamt fylgiskjölum 1-2.
Bréf V2, dags. 05.10.2020 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.
Hinn 13. ágúst 2020 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B. Á framhlið fyrirliggjandi tjónstilkynningar, sem báðir ökumenn staðfesta með undirritun sinni er merkt við að báðar bifreiðar, en þeim var ekið sinni í hvora áttina, hafi farið inn á öfugan vegarhelming, en báðir ökumenn taka fram í tjónstilkynningum sínum að ágreiningur sé um staðsetningu bifreiðanna. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna og á grundvelli tjónstilkynningar var sök skipt til helminga þar sem ósannað væri um stöðu ökutækja í aðdraganda árekstrar.

M sættir sig ekki við þá niðurstöðu og segist hafa tekið eftir skrítnu ökulagi B um það bil sem bifreiðarnar mættust. Hafi hliðarspeglar bifreiðanna rekist saman með þeim afleiðingum að hliðarspegill fór af A og rúða við bílstjórahurð brotnaði. Bifreið A hafi strax stöðvað, en B hins vegar haldið för sinni áfram. Eftir að hafa ráðfært sig við mágkonu sína og svila, sem voru í aksturssamfloti með M og eiginkonu hans, hafi M ákveðið að aka á eftir B og hafa uppi á honum. Erfitt hafi verið að fá B til að gefa skýrslu um atvikið og sé M þess fullviss að hefði hann ekki fyllt skýrsluna út með framangreindum hætti hefði B ekki fallist á að undirrita hana. Það hafi svo ekki verið fyrr en M hitti ferðafélaga sína aftur um kvöldið sem hann hafi fengið fregnir af því að þau hefðu orðið vitni að atvikinu. Fyrir liggi vitnisburður svila M þess efnis að hann hafi tekið eftir því að B hafi verið ekið eftir miðlínu vegarins í aðdraganda árekstrar.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að umræddur vegur sé sveitavegur og mjórri en þjóðvegir almennt. Af 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 leiði svo að mikilvægt sé að ökumenn víki að hægri brún vegar við mætingu til að forðast árekstur. Með hliðsjón af fyrirliggjandi vitnisburði sé ljóst að B hafi ekið eftir miðlínu vegarins og því ekki gætt nægilega að umræddu lagaákvæði. Beri B því alla sök á umræddum árekstri.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að rétt sé að skipta sök til helminga, enda sé ljóst að allt frá upphafi hafi verið ágreiningur um það hvorri bifreiðanna hafi verið ekið yfir miðlínu. Þá verði niðurstaða í málinu ekki byggð á framburði vitnis sem sé svo tengt ökumanna, auk þess sem sá vitnisburður hafi ekki komið fram fyrr en eftir að vátryggingarfélögin höfðu ákvarðað sakarskiptingu. Bréfi V2 fylgdi jafnframt bréf frá ökumanni B þar sem hann lýsir því m.a. að hann og eiginkona hans hafi veitt því athygli, áður en til árekstrar kom að A hefði verið ekið nálægt, eða yfir, miðju vegarins. Þá hafi báðir ökumenn í fyrstu haldið ferð sinni áfram eftir atvikið og sé lýsingu á meintum flótta þeirra hjóna af vettvangi mótmælt. B hafi ætlað að sætta sig við orðinn hlut, þ.e. að hafa misst spegil af bifreið sinni, og á þeim tíma ekki talið tilefni til frekari aðgerða. Þá áréttar B að ágreiningur um staðsetningu A og B hafi verið til staðar frá upphafi. Þá tekur B fram að hliðarspegill sá sem féll af A hafi verið framlengdur, þess háttar spegill sem notaður sé við drátt á tæki sem er breiðara en svo að venjulegir hliðarspeglar komi að gagni.

Álit:
Ljóst er af gögnum málsins að ágreiningur hefur frá upphafi verið til staðar varðandi það hvor bifreiðanna fór inn á öfugan vegarhelming. Á framhlið tjónstilkynningar, sem fyllt var út skömmu eftir áreksturinn, er merkt við að báðum bifreiðum hafi verið ekið inn á öfugan vegarhelming. Þá veitir afstöðuteikning á framhlið tjónstilkynningarinnar ekki skýrari upplýsingar um þetta atriði, en samkvæmt henni virðist báðum bifreiðum ekið á réttum vegarhelmingi. Við úrlausn þessa máls er óhjákvæmilegt að byggja á umræddri tjónstilkynningu sem frumgagni í málinu, en telja verður að síðar til kominn vitnisburður aðila sem er tengdur M og var á ferðalagi með honum, breyti ekki þeirri afstöðu. Verður því að telja ósannað hver staða ökutækjanna var í aðdraganda árekstrar og verður við niðurstöðu ekki byggt á því að annar ökumanna beri sök umfram hinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, skal sök skipt þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Niðurstaða.
Hvor ökumaður ber helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 29. október 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 313/2020

M ogt
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á Laugavegi í Reykjavík austan Rauðarárstígs þann 15.7.2020.

Gögn.
Málskot, móttekið 17.9.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 2.10.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V2, dags 5.10.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Báðum bifreiðum mun hafa verið ekið vestur Laugaveg þegar hægri hlið A og vinstri hlið B rákust saman.

Ökumaður A kveðst hafa ekið niður Laugaveg „aftan við Hlemm“ þar sem tvær akreinar séu í sömu átt. Þá hafi B verið ekið yfir línu á milli akreina. Hafi A verið rispuð á hægri hlið.

Ökumaður B kveður ökumann A hafa ekið fram úr sér og „straujað“ vinstri hlið bifreiðar hans.

Álit.
í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.

Upplýsingar um áreksturinn og tildrög hans eru mjög fátæklegar. Torvelt er að átta sig á hvar árekstrarstaðurinn var nákvæmlega. Ekkert samræmi er í frásögn ökumanna þannig unnt sé að átta sig á hvernig það atvikaðist að bifreiðirnar rákust saman. Er ógerlegt með öllu að henda reiður á hvað olli árekstrinum og hver kunni að eiga sök á því hvernig fór. Í ljósi þessa og með vísan til 5. gr. laga nr. 30/2019 verður ekki hjá því komist að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.
Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 29. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 314/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðanna A og B

Árekstur á gatnamótum Nýbýlavegar og Breiðholtsbrautar 31. ágúst 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 14. september 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 29. september 2020.
Annað málskot vegna sama máls móttekið 1. október 2020 ásamt fylgiskjölum og upplýsingar úr því málskoti sameinað þessu.
Bréf V dags. 9. október 2020.

Málsatvik.
Í lögregluskýrslu kemur fram að lögreglumenn komu að bifreiðunum A og B eftir að árekstur hafði orðið með þeim. Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreiðin B var stopp á hægri akrein á akbraut til austurs og og var ákoma á bifreiðinni að framan. Bifreiðin A var hins vegar þvert á hægri akrein og var ákoma á afturhluta bifreiðarinnar. Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni bifreiðar A að hann hafi ekið gegn grænu ljósi sem skiptist þá í gult á um 60-70 km/klst inn á ljósastýrð gatnamót af Reykjanesbraut inn á Breiðholtsbraut þegar ekið hafi verið aftan á bifreið hans. Í sömu skýrslu er haft eftir ökumanni bifreiðar B að hann hafi ekið frá Nýbýlavegi inn á Breiðholtsbraut á um 60 km/klst gegn grænu ljósi þegar staða umferðarljósa var að breytast úr rauðu ljósi og kveðst hafa verið komin yfir gatnamótin þegar bifreið A hafi verið ekið inn á þau á móti rauðu ljósi. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa skipt um akrein til að forðast árekstur en þá hafi bifreið A verið ekið í veg fyrir hann. Vitni voru í sitt hvorri bifreiðinni og báru þau eins og ökumenn hvorrar bifreiðar um sig. Í viðbótarskýrslum ökumann ítrekuðu þeir fyrri framburð sinn en aksturstefna ökumanns bifreiðar A var leiðrétt m.t.t. þess að áður en ökumaður þeirrar bifreiðar ók inn á Breiðholtsbraut var bifreiðinni ekið norður Reykjanesbraut en ekki suður hana, eins og kom fram í frumskýrslu lögreglu. Ökumaður bifreiðar A kvaðst í viðbótarskýrslu hafa ekið gegn grænu ljósi en þegar hann hafi átt tvær til þrjár bíllengdir eftir að ljósunum hafi gult ljós kviknað. Hann kvaðst hafa metið það þannig að það væri öruggara að aka inn á gatnamótin frekar en að snarhemla, en mikill vindur hafi verið á vettangi og yfirborð vegar blautt og því hætta á að bifreiðin rynni inn á gatnamótin ef hemlað væri snögglega. Ökumaður bifreiðar B ítrekaði í viðbótarskýrslu að hann hafi ekið inn á gatnamótin gegn grænu ljósi og við þær aðstæður logi gult ljós á akstursstefnu bifreiðar A.

M, ökumaður bifreiðar B, telur hann hafi ekki gert neitt rangt sem leiddi til áreksturs og telur að ökumaður bifreiðar A hafi ekið gegn rauðu ljósi inn á gatnamótin og eigi þannig að bera alla sök á árekstrinum. Ökumaður bifreiðar A telur að ökumaður bifreiðar B beri sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekið aftan á bifreið A og tjónið hefði ekki getað orðið af akstri tveggja ökutækja í sömu átt á 60 km/klst hraða.

V telur að ágreiningur í málinu lúti fyrst og fremst að því hver staða umferðarljósa var í aðdraganda áreksturs og vísar til upplýsinga um virkni þeirra í sérstöku fylgiskjali. Með hliðsjón af athugun V á virkni umferðarljósanna og mat á framburði ökumanna telur V að ómögulegt sé að telja sannað að annar ökumaður hafi ekið gegn rauðu ljósi. Verði því að skipta sök á árekstrinum til helminga.

Álit:
Í lögregluskýrslum er haft eftir hvorum ökumanna um sig að þeir hafi ekið gegn grænu ljósi þegar þeir nálguðust gatnamót Nýbýlavegar og Breiðholtsbrautar. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa séð gult ljós kvikna þegar hann var mjög nálægt gatnamótum og ekki liggur fyrir að hann hafi ekið gegn fyrirmælum 2. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem kemur fram að gult ljós merki að numið skuli staðar, nema þegar skipt er úr grænu ljósi í gult þá skuli ökumaður ekki nema staðar ef hann er það nálægt umferðarljósi að stöðvun muni hafa í för með sér hættu. Ekkert óháð vitni getur borið um stöðu umferðarljósa í greint sinn og upplýsingar um virkni umferðarljósa fela ekki í sér skýra sönnun

um að framburður annars ökumanns sé réttari en hinn. Þegar svona stendur á verður ekki hjá því komist að skipta sök á árekstrinum til helminga milli ökumanna bifreiðar A og bifreiðar B.

Niðurstaða.
Sök á árekstri milli bifreiðanna A og B skiptist til helminga milli ökumanna.

Reykjavík, 3. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 315/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðanna A og B

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðar.

Gögn.
Málskot móttekið 17.9.2020.
Bréf V, dags. 12.10.2020.
Bréf M, dags. 27.10.2020.

Málsatvik.
Í málskoti M er atvikum lýst með þeim hætti að X hafi þann 25.5.2020, kl. 07:00, setið í kyrrstæðri bifreiðinni B á bifreiðastæði við Rauðhellu, þar sem hann beið eftir að komast að hjá pústverkstæði. Bifreiðinni A hafi þá verið ekið af nokkru afli á framenda bifreiðar sinnar með þeim afleiðingum að báðar bifreiðarnar skemmdust töluvert að framan.

Engin tjónstilkynning liggur fyrir frá aðilum málsins en V lét fyrirtækið Aðstoð og öryggi gera skýrslu um málið. Í skýrslunni er m.a. að finna framburðarskýrslu ökumanna bifreiðanna A og B, ásamt framburðarskýrslu farþega í bifreið B og framburðarskýrslu eiganda bifreiðarinnar B, sem þó var ekki vitni að málinu. Enn fremur er þar framburðar fleiri aðila sem tengjast málinu með óbeinum hætti.

Í framburðarskýrslu X, ökumanns bifreiðar B, er m.a. haft eftir honum að hann hafi setið í bifreiðinni kyrrstæðri, þar sem hann beið eftir að komast að hjá pústverkstæði, þegar bifreiðinni A var ekið framan á bifreiðina. Kveðst hann hafa verið með fótinn á bremsunni þegar áreksturinn varð. Aðspurður hvort hann þekkti ökumann bifreiðar A svaraði hann því neitandi en sagði bifreiðina A hafa verið á bílasölu og að eigandi hennar væri búinn að tilkynna um áreksturinn til síns tryggingafélags.

Samkvæmt framburði Y, ökumanns bifreiðarinnar A, var hún að aka bifreiðinni vestur Rauðhellu þegar hún tók vinstri beygju. Lýsir hún því að í beygjunni hafi hún misst stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún hafi ekið framan á B. Kveðst hún hafa verið með kaffibolla í bílnum og í „panikki“ óvart stigið á bensíngjöfina í stað bremsu. Hún hafi verið á 40-50 km/klst. þegar hún missti stjórn á bifreiðinni í bleytu í beygjunni með fyrrgreindum afleiðingum. Kvaðst hún ekki eiga bifreiðina sem hún ók, heldur hafi hún verið að prufukeyra hana. Kvað hún vin sinn S hafa verið með sér í bílnum þegar áreksturinn varð og að bíllinn væri í eigu V, vinkonu S.

Samkvæmt framburði V, eiganda bifreiðarinnar A var X með bifreiðina A í láni, konan Y hafi þó eitthvað verið á bifreiðinni líka. X hafi nefnt það við sig að Y hafi hugsanlega viljað kaupa bifreiðina af sér, en ekkert hafi þó verið ákveðið um það. Aðspurð um það hver hefði náð í bifreiðina til hennar þann 24.5.2020 sagði V að nokkrum dögum fyrir þann dag hafi X sótt bifreiðina heima hjá sér. Hún hafi ekki verið heima, en talið að Y væri með X þegar bifreiðin var sótt. V kvað X hafa hringt í sig og sagt sér frá árekstrinum en hún vissi lítið meira um áreksturinn, annað en að bifreiðin væri nú óökuhæf.

Í skýrslunni er að finna skjáskot úr öryggismyndavél frá fyrirtæki í nágrenninu. Skjáskotið er dags. 25.5.2020 og tímasett kl. 5:56. Má þar sjá bifreið í sama lit og sömu gerðar og bifreiðina A, þar sem henni er ekið fyrir horn við Rauðhellu. Árekstrarstaðurinn sést ekki á skjáskotinu en skýrsluhöfundur kveður þetta einu bifreiðina sem ók um svæðið fyrir kl. 7:00. Ómögulegt er að greina bílnúmer bifreiðarinnar af skjáskotinu, en þó má sjá að framendi bifreiðarinnar er heill. Í skýrslunni er einnig að finna myndir af ákomum bifreiðanna eftir áreksturinn, þar sem sjá má að þær eru báðar talsvert skemmdar á framenda. Þá kemur fram í skýrslunni að hann telur að ákoma á bifreiðinni B passi ekki við ákomur á bifreiðinni A og að hann telji áreksturinn ekki hafa orðið með þeim hætti sem ökumenn segja til um, heldur hafi hann verið sviðsettur.

M, eigandi bifreiðarinnar B, hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að áreksturinn hafi ekki orðið með þeim hætti sem fram kemur í framburði ökumanna, heldur hafi áreksturinn verið sviðsettur. Þá vísar V til þess að félagið telji tjón á bifreiðinni ekki hafa hlotist af notkun A.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr fyrst og fremst að því hvort eigandi bifreiðarinnar B eigi bótarétt úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. Hefur tryggingafélagið V eins og að framan greinir hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni með vísan til þess að framburður aðila um orsök árekstursins sé ótrúverðugur og að áreksturinn hafi verið sviðsettur. Lýsingar ökumanna á aðstæðum og orsökum árekstursins eru að mörgu leyti ótrúverðugar eða í hið minnsta óskýrar. Þá vekur það eðlilega upp spurningar að X, ökumaður bifreiðarinnar B er kunnugur eiganda bifreiðarinnar A og að X virðist hafa verið með bifreiðina A í sínum vörslum, og að sögn lánað Y bifreiðina til reynsluaksturs, skömmu fyrir áreksturinn. Þrátt fyrir framangreint benda gögn málsins þó til þess að árekstur hafi orðið með bifreiðunum A og B, þó aðdragandinn kunni að einhverju leyti að hafa öðruvísi en honum er lýsti í framburði aðila.

Hver svo sem aðdragandi árekstursins var er ljóst að samkvæmt 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess. Samkvæmt 5. gr. laganna ber enn fremur að skipta tjóni sem hlýst af árekstri ökutækja í réttu hlutfalli við sök þeirra sem eiga hlut að máli. Þá kemur fram í 1. mgr. 8. gr. laganna að greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækis skuli vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá vátryggingarfélagi og er félagið greiðsluskylt gagnvart tjónþola skv. 1. mgr. 19. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 8. gr. Hafi vátryggingarfélag greitt bætur skv. 8. gr. getur félagið þó eignast endurkröfurétt á hendur hverjum þeim sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Í máli þessu liggur ekki annað fyrir en að bifreiðinni A hafi verið ekið framan á bifreiðina B, þar sem hún stóð kyrrstæð í bifreiðastæði þannig að árekstur varð. Með hliðsjón af framangreindum reglum laga um ökutækjatryggingar ber V því að bæta eiganda B það tjón sem sannanlega varð á bifreiðinni við áreksturinn.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 17. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 316/2020

M og
V vegna málskostnaðartryggingar húseigendatryggingar.

Upphaf ágreinings og tilkynningarfrestur skv. 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Gögn.
Málskot móttekið 21. september 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 30. september 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að fasteign M hafi verið seld í nóvember 2017. Í júlí 2018 hafi M síðan borist bréf frá kaupendum fasteignarinnar varðandi meinta galla á eigninni. Því bréfi var svarað af hálfu M í október 2018 og boðin fram sáttagreiðsla og lýsir M því þannig að því hafi verið hafnað. Það næsta sem hafi síðan gerst í málinu er að beiðni um dómkvaðningu matsmanna var lögð fyrir héraðsdóm Reykjaness í október 2019 og matsfundur hafi átt sér stað í febrúar og maí 2020. Tjónstilkynning var send til V 20. maí 2020.

M krefst bóta úr málskostnaðartryggingu sinni vegna lögfræðiaðstoðar og telur að ágreiningi vegna sölu fasteignar hafi verið lokið á árinu 2018 og nýr mögulegur ágreiningur hafi komið upp síðar og um hann hafi verið tilkynnt innan árs frá því að hann kom upp.

V telur að ágreiningur hafi komið upp í júlí 2018 þegar M fékk kröfu frá kaupendum fasteignar, eða þá í síðasta lagi í október 2018 þegar brugðist hafi verið við þeirri kröfu. Allt að einu hafi eins árs tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og gr. 6.3 í sameiginlegum skilmálum vátryggingarskilmála húseigendatryggingar ,verið liðinn þegar M hafi tilkynnt tjón til V í maí sl.

Álit:
Ljóst er af gögnum málsins að ágreiningur er milli M og kaupenda fasteignar sem var í hennar eigu um umfang galla húseignarinnar og verið er að afla sönnunargagna vegna þessa með dómkvaðningu matsmanna á árinu 2019 og fram á þetta ár. Af bréfaskriftum M og umrædds kaupenda á árinu 2018 verður ekki annað ráðið að sá ágreiningur hafi verið kominn upp á árinu 2018 og aðdragandi hans hafi verið bréf frá kaupanda til M í júlí 2018 og svar M í október 2018 þar sem hluta kröfu kaupanda var hafnað, þó greiðsla hafi verið boðin fram til sátta í málinu. Ekki er ljóst af gögnum málsins hvenær kaupandi hafnaði þeirri sáttagreiðslu en af framangreindu verður ráðið að M hafi orðið það ljóst skömmu eftir að hún sendi það bréf í október 2018. Verður því að ætla að ágreiningur hafi komið upp í lok árs 2018. Í gr. 6.3. í sameiginlegum skilmálum sem fylgja með vátryggingarskilmálum húseigendatryggingar hjá V kemur fram að „Vátryggður, eða hver sá sem á rétt til bóta vegna skaðatryggingar glatar honum ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan eins árs frá því að hann vissi um þau atvik sem hún er reist á.“ og er sú grein í samræmi við 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í þessu máli leið meira en eitt ár frá því að M mátti vera ágreiningur við kaupanda fasteignar ljós og hefur hún því glatað rétt til bóta úr málskostnaðartryggingu þar sem tilkynning um tjón barst ekki innan árs. M á því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu húseigendatryggingar V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu húseigendatryggingar hjá V.

Reykjavík, 29. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 317/2020

M og
V vegna slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A

Ágreiningur um skerðingu bótaréttar úr slysatryggingu ökumanns vegna líkamstjóns.

Gögn.
Málskot, dags. 21.09.2020, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 12.10.2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 12.10.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að síðdegis hinn 3. maí 2019 hafi M lent í umferðarslysi á Reykjanesbraut. Slysið hafi atvikast með þeim hætti að M hafi ekið A aftan á aðra bifreið, B, með þeim afleiðingum að hann missti stjórn á A og hún hafnaði á vegriði. M hafi gert kröfu um bætur úr slysatryggingu ökumanns en V hafi skert bætur til hans um helming með þeim rökum að hann hafi ekið of hratt og undir áhrifum áfengis og með því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. M mótmælir þeirri afstöðu, enda bendi ekkert í gögnum málsins til þess að bifreiðinni hafi verið ekið of hratt. Rétt sé að áfengismagn hafi mælst í blóði M, en það hafi verið óverulegt og að rekja til áfengisdrykkju hans kvöldið áður, en engin ummerki um áfengisneyslu hafi verið að finna í bifreiðinni. A hafi ekki fundið fyrir áfengisáhrifum við aksturinn og verði ekki litið svo á að hann hafi verið ölvaður. Við mat á því hvort um stórkostlegt gáleysi, sem heimili skerðingu eða niðurfellingu bóta, sbr. 2. mgr. 88. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 og viðeigandi vátryggingarskilmála, verði að líta til allra málsatvika. Er því krafist fullra bóta úr slysatryggingu ökumanns A, en til vara, komi til skerðingar, að hún verði minni en sem nemur helmingi.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar, kemur fram að samkvæmt frumskýrslu lögreglu hafi A ekið á vinstri akrein og fram úr bifreið sem var á hægri akrein. Svo hafi A aftur farið á hægri akrein og þar ekið aftan á B sem var ekið í sömu akstursstefnu. Samkvæmt ökumanni B hafi B verið ekið á um 90 kílómetra hraða á klukkustund, sem sé lögbundinn hámarkshraði, og bendi það til þess að A hafi verið á meiri hraða. Þá hafi áfengisþef legið frá vitum A, og áfengismagn í blóði hans rúmri klukkustund eftir atvikið hafi mælst 0,61 prómill, og leiði af því að á slystíma hafi áfengismagn í blóði hans verið um 0,75 prómill. Með háttsemi sinni hafi A því brotið gegn 36., 37., 44., og 45. gr. þágildandi umferðarlaga. Umrætt slys verði ekki rakið til annarra atvika en brota A gegn tilgreindum ákvæðum laganna, hann hafi verið ófær um að stjórna ökutækinu sökum áfengisáhrifa, hafi ekið of hratt og ekki gætt nægilega að annarri umferð við aksturinn. Með hliðsjón af atvikum telji V því rétt að skerða bætur til hans um helming. Jafnframt skorar V á M að kalla eftir, og leggja fram, myndbandsupptöku sem sé til af atvikinu.

Í viðbótarathugasemdum sínum tekur M fram að það hvíli á V að sýna fram á að skilyrði til bótaskerðingar séu fyrir hendi, og því sé það ekki M að afla gagna frá lögreglu. M hafi þó kallað eftir gögnum frá lögreglu, sýnatökum, skýrslum og myndbandsupptökum, en án árangurs.

Álit.
Í 1. mgr. 45. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 kom fram að óheimilt væri að stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki undir áhrifum áfengis. Þá sagði í 2. mgr. sömu lagagreinar að ökumaður teldist ekki geta stjórnað ökutæki örugglega, ef vínandamagn í blóði hans næmi 0,50 prómillum en væri minna en 1,20 prómill. Áfengismagn í blóði M mældist 0,61 prómill þegar rúm klukkustund var liðin frá slysinu. Af því má ljóst vera að hann var ekki fær til að stjórna ökutæki örugglega þegar hann ókk aftan á B og missti stjórn á A með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Það breytir ekki þeirri niðurstöðu að M telji sig ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Sýndi hann því af sér stórkostlegt gáleysi. Á grundvelli 2. mgr. 88. gr. þágildandi umferðarlaga er heimilt að lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða

stórkostlegu gáleysi. Sambærilegt ákvæði er að finna í 1. mgr. 90 gr. laga nr. 30/2004 um en þar segir að ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið megi lækka eða fella niður ábyrgð félagsins og við úrlausn þess skuli litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna atviksins kemur fram að ekki hafi verið unnt að afla skýrrar frásagnar A á vettvangi þar eð hann hafi verið í töluverðu uppnámi. Tveimur dögum eftir atvikið, þegar skýrsla um það var rituð, hafði þá ekki tekist að ná tali af M í því skyni að fá frekari upplýsingar. Með hliðsjón af vitnisburði ökumanns B, svo og lýsingu lögreglu á efni myndbandsupptöku af atvikinu, verður að telja að áreksturinn megi rekja til þess að A hafi ekki gætt nægilega að ákvæði 1. mgr. 36. gr. þágildandi umferðarlaga, þar sem kveðið var á um að ökuhraði skyldi aldrei vera meiri en svo að ökumaður hefði fullt vald á ökutækinu og gæti stöðvað þá áður en kæmi að hindrun sem gera mætti ráð fyrir.

Þó ekki verði fullyrt um hver ökuhraði A hafi verið við áreksturinn er þannig ljóst að hann var meiri en svo að hann gæti stöðvað örugglega og verður jafnframt að telja að sú staðreynd að hann taldist á slystíma ekki fær til að stjórna ökutæki örugglega hafi verið meðverkandi orsakaþáttur tjóns hans. Verður þannig samkvæmt öllu framansögðu að telja að atvik megi rekja til stórkostlegs gáleysis hans samkvæmt framansögðu. Er því heimilt að skerða bætur til hans á grundvelli ofangreinds og telst hæfilegt að skerða þær um helming.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A hjá V en skerða skal bætur til hans um helming.

Reykjavík, 29. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 318/2020

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu þegar tjón varð á bifreið þegar hún var dregin af annnari bifreið.

Gögn.
Málskot, móttekið 21.9.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 8.10.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V2, dags 7.10.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 27. janúar 2020 var A ekið eftir Suðurlandsvegi skammt vestan Jökulsárlóns. Rann þá bifreiðin til á veginum og hafnaði utan vegar þar sem hún festist í snjóskafli. Bar þá að B og bauðst ökumaður hennar til að draga A aftur upp á veginn. Var taug komið á milli bifreiðanna en við dráttinn urðu nokkrar skemmdir framan á A.

M, eigandi A, hefur krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu B hjá V2. V2 kveður B hafa verið að sinna björgunarstörfum með samþykki M þegar hún var notuð til að draga A upp á veginn. Af þeim sökum hefur V2 hafnað bótaskyldu með vísan til síðari málsliðar 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar.

Álit.
Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 er eigandi (umráðamaður) ökutækis sem notað er til dráttar skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar það dregur annað ökutæki. Tjón á ökutæki sem er dregið af öðru ökutæki vegna björgunarstarfa er undanskilið bótaábyrgð ef sannanlegt samþykki eiganda (umráðamanns) liggur fyrir. Ekki er skýrt í lögunum hvað átt er við með „ökutæki vegna björgunarstarfa“ samkvæmt lagaákvæði þessu.

Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2019 var síðari málsliður 2. mgr. 4. gr. orðaður svo að undanskilin skaðabótaábyrgð væru ökutæki í eigu björgunarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjargar þegar þau draga önnur ökutæki í björgunarstarfi með sannanlegu samþykki eiganda (umráðamanns).

Við meðferð frumvarpsins á Alþingi kom þessi málsliður til sérstakrar skoðunar hjá efnahags- og viðskiptanefnd. Í áliti nefndarinnar segir m.a. svo um þetta ákvæði frumvarpsins:

„Samkvæmt gildandi reglum umferðarlaga er eigandi eða skráður umráðamaður ökutækis sem dregur annað ökutæki skaðabótaskyldur vegna tjóns sem af því hlýst, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Reglan er afdráttarlaus og hefur m.a. sætt þeirri gagnrýni að vegna hennar veigri björgunaraðilar sér við að draga ökutæki við björgunarstörf. Gert er ráð fyrir að meginreglan verði áfram sú sama hvað þetta varðar, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 4. gr., en í 2. málsl. ákvæðisins er lögð til sú undantekning að ökutæki í eigu björgunarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjargar verði undanþegin skaðabótaábyrgð þegar þau dragi önnur ökutæki í björgunarstarfi með sannanlegu samþykki eiganda eða umráðamanns ökutækis.
Nefndinni bárust nokkrar ábendingar um að vert væri að rýmka gildissvið þessarar undanþágu þannig að hún næði ekki aðeins til Slysavarnafélagsins Landsbjargar heldur einnig til annarra viðbragðs- og björgunaraðila, svo sem slökkviliðs og lögreglu. Nefndin tekur undir sjónarmið í þessa veru og leggur til breytingu á orðalagi 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins í þá veru að ákvæðið nái til þess þegar ökutæki er dregið af öðru ökutæki vegna björgunarstarfa enda liggi fyrir sannanlegt samþykki eiganda eða umráðamanns ökutækis. Lítur nefndin svo á að aðilar á borð við viðurkenndar björgunarsveitir og opinbera viðbragðsaðila, svo sem lögreglu, slökkvilið og sjúkraflutningsaðila, sem geta þurft að tryggja vettvang, t.d. vegna útbreiðslu elds eða annars viðlíka, geti fallið undir undanþáguheimild ákvæðisins.“

Lagði nefndin til að umræddur málsliður yrði orðaður á sama veg og hann er orðaður í lögunum. Í umræðum í þinginu um frumvarpið var ekki vikið frekar að þessu ákvæði laganna en fram kom í nefndarálitinu. Texti sjálfs lagaákvæðisins endurspeglar ekki með skýrum hætti þann löggjafarvilja

sem fram kemur í nefndarálitinu sem er óheppilegt, en álit nefndarinnar er skýrt að því leyti að umræddu ákvæði er einungis ætlað að taka til ökutækja Slysavarnafélagsins Landsbjargar og annarra viðbragðsaðila, svo sem slökkviliðs og lögreglu, þegar þau eru notuð við björgunarstörf. Önnur ökutæki eigi á hinn bóginn að falla undir meginreglu fyrri málsliðar málsgreinarinnar. Síðari málsliðurinn mælir fyrir um undantekningu frá meginreglu fyrri málsliðar. Eins og hér stendur á verður að skýra síðari málsliðinn í samræmi við skýrt álit efnahags- og viðskiptanefndar þannig að með ökutæki vegna björgunarstarfa sé einungis átt við björgunarbifreiðir Slysavarnafélagsins Landsbjargar og annarra viðbragðsaðila, svo sem slökkviliðs og lögreglu. Með því að B telst ekki til slíkra ökutækja á hér við meginreglan sem mælt er fyrir um í fyrri málslið 2. mgr. að eigandi (umráðamaður) ökutækis sem notað er til dráttar sé skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar það dregur annað ökutæki. Samkvæmt þessu er eigandi B ábyrgur fyrir því tjóni sem varð á A í umrætt og því bætist tjónið úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Niðurstaða.
Tjón á A bætist úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Reykjavík, 29. október 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 319/2020

M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasala X

Ágreiningur um skaðabótaábyrgð fasteignasala vegna millifærslu fjármuna í október 2018.

Gögn.
Málskot móttekið 14. september 2020 ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V dags. 23. október 2020 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að fasteignasalan X sá um sölu á tiltekinni byggingarlóð í Kópavogi. Í málinu liggur fyrir undirritaður kaupsamningur dags. 17. október 2018 þar sem nafngreindur einstaklingur skrifar undir fyrir hönd M. Í málinu er ekki deilt um að skriflegt umboð þess einstaklings til að skrifa undir kaupsamninginn f.h. M sem kaupanda lá ekki fyrir við undirritun. Samkvæmt samningnum átti M að greiða strax 3.000.000 króna við undirritun. Sú greiðsla var innt af hendi til fasteignasölunnar X ásamt þinglýsingar- og umsýslugjaldi. Þeirri greiðslu var síðan ráðstafað til seljanda lóðarinnar að frádreginni hluta þóknunar fasteignasölunnar. Eftir þetta varð ekki af frekari efndum kaupsamningsins.

M telur að starfsmenn X hafi sýnt gáleysi með því að ráðstafa greiðslu frá M til seljanda lóðar á grundvelli kaupsamnings þar sem ekki var fyrir hendi umboð til að skuldbinda M til kaupanna. M bendir á að engin samskipti hefðu átt sér stað milli X og stjórnarformanns M og það að ráðstafa fé af fjárvörslureikningi X án þess að tryggja gildi kaupsamnings hafi verið andstætt reglum sem gilda um fasteignasölu. Einnig bendir M á að X hafi vitað af umboðsskorti þar sem kallað hafi verið eftir skriflegu umboði við kaupsamningsgerð.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að sá einstaklingur sem hafi skrifað undir kaupsamning fyrir hönd M hafi verið sonur stjórnarformanns M og því hafi mátt vænta þess að hann hafi haft umboð til kaupanna. Einnig vísar V til þess að M hafi lagt umsamda kaupsamningsfjárhæð inn á reikning X og hafi því sýnt vilja M til að vera skuldbundið við kaupsamninginn. Sá sem hafi komið fram fyrir hönd M hafi auk þess talið starfsmönnum X trú um það að hann hafi haft raunverulegt umboð til að skuldbinda M.

Álit:
Í málinu liggur fyrir að skrifað var undir kaupsamning um byggingarlóð í október 2018 án þess að skriflegt umboð lægi fyrir af hálfu M um að nafngreindur einstaklingur gæti skuldbundið M. Það að gæta þess ekki að slíkt umboð lægi fyrir við undirritun kaupsamningsins er ekki í samræmi við starfsskyldur fasteignasala eins og þær koma fram í 15. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa en þar kemur fram að fasteignasali skuli í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur og siðareglur bjóða. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Það stoðar ekki fyrir fasteignasala að vera í „góðri trú“ um að umboð sé fyrir hendi ef það liggur ekki fyrir. Þær athafnir sem fylgdu í kjölfarið með því að að millifærð var tiltekin fjárhæð inn á fjárvörslureikning X benti vissulega til að kaupsamningur yrði efndur en það að ganga ekki úr skugga um að umboð væri fyrir hendi áður en að fjármunir voru millifærðir til seljanda felur einnig í sér gáleysi af hálfu X. Verður ekki hjá því komist að líta svo á að bótaskylda hafi stofnast úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Ekki verður hins vegar talið fyllilega sannað að það að sú millifærsla hafi átt sér stað feli í sér meðábyrgð af hálfu tjónþolans M. Hallann af þeim sönnunarskorti ber X.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölunnar X hjá V

Reykjavík, 17. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 320/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur í bílastæðahúsi Smáralindar 1. september 2020.

Gögn.
Málskot dags. 17. september 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 9. október 2020.
Tölvupóstur V2, dags. 30. október 2020.

Málsatvik.
Í tjónsskýrslu kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B á fyrstu hæð bílastæðahúss Smáralindar þegar bifreið A var ekið í vesturátt á bílastæði með bifreið B sér á hægri hönd en þeirri bifreið var ekið í suðurátt. Í skýrslunni er haft eftir ökumann bifreiðar A að hann hafi ætlað að aka yfir „gatnamót“ á bílastæðinu þegar bifreið B hafi verið ekið öfugu megin á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið framhjá bílastæðaröð þegar bifreið A hafi ekið á vinstra framhorn bifreiðar B. Í skýrslunni er einnig haft eftir vitni, sem þekkir ekki til ökumanna í árekstrinum, að því hafi fundist bifreið A verið ekið á töluverðri ferð m.v. að henni var ekið í bílastæðahúsi. Í gögnum málsins kemur einnig fram að á súlur í bílastæðahúsinu hafi verið búið að líma merki sem líta út eins og biðskyldumerki og ók bifreið B gegn þeim merkjum. Þar kemur einnig fram að ekki sé um merki að ræða sem uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki, auk þess sem skilyrði 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 eru heldur ekki uppfyllt hvað varanlega sérákvæði um notkun vegar, en til þess að notkun umferðarmerkja sé heimil á einkalóðum þarf að hafa samráð við sveitarstjórn og fá samþykki lögreglu fyrir slíku. Ljóst er af gögnum málsins að hvorugt lá fyrir varðandi merkingar í bílastæðahúsinu.

M telur að alla sök eigi að leggja á ökumann bifreiðar B þar sem þeirri bifreið hafi verið ekið gegn biðskyldu sem var vel sýnileg. V1 tekur undir þessi sjónarmið M og telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekið gegn fyrirmælum 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga. V2 telur að ökumaður bifreiðar A beri alla sök þar sem hann hafi átt að virða almennan umferðarrétt skv. 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga og þannig víkja fyrir umferð frá hægri.

Álit:
Í 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga kemur fram að þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast á opnum svæðum þá eigi sá sem er með hinn á hægri hönd að veita hinum forgang. Í 2. mgr. 26. gr. er síðan fjallað um forgang skv. umferðarmerkjum. Ekki er hægt að leggja annan skilning í orðið umferðarmerki í 2. mgr. 26. gr. en þann að um sé að ræða umferðarmerki skv. samnefndri reglugerð nr. 289/1995. Ekki er hægt að leggja til grundvallar að merki sem húseigandi setur einhliða upp og hefur sama lag og umferðarmerki hafi sambærilega þýðingu og umferðarmerkið sjálft, en þannig voru aðstæður í bílastæðahúsi Smáralindar á tjónsdegi. Af þeirri ástæðu verður að líta svo á að ökumaður bifreiðar A hafi átt að veita bifreið B forgang við akstur um bílastæðahúsið. Auk þessa kemur fram í framburði vitnis að bifreið A hafi verið ekið nokkuð hratt m.v. aðstæður. Af þessum sökum verður öll sök lögð á ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.
Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 1. desember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 321/2020

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á hurð bifreiðar í bifreiðastæði við Kringluna.

Gögn.
Málskot, móttekið 22.9.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Tölvubréf V1, dags. 9.10.2020.
Bréf V2, dags 14.10.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 24. ágúst 2020 varð ökumaður og eigandi B þess var að skemmdir voru á vinstri afturhurð bifreiðarinnar þar sem hún stóð í stöðureit á bifreiðastæði við verslunarmiðstöðina Kringluna í Reykjavík. Líktist skemmdin því að hurð annarrar bifreiðar hefði skollið á hurð B. Við eftirgrennslan í eftirlitsmyndavélum á bifreiðastæðinu mun hafa komið í ljós að A hafi verið í stöðureit við hliðina á B. Hafði B verið ekið áfram inn í stöðureitinn en A verið bakkað þannig að vinstri hlið A sneri að vinstri hlið B. A er hvít að lit og B dökkgrá.

Að beiðni V2 tók rannsóknarfyrirtækið Aðstoð & Öryggi ehf. (D) að sér að athuga möguleika þess að vinstri framhurð (ökumannshurð) hafi skollið á B. Í skýrslu skoðunarmanns á vegum D, dags. 14. september 2020, kemur fram að við skoðun á B hafi mátt sjá skemmd á vinstri afturhurð, lóðrétta línu eftir aðra bílhurð. Hvítt litasmit hafi verið greinilegt í ákomunni. Neðri mörk ákomunnar hafi verið í 60 cm hæð frá jörðu og efri mörk í 75 cm hæð. Við skoðun á vinstri framhurð A hafi mátt sjá ákomu eins og hurðin hafi lent utan í annarri hurð („hurðun“). Hafi neðri mörk ákomunnar verið í 60 cm hæð frá jörðu og efri mörk í 80 cm hæð og ljóst að hurðinni hafi verið rekið utan í oftar en einu sinni. Er M hafi verið spurður hvort ákoman á A passaði ekki við ákomuna á B hafi hann svarað því til „að hans bíll væri gamall og ekki óeðlilegt að hurðinni hans hefði verið rekið utan í hluti áður.“ Er M hafi verið spurður hvort hann hefði rekið hurðina á A utan í B hafi hann svarað því hvorki játandi né neitandi. Hann hafi viðurkennt að hafa verið þarna á umræddum tíma og að hafa bakkað inn í stöðureitinn en kannaðist ekki við að hafa rekið hurðina utan í („hurðað“) B.

Í málskoti kveðst M neita því að hafa rekið ökumannshurð A utan í B. Umræddan morgun hafi hann lagt A í stöðureit þannig að einn stöðureitur og súla hafi verið á milli A og B. Síðar sama morgun hafi hann sennilega lagt í stöðureit við hlið B. Þá hefur M bent á að lóðrétt ákoman á B myndi boga sem vísi fram með bifreiðinni. Hins vegar með vísan til þess að A hafi snúið í gagnstæða átt miðað við B hefði boginn á ákomunni átt að vísa aftur en ekki fram, ef ökumannshurð A á að hafa rekist utan í B.

Álit.
Samkvæmt skýrslu D þykir mega slá föstu að ákoma á vinstri afturhurð B getur hafa komið við það að vinstri framhurð (ökumannshurð) A hafi við opnun hennar skellst utan í B. Óumdeilt er að um einhvern tíma umræddan morgun hafi bifreiðirnar staðið hlið við hlið í stöðureitum þannig að vinstri hliðar þeirra sneru saman. Þá verður lögun ákomunnar á B ekki talin útiloka að framhurð A hafi rekist í hlið B og valdið ákomunni. Að virtum öllum gögnum málsins verður að telja að það miklar líkur séu á því tjónið á B hafi orsakast við það að vinstri framhurð A hafi rekist í hana að nægilega sé sannað að tjónið hafi gerst með þeim hætti. M, sem eigandi A, telst því ábyrgur fyrir tjóninu sem varð á B. Af því leiðir að tjónið bætist úr ábyrgðartryggingu A hjá V1.

Niðurstaða.
Tjón á bifreiðinni B, bætist úr ábyrgðatryggingu bifreiðarinnar A hjá V1

Reykjavík, 1. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 322/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar X
Réttur til bóta vegna tjóns á bifreið 25. maí 2020.

Gögn.
Málskot, dags. 21. september 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags 28. október 2020.
Viðbótarathugasemdir lögmanns M, dags. 16. nóvember 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M gerði kröfu um greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar X vegna tjóns á bifreið í þess eigu og er atvikum lýst þannig: „..sem atvikaðist með þeim hætti að verið var að hífa timburbúnt af palli bifreiðarinnar JD496 með dráttarvél þegar timbrið féll á hliðar pallsins með þeim afleiðingum að báðar hliðar pallsins skemmdust og önnur hliðin bognaði út.“
V hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar með tölvupósti dags. 28. maí 2020, þar sem „...sami eigandi er á Foldvegi ehf. og Fögrusteinar ehf. tekur vinnuvélatrygging dráttarvélarinnar ekki á tjóni bifreiðarinnar þar sem tryggingin bætir einungis tjón þriðja aðila...“ Í tölvupósti V til lögmanns M dags. 29. júní 2020 eru þessi sjónarmið áréttuð með vísan til gr. 4.1 í ábyrgðartryggingarskilmálum AA20. Í bréfi V til nefndarinnar dags. 28. október sl. kemur fram að engin efnisleg afstaða hafi verið tekin af hálfu V til þess hvort „... atvikið sem slíkt sé bótaskylt skv. almennum skilyrðum sakarreglunnar...“ og vísar til þess að enginn rökstuðningur sé vegna þessa í málskoti.
M bendir í bréfi lögmanns M til nefndarinnar dags. 16. nóvember 2020 til þess að þau atriði sem varða bótaábyrgð lúti að notkunarhugtaki 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.
Að öðru leyti gera bæði M og V nefndinni grein fyrir sjónarmiðum um samsömun og hvernig eigi að túlka orðið þriðji aðili í gr. 4.1 í vátryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar.

Álit.
Í 1. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005 sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda, kemur fram að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu, sem og ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004. Í 4. gr. sömu samþykkta kemur fram í e. lið að nefndin getur vísað frá málum sem eru það óljós, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Slík mál er hægt að taka aftur til meðferðar, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.
Í þessu máli verður bótaskylda að vera ljós úr tiltekinni vátryggingu til þess að reyni á hver geti mögulega átt rétt til bóta. Ekki verður annað séð á málskoti en að verið sé að gera kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs en efnisleg rök fyrir bótaskyldu lúta að bótaskyldu úr ábyrgðatryggingu ökutækis skv. 8. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019. Þar að auki hefur vátryggingafélagið ekki tekið afstöðu með greinilegum hætti til bótaskyldu heldur hefur byggt afstöðu sína á öðrum atriðum. Þetta leiðir til þess að nefndin telur að málið sé af hálfu beggja aðila óskýrt hvað varðar bótaskyldu og hvaða vátrygging eigi við. Með vísan til e.liðar 4. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum verður málinu því vísað frá.

Niðurstaða.
Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 1. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 323/2020

V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V

Ágreiningur um bótaskyldu vegna atviks á vinnustað hinn 11.02.2019.

Gögn.
Málskot dags. 23.09.2020 ásamt fylgigögnum 1-13.
Bréf V dags. 05.10.2020 ásamt fylgigagni.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 11. febrúar 2019 hafi A orðið fyrir meiðslum er hún var við störf að A. Nánar tiltekið hafi atvik verið þau að samstarfsmaður hennar, X, hafi kastað eða slegið þungri plastfötu í hana. Fyrir nefndinni liggur þá framburður M fyrir lögreglu, dags. 14. febrúar 2019, en þar kemur fram að M geri þá kröfu að sakamál verði höfðað á hendur X. Þar lýsir M atvikum svo að X hafi slegið hana í hnakkann með þungri plastfötu án alls tilefnis svo hún hafi vankast og fallið í gólfið og í kjölfarið öskrað að henni og kallað hana öllum illum nöfnum. Eftir atvikið hafi M hætt vinnu og farið heim og leitað læknis tveimur dögum síðar. Í tjónstilkynningu til V, sem fyllt er út af M, lýsir hún atvikum á sama veg, þ.e. að X hafi slegið hana í höfuðið með fötunni. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 1. júlí 2019, sem fyllt er út af A, er atvikum hins vegar lýst svo að X hafi hent fötu yfir þil án þess að gera sér grein fyrir hvar hún mundi lenda. Þetta hafi verið í kjölfar þess að öskur barst frá starfshópnum sem M tilheyri, en nokkuð hafi borið á því að starfsmenn gerðu sér að leik að bregða samstarfskonum sínum svo að þær öskruðu.

M gerir kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu A á grundvelli þess að það að slá eða kasta þungri plastfötu í annan mann feli í sér ólögmæta og saknæma háttsemi. Á grundvelli sakarreglunnar og reglna um vinnuveitendaábyrgð beri A ábyrgð á þessari háttsemi, og hafi X með þessum gjörningi bakað vinnuveitanda sínum skaðabótaskyldu. Þá hafi þessi háttsemi X verið í tengslum við starf hans. Verknaður X hafi þá verið tilefnislaus og komið M algerlega að óvörum en ekki hafi verið um það að ræða að þau M og X hafi í aðdraganda þess átt í ágreiningi eða áflogum. Hvað varði þau rök V að almennt falli líkamsárásir starfsmanna utan reglunnar um vinnuveitendaábyrgð þá sé það ekki skilyrðislaus regla heldur verði að fara fram heildarmat á aðstæðum öllum. Vísar M jafnframt til dómafordæmis Hæstaréttar í máli 244/2001 þessu til stuðnings. Þá hafi A vanrækt þá lögboðnu skyldu sína að tilkynna atvikið til Vinnueftirlitsins og verði að bera hallann af skorti á upplýsingum sem hefði verið unnt að afla hefði lögmælt rannsókn farið fram. V hafnaði kröfu M með bréfi dags. 27. september 2019.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji M sjálfa lýsa umræddu atviki sem líkamsárás, og megi m.a. greina það af lýsingu hennar í lögregluskýrslu, og að almennt verði að telja að líkamsárásir starfsmanna falli utan reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Þá hafi háttsemi X ekki verið í tengslum við framkvæmd starfs hans fyrir A, enda felist engin valdbeiting í starfi M eða X hjá A. Vísar V til dómafordæmis Hæstaréttar í máli 696/2013 máli sínu til stuðnings. Hvað varði það að atvikið hafi ekki verið réttilega tilkynnt þá bendir V á að ekki virðist vera ágreiningur um málsatvik sem slík. Enn fremur vísar V til þess að samkvæmt sameiginlegum skilmálum félagsins taki umrædd vátrygging ekki til þess þegar vátryggingaratburður er rakinn til ásetnings, eins og eigi við um líkamsárás. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Gögn fyrir nefndinni eru ekki svo ítarleg sem best yrði kosið, þannig er þar t.a.m. ekki að finna neinn framburð vitna, þó ráða megi af gögnum að samstarfskona M og X hafi orðið vitni að atvikinu. Né heldur er framburður X meðal gagna málsins. Hvað varðar lýsingu á atvikum þykir því rétt að líta til frásagnar M hjá lögreglu en þar er atvikum lýst svo að X hafi án nokkurs tilefnis slegið hana í hnakkann með þungri plastfötu. Eins og atvikum er lýst þar verður ekki séð að umrædd háttsemi X hafi verið í tengslum við framkvæmd starfs hans hjá A. Jafnvel þó byggt væri á því að X hafi tekið

plastfötuna og hent henni yfir þil án vitneskju um hvar hún mundi lenda, en í málskoti er atvikum lýst svo að X hafi kastað eða slegið umræddri fötu í M, verður að byggja á því að slík háttsemi sé svo fjarri starfsskyldum X að ekki verði talið að A sem vinnuveitandi hans beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Verður þá ekki talið tilefni til að byggja á þeim Hæstaréttardómi sem M vísar til enda var þar byggt á því að hrekkur á vinnustað sem leiddi til líkamstjóns hafi verið fyrirfram skipulagður og að tilteknir yfirmenn hefðu tekið þátt í honum og komið að skipulagningu hans. Ekki verður séð að sambærilegar aðstæður séu til staðar hér. Þegar af þeirri ástæðu að ekki verður séð að umræddur verknaður hafi verið í tengslum við framkvæmd starfs X hjá A hefur ekki stofnast skaðabótaábyrgð A vegna þessa atviks og ber því að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 3. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 324/2020

M og
V f.h. erlends vátryggingafélags vegna hópvátryggingar M

Ágreiningur um rétt til greiðslu bóta vegna óvinnufærni.

Gögn.

Málskot, dags. 24. september, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 18. desember 2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 29. desember 2020, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur að umboðsaðili V hér á landi hafi gefið út tvö vátryggingarskírteini til handa M. Annars vegar sé um að ræða hópvátryggingu X, en M sé aðili að því félagi. Vátryggingartímabil sé frá 1. júlí 2018 til 30. júní 2019. Hins vegar sé um að ræða eigin vátryggingu M er taki til tímabundinnar örorku en gildistími hennar sé frá 3. september 2018 til 2. september 2019. Vátryggjandi sé V. Með tjónsskýrslu, dags. 7. ágúst 2019, gerði M bótakröfu á hendur V, þar sem hann hefði orðið óvinnufær hinn 27. júní 2019, og sæi ekki fram á að hefja störf að nýju. V hafi hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að M hafi greinst með þann sjúkdóm sem leiddi til óvinnufærni fyrir gildistöku vátryggingarinnar.

M telur þá afstöðu ekki eiga við rök að styðjast þar sem læknir hafi lýst því yfir að þau einkenni sem leitt hafi til óvinnufærni M verði ekki tengd við fyrri einkenni. M hafi fyrst leitað til læknis vegna einkenna frá baki á árinu 2010, og hafi þá verið greindur með þursabit og fengið meðferð við því. M hafi þá verið greindur með brjósklos í baki og verið til skoðunar hjá lækni vegna þess frá árinu 2014. Á árinu 2016 hafi svo orðið versnun með slæmum mjóbaksverk sem leiddi í vinstri fótlegg. Á árinu 2019 hafi ástand M svo breyst mjög til hins verra og hafi hann verið óvinnufær síðan, en fram til þess hafi starfsgeta hans verið óskert. Að mati læknа sé mjög hæpið að tengja eldri einkenni M við missi starfsgetu árið 2019. V hafi hafnað kröfu M með þeim rökum einum að hann hafi verið til læknismeðferðar frá árinu 2014, án þess að skoða nánar um hvaða kvilla hafi þá verið að ræða eða hvort þeir tengist óvinnufærni hans, en full ástæða hafi verið til slíkrar skoðunar. Af yfirlýsingu læknis, dags. 24. janúar 2020, telur M sýnt að ástæður starfsgetumissis hans hafi fyrst komið fram á árinu 2019, því sé ekki um að ræða eldra ástand, og það sé V að sýna fram á annað. Á grundvelli framangreinds sé bótaskylda úr hóptryggingu því fyrir hendi.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að rekja megi veikindi M a.m.k. til ársins 2014 og styðji sjúkrasaga hans við þá afstöðu, sbr. læknisvottorð frá 5. febrúar 2020. Þá komi fram í tjónstilkynningu M að hann hafi áður þjáðst að sömu eða svipuðum einkennum en þau hafi farið versnandi. Þá komi fram í vottorði gigtarlæknis, dags. 21. ágúst 2019, að hann hafi fyrst haft M til meðferðar vegna núverandi sjúkdóms hinn 19. febrúar 2014. Hafi bótaskyldu því verið hafnað með vísan til skilmála, en byggt sé annars vegar á ákvæði sem kveði á um að vátryggingin taki ekki til sjúkdóma sem staðfestir eru eftir 65 ára afmæli vátryggðs, en M hafi náð þeim aldri vorið 2018. Hins vegar sé byggt á ákvæði sem kveði á um að vátryggingin taki ekki til óvinnufærni sem hlýst af undirliggjandi ástandi, en nánari skilgreining þess komi fram í ákvæðinu. Samkvæmt öllu framansögðu hafi veikindi M verið til staðar við töku umræddrar hóptryggingar á árinu 2018. Sé bótaskylda því ekki til staðar.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M sérstaklega til þess að fyrirliggjandi sé tölvupóstur frá lækni sem telji hæpið að tengja einkenni M í júlí 2019 við eldra ástand hans. Veikindi M hafi komið upp á árinu 2019 og V hafi ekki með sýnt fram á annað með neinum afgerandi gögnum. Þá er því sérstaklega mótmælt að vátryggingin taki ekki til sjúkdóma sem greinist eftir 65 ára afmæli vátryggingartaka en það séu röksemdir sem ekki hafi fyrr komið fram í máli V. Hefði V átt að vekja sérstaka athygli M á því ef vikið hefði verið frá fyrra aldurshámarki en það hefði ekki verið gert. Þá hafi M þegar verið orðinn 65 ára þegar skilmálar vátryggingarinnar tóku gildi sumarið 2018. Hafi V þá, samkvæmt eigin málflutningi, selt honum vátryggingu sem útilokaði samkvæmt skilmálum sínum

bótaábyrgð vegna sjúkdóma. Slíkir viðskiptahættir gangi gegn ákvæðum samningalaga og verði M ekki bundinn af þeim.

Álit.

Meginágreiningur aðila snýr að því hvenær þau einkenni sem leiddu til óvinnufærni M hafi komið upp, þ.e. hvort veikindi hans hafi verið fyrir hendi þegar við töku vátrygginganna árið 2018, en samkvæmt skilmálum, sem eru á ensku, tekur vátryggingin ekki til andláts eða óvinnufærni sem leiðir af „any pre-existing condition“. Við skoðun á þessu verður í fyrsta lagi að líta til yfirlýsingar M sjálfs í tjónsskýrslu til umboðsaðila V en þar er spurt hvort vátryggjandi hafi áður haft sömu, eða svipuð, einkenni. Því svarar M svo „versnandi frá 2014 mjög versnandi frá júní 2019“ í annarri tjónstilkynningunni en „versnandi frá 2014“ í hinni. Í yfirlýsingu sérfræðilæknis í gigtarsjúkdómum, dags. 21. ágúst 2019, sem skráð er á eyðublað frá umboðsaðila V, og er á ensku, er m.a. spurt „On what date did you first attend the claimant for his/her current disability?“ Er því svarað til að það hafi verið 19. febrúar 2014. Af vottorði sama læknis, sem er dags. 1. október 2019 og er einnig á ensku, má einnig ráða að M eigi sögu um bakverki en að einkenni hans hafi versnað undanfarna mánuði. Þá liggja fyrir tveir tölvupóstar frá sama lækni til M og lögmanns hans. Í öðrum þeirra, dags. 22. janúar 2020, kemur m.a. fram að einkenni M hafi verið breytileg í gegnum tíðina en að mikil versnun hafi komið fram sumarið 2019. Þá kemur fram að viðkomandi læknir treysti sér ekki til að segja til um hvort þau einkenni tengist með beinum hætti ástandi M árið 2016. Í síðari tölvupóstinum, dags. 24. janúar 2020, bætir læknirinn því við að honum finnist hæpið að tengja einkenni M við ástand hans þremur árum fyrr, og það sé mun verra en þá, og engin lausn hafi fundist á verkjaástandi hans. Þá liggur fyrir vottorð heimilislæknis, dags. 5. febrúar 2020, þar sem m.a. kemur fram að M hafi fyrst leitað á heilsugæslu vegna bakverkja á árinu 2010. Honum hafi svo versnað mikið árið 2016 og hafi M „allar götur síðan verið með verki í baki, sem hafa versnað með reglulegu millibili.“

Með hliðsjón af öllu framansögðu er óhjákvæmilegt að líta svo á að einkenni þau sem leitt hafa til óvinnufærni M hafi verið til staðar við töku vátrygginganna, og hafi þegar gert vart við sig annað hvort á árinu 2014, eins og kemur fram í tjónstilkynningu M, eða á árinu 2016, þegar gögn málsins bera með sér að einkenni hans hafi versnað, en ekki verður annað ráðið en M hafi verið til meðferðar gigtarlæknis frá árinu 2014. Þannig verður ekki, án frekari gagna um núverandi ástand M og orsakir þess, talið að óvinnufærni hans verði rakin til nýrra einkenna sem séu af öðrum toga og orsök en fyrri einkenni, enda benda gögn málsins samkvæmt framansögðu ekki til þess, þó um versnun virðist vissulega hafa verið að ræða.

Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt til bóta um umræddum vátryggingum hjá V og eru þá ekki efni til að taka önnur atriði ágreinings þessa til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M, á hvorki rétt til greiðslu bóta vegna óvinnufærni úr starfsverndartryggingu sinni, né hópvátryggingu X hjá V.

Reykjavík, 26. janúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 325/2020

M og
V vegna réttaraðstoðartryggingar heimilistryggingar

Ágreiningur um hvort bótaskylda úr réttaraðstoðartryggingu M hjá V sé til staðar.

Gögn.
Málskot dags. 28.09.2020 ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf V dags. 21.10.2020 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að á árinu 2001 hafi M veitt X lánsveð í fasteign sinni vegna lántöku hans í tengslum við fyrirhuguð fasteignakaup. X hafi hins vegar ekki staðið við greiðslur af láninu og vegna ítrekaðra vanskila hans hafi, hinn 9. febrúar 2004, og aftur hinn 30. júlí 2009, verið gerðar breytingar á afborgunarskilmálum umrædds skuldabréfs. Lánið hafi verið gjaldfellt vegna vanskila hinn 27. nóvember 2003, 22. júlí 2008, 27. mars 2009 og að lokum í september 2019. Frá árinu 2011 hafi M séð sig knúin til að greiða af láninu til að fyrirbyggja frekari kostnað vegna þess. Þau hafi að lokum greitt eftirstöðvar lánsins í kjölfar gjaldfellingar þess hinn 25. nóvember 2019. Vegna þessa hafi X verið send greiðsluáskorun sem hann hafi móttekið hinn 28. maí 2020 en engin viðbrögð hafi borist við henni. Hafi þau því stefnt X fyrir dóm.

Á grundvelli ofangreinds krefjast M bóta úr réttaraðstoðartryggingu sem er hluti heimilis- og fjölskyldutryggingar þeirra hjá V en V hefur hafnað kröfunni á grundvelli þess að ágreiningur málsins hafi komið upp áður en réttaraðstoðartryggingin gekk í gildi.

Í málskoti er rakið að M hafi verið með réttaraðstoðartryggingu hjá öðru vátryggingafélagi frá 1. janúar 2004 til 1. janúar 2007 og aftur frá 1. júlí 2008 til 1. júlí 2013, en eftir það hafi þau verið með réttaraðstoðartryggingu hjá V. Af fjárhæð þeirri sem M hafi stefnt X til greiðslu á hafi 83% fallið til eftir að þau fluttu viðskipti sín til V. Verði að líta svo á að vátryggingaratburður hafi að því er þann hluta varði átt sér stað eftir það tímamark. Þá hafi lánið verið gjaldfellt í kjölfar vangoldinnar afborgunar hinn 5. september 2019 og M í kjölfar þess greitt upp eftirstöðvar þess hinn 25. nóvember 2019. Hafi ágreiningur aðila þar með skapast eftir það tímamark, enda hafi það verið þá sem endanleg tjónsfjárhæð varð ljós. Þá segi í skilmálum viðeigandi vátryggingar að hafi vátryggður haft sams konar vátryggingu hjá öðru félagi verði hún metin honum til góða, og ljóst sé að M hafi verið með vátryggingarvernd allan þann tíma frá því að sú röð atvika sem leiddi til endanlegs tjóns þeirra hófst.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að afborganir lánsins hafi mjög fljótt farið í vanskil, og frá og með júnímánuði 2003 hafi M reglulega borist tilkynningar um vanskil, gjaldfellingu og innheimtuaðgerðir. Því hafi ágreiningur milli aðila komið upp fljótlega eftir að vanskil hófust, en M hafi reynt, með takmörkuðum árangri, að fá X til að standa við skuldbindingar sínar. Ágreiningur aðila hafi því komið til löngu, eða um áratug, áður en vátrygging M hjá V tók gildi. Það hvenær M innti tilteknar fjárhæðir af hendi breyti engu í því samhengi. Í gr. 7.1 viðeigandi skilmála komi fram að hægt sé að óska eftir réttaraðstoð ef vátryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár. Því skilyrði sé ekki fullnægt og er kröfu M því hafnað.

Álit.
Af málatilbúnaði aðila má ráða að ágreiningur þeirra varði einungis tímamark það sem miða beri við að ágreiningur hafi komið upp og verður því leyst úr málinu á þeim grundvelli. Óumdeilt er að hinn 19. nóvember 2001 undirritaði X veðskuldabréf, sem tryggt var með veði í fasteign M. Jafnframt virðist óumdeilt að fljótlega hafi komið til vanskila X, þó að M hafi fyrst innt af hendi greiðslu vegna umrædds láns hinn 9. september 2011, að því er ráða má af stefnu sem liggur fyrir nefndinni. Þrátt fyrir það liggur ekki fyrir að ágreiningur hafi beinlínis verið með aðilum, og verður hann ekki talinn hafa stofnast við það eitt að afborganir lánsins hafi fallið í vanskil. Þannig liggur afstaða X til kröfunnar ekki fyrir og verður ekki séð að ágreiningur hafi verið um hana áður en stefna var gefin út,

og liggur ekki annað fyrir en að vanskil hans sé að rekja til skorts á greiðslugetu. Verður því ekki litið svo á að ágreiningur hafi í raun verið kominn upp fyrr en eftir að stefna í málinu var gefin út, hinn 12. júní 2020, eða í fyrsta lagi eftir að greiðsluáskorun var send í maímánuði sama ár. Í gr. 7.1 viðeigandi vátryggingarskilmála segir að hægt sé að óska eftir réttaraðstoð ef vátryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og að hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár. Vátryggingin þurfi ekki að hafa verið hjá félaginu allan tímann, ef vátryggður hefur haft sams konar vátryggingu hjá öðru félagi fái hann þá vátryggingu reiknaða sér til góða. Óumdeilt er í málinu að M hafa haft sams konar vátryggingu í gildi óslitið frá 1. júlí 2008, og er því samkvæmt framansögðu ljóst að vátrygging var í gildi þegar ágreiningur þeirra við X kom upp.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því fallist á kröfu M um bótagreiðslu úr réttaraðstoðartryggingu heimilistryggingar sinnar.

Niðurstaða.
M eiga rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu heimilistryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 10. nóvember 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 326/2020

M og
Vv/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu er nemi í rafvirkjun varð fyrir meiðslum er hann fékk í sig rafstraum.

Gögn.
Málskot, móttekið 23.9.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 15.10.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M, nemi í rafvirkjun og starfsmaður A var hinn 15. maí 2015 ásamt rafvirkjameistara að vinna við aðaltöflu í inntaksskúr við tiltekið tengivirki. Mun rafvirkjameistarinn sem hafði verkstjórn með höndum ætlað að losa bolta á straumspenni en sökum þess hve boltinn var fastur fór hann í vinnubifreið þeirra til að sækja hentugra verfæri til að losa boltann. Á meðan mun M hafa reynt að losa boltann en við það fengið í sig rafstraum.

Í tilkynningu A til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 12. júní 2015, segir að 15. maí 2015 kl. 15:45 hafi verið unnið við aðaltöflu þegar M hafi fengið í sig rafmagn og festst í töflunni, en losað sig sjálfur. Rafvirkjarnir hafi ekki áttað sig á að búið var að hleypa rafmagni á töfluna. Samstarfsmaður M hafi farið með hann á heilbrigðisstofnun til aðhlynningar. Hann hafi hlotið minni háttar brunasár. Hann hafi ekki verið frá vinnu vegna slyssins.

Í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 16. júlí 2015 og er undirrituð af M og A, er slysinu lýst á sama veg og í tilkynningu til Vinnueftirlitsins. Þar kemur einnig fram að M hafi hætt vinnu strax eftir slysið.

Samkvæmt málskoti kveðst M hafa fengið þær upplýsingar að spennusetning ætti ekki að eiga sér stað fyrr en vinnu rafvirkja við töfluna væri lokið, enda geti beinlínis verið lífshættulegt að vinna við töfluna ef full spenna er á henni. Þar sem verkstjóra (rafvirkjameistaranum) hafi ekki tekist að losa bolta sem var á straumspenni í töfluskáp hafi hann farið að sækja annan skrúflykil í vinnubifreið sem þeir voru á. M hafi engin fyrirmæli fengið frá verkstjóranum um verkið og því tekið ákvörðun um að halda verkinu áfram og reyna að losa boltann með skrúflykli. Við það hafi hann fengið raflost þar sem rafstraum hafi verið hleypt á töfluna þvert á það sem M hafði fengið upplýsingar um.

M kveður aðstæður á verkstað hafa verið ófullnægjandi sem og verkstjórn. Af þeim sökum beri A sem vinnuveitandi M ábyrgð á líkamstjóni hans og hefur í því efni m.a. vísað til 13., 21., 23, og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá kveður M að slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu án ástæðulausrar tafar eins og A var skylt að gera samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980. Því verði A að bera hallann af mögulegum sönnunarskorti um þau atriði sem áhrif geta haft á sakarmat og eru talin óljós. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Í bréfi V, dags. 15. október 2010, er atvikum lýst svo að M hafi verið rafvirkjanemi hjá A í tvö ár þegar atvikið átti sér stað. Hafi M ásamt rafvirkjameistara sem hafði verkstjórn með höndum verið að skipta um straumspenna í inntakssksúr við tengivirkið áður en rafmagni var hleypt á. Verkstjórinn hafi tekið hlíf af deiliskáp í þeim tilgangi að losa bolta sem var á straumspenni. Boltinn hafi reynst mjög fastur og hafi hann farið í vinnubifreið þeirra til að sækja skralllykil til að losa boltann. Á meðan var M beðinn um að bíða. Þegar verkstjórinn kom til baka kvaðst M hafa fengið raflost við að reyna að losa boltann. A og starfmenn hans hefðu fengið þær upplýsingar að spennusetning ætti ekki að eiga sér stað fyrr en vinnu rafvirkja við töfluna væri lokið og að ekki væri hægt að spennusetja nema að skipt væri um straumspenna. Þá hafi alltaf verið höfð að leiðarljósi sú vinnuregla að rafvirkjar tryggi spennuleysi með mælingu eða öryggislásum áður en vinna hæfist í aðstæðum sem þessum. Fyrir liggi að rafvirkjameistarinn hafi tryggt spennuleysi enda hafi straumur ekki verið á töflunni þegar hann reyndi að losa boltann. Það sé því ekkert sem styðji að verkstjórinn eða aðrir starfsmenn A hafi sýnt af sér vanrækslu gagnvart M. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Samkvæmt gögnum málsins eru engin skýr gögn um að M hafi orðið óvinnufær af völdum slyssins að frátöldu því sem eftir lifði slysdagsins. Er því ekki efni til að leggja sönnunarbyrði á A um atvik sem kunna að hafa átt þátt í því að slysið varð en teljast óupplýst eða óljós.

Upplýsingar um atvikið eru frekar takmarkaðar. Ekkert hefur komið fram sem gefur tilefni til að ætla að aðstæður hafi almennt verið með öðrum hætti en gera má ráð fyrir á slíkum stöðum þar sem unnið er við rafmagn í rafmagnstöflum. Ekki er upplýst hvernig það atvikaðist að rafmagn var komið á aðaltöfluna þegar M ætlaði að losa boltann. Af gögnum málsins verður ekki séð að verkstjóra M verði kennt um að svo fór. M virðist hafa reynt að losa boltann án þess að hafa fengið fyrirmæli þar um og án þess að hafa áður gengið úr skugga um að spenna væri ekki á töflunni. Eftir atvikum öllum, og eins og málið liggur fyrir, verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að slysið megi rekja til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 10. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 327/2020

M og
V vegna slysatryggingar launþega A hjá V

Ágreiningur um hvort M hafi orðið fyrir slysi við störf hjá A.

Gögn.
Málskot móttekið 11.09.2020 ásamt fylgigögnum 1-7.
Bréf V dags. 21.10.2020 ásamt fylgigögnum 1-4.

Málsatvik.
Í málskoti lýsir M atvikum svo að hún hafi orðið fyrir slysi við störf sín hjá A hinn 28. ágúst 2019. M hafi verið að fylla á speglastæðu í verslun A þegar nokkrir af speglunum féllu í átt að henni og hafi hún tekið á móti þeim með báðum höndum með þeim afleiðingum að hún fékk slink á bakið. Vegna þessa krefst A bóta úr slysatryggingu launþega A hjá V. M byggir á því að umrætt atvik uppfylli skilyrði slysahugtaks vátryggingaréttar, um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð og ekki sé sýnt fram á að eitthvað innra ástand M sjálfrar hafi valdið umræddu slysi. Vísar M jafnframt til dómafordæma þessu til stuðnings. Þá sé sýnt fram á að slysið hafi átt sér stað með þeim hætti sem M lýsi en strax daginn eftir slysið hafi hún haft samband við heilsugæslu vegna verkja í baki. Enn fremur komi fram í læknisvottorði, dags. 3. október 2019, að einkenni M hafi versnað er þungir speglar féllu á hana með þeim afleiðingum að hún fékk slink á bakið. Ljóst sé að M hafi ítrekað leitað til lækna í kjölfar slyssins. V hafnaði kröfu M með bréfi dags. 22. júní 2020.

Í bréfi V til nefndarinnar, dags. 21. október 2020, kemur fram að M telji ósannað að meint atvik hafi átt sér stað. Þannig liggi fyrir í tilkynningum um umrætt atvik að A geti ekki staðfest að það hafi átt sér stað. Þá hafi M sjálf ekki gefið nákvæmar upplýsingar um meint slys fyrr en 3. október 2019. Í fyrirliggjandi sjúkragögnum komi hins vegar fram að M hafi átt við að stríða krónísk vandamál í hrygg eftir umferðarslys á árinu 2015 og í læknisfræðilegum gögnum komi fram að einkennin hafi versnað vegna álags í vinnu. Jafnvel þó meint vinnuslys teldist sannað væri því ekki sýnt fram á að orsakatengsl séu milli þess og þeirra einkenna sem M lýsi frá baki, enda sé þau að rekja til áðurnefnds umferðarslyss. Er bótakröfu M því hafnað.

Álit:
Ágreiningur er uppi um hvort meint slys hafi átt sér stað, en sönnunarbyrðin um það hvílir á M. Í tilkynningu A til V, dags. 16.júní 2020, kemur fram að M hafi ekki tilkynnt yfirmanni um meint slys fyrr en tveimur vikum eftir að það átti að hafa átt sér stað, engir sjónarvottar hafi verið að meintu atviki og geti A því ekki staðfest að það hafi átt sér stað. Sambærilega staðhæfingu er að finna í tilkynningu A til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 16. júní 2020 og tilkynningu til Vinnueftirlitsins. Þá má ráða af gögnum málsins að M hafi stundað vinnu eftir slysið og ekki orðið óvinnufær fyrr en 14. september 2019. Ekki liggur nákvæmlega fyrir af gögnum málsins hvenær M hafi fyrst tilkynnt vinnuveitanda um umrætt atvik en því hefur ekki verið mótmælt að tvær vikur hafi liðið frá meintu slysi og þar til tilkynnt var um það. Af læknisfræðilegum gögnum má þá ráða að M hafi verið með krónísk vandamál frá hrygg allt frá því hún lenti í bílslysi á árinu 2015. Hún hafi eftir það sótt sjúkraþjálfun og þjónustu á háls- og bakdeildina á Stykkishólmi. Í málskoti er byggt á því að M hafi haft samband við heilsugæslu þegar 29. ágúst 2019, og samkvæmt gögnum málsins hringdi M í heilsugæslu þann dag og ræddi þar við hjúkrunarfræðing. Í því símtali virðist M hins vegar ekki hafa minnst á að hún hefði lent í vinnuslysi, heldur aðeins minnst á að meiðsli vegna umræddsbílslyss væru að taka sig upp aftur. Hinn 4. september 2019 mætti M til læknis en ekki verður heldur séð að hún hafi minnst á að hafa lent í vinnuslysi við það tilefni. Hinn 5. september og 12. september leitaði M aftur til læknis, en ekki verður séð að hún afi minnst á umrætt slys fyrr en við komu sína á heilsugæslu hinn 19. september. Í nótu læknis vegna þeirrar komu er þó ekki nákvæmlega tilgreint hvað gerst hafi en þar kemur fram að M einkenni M frá baki hafi farið versnandi á árinu 2019 vegna aukins álags í vinnu, og að þremur vikum áður hafi hún fengið högg á bakið sem gert hafi útslagið. Hinn 26. september 2019 fór M svo fram á áverkavottorð hjá heilsugæslu en ekki var unnt að verða

við því þar sem engin koma var skráð vegna vinnuslyss. Hinn 3. október 2019, eða um fimm vikum frá meintu atviki virðist M svo fyrst hafa gefið heilsugæslulækni lýsingu á atvikum. Samkvæmt öllu framansögðu, því að engir sjónarvottar urðu að umræddu slysi, og á grundvelli þess að M virðist ekki hafa tjáð sig um það fyrr en tveimur vikum síðar, er óhjákvæmilegt að líta svo á að sönnun þess að umrætt vinnuslys hafi átt sér stað hafi ekki tekist. Er bótakröfu M þar af leiðandi hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega A, hjá V.

Reykjavík 17. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 328/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna viðgerða á lögnum húseignar.

Gögn.
Málskot móttekið 12.08.2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 14.10.2020 ásamt fylgiskjölum 1-2.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 03.11.2020.

Málsatvik.
Í málskoti lýsir M atvikum svo að í lok nóvember 2019 hafi orðið vart við skort á heitu vatni á heimili hennar. Pípulagningameistari hafi verið kallaður til og grunur vaknað um að vandamálið tengdist blöndunartækjum og hafi verið skipt um þau. Það hafi ekki skilað tilætluðum árangri og hafi því verið tengt framhjá varmaskipti hússins um miðjan desember sama ár án þess að það hefði mikil áhrif. Haft hafi verið samband við A 19. desember 2019 þar sem líklegt þótti að innrennsli á heitu vatni til hússins væri ekki fullnægjandi, A hafi skoðað málið en engin niðurstaða fengist. Um áramótin 2019/2020 hafi komið í ljós að snjóbræðsla við húsið virkaði ekki sem skyldi og hafi þá komið í ljós að mikil óhreinindi höfðu borist í kerfið og m.a. skemmt dælu og varmaskipti. Skipt hafi verið um þann búnað hinn 2. janúar. Sérfræðingar frá A hafi komið á staðinn 3. janúar og þá hafi komið í ljós að þrýstingur inn í húsið var ekki nægilega mikill. Í vikunni á eftir hafi A lagfært heimlögnina en ekki hafi náðst fullnægjandi árangur af því verki fyrr en A kom aftur á vettvang hinn 17. janúar en þá tóku starfsmenn A lagnir í sundur og blésu úr þeim. Að endingu hafi M aftur kallað til pípulagningarmeistara til að tengja varmaskipti og hafi þeirri vinnu lokið 30. janúar 2020. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna þess kostnaðar sem hún hafi orðið fyrir vegna þessa, alls 855.471 kr. Tjón hennar sé að rekja til óhreininda og stíflu í heimlögn, en A hafi staðið í framkvæmdum á svæðinu um svipað leyti og megi ætla að óhreinindi hafi farið af stað vegna þeirra. Fasteignaeigendum á svæðinu hafi hins vegar ekki verið tilkynnt um umræddar framkvæmdir, en hefði upplýsingagjöf verið sinnt með viðhlítandi hætti hefðu viðbrögð pípulagningarmeistara verið önnur. Þannig hefði mátt hafa komist hjá kostnaði við framkvæmdir sem ekki skiluðu árangri. Jafnframt hafi fyrstu viðbrögð A, eftir að A var tilkynnt um tjónið hinn 19. desember verið ófullnægjandi, í ljósi vitneskju A um umræddar framkvæmdir og sérfræðiþekkingar starfsmanna þess.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji gögn málsins af nokkuð skornum skammti. Þannig liggi ekki fyrir myndir, matsgerðir eða annað sem sýni fram á í hverju meint tjón M hafi falist. Þegar af þeim ástæðum verði að telja ósannað að M hafi orðið fyrir tjóni og að um hafi verið að ræða tjón sem A beri skaðabótaábyrgð á. Vissulega hafi þrýstingur verið lítill en hann hafi verið aukinn um leið og A fékk upplýsingar um það. Þá telji A bilanagreiningu pípulagningarmanns sem M fékk til verksins hafa verið ranga, telja megi að ekkert hafi verið athugavert við búnað í fasteign M og því ástæðulaust að skipta honum út. Enn fremur megi ráða af frásögn A að varmaskiptir hafi verið ranglega tengdur sem valdi því að rennsli sé minna en ella. Þá sé ljóst að bótaréttur úr vátryggingunni geti aðeins stofnast ef um líkamstjón eða skemmdir á munum er að ræða og þurfi það tjón að verða rakið til skyndilegs og óvænts atburðar. Hvorugt þessara skilyrða sé uppfyllt og virðist sem engar skemmdir haf orðið á munum. Enn fremur taki vátryggingin aðeins til atvika sem A beri skaðabótaábyrgð á, en ekkert í gögnum málsins bendi til þess að meint tjón M verði rakið til gáleysis, vanrækslu eða annarra atvika sem A beri skaðabótaábyrgð vegna. Að endingu vísar V til reglugerðarákvæðis sem kveði á um að A beri ekki ábyrgð á tjóni sem verði vegna þrýstingsbreytinga á heitu vatni.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að með framlagningu reikninga og tímaskýrslu pípulagningarmeistara telji hún sig hafa sýnt fram á tjón sitt, auk þess sem ferli málsins sé lýst í málskoti. Þá gagnrýnir hún að svör A virðist byggja á öðrum rökum en uppi hafi verið þegar félagið

hafnaði kröfu hennar, dags. 14. apríl 2020, en þá hafi verið byggt á því að óhjákvæmilegt væri að óhreinindi í heitu vatni bærust í húslagnir. Þá mótmælir M því sérstaklega að varmaskiptir hafi verið ranglega tengdur. Enn fremur telur M vísun V til ábyrgðartakmörkunar vegna þrýstingsbreytinga ranga, þar eð takmörkunin taki ekki til tjóns sem rekja megi til mistaka starfsmanna A. M byggi mál sitt einmitt á því að mistök hafi átt sér stað af hálfu A.

Álit.

Svo bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A sé fyrir hendi verður að sýna fram á að athafnir eða athafnaleysi A, eða aðila sem það ber ábyrgð á, hafi leitt til umrædds tjóns. Í málskoti er byggt á að því að M hafi orðið fyrir tjóni sem verði rakið til saknæmrar vanrækslu starfsfólks A. Þannig kemur fram í málskoti að M telji ljóst að tjón hennar verði rakið til óhreininda og stífla í heimlögn en A hafi staðið í framkvæmdum á svipuðum slóðum á þessum tíma. Hafi íbúar ekki verið upplýstir um þessar framkvæmdir, en hefði það verið gert hefði M gefist kostur á að takmarka tjón sitt enda hefði pípulagningarmeistarinn sem kom að viðgerðum á fasteign hennar þá búið yfir réttum upplýsingum. Þrátt fyrir þessar staðhæfingar liggja ekki fyrir nefndinni gögn er sýni með fullnægjandi hætti fram á hvað olli tjóni M, né er fyllilega skýrt í hverju tjón hennar hafi falist. Þannig liggja hvorki fyrir matsgerð af einhverju tagi né ljósmyndir af atvikum og engin gögn liggja fyrir um framkvæmdir A í hverfinu á þeim tíma sem bilana varð vart í fasteign M. Einu staðfestingu þess að tjón M sé að rekja til A er að finna í reikningi pípulagningarmeistara en þar segir „mikið af vanda eru tengdar stíflum hjá A í stofni í götu og þurftu þeir að grafa upp hjá sér“. Verður ekki talið að því verði slegið föstu á grundvelli þessar setningar hvað hafi leitt til þess að gera þurfti við blöndunartæki og annan búnað í fasteign M, né er sýnt fram á atriði er styðji þá afstöðu M að starfsmenn A hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Þá gerir M athugasemdir við viðbrögð A eftir að A var tilkynnt um vandræði tengd rennsli á heitu vatni hinn 19. desember 2019 en ekki hafi verið gripið strax til aðgerða vegna þeirrar tilkynningar og hafi það leitt til frekara tjóns. A, sem fellst á að rennsli hafi verið hægt, heldur því hins vegar fram að rennslið hafi verið lagað um leið og tilkynning barst. Ekki liggja fyrir nefndinni frekari gögn um samskipti M og A í desembermánuði, né mat eða annað er sýni fram á hvaða tjóni hin meinta töf hafi valdið, og verður því, gegn neitun A, ekki byggt á því að A hafi að þessu leyti sýnt af sér saknæma vanrækslu sem leitt hafi til tjóns. Þar sem sönnunarbyrðin hvað framangreint varðar hvílir á tjónþola hefur M því samkvæmt framansögðu ekki tekist að sýna fram á að skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt, enda er hvorki sýnt nægilega fram á orsakir þess að M hafi orðið fyrir kostnaði vegna viðgerða, né að hann sé að rekja til atvika sem A beri skaðabótaábyrgð á. Er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfum hennar.

Niðurstaða.

M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 1. desember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 330/2020

M og
V v/ slysatryggingar launþega.

Ágreiningur um sjúkdómseinkenni megi rekja til tjónsatviks (orsakatengsl).

Gögn.
Málskot, móttekið 30.9.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 9.10.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 13. október 2017 varð M fyrir því slysi á vinnustað sínum sem er lýst í tilkynningu um vinnuslys til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 13. ágúst 2018, á þann veg að M hafi fallið aftur fyrir sig „inn á frysti" er hann var að draga kjötgrind (með lambaskrokkum) með handtjakki. Hafi M kennt sér meins í hné en talið að það myndi lagast.

M leitaði læknis 27. febrúar 2018. Segir í læknisvottorði vegna þeirrar komu að hann hafi haft verki í báðum hnjám. Hann vinni mikið, en ekki „trauma" (áverkasaga). Skoðun hafi verið algerlega eðlileg „bilateralt" (í báðum hnjám). Spurningarmerki er sett við álagseinkenni.

Aftur leitaði M til læknis 8. maí sama ár vegna vaxandi verkja frá vinstra hné síðastliðna mánuði. Var þá getið um mikla þreytu og nær stöðuga verki. Hné mun ekki hafa verið að læsast en hann lýsti að stundum væri hné bólgið. Verkir hafi verið inni í hnénu, en hann kvaðst ekki muna eftir áverka. Hann eigi erfitt með að ganga stiga, en hreyfigeta hafi verið eðlileg.

Hinn 3. júlí var M vísað til nafngreinds bæklunarskurðlæknis. Í læknabréfi læknisins, dags. 6. ágúst 2019, kemur fram að M komi til skoðunar hjá honum 14. ágúst 2018. M sé nokkuð hraustur og hafi engin fyrrverandi vandamál frá hné. Hann vinni þunga erfiðisvinna og ári áður hafi hann runnið og fengið einhvern snúningsáverka á vinstra hnéð. Síðan hafi hann verið með verki og eymsli í hnénu. Er M sagður vera með „degenerativa" liðþófaskemmd og virðist vera með einkenni út frá henni. Gekkst M undir aðgerð hjá lækninum 7. nóvember 2018 þar sem „skemmd úr mediala liðþófa" mun hafa verið tekin.

Í nokkrum læknisvottorðum til atvinnurekanda vegna fjarvista kemur fram að M er sagður hafa verið óvinnufær með öllu vegna sjúkdóms frá 3. júlí 2018 í óvissan tíma og svo aftur frá 5. september sama ár til 7. sama mánaðar. Hins vegar er hann sagður hafa verið óvinnufær með öllu vegna vinnuslyss frá 7. nóvember 2018 til 15. desember sama ár.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu launþega sem vinnuveitandi hans hafði í gildi hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir við atvikið 13. október 2107. V hefur hafnað bótaskyldu þar sem ekki sé sannað samkvæmt gögnum málsins að M hafi orðið fyrir meiðslum við umrætt atvik.

Álit.
Samkvæmt skilmálum slysatryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar greiðir vátryggingin bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir, en með orðinu „slys" sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Þá greiðast bætur því aðeins að slysið sé aðalorsök þess að vátryggður deyr eða missir starfsorku sína að nokkru eða öllu leyti.

Í fyrrgreindri tilkynningu vinnuveitanda til Vinnueftirlitsins kemur fram að M hafi við atvikið 13. október 2017 fallið aftur fyrir sig inn á frysti. Þessa lýsingu á atvikinu þykir mega leggja til grundvallar, en samkvæmt henni er ljóst að um skyndilegan utanaðkomandi atburð hefur verið að ræða sem gerðist án vilja M. Kemur þá til skoðunar hvort M hafi orðið fyrir meiðslum umrætt sinn þannig að uppfyllt séu skilyrði þess að um slys hafi verið að ræða í skilningi vátryggingarskilmálanna.

Eftir byltuna mun M hafa kennt sér meins í hné en taldi að það myndi lagast. Hann leitaði fyrst læknis 27. nóvember 2018, eða rúmum fjórum mánuðum eftir atvikið, vegna verkja í báðum hnjám. Hann gat ekki um atvikið við skoðun hjá lækninum og sett var spurningamerki við hvort um álagsmeiðsli hafi verið að ræða. M leitaði aftur til læknis 8. maí sama ár vegna verkja í vinstra hné sem hann hafi haft mánuðina áður. Gat hann þess þá að hann myndi ekki eftir að hafa orðið fyrir áverka á hnénu. Það var

fyrst við skoðun hjá bæklunarskurðlækni 14. ágúst 2018 sem M gat þess að hann hafi ári áður runnið og fengið snúningsáverka á vinstra hné. Engin álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila liggur fyrir í málinu því til sönnunar að sjúkdómseinkenni M í vinstra hné megi rekja til atviksins 13. október 2017. Í ljósi þess sem hér að framan greinir verður ekki talið að nægilega sé sannað að einkenni í vinstra hné M megi rekja til þessa atviks. Hann telst því ekki eiga rétt til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 3. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 332/2020

M og
V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B

Árekstur á Strandvegi 20. júlí 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 2. október 2020 ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V dags. 19. október 2020, ásamt myndum, sameiginlegri tjónstilkynningu og skýrslu ökumanna bifreiða A og B og tölvupósti ökumanns bifreiðar B til V, dags. 23. júlí 2020.

Málsatvik.
Í framhlið tjónstilkynningar vegna áreksturs bifreiða A og B kemur fram á teikningu að báðir ökumenn hafi verið að aka eftir Strandvegi, þar sé annað hvort brotin eða hálfbrotin akreinalína. Staða bifreiða er sýnd þannig að bifreið A sé að aka fram úr bifreið B og að staðsetning bifreiðar B sé aðeins yfir umrædda akreinalínu. Ökumaður bifreiðar A lýsir atvikum þannig að hann hafi verið að aka fram úr bifreið B og hafi ökumaður bifreiðar B þá ekið til vinstri í veg fyrir hann sem endað hafi með árekstri í hlið bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B lýsir hins vegar atvikum þannig að um hafi verið að ræða glæfralegan framúrakstur og að bifreið B hafi ekki verið ekið yfir línu eins og teikning á framhlið beri með sér. Á teikningu sem fylgir skýrslu ökumanns bifreiðar B kemur hins vegar fram að árekstur hafi orðið alveg við miðlínu og af teikningunni má ráða að hún hafi verið brotin eða hálfbrotin. Einnig liggur fyrir mynd af bifreið A upp á hægri kanti akbrautar rétt við hringtorg.

M telur að ökumaður bifreiðar A beri alla sök og telur að ekki hafi verið tekið tillit til myndar af staðsetningu bifreiða eftir áreksturinn.

V tekur ekki sjálfstæða afstöðu til sakarskiptingar í tölvupósti sínum til nefndarinnar 19. október sl.

Álit:
Á framhlið tjónstilkynningar, sem undirrituð er af báðum ökumönnum, er staðsetningu bifreiðanna A og B lýst þannig að bifreið B er komin yfir brotalínu á akbraut þegar bifreið A var ekið fram úr bifreið B. Þó ökumaður bifreiðar B mótmæli umræddri teikningu í málskoti þá skrifaði hann undir tjónstilkynninguna með þeirri teikningu. Sú teikning sem er á bakhlið tjónstilkynningar og stafar frá honum sjálfum sýnir einnig að árekstur varð í besta falli við miðlínu vegar.

Þegar svona stendur á ber ökumaður bifreiðar B sönnunarbyrði um að ökumaður bifreiðar A hafi hagað akstri sínum þannig að hann hafi brotið gegn fyrirmælum umferðarlaga eða -reglna. Af gögnum málsins verður það ekki talið sannað og hefur sú mynd sem M sendi með málskoti sínu ekki áhrif á þá stöðu. Ökumaður bifreiðar B telst því bera alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekið til vinstri yfir akreinalínu í hlið bifreiðar A.

Niðurstaða.
Öll sök á bifreiðina B.

Reykjavík, 10. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 333/2020

M og
V vegna heimilistryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna frítímaslyss.

Gögn.
1. Málskot, móttekið 06.10.2020 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 22.20.2020 ásamt fylgigögnum 1-6.

Málsatvik.
Í málskoti kvartar M yfir því að V hafi hafnað beiðni hans um bótagreiðslu úr heimilistryggingu vegna slyss sem hann hafi lent í fyrir nokkrum árum. Slysið hafi leitt til þess að hann þjáist af myositis, sem sé sjúkdómur sem leggist á vöðva, og hægt sé að kalla til tvo taugalækna sem geti staðfest tengsl milli slyssins og sjúkdómsins. Áður hafi V hafnað beiðni hans um bætur úr sjúkdómatryggingu vegna þessa sjúkdóms þar sem vátryggingin tæki ekki til hans. Heimilistryggingin taki til slysa, það séu tengsl milli slyssins og umrædds sjúkdóms, jafnvel þó það hafi tekið nokkurn tíma fyrir sjúkdóminn að koma fram sé bótaskylda því fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi fyrst tilkynnt félaginu um vöðvaslit í fæti sem átt hafi sér stað árið 2012 með óundirritaðri tjónstilkynningu hinn 15. desember 2015. Undirritun, ásamt afriti örorkumats, hafi svo borist hinn 6. mars 2016. Í matinu hafi komið fram að öllum líkindum hafi M orðið fyrir áverka árið 2009 en mögulega haustið 2012. V hafi hafnað bótaskyldu úr frítímaslysatryggingu M hinn 15. mars 2016. Hinn 6. apríl 2020 hafi M svo sent tjónstilkynningu vegna meints frítímaslyss 20. september 2014. Í henni komi fram að M hafi í apríl 2019 verið greindur með myositis sjúkdóm sem hann kveði lækna rekja til sköddunar á vöðva í slysi árið 2014. Hvergi í fyrirliggjandi læknisfræðilegu gögnum sé fjallað um frítímaslys á árinu 2014. Sé því ósannað að meint slys hafi átt sér stað. Þess utan hafi tilkynningarfrestur verið löngu liðinn þegar tjónstilkynning varst félaginu í apríl 2020 og allar kröfur vegna málsins fyrndar. Hins vegar hafi M orðið fyrir frítímaslysi, líklega á árunum 2011 eða 2012, en kröfu vegna þess slyss hafi, eins og áður segir, verið hafnað á grundvelli þess að tilkynningarfrestur vegna þess hafi verið liðinn þegar tjónstilkynning barst. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.
Tvær tjónstilkynningar M liggja fyrir nefndinni. Í fyrsta lagi vegna slyss sem hann varð fyrir á gangi í Kerlingarskarði haustið 2012, þegar hann hrasaði og sleit vöðvafestingu við hásin. Bótakröfu hans vegna þess atviks var hafnað af hálfu V með bréfi dags. 15. mars 2016. Í öðru lagi, af því er ráða má af tjónstilkynningu M til V dags. 19. apríl 2020, sé um að ræða slys sem M varð fyrir hinn 20. september 2014, þegar hann var við smalamennsku á Vatnaleið og sleit vöðvafestingu við hásin. Ekki liggja fyrir nefndinni nein læknisfræðileg gögn um umrætt slys árið 2014, og í örorkumati dags. 25. ágúst 2015, en matsfundur vegna þess var haldinn hinn 9. júní 2015, er minnst á tognun og vöðvaslit er M hafi orðið fyrir á árinu 2009, og slys sem átti sér stað 21. september 2012. Ekkert kemur hins vegar fram um slys sem átt hafi sér stað hinn 20. september 2014. Þá má ráða af læknisvottorði, dags. 7. júlí 2020, að M hafi þegar hinn 2. september 2014 verið með greiningu um myositis, en sú greining er skráð í komunótu hans til læknis þann dag. Í málskoti M er þá aðeins talað um eitt slys, sem hafi átt sér stað fyrir nokkrum árum, og hafi leitt til þess að hann fékk myositis. Verður því að líta svo á að aðeins sé um einn tjónsatburð að ræða og sé sjúkdóm M að rekja til þess atburðar hafi þær afleiðingar verið komnar fram þegar haustið 2014.

Í 1. mgr. 124 gr. laga um vátryggingarsamninga segir að sá sem rétt eigi til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Samkvæmt framansögðu verður að líta svo að frestur M til að tilkynna V um tjón sitt

hafi í síðasta lagi runnið út hinn 2. september 2015, en fyrir liggur að M var þegar með greiningu um myositis ári áður. Verður kröfu hans þegar af þeirri ástæðu hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu heimilistryggingar sinni hjá V.

Reykjavík, 10. nóvember 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 334/2020

M og
Vv/ ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar X

Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður slasaðist er hann rann á hálku á bifreiðastæði.

Gögn.
Málskot, móttekið 7.10.2020, ásamt fylgigögnum nr. 1-12.
Bréf V, dags. 21.10.2020, ásamt fylgigögnum nr. 13-16.

Málsatvik.
M varð fyrir slysi á bifreiðastæði fyrir utan vinnustað sinn. Lýsir M atvikum með þeim hætti að hann hafi verið að koma til vinnu um kl. kl. 7:40 að morgni. Hann hafi setið í farþegasæti bifreiðar sem lagt var í stöðureit á bifreiðastæðinu og þegar hann hafi stigið út úr bifreiðinni hafi hann runnið til í mikilli hálku og dottið með þeim afleiðingum að hann brotnaði illa á vinstri fæti. Slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins (VER) og var af þeim sökum ekki rannsakað

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns hjá V. Byggir hann bótakröfuna m.a. á því að aðstæður á vinnustaðnum, þ.e. bifreiðasæðinu sem ætlað er starfsmönnum, hafi verið óforsvaranlegar og hættulegar og að líkamstjónið sem hann varð fyrir sé bein afleiðing þess. Vísar M enn fremur til þess að M hafi borið að tryggja hálkuvarnir, svo sem með því að salta sanda bifreiðaplanið.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi X. Þá vísar V til þess að X hafi viðhaft almennar hálkuvarnir fyrir utan vinnustaðinn, svo sem með því að láta moka planið og hálkuverja við inngang eftir þörfum. Staðurinn þar sem slysið gerðist hafi hins vegar almennt ekki verið hálkuvarið með öðru en mokstri, þar sem um sé að ræða bifreiðastæði nokkuð frá starfsmannainngangi en ekki almenna gönguleið.

Álit.
Málsatvik í málinu eru óumdeild og snýr ágreiningur málsins einungis að því hvort X beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir þegar hann féll í hálku á bifreiðastæði fyrir utan vinnustað sinn á bifreiðastæði sem staðsett er á lóð X. Almennt má gera þá kröfu til atvinnurekenda að þeir hálkuverji helstu gönguleiðir starfsmanna á athafnasvæði fyrirtækisins, svo sem við inngang eða aðrar gönguleiðir, innan lóðar, sem starfsmenn þurfa að ganga til að komast til og frá vinnu eða til að geta sinnt starfinu. Hins vegar er ekki hægt að gera sömu kröfu varðandi bifreiðastæði og verður að teljast óraunhæft að ætlast til þess að bifreiðastæði hafi verið hálkuvarin og séu hálkulaus þegar mætt er til vinnu snemma morguns. Verður því að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 335/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda A.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss sem starfsmaður á bifreiðaverkstæði varð fyrir.

Gögn.
Málskot, móttekið 1.10.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 2.11.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Að morgni 1. apríl 2020 var M að störfum á verkstæði A þar sem hann var að aðstoða starfsmann við viðgerð á drifskafti. Varð M þá fyrir meiðslum á hægri hendi þegar topplykill eða toppur hrökk í höndina. Í tjónstilkynningu M til V, ábyrgðartryggjanda A, dags. 16. apríl 2020, segir að hann hafi verið að aðstoða annan starfsmann við að gera við drifskaft. Hafi hann haldið drifskaftinu þegar hinn starfsmaðurinn hafi verið að pressa niður stöng í drifskaftinu til að ná krossinum af, þegar topplykill sem hann notaði hafi skotist í hann. Í málskoti er því nánar lýst hvað hafi valdið slysinu. Kveðst M telja að rangt verkfæri hafi verið notað við verkið. Drifsköft séu ætíð boltuð afar vel með svokölluðum „flex“ boltum og séu slíkir boltar þannig gerðir að þeir losni ekki þegar bifreiðum er ekið í ójöfnum. Verkfærið sem eigi að nota við skipti á drifskafti heiti „driveshaft yoke“, eða „drifskaftslykill“, þegar drifskaft er losað að framan en að aftan sé oftast notað svokallaður „afturdrifsflans“. Það að toppur hafi verið notaður á „flex“ bolta bjóði hættunni heim og því hafi slysið orðið sökum þess að rangt verkfæri hafi verið notað í umrætt skipti. Verkstjórn hafi verið á ábyrgð yfirmanns sem hafi ákveðið að vinna verkið með þessum hætti.

M leitaði samdægurs á bráðadeild Landspítalans. Í bráðamóttökuskrá segir að M hafi verið að vinna undir bíl, þegar eitthvað hafi losnað og skotist af miklu afli í hægri úlnlið hans og síðan verið verkjaður og með dofa í lófanum. Röntgenmynd hafi verið tekin af úlnliðnum sem ekki hafi sýnt brot. Að fenginni ráðgjöf bæklunarlækna hafi verið ákveðið að M fengi hvíldarspelku og kæmi í endurmat viku síðar. Um leið var útbúið læknisvottorð til atvinnurekanda vegna fjarvista þar sem fram kom að M væri óvinnufær með öllu vegna vinnuslyss frá 1. apríl 2020 til 10. sama mánaðar. M leitaði að nýju á bráðadeildina 7. sama mánaðar vegna annarra atvika en mál þetta snýst um.

M kveður slysið ekki hafa verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins í samræmi við ákvæði 79.-81. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Því beri með tilliti til nánar tilgreindra dómafordæma að leggja fullyrðingar M til grundvallar um aðstæður og verklag á slysdegi komi til ágreinings í þeim efnum milli aðila. Í ljósi hinna röngu vinnubragða og ófullnægjandi verkstjórnar í umrætt sinn beri A ábyrgð á líkamstjóni því sem M hlaut í slysinu og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Af hálfu A er mótmælt að röng verkfæri eða rangt verklag hafi leitt til slyssins. Þegar slysið varð hafi starfsmaður A og M staðið með drifskaftið við pressu. Starfsmaður A hafi staðið „fyrir framan“ þar sem hann hafi séð um að þvinga krossinn úr en M hafi verið þar „fyrir aftan“ þar sem hann hafi haft það hlutverk að halda drifskaftinu í láréttri stöðu. Ekki hafi viljað betur til en að toppurinn sem notaður var til verksins hafi skroppið til og lent í hendi tjónþola. Ekki sé vitað nákvæmlega hvers vegna það gerðist en A telur mögulegt að einhver halli hafi komið á drifskaftið með þessum afleiðingum. Þá mótmælir V að M hafi ekki sinnt tilkynningarskyldu lögum samkvæmt. Ekki hafi verið um alvarlegan slysaatburð að ræða „í almennum skilningi“ og fyrirsvarsmenn A hafi ekki orðið varir við nein alvarleg meiðsl líkt og beinbrot jafnvel þótt M hafi kennt sér meins og ákveðið að fara til læknis. A hafi átt von á að M myndi mæta til vinnu daginn eftir, en hann hafi ekki látið sjá sig, hann hafi hvorki hringt né látið ná í sig í síma. Kveður V fyrirliggjandi óvinnufærnivottorð hafa mjög takmarkað sönnunargildi þar sem þau tilgreini ekki ástæðu óvinnufærni eða áverka og ekki sé ljóst hvort þau séu gerð samkvæmt frásögn M eða eftir vandlega skoðun og mat viðkomandi læknis. Þá kveður V að ekki breyti neinu þótt Vinnueftirlitið hafi ekki verið kallað til þar sem málsatvik liggi fyrir. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ljóst er samkvæmt gögnum málsins að slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins né lögreglu. Engin rannsókn af hálfu óvilhallra aðila for því fram strax í kjölfar þess. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Með vísan til þessa lagaákvæðis og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau.

M var óumdeilanlega óvinnufær frá slysdegi vegna einkenna af völdum slyssins. Fyrirsvarsmönnum A mátti vera það ljóst að M hafði orðið fyrir meiðslum við umrætt atvik og að hann leitaði strax á bráðadeild. M mætti ekki aftur til vinnu á slysdag né daginn eftir. Eins og hér stóð á og í ljósi lagaskyldunnar að tilkynna slys bar A að ganga úr skugga um hvort fjarvist M stafaði af afleiðingum slyssins eða af öðrum ástæðum. Það brást og engin haldbær rök, studd gögnum, hafa komið fram sem sýna fram á að ekki hafi verið unnt að afla nauðsynlegra upplýsinga um ástæðu fjarvistarinnar. Verður samkvæmt þessu að líta svo á að A hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins.

Lýsing í málskoti varðandi verklag og verkfæri sem nota átti við framkvæmd verksins þegar slysið varð er óskýr og ekki studd gögnum. Þá verður heldur ekki séð að hún sé í samræmi við þá atvikalýsingu sem m.a. kemur fram í tjónstilkynningunni til V frá 16. apríl 2020. Verður því ekki byggt á þessari lýsingu við úrlausn málsins. Engu að síður verður að skilja málskotið svo að skaðabótaábyrgð A sé á því reist að ekki hafi verið beitt réttu verklagi við að losa hjöruliðskross frá drifskaftinu sem verkstjóri beri ábyrgð á.

Ekki er ljóst af gögnum málsins hvers vegna toppur sem notaður var við að losa krossinn hafi skotist í úlnlið M, þ. á m. hvort það megi rekja til þess að halli hafi komið á drifskaftið og af hvaða ástæðum slíkur halli hafi þá komið. Ætla verður að þessi atriði hafi mátt fá upplýst ef slysið hefði verið tilkynnt lögum samkvæmt og viðhlítandi rannsókn á slysinu og tildrögum þess farið fram. Ekki verður útilokað, eins og málið liggur fyrir, að það verði rakið til ófullnægjandi verkstjórnar af hálfu A hvernig það atvikaðist að toppurinn skaust í úlnlið M og olli meiðslunum. Með því að ekki hefur tekist að sýna fram á hið gagnstæða verður A að bera ábyrgð á því hvernig fór. Ekki er efni til að leggja meðábyrgð á M. Hann á því óskoraðan rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna líkamstjóns síns.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 24. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 336/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Slys við ljósastaur 26. janúar 2019.

Gögn.
Málskot dags. 7. október 2020 ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V dags. 15. október 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf lögmanns M, dags. 23. október 2020.

Málsatvik.
M slasaðist þegar hún var að renna sér niður brekku á hól sem nefndur er Kraginn í Innri-Njarðvík. Nánar tiltekið lenti M á ljósastaur göngustígs sem liggur meðfram hólnum. Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að ljósastaurinn sem M hafnaði á hafi verið brotinn og á mynd í sömu skýrslu sést að hann er boginn.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu þar sem um útivistarsvæði á vegum sveitarfélagsins hafi verið að ræða og beri X ábyrgð á því að öryggi þeirra sem þar fara um sé tryggt. M bendir á að staurar þeir sem hafi verið uppi á slysdegi hafi stefnt fólki sem var að renna sér í brekkunni þar við í hættu og hefði X átt að reyna að draga úr hætti á slysum t.d. með því að vara við hættu af staurunum eða setja upp öryggisnet. Einnig bendir M á að gerðar hafi verið ráðstafanir eftir slysið með því að setja dekk utan um staurana og þeir hafi síðan verið fjarlægðir. Einnig vísar M til þess að stuttu fyrir slys hennar hafi drengur lent í sambærilegu slysi og þannig hafi slysahætta verið þekkt á svæðinu auk þess sem alkunna sé að fólk renni sér á svæðinu á þotum og sleðum þegar snjór sé.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að staðsetning ljósastaura við Kragann hafi verið eðlileg í ljósi þess að þeir höfðu það hlutverk að lýsa upp göngustíga fyrir vegfarendur. Einnig bendir V á að sá hóll sem M renndi sér niður sé ekki á svæði sem skipulagt sé sérstaklega sem skíðabrekka heldur sé hann hugsaður sem útsýnispallur og almennt útivistarsvæði. V vísar því á bug að slysahætta hafi verið af ljósastaurunum og það að ráðstafanir séu gerðar eftir slys M sé einungis það að X sé að bregðast við því en ekki að X hafi verið nokkur hætta ljós.

Álit:
Ljóst er að M lenti á lágum ljósastaur við göngustíg þegar hún var að renna sér niður brekku á útivistarsvæði í sveitarfélaginu X. Á slíku svæði verður ekki hjá því komist að gera þær kröfur til þeirra sem umgangast það að haga útivist sinni í samræmi við skipulag svæðisins og verður að álykta af myndum af vettvangi að göngustígur hafi verið vel sýnilegur og ekki hægt að meta X það til sakar að hafa gert ráðstafanir við að lýsa hann upp með ljósastaurum. Ekki er sýnt fram á með gögnum að slys hafi verið tíð á svæðinu eða að aðstæður á útivistarsvæðinu hafi kallað á sérstakar viðvaranir af hálfu X. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 337/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar strætisvangs.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna meiðsla sem kona kveðst hafa hlotið í strætisvagni.

Gögn.
Málskot, móttekið 7.10.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 21.10.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Samkvæmt tjónstilkynningu, dags. 19. september 2019, til V, ábyrgðartryggjanda strætisvagna í eigu A kveðst M hafa hinn 20. september 2018 við tiltekna biðstöð strætisvagna fallið á súlu í strætisvagni í eigu A og brotið tennur. Síðan hafi hún fallið út úr vagninum og hlotið áverka á höndum, hnjám og öxlum. Í málskoti er atvikum lýst nánar svo að umræddan dag, er vagninn hafi komið að biðstöð við heimili M hafi hún staðið upp í vagninum og ætlað að ganga að útgöngudyrum. Hafi vagnstjórinn þá hemlað harkalega með þeim afleiðingum að hún hafi fallið við og skollið með andlitið á súlu í vagninum. Við það hafi hún vankast og tvær framtennur brotnað. Í beinu framhaldi hafi hún reynt að fara út úr vagninum og þá fallið við og dottið út úr vagninum. Hún hafi borið fyrir sig hendur og lent á hnjánum. Við það hafi hún fengið áverka á hné, höndum, baki og öxlum. Stjórnandi vagnsins hafi hins vegar ekið í burtu frá slysstað og M legið eftir í jörðinni.

Daginn eftir hafi M leitað til tannlæknis vegna tannbrotanna og fjórum dögum síðar hafi hún leitað á bráðadeild vegna þeirra áverka sem hún hlaut. Í meðferðarseðli bráðadeildar, dags. 24. september 2018, segir að M hafi dottið í strætó fjórum dögum áður, fengið slink á bakið og högg á hægri öxl. Með tölvubréfi 25. mars 2019 var af hálfu M reynt að afla upplýsinga hjá A um númer strætisvagnsins sem kunni að eiga hlut að máli og hvort til væri upptökur úr ferð vagnsins. Ekki liggur fyrir í málinu að af hálfu A hafi verið brugðist við þessu erindi.

M hefur krafist viðurkenningar á bótaskyldu V vegna þeirra meiðsla sem hún hlaut við umrætt atvik. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem í gildi voru þegar þau atvik eiga að hafa gerst sem mál þetta snýst um, skyldi sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið yrði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Gögn um atvik það sem M kveður að hafi gerst í strætisvagni 20. september 2018 eru mjög takmörkuð. Ekki liggur fyrir hvaða strætisvagn það var sem M var farþegi í þegar hún kveðst hafa orðið fyrir slysinu. Ekki verður séð að tekist hafi að hafa upp á stjórnanda vagnsins og því ekki vitað hvort hann hafi orðið þess var þegar M á að hafa dottið á súlu í vagninum eða þegar hún hafi fallið út úr vagninum. Verður að telja ósannað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að hann hafi ekið á brott frá biðstöðinni meðvitaður um að M hafi orðið fyrir meiðslum í vagninum og án þess að huga að meiðslum hennar. Engum vitnum er heldur til að dreifa sem borið geta um málsatvik. Þótt telja verði ljóst af fyrirliggjandi gögnum að M hafi leitað til tannlæknis 21. september 2018 vegna tannbrota og leitað á bráðadeild þremur dögum síðar vegna áverka sem hún rakti til falls í strætisvagni verður engu að síður að telja ósannað að meiðsl þessi hafi hlotist af notkun strætisvagns í eigu A í skilningi 1. mgr. 88. gr. laga nr. 50/1987. Af því leiðir að hún á ekki rétt á bótum hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum hjá V.

Reykjavík, 11. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 338/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um skaðabótaábyrgð vegna veikinda starfsmanns.

Gögn.
Málskot dags. 7. október 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 28. október 2020.
Bréf lögmanns M, dags. 16. nóvember 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að kvartað sé yfir ákvörðun V sem hafi hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna afleiðinga veikinda M, sem hún rekur til atvinnusjúkdóms sem tilkominn sé vegna starfa fyrir X.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi hafið störf hjá X í apríl 2014 og þá hafi X verið með aðsetur í húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Á árinu 2016 varð M vör við þau sjúkdómseinkenni sem hún rekur til myglu- og rakaskemmda í húsnæði vinnustaðar síns. Í minnisblaði til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 22. ágúst 2017 kemur fram að í september 2015 hafi starfsmenn þess fyrirtækis orðið varir við rakaskemmdir á innanverðum útveggjum vesturhúss húseignarinnar að Bæjarhálsi 1. Í minnisblaðinu er farið í gegnum tillögur til úrbóta á húsnæðinu og það kemur einnig fram þar að vegna neikvæðra áhrifa sem rakaskemmt efni var farið að hafa á heilsufar starfsfólks hafi verið tekin ákvörðun um að rýma húsið. Ekki kemur þó fram í minnisblaðinu hvenær nákvæmlega það var gert. Í málsgögnum liggur einnig fyrir ítarleg lýsing M sjálfrar á sjúkdómseinkennum sínum og upplýsingum í tengslum við húseignina að Bæjarhálsi 1. Þar kemur fram að tölvupóstur hafi borist frá einum af stjórnarmönnum og eigendum X hinn 30. mars 2016 um rakaskemmdir í húseigninni sem og í júní og fundur með starfsmönnum X hafi verið haldinn um miðjan júní 2016 þar sem mygla hafi verið útskýrð og almenn einkenn ofnæmis fyrir myglu. M lýsir því síðan að þegar framkvæmdir við húseignina hafi hafist í júní/júlí 2016 hafi hún farið að finna fyrir einkunnum eins og hausverk, þurrki í augum og hálsi, hæsti bólgum í kinn- og ennisholum, hjartsláttartruflunum og hita. M leitaði til lækna vegna einkenna, þar á meðal ofnæmislæknis í febrúar 2017 þar sem komið hafi fram að hún hafi ekki greinst með ofnæmi fyrir myglusvepp. Frekari einkenni voru raddleysi og vanlíðan og í mars 2017 sendi M póst á fyrirtækið Vinnuvernd varðandi rakastig í húsnæðinu og í kjölfarið fer M að vinna heima og koma sjaldnar á vinnustaðinn. Hún lýsir því einnig að í hvert skipti sem hún hafi þurft að koma á vinnustaðinn hafi hún fengið einkenni en í júní 2017 hafi starfsemi X verið flutt í Turninn á Smáratorgi og þannig úr húsnæðinu að Bæjarhálsi 1. Í nóvember/desember 2017 lýsir M því þannig að einkenni hennar hafi aukist til muna eftir að pappakassi með jólaskrauti úr fyrra húsnæði kom inn á nýjan vinnustað. M lýsir síðan læknismeðferðum á árinu 2018 og 2019 sem og samskiptum við yfirmenn sína hjá X um rétt til greiðslu veikindalauna, en af gögnum málsins má ráða að veikindaréttur hennar hafi verið fullnýttur hinn 30. apríl 2018. Hinn 5. febrúar 2019 ritað læknir M undir skjal sem nefnist „skýrsla læknis um meintan atvinnusjúkdóm“ og má af skjalinu ráða að það hafi verið sent til Vinnueftirlitsins. Í málinu eru auk þessara gagna þó nokkur læknisvottorð um einkenni M sem og skýrsla talmeinafræðings. Einnig liggur fyrir tilkynning um tjón M til Sjúkratrygginga Íslands dags. 24. september 2020, þar sem X gerir fyrirvara um að orsakatengsl séu milli mygluskemmda á starfstöð og veikinda M.

M byggir kröfur sína á því að hún sé með atvinnusjúkdóm sem rekja megi til myglu- og rakaskemmda í starfsaðstöðu hennar hjá X frá árinu 2016. M vísar til þess að fleiri starfsmenn í húsnæðinu hafi veikst og einkenni hennar hafi verið mikil á þeim tíma sem framkvæmdir áttu sér stað vegna myglu- og rakaskemmda í starfsaðstöðu X að Bæjarhálsi 1. M vísar til þess að starfsaðstaða hennar og annarra starfsmanna hafi oft verið rædd við yfirmenn X og óskum starfsmanna um að sinna starfsskyldum sínum utan starfsstöðvar hafi verið hafnað. M telur að hagsmunir starfsmanna hafi verið að engu hafðir og stjórn X hafi gert lítið úr alvarleika málsins m eð því að flytja ekki starfsemi fyrirtækisins fyrr en í júní 2017 og vísar til þess að í minnisblaði til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

frá 22. ágúst 2017 hafi verið staðfest að rakaskemmt efni hafi verið farið að hafa neikvæð áhrif á heilsu starfsmanna sem unnu í umræddu húsnæði. M bendir einnig á að þó hún hafi ekki greinst með ofnæmi fyrir myglu þá séu til fjölmargar rannsóknir sem sýni fram á að tengsl raka og myglu á heilsufar fólks sé fyrir hendi og lítið brot þeirra sem veikist séu með greint ofnæmi. Einnig vísar M til þess að læknisfræðileg gögn sem hún hafi lagt fram gefi skýrlega til kynna að einkenni þau sem hún glími við í dag sé hægt að rekja til veru hennar í starfsaðstöðu X og hafi það sýnt sig með því að einkenni jukust í hvert skipti sem hún var í starfsaðstöðu X. Einnig vísar M til þess að heilsufar hennar hafi verið gott fyrir og ekkert í hennar fyrri heilsufarssögu tengist veikindum hennar í dags. M leggur áherslu á að yfirmenn X hafi vitað af því að starfaðstaða starfsmanna hafi verið í heilsuspillandi húsnæði og ekki brugðist við því í tíma.

V hafnar því að sýnt sé fram á að um atvinnusjúkdóm sé að ræða og að einkenni M séu afleiðing myglu og rakaskemmda í starfsaðstöðu hennar hjá X. V bendir á að skv. læknisvottorði hafi M ekki greinst með ofnæmi fyrir myglu og ekki hafi fundist skýringum á veikindum hennar þrátt fyrir miklar rannsóknir. Því er einnig hafnað að forsvarsmenn X hafi brugðist ranglega við veikindum M sem hafi fengið að vinna heima frá því í mars 2017 og starfsemi X hafi síðan verið flutt í annað húsnæði í júní 2017. V telur því að tjón M sé ekki hægt að rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á.

Álit.

Í gögnum málsins er líkamlegum einkennum M lýst með ítarlegum hætti, bæði af henni sjálfri í sérstakri skýrslu sem og í læknisfræðilegum gögnum. Í þeim gögnum kemur bæði fram að M sé að kljást við „Laryngitis“ sem meðferðarlæknir hennar telur að sé hægt að rekja til viðveru hennar í starfsaðstöðu hjá X. Einnig kemur fram í læknisfræðilegum gögnum að M hafi ekki greinst með ofnæmi fyrir myglu. Í málskoti er lögð áhersla á að M hafi greinst með atvinnusjúkdóm. Til þess að greiðsluskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V verður ekki séð af vátryggingarskilmálum að skilgreina þurfi líkamstjón M sem atvinnusjúkdóm, t.d. eins og þegar um bótarétt skv. lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga er að ræða. Mun nefndin því ekki fjalla frekar um það hugtak.

Til þess að greiðsluskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X þarf hins vegar að liggja fyrir að um skaðabótabyrgð X sé að ræða vegna líkamstjóns M. Til þess að slík ábyrgð stofnist þarf tjónþoli (M) skv. almennum sönnunarreglum að sýna fram á það með sönnunargögnum að skilyrði skaðabótaréttar vegna skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli liggur fyrir lýsing frá M sjálfri um ástand hennar á árunum 2016 til 2019 og lýsing hennar á aðstæðum og eftir atvikum samskiptum við yfirmenn hjá X. Þeim lýsingum M fylgja takmörkuð gögn til sönnunar á því hvernig samskipti hennar voru við yfirmenn hjá X eða hvaða upplýsingar þeir höfðu um ástand húsnæðisins að Bæjarhálsi 1 áður en starfsemi X var flutt þaðan í júní 2017, annað en hennar eigin frásögn. Í minnisblaði til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 22. ágúst 2017 er ekki fjallað sérstaklega um upplýsingagjöf til X eða ákvarðanir þess fyrirtækis. Í málinu liggja ekki heldur fyrir gögn frá öðrum sem staðfesta með einhverjum hætti það sem M heldur fram. Þegar gögn af þessu tagi vantar í mál þar sem því er haldið fram að einhver hafi vanrækt skyldur sínar verður sönnunarstaða þess sem gerir skaðabótakröfu á þeim grundvelli erfið. Eins og málið liggur fyrir nefndinni telur hún að ekki liggi fyrir nægilega skýr sönnunargögn um að samstarfsmenn eða eigendur X hafi brugðist þannig við upplýsingum um rakaskemmdir í leiguhúsnæði sínu að saknæmt teljist. Samkvæmt áðurnefndum meginreglum um sönnun í íslenskum rétti verður M að bera hallann af þessum sönnunarskorti. Ekki verður því talið sannað, m.v. þau gögn sem lögð hafa verið fyrir nefndina að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M og er greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu DKX hjá V.

Reykjavík, 8. desember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 339/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar M hjá V.

Ágreiningur vegna bótagreiðslu úr ábyrgðartryggingu M.

Gögn.
Málskot dags. 7. október 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 20. september 2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 23. október 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að X hafi séð um byggingarframkvæmdir í tilgreindri fasteign. X hafi ráðið þrjá verktaka, M, Y og Z, til að annast tiltekna þætti framkvæmdanna. Starfsmaður X hafi jafnframt verið verkstjóri á staðnum og gefið M, Y og Z fyrirmæli. Nánar tiltekið hafi atvik verið þau að Y hafi verið fenginn til að merkja fyrir gati sem gera átti vegna loftunar yfir lyftustokki og Z hafi verið fenginn til að festa tréplötu undir steyptu þakplötuna sem bora átti í gegnum, til að varna því að kjarninn sem boraður yrði úr plötunni félli niður lyftuopið. Hafi Z borað 16 mm gat í gegnum steypuna svo staðsetningin væri sýnileg og fest tréplötuna svo þar undir. Þá hafi, hinn 17. ágúst 2020, M verið fenginn til að kjarnabora sjálft gatið þar sem merkt hafi verið fyrir því. Þegar borun var lokið hafi komið í ljós að Z hafi ekki sett tréplötuna á réttan stað og því fór svo að steypustykkið sem borað var úr plötunni og var um 32 kíló að þyngd féll um 20 metra niður lyftustokkinn og á lyftubúrið sem staðsett var á 1. hæð og olli tjóni á lyftunni.

Vegna þessa gerði X kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu M hjá V og féllst V á þá kröfu. M mótmælir þeirri afgreiðslu og krefst þess fyrir nefndinni að staðfest verði að M beri enga ábyrgð á umræddu tjóni. Það sé X sem hafi borið ábyrgð á framkvæmdunum, og X sem hafi tekið ákvörðun um að skipta umræddu verki á framangreindan hátt milli þriggja undirverktaka. X hafi tjáð M að búið væri að merkja fyrir gatinu og festa plötu undir og hafi M því verið fullvissaður um að fullnægjandi öryggisráðstafanir hefðu verið gerðar. M geti ekki borið ábyrgð á því hafi annar undirverktaki, sem starfaði undir leiðsögn X, hafi ekki staðið réttilega að framkvæmd þess verkþáttar sem honum var falinn, enda hafi M aðeins verið ráðinn til að vinna að afmörkuðu verkefni og hver undirverktaki beri ábyrgð á sínum verkþætti. M hafi að öllu leyti unnið sinn verkþátt óaðfinnanlega og í samræmi við leiðsögn X.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji að rekja megi tjónið til saknæmrar háttsemi M. Þannig hefði M átt að ganga úr skugga um að ekki skapaðist hætta af steypustykkinu áður en það var borað úr þakplötunni. Auðvelt hefði verið fyrir M að gera ráðstafanir til varnar tjóni og tryggja að þær varnir sem hefði átt að vera búið að setja upp væru til staðar og réttilega settar upp. Með því að vanrækja þá skyldu hefði M sýnt af sér gáleysi. Þar af leiðandi væri tjónið bótaskylt úr ábyrgðartryggingu M hjá V og hefði verið fallist á kröfu X um greiðslu bóta úr vátryggingunni. Þar sem M hafi ekki gengist við ábyrgð hafi aðilar verið upplýstir um að eigin áhætta verði dregin frá bótafjárhæðinni, í samræmi við 11. gr. almennra skilmála V og því verði M ekki krafinn um eigin áhættu. Því telur V að M hafi í raun ekki hagsmuni af því að nefndin úrskurði um bótaskyldu í málinu og eigi í raun að vísa því frá með vísan til 3. gr. samþykkta nefndarinnar þar sem ágreiningurinn falli ekki undir starfssvið og störf hennar.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M þá afstöðu sína að umrætt tjón sé á ábyrgð X, þar sem verkstjórn og ákvörðun um framkvæmd verksins hafi verið á hendi þess. Þá sé um fordæmismál að ræða þar sem staðfesting niðurstöðu V hefði í för með sér að M væri gert að bera ábyrgð á verkum annarra sem M hafi ekkert haft með að gera.

Álit:
Í 44. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga er kveðið á um stöðu tjónþola við ábyrgðartryggingu. Þar segir m.a. í 1. mgr. að tjónþoli geti krafist bóta beint frá félaginu. Þá segir í 2. mgr. að í slíkum tilvikum skuli tilkynna vátryggðum um kröfuna án ástæðulauss dráttar og liggur ekki annað fyrir en að svo hafi verið gert. Í sömu málsgrein segir einnig að viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð sé ekki bindandi fyrir vátryggðan. Verður því að líta svo á að V hafi forræði á máli þegar gerð er krafa um bætur úr ábyrgðartryggingu. Þá segir m.a. í 11. gr. almennra skilmála V, sem m.a. eiga við um skilmála vátryggingar þeirrar sem M var með í gildi hjá V á tjónsdegi, að félagið hafi val um hvort það greiði alla bótafjárhæðina að meðtalinni eigin áhættu til tjónþola. Samkvæmt frásögn V fyrir nefndinni var eigin áhætta í þessu tilviki dregin frá bótafjárhæð þeirri sem greidd var til X og verður hún ekki innheimt hjá M. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki séð að réttarstaða M markist af ágreiningi um bótaskyldu úr vátryggingu og verður ekki talið að krafa hans verði, í það minnsta að svo stöddu, metin til fjár. Er máli þessu því, samkvæmt b-lið 4. gr. um að nefndin fjalli ekki um kröfu málskotsaðila sem ekki verður metin til fjár, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005, vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.
Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 20. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 340/2020

M og
V vegna greiðslukortatryggingar
Ágreiningur um bótaskyldu úr forfallalið ferðatryggingar.

Gögn.
Málskot, móttekið 8. október 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 26. október 2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. október 2020.

Málsatvik.
Samkvæmt upplýsingum í málskoti hefur M krafið V um greiðslu bóta úr forfallalið greiðslukortatryggingar sinnar vegna ferðar til Suður-Afríku sem átti að vera frá 7. til 25. apríl 2020. M vísar til þess að V hafi viljað bíða með greiðslu þar til flugfélag endurgreiddi opinber gjöld en síðan vísað til þess að eitt flug af sex hafi verið fellt niður. M framvísar með málskoti læknisvottorði dags. 3. apríl 2020 þar sem kemur fram að hann „..mun ekki geta nýtt þessa bókun vegna skyndilegra veikinda." Af málskotinu verður ekki annað ráðið en að M geri kröfu um að viðurkennd sé bótaskylda úr forfallatryggingu hans.

V bendir á það í bréfi sínu frá 26. október sl. að félagið hafi ekki hafnað bótaskyldu í málinu heldur hafi gögn frá M ekki skilað sér þannig að hægt sé að taka afstöðu til hennar. V telur að krafa M byggist á því að fá kostnað sinn og sona sinna vegna ferðar frá Íslandi til Suður-Afríku og aftur tilbaka greiddan. V vísar til þess að M hafi tilkynnt um tjón 18. mars sl. vegna fyrirhugaðrar ferðar 17. apríl sama ár á þeim grundvelli að þeir muni ekki komast inn í landið. Samskipti V og M hafi síðan verið áframhaldandi um að V óskaði eftir upplýsingum um réttindi M hjá flugfélagi. V vísar til gr. 7.2 í vátryggingarskilmálum þar sem kemur m.a. fram að félagið bæti ekki kostnað sem flugfélagi ber að greiða og M hafi ekki framvísað upplýsingum um það.

Álit.
Í viðkomandi vátryggingarskilmálum er fjallað um forföll, þ.e. bætur vegna ferðakostnaðar, allt að 350.000 kr., sem greiddur er fyrirfram eða samið um fyrirframgreiðslu á vegna ferðar sem hinn vátryggði kemst ekki í og ekki fæst endurgreiddur ef nánar tilgreindar ástæður eiga við.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að það liggi fyrir með skýrum hætti hvaða rétt M á til endurgreiðslu hjá þeim flugfélögum sem hann hugðist ferðast í ferð sinni 17. -25. apríl sl.

Í e. lið 4. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda, kemur eftirfarandi fram um mál sem nefndin fjallar ekki um: „..mál, sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Slík frávísun skal rökstudd. Mál sem vísað er frá á þessari forsendu skal, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, taka aftur til meðferðar hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð."

Í þessu máli M verður ekki séð að nægar upplýsingar liggi fyrir af hans hálfu til að hægt sé að taka afstöðu til bótaskyldu í málinu. Ekki er ljóst hvort flugferðir voru felldar niður eða hvort M hafi sjálfu afbókað þær. Ekki liggur heldur fyrir með hvaða hætti M hefur látið reyna á lögbundinn rétt sinn gagnvart flugfélögum eða ferðaskipuleggjendum. Á meðan þær upplýsingar eru eins og óljósar og hér er þá verður að líta svo á að málið sé það óljóst og illa upplýst að það sé ekki tækt til úrskurðar. Málinu er því vísað frá með vísan til e. liðar 4. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Niðurstaða.
Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 17. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 341/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.

Ágreiningur um bótaskyldu er kona slasaðist í rólu á leikvelli.

Gögn.
Málskot, móttekið 8.10.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 20.10.2020.

Málsatvik.
Hinn 21. maí 2019 var M, þá 40 ára gömul, að leika sér í rólu á leiksvæði við grunnskólann í A. Eiginmaður hennar mun hafa ýtt rólunni. Samkvæmt fyrirliggjandi ljósmyndum myndaði rólan nokkurs konar hringlaga körfu sem M sat í. Þegar hún ætlaði að stíga niður fæti festist vinstri fótur hennar í gúmmímottu undir rólunni með þeim afleiðingum að hún fótbrotnaði. Eftir slysið mun rólan hafa verið hækkuð.

M kveður aðstæður við róluna ekki hafa verið fullnægjandi þegar slysið varð, sérstaklega með tilliti til hæðar rólunnar sem hafi verið hækkuð eftir slysið. M kveður A bera ábyrgð á líkamstjóni sínu og hefur til stuðnings kröfu sinni vísað til 1., 5. og 10. gr. reglugerðar nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 942/2002 skal hönnun, framleiðsla, frágangur og viðhald leikvallatækis og fallflatar þess vera þannig að minnsta mögulega hætta sé á að börn verði fyrir slysi af leik í tækinu þegar það er notað eins og til er ætlast eða eins og búast má við að það sé notað. Jafnvel þótt rólan sem M var í þegar hún slasaðist hafi verið hækkuð eftir slysið eru í málinu engin haldbær gögn sem sýna fram á að rólan hafi verið vanbúin þegar slysið varð, þ. á m. varðandi hæð, né heldur að gúmmímottu undir rólunni hafi á einhvern hátt verið áfátt. Verður að telja ósannað að slysið verði rakið til atvika sem A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 10. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 342/2020

M og
V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar.

Slysahugtak vátryggingarskilmála og vinna við juðara í apríl 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 11. októer 2020 ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V dags. 26. október 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M var við viðhaldsvinnu á trévegg við pall heima hjá sér í apríl sl. Þar var hann að nota svokallaðan juðara við að pússa vegginn. Í kjölfarið greindist M með carpal tunnel syndrome sem hafði áhrif á vinnugetu M og í gögnum málsins er fjallað um aðgerð sem M gekkst undir vegna þessa í september sl.

M telur að skýr orsakatengsl séu milli vinnu hans með juðara og þess að hann hafi greinst með carpal tunnel syndrome. M kveðst hafa verið einkennalaus áður og samtal við þann skurðlækni sem framkvæmdi aðgerð á M í september sl. staðfesti að notkun á kröftugum verkfærum, eins og juðara, geti valdið carpal tunnel syndrome. Einnig vísar M til fræðigreina sem gera grein fyrir rannsóknum um nokkuð skýr tengsl milli titringsáverka og carpal tunnle syndrome. M telur því að ákvæði vátryggingarskilmála um slys séu uppfyllt.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar M og vísar til þess að líkamtjón M falli ekki undir gildissvið vátryggingarskilmála sem segi að vegna meiðsla á útlimum sé með orðinu slys sé átt við skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. V telur ekki sýnt fram á að sjúkdóm M megi rekja til skyndilegs atviks eða atburðar. Eingöngu liggi fyrir aðgerðarlýsing frá 25. september sl. sem sýni að M hafi gengist undir aðgerð um 6 mánuðum eftir vinnu með juðara og hvergi í gögnum málsins komi fram að eitthvað skyndilegt hafi átt sér stað við þá vinnu sem valdið hafi meiðslum á líkama M. V bendir auk þess á að M hafi greinst með sjúkdóm sem allt eins hafi geta myndast á löngum tíma.

Álit:
Í málinu liggur fyrir sú lýsing M á atvikum að hann hafi verið að vinna með juðara við viðhaldsvinnu heima hjá sér á tveggja daga tímabili í apríl sl. og í kjölfarið hafi hann fundið fyrir einkennum í vinstri hendi, greinst með carpal tunnel syndrome og farið í aðgerð vegna þessa í lok september sl. Í lýsingum M kemur ekki annað fram að en hann telji þann titring sem verður við slíka vinnu vera orsök þess að ofangreindur sjúkdómur greindist og vísar til fræðigreina um að ein af orsökum sjúkdómsins geti verið slík vinna.

Þegar litið er til gildissviðs vátryggingarsamnings M við V verður hins vegar fyrst að liggja fyrir að gildissvið samningsins nái yfir það atvik sem mögulega leiðir til líkamstjóns, þ.e. áður en fjallað er um orsakatengsl þess atviks og líkamsmeiðsla sem af því kunna að vera. Til þess að um sé að ræða bótaskyld atvik úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar þarf að sýna fram á að tiltekinn skyndilegur atburður hafi átt sér stað við þá vinnu og að hann hafi leitt til líkamsmeiðslanna, en ekki dugar til við skýringu á orðalagi vátryggingarsamnings um skyndilegan atburð að vísa til viðvarandi titrings í lengri tíma. Sönnunarbyrði hvílir á M að sýna fram á að líkamsmeiðsli hans hafi komið til vegna skyndilegs atburðar og ber hann hallann af því að slíkar upplýsingar koma ekki fram í gögnum málsins.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 24. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 343/2020

M og
V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur hvort atvik við tjónsatburð séu undanskilin bótaskyldu.

Gögn.
Málskot móttekið 07.10.2020 ásamt fylgiskjölum 1-5.
Bréf V dags. 27.10. 2020 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 21. ágúst 2020, ekið A, sem er bifreið í hans eigu, út af vegi og niður í fjöru. Er hann hafi reynt að koma bifreiðinni aftur upp á veg hafi hún fest á steini. Hafi M óskað aðstoðar, en björgunarsveit sem komið hafi á staðinn hafi lokið við að ná A upp úr fjörunni klukkan 14:25. Á hádegisflóði skömmu eftir að A festist hafi sjór flætt inn í A með þeim afleiðingum að skemmdir urðu á rafkerfi bifreiðarinnar. Með bréfi dags. 24. ágúst 2020, hafi V hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að vátryggingin bæti ekki tjón af völdum sjóbleytu. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og byggir á því að um sé að ræða tjón vegna útafaksturs og þegar af þeirri ástæðu sé tjónið bótaskylt. Sjóbleytan sé einfaldlega afleiðing útafaksturs sem sé bótaskyldur atburður. Ekki hafi verið um það að ræða að A hafi verið ekið um óbrúaða á eða læk eða aðrar vegleysur, heldur hafi M einfaldlega misst bifreiðina út af veginum. Þá sé það augljóst af samhengi skilmálaákvæðis 4.5 um að vátryggingin taki ekki til tjóns vegna vatnsflóðs sé um sjávarflóð að ræða að þar sé átt við flóð eða flóðbylgjur sem séu óvæntir atburðir, en ekki sjávarföll. Logn hafi verið á vettvangi og sjávarföll ekki umfram það sem eðlilegt mætti teljast. Telur M því að um bótaskyldan atburð sé að ræða, þ.e. útafakstur en skemmdir af völdum sjóbleytu séu einfaldlega afleiðing hans.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að af frásögn M að dæma hafi ekkert tjón orðið við útafaksturinn, heldur hafi tjónið orðið við það að meðan bifreiðin sat föst á steini og beðið var aðstoðar hafi flætt að og sjór náð inn á gólf bifreiðarinnar og það hafi valdið tjóni á rafkerfi hennar. Kaskótrygging taki til fjölmargra atvika en ekki sé um aláhættutryggingu að ræða, og sé bótasvið vátryggingarinnar skýrlega afmarkað í 4. gr. skilmála hennar. Þar sé einnig að finna upptalningu tilvika sem sérstaklega séu undanskilin frá bótasviði vátryggingarinnar og í gr. 4.26 segi skýrlega að vátryggingin bæti ekki tjón af völdum sjóbleytu. Jafnvel þó atvik falli undir einhvern af bótaliðum bótasviðs 4. gr. sé tjón af völdum sjóbleytu því undir engum kringumstæðum bætt. Útafakstur sem slíkur falli undir bótasvið vátryggingarinnar en skemmdirnar, sem eingöngu hafi komið til vegna sjóbleytu séu undanskildar. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Ekki er ágreiningur um atvik sem slík og verður því á því byggt að tjón á rafkerfi A sé að rekja til sjávarbleytu. Er fallist á það með M að tjón á A sé að rekja til útafaksturs. Í 4. gr. umræddra vátryggingarskilmála er að finna nánari skilgreiningar á bótasviði vátryggingarinnar og segir þar í gr. 4.4 að vátryggingin bæti tjón á vátryggðu ökutæki vegna útafaksturs. Verður því að telja að atvik sem slík falli undir bótasvið vátryggingarinnar. Í skilmálaákvæðum 4.18-4.26 er þó að finna upptalningu atriða sem eru undanskilin bótasviði vátryggingarinnar, og er fallist á það með V að þar sé um að ræða atriði sem ekki fást bætur vegna jafnvel þó tjónsatburður sem slíkur falli undir bótasvið vátryggingarinnar. Kemur fram í gr. 4.26 að vátryggingin bæti ekki tjón af völdum sjóbleytu. Verður ekki séð að það sé skilyrði fyrir beitingu þess ákvæðis að um óvænt flóð eða önnur slík atvik sé að ræða, heldur sé nægilegt að um skemmdir af völdum sjávar sé að ræða, og skiptir þá ekki máli með hvaða hætti tjón kemur til. Verður því að líta svo á að tjón á A sé ekki bótaskylt samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar og verður kröfu M því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 17. nóvember 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 344/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss sem M varð fyrir hinn 21.08.2019.

Gögn.
1. Málskot dags. 13.10.2020 ásamt fylgiskjölum 1-15.
2. Bréf V dags. 23.10.2020 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 21. ágúst 2019 hafi M, er hann var að störfum hjá A, orðið fyrir slysi. Atvik hafi verið þau að M hafi ekið dráttartæki með gámagrind á athafnasvæði A, og hafi verið að flytja fullan vörugám frá gámastæðu og í átt að lyftara sem hafi átt að afhlaða gáminn af grindinni. Hafi M verið hálfnaður inn akstíg milli gámastæða þegar hann hafi lent í hörðum árekstri og slasast við það. Samstarfsmaður M, ökumaður lyftarans, hafi orðið vitni að slysinu en M hafi talið sig hæfan til starfa í kjölfar slyssins og hafi verið við vinnu næstu daga á eftir. Atvikið hafi verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins 16. september 2019, eða tæpum mánuði eftir slysdag. Við nánari skoðun M hafi komið í ljós að orsök slyssins hafi verið sú að einn gámanna stóð langt út fyrir gámastæðuna, og hafi grindin krækst í hann þegar M ók milli gámastæða. Hafi M fengið þær upplýsingar frá A að ótilgreindur starfsmaður félagsins hafi ekki gengið á fullnægjandi hátt frá umræddum gámi og þar með brotið gegn reglum og leiðbeiningum fyrirtækisins. Það hafi verið orsök slyssins og því eigi M rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V, en einkenni hans hafi ágerst í kjölfar slyssins og glími hann enn við afleiðingar þess. M rökstyður kröfu sína með því að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar og falið í sér slysahættu og beri A ábyrgð á því að umferðarleiðir á vinnusvæðinu séu þannig að hægt sé að fara um þær án vandkvæða. Enn fremur beri A ábyrgð á því að til staðar sé áhættumat og skriflegar leiðbeiningar eftir því sem eigi við. Hefði áhættumat verið til staðar hefði það leitt í ljós hættueiginleika þessa frágangs á gámnum og gefið tilefni fyrir A til að bregðast við með því að færa gáminn eða vara við hættunni af völdum hans. Ekkert liggi fyrir um að vanrækslu M verði kennt um slysið, M hafi verið í öryggisbelti og ekki ekið ógætilega nálægt stæðunni. A beri þá hallann af sönnunarskorti sem leiði af því að slysið hafi ekki verið réttilega tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Þá er framlagningu A á ljósmyndum er sýna eigi aðstæður á slysstað sérstaklega mótmælt, þær séu ekki samtímamyndir enda hafi engin rannsókn eða myndataka átt sér stað í kjölfar atviksins. M gerir sérstakar athugasemdir við það að ekki hafi verið tekin skýrsla af ökumanni lyftarans sem hafi verið vitni að atvikinu. Þá hafi M aðeins starfað í sex vikur hjá A er hann varð fyrir umræddu slysi og hafi ekki fengið fullnægjandi leiðbeiningar um verkið. Máli sínu til stuðnings vísar M til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum svo og reglugerða settra með stoð í þeim. V hafnaði kröfu M með bréfi dags. 7. febrúar 2020.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V bótaskyldu á grundvelli þess að ósannað sé að slys M sé að rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna A, ófullnægjandi leiðbeininga, vinnuaðstöðu eða annars sem A beri ábyrgð á. Tekur V fram að eftirgrennslan A hafi ekki leitt í ljós að sjónarvottar hafi orðið að umræddu atviki. Umræddur gámur hafi þá staðið á sama stað í 17 mánuði þegar slysið varð og ekki verið fluttur eftir slysið en hann hafi verið hluti af þriggja hæða gámastæðu á gámaplani. Slysið megi rekja til gáleysis M sjálfs sem hafi ekið of nærri gámastæðunni, en samkvæmt mælingum A hljóti M að hafa ekið gámagrindinni í aðeins 5-10 sentimetra fjarlægð frá gámastæðunni, á akbraut sem sé um 14 metrar að breidd. Gámar í gámastæðu séu almennt ekki í nákvæmlega beinni röð en línur sem málaðar séu á planið séu aðeins til viðmiðunar við staðsetningu gáma. Tækjastjórum sé uppálagt að aka ekki of nálægt gámastæðum og hafi M fengið þjálfun þar að lútandi. Hann hafi ekki gætt þessa umrætt sinn þrátt fyrir að mega hafa verið ljóst hve nærri gámastæðunni hann ók. Þá telur V að atvik liggi nokkuð ljós fyrir, enda hafi umræddur gámur ekki verið fluttur frá slysdegi og þar til ljósmyndir er V leggur fram og sýni aðstæður á slysdegi hafi verið teknar. Þær ljósmyndir hafi því fullt sönnunargildi í málinu auk þess sem ekki eigi að víkja frá almennum sönnunarreglum þó slysið hafi

ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu samdægurs, enda hafi M á þeim tíma talið sig ómeiddan. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna af hálfu A eða starfsmanna þess eða annarra atvika sem A beri ábyrgð á, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu fyrirtækisins en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að skylda A til tilkynningar til Vinnueftirlitsins hafi stofnast fyrr en við óvinnufærni M, sem virðist hafa komið til hinn 28. ágúst 2019, og svo virðist sem M hafi fyrst leitað læknis vegna afleiðinga atviksins hinn 19. september 2019. Verður það því ekki metið A til sakar að hafa ekki tilkynnt samdægurs um atvikið og verður hallinn af sönnunarskorti af þeim sökum ekki lagður á A. Í málskoti byggir M á því að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar, enda beri A að gæta þess að akstursleiðir um athafnasvæðið séu öruggar, en svo hafi ekki verið í þessu tilviki þar eð einn gámanna hafi staðið langt út fyrir gámastæðuna. Í bréfi V kemur hins vegar fram að breidd akbrautarinnar hafi verið tæpir 14 metrar og gámurinn hafi staðið á þessum stað í 17 mánuði. Þeim staðhæfingum hefur M ekki mótmælt sérstaklega, né lagt fram upplýsingar eða gögn er gefi til kynna hve langt umræddur gámur hafi skagað út frá stæðunni. Þá verður að fallast á þann málatilbúnað V að eðlilegt sé að gámar sem þessi standi ekki í algerlega beinni röð og að einhver frávik séu eðlileg. Verður því ekki talið sýnt fram á annað en að rými til athafna hafi verið nægilegt og að árekstur M við gáminn megi rekja til óhapps og/eða aðgæsluleysis hans sjálfs þar eð hann hafi ekki gætt nægilega að aðstæðum og ekið of nærri gámastæðunni. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að gerð áhættumats hefði breytt einhverju í því tilliti og að mögulegur skortur á því hafi verið meðverkandi orsakaþáttur, né að þörf hafi verið á sérstakri þjálfun, umfram þá sem M hafi fengið, við akstur milli gámastæðna. Í ljósi alls framangreinds verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna umrædds slyss og er bótaskyldu því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 24. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 345/2020

M og
V v/ húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns íbúðarhúsnæði.

Gögn.
Málskot, móttekið 13.10.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 26.10.2020.

Málsatvik.
M hefur í gildi húseigendatryggingu hjá V vegna íbúðarhúsnæðis síns (A). Í ágúst 2020 tilkynnti M um tjón á húseigninni til V af völdum vatnsleka. Hinn 23. sama mánaðar kom skoðunarmaður á vegum V á staðinn. Samkvæmt skýrslu hans, dags. 29. sama mánaðar, hafi verið um að ræða leka úr lofti í bílskúr og frammi á gangi og niður á neðstu hæð þar sem vatn hafi legið á parketi. Í baðherbergi inn af hjónaherbergi á efstu hæð hafi í holrúmi milli baðkars og veggjar sést mikil bleyta á gólfinu og þar hafi runnið vatn niður með barka fyrir handsturtu. Við skoðun hafi handsturtan ekki verið nógu fast skrúfuð við tengistykki á haus. Við að snúa stýringu á blöndunartækjum hafi hætt að leka. Flísar á gólfinu í holrúminu hafi verið brotnar og engin fúga á milli þeirra þannig að vatn hafi átt greiða leið niður á meðan á lekanum stóð. Eigandi eignarinnar hafi tjáð skoðunarmanni að það hafi verið farið í bað kvöldið áður og hafi þetta ástand varað í um 12-14 klukkustundir. Í skýrslu skoðunarmannsins kom enn fremur fram að „nóg er að snúa stilli á blöndunartækjum aðeins of langt þegar lokað er fyrir áfyllingu í baðkarið sjálft til að það byrji að leka."

Á Þorláksmessu 2109 mun einnig hafa orðið vart leka og raka í A sem tilkynnt var um til V sem sendi skoðunarmann á vettvang til að skoða aðstæður. Ekkert frekar var aðhafst vegna þessa atviks og mun V hafa litið svo á að ekki hafi verið um bótaskylt tjónsatvik að ræða.

M hefur krafist bóta úr húseigendatryggingu sinni hjá V vegna þess leka sem varð á A af völdum lekans í ágúst 2020. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt vátryggingarskilmálum þeirrar vátryggingar sem hér á í hlut er bótasvið vátryggingarinnar tilgreint í 9. gr. Í gr. 9.1 er fjallað um tjón sem fæst bætt og hlýst af völdum vatns, gufu og olíu. Í ljósi þess tjóns sem varð í A og mál þetta snýst um koma til álita varðandi mögulega bótaskyldu ákvæði í greinum 9.1.1 og 9.1.4. M hefur sönnunarbyrði um það að bótaskilyrðum sé fullnægt í öðru hvoru tilvikinu þannig að réttur til bóta geti stofnast úr vátryggingunni.

Samkvæmt gr. 9.1.1 bætir vátryggingin tjón af völdum vatns, gufu og olíu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess. Vátryggingin greiðir kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Bætur fyrir uppbrot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka greiðast ekki. Samkvæmt gr. 9.1.4 í skilmálunum bætist tjón af völdum vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða óvæntra og skyndilegra bilana á tækjunum.

Ráða má að barkinn fyrir handsturtuna hafi legið ofan í holrúminu milli baðkars og veggjar en verið unnt að draga hann upp úr holrúminu við notkun. Tengistykki á haus handsturtunnar þar sem lekinn virðist hafa átt upptök sín liggi hins vegar á þar til gerðri undirstöðu ofan á baðkarinu að notkun lokinni. Hefur því ekki verið um að ræða tjón af völdum vatns sem óvænt og skyndilega hafi streymt úr leiðslum hússins og átt upptök sín innan veggja þess eins og áskilið er svo réttur til bóta geti stofnast samkvæmt gr. 9.1.1 í skilmálum vátryggingarinnar.

Svo um bótaskyldu geti verið að ræða samkvæmt gr. 9.1.4 verður vatn að flæða úr hreinlætistæki vegna mistaka eða óvæntrar og skyndilegrar bilunar.

Í því felst samkvæmt almennum málskilningi að vatn þurfi að streyma úr hreinlætistæki í nokkrum mæli, svo sem þegar gleymst hefur að skrúfa fyrir vatn sem rennur í baðvask eða baðkar með þeim afleiðingum að vatn flæðir niður á gólf. Samkvæmt gögnum málsins verður ekki ráðið að í umrætt

sinn hafi vatn lekið úr handsturtunni í þeim mæli að það teljist hafa verið að flæða úr hreinlætistæki. Þá verður heldur ekki séð samkvæmt gögnum málsins að tjónið megi rekja til mistaka eða óvæntrar og skyndilegrar bilunar. Að þessu virtu telst tjón M því heldur ekki falla undir ákvæði greinar 9.1.1 í vátryggingarskilmálunum. M á því ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingarlið húseigendatryggingar hjá V.

Reykjavík, xx. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 346/2020

M og
V v/ húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns.

Gögn.
Málskot, móttekið 14.10.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 5.11.2020 ásamt fylgiskjölum 1-2.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 16.11.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að í byrjun maí 2020 hafi komið upp grunur um leka í fasteign M í Reykjavík, en þá varð vart við rakaummerki við rennihurð að baðherbergi. Tjónið hafi verið tilkynnt til V sem hafi sent mann á staðinn til að meta orsök og afleiðingar lekans. Til að finna lekann hafi verið talin nauðsyn á að rjúfa veggi og var annar verktaki á vegum V fenginn til þess verks. Þá hafi komið í ljós veruleg mygla í gifsplötum og hafi V þá fengið lykla að fasteigninni til að ganga frá vatnshreinsun en íbúðin hafi verið rýmd. Eftir það hafi lítið gerst þar til M hafi fengið tölvupóst frá V, hinn 18. maí 2020, þess efnis að bótaskyldu væri hafnað þar sem lekinn stafaði frá frágangi á fúgukítti. M gerir í fyrsta lagi athugasemdir við að hafa ekki verið gefinn kostur á að vera viðstaddur þessa úttekt V á orsökum lekans. Þá er M ósammála niðurstöðum hennar og telur bótaskyldu vera fyrir hendi. Þannig hafi hann látið rífa flísar, gifsplötur, og krossviðarplötur úr baðherbergi, og svört mygla og greinileg lekamerki séu á krossviðarplötu umhverfis kaldavatnsstút blöndunartækjanna. Orsök lekans að mati M sé því sú að tenging inn á blöndunartæki hafi gefið sig og orsakað leka sem hafi leitt undir baðkarið. Sá fúguleki sem V vísi til hafi að líkindum fyrst komið til eftir upphaflega skoðun á aðstæðum, en þá hafi aðili á vegum V rist í fúguna með dúkahníf. Krossviðarplatan á þeim stað sé hins vegar þurr og án rakamerkja, og því ljóst að langvarandi leki geti ekki stafað þaðan. M telur því tjón sitt stafa af skyndilegum, óvæntum og ófyrirsjáanlegum leka og sé bótaskylda því fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að verktaki á vegum V hafi framkvæmt skoðun á aðstæðum, og hafi veggur og flísalögð framhlið á baðkari verið opnuð. Samkvæmt skýrslu verktakans hafi verið greinilegt að um langvarandi leka væri að ræða, enda hafi gólfefni fyrir framan baðherbergi og í eldhúsi verið komið á hreyfingu. Engin ummerki um lagnaleka hafi fundist en hins vegar hafi frágangi við blöndunartæki og sturtugler verið ábótavant og þegar sturtan var prófuð hafi komi í ljós raki í gifsvegg, en þéttilisti nái ekki niður á baðkarið og eigi vatn því greiða leið niður á flísar. Því sé um að ræða langvarandi notendaleka. Þá vísar V til þess að samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar fáist slíkt tjón ekki bætt. Hvað varðar þær staðhæfingar M að um sé að ræða leka frá tengingu við blöndunartæki þá er þeim mótmælt sem ósönnuðum, enda geti rakaummerki allt eins samræmst því að vatn komist bak við rósettur við blöndunartæki þegar sturta sé notuð. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum gerir M athugasemdir við að skýrsla verktakans skuli ekki hafa verið lögð fram þegar V hafnaði fyrst bótaskyldu, hinn 18. maí 2020 en þá hafi höfnun V verið byggð á öðrum rökum. Þá sé einnig sérstakt að skýrslan sé dags. 14. apríl 2020 enda hafi M fyrst tilkynnt um tjón sitt 4. maí sama ár. M telur þá að staðhæfingar V um að um langvarandi leka hafi verið að ræða séu ósannaðar og að ekkert í málflutningi V sanni að umræddur leki hafi ekki verið ófyrirsjáanlegur, skyndilegur og óvæntur, og þar með sé um bótaskylt tjón að ræða.

Álit.
Í skilmálum viðeigandi vátryggingar, kemur m.a. fram í gr. 2.1 að vátryggingin bæti tjón á hinu vátryggða af völdum vökva, sem eigi upptök sín innan veggja hússins, og stafi eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. Það er vátryggður sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að tjón falli undir þessa skilgreiningu. Í máli þessu er deilt um hvort tjón það sem varð á fasteign M sé að reka til ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka eða langvarandi notendaleka, en tjón sem hlýst að slíkum leka er ekki bótaskylt

samkvæmt umræddu skilmálaákvæði. M hefur lagt fyrir nefndina ljósmyndir af krossviðarplötu sem ber þess merki að tengingar í blöndunartæki hafi farið í gegnum og má greina á henni umtalsverð rakamerki. Telur M sig hafa sýnt fram á að lekann sé að rekja til þess að tenging við blöndunartæki hafi gefið sig. Hins vegar liggur ekki fyrir nefndinni neins konar mat, ljósmyndir eða önnur gögn, sem sýni fram á að sú hafi verið raunin. Með hliðsjón af því að í framlagðri skýrslu byggingarverktaka segir að ekki hafi fundist neinn lagnaleki, svo og að frágangi við blöndunartæki hafi verið ábótavant, verður að líta svo á að rakaummerki á krossviðarplötunni geti allt eins stafað af þeim frágangi og leka meðfram rósettu, en ekki hefur verið sýnt fram á aðra líklegri orsök. Þá kemur jafnframt fram í umræddri skýrslu að frágangur við sturtugler hafi verið ófullnægjandi og leitt til þess að vatn ætti greiða leið niður á gólf við notkun sturtunnar. Verður því að telja líklegt að það sé orsök skemmda á rennihurð og veggnum sem hún gengur inn í, svo og skemmda á gólfefni í aðliggjandi rýmum. Hefur M því ekki sýnt nægilega fram á að um ófyrirsjáanlegan, skyndilegan og óvæntan leka sem eigi upptök sín innan veggja hússins, svo sem áskilið er í skilmálum, hafi verið að ræða. Samkvæmt framansögðu er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 8. desember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 347/2020

M og
V v/ kaskótryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda af völdum trampólíns sem fauk á bifreið.

Gögn.
Málskot, móttekið 15.10.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 27.10.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Um klukkan sex síðdegis 19. september 2020 fauk trampólín á bifreiðina A í eigu M þar sem bifreiðin stóð við nánar tilgreinda götu á Akureyri. A varð fyrir skemmdum við atvikið auk tveggja annarra bifreiða. Í skýrslu lögreglu vegna atviksins kemur fram að mjög hvasst hafi verið á þessum tíma og lítils háttar rigning. Samkvæmt vef Veðurstofu Íslands voru vindhviður á þessum tíma allt að 23 m/sek., að því er segir í lögregluskýrslunni.

Í málskoti segir að tjónið hafi orðið í Glerárþorpi og þar sé enginn vindmælir en stuðst sé við mælingu á lögreglustöðina á Akureyri en þar sé skjól fyrir þá vindátt sem feykti trampólíninu. Í þeirri vindátt sem var umrætt sinn sé alþekkt að rokið komi ofan Glerárdal og nái sér upp „út í Þorpi“ og áfram upp Vaðlaheiði, en þar hafi vindur náð upp í 33 m/sek. kl. 21 umræddan dag og hafði aukist um 6 m/sek. frá kl. 18. Á sama tíma hafi vindur aðeins aukist um 2 m/sek. við lögreglustöðina. Þá hafi lögreglu verið tilkynnt um hættu á foki vegna trés á Efri Brekku sem fylgi meira þorpinu í þeirri vindátt sem þarna var. Engin tjón hafi orðið á Neðri Brekku þar sem lögreglustöðin sé staðsett.

M hefur krafist bóta úr kaskótryggingu A hjá V vegna þess tjóns sem varð á henni af völdum trampólínsins. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt vátryggingarskilmálum kaskótryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar bætist tjón á vátryggðu ökutæki af völdum óveðurs ef ökutækið fýkur, skemmist vegna áfoks eða áhruns af völdum óveðurs, þó ekki ef sandur, möl, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á það. Með óveðri er átt við þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu, hvort almennt eignatjón hefur orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.

Lögreglustöðin við Þórunnarstræti á Akureyri er tiltölulega skammt frá tjónsstað og að jafnaði myndi vindmæling þar jafngilda vindmælingu á sjálfum tjónsstaðnum. Samkvæmt gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að vindhraði hafi á tjónsstað um það leyti sem tjónsatvikið varð náð 28,5 metrum á sekúndum samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands eins og áskilið er svo bótaskylda úr vátryggingunni geti stofnast. Engin haldbær gögn liggja heldur fyrir sem sýna fram á að almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu þar sem tjónið varð. Af þessum sökum getur ekki komið til bótaskyldu úr kaskótryggingunni vegna tjónsins.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 24. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 348/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Skemmdir á bifreið við akstur á vegi 14. ágúst 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 14. október 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 29. október 2020.

Málsatvik.
M kveðst í málskoti hafa verið við akstur á vegi 426 við Bláa Lónið þegar nýbúið hafi verið að leggja klæðningu á veginn. M kveðst hafa orðið fyrir tjóni þegar laus möl hafi náð að festast vegna tjöru í dekkjum á bifreiðum sem óku um veginn með þeim afleiðingum að möl hafi skotist í allar áttir og þar á meðal á bifreið M. Í gögnum málsins eru myndir af bifreiðinni og mat á tjóni frá viðurkenndum viðgerðaraðila.

M telur X bera ábyrgð á tjóni á bifreiðinni þar sem vinnubrögð starfsmanna X við lagningu klæðningar hafi ekki verið vönduð. M vísar til þess að hún og maður hennar reki jarðvinnufyrirtæki og hafi þekkingu á því hvernig vinnubrögð eigi að vera og líklega hafi verið hægt að þjappa möl betur í tjöruna þegar klæðning var lögð. Einnig vísar M til þess að maður hennar og aðrir, þ.á.m. starfsmaður Bláa Lónsins, geti vitnað um ástand vegarins þegar tjón varð.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að X hafi merkt veginn með hliðsjón af leiðbeiningum Vegagerðarinnar. Engar myndir eða gögn liggi fyrir sem sýni að merkingar hafi verið óforsvaranlegar eða verklag X hafi verið ábótavant. Einnig telur V að ódagsettur og óundirritaður vitnisburður starfsmanns Bláa Lónsins hafi ekki sönnunargildi í málinu.

Álit:
Í málinu er ágreiningur um það hvort X beri skaðabótaábyrgð á því að lausamöl hrökk af bifreiðum sem óku á sama vegi og bifreið M. Sönnunarbyrði um að vinnubrögð X við lagningu klæðningar hvílir á þeim sem gerir skaðabótakröfu, það er að segja M. Í málinu liggja ekki fyrir óyggjandi sönnunargögn um að ástand vegarins hafi verið þannig að umferð um hann hafi átt að vera stöðvuð eða að merkingar hafi verið ófullnægjandi. Ódagsettur og óundirritaður framburður starfsmanns Bláa Lónsins eða yfirlýsingar M um að vinnubrögð hafi verið óvönduð duga ekki ein og sér til sönnunar skaðabótaábyrgðar X. Bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V byggist á því að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Sú ábyrgð hefur ekki verið sönnuð og á M því ekki rétt á bótum.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 349/2020

M og
V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur hvort atvik við tjónsatburð falli undir bótasvið vátryggingar.

Gögn.
Málskot móttekið 15.10.2020 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Bréf V dags. 30.10. 2020.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 02.11.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 2. ágúst 2020 hafi M ekið A, sem er bifreið í hans eigu, eftir vegi við Vatnsfellsvirkjun. Þar sem slitlagi hafi sleppt hafi tekið við vegur sem hafi árum saman verið áformað að leggja bundnu slitlagi en það hafi ekki verið gert. Vegur þessi sé misgóður eftir dögum en þennan dag hafi ekki verið heflað nýlega og vegurinn á köflum minnt á þvottabretti. M hafi ekið á lausan stein á veginum, með þeim afleiðingum að hann missti stjórn á A og hún hafi lent utan vegar. M hafi getað stöðvað bifreiðina áður en til veltu kom og svo bakkað henni út á veg. Við útafaksturinn hafi komið sprunga í framrúðu auk þess sem loftpúðar hafi sprungið út. M hafi tilkynnt tjónið á heimasíðu V hinn 17. ágúst 2020 en það sé ekki einfalt ferli og hafi því farið svo að tjónstilkynningin barst V áður en M hafði fullklárað hana. Strax daginn eftir hafi M haft samband við V en ómögulegt hafi reynst að laga umrædda tilkynningu. V hafi lagt hina ókláruðu tilkynningu til grundvallar og að hluta skáldað upp málsatvik til að koma sér undan því að bæta tjónið en V hafi hafnað kröfunni með tölvupósti dags. 18. ágúst 2020. Krefst M þess fyrir nefndinni að fá tjón sitt bætt enda sé ekki rétt að byggja á tjónstilkynningu sem í raun hafi aðeins verið uppkast. Tjón á A hafi orsakast af útafakstri en ekki því að bifreiðin hafi tekið niður á ójöfnu, sem sé ekki rétt mat V á atvikum. Bifreiðin hafi rekist á lausan stein og svo farið til hliðar og utan í venjulegan vegkant og svo farið að fullu út fyrir kantinn og út fyrir veg.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í gr. 6.4 viðeigandi vátryggingarskilmála komi fram að undanskildar séu hvers konar skemmdir á ökutæki sem atvikast með þeim hætti að ekið er á ósléttri akbraut. Í tjónstilkynningu M komi fram að A hafi verið ekið eftir mjög ósléttum malarvegi og sé tjónið að rekja beint til þess. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum kvartar M undan viðmóti V og áréttar að ósléttur akbraut sé ekki skýrlega skilgreint hugtak og þyrftu akbrautir að vera sléttar svo bótaskylda væri til staðar mundi það fría vátryggingafélög bótaskyldu í 90% tilvika.

Álit:
Rétt er að taka fram að V hefur fallist á bótaskyldu vegna tjóns á framrúðu A og verður því ekki talið að ágreiningur aðila nái til þess tjóns. Í tjónstilkynningu M til V, sem verður að öðru leyti að telja töluvert ítarlega, kemur fram að hægra framhjól A hafi lent á steini á stærð við ½ lítra gosflösku og í framhaldi hafi A ekið á vegarkant sem gæti hafa verið um 15 sentimetra hár. Ekkert kemur fram þar um að tjón hafi orðið við akstur á vegarkantinn né að bifreiðin hafi lent utan vegar. Né heldur er minnst á það í tölvupósti sem M sendi V hinn 18. ágúst 2020, eða daginn eftir að hann fyllti út umrædda tjónstilkynningu, en þar kemur fram að hann hafi ætlað að senda myndir með tilkynningunni og eins hafi hann ætlað að „snyrta skýrsluna eitthvað til þar sem ég að skrifa það sama á tveim stöðum.“ Verður því ekki miðað við síðar tilkominn framburð M um atvik. Af gögnum málsins verður helst ráðið að bifreiðin hafi, eftir að hún rakst á stein, sveigt til hliðar á veginum og við þann hliðarakstur hafi loftpúðar bifreiðarinnar sprungið út. Verður ekki talið sýnt fram á að bifreiðin hafi lent utan vegar og að tjón á bifreiðinni hafi orðið við útafakstur. Verður því miðað við að tjón á A megi rekja til þeirra aðstæðna er voru á veginum umrætt sinn. Í 6.4 gr. viðeigandi vátryggingarskilmála kemur fram að vátryggingin bæti ekki skemmdir af akstri á ósléttri akbraut, og er upptalning þeirra skemmda sem þar falla undir ekki tæmandi. Jafnvel þó fallist yrði á það með M að

„óslétt“ akbraut kunni að vera teygjanlegt hugtak verður að líta svo á að vegur sem á kafla er, samkvæmt lýsingu M í málskoti eins og þvottabretti, og á eru steinar u.þ.b. á stærð við ½ lítra gosflösku, hljóti að falla undir það hugtak. Samkvæmt framansögðu, þar sem ekki verður litið svo á að útafakstur hafi verið tjónsorsök í þessu tilviki, ber að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 17. nóvember 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 350/2020

M og
V vegna slysatryggingar ökumanns A

Ágreiningur um hvort tilkynnt hafi verið um líkamstjón innan lögbundins tilkynningarfrests

Gögn.
Málskot móttekið 02.10.2020 ásamt fylgiskjölum 1-9.
Bréf V dags. 03.11.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 28. janúar 2016 hafi bifreiðin A, sem M ók, lent í árekstri við aðra bifreið. Hafi M leitað samdægurs á bráðamóttöku og m.a. verið greindur með tognun og ofreynslu á lendarhrygg. Hinn 30. júní 2020 hafi V hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að tilkynningarfrestur vegna tjónsins hefði verið liðinn þegar M tilkynnti V um atvikið og eins þess að engin gögn sýndu fram á orsakatengsl milli slyssins og núverandi heilsufars M. M fellir sig ekki við þá afstöðu og telur tilkynningarfrest skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga ekki hafa verið liðinn þegar M tilkynnti V um tjónið hinn 19. febrúar 2020. Geri ákvæðið ráð fyrir því að sá sem krefjist bóta glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð innan árs frá því að tjónþoli fékk vitneskju um tjón sitt. Upphaf þessa frestar geti hins vegar verið matskennt og erfitt geti verið að festa hönd á því hvenær tjónþolar megi almennt gera sér grein fyrir því að afleiðingar tjónsatburðar séu varanlegar, og geti langur tími liðið frá slysi og þar til tjónþolar gera sér grein fyrir því, enda geri þeir í langflestum tilvikum ráð fyrir því að áverkar jafni sig með tímanum. Í tilviki M hafi hann upphaflega verið greindur með tognunaráverka og því eðlilegt að M hafi lengi trúað því að hann mundi jafna sig. Það hafi ekki verið fyrr en í lok árs 2019 sem M gerði sér grein fyrir því að afleiðingar slyssins væru varanlegar en þá hafi hann leitað læknis vegna vaxandi bakverkja. Hafi ársfrestur samkvæmt tilvitnuðu lagaákvæði því ekki verið liðinn þegar M tilkynnti um tjón sitt. Hvað varði orsakatengsl milli slyssins og núverandi heilsufars M þá liggi fyrir að hann hafi ekki átt sögu um bakverki fyrir umrætt slys. Hann hafi hins vegar kvartað undan verkjum frá baki og vinstri hlið mjóbaks strax eftir slysið og það séu einkennin sem hái honum í dag. Telur M því bótaskyldu fyrir hendi.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar, kemur fram að við komu M á bráðamóttöku á slysdegi hafi M ekki verið greindur með alvarleg áverkamerki heldur samrýmdust verkir helst tognun eða annarri ofreynslu. Næst hafi M lýst einkennum frá baki fyrir lækni í febrúar 2017, rúmu ári eftir atvikið. Í maí það ár hafi M, samkvæmt færslu í sjúkraskrá, ekki lengur verið með bakverki. Næsta koma sé skráð í apríl 2018 og þá óskað eftir beiðni um sjúkraþjálfun, en slík beiðni hafi aftur verið gerð í nóvember 2019. Engar upplýsingar liggi fyrir um meðferð M hjá sjúkraþjálfara. Hinn 16. mars 2020 hafi M svo leitað til læknis vegna mjóbaksverkja sem hann hafi þjáðst af síðastliðna viku. Greining læknis beri þá með sér að um verki sem flokkaðir eru sem tímabundnir hafi verið að ræða. Sú greining styðji þá afstöðu félagsins að ekki sé um orsakatengsl milli hennar og slyssins að ræða auk þess sem skorti á samfellu í sjúkrasögu M eftir atvikið. Þá telur V að frestur sá sem M hafi haft til að tilkynna um atvikið hafi verið löngu liðinn þegar V barst krafa hans í febrúar 2020, enda verði að gera ráð fyrir að a.m.k. ári eftir atvikið hafi M mátt vera kunnugt um atvik að baki kröfu sinni. Hafnaði V því bótaskyldu.

Álit:
Eins og fram kemur varð M fyrir líkamstjóni er bifreið sem hann ók lenti í árekstri við aðra bifreið, hinn 28. janúar 2016. M tilkynnti V um tjónið hinn 19. febrúar 2020, eða rúmum fjórum árum eftir að tjónsatburður átti sér stað. Í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga segir að sá sem eigi rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. Hefur M hafnað bótaskyldu í málinu, m.a. með vísan til þessa ákvæðis. Í gögnum málsins kemur fram að M hafi leitað á bráðamóttöku strax á slysdegi hinn 28. janúar 2016, og greindist hann þá með tognun og

ofreynslu á lendarhrygg. Þá er að finna lýsingu M á einkennum frá baki við komu hans til læknis hinn 23. febrúar 2017, en þá sagðist M finna fyrir vaxandi bakverkum eftir umferðarslysið, og tók fram að hann væri hættur að spila fótbolta vegna þeirra. Var segulómun framkvæmd í kjölfarið og var niðurstaða hennar sú að „á neðsta fría discbilinu sem nefnt er L5-S1 er minnkað segulskin frá discnum, breiðbasa disc afturbungun með annular rifu. Discmaterial gengur aðeins niður með afturkantinum a S1 í mænugangi og nær á taugarætur báðum megin.“ Var M í kjölfarið ráðlögð hvíld, bakstrar og verkjalyf og að sleppa þátttöku í íþróttum meðan hann væri svo slæmur. Í kjölfar þessa virðist hafa dregið úr einkennum M, en hinn 16. apríl 2018 fékk M beiðni um sjúkraþjálfun og þá virðast verkirnir aftur hafa verið farnir að segja til sín. Hinn 11. janúar 2019, þegar M átti símtal við heilsugæslulækni var hann svo greindur með bakverk M54.9+, og hinn 27. nóvember 2019 fékk M enn beiðni um sjúkraþjálfun vegna bakverkja. Verður ekki annað séð af fyrirliggjandi gögnum en að einkenni M hafi að mestu verið viðvarnandi, og háð honum töluvert, frá tjónsdegi Jafnvel þó tjónþolum sé veitt ákveðið svigrúm hvað varðar upphaf umrædds ársfrests, enda geti liðið nokkur tími frá tjónsatburði sem slíkum þar til tjónþolar fá vitneskju um atvik þau sem krafa er reist á, og þó litið sé til ungs aldurs M við mat á því tímamarki verður að telja að M hafi haft vitneskju um atvik að baki kröfu sinni fyrir 19. febrúar 2019. Fyrir þann tíma hafði hann enda gengist undir rannsóknir vegna áverkans og fengið beiðni í sjúkraþjálfun vegna hans, en engin gögn liggja raunar fyrir um árangur þeirrar meðferðar. Þá hefur M ekki sýnt fram á að hann hafi í lok árs 20019, fengið einhverja sérstaka vitneskju um atvik þau er krafa hans verði reist á, en í málskoti er því haldið fram að það hafi fyrst verið þá sem M hafi áttað sig á umfangi umrædds tjóns. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni telst því tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafa verið liðinn þegar M tilkynnti um tjón sitt til V hinn 19. febrúar 2020. Er þegar af þeirri ástæðu óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans, og kemur ágreiningur aðila að öðru leyti ekki til skoðunar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík 1. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 351/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss í fiskvinnslu.

Gögn.
Málskot, dags. 8.10.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 26.10.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Síðdegis 25. mars 2020 var M að störfum í fiskvinnslusal hjá A er hún féll í gólfið með þeim afleiðingum að hún handleggsbrotnaði. Í óundirritaðri tilkynningu A til Vinnueftirlits ríkisins, sem var móttekin 27. mars 2020, segir að M hafi unnið við þrif og verið með spúl í hendi. Hafi hún lyft upp fæti og opnað lúgu eða loka til að hleypa út vatni. Við það hafi hún runnið og dottið og borið fyrir sig vinstri hendi með fyrrgreindum afleiðingum.

Í málskoti er atvikum nánar lýst á þann veg að M hafi verið að þrífa framleiðslusvæði og verið að spúla gólfið með vatnsþrýstislöngu. Vatn hafi flætt úr tengi slöngunnar og þegar hún opnaði lúgu eða loku til að hleypa vatni úr tæki eða kari sem hún hafi verið að þrífa, en við það að vatnið flæddi úr karinu hafi hún runnið í bleytunni, misst jafnvægið og dottið, mögulega um slönguna sem lá á gólfinu. Hún hafi fyrst beygt sig til að opna lokann en hann hafi staðið á sér og því hafi hún þurft að sparka í hann til að opna hann. Kvartað hafi verið við vinnuveitanda vegna lokans en ekki hafi verið brugðist við því. M telur að slysið megi rekja til þess að M hafi þurft að standa á öðrum fæti til að sparka í lokann í sömu andrá að vatn flæddi út á gólfið. Slysið sé því af völdum lokans sem hafi verið vanbúinn vegna bilunar. Hafi aðbúnaður á vinnustaðnum verið þannig að fyllsta öryggis hafi ekki verið gætt og með því farið í bága við ákvæði 13., sbr. 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem og 3. mgr. 3. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða þar sem segi að vinnurými skuli innrétta þannig að gott sé að þrífa það, nýta það og halda því við á öruggan hátt. Þá hafi slysið ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu án ástæðulausrar tafar, eins og A bar að gera samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V kveður atvik hafa verið með þeim hætti að M hafi notað háþrýstislöngu við þrifin og tekið hana alla niður þannig að hún hafi að stórum hluta legið í gönguleið hennar. Á fyrirliggjandi myndbandi megi sjá að M hafi fest handfangið á slöngunni þannig að vatn streymdi viðstöðulaust úr henni. Vatn hafi því sprautast af fullum krafti úr slöngunni á sama tíma og M hafi sparkað í karið sem hún hafi átt að þrífa. Megi slysið þannig rekja til þess að á meðan M reyndi að opna karið með öðrum fætinum hafi hún haldið á háþrýstislöngu sem fossaði úr á fullum krafti. Mögulega hafi hún einnig dottið um þann hluta slöngunnar sem var á gólfinu. Ljóst sé hvernig slysið atvikaðist og rannsókn Vinnueftirlitsins hefði engu bætt við. Þá er því hafnað að slysið verði rakið til vanbúnaðar á karinu; ekkert sé óeðlilegt eða saknæmt þótt einhver búnaður kunni að standa á sér. Hins vegar hafi viðbrögð M eða vinnulag hennar orsakað slysið. Verkefnið sem hún sinnti hafi í sjálfu sér ekki verið flókið og hafi lokið á annað borð staðið á sér hafi henni verið í lófa lagið að taka þrýstinginn af slöngunni, leggja hana frá sér og opna lokið og eftir atvikum leita aðstoðar ef það hefði ekki gengið. Með vísan til þessa hefur V hafnað bótaskyldu úr ábyrðartryggingu A.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Með vísan til þessa lagaákvæðis og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau.

Samtímagögn um slysið og tildrög þess eru takmörkuð, eða einungis fyrrgreind tilkynning A til Vinnueftirlitsins sem var móttekin tveimur dögum síðar. Enn fremur er meðal gagna málsins myndband sem sýnir frá tilteknu sjónarhorni aðstæður í vinnslusalnum og aðdraganda þess að M féll í gólfið. Hvað sem því líður virðist óumdeilt að M hafi þurft að þrífa kar sem var fullt af vatni. Til að tæma karið hafi hún þurft að opna lok eða loka á karinu. Lokinn hafi hins vegar staðið á sér þannig að hún gat ekki opnað hann með höndunum og því þurft að sparka í hann svo hann opnaðist. Í þeirri andrá sem hún sparkaði í lokann og vatn flæddi úr karinu missti hún fótanna og féll í gólfið. Er óumdeilt að umræddur loki hafi staðið á sér og því tókst M ekki að opna hann með höndunum sem ætla verður að hafi verið eðlileg og örugg leið til að opna hann. Verður ekki fram hjá því litið að lokinn var vanbúinn að þessu leyti sem varð til þess að M þurfti að beita annarri aðferð og varasamari til að opna hann. Til þess verður slysið rakið og ber A ábyrgð á þessum vanbúnaði lokans. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Samkvæmt 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim, skerðist ekki réttur starfsmanns til skaðabóta sem verður fyrir líkamstjóni í starfi sínu vegna meðábyrgðar hans nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Jafnvel þótt M kunni að hafa sýnt nokkra óvarkárni þegar slysið varð, bæði hvað varðar meðhöndlun háþrýstislöngunnar og hvernig hún stóð að því að opna lokuna, er ekkert í gögnum málsins sem gefur tilefni til að virða þessa háttsemi til stórkostlegs gáleysis. Af þeim sökum er réttur hennar til bóta úr ábyrgðartryggingunni óskertur.

Niðurstaða.
M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 17. nóvember 2020.

_____
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

_____ _____
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 352/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Starfsmaður í álveri hlaut brunasár við að setja rafskaut ofan í ker.

Gögn.
Málskot, móttekið 9.10.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 6.11.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 22. janúar 2019 var M, starfsmaður A að setja rafskaut ofan í ker. Þegar hann slakaði skautinu ofan í kerið slettist fljótandi baðefni, krýólít, í andlit M þannig að hann hlaut brunasár.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um slysið kemur fram að stjórn krana, sem notaður var við að skipta um rafskaut í kerum, útheimti nákvæmni stjórnandans sem og góða yfirsýn og verði kranastjórnandinn því ítrekað að vera nærri opnu kerinu. Umrætt sinn hafi M verið nærri opnu kerinu og ekki verið með viðeigandi andlitshlíf niðri til að verja andlit og hliðar andlits. Valkvætt sé að nota hjálminn í stað annarra sambærilegra persónuhlífa. Kerið hafi verið opið enda búið að fjarlægja tvær þekjur yfir viðkomandi keri og nærliggjandi skauti samkvæmt vinnuleiðbeiningum og séu það hefðbundin vinnubrögð þegar skipt er skaut. Bil milli skauta og frá skauti í ker hafi verið í kringum 3 cm. Þegar skautinu er komið fyrir verði starfsmaðurinn að standa nærri svo hann sjái til verksins. Enginn búnaður hafi verið fyrir hendi sem hafi komið í veg fyrir að M kæmist nærri hættunni sem gæti stafað af hugsanlegu gosi eða hita. Við athugun á vettvangi hafi komið í ljós að starfsmaður sem vann við skautskipti hafi ítrekað þurft að vera nærri opnu kerinu til að sjá hvað hann væri að gera. Að auki hafi hann lyft andlitshlíf sinni ítrekað til að sjá vinnusvæðið betur. Við athugun á aðferðum við skautskipti í tveimur öðrum álverum hafi komið í ljós að notuð voru lokuð búr fyrir starfsmann/stjórnanda við skautskiptin. Í tilviki A hafi hins vegar starfsmaður/stjórnandi verið inni á hættusvæði með fjarstýringu til að stjórna krananum við skautskiptin. M hafi verið með tilskildar persónuhlífar og í viðeigandi hlífðarfötum en ekki notað andlitshlíf í samræmi við vinnureglur þar sem hann hafi lyft henni til að sjá betur til við vinnuþáttinn að setja niður rafskaut.

Var niðurstaða rannsóknar Vinnueftirlitsins að rekja megi orsök slyssins til ófullnægjandi aðferðar og búnaðar við skautskipti, þar sem starfsmaður þurfi ítrekað að vera inni á hættusvæði til að sinna starfi sínu við skautskipti í stað þess að nota þekktar, öruggari vinnuaðferðir við áhættusamt starf sem þetta. Meðvirkandi þáttur væri ófullnægjandi val á persónuhlífum og notkun þeirra. Gaf Vinnueftirlitið fyrirmæli um úrbætur sem fólust í því að endurskoða skyldi áhættumat með tilliti til slyssins og framkvæma viðeigandi úrbætur þannig að starfsmaður komist ekki í hættu af völdum heitra efna. Farið skuli yfir búnað og vinnuferli sem tryggi að viðeigandi öryggisfjarlægðum sé fylgt. Einnig skyldi farið yfir notkun persónuhlífa með starfsmönnum til að tryggja að þær séu notaðar á viðeigandi stöðum auk þess sem farið yrði yfir þörf á að krefjast notkunar á sérstökum hjálmum sem tiltækir voru til að sinna störfum eins og þeim sem slysið varð við.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V kveður skýrar leiðbeiningar vera á vinnustaðnum um að kranastjórnandi þurfi að vera í öruggri fjarlægð (u.þ.b. 5 m) þegar skaut er sett niður. Að auki komi fram í vinnuleiðbeiningum að áður en skautskipti hefjist skuli ávallt hafa nauðsynlegan öryggisbúnað uppi, svo sem rykgrímu, andlitshlíf, hnakkahlíf eða loftskiptahjálm. Þá séu starfsmenn vel meðvitaðir um að lyfta ekki andlitshlíf sinni þegar þeir eru í nálægð við ker og þegar skaut eru sett ofan í þau. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt skýrslu Vinnueftirlitsins mátti rekja slysið til ófullnægjandi aðferðar og búnaðar við skautskipti. Hafi starfsmaður sem stjórnaði krana við skautskiptin ítrekað þurft að fara inn á hættusvæði til að geta sinnt starfi sínu sem skyldi, en öruggara verklag við þetta starf hafi verið þekkt, svo sem að stjórnandinn væri staðsettur í sérstöku lokuðu búri við starfa sinn líkt og þekkt væri í öðrum álverum. Engin skýr gögn hafa verið lögð fram í málinu sem sýna fram á að niðurstaða Vinnueftirlitsins að þessu leyti eigi ekki við rök að styðjast. Af hálfu A var því ekki gætt fyllsta

öryggis á vinnustaðnum við skautskiptin þannig að fullnægt væri fyrirmælum 13. og 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Af þeim sökum ber A skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Ljóst er að M hafði lyft upp andlitshlíf þegar slysið varð sem eftir atvikum má virða honum til gáleysis. Á hinn bóginn, þegar litið er til þess að hann virðist hafa þurft að lyfta andlitshlífinni upp til að geta séð betur þegar hann setti niður rafskautið en við það starf þurfti að gæta nokkurrar nákvæmni, svo og að það viðgekkst hjá öðrum starfsmönnum að lyfta upp andlitshlífinni við þetta sama starfs, þykir gáleysi M ekki vera svo verulegt að það teljist hafa verið stórkostlegt gáleysi í skilningi 1. mgr. 23. a skaðabótalaga nr. 50/1987 með síðari breytingum. Er því ekki efni til að skerða rétt hans til bóta vegna meðábyrgðar hans. Hann á því óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 1. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 354/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.

Kona varð fyrir meiðslum er hún rann til á sundlaugarbakka.

Gögn.
Málskot, móttekið 16.10.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 12.11.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Um hádegisbil 18. febrúar 2019 rann M á gólfi við bakka sundlaugar í eigu sveitarfélagsins A og varð fyrir meiðslum á hægri ökkla. Í tilkynningu hennar um slysið til V, ábyrgðartryggjanda A, dags. 6. mars 2019, segir að slysið hafi orðið með þeim hætti að hún hafi runnið í polli sem hafi myndast á gólfefni á sundlaugarbakkanum. Engar viðvaranir hafi verið um hálkubletti sem myndast á gólfefninu og samkvæmt umsjónarmanni fasteigna hafi átt á laga þennan galla sumarið eftir. Í málskoti kveður M að nýtt gólfefni hafi verið lagt á sundlaugarsvæðið haustið 2018 en fljótlega hafi farið að bera á göllum á því og það hafi ekki verið lagfært fyrr en sumarið 2019. Starfsmenn sundlaugarinnar hafi vitað af þessum galla en ekki gætt þess að vara sundlaugargesti við hálu gólfinu með viðeigandi merkingum og skiltum., en úr því hafi ekki verið bætt fyrr en eftir slysið. Kveður M að ástand gólfsins hafi brotið í bága við ákvæði 8. og 12. gr. reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, þar sem m.a. er kveðið á um að mannvirki og búnaður á sund- og baðstöðum skuli þannig gerður og viðhaldið að fyllsta öryggis og þrifnaði verði komið við og að merkja skuli greinilega ýmsa þætti varðandi öryggi og slysahættu, svo sem hálku á laugarbökkum. Hefur M krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hún kveðst hafa orðið fyrir við atvikið úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu A hjá V.

V kveður engar lagfæringar hafa verið gerðar á gólfefninu frá því að það var upphaflega lagt og engin þörf hafi verið á slíkum lagfæringum. Aðstæður við laugarbakkann hafi því ekkert breyst frá því slysið varð í febrúar 2019. Gólfefnið sé svokallað Epoxy-kvarts sem notað sé víða við sundlaugar og þar sem bleyta sé á gólfum auk þess sem það uppfylli alla staðla um hálkuviðnám. Gestir hafi enn fremur verið varaðir við hálu gólfi, m.a. inni í búningsherbergjum áður en haldið er til laugar. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.
M kveður að slysið megi rekja til galla í gólfefni á gólfi laugarinnar þar sem hún kvaðst hafa dottið. Ekki kemur fram í hverju gallinn á að vera fólginn. Þá eru staðhæfingar M um galla í gólfefninu og að starfsmenn laugarinnar hafi haft vitneskju um hann ekki studdar neinum gögnum. Þá verður heldur ekki séð að slysið megi rekja til ónógra merkinga til að vara sundlaugargesti við mögulegri hálku vegna bleytu á gólfum. Með vísan til þessa og gegn andmælum V verður að telja ósannað að slysið megi rekja til atvika sem A getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 8. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 355/2020

M og
V vegna ábyrgðartrygginga ökutækjanna A og B.
Áreksturs bifhjóls og bifreiðar á þjóðvegi 1 20. júní 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 19. október 2020 ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V dags. 3. nóvember 2020 ásamt gögnum málsins hjá V.

Málsatvik.
Í lögregluskýrslu kemur fram að árekstur hafi orðið með bifhjólinu A og bifreiðinni B á þjóðvegi 1 við Gestreiðarstaðaskvísl þannig bifhjólið A lenti aftan á bifreiðinni B. Í skýrslunni er haft eftir ökumanni A að hann hafi ekið fram úr bifreið og eftir það nálgast bifreið B og stefnuljós á þeirri bifreið hafi verið gefið til hægri þá hafi hann ætlað fram úr henni líka. Þá hafi bifreið B verið hemlað og færð að miðlínu vegarins og yfir hana sem leitt hafi til þess að bifhjólið A hafi lent á bifreið B. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ætlað að beygja til hægri í útskot við Gestreiðarstaðakvísl, hemlað aðeins skarplega og þá hafi bifhjólið A lent aftan á bifreið B. Ökumaður bifreiðar B kveðst ekki hafa séð bifhjólið í baksýnisspegli en séð bifreið.

M, sem var ökumaður bifhjólsins A, telur að árekstur hafi orðið vegna þess að ökumaður bifreiðar B hafi verið hægt snögglega og ekið yfir á vinstri vegarhelming eftir að hafa gefið stefnumerki til hægri. M kveðst hafa verið búinn að aka fram úr annarri bifreið á undan og hafi lokið þeim framúrakstri áður en hann ætlaði að aka vinstra megin framhjá bifreið B. Einnig leggur M fram teikningar af atburðarás þeirri sem hann telur hafa átt sér stað áður en árekstur varð og vísar til þeirra varðandi það að ökumaður bifreiðar B hafi ekið yfir á vinstri vegarhelming þegar M hafi stefnt fram úr vinstra megin og þannig ekið í veg fyrir M.

Í málinu liggur einnig fyrir viðbótarskýrsla ásamt myndum frá ökumanni bifreiðar B þar sem kemur fram hann telur ljóst að árekstur hafi orðið á hægri akrein vegarins og hafnar því að hafa sveigt til vinstri áður en bifreiðinni var ekið til hægri áleiðis í útskot þeim megin vegarins.

Álit:
Í málinu er ágreiningur um hvort árekstur megi rekja til þess að ökumaður bifreiðar B hafi ekið til vinstri á vegi eftir að hafa gefið stefnumerki til hægri til að aka inn í útskot hægra megin vegar. M, sem ökumaður bifhjólsins A, ákvað að aka vinstra megin fram úr bifreið B eftir að hafa séð stefnumerki bifreiðarinnar til hægri. Í 3. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal sá sem ekur fram úr gæta þess að það sé nægt hliðarbil. Einnig hvílir skylda á þeim ökumanni sem ekur á eftir öðrum að gæta þess að nægt bil sé á milli ökutækja, sbr. 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga. Sérstök varúðarskylda hvílir því á þeim ekur fram úr, en varúðarskylda þess sem verið er að aka fram úr skv. 24. gr. sömu laga virkjast þegar hann verður þess var sem ætlar að aka fram úr vinstra megin við hann. Það er er ljóst af framburði ökumanns bifreiðar B að hann varð M ekki var fyrr en hann lenti á bifreiðinni. Engin önnur sönnunargögn liggja fyrir um að staðsetning bifreiðar B hafi verið of langt til vinstri á veginum heldur en framburður M sjálfs, sem ber sönnunarbyrði um að þannig hafi akstri bifreiðar B verið háttað. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, t.d. af myndum af vettvangi að þannig hafi akstri bifreiðar B verið háttað. Engin vitni geta heldur borið um slíkan akstur ökumanns bifreiðar B. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti og telst því bera alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.
Öll sök á árekstrinum er á ökumanni B.

Reykjavík, 24. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 356/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns í göngu á Snæfellsjökul 27. apríl 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 19. október 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 10. nóvember 2020 ásamt fylgigögnum merktum 1-7.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M fór með hópi á vegum X í göngu á Snæfellsjökul hinn 27. apríl 2019. Hópnum var skipt upp í minni hópa þar sem voru 8-9 mann saman í línu. Leiðsögumaður sem var fremstur í línu sem M var í féll fram að brún sem leiddi til þess að M dróst með línunni og hlaut áverka á öxl. Í kjölfar þessa var farið í björgunaraðgerðir til þess að ná fararstjóranum sem var fremst í línunni upp og telur M að líkamstjón hans hafi að einhverju leyti getað komið þar fram.

M lýsir atvikum þannig að ágætis veður hafi verið að morgni þegar gangan hófst en það hafi verið komin rigning þegar að jöklinum var komið. Gengið hafi verið af stað en fljótlega að hafi verið komin mikil bleyta og rigning og lélegt skyggni þegar upp hafi verið komið. M kveður skyggni hafa verið orðið mjög slæmt þegar fararstjórinn í hans línu hafi fallið og M með og þá hafi verið stuðst við GPS-punkta við gönguna upp jökulinn. Í málinu liggur fyrir tölvupóstur frá öðrum þátttakanda ferðarinnar um að veður hafi verið ágætt þegar lagt hafi verið af stað en aðstæður hafi versnað þegar ofar kom og á efri hluta jökulsins hafi verið orðið mjög hvasst, úrkoma og lítið skyggni. M kveðst hafa verið um 40-50 mínútur fastur í línunni án þess að geta hreyft sig í afar slæmu veðri á meðan verið var að bjarga fararstjóranum frá brún hengju sem hann hafði fallið út af.

M telur að veður hafi verið þannig að X hefði átt að hætta við ferðina þar sem skyggni hafi verið svo slæmt að GPS-búnað hafi þurft til að rata á merktri gönguleið. Einnig kveðst M ekki hafa fengið leiðbeiningar um það hvernig hann átti að bregðast við í línu ef háska bæri að og að leiðbeiningar X hafi ekki verið nægilegar. M kveðst hafa talið sig í öruggum höndum og treyst því að starfsmenn X myndu ekki leggja upp á jökulinn nema aðstæður væru í lagi. Þannig hafi ekki verið og ekki sé hægt að vísa til þess að M hafi fyrirgert rétti sínum til bóta vegna hættu sem fylgir vetrarfjallamennsku, enda sé ekkert í vátryggingarskilmálum V sem undanþiggi ábyrgð vegna þess.

V telur í fyrsta lagi að M hafi fengið nægar leiðbeiningar um fjallgöngur og jöklaferðir á því fjögurra mánaða námskeiði sem hann hafi verið á hjá X og hafi gangan á Snæfellsjökul verið eftir samtals átta fjallgöngur hópsins sem og eitt fræðslukvöld. V vísar einnig til þess að upplýsingar hafi verið sérstaklega sendar út af hálfu X fyrir gönguna á Snæfellsjökul þar sem farið hafi verið yfir að gengið yrði í línu og að farið hafi verið yfir það áður en í línur hafi verið notaðar. V vísar til þess að leiðsögumenn X hafi allir verið reyndir og brugðist hafi verið við falli þess fram að snjóhengju, sem fremstur var í sömu línu og M, með réttum hætti. V telur að líkamstjón M verði ekki rakið til þess að hann hafi hangið í línunni í lengri tíma þar sem þunginn af línunni hafi verið tekin af honum strax í kjölfar fallsins. V vísar því einnig á bug að veðuraðstæður hafi verið með þeim hætti að hætta hefði átt við ferðina og að öryggisatriði sé að styðjast við GPS-punkta við göngu á jökli, auk þess sem gönguleið á Snæfellsjökul sé ekki merkt gönguleið. Einnig heldur V því fram að með þátttöku sinni í umræddri jöklagöngu hafi M bæði með samþykki og áhættutöku tekið á sig áhættu sem gerið það að verkum að hann fyrirgeri rétti sínum til skaðabóta skv. almennum reglum skaðabótaréttarins. V vísar um þetta til dóma Hæstaréttar um flúðasiglingar, skíðaiðkun og tennisiðkun.

Álit.
Í gögnum málsins liggur fyrir að M var þátttakandi á lengra námskeiði um vetrarfjallamennsku á vegum X, þegar ferð hans á vegum X á Snæfellsjökul var farin. Í þeim gögnum kemur fram að M hafði setið fræðslukvöld og farið í átta fjallgöngur áður en umrædd jöklaferð var farin. Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram um þær upplýsingar sem M fékk frá X og hvernig staðið var að ferð á jökulinn verður ekki séð að upplýsingar til hans hafi verið með þeim hætti að saknæmt teljist af

hálfu starfsmanna X. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að veðurútlit eða veður að morgni göngunnar hafi verið með þeim hætti að varhugavert hafi verið að ganga á jökulinn. Það að það hafi verið komið verra veður þegar upp var komið verður ekki eitt og sér metið þannig að starfsmenn X hafi átt að grípa til sérstakra ráðstafana. Ekki verður heldur talið varhugavert að gengið sé eftir GPS-punktum við þessar aðstæður.

Óhapp það sem leiddi til líkamstjóns M er að leiðsögumaður sem var fremstur í sömu línu og M féll fram af snjóhengju. Ekki verður séð af lýsingum M sjálfs né öðrum gögnum að háttsemi leiðsögumannsins við þær aðstæður hafi verið saknæm heldur verður fall hans fram af hengjunni rakið til óhappatilviks. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að háttsemi starfsmanna X í kjölfar óhappsins hafi verið til þess fallinn að valda M líkamstjóni. Á þeim forsendum verður ekki fallist á að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M í umrætt sinn. Að því sögðu verður einnig tekið fram að ekki verður heldur fallist á að ganga á Snæfellsfellsjökul feli í sér samþykki eða áhættutöku í skilningi skaðabótaréttar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 357/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um skerðingu bótaréttar vegna líkamstjóns farþega í A.

Gögn.
Málskot, dags. 20.10.2020, ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf V, dags. 05.11.2020 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.
Hinn 14. febrúar 2020 lenti M, þegar hún var farþegi í A, í umferðarslysi. X ók bifreiðinni og slysið atvikaðist með þeim hætti að X ók á húsvegg, en samkvæmt lögregluskýrslu um atvikið, dags. 19. febrúar 2020, var X undir áhrifum áfengis, fíkniefna og sljóvgandi lyfja við aksturinn. Fram kemur í gögnum málsins að í kjölfar atviksins hafi öndunarprófsmælir sýnt 1,0 prómill, en blóðsýni 1,10 til 1,43 prómill en auk þess hafi greinst kannabis og amfetamín í þvagsýni frá X. Þá má ráða af gögnum málsins að M hafi einnig verið undir áhrifum áfengis og fíkniefna, þó mælingar liggi ekki fyrir. M varð fyrir líkamstjóni í umræddum árekstri og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna þess. Með bréfi dags. 5. október 2020, féllst V á bótaskyldu sem slíka en að M þyrfti þó að bera 2/3 hluta tjóns síns sjálf þar sem hún hefði sýnt af sér stórfellt gáleysi er hún þáði far með ölvuðum ökumanni.

M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur í málskoti fram að hún hafi ekki áttað sig á því að ökumaður A væri undir áhrifum jafnvel þó þær hafi verið á sama stað fyrr um kvöldið. Hún hafi sjálf verið undir áhrifum sem mögulega hafi skert athyglisgáfu hennar hvað þetta varðar og hún því ekki áttað sig á ástandi X er hún tók sér far með A. Bótaréttur hennar verði því ekki skertur með þeim rökum. M geti ekki borið ábyrgð á gáleysi X og fyrst X taldi sig í ökuhæfu ástandi hafi M mátt treysta því mati. Til að skerða bótarétt M verði þá að sýna fram á að hún hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi. Hafi M sýnt af sér gáleysi yfirleitt sé ljóst að það hafi ekki verið stórfellt. Það að sitja ölvaður sem farþegi í bifreið sé ekki ólögmætt athæfi og hafi M þvert á móti sýnt ábyrgð með því að fá far, fremur en að aka sjálf enda hafi hún ekki verið í ökuhæfu ástandi. M telur sig því eiga rétt á óskertum bótum en verði ekki fallist á það telur M að skerðingin eigi í öllu falli að vera minni en 2/3 hlutar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að þegar lögregla hafi komið á vettvang hafi M neitað að hafa verið í bifreiðinni og jafnframt neitað því að þekkja aðra sem voru á vettvangi. Því hefði hún hvorki verið vitni né aðili að umferðarslysi. Síðar um nóttina hefði M viðurkennt að hafa verið með X á vínveitingastað fyrr um kvöldið og hafi hún svo tekið sér far með henni í A. Ljóst sé að orsakatengsl hafi verið milli ástands X og slyssins, og hafi M sannarlega haft vitneskju um ástand X er hún tók sér far með A. Hafi M því sýnt af sér stórfellt gáleysi og verði bætur til hennar því skertar um 2/3 hluta.

Álit.
Í lögregluskýrslu um atvikið kemur fram að áfengislykt hafi lagt frá vitum X og hún hafi borið þess greinileg merki að vera undir áhrifum, sjáöldur hennar hafi verið útþanin og hún mjög taugaóstyrk. Þá kom í ljós að auk þess að vera undir áhrifum áfengis hafi hún verið undir áhrifum fíkniefna. Var X því óheimilt að stjórna ökutæki umrætt sinn, skv. 2. mgr. 48. gr. um bann við því að stjórna ökutæki sé ökumaður þannig á sig kominn að hann sé ekki fær um að stjórna því örugglega, 1. mgr., sbr. 3. mgr., 49. gr. um bann við ölvunarakstri og 1. mgr., sbr. 2. mgr., 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um bann við að stjórna ökutæki undir áhrifum ávana- og fíkniefna og lyfja. Í lögregluskýrslu kemur fram að M og X hafi, samkvæmt framburði M sjálfrar, verið saman á vínveitingastað um kvöldið og verður að telja að M hafi ekki getað dulist í hvaða ástandi X var er hún tók sér far með henni, og styðja viðbrögð M á vettvangi í kjölfar atviksins jafnframt við þá niðurstöðu. Þrátt fyrir að dómgreind M hafi verið skert vegna áhrifa áfengis og fíkniefna dregur það ekki úr ábyrgð hennar á eigin gerðum. Með vísan til þess telst M hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að taka sér far með X í því ástandi sem hún var og þannig verið meðvöld að tjóni sínu. Þykir rétt að bætur til hennar skerðist um 2/3 hluta, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V en skerða skal bætur til hennar um 2/3 hluta.

Reykjavík, 24. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 358/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar (X)

Ágreiningur um skaðabótaábyrgð vegna tjóns á sumarhúsi veturinn 2019-2020.

Gögn.
Málskot móttekið 20. október 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 4. nóvember 2020, ásamt vátryggingarskilmálum.
Viðbótarathugasemdir M með bréfi dags. 10. nóvember 2020.

Málsatvik.
Í tjónstilkynningu M til V gerir M grein fyrir því að hann hafi farið að sumarbústað tengdamóður sinnar í Grímsnes- og Grafningshreppi þar sem hann „...gleymdi að skrúfa fyrir vatnsinntak í vitjun sinni fyrir tengdamóður sína sem á húsið." Sú vitjun virðist hafa átt sér stað 15. október 2019 en í frekari skýringum M kemur fram að hann hafi verið að sækja kerru sem hafi verið staðsett við sumarbústaðinn og í leiðinni hefði hann vitjað bústaðarins til að athuga hvort ekki væri allt í lagi. Það sé venja þegar einhver á leið um, en við þessar aðstæður þá hafi M farið inn í bústaðinn, skrúfað frá vatni og notað salerni. M gefur þær frekari skýringar að eftir að hafa gert það þá hafi hann gleymt að skrúfa aftur fyrir. Þegar voraði árið 2020 kom síðan í ljós að pípur bústaðarins voru frostsprungnar mikill vatnsleki varð í húsinu með tilheyrandi tjóni þegar þiðna tók. Innbú tengdamóður M var bætt úr innbústryggingu hennar en sumarbústaðurinn sjálfur var ekki vátryggður með frostsprungutryggingu. Í málinu liggur einnig fyrir yfirlýsing frá tengdamóður M um að hann og dóttir hennar hafi ekki haft sumarbústað hennar til leigu, gistingar eða annarra afnota.

M telur að hann beri sjálfur skaðabótaábyrgð á tjóni á sumarbústað tengdamóður sinnar vegna eigin gleymsku og krefst bóta úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar. M telur að undanþágureglur í vátryggingarskilmálum V eigi ekki við þar sem hann hafi ekki verið „notandi" sumarbústaðarins og bendir á að ákvæði 9.8 í vátryggingarskilmálum V fjalli jafnt um eiganda og notanda og verði því að túlka það með þeim hætti að afnot M hafi verið svipuð þeim sem eigendur hafa.

V hefur hafnað bótaskyldu fyrst á grundvelli gr. 9.7 í vátryggingarskilmálum en síðan á grundvelli gr. 9.8.1. í sömu skilmálum. V telur í bréfi sínu til nefndarinnar að það sé hægt að líta svo á að um leið og einstaklingur sé kominn inn í fasteign þá sé hann notandi hennar og hvað varðar M þá hafi hann farið inn í fasteignina, skrúfað frá vatnsinntaki, notað salerni og síðan gleymt að skrúfa aftur fyrir vatnsinntakið. Þannig eigi undanþáguákvæði gr. 9.8.1 við í máli M. Í bréfi V er einnig skorað á nefndina að afla gagna úr máli tengdamóður M hjá öðru vátryggingafélagi vegna tjóns á innbúi hennar.

Álit.
Af lýsingum M af atvikum í október 2019 verður að leggja til grundvallar að hann hafi sjálfur farið að sumarbústað tengdamóður sinnar, farið þar inn til að kanna ástand bústaðarins, skrúfað frá vatnsinntaki til að nota salerni og að hann hafi síðan gleymt að skrúfa fyrir það aftur með þeim afleiðingum að tjón varð síðar um veturinn. Ofangreind háttsemi M er saknæm þó mögulega megi flokka hana sem minniháttar gáleysi. Ekki verður heldur dregið í efa að orsakatengsl séu milli umræddrar háttsemi og þess tjóns sem varð á sumarbústaðnum. Hvað varðar áskorun V um sjálfstæða gagnaöflun af hálfu nefndarinnar verður ekki fallist á að þar sem um að ræða gögn sem nefndinni ber að kalla sérstaklega eftir ef aðilar máls hafa ekki lagt þau fram.

Í vátryggingarskilmálum V eru tilteknar takmarkanir á gildissviði ábyrgðartryggingar M sem lúta að því að tjón á munum sem verða með ákveðnum hætti eru undanskilin greiðsluskyldu V. Þar hefur V byggt á gr. 9.8. þar sem kemur fram að vátryggingin bæti ekki tjón sem vátryggður ber ábyrgð á vegna skaðabótaábyrgðar hans sem eiganda eða notanda tiltekinna muna og annarra efnislegra verðmæta. Í gr. 9.8.1 kemur fram að vátryggingin bæti ekki tjón þegar vátryggður er eigandi eða notandi fasteignar.

Vátryggingarskilmála verður að skýra skv. orðanna hljóðan og ef vafi er um merkingu orða verður V alla jafna að bera hallann af slíku, í ljósi þess að V hefur einhliða samið samningsskilmála. Í gr. 9.8 kemur skýrlega fram að vátryggingin bæti ekki tjón sem verður þegar vátryggður er notandi fasteignar. Verður ekki hjá því komist að líta svo á að þegar M ákvað að fara inn í fasteign tengdamóður sinnar og skrúfa frá vatnsinntaki til að nota salerni hafi hann verið að nota fasteignina í skilningi gr. 9.8 og 9.8.1 í vátryggingarskilmálum V. M á þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á að tjón á sumarbústað tengdamóður hans sé bætt úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hans hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á að tjón á sumarbústað sé bætt úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hans hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 359/2020

M og
V v/ slysatryggingar launþega.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss fyrrverandi starfsmanns vátryggingafélags.

Gögn.
Málskot, móttekið 20.10.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 30.10.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M var starfsmaður V til áratuga en lét af störfum 3. apríl 2018. Í samkomulagi milli hans og V, dags. 24. ágúst 2017, kemur fram að M muni láta af störfum 3. apríl 2018. Þá segir orðrétt í samkomulaginu: „Starfsmannakjör trygginga verða í gildi til endurnýjunar 1. mars 2019."

M slasaðist á ferðalagi á Ströndum með fyrrum vinnufélögum hjá V 4. júlí 2018. Hefur M krafist bóta úr slysatryggingu launþega sem V hafði í gildi hjá sjálfu sér. Kveður M fyrrgreint ákvæði í starfslokasamningnum leiða til þess að slysatryggingin hafi ekki verið fallin úr gildi gagnvart honum þegar slysið varð. V hefur hafnað bótaskyldu úr slysatryggingunni.

Álit.
Í skilmálum fyrir slysatryggingu launþega hjá V segir að vátryggðir séu launþegar í starfi hjá vátryggingartaka, en í því tilviki sem hér um ræðir er V einnig vátryggingartakinn.

Slysatrygging launþegar byggist á ákvæðum í kjarasamningum vinnuveitenda og stéttarfélaga. Samkvæmt kjarasamningi milli VR og Samtaka atvinnulífsins, sem launakjör M munu hafa grundvallast á, tekur vátryggingin gildi gagnvart starfsmanni „þegar hann hefur störf fyrir atvinnurekanda (fer á launaskrá) og fellur úr gildi þegar hann hættir störfum."

Óumdeilt er að M hafði hætt störfum hjá M þegar hann slasaðist. Hann naut því ekki verndar samkvæmt slysatryggingunni, hvorki samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar né ákvæðum í kjarasamningi.

Ákvæði í samkomulagi um starfslok M hjá V um að starfsmannakjör trygginga yrðu í gildi til endurnýjunar 1. mars 2019 á einungis við um sérstök ráðningarkjör á þeim vátryggingum sem hann keypti hjá félaginu meðan hann var í ráðningarsambandi við félagið, þ.e. að hann nyti þess afsláttar sem hann hafði sem starfsmaður fram að endurnýjun vátrygginganna 1. mars 2019. Í þessu samkomulagsákvæði gat á engan hátt falist að hann skyldi njóta vátryggingarverndar samkvæmt slysatryggingu launþegar eftir að hann hætti störfum hjá félaginu. Ekkert liggur því fyrir í málinu sem sýnir fram á að M skyldi njóta verndar samkvæmt slysatryggingu launþega eftir að hann lét af störfum hjá V. Hann á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 24. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 360/2020

M og
V vegna slysatryggingar launþega A

Ágreiningur um hvort tilkynnt hafi verið um frítímaslys innan tilkynningarfrests.

Gögn.
Málskot, móttekið 20.10.2020 ásamt fylgiskjölum 1-20.
Bréf V, dags. 05.11.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 5. nóvember 2017 hafi M orðið fyrir frítímaslysi er hann datt í hálku og slasaðist á fæti. Á slysdegi hafi M notið vátryggingarverndar slysatryggingar launþega hjá A þar sem hann starfar. Slysið hafi verið tilkynnt V með tölvupósti, dags. 10. september 2019, en V hafi, með bréfi dags. 21. október 2019, hafnað bótaskyldu með þeim rökum að tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, hafi verið runninn út. M er ósammála þeirri afstöðu. M hafi leitað til læknis 8. og 29. nóvember 2017 og þá fengið þær upplýsingar að endurmeta ætti stöðuna tveimur mánuðum síðar. M hafi verið óvinnufær vegna slyssins frá 5. mars til 18. maí 2018, þegar hann fékk leiðbeiningar hjá bæklunarlækni um að minnka álag á fótinn næstu þrjá mánuði. Hafi dregið úr verkjum við það og við komu M til bæklunarlæknis, hinn 17. ágúst 2018, hafi honum verið ráðlagt að auka aftur álag á fótinn enda hafi allt verið eðlilegt við skoðun. Í kjölfar þess, á árinu 2019, hafi einkenni M farið versnandi. M hafi því ekki gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins fyrr en á árinu 2019, eftir að aukið álag á fótinn leiddi til vaxandi verkja. Hafi tilkynning hans um slysið því borist V innan lögbundinna tímamarka. Það breyti ekki þeirri afstöðu að M hafi þegar verið búinn að fá vottorð í þeim tilgangi að sækja bætur vegna tímabundinnar óvinnufærni til annars vátryggingafélags, enda hafi hann á þeim tíma talið að einungis væri um tímabundnar, en ekki varanlegar, afleiðingar að ræða.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu að ekkert í gögnum málsins gefi til kynna að miða skuli upphaf tilkynningarfrests við annað tímamark en tjónsdag, enda hafi M haft viðvarandi verki frá ökkla allt frá tjónsdegi. M hafi fyrst hitt lækni vegna atviksins hinn 29. nóvember 2017, og hafi verið sendur í segulómun hinn 22. febrúar 2018. Hinn 5. mars 2018 hafi M verið kynntar niðurstöður hennar, en segulómun hafi leitt í ljós „beinbjúg í talus og osteochondral brot, ótilfært í medial horni“ og í kjölfarið hafi M verið ráðlögð hvíld í sex til átta vikur. Á þeim tíma hafi M því mátt vita hvaða einkenni hlutust af slysinu. Jafnvel þó miðað væri við síðara tímamark, þ.e. þegar M leitaði til bæklunarlæknis 18. maí 2020, væri árs tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga liðinn við tilkynningu. Þá hafi M tilkynnt því vátryggingafélagi sem hann var sjálfur í viðskiptum við um tjónið áður, en M hafi óskað eftir vottorði vegna tilkynningar til þess félags í apríl 2018, og verði því að miða við að a.m.k. þá hafi honum verið kunnugt um afleiðingarnar. Hvað sem öðru líði liggi svo ekki fyrir mat á afleiðingum slyssins, en örorkumat skuli undantekningarlaust fara fram í síðasta lagi þremur árum eftir slysdag, og sé sá frestur liðinn. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.
Sem fyrr segir varð M fyrir frítímaslysi hinn 5. nóvember 2017 og tilkynnti hann V um slysið í september 2019 með tjónstilkynningu dags. 6. september 2019. Af gögnum fyrir nefndinni má ráða að hann hafi fyrst haft samband við heilsugæslu vegna atviksins hinn 8. nóvember 2017. Þá er skráð koma á heilsugæslu hinn 29. nóvember sama ár og aftur 5. mars 2018, en þá lágu fyrir niðurstöður myndgreiningar. Var M þá ráðlögð hvíld í 6-8 vikur og var hann óvinnufær vegna áverkans frá þeim degi og til 18. maí 2018. Þann dag hitti M bæklunarlækni og var þá ráðlagt að hlífa fætinum næstu þrjá mánuði, sinna aðeins léttari verkefnum í starfi sínu, og nota hækjur. Hinn 10. ágúst 2018 fór M aftur til sérfræðilæknis og var honum þá ráðlagt að fara varlega og nota ökklaspelku auk bólgueyðandi lyfja, en jafnframt kemur fram að honum sé ráðlagt að fara aftur til fyrri starfa og fram kemur að hann geti stundað útreiðar. Má því draga þá ályktun að á þessum tíma hafi einkenni M verið vægari, hann hafi náð töluverðum bata og jafnvel átt von um fullan bata, en ekki kemur fram að endurkoma eða

frekari úrræði hafi verið fyrirhuguð nema ef „illa gengur í framtíðinni“. Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti var það ekki fyrr en eftir þetta tímamark, eða á árinu 2019, sem einkenni M fóru aftur vaxandi. Í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga segir að sá sem eigi rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. V hefur hafnað kröfu M með vísan til þess að umræddur tilkynningarfrestur hafi verið liðinn þegar V barst tjónstilkynning M, í september 2019. Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður að áætla að nokkur tími hafi liðið frá komu M til læknis hinn 10. ágúst 2018 og þar til hann hafði vitneskju um þau atvik sem krafa hans er reist á, en verður ekki annað ráðið en að á þeim tíma hafi verið til staðar von um fullan bata. Verður því að miða við að umræddur tilkynningarfrestur hafi ekki byrjað að líða fyrr en í lok árs 2018. Verður þar af leiðandi að líta svo á að tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi ekki verið liðinn þegar M tilkynnti V um tjón sitt um einu ári og tíu mánuðum eftir umræddan tjónsatburð. Breytir það ekki þeirri afstöðu þó M hafi áður tilkynnt öðru vátryggingafélagi um umræddan tjónsatburð, enda liggur ekki annað fyrir en að í því tilviki hafi verið um að ræða bótakröfu vegna tímabundins atvinnutjóns.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík, 1. desember 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 361/2020

V v/ ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um bótaskyldu vegna frágangs við frárennsli á heitum potti.

Gögn.
Málskot móttekið 22.10.2020 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7.
Bréf V dags. 6.11.2020.
Bréf M dags. 24.11.2020.

Málsatvik.
Í málsskoti kemur fram að síðla sumars 2019 hafi M staðið að því að setja upp heitan pott í bakgarði fasteignar sinnar. Um sé að ræða heitan pott sem fylltur er með hitaveituvatni í hvert skipti sem hann er notaður og að hann sé tæmdur eftir hverja notkun. Stærð pottsins sé 2 x 2 metrar og rúmmál hans u.þ.b. 1400 lítrar. Þegar potturinn er í notkun sé sírennsli í honum. Þá segir að M hafi fengið pípulagningameistara á vegum X til að sjá um að tengja pottinn við pípulagnir. Starfsmenn X hafi tengt affall pottsins við drenlögn sem er til staðar meðfram norðausturhlið hússins.

Kveðst M hafa orðið vör við raka fyrir miðju hússins í byrjun árs 2020. Raki sé í gólfplötu, sem hafi leitt til rakaskemmda á gólfefnum húseignarinnar. Í kjölfarið hafi lagnir húseignarinnar verið skoðaðar og niðurstaðan verið sú að hitalagnir í gólfi, vatnslagnir og frárennslislagnir sem veita vatni frá húsinu hafi verið í lagi. Málskoti M fylgir minnisblað um málið frá VSB verkfræðistofu, dags. 22.7.2020. Þar kemur fram að orsök hækkaðs raka í gólfplötunni sé sú að við tæmingu heitum potti renni 31-41° heitt vatn frá pottinum í jarðvegslögn (drenlögn) og þaðan út í jarðveginn. Jarðvegurinn undir húsinu mettist því af vatni sem er álíka heitt og gólfhitinn í plötunni. Þar af leiðandi nái gólfhitinn ekki að bægja rakanum frá og hann komist því upp í plötuna.

Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna þeirra rakaskemmda sem orðið hafa á gólfefnum húseignarinnar. Telur M að X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að tengja affall pottsins við umrædda jarðvegslögn (drenlögn) í stað þess að tengja hana við frárennslislagnir hússins og að tjónið verði rakið til þeirrar háttsemi.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að starfsmenn X hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi með því að tengja frárennsli á heitum potti í drenlögn. Þá vísar M til þess að meginorsök tjónsins sé sú að galli sé í drenlögnum hússins og gólfplötu, þ.e. að göt á drenlögnum séu rangt staðsett auk þess sem sprungur sé í steyptri gólfplötu hússins.

Álit.
Óumdeilt er að starfsmenn X tengdu affall á heitum potti við fasteign M við drenlögn. Enn fremur virðist ekki deilt um að skemmdir á gólfefnum í húseign M verða raktar til vatns sem leitt var í drenlögnina. Ágreiningur aðila snýr aðallega að því hvort í því felist saknæm háttsemi af hálfu X að hafa tengt frárennsli á heitum potti við drenlögn hússins.

Almennt er viðurkennt að veita skuli frárennsli frá heimilum í svokallaðar fráveitulagnir. En skilgreiningu á fráveitulögnum má m.a. finna í 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. En þar segir orðrétt:

Fráveita: Leiðslukerfi og búnaður til meðhöndlunar og hreinsunar skólps. Til fráveitu telst allt lagnakerfi sem flytur frárennsli frá heimilum, stofnunum, atvinnufyrirtækjum, götum, gönguleiðum, lóðum og opnum svæðum, svo sem tengingar við einstakar fasteignir, niðurföll, svelgir, brunnar, safnkerfi, tengiræsi, sniðræsi, stofnlagnir, yfirföll og útræsi.

Þá er að finna skilgreiningu á markmiðum fráveitulagna í 14.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, þar sem m.a. kemur fram að fráveitulagnir bygginga skuli vera þéttar til að fyrirbyggja leka úr lögn við mögulegan hámarksþrýsting og að ekki sé hætta á að menga nánasta umhverfi lagnanna o.s.fr.

Drenlagnir gegna hins vegar allt öðru hlutverki en fráveitulagnir. Hlutverk þeirra er fyrst og fremst að draga til sín vatn úr nærliggjandi jarðvegi þannig að ekki sé hætta á að jarðvatn og vatnssöfnun geti valdið skaða á byggingum. Til skýringar er eru drenlagnir jafnan gerðar úr frárennslisrörum með götum að ofanverðu til þess að jarðvegsvatn geti átt leið inn í rörið. Rennur jarðvegsvatnið svo um rörið þangað sem því er veitt í fráveitu.

Með hliðsjón af framangreindu verður að teljast ljóst að drenlagnir eru ekki til þess fallnar að taka við frárennsli frá heitum pottum eða hreinlætistækjum heimila. Þá er jafnframt ljóst að þegar vatni er leitt um slíkar lagnir í jafn miklu mæli og hér um ræðir er talsverð hætta á að vatnið berist í jarðveginn í kring með tilheyrandi tjóni. Verður því að líta svo á að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að tengja frárennsli af heitum potti í drenlagnir hússins. Þá telur nefndin ósannað að tjónið verði að einhverju leyti rakið til meintra galla í drenlögnum eða gólfplötu húseignarinnar. Bótaskylda er þar af leiðandi fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 362/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar.

Gildissvið ábyrgðartryggingar vegna tjóns á þaki.

Gögn.
Málskot móttekið 23. október 2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 23. október 2020.

Málsatvik.
Af takmörkuðum gögnum málsins má sjá að starfsmenn M hafi verið að vinna við uppsetningu reykrörs á húseign þegar tjón varð á þakplötum húseignarinnar. Starfsmenn M höfðu ekki sett upp sérstakar varnir til að sporna við slíku tjóni, en ekki virðist heldur komist hjá því að ganga um þakið við framkvæmd verksins.

M telur að greiða eigi bætur vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu hans. M mótmælir rökstuðningi sem kom fram í höfnun V á tjóninu þar sem komi fram að starfsmenn M hafi verið með þak húseignarinnar í vörslum sinni. M bendir á að tjón hafi ekki orðið á því sem starfsmenn fyrirtækisins voru að vinna við heldur því sem undir fótum þeirra var þegar þeir unnu við reykrörið.

V telur að undanþáguákvæði vátryggingarskilmála í c.lið gr. 7.1 eigi við um tjón það sem M hefur gert kröfu um að bótaskylt sé af hálfu félagsins. Þar komi fram að félagið bæti ekki tjón vegna skemmda á munum sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætt, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. V telur að M hafi haft þakið í heild sinni í vörslum sínum þar sem ekki sé hægt að skilja það frá reykrörinu sem verið var að vinna við að setja upp. Einnig vísar V til tiltekinna úrskurða í málum nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Álit:
Af gögnum málsins virðist ekki vera ágreiningur um að tjón varð á þakplötum á húseign vegna háttsemi starfsmanna M þegar þeir voru að vinna við uppsetningu á reykröri á þaki húseignarinnar. Í vátryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar M hjá V kemur m.a. fram í gr. 3.1 að vátryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna skemmda á munum. Í 7. gr. er síðan gerð grein fyrir almennum undantekningum vegna skemmda á munum. Í c.lið gr. 7.1 kemur nánar tiltekið fram að vátryggingin taki ekki til skemmda á munum sem „*..vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.*“ Þetta undanþáguákvæði er skýrt en nauðsynlegt er að skilgreina í þessu máli hvort M var með einum eða öðrum hætti að vinna við þak húseignarinnar þegar reykrörið var sett upp. Af myndum af vettvangi verður ekki annað séð en að starfsmenn M hafi ekki komist hjá því að fara um þakið til að komast að umræddu reykröri. Það er staðsett á þakinu og ekki hægt að skilja það frá því. Verður því ekki hjá því komist að líta svo á að M hafi verið að vinna við þakið með einum eða öðrum hætti við uppsetningu reykrörsins þegar tjón varð á þakplötum. Ábyrgðartrygging M hjá V tekur ekki til slíkra tjóna á munum skv. áðurnefndum c. lið gr. 7.1 í vátryggingarskilmálum.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á að tjón á þakplötum sé bætt úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 17. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 363/2020

M og
V v/ greiðslukortatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr forfallatryggingu vegna veikinda.

Gögn.
Málskot, móttekið 23.10.2020, ásamt fylgigögnum ásamt síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 6.11.2020.

Málsatvik.
M hafði keypt sér flugfarseðil til Gdansk í Póllandi með brottför 22. ágúst 2020 og heimkomu 5. september sama ár. Verð farseðilsins mun hafa numið 441,18 evrum. Með tjónstilkynningu 28. júlí 2020 gerði M kröfu um endurgreiðslu flugfarseðilsins úr forfallatryggingarlið greiðslukortatryggingar sem hún hafði í gildi hjá V þar sem hún hefði greinst með krabbamein og kæmist því ekki í ferðina.

V hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að viðkomandi flugfélag hafi boðið M inneign að fjárhæð 421,18 evrur þannig að eftir stæðu 20 evrur sem væru innan eigin áhættu M í tjóninu.

M kveður V vera óheimilt að hafna endurgreiðslu þar sem inneign hjá flugfélaginu væri ekki lögmætur greiðslueyrir sem jafngilti endurgreiðslu farseðilsins eins og V væri skylt að inna af hendi. Að auki hafi inneignin einungis verið í boði í þrjá mánuði og hún hafi ekki getað nýtt inneignina innan þessara tímamarka, m.a. vegna veikinda sinna og læknismeðferðar vegna þeirra.

Álit.
Samkvæmt vátryggingarskilmálum forfallatryggingar þeirrar sem hér á í hlut bætir félagið bætir ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, að hámarki kr. 700.000 vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar, ef hinn vátryggði kemst ekki í ferð af nánar tilgreindum ástæðum, þ. á m. veikinda hins vátryggða.

Í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 103/2020, þar sem reyndi á sama skilmálaákvæði, var komist að þeirri niðurstöðu að samkvæmt orðalagi ákvæðisins sé skilyrði bótagreiðslu úr vátryggingunni að áfallinn ferðakostnaður fáist ekki endurgreiddur. Þá segir svo í úrskurðinum, orðrétt: „Ágreiningslaust er að A hefur boðið M og X gjafabréf eða inneignarnótu og nemur verðgildi þess helmingi af verði ferðarinnar. Verður því að telja að helmingur ferðakostnaðar M og X hafi, í skilningi ofangreinds ákvæðis, verið endurgreiddur, en ekki verður séð að ákvæðið beri það með sér að endurgreiðslan þurfi að vera í sama greiðslueyri og upphafleg kaup fóru fram í. Þannig verður að líta svo á endurgreiðsla vegna ferðakostnaðar fáist, sbr. orðalag áðurnefndrar skilmálagreinar, og skiptir þá ekki máli við mat á því að M og X hafi ekki tekið við umræddri endurgreiðslu eða tekið ákvörðun um hvort þau nýti sér hana.“

Í ljósi niðurstöðu nefndarinnar í framangreindu máli verður að líta svo á að inneign hjá viðkomandi flugfélagi hafi í tilviki M jafngilt endurgreiðslu flugfarseðilsins að þeirri fjárhæð sem nam inneigninni. Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu sem staðfesta að einungis hafi verið unnt að nýta umrædda inneign í þrjá mánuði eða að M hafi verið útilokuð frá því að nýta sér inneignina vegna veikinda sinna. Eigin áhætta í hverju tjóni nemur 25.000 krónum. Mismunur á verði flugfarseðilsins og inneignarinnar er innan marka eigin áhættunnar. Af þessu leiðir að M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingarlið greiðslukortatryggingarinnar hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu hjá V.

Reykjavík, 1. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 364/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um bótaskyldu vegna óhreininda í hitastýringarkerfi.

Gögn.
Málskot móttekið 23. október 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 9. nóvember 2020 ásamt fylgiskjölum 1-4.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 10. nóvember 2020 ásamt tæknilegum tengiskilmálum hitaveitna.

Málsatvik.
Í málskoti lýsir M atvikum svo að svartar agnir, sót eða annað efni hafi verið í heitu vatni sem komi inn í húseign M þannig að tjón hafi orðið á hitastýringarkerfi við heitan pott í húseigninni. M lýsir því að umrædd hitastýring hafi verið keypt árið 2016 og fyrir um tveimur árum hafi þrýstingur á heita vatnið minnkað þá hafi komið í ljós, eftir heimsókn frá starfsmanni X, að inntakssía á hitagrind húseignarinnar hafi verið full af svörtum ögnum sem hafi verið hreinsaðar burt og eftir það hafi þrýstingur batnað. Síðan þá hafi M verið að skipta út blöndunartækjum í húsinu og rekur það til óhreininda í heita vatninu sem farið hafi í tækin. M vísar síðan til þess að framleiðandi hitastýringarkerfis fyrir heita pottinn hafi fengið kerfið til skoðunar og niðurstaða hans hafi verið sú að kerfið væri fullt af skít og kísil. M kveðst hafa athugað hvort það hefði getað borist með kalda vatninu en fengið þær skýringar að síur vegna þess væru hreinar.

M telur að óhreinindi sem hafi leitt til tjóns á umræddu hitastýringarkerfi fyrir heitan pott hafi komið með heitu vatni sem stýrt er til notenda frá X. M vísar til upplýsinga á íbúasíðum í hverfi hans um að notendur heita vatnsins þar hafi orði varir við óhreinindi í síum sem og vísar M til þess að lagnir frá X hafi bilað í hverfinu, síðast í október sl. M vísar til þess að hvergi komi fram viðvaranir frá X um að það geti verið mengun; sót, sandur eða annar skítur í því heita vatni sem starfar frá X. Einnig bendir M á að hvergi í leiðbeiningum eða upplýsingum frá X komi fram að ekki sé æskilegt að tengja hitastýringarkerfi fyrir potta með ákveðnum hætti. Einnig vísar M til þess að í tæknilegum tengiskilmálum hitaveitna komi fram upplýsingar um síur og hlutverk hitaveitna að hreinsa þær, en M telur að X hafi ekki sinnt því hlutverki sínu nægilega vel og bendir einnig á að verið sé að laga lagnir rétt við húseign hans í nóvember 2020, þegar viðbótarathugasemdir hans eru skrifaðar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið hafi óskað eftir umsögn frá X í tengslum við mál M og í þeirri umsögn komi fram að ekki hafi borist sambærilegar kvartanir frá öðrum íbúum þess hverfis sem M býr í. V telur að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að óhreinindi í hitastýringarkerfi M séu rakin til mistaka við vinnu X eða annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. V bendir á að eðli málsins samkvæmt geti einhver óhreinindi borist með vatns- og hitaveitu þar sem vatni sé dælt upp úr jörðu og þannig leitt í húseignir í gegnum lagnakerfi. Einnig bendir V á að þegar sett séu upp sérstök kerfi t.d. til hitastýringar verði að taka tillit til staðbundinna rekstrarskilyrða hitaveitu þannig að hönnun hitakerfa og efnisval taki mið af þeim. Eins vísar V til þess að skv. 13. gr. reglugerðar nr. 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur þar sem kveðið sé á um takmarkaða ábyrgð X.

Álit.
Til þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi verður að sýna fram á að athafnir eða athafnaleysi X, eða aðila sem það ber ábyrgð á, hafi leitt til umrædds tjóns. Sönnunarbyrði hvílir skv. almennum sönnunarreglum á þeim sem heldur því fram að svo sé, eða M í þessu máli. Í málsgögnum liggja fyrir gögn um að einhvers konar óhreinindi hafi komist inn í hitastýringarkerfi fyrir heitan pott í húseign M, en ekki liggur fyrir sérstakt mat á því hvaðan þau koma eða hvort hægt hafi verið að koma í veg fyrir þau af hálfu X með einhverjum hætti. Þau gögn sem M leggur fram um möguleg óhreinindi hjá nágrönnum eða bilanir á lögnum nýverið duga ekki til þess að sýna fram á að tjón hans megi rekja til atvika eða ástands sem X ber skaðabótaábyrgð á. Verður því ekki fallist á að sýnt hafi verið fram á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 1. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 365/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartrygginga bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs á bifreiðastæði hinn 20. október 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 23.10.2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 23.11.2020 ásamt fylgiskjali.
Bréf V2, dags. 07.12.2020 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Hinn 20. október 2020 varð árekstur milli A, sem M ók umrætt sinn, og B, á bifreiðastæði við Þverholt í Reykjavík. Skýrsla Aðstoðar & öryggis um atvikið liggur fyrir og þar er haft eftir M að hann hafi verið að bakka A úr bifreiðastæði, hafi litið til hægri en enga bifreið séð og því haldið akstrinum áfram, en þá hafi B ekið á bifreiðina. Samkvæmt framburði ökumanns B var B ekið niður bílaplanið og hafi ökumaður B verið að horfa í hina áttina þegar A bakkaði úr stæði og bifreiðarnar lentu saman. Í málskoti kemur fram að M telji að B beri ábyrgð á árekstrinum. M hafi ekki séð neina aðra bifreið þegar hann bakkaði A úr bifreiðastæði, þegar hann hafi ætlað að taka A úr bakkgír hafi B hins vegar rekist á hana. Á slysstað séu engin umferðarmerki og gildi því aðeins regla um forgang frá hægri og því hefði B átt að veita A forgang.

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, skilar ekki sérstökum athugasemdum vegna málsins.

V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að ökumaður A beri alla ábyrgð á umræddum árekstri þar eð hann hafi ekið aftur á bak án nægrar aðgæslu, sbr. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Álit:
Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga kemur fram að áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Af ummælum þeim sem höfð eru eftir M í skýrslu Aðstoðar & öryggis, þ.e. að M hafi ekki orðið var við aðrar bifreiðar og því haldið akstrinum áfram en þá hafi bifreiðarnar rekist saman, má þá ráða að A hafi verið á ferð í aðdraganda árekstrar. Verður því að telja að M hafi ekki hagað akstri sínum í samræmi við fyrrgreint lagaákvæði. Verður þá ekki fallist á það með M að B hafi borið að veita A forgang þar sem A var B til hægri handar, enda verður ekki séð að ákvæði 26. gr. umferðarlaga, um skyldu til að veita forgang, eigi við um aðstæður í þessu tilviki. Á grundvelli framangreinds verður það þá ekki metið B til sakar að hann hafi, samkvæmt framburði sínum, litið í aðra átt í aðdraganda árekstrar. Ber ökumaður A því alla sök á árekstri bifreiðanna.

Niðurstaða.
Ökumaður bifreiðarinnar A, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík 19. janúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 366/2020

M og
V vegna slysatryggingar ökumanns A

Ágreiningur um hvort tilkynnt hafi verið um slys innan tilkynningarfrests.

Gögn.
Málskot, móttekið 16.10.2020 ásamt fylgiskjölum 1-7.
Bréf V, dags. 09.11.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 10. febrúar 2019, hafi orðið árekstur með bifreiðunum A, sem M ók, og B. Hafi M fengið á sig högg og leitað samdægurs á læknavakt. M telji tjón sitt vegna þessa bótaskylt úr lögboðinni ökutækjatryggingu en V hafi hafnað kröfum hennar, með bréfi dags. 3. júní 2020, á þeim grundvelli að tilkynningarfrestur hafi verið liðinn þegar M tilkynnti V um tjón sitt. M fellir sig ekki við þá afstöðu og telur tilkynningarfrest skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga ekki hafa verið liðinn þegar M tilkynnti V um tjónið. Gert sé ráð fyrir því að sá sem krefst bóta glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð innan árs frá því að tjónþoli fékk vitneskju um tjón sitt. Verði ekki litið svo á að sú vitneskja M hafi verið til staðar allt frá því að hún leitaði fyrst læknis. Upphafstími þess frestar sé háður mati og erfitt geti verið að festa hönd á því hvenær tjónþolar megi almennt gera sér grein fyrir því að afleiðingar tjónsatburðar séu varanlegar, og geti langur tími liðið frá slysi og þar til tjónþolar gera sér grein fyrir því, enda geri þeir í langflestum tilvikum ráð fyrir því að áverkar jafni sig með tímanum. Í tilviki M hafi tjón hennar verið tilkynnt til M fjórtán mánuðum eftir umrætt atvik, eða í apríl 2020, en M hafi fyrst gert sér grein fyrir því í mars 2020, er hún leitaði til læknis að nýju vegna vaxandi verkja, að afleiðingar slyssins væru varanlegar. Hafi ársfrestur samkvæmt tilvitnuðu lagaákvæði því ekki verið liðinn þegar M tilkynnti um tjón sitt.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, segir að M hafi leitað til læknis á tjónsdegi hinn 10. febrúar 2019, og þá fundið fyrir verk í öxl, upp í háls og niður í hægra herðablað. Þá liggi fyrir beiðni um sjúkraþjálfun, dags. 19. mars 2020, þar sem fram komi að M hafi skyndilega fengið sting í hægri rasskinn sem leiddi niður í hægra læra, og að M hafi lent í aftanákeyrslu um ári fyrr og eftir það haft króníska verki í öxlum og hálshrygg. Ekki liggi fyrir frekari sjúkraupplýsingar. Tjónstilkynning M til V hafi verið dagsett 22. janúar 2020, en hafi ekki borist V fyrr en með tölvupósti dags. 22. apríl 2020. Á þeim tíma hafi tilkynningarfrestur, skv. skilmálum vátryggingarinnar og 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga verið liðinn. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.
Sem fyrr segir lenti M í árekstri hinn 10. febrúar 2019. Hún leitaði samdægurs á læknavakt þar sem hún lýsti verkjum í hægri öxl og upp í háls og niður með hægra herðablaði. Þá liggur fyrir nefndinni beiðni til Sjúkratrygginga Íslands um sjúkraþjálfun, dags. 19. mars 2020, en þar kemur fram að M hafi fundið fyrir krónískum verkjum í öxlum/hálshrygg allt frá umræddum árekstri. Í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga segir að sá sem eigi rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. Þessi regla verður ekki túlkuð sem svo að umræddur ársfrestur renni sjálfkrafa út þegar ár er frá tjónsatburði sem slíkum. V hefur hafnað kröfu M með vísan til þess að umræddur tilkynningarfrestur hafi verið liðinn þegar V barst tjónstilkynning M, hinn 22. apríl 2020. Af þeim gögnum sem stafa frá V verður ekki ráðið við hvaða tímamark V telur rétt að miða, en verður á grundvelli afstöðu V að draga þá ályktun að V telji M hafa haft vitneskju um þau atvik sem krafa hennar er reist á í síðasta lagi hinn 21. apríl 2019. Á það verður ekki fallist, en á þeim degi voru tveir mánuðir og ellefu dagar liðnir frá tjónsatburði. Þó læknisfræðileg gögn fyrir nefndinni mættu vera ítarlegri verður þannig að ætla, ekki síst þegar um einkenni frá stoðkerfi er að ræða eins og í tilviki M, að nokkur tími geti liðið frá tjónsatburði og þar til gera megi ráð fyrir að tjónþoli hafi vitneskju um afleiðingar tjónsatburðar, þ.e. atvik að baki kröfu sinni. Verður að telja að tveir mánuðir og ellefu dagar séu vel innan marka í þessu tilviki enda megi gera ráð fyrir því að á þeim tíma hafi M enn getað vænst þess að einkenni hennar gengju til baka. Verður því að telja að tilkynningarfrestur

skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi ekki verið liðinn þegar M tilkynnti V um tjón sitt rúmum 14 mánuðum eftir umræddan árekstur.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A hjá V.

Reykjavík, 1. desember 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 367/2020

M og
V vegna áhafnartryggingar A

Ágreiningur um hvort 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 eigi við.

Gögn.
Málskot, dags. 26.10.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 17.11.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 4. ágúst 2017 hafi M slasast við störf sín hjá A. M hafi talið að A hafi tilkynnt V um atvikið en síðar hafi komið í ljós að A sendi aðeins tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, en ekki V. Hafi M því tilkynnt V um tjón sitt hinn 24. febrúar 2020, en V hafi hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 25. mars 2020, og rökstutt þá afstöðu með vísan til 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og telur hana byggða á röngum forsendum. Umrædd lagagrein kveði á um að sá sem eigi rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. Í 3. gr. sömu laga segi að óheimilt sé að víkja frá ákvæðum laganna með samningi leiði það til lakari réttar þess sem öðlist kröfu á hendur vátryggingafélagi samkvæmt vátryggingarsamningi. Vissulega megi því semja um betri rétt vátryggðs en leiða megi af lögunum. Hvergi sé minnst á 124. gr. laga um vátryggingarsamninga í viðeigandi skilmálum. Einungis sé gengið út frá því að slys sé tilkynnt fljótt en engin firring bótaréttar sé tilgreind farist slík tilkynning fyrir. Sé tilvísun V til 124. gr. því haldlaus enda geti skilmálar falið í sér ríkari rétt en leiði af lögunum. Enn fremur hafi það verið á ábyrgð A sem vinnuveitanda, en ekki M, að tilkynna V um slysið og sé ekki hægt að firra M bótarétti vegna þeirrar handvammar A að tilkynna ekki um atvikið. Hvergi sé minnst á það í umræddum skilmálum að M hafi borið að tilkynna um tjón sitt, og verði slík skylda því ekki lögð á hann en óskýra skilmála verði að túlka neytanda í hag.

Í bréfi V til nefndarinnar er röksemdum M um að 124 gr. laganna eigi ekki við um ágreining aðila hafnað, enda sé margoft vísað til laga um vátryggingarsamninga í umræddum skilmálum. Af læknisfræðilegum gögnum megi ráða að M hafi gengist undir aðgerð vegna slyssins og verið óvinnufær til 7. júlí 2018. Af gögnum megi þá ráða að einkenni M þá hafi verið þau sömu og hann fann fyrir er hann tilkynnti V um tjón sitt. Hafi tilkynning M til V, hinn 24. febrúar 2020, því verið of seint fram komin. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.
Í skilmálum umræddrar vátryggingar segir, í gr. 1.1: „*Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.*“ Með vísan til þessa orðalags í skilmálunum þar sem fram kemur að lög um vátryggingarsamninga nr. 30/3004 gildi um skilmála vátryggingarinnar að öðru leyti en kveðið sé á um í skilmálunum er ekki unnt að líta svo á að vísa skuli sérstaklega til 1. mgr. 124. gr. laganna í skilmálunum svo hún eigi við í lögskiptum aðila. Það breytir ekki þeirri afstöðu þó í vátryggingarskilmálum sé einnig tekið fram að slys skuli tilkynna þegar í stað og verður ekki fallist á það með M að í slíkum tilvikum þurfi jafnframt að koma fram í skilmálum hverju það varði sé það ekki gert. Í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga segir að sá sem eigi rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að í kjölfar þess klemmuáverka sem M hlaut í slysinu hafi hann fundið fyrir dofaverkjum í vinstri hendi. Hafi hann því gengist undir uppskurð hinn 25. maí 2018 og verið óvinnufær í kjölfar hans, til 7. júlí 2018. Í læknisvottorði dags. 9. mars 2020, kemur einnig fram að í tengslum við gerð vottorðsins hafi verið haft samband við M símleiðis. Er haft eftir M að hann hafi verið nokkra mánuði að jafna sig alveg eftir skurðaðgerðina en að öðru leyti hafi hann ekki jafnað sig nógu vel, og sé enn með talsverðan verk á úlnliðssvæði. Af þessu verður ekki annað ráðið en að einkenni M hafi verið viðvarandi allt frá því hann gekkst undir aðgerðina, og raunar virðist ekki

ágreiningur um það. Verður þar af leiðandi að byggja á því að tilkynningarfrestur samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi byrjað að líða í síðasta lagi í lok árs 2018, enda hafi M þá haft vitneskju um atvik að baki kröfu sinni. Var umræddur frestur því liðinn þegar M tilkynnti um tjón sitt til V hinn 24. febrúar 2020. Þá verður ekki fallist á það með M að tilefni sé til að túlka skilmála V með öðrum hætti en leiðir af orðanna hljóðan. Samkvæmt framansögðu er kröfu hans því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr áhafnartryggingu A hjá Vþ

Reykjavík, 8. desember 2020
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 369/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss 16. september 2019.

Gögn.
Málskot dags. 23. október 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 18. nóvember 2020.
Bréf lögmanns M, dags. 29. nóvember 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi slasast þegar fiskikar hrundi niður úr gámi þegar hann var opnaður. M kveðst hafa verið við vinnu aðallega sem rafvirki og í verslun hjá út- og uppskipunarfyrirtæki þegar hann var fenginn til að aðstoða við að taka á móti gámi frá X. Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 30. desember 2019 er atvikinu lýst þannig að flutningabíll frá X hafi komið með gám fullan af tómum fiskikörum sem áttu að fara um borð í fiskiskip. Þegar M hafi opnað hurðir gámsins hafi eitt fiskikar hrunið niður úr gámnum og lent á M, en karinu hafi verið staflað á hlið ofan á annað kar sem einnig var á hlið.

M telur að líkamstjón hans megi rekja til þess að sá starfsmaður X sem hafi staflað fiskikörum inn í gám þann sem M opnaði hafi sýnt aðgæsluleysi við þá vinnu sem og að verklagsreglur X um stöflun fiskikara hafi skapað hættu. M telur augljósa slysahættu hafa verið af því að stafla fiskikörum á hlið en ekki hverju ofan á annað og hafi starfsmanni X átt að vera það ljóst. Einnig bendir M á að umrædd stöflun sé ekki í samræmi við sérstök fyrirmæli frá framleiðanda fiskikaranna og bendir á fyrirmæli sem eru birt á heimasíðu X um hleðslu gáma. Þar komi fram að það eigi aldrei að hlaða inn körum á hliðina í enda nema þau séu tryggilega fest. M bendir einnig á að umboðsmaður seljanda fiskikaranna hafi fengið upplýsingar um atvik í október 2017 sem næstum hafi endað með slysi vegna þess að körum hafi verið staflað á hlið við gámahurð og hafi umboðsmaðurinn ætlað að láta starfsmenn X vita af því. Einnig kemur fram í málskoti að verklagi hjá X hafi verið breytt varðandi lestun kara, þannig að ekki skuli lengur setja stöfluð kör fremst í gám heldur það skuli gert innar í gámnum, ef þarf.

V telur að X beri ekki skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M þar sem þekkt sé að farmur geti riðlast til eftir flutning á sjó og þurfi því alltaf að gæta vel að því þegar hurðar gáms eru opnaðar. V vísar til þess að M hafi ekki gætt þessa og m.v. hvernig hurðir gámsins séu opnaðar almennt þá hafi M og samstarfsmanni hans ekki geta dulist að körum hafi verið staflað á hlið. V vísar til ljósmyndar af vettvangi sem sýni legu kars við vinstri hurð gámsins. Einnig vísar V til þess að þegar framleiðandi karanna sendi þau til landsins í gámum komi þau stöfluð með þeim hætti sem starfsmenn X stafli þeim og hafi X hafnað því að rangri aðferð hafi verið beitt við hleðslu.

Álit.
Í málinu er ekki ágreiningur um að fiskikar hafi dottið úr gámi sem M var að opna og þannig hafi hann orðið fyrir líkamstjóni. Í málinu virðist heldur ekki vera umdeilt að það verklag hafi verið viðhaft við hleðslu gáma með fiskikörum að þeim hafi gjarnan verið staflað á hlið til að koma fleiri körum inn í gáminn. Það verklag telur X vera í samræmi við það sem framleiðandi karanna leggi upp með og að M hafi mátt vera ljóst að hættulegt gæti verið að opna gámahurð vegna hætti á að farmur færist til. Sérstaklega þegar litið er til þess sem V byggir á, um að farmur í gámi geti færst úr stað við flutninga, verður að gera þær kröfur til X að verklagsreglur um hleðslu gáma auki ekki á þegar þekkta hættu. Þegar litið er til aðstæðna sem uppi eru við vinnu M verður að ætlað að það standi X nær að upplýsa þá sem taka á móti gámum sem lestaðir eru fiskikörum með þeim hætti sem lýst er í gögnum málsins. Þá er átt við að vara hefði átt sérstaklega við því að fiskikörum geti verið staflað á hlið við hurð á gámi, en ekki eingöngu innar í gámnum. Auðvelt hefði verið að haga verklagi með þeim hætti og m.v. gögn málsins hefur X breytt verklagi sínu í þá átt eftir tjónsatvikið. Í ljósi þeirrar slysahættu sem fyrra verklag hafði í för með sér verður það metið starfsmönnum X til gáleysis að hafa staflað fiskkörum með þeim hætti að körum, sem staflað hafi verið á hlið, hafi verið staflað þannig við gámahurðina.

Það er því fyrir hendi bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Ekki verður séð af gögnum málsins að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi eða ásetning við vinnu sína, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 og þurfi þannig að bera ábyrgð á eigin líkamstjóni.

Niðurstaða.
M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 370/2020

M og
V v/ fasteignatryggingar íbúðarhúsnæðis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns.

Gögn.
Málskot, móttekið 22.10.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, móttekið 30.10.2020 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að um miðjan september 2020 hafi nágranni M tilkynnt henni um leka í fasteign hans, sem líklega stafaði frá fasteign hennar í Reykjavík. Komið hafi í ljós að vatn lak inni í vegg á bakvið eldhúsinnréttingu í fasteign M. Hafi M þá haft samband við V og verktaki á vegum V hafi gert við lekann. Í ljós hafi komið að við uppsetningu eldhúsinnréttingar hafi verið borað gat á skólplögn frá baðherbergi á efri hæð. Eftir að ákveðnar framkvæmdir vegna tjónsins höfðu átt sér stað hafi V tjáð M að umrætt tjón væri ekki bótaskylt þar sem ekki væri um skyndilegan og óvæntan leka að ræða. M mótmælir þeirri afstöðu og rekur í málskoti að hún telji þá athöfn að bora gat í rör skyndilega, þá hafi tjónið einnig uppgötvast skyndilega. Skólplagnir séu stundum tómar og því sé það skyndilegt þegar fyrsti dropinn lekur úr þeim. Það að V hafi þegar lagt í niðurbrot og viðgerðir vegna tjónsins bendi svo til þess að umræddir skilmálar séu óljósir og geti hún sem vátryggingartaki ekki borið hallann af því. Þá vísar M til upplýsinga af heimasíðu V, þar sem „leki frá vatnslás undir baðkari“ sé tiltekinn sem algengt tjón í fasteignatryggingu. M telur tjón sitt sambærilegt við leka frá vatnslás, enda sé líklegt að slíkur leki uppgötvist seint og illa. V hafi því ekki upplýst hana um að tjón á við hennar sé ekki bótaskylt, heldur segi þvert á móti, fyrirfram, að slíkt tjón bætist úr vátryggingunni og skólplagnir séu ekki undanskildar bótasviði vátryggingarinnar. Krefst M því bóta úr húseigendatryggingu sinni hjá V vegna tjónsins.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til höfnunarbréfs félagsins til M, dags. 23. september 2020. Þar kemur fram að félagið hafi, í kjölfar tjónstilkynningar hinn 17. september 2020, sent pípulagningarmann á vettvang og við skoðun hinn 22. september 2020 hafi komið í ljós að orsök lekans væri sú að borað hefði verið í fallstamma þegar eldhúsinnrétting var sett upp árið 1997 eða 1998. Því hafi verið um að langvarandi smit við notkun baðherbergis á hæðinni fyrir ofan að ræða. Þar sem ekki væri um skyndilegan og óvæntan leka að ræða var bótaskyldu því hafnað með vísan til skilmála vátryggingarinnar.

Álit.
Af gögnum málsins verður að telja ljóst að tjónið hafi orsakast með þeim hætti að vatn hafi lekið smám saman úr skólplögn sem borað var gat á við uppsetningu eldhúsinnréttingar mörgum árum áður. Skólplögnin hafi leitt frá baðherbergi á hæðinni fyrir ofan og því vætlað úr henni á tveimur stöðum við notkun niðurfalls úr salerni, vaski, baði eða sturtu. Smám saman hafi þetta leitt til rakaskemmda á vegg í fasteign M og aðliggjandi fasteign nágranna hennar. Tjón M er því að reka til þessa langvarandi leka. Í skilmálum viðeigandi vátryggingar, kemur m.a. fram í gr. 18.1 að vátryggingin bæti skemmdir á vátryggðri húseign af völdum vatns, sem eigi upptök sín innan veggja hússins, og stafa eingöngu af skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. Ljóst er að tjón M verður rakið til vatns sem á upptök sín innan veggja hússins og stafar af leka frá frárennslislögnum þess. Hins vegar er ekki unnt að fallast á það með henni að um sé að ræða skyndilegan og óvæntan leka, enda má ráða af gögnum málsins að leki hafi átt sér stað frá lögninni í a.m.k. tvo áratugi. Hvað varðar þá málsástæðu M að á heimasíðu V sé að finna dæmi um kostnað vegna bótaskyldra tjóna, og að þar sé sérstaklega tiltekinn leki frá vatnslás undir baðkari, sem sé sambærilegt tjón, þá verður ekki talið að í þeirri upptalningu felist óskilyrt skuldbinding af hálfu V til að bæta þess háttar tjón. Verður því að telja að komi til leka við slíkar kringumstæður verði eftir sem áður skilyrði skilmálanna, um að um skyndilegan og óvæntan leka sé að ræða, að vera uppfyllt. Samkvæmt öllu framansögðu er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 17. nóvember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 371/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu er M féll og slasaðist á vinnustað.

Gögn.
Málskot dags. 28.10.2020 ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf V dags. 23.11.2020 ásamt fylgiskjölum.
Viðbótarathugasemdir M dags. 25.11.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 10. október 2016, er hún var að störfum hjá A, slasast er hún rann og féll á hálu viðargólfi sem hafði verið olíuborið helgina áður. Hafi slysið haft alvarlegar og varanlegar heilsufarsafleiðingar í för með sér fyrir M. Atvikið hafi verið tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands hinn 2. september 2017 en engin tilkynning hafi verið send til Vinnueftirlitsins. M telur atvikið að rekja til vanbúnaðar á vinnustað og því sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A til staðar. A beri ábyrgð á að húsnæði sem notað er við starfsemi þess uppfylli kröfur laga og reglna og geti ekki komið sér undan þeirri ábyrgð með því að vísa á fyrirtækið sem hafi séð um að olíubera umrætt gólf. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 19. febrúar 2020.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að A hafi fengið fyrirtækið X til að olíubera umrætt gólf helgina 8.–9. október 2016. X hafi því unnið þetta verk sem verktaki, stýrt verkinu og ábyrgst árangur þess. Meginreglan sé þá sú að það sé verktaki, en ekki verkkaupi, sem beri ábyrgð á því tjóni sem hlýst af verkinu. Í öllu falli hefði X því átt að vara við því að gólfið væri hált, en A hafi með engu móti getað gert sér grein fyrir því. X hafi sett upp varúðarmerkingu eftir að umrætt atvik átti sér stað en auðveldlega hefði mátt stilla slíkri merkingu upp fyrr. Þá hafi umrætt atvik átt sér stað að morgni mánudags, áður en nokkuð af starfsfólki A vissi að gólfið væri hált. Tjón M verði því ekki rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi A, starfsmanna þess eða annarra atvika sem A beri ábyrgð á. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M þá afstöðu sína að A beri ábyrgð á því að húsnæði sem nýtt sé við starfsemina sé fullnægjandi og ekki þannig að starfsfólki stafi hætt af. Þá hafi slysið átt sér stað klukkan 14:00 á mánudegi, en ekki um morgun. Þá komi fram í gögnum málsins að yfirmaður A hafi í einhverju tilviki sent starfsfólk X heim þegar það var að þrifum um helgi og kunni það að hafa leitt til þess að X hafi horfið frá óloknu verki. Þar sem A hafi ekki hlutast til um rannsókn á atvikum né tilkynnt Vinnueftirlitinu um atvikið beri það hallann af sönnunarskorti um atvik málsins. Þá er áréttað að ekkert réttarsamband sé milli starfsfólks A og X, og það sé hlutverk A að tryggja umhverfi starfsmanna sinni, svo og að yfirfara verk þeirra verktaka sem starfi í húsnæðinu og tryggja að þau séu faglega unnin.

Álit:
Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess tjóns sem hún hafi orðið fyrir er hún féll á olíubornu gólfi á vinnustað sínum. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á. Engin vitni virðast hafa orðið að atvikinu, í það minnsta liggja ekki neinir framburðir vitna fyrir nefndinni, og myndbandsupptaka sem virðist hafa verið til staðar og sýna atvikið að hluta hefur ekki verið lögð fyrir nefndina. Er málið því ekki fyllilega upplýst að þessu leyti, en raunar virðist ekki ágreiningur um að M hafi runnið á viðargólfi sem hafi verið olíuborið helgina áður. Ekki er ljóst af gögnum málsins hvenær M tilkynnti vinnuveitanda um atvikið, eða hvenær hún leitaði fyrst læknis vegna afleiðinga þess. Þó liggur fyrir að M hafi ekki verið frá vinnu nema það sem eftir var af vinnudeginum 10. október 2016, og að hún hafi mætt til vinnu daginn eftir. Af framansögðu leiðir að ekki var skylt skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað,

hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum að tilkynna um atvikið til Vinnueftirlitsins og verður A því ekki látið bera hallann af mögulegum sönnunarskorti sem af því leiðir. Svo virðist þó sem X hafi verið gert viðvart um atvikið, og brugðist hafi verið við með því að vara við því að gólfið væri sleipt. Fyrir liggur að verktaki, X, var fenginn til að olíubera umrætt gólf og ekki liggur neitt fyrir um að A hafi haft sérstök afskipti af því verki, eða hafi mátt vita af hugsanlegum hættueiginleikum þess, en t.a.m. liggja engin gögn fyrir um það að A hafi fyrirskipað að verkið skyldi unnið á almennum vinnutíma starfsmanna þess eða að X hafi verið fyrirskipað að hætta í hálfunnu verki, eins og M virðist byggja á. Ekki telst því sýnt fram á að slys M verði rakið til atvika sem A beri skaðabótaábyrgð á og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 15. desember 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 372/2020

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags og
V2 v/ ábyrgðartryggingar gámafyrirtækis D

Ágreiningur um bótaskyldu er lok á ruslagámi fauk upp og olli skemmdum á bifreið.

Gögn.
Málskot, móttekið 30.10.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, dags. 13.11.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V2, dags 12.11.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 19. september 2020 hafði M lagt bifreið sinni, A á lóð tiltekins skóla sem B á og rekur. Á grasbala við hlið stöðureits sem A hafði verið lagt í hafði verið komið fyrir tveimur ruslagámum í eigu gámafyrirtækisins D. Gámarnir munu hafa verið ætlaðir undir rusl frá skólanum. Stóð annar þeirra allnærri stöðureitnum, sem A hafði verði lagt í og skáhallt á stefnu reitsins. Kveður M að umræddan dag hafi mikið hvassviðri gengið yfir landið og appelsínugul vindaviðvörun verið í gildi í nágrenni B. Skömmu eftir að M hafði lagt A í stöðureitinn hafi mikil vindhviða feykt upp lokinu á gámnum sem hafi hafnað á A og valdið skemmdum. M telur staðsetningu gámsins hafa verið glórulausa með tilliti þess hvernig gámarnir virka. Þá hafi slá sem unnt er að setja yfir lokið legið niðri. Telur M að starfsmenn B hafi, þrátt fyrir vindaviðvaranir, ekki tryggt með neinum hætti að lokið gæti ekki fokið upp. Þá hafi starfsmenn D sett gáminn niður allt of nærri stöðureitnum sem A var lagt í. Hefur M krafist bóta vegna tjónsins sem varð á A bæði úr ábyrgðartryggingu B hjá V1 og ábyrgðartryggingu D hjá V2.
Af hálfu V1 er á það bent að starfsmenn B loki ávallt umræddum gámi eftir að hafa sett sorp í hann með því að setja upp slána fyrir lokið og oft er honum einnig læst. Því sé ekki við starfsmenn B að sakast þótt lokið hafi fokið upp og lent á A. Hefur V1 hafnað bótaskyldu.
V2 kveður að nauðsynlegt hafi verið að færa gámana til vegna framkvæmda og starfsmenn D orðið að setja þá á umræddan stað til að geta þjónustað þá. V2 hefur sömuleiðis hafnað bótaskyldu.

Álit.
M hefur sönnunarbyrði um að tjón á A verði rakið til atvika sem B eða D bera skaðabótaábyrgð, annar hvor þeirra eða báðir óskipt. Af hálfu B er staðhæft að starfsmenn skólans loki gámnum ávallt með því að setja fyrrgreinda slá yfir lokið. Ekki er vitað hvernig það kann að hafa atvikast í umrætt sinn að sláin lá niðri þegar vindhviða feykti upp lokinu. Gegn mótmælum B verður að telja ósannað að það verði rakið til sakar hjá starfsmönnum skólans að lokið fauk upp. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V1. Ekkert hefur komið fram sem sýnir fram á annað en að starfsmenn D hafi orðið að setja gáminn á umræddan stað vegna framkvæmda annars staðar á svæðinu. Eins og fyrr segir var gámurinn búinn sérstakri slá til að varna því að lokið fyki upp í vindi. Ekkert hefur komið fram í málinu sem gefur tilefni til að ætla að sláin hafi verið biluð eða gölluð þannig að hún gæti ekki gegnt ætlunarhlutverki sínu. Máttu starfsmenn D treysta því að ekki myndi stafa hætta af staðsetningu gámsins væri gengið frá lokinu á réttan hátt. Að þessu virtu verður að telja ósannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna D. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V2 vegna tjónsins á A.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V1 né úr ábyrgðartryggingu D hjá V2.

Reykjavík, 8. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 373/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar útgerðar B farþegaskips A.

Ágreiningur um bótaskyldu er kona féll af bekk á þilfari farþegaskips.

Gögn.
Málskot, móttekið 30.10.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 30.11.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Síðdegis 29. júní 2019 var M á siglingu í Ísafjarðardjúpi á skipinu A í eigu B. Segir í málskoti að bára hafi risið við skipið og skollið á því þannig að veltingur hafi komið á það og M fallið úr sæti sínu. Mun M hafa orðið fyrir meiðslum á mjöðm við fallið. Í lögregluskýrslu um atvikið kemur fram að á dekki bátsins séu sæti fyrir farþega, en ekki hafi verið að sjá neinn öryggisbúnað í þeim. Í skýrslu rannsóknarnefndar samgönguslysa um atvikið segir að við rannsókn hafi komið fram: Í fyrsta lagi að bekkurinn sem M sat á ásamt annarri konu hafi verið úr trefjaplasti og því verið háll. Bekkurinn hafi verið settur ofan á lestarlúgu þar sem lúgutessar hafi staðið upp úr og hætta á að farþegar hrasi um þá. Í öðru lagi hafi engin handrið verið til staðar til að grípa í við svona tilfelli nema ofan á bekknum. Í þriðja lagi hafi svo komið fram að útgerð skipsins ætli að láta smíða handrið fyrir framan bekkina og líma niður stamt gúmmíefni á bekkina fyrir næstu sumarútgerð. Í áliti nefndarinnar segir að orsök slyssins hafi verið sú að skipið hafi fengið á sig öldur sem það hafi oltið undan. Með áhættumati hafi mögulega verið hægt að koma í veg fyrir „að þessi slysagildra hefði ógnað öryggi farþeganna."

M kveður A hafa verið gallað að því leyti að bekkurinn hafi verið úr trefjaplasti og því háll, bekkurinn hafi verið ofan á lestarlúgu þar sem lúgutessar hafi staðið upp úr og hætta á að farþegar hrasi um þá og engin handrið hafi verið til staðar til að grípa í. Vísar M í þessu efni til 137. gr. og síðari málsliðar 2. mgr. 140. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Enn fremur kveður M að B hafi sýnt af sér vanrækslu með tilliti til þess sem fram hafi komið í skýrslu rannsóknarnefndar sjóslysa og að enginn öryggisbúnaður hafi verið á sætinu, t.d. öryggisbelti. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

V kveður A hafa uppfyllt allar kröfur um öryggi og að til staðar hafi verið allur nauðsynlegur öryggisbúnaður um borð í skipinu, það hafi fullnægt öllum kröfum sem gerðar eru til farþegaskipa og haft öll tilskilin leyfi í umræddri siglingu. Samkvæmt Samgöngustofu sé ekki krafist vottunar á bekkina né heldur að þar sé komið fyrir öryggisbeltum. Skipið hafi ekki verið vanbúið né að skort hafi á öryggisbúnað um borð eða skipið hafi ekki uppfyllt kröfur þar að lútandi samkvæmt lögum eða reglugerðum. Hefur V hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

Álit.
Samkvæmt 137. gr. siglingalaga nr. 34/1985 er farsala skylt að bæta tjón er hlýst af því að farþegi lætur lífið eða slasast meðan á ferð stendur ef tjónið má rekja til yfirsjónar eða vanrækslu farsala sjálfs eða einhvers manns sem hann ber ábyrgð á. Þá er þess getið í fyrri málslið 2. mgr. 140. gr. laganna að við lífs- eða líkamstjón ber sá, sem bóta krefst, sönnunarbyrði um að tjónið hafi stafað af yfirsjónum eða vanrækslu farsala eða einhvers manns sem hann ber ábyrgð á. Í síðari málslið sömu málsgreinar segir hins vegar að farsali beri sönnunarbyrðina um að yfirsjónum eða vanrækslu sé ekki um að kenna ef tjón stafar af eða er í tengslum m.a. við galla í skipinu.

Í máli úrskurðarnefndarinnar nr. 287/2020 frá 3. nóvember þessa árs var úrskurðað um ágreining milli V og annars farþega um borð í A í þessari sömu sjóferð og sem sat á sama bekk og M. Í áliti nefndarinnar í því máli segir m.a. svo: „Ekki liggur annað fyrir en að skipið hafi uppfyllt allar opinberar kröfur um öryggisbúnað, að tilskilin leyfi hafi verið til staðar og að ekki hafi verið gerðar athugasemdir við aðbúnað um borð fyrir umrætt atvik. Þó ætlun [útgerðarinnar] virðist sú að ganga lengra en krafist sé hvað varðar öryggisbúnað verður ekki talið að það leiði til þess að líta skuli svo á að í því felist viðurkenning á því að aðbúnaður sé ófullnægjandi, eða að svo sé í raun." Í máli því sem nú er til umfjöllunar fyrir úrskurðarnefndinni hafa ekki komið fram ný gögn eða frekari rökstuðningur sem hnekkir ályktun nefndarinnar sem fram kom í máli nr. 287/2020 og að framan greinir. Þá verður ekki ráðið af skýrslu rannsóknarnefndar sjóslysa að bekkur sá sem M sat á þegar slysið varð hafi verið

haldinn galla. Með vísan til þess sem að framan greinir verður að telja ósannað að líkamstjón M megi rekja til galla eða annars konar vanbúnaðar skipsins eða yfirsjónar eða vanrækslu af hálfu B eða starfsmanna sem útgerðin ber ábyrgð á. Eru því ekki skilyrði að lögum til að fella skaðabótaábyrgð á B vegna líkamstjóns þess sem M varð fyrir um borð í A 29. júní 2019. Af þeim sökum á hún ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2020.

_____
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

_____ _____
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 374/2020

M og
V v/ slysa- og sjúkratryggingar.
Ágreiningur um bótaskyldu vegna tímabundinnar óvinnufærni af völdum sjúkdóms.

Gögn.
Málskot, móttekið 29.10.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, ódagsett, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M hafði í gildi slysa- og sjúkratryggingu sem nefnist „Starfsvernd“ hjá V. Með tjónsskýrslu, dags 10. desember 2019, gerði M kröfu um bætur úr vátryggingunni vegna algjörrar óvinnufærni frá 16. október 2019 í kjölfar gerviliðsaðgerðar á vinstri öxl sem hann gekkst undir við upphaf óvinnufærnitímabilsins og mun hafa varað til 20. janúar 2020. Aðgerðina framkvæmdi A, nánar tilgreindur bæklunarskurðlæknir.
Við skoðun 26. júní 2017 hjá A kom fram að M hafi fengið „proximal humerus“ brot um 20 árum áður. Hann sé með óþægindi í öxlinni og verki þegar hann reynir að lyfta handleggnum. Hann fékk sprautu í vinstri „glenohumeral“ lið og fékk lyfseðil fyrir Panodil. Við skoðunina fékk M einnig upplýsingar varðandi mögulega gerviliðsaðgerð á öxlinni. Ef hann verður með verki þrátt fyrir sprautu sem hann fékk í liðinn, notkun verkjalyfja og sjúkraþjálfun mætti íhuga gerviliðsaðgerð á öxlinni. Við skoðun hjá A 8. september sama ár mun M hafa verið töluvert betri eftir sprautuna sem hann fékk í lok júní og ekki með það mikil óþægindi að hann „sé tilbúinn til að fara í gerviliðsaðgerð.“ M kom að nýju til skoðunar hjá A 15. desember sama ár og fékk öðru sinni sprautu í fyrrgreindan lið þar sem hann hafi fengið ágætis verkjastillingu af fyrri sprautu í liðinn.
Við skoðun 31. ágúst 2018 kom fram að M að M hafi fengið sprautur sem hafi linað verkina en hann hafi verið slæmur í öxlinni og slæm óþægindi við allar hreyfingar. Hann sé búinn að fá sprautur tvisvar og hafi áhuga á að fá gervilið í öxlina. Í áliti vegna þessarar komu er skráð að M hafi fengið upplýsingar varðandi gerviliðsaðgerð í öxlinni og ætli A að fá hann í endurkomu eftir um níu mánuði með nýjum röntgenmyndum af öxlinni. Hann sé settur á biðlista fyrir gervilið í vinstri öxl og hann vilji fara í aðgerð í lok september 2019 eða síðar. M gekkst svo undir gerviliðsaðgerðina 16. október 2019 líkt og áður getur.
V hefur hafnað bótaskyldu. Höfnun sína byggir V í fyrsta lagi með vísun til 1. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, þar sem M hafi fyrst leitað til læknis vegna vandamáls í öxl 26. júní 2017 og þá hafi hann fengið upplýsingar um gerviliðsaðgerð sem læknir hafi talið ráðlegt að íhuga ef verkir í öxl verða viðvarandi þrátt fyrir sprautu sem hann fékk þá. Í öðru lagi er byggt á því að vátryggingin endurnýist ekki nema að undangenginni beiðni vátryggingartaka þess efnis og undirritun á nýrri heilsufarsyfirlýsingu vátryggðs. Á hverju ári hafi M skilað inn heilsufarsyfirlýsingu fyrir endurnýjun, en á þeim hafi ekki verið getið um fyrrgreint vandamál í vinstri öxl fyrr en með heilsufarsyfirlýsingu fyrir endurnýjun 25. nóvember 2019. Loks í þriðja lagi er á því byggt að M hafi ekki orðið óvinnufær innan 12 mánaða frá fyrstu einkennum, sbr. skilgreiningu á veikindum („illness“) í skilmálum vátryggingarinnar.

Álit.
Í stað vísunar af hálfu V til 1. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004, sem er í þeim hluta laganna sem á við um skaðatryggingar, á væntanlega að vera vísun til hliðstæðs ákvæðis í 1. mgr. 124. gr. laganna sem varðar persónutryggingar. Samkvæmt því ákvæði glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu eða sjúkratryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. M átti þess ekki kost að krefjast bóta úr vátryggingunni fyrr en hann varð óvinnufær í kjölfar aðgerðarinnar 16. október 2019. Krafan var gerð 10. desember 2019 eða vel innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í lagaákvæðinu. M hefur því ekki glatað hugsanlegum bótarétti sínum á grundvelli þessa lagaákvæðis.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að við endurnýjun vátryggingarinnar í nóvember 2017 og 2018 gaf M út yfirlýsingu um að hann hafi ekki farið á sjúkrahús eða leitað til annarra sérfræðinga í tengslum við líkamslega heilsu sína. Á hinn bóginn hefur af hálfu V ekki verið færð skýr rök fyrir því hvers vegna vanræksla M að veita upplýsingar um heilsufarsvandamál sín í vinstri öxl hafi átt að leiða til synjunar bóta að fullu. Við svo búið er ekki efni til að fallast á höfnun bóta vegna vanrækslu M á upplýsingagjöf við endurnýjun vátryggingarinnar 2017 og 2018.

Í enskum vátryggingarskilmálum þeirrar vátryggingar sem hér á í hlut eru veikindi skilgreind þannig að sjúkdómseinkenni sem leiða til óvinnufærni þurfa að hafa komið fram innan 12 mánaða efir að þau greindust. Orðrétt hljóðar ákvæðið svo: „**Illness** means sickness or disease, the symptoms of which first appear during the **Period of Insurance** and which solely and independently of any other cause results in **Your** total disablement within twelve consecutive months after the symptoms first appear.“

Í tveimur úrskurðum nefndarinnar, málum nr. 411/2019 og 431/2019, hefur reynt á túlkun þessa skilmálaákvæðis. Kemur fram í þessum úrskurðum að ekki sé að fullu ljóst hvað átt sé nákvæmlega við með hugtakinu „veikindi“ („illness“) í skilmálum vátryggingarinnar þegar það er gert að skilyrði að veikindin þurfi að hafa leitt til algjörrar óvinnufærni innan tólf mánaða samfellds tímabils eftir að einkenni komu fyrst fram (results in Your total disablement within twelve consecutive months after the symptoms first appear“). Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda samninga, megi víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það er talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Svo umrætt ákvæði vátryggingarskilmálans fari ekki í bága við þetta ákvæði laganna verði að skýra hugtakið veikindi („illness“) svo að þau teljist hafa orðið þegar einkenni hafa fyrst komið fram sem gefa tilefni til að ætla að veikindin, ein og sér og óháð öðrum sjúkdómseinkennum, kunni að hafa óvinnufærni í för með sér innan tólf mánaða samfellds tímabils.

Við skoðun hjá A 31. ágúst 2018 kom fram að M hafi verið búinn að fá tvisvar sprautur til að lina þjáningar í vinstri öxl og hann hafi áhuga á að fá gervilið í öxlina. Hafi hann verið settur á biðlista fyrir gerviliðsaðgerð í öxlinni í lok september 2019 eða síðar. Við skoðunina þennan dag, 31. ágúst 2018, verður að telja að M hafi verið það ljóst að tilefni var til að ætla að sjúkdómseinkenni þau sem hann bjó við í öxlinni myndu hafa óvinnufærni í för með sér í kjölfar hinnar fyrirhuguðu gerviliðsaðgerðar. Aðgerðin var hins vegar ekki framkvæmd fyrr en 16. október 2019, en þá voru liðnir meira en tólf samfelldir mánuðir síðan M mátti vera ljóst að sjúkdómseinkennin myndu hafa óvinnufærni í för með sér. Af því leiðir að tjón af völdum óvinnufærni M sem hófst eftir aðgerðina fellur utan bótasviðs vátryggingarinnar. M á því ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir tímabundna óvinnufærni úr slysa- og sjúkratryggingu V

Reykjavík, 2. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 375/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður varð fyrir meiðslum er samstarfsmaður tók utan um hann.

Gögn.
Málskot, móttekið 4.11.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 20.11.2020.

Málsatvik.
Um klukkan 10 að morgni 9. júlí 2020 var M staddur á kaffistofu á vinnustað sínum hjá A er B, vinnufélagi og næsti yfirmaður, tók í leik aftan frá utan um M að því er virðist í brjóstkassahæð með þeim afleiðingum að M rifbeinsbrotnaði. Í tilkynningu A um slysið til Vinnueftirlits ríkisins segir að M og B séu góðir vinnufélagar. B hafi verið staddur í svonefndri „betri stofu“ og þegar M hafi gengið fram hjá hafi B stokkið út og knúsað M aftan frá í gríni. Þá hafi M sagt „ég er að fara að taka þig niður“ og B þá sagt á móti „þú getur það ekki“. Hönd B hafi þá farið undir rifbein M og M beygt sig. Þá hafi þeir báðir heyrt brak við það að rifbein brotnaði.

M leitaði þegar á bráðadeild. Í sjúkraskrá deildarinnar segir að M hafi verið í „gamnislag“ eða glímu við yfirmann sinn í vinnunni um einni klukkustund áður. Hafi yfirmaðurinn staðið fyrir aftan M og lyft honum einhvern veginn upp og þá hafi M heyrt smell í brjóstkassanum og fundið fyrir verk vinstra megin í brjóstkassanum.

M kveður slysið hafa gerst í vinnutíma þegar hans næsti yfirmaður hafi brugðið á leik líkt og að framan greinir. Beri A sem vinnuveitandi B ábyrgð á líkamstjóni því sem hann varð fyrir umrætt sinn. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Til stuðnings bótakröfunni hefur M m.a. vísað til dóms Hæstaréttar Íslands frá 7. febrúar 2002 í máli nr. 244/2001. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Samkvæmt gögnum málsins hefur A með höndum rekstur þvotta- og bónstöðvar. Þykir mega slá því föstu að það hafi ekki verið þáttur í starfsskyldum B að taka utan um starfsmenn með þeim hætti sem hann tók utan um M, enda slíku ekki haldið fram af málsaðilum. Ekkert í málinu gefur heldur til kynna að yfirmenn B hafi með einhverju móti átt þátt í því að B tók utan um M. Niðurstaða í dómi Hæstaréttar í máli nr. 244/2001 verður ekki talin eiga við í máli þessu. Verður að líta svo á að háttsemi B hafi ekki staðið í neinum tengslum við starfsskyldur hans sem yfirmanns hjá A og verið það fjarlæg starfi hans í þágu A að hún hafi verið komin út fyrir mörk þess að A geti borið ábyrgð á líkamstjóni M á grundvelli reglu skaðabótaréttarins um vinnuveitandaábyrgð. Með því að A ber ekki ábyrgð á líkamstjóni M á hann ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 376/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X
Ágreiningur um skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss 4. janúar 2020.

Gögn.
Málskot dags. 3. nóvember 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 18. nóvember 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þar sem stafli vinnubretta hafi hrunið yfir hann við vinnu hans hjá X hinn 4. janúar 2020. Í málskoti segir að slys M hafi orðið með þeim hætti að M hafi verið að færa til brettastæður (2x11 trébretti) sem bundnar hafi verið saman með plast-strekkiborðum. Einnig kemur fram að brettastæðurnar hafi staðið á brettatjakki í hæstu stöðu og hafi M verið að ýta stæðunum sem við það ultu og féllu ofan á fót hans. Af læknisfræðilegum gögnum málsins verður ekki annað séð en að M hafi orðið óvinnufær strax á slysdegi en hann gekkst síðan undir aðgerð á fæti í byrjun febrúar 2020.

M telur að X eigi að bera hallann af skorti á rannsókn í málinu og að leggja beri frásögn M til grundvallar af málsatvikum þar sem slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits skv. fyrirmælum 79. gr. laga nr. 46/1980. Einnig byggir M á því að X hafi ekki gætt fyrirmælum sömu laga um framkvæmd áhættumats skv. 65. gr. þeirra eða að vinnuaðstæður hafi verið öruggar, sbr. 13. og 37. gr. laganna og einnig hafi verklag það sem viðhaft hafi verið, með því að að stafla trébrettum upp í stæðu, brotið í bága við 7. gr. reglna nr. 499/1994. Einnig hafi M ekki verið í öryggisskóm sem X hafi átt að útvega honum, sbr. 9. gr. fyrrnefndra reglna. M kveðst hafa gert það sem hann var beðinn um að gera og tilgátur X eða V um hvernig hefði átt að haga vinnunni verði að líta á sem ósannaðar fullyrðingar.

V telur líkamstjón M þannig til komið að M hafi lyft brettastæðum þannig að tjakkur hafi verið í efstu stöðu þegar hann sjálfur hafi verið að reyna að færa tjakkinn til með því að ýta tjakknum og stæðunni til, þannig að hún féll niður. V telur að augljóst hafi verið að tjakkurinn hafi átt að vera í lægstu mögulegu stöðu þegar stæðan var færð til og augljós hætta hafi verið af því að ýta við stæðunni við þær aðstæður. Einnig bendir V á að M hafi starfað hjá X í um eitt ár og fengið leiðbeiningar um hvernig hann ætti að haga störfum sínum, auk þess sem hann hafi verið í öryggisskóm þegar slysið varð. V telur að um óhapp hafi verið að ræða sem X ber ekki skaðabótaábyrgð á.

Álit.
Í málinu liggur fyrir að slys M var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins, eins og atvinnurekanda bar að gera, sbr. fyrirmæli 79. gr. laga nr. 46/1980. Með hliðsjón af dómaframkvæmd verður því að leggja frásögn M til grundvallar málsatvikum málsins. Þegar litið er til gagna málsins verður hins vegar ekki séð að frásögn M um atvik málsins sé skráð í t.d. sérstakri skýrslu eða tjónstilkynningum. Í málskoti er gerð grein fyrir því af hálfu M hvernig slys hans atvikaðist og þar kemur fram að brettastæður hafi verið í hæstu stöðu þegar hann var að eiga við þær og er vitnað til þess að M hafi verið að fylgja fyrirmælum yfirboðara sinna um að flytja brettastæðuna til, en hann hafi sjálfur ekki staflað brettunum upp. Ekki verður séð af gögnum málsins að fyrirmæli yfirmanna M hjá X hafi verið með þeim hætti að ætla megi að sú aðferð sem M beitt við vinnu sína hafi verið viðurkennt verklag á vinnustaðnum, enda kemur það ekki með skýrum hætti fram í því sem virðist vera haft eftir M í málskoti. Það að leggja til grundvallar frásögn M af atvikum þýðir ekki að skaðabótabótaábyrgð hafi sjálfkrafa stofnast. Í málinu eru ekki nægilega skýr gögn sem sýna að aðstæður á vinnustað M hafi verið með þeim hætti að slysahætta hafi verið augljós vegna verklags sem viðhaft hafi verið við tilfærslu á brettastæðum. Í gögnum málsins kemur ekki fram af hálfu M að verklag hafi verið viðurkennt með þeim hætti sem hann beitti því og verður ekki talið nægilega skýrt að skortur á áhættumati hafi getað komið í veg fyrir slys M. Verður það rakið til óhappatilviks sem X ber ekki skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.
Má ekki rétt bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 377/2020

M og
V vegna áhafnartryggingar útgerðarfélagsins A

Ágreiningur um hvort 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 eigi við.

Gögn.
1. Málskot, dags. 04.11.2020 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 14.12.2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að hinn 20. ágúst 2018 hafi M slasast er hann missteig sig illa við störf sín um borð í skipi A. Gerir M því kröfu til bóta úr áhafnartryggingu A hjá V. V hafnaði kröfunni með bréfi dags. 25. september 2020 á grundvelli þess að ekki væri um slys í skilningi skilmála vátryggingarinnar að ræða svo og þess að tjónið hafi verið of seint tilkynnt. Fram kemur í bréfi V til nefndarinnar að ágreiningur aðila snúi nú aðeins að því hvort umrætt slys hafi verið tilkynnt í samræmi við 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, en tilkynning barst V hinn 2. júní 2020.

Í málskoti vísar M til þess að í 3. gr. laga um vátryggingarsamninga segi að óheimilt sé að víkja frá ákvæðum laganna með samningi leiði það til lakari réttar þess sem öðlist kröfu á hendur vátryggingarfélagi samkvæmt vátryggingarsamningi. Vissulega megi því semja um betri rétt vátryggðs en leiða megi af lögunum. Hvergi sé minnst á 124. gr. laga um vátryggingarsamninga í viðeigandi skilmálum. Einungis sé gengið út frá því í skilmálum að slys sé tilkynnt fljótt en engin firring bótaréttar sé tilgreind farist slík tilkynning fyrir. Sé tilvísun V til 124. gr. því haldlaus enda geti skilmálar falið í sér ríkari rétt en leiði af lögunum. Sé bótaskylda því til staðar.

Í bréfi V til nefndarinnar er röksemdum M um að 124 gr. laganna eigi ekki við um ágreining aðila hafnað, margoft sé vísað til laga um vátryggingarsamninga í umræddum skilmálum, og í skilmálagrein 1.1 komi sérstaklega fram að lögin gildi um vátryggingarsamninginn að öðru leyti en því sem kveðið sé á um í skilmálum hans, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum sem hann byggi á. Af læknisfræðilegum gögnum megi ráða að M hafi átt við þrálát einkenni að stríða vegna slyssins í 22 mánuði áður en hann tilkynnti V um það og þá hafi tilkynningarfrestur verið runninn út. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.
Í skilmálum umræddrar vátryggingar segir, í gr. 1.1: „Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.“ Verður ekki talið að þörf sé á að vísa sérstaklega til 1. mgr. 124. gr. laganna svo hún eigi við í lögskiptum aðila. Breytir það ekki þeirri afstöðu þó í vátryggingarskilmálum sé jafnframt tekið fram að slys skuli tilkynna þegar í stað og verður ekki fallist á það með M að í slíkum tilvikum þurfi jafnframt að koma fram í skilmálum hverju það varði sé það ekki gert. Í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga segir að sá sem eigi rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. Sem framan segir varð M fyrir umræddu slysi hinn 20. ágúst 2018, en umrætt atvik var tilkynnt til V hinn 2. júní 2020, eða einu ári og tíu mánuðum síðar. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M hafi leitað á heilsugæslu vegna atviksins hinn 20. ágúst 2018, og þá verið greindur með tognun í ökkla, og fengið þrýstingsumbúðir og verkjalyf vegna þess. Hinn 23. ágúst 2018 kom M svo aftur á heilsugæslu til eftirlits, þá greindust „órsmáar afrifu beinörður“ og M fékk gipsspelku. Hinn 30. ágúst mætti M aftur til eftirlits og aftur hinn 6. september 2018, og segir í læknisvottorði að þá hafi bólga verið horfin og engin þreifieymsli yfir beinum og M hafi stigið sársaukalaust í fótinn. Engar frekari komur á heilsugæslu eru skráðar fyrr en hinn 27. mars 2020, þegar M segist enn vera með eymsli í ökkla. Fékk M þá ráðleggingar um æfingar og teygjuhólk. Við komu M á heilsugæslu hinn 20. maí 2020 er skráð að æfingar hafi ekki hjálpað og beðið er um tilvísun til bæklunarlæknis. Engin frekari

læknisfræðileg gögn liggja fyrir. Ákvæði 1. mgr. 124. gr. leiðir ekki sjálfkrafa til þess að tilkynningarfrestur renni út þegar ár er liðið frá tjónsatburði, heldur þarf að fara fram mat á því hvenær tjónþoli hafi fengið vitneskju um þau atvik sem krafa er reist á. Í málskoti fjallar M ekki sérstaklega um það álitaefni heldur virðist aðeins byggt á því að umrædd lagagrein eigi ekki við í lögskiptum M og V. Eins og áður segir verður ekki á það fallist. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, verður þá jafnframt að telja að M hafi verið kunnugt um atvik að baki kröfu sinni fyrir 2. júní 2019. Er þá m.a. litið til þess að eiginlegri meðferð virðist hafa verið lokið í september 2018, og ekki liggur annað fyrir en að einkenni M hafi verið viðvarandi, enda er ekki byggt á öðru í málflutningi hans. Verður þar af leiðandi að líta svo á að tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi verið liðinn þegar M tilkynnti V um tjón sitt og því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr áhafnartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 12. janúar 2021
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 378/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á farangursboxi og þakbogum.

Gögn.
Málskot móttekið 04.11.2020.
Bréf V dags 20.11.2020 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 23.11.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 22. október 2020 hafi M keypt þrif fyrir bifreið sína, en bifreiðin sé með þakboga með áföstu svokölluðu tengdamömmuboxi,

hjá A. Meðan á verkinu stóð hafi A haft samband við M og tjáð honum að til að bifreiðin kæmist inn í bónstöðina yrði að taka af þaki hennar og hafi M sagt A að lykla að þakbogum og tengdamömmuboxi væri að finna í hanskahólfi bifreiðarinnar. Hafi M svo sótt bifreiðina síðar um daginn en ekki skoðað bogana eða boxið frekar. Daginn eftir, hinn 23. október, hafi sonur M fengið bifreiðina lánaða. Þegar henni var ekið niður af Hellisheiði hafi bogarnir og boxið fokið af bifreiðinni í heilu lagi og lent utan vegar. Skemmdir hafi orðið á bifreiðinni við þetta og þakbogarnir, boxið og innihald þess hafi eyðilagst. M telur að tjónið verði rakið til mistaka A, sem ekki hafi fest þakbogana nægilega vel á áfasta boga á bílnum sem þess utan hafi verið sleipir vegna bónsins. Eftir um hálftíma akstur hafi þakbogarnir því verið það lausir að vindur sem komið hafi á bifreiðina meðan henni var ekið niður halla hafi dugað til að feykja þeim, og boxinu, af bifreiðinni. Hafi M því sent V tilkynningu um tjónið hinn 23. október 2020.

Í bréfi til nefndarinnar segist V hafa óskað eftir umsögn A um atvikið. Þar komi fram að einungis boxið hafi verið losað vegna þrifa á bifreiðinni, en ekki þverbogarnir. Væri tjónið að rekja til vanrækslu A hefði því aðeins boxið sjálft, en ekki þverbogarnir, átt að losna frá bifreiðinni. Þegar bifreiðin var þrifin hafi boxið verið tómt, en þegar tjónið átti sér stað hafi verið í því ýmsir munir og því ljóst að átt hafi verið við það, og e.tv. festingar þess, í millitíðinni. Ekki hafi verið unnt að skoða umrædda muni í kjölfar tjónsins þar sem þeim hafi verið fargað, en V hafi áréttað við móttöku á tjónstilkynningu, mikilvægi þess að tjónsmunum yrði ekki fargað. Þar sem ekki sé hægt að skoða búnaðinn og leggja mat á orsakir tjónsins með þeim hætti verði þær því að teljast ósannaðar, og beri M hallann af þeim sönnunarskorti. Þar sem tjónið verði mögulega rakið til galla í boxinu, umgengni sonar M um það, eða annarra atvika, sé því ósannað að það verði rakið til atvika sem A beri skaðabótaábyrgð á. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum mótmælir M því sérstaklega að sonur hans hafi átt við þakbogana.

Álit:
Sá sem telur sig hafa orðið fyrir skaðabótaskyldu tjóni ber sönnunarbyrði fyrir því að almenn skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Er það því M að sýna fram á að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis A eða aðila sem það ber ábyrgð á. Fyrir liggur að A heldur því fram að það hafi aðeins verið boxið sjálft, en ekki þverbogarnir, sem var fjarlægt af þaki bifreiðarinnar við þrifin. Af ljósmyndum sem liggja fyrir nefndinni er hins vegar ljóst að boxið og þverbogarnir hafa losnað frá bifreiðinni í einu lagi og verður því að líta svo á að boxið hafi verið tryggilega fest við bogana. Engar nánari lýsingar eru fyrir nefndinni varðandi festingar á boxinu eða bogunum né heldur liggur fyrir mat á því hvað hafi valdið því að þessi búnaður losnaði með þessum hætti af bifreiðinni. Gegn neitun A, sem segir að þverbogarnir hafi ekki verið losaðir, er ekki unnt að byggja þannig á staðhæfingu M um að þeir hafi verið illa festir eftir umrædd þrif. Er þá jafnframt litið til þess að mögulegt er að aðrar orsakir séu fyrir umræddu tjóni, og án frekari gagna verður ekki staðhæft um það hvað hafi valdið því. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur M því ekki tekist að sýna nægilega fram á að tjón hans sé að rekja til skaðabótaskyldrar háttsemi A. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 15. desember 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 379/2020

M og
V vegna sjúkdómatryggingar

Mat á áhættu og synjun sjúkdómatryggingar að hluta í desember 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 4. nóvember 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 14. nóvember 2020 ásamt fylgiskjölum 1-4.
Tölvupóstur f.h. M, dags. 17. nóvember 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M hafi fyllt út skriflega beiðni um líf- og sjúkdómatryggingu hinn 14. nóvember 2019 og sent til V. Í þeirri beiðni Með umsókn 19. október 2016 sótti M um líftryggingu og sjúkdómatryggingu hjá V. Í umsókninni svaraði M játandi þeirri spurningu hvort foreldrar eða systkini hafi fengið MS-sjúkdóm við 28 ára aldur. V hafði samband við M með tölvupósti dags. 10. desember 2019 þar sem eftirfarandi texti kemur fram: „..vegna heilsufars getum við aðeins boðið sjúkdómatrygginguna með takmörkun sem þarf að samþykkja skriflega/undirrita rafrænt.“ Í viðhengi með þeim tölvupósti sem vísað er til að ofan kemur síðan fram að að líftrygging hafi verið samþykkt en að sjúkdómatrygging sé samþykkt með eftirfarandi takmörkun: „Undanskilið áhættu félagsins er: Heila- og mænusigg (MS), óafturkræfur missir sjónar af völdum sjúkdóms, lömun útlima af völdum sjúkdóms og málmissir af völdum sjúkdóms.“ M var gefinn kostur á að samþykkja vátryggingar innan fjórtán daga, ella lýsti V því yfir að það liti svo á að M „..sé hætt við tryggginguna...“. Í tölvupóstinum er síðan vísað til þess að hægt sé að skjóta máli til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum, ef M er ósátt við niðurstöðu V. Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í símtali við M um miðjan janúar 2020 hafi verið leiðrétt að takmörkun sjúkdómatryggingar væri vegna heilsufars hennar heldur hafi þar verið átt við fjölskyldusögu. Í bréfi V kemur einnig fram að M hafi komið á skrifstofu V í kjölfarið ásamt móður sinni og þá hafi verið farið yfir málið og reglur um áhættumat. Að sögn V hætti M í kjölfar þessa við kaup á vátryggingum hjá V.

M telur að það hafi verið „...brot á réttindum hans [sem kvörtunaraðila] að synja honum um fulla sjúkdómatryggingu þar sem rökstuðning á máli vantar.“

V vísar hins vegar til þess að niðurstaða áhættumats félagsins hafi byggt á þeim upplýsingum sem M veitti og stöðluðum leiðbeiningum endurtryggingarfélags V og vísar um það til heimildar í 82. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og meginreglu um samningsfrelsi. V metur það svo að niðurstaða þess hafi hvorki verið ómálefnaleg né óþarflega íþyngjandi gagnvart M þar sem félagið var tilbúið til að veita sjúkdómatryggingu sem takmarkaðist eingöngu við einn sjúkdóm og þekktar afleiðingar hans.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. 1. gr. laga nr. 156/2007 um breyting á þeim, getur félagið á meðan það hefur ekki samþykkt að veita líf- eða sjúkdómatryggingu óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. Í þeim tilgangi er félaginu heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma sem vátryggingartaki, vátryggður, foreldrar hans eða systkini eru haldin eða hafa verið haldin óháð því hvernig sjúkdómur hefur greinst. Í ljósi þessa verður að telja að V hafi verið heimilt að nýta í áhættumati sínu upplýsingar um vátryggingaráhættuna, eins og fram kom í vátryggingarumsókn um að náinn fjölskyldumeðlimur hafi fengið MS-sjúkdóm um 28 ára aldur.

Í 3. mgr. 82. gr. sömu laga kemur fram að sé persónutryggingu synjað af hálfu vátryggingafélags skuli það rökstyðja synjunina sé eftir því leitað. Í tölvupósti V til M 10. desember 2019 er athygli M ekki vakin sérstaklega á þeim rétti. Í bréfi V til nefndarinnar dags. 14. nóvember sl. kemur hins vegar fram að rökstuðningur hafi verið veittur í janúar 2020 með símtali til M og fundi á skrifstofu V. Ekki koma

fram athugasemdir af hálfu M um að þetta sé rangt og verður því að gera ráð fyrir því að skýringar hafi komið fram af hálfu V varðandi möguleg vátryggingarviðskipti M, auk rökstuðnings V fyrir því að félagið vildi ekki veita M sjúkdómatryggingu án takmarkana.

Við áhættumat persónutrygginga, eins og sjúkdómatrygginga, fer fram mat vátryggingafélags á þeirri áhættu sem í vátryggingunni felst. Þegar V mat þá áhættu varðandi sjúkdómatryggingu M var m.a. litið til þeirra stöðluðu leiðbeininga sem endurtryggingafélag V hefur lagt fyrir V varðandi tegundir persónutrygginga og liggja þær fyrir í gögnum málsins fyrir nefndinni. Við mat á því hvort V hafi verið heimilt að takmarka áhættu sína verður að líta til þess að slíkt áhættumat getur að jafnaði leitt til takmörkunar á gildissviði þeirrar vátryggingar sem í hlut á, álags á iðgjald vátryggingarinnar eða að félagið hafnar því að veita vátryggingu. Af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu, m.a. af þeim stöðluðu leiðbeiningum sem endurtryggjandi V hefur veitt um það hvernig veita skuli vátryggingu í tilvikum eins og hér um ræðir, verður ekki talið að það hafi verið of íþyngjandi fyrir M eða verið af ómálefnalegum ástæðum sem V bauð M sjúkdómatryggingu með þeim hætti að undanþiggja MS-sjúkdóminn og þekktar afleiðingar hans í sjúkdómatryggingunni. Verður því ekki fallist á að ómálefnaleg sjónarmið hafi legið að baki ákvörðun V vegna um beiðni M um sjúkdómatryggingu.

Niðurstaða.

V var heimilt að veita M , sjúkdómatryggingu með þeirri takmörkun að sjúkdómatryggingin tæki ekki til MS-sjúkdóms og tilgreindra þekktra afleiðinga hans.

Reykjavík, 8. desember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 380/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar vörubifreiðar.

Ágreiningur um umfang tjóns á bifreið af völdum malar og sands sem fauk yfir hana frá vörubifreið.

Gögn.
Málskot, móttekið 9.11.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 23.11.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Að morgni 28. júlí 2020 var bifreiðinni A ekið vestur Suðurlandsveg við Sandskeið fram úr vörubifreiðinni B sem dró eftirvagn með malarfarm. Er A var ekið fram úr B mun sandur og möl frá B hafa drifið yfir A. Ökumaður A hafði samband við rannsóknarfyrirtækið Aðstoð og Öryggi og gaf skýrslu um atvikið tæpum tveimur klukkustundum síðar. Þar kemur fram að það sjái á þaki, vélarhlíf og hægri hlið A. M mun hafa farið með A til skoðunar vegna tjónsins á bifreiðaverkstæði 21. september 2020. Í skoðunarskýrslu verkstæðisins segir svo, orðrétt: „Bíl er barinn frá framenda til skottloks, öll ljós eru skemmd ásamt öllu í framstuðara. ...en það ætti að sjást á myndum svakalegur steinbarningur á öllum stykkjum.“

M kveðst hafa átt A í einn og hálfan mánuð áður en atvikið varð og þá keypt A í frábæri ástandi. Má ráða að M telji að allt tjón á A af völdum steinkasts hafi orðið af völdum B við fyrrgreint atvik og því krefjist hún þess að allt tjón á A af völdum steinkasts verði bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur viðurkennt bótaskyldu vegna atviksins en telur tjónið takmarkast við þá hluta bifreiðarinnar sem tilgreindir voru í skýrslu Aðstoðar og Öryggis, þ.e. þak, vélarhlíf og hægri hlið.

Álit.
Jafnvel þótt sýnt hafi verið fram á að möl og sandur hafi drifið yfir A frá B í þeirri andrá sem A var ekið fram úr B, ber M jafnframt að sýna fram á hvert umfang tjónsins sé sem hlaust við umrætt atvik. Ekki er um það deilt að tjón á þaki, vélarhlíf og hægri hlið skuli bætast úr ábyrgðartryggingu B. Gögn um að tjónið hafi verið meira að umfangi virðast fyrst hafa komið fram í kjölfar tjónaskoðunar á bifreiðaverkstæði 21. september 2020 eða tæpum tveimur mánuðum eftir atvikið. Samkvæmt gögnum málsins má ráða að A hafi verið um sex ára gömul og ekið hátt í 170 þúsund kílómetra um það leyti sem atvikið varð. Engin skýr gögn liggja fyrir í málinu um það hvort eða hversu mikið A var útleikin eftir grjótkast fyrir atvikið né heldur hvort eða að hve miklu leyti aðrir hlutar en þak, vélarhlíf og hægri hlið hafi orðið fyrir skemmdum við atvikið. Ljósmyndir af A sem liggja fyrir í málinu koma ekki að gagni í þessu efni. Að framangreindu virtu verður gegn mótmælum V að telja ósannað að skemmdir hafi orðið A við aksturinn fram úr B umfram það sem kom fram í skýrslu Aðstoðar & Öryggis sem var gerð strax í kjölfar atviksins.

Niðurstaða.
Bætur vegna tjóns á bifreiðinni A úr ábyrgðartryggingu B, vörubifreiðarinnar hjá V takmarkast við tjón á þaki, vélarhlíf og hægri hlið.

Reykjavík, 15. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 381/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X

Ágreiningur um fyrningu bótakrafna vegna umferðarslyss 1. október 2013.

Gögn.
Málskot móttekið 30. október 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 30. nóvember 2020.

Málsatvik.
M lenti í umferðarslysi 1. október 2013 þar sem ekið var aftan á bifreið hennar og leitaði við það strax til læknis og var talið skv. læknisvottorði að hún hafi hlotið heilahristing og hálstognun í slysin. Í gögnum málsins eru læknisfræðilegar afleiðingar slyssins raktar og beiðni um sjúkraþjálfun gefin út bæði í nóvember 2013 og í maí 2014. Slys M var tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands í maí 2014 og í ágúst sama ár lá fyrir svokölluð PC-crash skýrsla þar sem niðurstaða var sú að um 1,39 g þyngdarkraftur hefði verið á bifreið M. Matsgerð dags. 15. júní 2020 vegna afleiðinga slyssins liggur fyrir þar sem læknir og lögmaður komast að þeirri niðurstöðu að heilsufar M hafi verið orðið stöðugt 1. apríl 2014 en að fyrst hafi verið tímabært að meta afleiðingar slyssins hinn 9. maí 2015.

M telur að krafa hennar sé ekki fyrnd þar sem fyrningarfrestur skv. 99. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 hafi ekki byrjað að líða fyrr en um áramótin 2015/2016. M byggir á því að matsmenn hafi metið með fullnægjandi rökstuðningi að fyrst hafi verið tímabært að meta afleiðingarnar hinn 9. maí 2015 þar sem byggt er á því að árangur af sjúkraþjálfun hafi átt að vera kominn fram fyrst þá, eða um ári eftir að síðasta beiðni um sjúkraþjálfun var gefin út af meðferðarlækni. M bendir á að V hafi átt þess kost að gæta hagsmuna sinna við matið og koma á framfæri athugasemdum þannig að sönnunargildi matsgerðarinnar verði að telja töluvert. M telur að umræddur tímapunktur sé sá sem hún hafi fyrst fengið vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að leita fullnustu hennar. Vísar M einnig til Hrd. 314/2014 máli sínu til stuðnings. Einnig byggir M á því að V sé bundið af yfirlýsingu um að það myndi ekki bera fyrir sig fyrningu um áramótin 2019/2020 og þannig geti málið fyrst fyrnst um áramótin 2020/2021.

V telur ekki unnt að byggja á niðurstöðu matsgerðar um að fyrst hafi verið tímabært að meta afleiðingar slyss M hinn 9. maí 2015. Það byggir V fyrst og fremst á því að ekki liggi fyrir gögn um hversu oft M leitaði til sjúkraþjálfara í kjölfar beiðnar um slíkt 2013 og 2014 og þess að í læknisfræðilegum gögnum frá því í maí 2014 komi fram að M þurfi fyrst og fremst sjúkraþjálfun til að „..viðhalda lífsgæðum..“ V telur því að M hafi mátt vera ljós krafa í síðasta lagi í maí 2014 og átt þess kost að leita fullnustu hennar þá. Krafa M hafi því verið fyrnd þá þegar árið 2019 þegar tilkynning um líkamstjón M barst til, eða um áramótin 2018/2019. V bendir einnig á að sá fyrirvari hafi verið í samþykki félagsins að bera ekki fyrir sig fyrningu um áramótin 2019/2020 að krafan væri ekki þá þegar fyrnd.

Álit.
Í málinu er ágreiningur um upphaf fyrningarfrests í skilningi 99. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Þar kemur fram að bótakröfur skv. lögunum fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar, en í síðasta lagi tíu árum frá tjónsatburði. Við mat á því hvenær M sem kröfuhafi fékk fyrst vitneskju um kröfu sína þannig að hún hafi fyrst átt kost að leita fullnustu hennar verður að líta til þess að fyrir liggur í málinu matsgerð þar sem tveir matsmenn, læknir og lögmaður, leggja mat á það hvenær fyrst hafi verið tímabært að meta afleiðingar slyss M og er niðurstaða þeirra skv. matsgerð dags. 15. júní 2020 sú að það hafi fyrst verið tímabært 9. maí 2015. Rökstuðningur þessa tímapunkts byggir á því að þá hafi átt að vera kominn fram árangur af sjúkraþjálfunarmeðferð M. Tekið er fram í matsgerð að skýrslur sjúkraþjálfara liggi ekki fyrir en í matsgerð er hins vegar haft eftir M að hún hafi verið í meðferð hjá sjúkraþjálfara í nokkra mánuði á árinu 2014 og eftir það. Rökstuðningur V um

upphaf fyrningarfrests á árinu 2014 dugar ekki til að hnekkja umræddu mati matsmanna á því hvenær fyrst hafi verið tímabært að meta afleiðingar slyss M og ljóst er að ekki hefði verið hægt að leita fullnustu kröfu hennar fyrr en í fyrsta lagi þegar tímabært var að meta afleiðingarnar. Verður því ekki fallist á að krafa M hafi verið fyrnd um áramótin 2019/2020 og yfirlýsing V um að bera ekki fyrir sig fyrningu um áramótin 2019/2020 hefur því þá þýðingu að krafa M telst ekki vera fyrnd þegar þessi úrskurður er kveðinn upp.

Niðurstaða.
Krafa M, á endur V er ekki fyrnd.

Reykjavík, 15. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 382/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Fall við inngang verslunar 12. febrúar 2018.

Gögn.
Málskot móttekið 6. nóvember 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 25. nóvember 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þegar hann kveðst hafa runnið í hálku við inngang verslunar X um kl. 11.50 hinn 12. febrúar 2018. Í málinu liggur fyrir handskrifuð yfirlýsing dags. 1. febrúar 2019 frá vegfaranda sem átti leið inn í verslunina á sama tíma og M og segir þar: „...mikil hálka var fyrir utan búðina og virtist ekki hafa verið saltað eða sandað fyrir utan þann dag sem slysið átti sér stað."

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans þar sem starfsmenn X hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að hálkuverja svæði fyrir utan verslunina þann dag sem M slasaðist. M byggir á að nægilega sé sýnt fram á þá vanrækslu með lýsingu vegfaranda af aðstæðum. Einnig vísar M til þess að óskað hafi verið eftir upptökum úr myndavélum við verslunina tveimur dögum eftir slysið og verslunarstjóri X hafi ætlað að senda þær til V. M telur að beita þurfi strangara sakarmati en almennt þegar saknæmi X sé metið sem verslunar sem veiti þjónustu og veðuraðstæður hafi verið með þeim hætti fyrir slysið að full ástæða hefði verið til að bregðast við hálku.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að ósannað sé að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar þann dag sem M slasaðist við verslun X. V telur að tengsl séu milli M og vegfaranda sem hafi gefið yfirlýsingu um aðstæðurnar og þannig verði ekki byggt á þeim vitnisburði. Einnig bendir V á að engar samtímaupplýsingar liggi fyrir um slys M heldur hafi X ekki verið tilkynnt um það fyrr en tveimur dögum eftir að það átti sér stað.

Álit.
Til þess að skaðabótaábyrgð stofnist þarf að sýna fram á að það hafi ekki verið farið eftir þeim fyrirmælum eða hátternisreglum sem koma fram í löggjöf eða öðrum reglum eða aðstæður hafi verið með þeim hætti að X hafi borið að gera sérstakar ráðstafanir, t.d. varðandi hálkuvarnir, við inngang að verslun fyrirtækisins. M ber sönnunarbyrði um að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar.

Í máli M er ágreiningslaust að hann féll við fyrir utan inngang verslunar X. Þó liggi fyrir vitnisburður eins vegfaranda um það að „..virtist ekki hafa verið saltað eða sandað..", verður ekki talið að það sýni með afgerandi hætti að það hafi ekki verið gert eða að starfsmönnum X hafi borið að gera þær ráðstafanir vegna mögulegrar hálku. Slys M varð rétt fyrir hádegi á tíma sem vænta má að sólargangur sé þannig að dagljóst sé orðið. Einnig má ætla að fleiri viðskiptavinir hafi átt sömu leið og ekki liggur fyrir að fleiri slys hafi orðið þennan morgun. Verður því ekki fallist á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt varðandi slys M heldur hafi verið um óhappatilvik að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 383/2020

M og
V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur hvort atvik við tjónsatburð séu undanskilin bótaskyldu.

Gögn.
Málskot móttekið 02.11.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 20.11. 2020 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.
Í málskoti segist M vera verulega ósáttur við þann úrskurð V að hafna bótaskyldu úr kaskótryggingu A hjá félaginu. Tjón hafi orðið á bifreiðinni á þjóðvegi 1 við Stórutjarnaskóla í Þingeyjarsveit. Hann telji að sjálfskipting bifreiðarinnar hafi gefið sig enda hafi hann verið búinn að aka í marga klukkutíma.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt lýsingu M í tjónstilkynningu hafi bifreiðinni verið ekið á óvæntan hlut eða mun. V hafi óskað eftir nánari atvikalýsingu og samkvæmt henni hafi M verið á ferð í Flateyjardal þegar hann hafi misst stjórn á bifreiðinni og ekið með hjól utan í moldarbarð, ekki séð neitt að bifreiðinni í kjölfar þess og haldið ferð sinni áfram. Í málskoti byggi M á því að tjón hafi orðið á bifreið hans á þjóðvegi 1 við Stórutjarnaskóla þegar sjálfskipting A hafi gefið sig. Í ljósi þess að málatvik voru óljós hafi V farið fram á að M færi með A til skoðunar á viðurkenndu verkstæði. Niðurstaða þeirrar skoðunar hafi verið sú að framskaft bifreiðarinnar hafi orðið fyrir tjóni, brotnað og tekið millikassa og sjálfskiptingu með sér. Virðist tjónið aðeins hafa náð til undirvagns bifreiðarinnar. Með bréfi dags. 27. október 2020 hafi V hafnað bótakröfu M með vísan til þess að tjónsatvikið félli ekki undir bótasvið vátryggingarinnar. Bótasvið vátryggingarinnar sé skýrlega afmarkað í 4. gr. skilmála hennar og það hvíli á vátryggingartaka, þ.e. M, að sanna að umrætt atvik falli þar undir. Lýsing á atvikum sé ónákvæm, fyrst hafi komið fram að bifreiðinni hafi verið ekið á óvæntan hlut eða mun, svo hafi komið fram að henni hafi verið ekið á moldarbarð og að lokum komi fram að tjónið hafi átt sér stað í akstri eftir þjóðvegi 1. Sé því ekki fyllilega ljóst hvað gerðist og hafi M ekki lagt fram nein gögn er styðji við það að atvikið falli undir bótasvið vátryggingarinnar. Að mati V verði tjónið rakið til slits á A. Það megi ráða af því að bilunin hafi átt sér stað í akstri án þess að nokkurt sérstakt hafi gerst. Þá sé það þekkt bilun í bifreiðum af þessari tegund að hjöruliðskrossar slitni, og sé ekkert gert við því geti það leitt til þess að framskaft bifreiðar brotni og valdi með því tjóni á millikassa og sjálfskiptingu. Bilun vegna slits falli ekki undir bótasvið vátryggingarinnar og hafi M ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings að bilunin verði rakið til bótaskylds atviks. Þar sem tjónið virðist svo bundið við undirvagn A sé rétt að taka fram að meðal tilvika sem sérstaklega séu undanskilin bótasviði sé að laust grjót hrökkvi undir ökutæki í akstri og að ökutæki taki niðri á ójöfnum. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Ekki er fyllilega ljóst af atvikalýsingu M, né gögnum þeim sem liggja fyrir nefndinni, hvernig tjónið á A atvikaðist. Þannig byggir M í málskoti á því að sjálfskipting hafi gefið sig, en ekki er nánar útlistað hvaða bótaskylda atvik samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar hafi leitt til þess. Í upphaflegri tjónstilkynningu hans til V kemur fram að ökutækinu hafi verið ekið á óvæntan hlut eða mun, og í síðari samskiptum M við V kemur fram að hægra hjóli hafi verið ekið utan í moldarbarð. Nokkur vegalengd virðist milli þess staðar sem M segist, samkvæmt samskiptum hans við V, hafa verið á er hann ók A á óvæntan hlut eða moldarbarð og þess staðar er vart varð við tjónið, samkvæmt því sem segir í málskoti. Í bilanagreiningu kemur þá fram að tjón hafi orðið á undirvagni A, og að framdrifskaft, millikassi og sjálfskipting séu ónýt. Það hvílir á M, sem tjónþola, að sýna fram á að tjónsatvik falli undir bótasvið vátryggingarinnar. Í skilmálum umræddrar vátryggingar eru, í 17 töluliðum í gr. 4., talin með tæmandi hætti þau tilvik sem vátryggingin nær til, þar á meðal eru árekstur, áakstur, og útafakstur. Í töluliðum 18-27 í sömu grein eru talin upp þau tjónstilvik sem

vátryggingin nær ekki til, en þeirra á meðal eru skemmdir sem hljótast af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum. Þá tekur vátryggingin ekki til slits eða bilana. Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á að M hafi ekki sýnt nægilega fram á að umrætt tjón verði rakið til atviks sem fellur undir bótasvið vátryggingarinnar, en lýsing á atvikum er sem framan segir takmörkuð, og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 15. desember 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 384/2020

M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra A

Ágreiningur um bótaskyldu byggingarstjóra vegna rakaskemmda af völdum snjós.

Gögn.
Málskot móttekið 5.11.2020, ásamt fylgiskjali.
Bréf V, dags. 13.11.2020 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Í málskoti lýsir M því að mikil snjókoma hafi verið á Suðurlandi 4. og 5. apríl 2020, en fasteign M. Mikið fjúk hafi verið og yfirþrýstingur myndast. Mikill snjór hafi streymt óhindrað í loftunarop á þakskeggi hússins, og allur snjórinn svo runnið niður einhalla þakið, þar sem hann hafi bráðnað og lekið undir parket í öllum herbergjum. Hafi þetta valdið tjóni á parketi, loftplötum og málningu hússins. Ástæða þess að snjór hafi sogast svo auðveldlega inn í loftrörin hafi verið sú að ekki voru nægar snjógildrur í þeim, svo og það að bil milli rimla við þakskegg sé of mikið, og því ekkert sem hindri það að snjór sogist inn í rörin. Húsið sé því ekki rétt byggt að þessu leyti og telji M að sökin liggi hjá byggingarstjóra sem einnig hafi verið hönnuður hússins. Máli sínu til stuðnings vísar M til umfjöllunar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands um sambærilegt vandamál en í henni komi fram að snjógildrur eigi að vera til staðar og að það eigi að heilklæða en ekki listaklæða eins og gert hafi verið í þessu tilviki. Niðurstaða umfjöllunar Nýsköpunarmiðstöðvar er sú að vandamál af þessu tagi orsakist af því að frágangur sé ekki nægilega góður miðað við aðstæður.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til höfnunar félagsins á bótaskyldu, sem send var M dags. 9. júlí 2020. Þar kemur fram að krafa í starfsábyrgðartryggingu sé skaðabótakrafa. Þegar svo sé verði sá sem krefst skaðabóta að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni, hvert umfang þess sé, og að tjónið verði rakið til skaðabótaskyldrar háttsemi byggingarstjóra samkvæmt 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki. Er afstaða V sú að ósannað sé að þessi skilyrði fyrir skaðabótaábyrgð byggingarstjóra séu fyrir hendi. Skýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar hafi ekkert sönnunargildi í málinu enda sé hún ekki byggð á skoðun, heldur einungis upplýsingum úr tölvupóstum, sem ekki séu meðfylgjandi skýrslunni. Þá virðist umfjöllunin einnig varða önnur mannvirki en fasteign M og virðist aðstæður aðrar. Þá liggi ekki annað fyrir en að frágangur á fasteign M hafi verið í samræmi við samþykkta uppdrætti. M hafi ekki sýnt fram á að skaðabótaskylda sé fyrir hendi og er bótaskyldu því hafnað.

Álit.
Ekki hafa verið lögð fyrir nefndina nein gögn er sýni fram á að tjón hafi orðið á fasteign M, eða um umfang þess tjóns. Eina skjalið sem fylgdi málskoti M til nefndarinnar er svar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Er sú umfjöllun sem þar kemur fram byggð á upplýsingum úr tölvupóstum sem virðast hafa farið milli þessara tveggja aðila og frá skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, en þeir tölvupóstar liggja ekki fyrir nefndinni. Í umfjölluninni kemur þó fram að Nýsköpunarmiðstöð hafi ekki skoðað umrætt tjón og ekki er ljóst, þar sem bakgrunnsgögn skortir, hvort um er að ræða umfjöllun um tjón á fasteign M eða annarri eða öðrum fasteignum. Þá er umfjöllunin, þar sem hún er ekki byggð á skoðun, nokkuð almenns eðlis, og verða því ekki leiddar af henni niðurstöður um það hvað hafi valdið tjóni á fasteign M. Svo bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu A sé til staðar verður tjónþoli, M, að sýna fram á að tjón hafi orðið, hvert tjónið sé og að það megi rekja til skaðabótaskyldrar háttsemi A. Samkvæmt framansögðu hefur M ekki tekist að sýna fram á þessa þætti og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 15. desember 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 385/2020

M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra A

Ágreiningur um bótaskyldu byggingarstjóra vegna ágalla á svölum.

Gögn.
Málskot dags. 04.11.2020, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 19.11.2020 ásamt fylgiskjölum.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 20.11.2020.

Málsatvik.
Í málskoti er atvikum lýst svo að öryggisstigahús við fasteignina að D, sé tengt við stigapalla hússins með svölum. Á þessum svölum sé ófullnægjandi vatnshalli sem leiði til þess að vatn liggi á svölunum og leiti þaðan í aðliggjandi veggi með tilheyrandi tjóni. Samkvæmt skýrslu verkfræðistofu, X, sem gerð hafi verið að frumkvæði húsfélagsins sé halli að niðurföllum, en hann sé nauðsynlegur svo að niðurföll þjóni tilgangi sínum, rangur og/eða ófullnægjandi og of stór hluti yfirborðs svalanna sé með röngum vatnshalla. M telur ábyrgð á þessu liggja hjá byggingarstjóra og því beri að bæta tjónið úr starfsábyrgðartryggingu hans hjá V en V hafi hafnað þeirri kröfu með vísan til þess að álitsgerð verkfræðistofunnar bendi fremur til þess að mistök hafi átt sér stað við hönnun hússins.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að tilvist galla ein og sér leiði ekki til ábyrgðar byggingarstjóra. Þannig þurfi sá sem krefst bóta að sýna fram á að byggingarstjóri hafi vanrækt starfsskyldur sínar með saknæmum hætti, auk þess sem ágalli þurfi að vera verulegur og vanræksla byggingarstjórans sömuleiðis. Samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010 sé byggingarstjórum óheimilt að taka að sér ábyrgð á einstökum verkþáttum eða hönnun mannvirkis, og beri þeir ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða, sbr. 7. mgr. 29. gr. laganna. Komi verulegir ágallar í ljós og rekja megi þá til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða getur byggingarstjóri þó borið meðábyrgð enda hefðu honum ekki átt að dyljast ágallarnir við eftirlit, sbr. 5. mgr. 29. gr. laganna. Þá byggi rannsókn X aðeins á sjónskoðun sem dugi alla jafna ekki til að sýna fram á tjónsorsök. Þess utan beri minnisblað X ekki með sér að frágangur hafi ekki verið í samræmi við teikningar heldur þvert á móti að svo sé og teikningar séu með þeim hætti að steypuskil útveggja og efra yfirborð svalanna sé í sama fleti. Hönnuður hússins beri ábyrgð á því. Með vísan til þess telji V að ábyrgðin liggi fremur hjá hönnuði hússins en byggingarstjóra þess sé ágalli á því. Þar sem M hafi ekki tekist að sýna fram á að skilyrði fyrir bótaskyldu A séu fyrir hendi hefur V því hafnað bótaskyldu.

Í viðbótarathugasemdum sínum tekur M fram að byggingarstjóri, aðalverktaki og seljandi fasteignarinnar sé einn og hinn sami. Þá sé það óumdeilt að niðurföll séu á umræddum svölum. Svo niðurföll þjóni tilgangi sínum verði svo vatnshalli að vera réttur, en svo sé ekki í þessu tilviki. Þá er því mótmælt að X hafi aðeins framkvæmt sjónskoðun, enda hafi allar svalir verið hallamældar og niðurstöður þeirra mælinga megi sjá í minnisblaðinu. Þá sé niðurstaða þess, um að ekki hafi verið gætt að vatnshalla og að lagfæra þurfi hann til að fyrirbyggja frekari skemmdir, skýr. Hafi A, sem einnig var aðalverktaki og seljandi, því vanrækt skyldur sínar sem leiða eigi til bótaskyldu.

Álit.
Ágreiningurinn fyrir nefndinni varðar það hvort greiðsluskylda úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra sé fyrir hendi. Verður að skilja þann ágreining frá sjónarmiðum er varða hugsanlega ábyrgð A sem aðalverktaka eða seljanda húseignarinnar enda nær vátrygging V ekki til mögulegrar greiðsluskyldu á þeim forsendum.

Í 4.1 gr. vátryggingarskilmála sem gilda um lögboðna starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra, þ.e. A, segir um bótasvið vátryggingarinnar að bætt sé almennt fjártjón viðskiptamanns vátryggðs sem rakið verður til þess að ekki hafi verið byggt í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir, enda

hafi vátryggður með undirritun sinni staðfest ábyrgð sína á hlutaðeigandi mannvirki fyrir byggingarfulltrúa og tjónið falli undir þá ábyrgð að lögum. Í 29. gr. laga um mannvirki er kveðið á um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra. Segir þar m.a., í 7. mgr., að byggingarstjóri beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum hljóti eigandi fasteignar tjón sem rekja megi til gáleysis hans í starfi en byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða. Þá segir í 5. mgr. sömu greinar að byggingarstjóri skuli hafa virkt eftirlit með því að þeir sem komi að byggingu fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og viðeigandi lagaákvæðum, og verði byggingarstjóri var við ágalla skuli hann bregðast við. Komi verulegir ágallar í ljós sem rekja megi til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuðar beri byggingarstjóri meðábyrgð gagnvart eiganda enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast honum við slíkt eftirlit. Það hvílir svo á tjónþola að sýna fram á að skilyrði bótaskyldu séu fyrir hendi.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur ekki verið sýnt fram á annað en að byggingin hafi verið í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir, og benda ummæli í skýrslu X um staðsetningu steypuskila samkvæmt m.a. burðarvirkissniði, til þess að svo hafi verið, en svo virðist sem staðsetning þeirra leiði til þess að vatn sem safnast fyrir á svölunum eigi leið inn í veggi. Hvað varðar rangan vatnshalla ber jafnframt að ítreka það sem áður segir um að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta sem aðrir fagaðilar hafa með höndum. Breytir það ekki þeirri niðurstöðu að A hafi jafnframt verið aðalverktaki við framkvæmdirnar, enda verður ábyrgð hans sem byggingarstjóra aðskilin frá þeirri ábyrgð. Samkvæmt framansögðu verður ekki talið að sönnun fyrir því að A hafi vanrækt skyldur sínar byggingarstjóri hafi tekist og er bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu því A ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 15. desember 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 386/2020

M og
V v/ starfsábyrgðartrygginga hönnuðarins X

Ágreiningur um bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu hönnuðar.

Gögn.
Málskot móttekið 12.11.2020, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 23.11.2020.

Málsatvik.
Í málskoti M kemur fram að þau hafi með kaupsamningi þann 30. nóvember 2007 fest kaup á tilteknu einbýlishúsi, sem þá var í byggingu. Fasteignina hafi þau fengið afhenta í lok janúar 2008. Í ágúst 2020 hafi þau fengið upplýsingar um að mygla væri á háalofti sambærilegra húsa í sömu götu. Við athugun á húsi M hafi komið í ljós verulegur mygluvöxtur sem þau rekja til annmarka á hönnun þess. Aðalteikningar X, arkitekts vegna fasteignar M, voru samþykktar af byggingarfulltrúa þann 15. ágúst 2007. Var byggingarár skráð árið 2007 hjá byggingarfulltrúa og var fokheldisvottorð gefið út þann 3. desember 2007. Tilkynnti M tjón sitt til V með tölvubréfi þann 11. september 2020.

V hefur hafnað bótaskyldu í málinu á þeim grundvelli að allar kröfur í tryggingu X vegna hönnunar hússins séu fyrndar. Byggir V höfnun sína á því að krafa á hendur því sé fyrnd skv. lögum nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, þar sem meira en 10 ár eru liðin frá því að krafan varð gjaldkræf í skilningi laganna. Vísar félagið til þess að gjalddagi skaðabótakröfu sé þegar hún stofnast og að skaðabótakrafan hafi stofnast á árinu 2007 þegar hin skaðabótaskylda háttsemi átti sér stað, þ.e. þegar hönnunarstarf og sú vinna sem framkvæmd var í samræmi við þá hönnunarvinnu sem M telji ábótavant hafi farið fram.

M hafnar því að skaðabótakrafa stofnist á sama tíma og hin skaðabótaskylda háttsemi á sér stað. Þá vísar M m.a. til þess að opinber skráning um fokheldi hússins árið 2007 sé ekki trúverðug og ekki skuli miða við hana við mat á fyrningu krafna þeirra. Húsið hafi ekki verið byggt í samræmi við hönnun þess fyrr en komið var fram á árið 2008. Um kröfurnar gildi þar af leiðandi ný fyrningarlög nr. 150/2007 sem tóku gildi 1. janúar 2008 og að líta eigi til 9. gr. þeirrar laga, þar sem segir að upphafstími fyrningar sé frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar, eða bar að afla sér upplýsinga, um tjón og þann sem ábyrgð á því ber.

Álit.
Samkvæmt meginreglu skaðabótaréttar stofnast skaðabótakrafa þegar hin bótaskylda háttsemi á sér stað og miðast gjalddagi skaðabótakröfu við sama tímamark. Fokheldisvottorð var gefið út hinn 3. desember 2007 og verður því að miða við að bæði hönnun og byggingu hússins var lokið á árinu 2007. Það liggur því fyrir að hin skaðabótaskylda háttsemi átti sér stað á árinu 2007 og að um kröfuna gilda því þágildandi fyrningarlög nr. 14/1905. Enn fremur er ljóst að krafa M gagnvart hönnuði fyrndist á 10 árum, skv.. 2. tölulið 4. gr. laganna. Þar af leiðandi voru allar kröfur á hendur X fyrndar þegar tjónið var tilkynnt til V þann 11. september 2020.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt til greiðslu bóta úr starfsábyrgðatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 387/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar veitufyrirtækis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns í húseign af völdum leka frá heitavatnslögn sem brast.

Gögn.
Málskot, móttekið 11.11.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 24.11.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M býr í Reykjavík (A). Hinn 21. júlí 2020 mun heitavatnsleiðsla hafa sprungið í nágrenni A með þeim afleiðingum að heitt vatn lak inn í kjallara hússins og skemmdir urðu í kjallaranum. B eiga og reka heitavatnslögn þá sem hér um ræðir.

M kveður líftíma heitavatnsrörsins sem sprakk hafa verið kominn á enda og því hafi mátt sjá það fyrir að lögnin myndi gefa sig. Það sjáist best á því að um svipað leyti hafi önnur sambærileg lögn gefið sig í nágrenninu. Húsið að A hafi verið byggt 1975 og gera megi ráð fyrir að lagnirnar séu jafngamlar. M hefur krafist bóta vegna þess tjóns sem hann varð fyrir af völdum vatnslekans úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Gögn málsins eru nokkuð takmörkuð um það atvik sem varð til þess að heitt vatn lak inn í húseign M að öðru leyti en því að heitavatnslögn í nágrenninu gaf sig vegna tæringar. Engin óyggjandi gögn liggja fyrir um aldur lagnarinnar. Þótt bilun í heitavatnslögn kunni að hafa orðið annars staðar í nágrenni við A eru engin gögn til staðar um það atvik og ekkert hefur heldur komið fram í málinu sem gefur tilefni til að ætla að starfsmenn B hafi mátt sjá það fyrir að bilun í heitavatnslögninni væri yfirvofandi svo nærri A þannig að tilefni hafi verið til að endurnýja lögnina áður en hún gaf sig. Verður því að telja, eins og málið liggur fyrir, að ósannað sé að tjón M megi rekja til atvika sem B ber ábyrgð á. Hann á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 388/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um skaðabótaábyrgð þegar skilti fauk á bifreið 16. september 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 12. nóvember 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 27. nóvember 2020 ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur M, dags. 30. nóvember ásamt reglum Vegagerðarinnar um vinnustaðamerkingar, 16. útg. mars 2020.

Málsatvik.
M var við akstur á Vesturlandsvegi þar sem vegaframkvæmdir hafa verið vegna breikkunar vegarins í Mosfellsbæ. Þegar M ók um þrengingu til móts við Hulduhóla um kl. 15 hinn 16. september 2020 í roki og rigningu, skall umferðarskilti á frambretti bifreiðar hans og hliðarspegil farþegamegin. Nokkuð tjón varð á bifreiðinni og liggja fyrir myndir af því ásamt myndum af skiltinu á vettvangi sem var um tveggja metra hátt að sögn M og á því voru þrjú viðvörunarskilti. Skiltið var fest með einum sandpoka og gúmmístandi að sögn M og er það sýnilegt á myndum af vettvangi.

M telur að X beri ábyrgð á tjóni á bifreið hans þar sem ekki höfðu verið gerðar ráðstafanir vegna slæmrar veðurspár á svæðinu þennan dag, en nauðsynlegt hafi verið að gera þær sérstaklega vegna þess skiltis sem skall á bifreið hans. M bendir á að mikil umferð sé um svæðið og ekki sé gert ráð fyrir því í reglum Vegagerðarinnar um vinnustaðamerkingar að viðvörunarskilti séu það há að þau beri þrjú skilti í einu.

V telur skaðabótaábyrgð X ekki fyrir hendi og vísar til þess að X hafi unnið við tvöföldun Vesturlandsvegar frá því sl. vor og starfsmenn hafi talið skiltið mjög vel fest þar sem það hafi staðið af sér öll veður þar til þarna. Einnig vísar V til þess að vikulegar úttektir hafi verið gerðar á merkingum á verkstað af verkfræðistofu og ekki hafi komið fram athugasemdir um umrætt skilti í þeim. V telur því að frágangur X hafi verið í samræmi við viðurkennd viðmið og verklagsreglur Vegagerðarinnar.

Álit.
Í málinu liggja fyrir greinargóðar ljósmyndir af vettvangi. Af þeim er ljóst að sá staur sem fauk á bifreið M var nokkuð hár og á hann höfðu verið fest þrjú umferðarskilti, ýmist hringlaga eða þríhyrnd. Verður að telja að slík skilti geti tekið á sig nokkurn vind og ekki virðist ágreiningur um að veðurspá þennan dag hafi gert ráð fyrir nokkrum vindi. Staðsetning umræddsstaurs mjög nálægt akbraut hefði átt að leiða til sérstakrar athugunar á því hvort hætta væri á því að hann fyki um koll vegna þekktrar komandi veðurhæðar. Ekki liggur yfir hvort úttekt af hálfu verkfræðistofu á aðstæðum hafi tekið mið af því veðri sem spáð hafði verið þann dag sem tjón varð á bifreið M. Verður hún því ekki metin þannig að hún feli í sér mat á hættu á því að umrætt skilti fyki til. Af fyrrnefndum myndum að dæma var einn sandpoki notaður til að halda staurnum á réttum stað ásamt gúmmístöndum og hefði átt að tryggja undirstöður betur vegna þess veðurs sem var á tjónsdegi. Verður að meta starfsmönnum X til sakar að hafa ekki gert þær ráðstafanir, sérstaklega í ljósi staðsetningar rétt við akbrautina. Tjón M er því bótaskylt úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum fyrir tjón á bifreið sinni úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 389/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á Bæjartúni í Kópavogi 17. desember 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 11. nóvember 2020 ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur V1 til nefndarinnar, dags. 23. nóvember 2020.
Bréf V2 til nefndarinnar, dags. 18. nóvember 2020.

Málsatvik.
Árekstur varð með bifreiðum A og B í Bæjartúni þar sem bifreið A var ekið aftur á bak en bifreið B beint áfram. Ökumenn skiluðu ekki sameiginlegri tjónstilkynningu vegna árekstursins. Myndir eru af aðstæðum vettvangi með málskoti frá M.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að aka heim til sín í húsagötunni Bæjartúni þar sem hámarkshraði er 30 km/klst og lýsir M aðstæðum þannig að myrkur hafi verið og hálka. Aðstæðum lýsir M þannig að hægra megin á akbrautinni sé vegrið og þar sem bifreiðum ekki lagt heldur sé bifreiðum lagt milli innkeyrslna vinstra megin við akbrautina. M kveðst hafa ekið inn í götuna, en efst í brekku sé kröpp beygja til vinstri og útsýni þannig takmarkað, og ætlað að aka aftur á bak inn í innkeyrslu við heimili sitt, vinstra megin. M kveðst hafa litið í baksýnisspegil og hliðarspegla auk bakkmyndavélar áður en hann ók aftur á bak og þar hafi engan bíl verið að sjá. Þegar M hafi síðan verið byrjaður að bakka hafi hann heyrt árekstrarhljóð og þá séð hvar bifreið B hafi verið ekið hægra megin við bifreið A. M telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekið allt of hratt miðað við aðstæður sem hann þekki í götunni og hefði átt að stöðva sína bifreið til að gefa M tækifæri til að ljúka því að aka aftur á bak inn í innkeyrsluna ef athygli hans hefði verið í lagi.

Framburður ökumanns bifreiðar B er þannig vegna málsins að hann hafi ekið niður Bæjartún, sem sé tvístefnugata, á eftir bifreið A. Ökumaður bifreiðar B segir síðan að ökumaður bifreiðar A hafi farið yfir á vinstri vegarhelming og staðnæmst þar eins og hann ætli að leggja meðfram húsunum og þá hafi hann ekið hægra megin við hann. Ökumaður bifreiðar A hafi þá bakkað til að taka vinstri beygju og ökumaður bifreiðar B kveðst þá hafa stöðvað bifreið sína og flautað og árekstur áður en hægra horn bifreiðar A rakst utan í vinstri afturhlið bifreiðar B.

V1 lýsir ekki sérstaklega afstöðu til sakarskiptingar en telur að alla sök eigi að leggja á ökumann bifreiðar A þar sem hann hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig áður en hann ók aftur á bak.

Álit.
Samkvæmt þágildandi 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skulu ökumenn sem aka aftur á bak ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Þess bar M sem ökumanni bifreiðar A að gæta. Á honum hvílir sönnunarbyrði um að bifreið B hafi verið ekið of hratt eða ógætilega niður Bæjartúnið að ökumaður hennar beri sök á árekstrinum. Í gögnum málsins er ekki getið vitna að atburðinum og verður ekki heldur ráðið af gögnum málsins að bifreið B hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður. Hallann af sönnunarskorti um það ber M sem ökumaður bifreiðar A. Með hliðsjón af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina verður því ekki hjá því komist að leggja alla sök á ökumann bifreiðar A, þar sem honum bar að gæta að umferð fyrir aftan sig áður en hann ók aftur á bak í greint sinn.

Niðurstaða.
Öll sök á M, ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 15. desember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 390/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Líkamstjón í sundlaug 6. maí 2019.

Gögn.
Málskot dags. 7. september 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 5. janúar 2021.
Bréf lögmanns M til nefndarinnar, dags. 3. mars 2021.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið í sundleikfimi í sundlaug X þegar stöng losnaði og lenti í höfði hennar. Í lýsingu í málskoti kemur fram að starfsmaður X „...(eftir atvikum sundkennari) sunnan megin við laugina að toga í fánaspotta sem leiddi til þess að stöngin norðan megin, sem er u.þ.b. 1,8-2 metrar, losnaði með krafti og fór á höfuð umbjóðanda míns sem við það slasaðist."

M hefur krafist viðurkenningar á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V og telur að starfsmaður X hafi ekki gætt þess nægilega vel að stangir væru fastar auk þess sem starfsmenn X hafi ekki farið yfir búnað sundlaugarinnar eftir að hún var leigð út til kvikmyndatöku. Eftir slys M hafi komið í ljós að stangirnar höfðu verið fjarlægar af því teymi og starfsmenn X ekki gætt þess að kanna hvort þær hefðu verið festar á réttan hátt áður en sundleikfimi sú, sem M var í umræddan dag, hófst. M telur að X eigi að tryggja öryggi sundlaugargesta í ljósi þess að margir gestir heimsæki sundlaugina almennt og full ástæða til að fara yfir búnað hennar þegar aðstaðan er leigð út til þriðja aðila. Einnig bendir M á að ríkar kröfur megi gera til fasteignareigenda þar sem reiknað er með því að almenningur leggi leið sína um fasteignir þeirra í frístundum sínum.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ekki sýnt fram á sök starfsmanna X eða atvik sem leiði til skaðabótaábyrgðar. V bendir á að sú stöng sem losnað hafi í greint sinn hafi ekki losnað áður, en þær hafi verið í notkun frá opnun sundlaugarinnar árið 1991. V hefur eftir X að staðfest hafi verið að kvikmyndaframleiðendur, sem hafi fengið aðgang að sundlaug X viku fyrir slysið hafi fjárlægt fánastangir á meðan kvikmyndað var og ekki látið starfsmenn X vita af því og höfðu þeir hinir sömu því ekki vitneskju um annað en að stöng væri tryggilega föst og í sama ásigkomulagi og áður. Einnig vísar V til þess að stöngin hafi verið laus af öðrum ástæðum en X verði kennt um.

Álit.
Þegar litið er til annars vegar lýsingar í málskoti af atvikum málsins og hins vegar til röksemda V verður ekki annað séð en að leggja verði til grundvallar að starfsmaður X hafi verið að toga í fánaspotta eða línur þegar fánastöng féll niður og lenti á M sem var gestur í sundlaug X og þátttakandi þar í sundleikfimi. Því er ekki sérstaklega mótmælt að um starfsmann X hafi verið að ræða og þó skýrsla liggi ekki fyrir af viðkomandi verður að leggja til grundvallar að honum hafi borið að sýna sérstaka aðgát við þá háttsemi sína m.t.t. sundlaugargesta. Ekki verður séð að það hafi verið gert og verður X að bera hallann af því að hafa ekki lagt fram sérstök gögn eða framburðarskýrslur því til sönnunar. M telst því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 391/2020

M og
V v/ greiðslukortatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna ráns og líkamsmeiðsla utan heimalands vátryggðs.

Gögn.
Málskot, móttekið 31.10.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 9.12.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 9. október 2020 fór M, myndlistarmaður, með flugvél frá Osló, þar sem hann er búsettur til Berlínar, en þar hugðist hann starfa á vinnustofu í þrjár vikur. Eftir að hann lenti í Berlín tók hann leigubifreið í tiltekið hverfi borgarinnar þar sem hann fór í verslun til að panta vörur og efni til nota á vinnustofunni. Að svo búnu fór hann í hraðbanka til að taka út evrur. Síðan kveðst M ekki hafa munað eftir sér fyrr en hann var kominn á lögreglustöð til aðhlynningar, en hann hafi verið rotaður og rænt af honum leðurjakka og tveimur töskum með ýmsum fjármunum í.

M hefur krafist bóta úr nánar tilgreindri greiðslukortatryggingu sem hann hafði í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis í skilmálum vátryggingarinnar þar sem segir að vátryggður sem fer til vinnu eða náms sé einungis vátryggður á útleið og heimleið.

Álit.
Ekki er um það deilt að M fór til Berlínar í umrætt sinn til að starfa þar um þriggja vikna skeið á vinnustofu í myndlist. Samkvæmt þeim vátryggingarskilmálum sem hér eiga í hlut gildir vátryggingin samkvæmt því sem nánar greinir í skilmálunum á ferðalögum frá heimili vátryggðs í allt að 60 samfellda ferðadaga. Á hinn bóginn gildir sú undanþáguregla að „[v]átryggður sem fer til vinnu eða náms er einungis vátryggður á útleið og heimleið“, eins og orðrétt segir í umræddu ákvæði í skilmálunum. Í ákvæði þessu felst að vátryggingin tekur ekki til dvalar vátryggðs utan heimilis vegna vinnu eða náms, með öðrum orðum að þá telst hann ekki vera á ferðalagi í skilningi vátryggingarskilmálanna. Í ljósi þessa verður í tilviki M að skýra umrætt undanþáguákvæði svo að hann hafi ekki verið lengur á útleið frá sínu heimalandi er hann varð fyrir líkamsmeiðingum og var rændur jafnvel þótt það hafi gerst á leið hans frá flugvellinum að vinnustofunni. Greiðslukortatrygging M hjá V var því ekki í gildi þegar tjónsatburðurinn varð. Hann á því ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 12. janúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 392/2020

M og
V v/ slysatryggingar eiganda ökutækisins X

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna umferðarslyss 15. febrúar 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 20. nóvember 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 4. desember 2020.

Málsatvik.
Í lögregluskýrslu kemur fram að M var farþegi í sinni eigin bifreið (X) þegar þeirri bifreið var ekið aftan á aðra bifreið á Strandgötu í Hafnarfirði. Í skýrslunni er haft eftir ökumanni bifreiðar X að hann hafi ekki vitað hversu hratt hann ók bifreiðinni X þegar hann tók eftir því að bifreið fyrir framan hann var hemlað og hafi hann þá ekið aftan á þá bifreið. Haft er eftir ökumanni þeirrar bifreiðar að hún hafi stöðvað bifreið sína til að hleypa gangandi vegfarendum yfir götuna þegar bifreið hafi komið á mikilli ferð aftan á hennar bifreið. Haft er eftir vitni í sömu skýrslu að bifreiðinni X hafi verið ekið hratt fyrir áreksturinn.

M telur aðallega að hún eigi óskertan bótarétt úr slysatryggingu eiganda sem farþega bifreiðarinnar X hjá V og vísar til þess að hún sé ung að árum og hafi ekki haft frumkvæði að því að réttindalaus ökumaður bifreiðarinnar hafi ekið henni. Ekki sé hægt að leggja háttsemi hennar að jöfnu við háttsemi ökumannsins sjálfs og M telur að ekki séu orsakatengsl milli hennar háttsemi og þess tjóns sem hún varð fyrir.

V telur að sú háttsemi M að hafa falið réttindalausum ökumanni akstur bifreiðar sinnar og þess að hún var ekki í bílbelti til stórkostlegs gáleysis. Einnig vísar V til þess að M og ökumaður bifreiðarinnar hafi verið kærustupar. Orsakatengsl hafi verið milli þeirrar háttsemi slyss hennar og með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 telur V rétt að takmarka ábyrgð sína um 50%.

Álit.
Af lögregluskýrslu verður ekki annað ráðið en að M hafi falið ökumanni sem ekki hafi nokkurn tíma öðlast ökuréttindi akstur bifreiðar sinnar X, en enginn má stjórna bifreið án ökuréttinda, sbr. 1. mgr. 48. gr þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Verður ekki annað séð af gögnum málsins en að þau tengsl hafi verið milli M og ökumannsins að hún hafi mátt vita af réttindaleysinu og verður þannig að meta þessa háttsemi M til stórkostlegs gáleysis. Ekki liggur fyrir í málinu að ökumaður bifreiðarinnar hafi haft þá reynslu af akstri að máli skipti þegar M fól honum akstur bifreiðar sinnar. Ekki er hins vegar hægt að leggja til grundvallar að háttsemi hins réttindalausa ökumanns við aksturinn sjálfan geti haft bein áhrif á mat á stórkostlegu gáleysi M. Sök hennar telst því ekki eins mikil og ökumannsins, en vátryggingaratburður þó í beinu samhengi við það að hún fól réttindalausum ökumanni akstur bifreiðar sinnar. Hefur slík háttsemi þau áhrif skv. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga að V getur takmarkað ábyrgð sína um fjórðung. M á því rétt á bótum úr slysatryggingu eiganda bifreiðar X en V getur takmarkað ábyrgð sína um 25% af heildartjóni M.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum sem nema 75% af heildartjóni sínu úr úr slysatryggingu eiganda bifreiðar X hjá V.

Reykjavík, 12. janúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 393/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um hvort bótaskylda vegna slyss á vinnustað sé til staðar.

Gögn.
Málskot dags. 19.11.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 07.12.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 16. apríl 2020 hafi M slasast við störf sín hjá A. Slysið hafi atvikast með þeim hætti að M hafi verið við störf sín á standlyftara þegar hann var beðinn að færa stafla af brettum sem hann og gerði. Eftir það hafi hann spjallað við samstarfsmann sinn en svo ætlað að bakka út ganginn þar sem hann var að vinna. Þá hafi ökumaður annars lyftara, X, bakkað inn ganginn þar sem M var að störfum og bakkað á hann með þeim afleiðingum að M slasaðist. Atvikið var tilkynnt til lögreglu og Vinnueftirlits sem komu á vettvang og liggja skýrslur þeirra fyrir nefndinni. M telur að atvikið megi rekja til aðgæsluleysis X sem hafi ekki sýnt nægilega aðgæslu er hann ók lyftaranum aftur á bak inn á athafnasvæði M, án þess að gera vart við sig og hafi það leitt til tjóns fyrir M. Hafi X áður séð M á ganginum og honum því borið að viðhafa sérstaka aðgát, en í leiðbeiningum um vinnuvernd nr. 1/1997 segi sértaklega að lyftari skuli notaður með fyllstu aðgát og að aðeins megi nota hann þar sem sú notkun hafi ekki hættu í för með sér. Þá hafi skort á öryggisráðstafanir á vinnustað og hafi A brugðist skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað það varði. Þannig beri að veita starfsmönnum nauðsynlega kennslu og þjálfun og eins sé skylt að gera áhættumat en það hafi skort vegna þessa verkþáttar. Auðvelt hefði verið að haga verklagi á t.d. þann hátt að ökumönnum lyftara væri skylt að láta vita af sér ækju þeir inn á athafnasvæði annarra slíkra tækja. Við þær aðstæður sem verið hafi til staðar hvíli rík skylda á vinnuveitanda að gera öryggisráðstafanir. Því er sérstaklega mótmælt að M hafi sjálfur valdið árekstrinum með því a bakka á annan lyftara, enda eigi það sér ekki stoð í gögnum málsins. Báðir lyftarar hafi verið í akstri, og í skýrslu Vinnueftirlitsins vegna atviksins komi fram að orsakir þess hafi verið þær að skortur hafi verið á verklagsreglum varðandi öryggi starfsmanna við akstur á lyftara auk þess sem umferðarleiðir hafi verið ómerktar og óljósar. Verði því að telja að ábyrgðin hvíli á vinnuveitanda og krefst M því bóta úr ábyrgðartryggingu A. Þess utan, verði ekki fallist á óskertan rétt til bóta, verði ábyrgð á slysi, sem atvikast með þeim hætti að tveir aðilar bakki hver á annan, ekki felld að fullu á annan þeirra, heldur hljóti að þurfa að deila henni að álitum. Í öllu falli sé það fráleit niðurstaða verði ábyrgðin að fullu felld á M.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til atvikalýsingar sem fram komi tilkynningum til V, Vinnueftirlitsins og Sjúkratrygginga Íslands. Sú atvikalýsing, sem M hafi staðfest með undirritun sinni, sé á þann veg að M hafi verið við störf á staflalyftara að færa stafla af brettum. Þegar því verki hafi verið lokið hafi M spjallað við samstarfsmann sinn en að því loknu hafi hann bakkað frá brettunum og ekið á annan lyftara sem var á ferð fyrir aftan hann. Verklagsreglur og skýrar umferðarleiðir geti ekki komið í veg fyrir óhöpp þegar ökumaður bakkar án þess að líta aftur fyrir sig og hafi M ekki sýnt aðgát við starfann. M hafi mátt vera fullljóst að hætta gæti verið fólgin í því að bakka blint með þessum hætti, enda hafi hann starfað hjá A í 31 ár á slysdegi og því megi ætla að hann hafi verið fær um að leggja mat á hættueiginleika starfsumhverfis síns. Afstaða V er því sú að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi A eða aðila sem það beri ábyrgð á heldur fyrst og fremst til aðgæsluleysis M sjálfs og er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Fyrirliggjandi er lögregluskýrsla um umrætt tjónsatvik, dags. 16. apríl 2020. Þar er haft eftir M að lyftarinn sem hann var á hafi verið kyrrstæður þegar X bakkaði á hann, en haft er eftir X að hann hafi verið kyrrstæður þegar M hóf akstur aftur á bak. Áður hafi hann veitt M athygli á ganginum og ætlað

að beygja framhjá honum. Haft er eftir vitni að M og X hafi báðir verið á ferð þegar þeir lentu saman og að M hafi ekki litið aftur fyrir sig þegar hann byrjaði að bakka. Í skriflegri tilkynningu til Vinnueftirlitsins, dags. 4. maí 2020 kemur fram í lýsingu á tildrögum slyssins að eftir að hafa átt samtal við samstarfsmann sinn hafi M bakkað og ekið á annan lyftara sem var á ferð fyrir aftan hann. Í tjónstilkynningu sem send var V, dags. 6. maí 2020, og M staðfestir með undirritun sinni, kemur og fram að M hafi, eftir samtal við samstarfsmann, bakkað frá brettunum og ekið á annan lyftara sem hafi verið á ferð fyrir aftan hann. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga, sem er dags. 4. maí 2020 og einnig staðfest af M, er að finna sömu atvikalýsingu. Er ekki hægt að líta framhjá því að framangreindar lýsingar eru staðfestar af M sjálfum. Í umsögn Vinnueftirlitsins um slysið kemur fram að niðurstaða rannsóknarinnar sé sú að slys M megi rekja til þess að ekki voru fyrir hendi verklagsreglur um þennan verkþátt og að umferðarleiðir hafi verið ómerktar og óljósar, þá hafi verið þrengsli á umræddum gangi og dóti staflað upp við veggi. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður þó að telja að áreksturinn sem slíkan megi rekja til þess að M hafi tekið af stað, aftur á bak úr kyrrstöðu, án þess að líta aftur fyrir sig og gæta að aðstæðum. Virðist þá jafnframt sem X hafi veitt M gaum, en að M hafi á þeim tíma verið kyrrstæður og X því ætlað að hann gæti komist framhjá honum. Verður því að telja að áreksturinn sé að rekja til athafna M sjálfs sem viðhafði ekki þá aðgæslu sem vænta má við þessar aðstæður. Svo bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A stofnist þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það beri ábyrgð á og það er tjónþola að sýna fram á slíkt. Eins og hér háttar til verður ekki seð að slík sönnun hafi tekist og er kröfu M því hafnað.

Niðurstaða.
Má ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 12. janúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 394/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna bilunar í dælubúnaði í fjölbýlishúsi.

Gögn.
Málskot, móttekið 20.11.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 8.11.2020 (svo), ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Samkvæmt tjónstilkynningu til V, dags., 31. mars 2020, tilkynnti M sem vátryggingartaki um tjón sem hann kveðst hafa valdið 3. febrúar 2020 og bera skaðabótaábyrgð á gagnvart húsfélaginu A. Í tilkynningunni er tjónsatvikinu lýst nánar svo að búið hafi verið að setja upp dælur og stjórnstöð sem hafi átt að stjórna dælunum þannig að þær slökkvi á sér. Það hafi hins vegar ekki gerst og dælurnar gengið þurrar og brunnið yfir. Í fyrstu var talið að stjórnstöðin væri biluð og ný stjórnstöð sett upp með tilheyrandi kostnaði. Dælurnar hafi aftur brunnið yfir og þá hafi verið ljóst að bilunina væri ekki vað rekja til stjórnstöðvarinnar. Mikil leit hafi verið gerð að biluninni en ekkert fundist fyrr en við tilviljun að bilun í rafmagnskapli hafi komið í ljós.

Samkvæmt fyrirliggjandi yfirlýsingu nafngreinds aðila kveðst viðkomandi hafa verið á vettvangi við A 3. febrúar 2020 þegar fyrirsvarsmaður M hafi unnið að því að setja upp nýjan dælubúnað við A. Í yfirlýsingunni segir m.a. að eftir að dælurnar hafi brunnið yfir í síðara sinnið hafi komið í ljós bilun í rafmagnskapli sem fólst í því að leiðslum inni í kaplinum hafi slegið saman. Þá segir að „[þ]egar viðgerð hófst við að setja nýjar dælur og stjórnstöð“ hafi fyrirsvarsmaðurinn ekki kannað „með virkni allra rafmagnskapla, en eflaust hefði verið rétt að kanna kaplana áður en ný stjórnstöð og nýjar dælur voru tengdar.“

M hefur krafist þess að tjón sem hlaust af biluninni verði bætt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem hann hefur í gildi hjá V. Í málskoti kveður M að atvikið megi rekja til þess að hann hafi látið hjá líða að kanna virkni allra rafmagnskapla áður en hann hófst handa við að tengja nýja stjórnstöð og nýjar dælur. Hefði hann sem fagmaður og á grundvelli reynslu sinnar átt að athuga með grundvallarþætti eins og virkni rafmagnskaplanna áður en tækin voru sett upp og tengd. Vönduð og fagleg vinnubrögð hefðu verið að kanna fyrirfram hvort allir rafmagnskaplar væru í lagi. V hefur hafnað bótaskyldu annars vegar á þeirri forsendu að vátryggingin taki ekki til tjóns eins og hér um ræðir og hins vegar að samkvæmt gögnum málsins hafi ekki verði sýnt fram á skaðabótaábyrgð M né heldur að A hafi orðið fyrir fjártjóni vegna atviksins.

Álit.
Samkvæmt 2. gr. í skilmálum ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur, sem M hafði í gildi hjá V, tekur vátryggingin til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í vátryggingarskírteini enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Í 3. gr. skilmálanna eru tilgreind ýmis tilvik sem eru undanþegin gildissviði vátryggingarinnar. Þannig kemur fram í h- og i-liðum greinarinnar að vátryggingin taki ekki til tjóns á munum annars vegar sem vátryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna sem vátryggður hefur tekið í heimildarleysi, og hins vegar tjóns á munum sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.

Í vátryggingarskírteini M vegna ábyrgðartryggingarinnar kemur fram varðandi forsendur iðgjalds að um sé að ræða vélaverkstæði og dæluviðgerðir. Þá er skráður í skírteinið svofelldur skildagi fyrir vélaverk: „Þrátt fyrir ákvæði almennra vátryggingarskilmála félagsins þar um vátryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð er stofnast vegna skemmda á tækjum sem vátryggingartaki hefur til viðgerðar, hreinsunar eða geymslu. […] Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju að hluta eða öllu leyti vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu, tekur vátryggingin ekki til kostnaðar við það.“

Ljóst er samkvæmt gögnum málsins að M hafði tekið að sér að setja upp dælur ásamt stjórnstöð hjá A en dælurnar munu hafa brunnið yfir vegna bilunar í rafmagnskapli sem starfsmenn M hafi átt að gera sér grein fyrir áður en dælurnar voru teknar í notkun. Þannig var í grunninn um að ræða bilun sem kom upp í umræddum dælum í tengslum við uppsetningu þeirra og hlaust, að því er M kveður, af völdum ófaglegrar vinnu af hans hálfu. Er því um að ræða tjónsatvik sem undanþáguákvæði i-liðar í 3. gr. vátryggingarskilmálanna tekur til, þ.e. að vátryggingin taki ekki til tjóns sem vátryggður tekur m.a. að sér að gera við eða setja upp. Skildagi sá sem skráður er í vátryggingarskírteinið getur ekki átt við hér af þeirri ástæðu að hann tekur einungis til tjóns á tækjum sem vátryggingartaki hefur til viðgerðar, hreinsunar eða geymslu auk þess sem hann á ekki við þegar um er að ræða kostnað við verk sem nauðsynlegt reynist að vinna að nýju að hluta eða öllu leyti vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu. Þá getur heldur engu breytt í þessu tilviki þó þess sé getið í vátryggingarskírteininu varðandi starfsemi M að hún felist í rekstri vélaverkstæðis og dæluviðgerðum, enda er hér fyrst og fremst um að ræða tilgreiningu á áhættuflokki starfseminnar sem lagður er til grundvallar við ákvörðun iðgjalds. Um gildissvið vátryggingarinnar er fjallað í viðkomandi vátryggingarskilmálum og eftir atvikum þeim skildögum sem getið er í vátryggingarskírteini. Samkvæmt því sem að hér að framan greinir telst tjón það, sem M á að hafa valdið á dælum og stjórnstöð hjá A, falla utan gildissviðs ábyrgðartryggingarinnar. Þegar af þeirri ástæðu fæst tjónið ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á að kostnaður við viðgerð á dælubúnaði í eigu A, húsfélagsins fáist bættur úr ábyrgðartryggingu hans hjá V.

Reykjavík, 12. janúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 395/2020
M og
V v/ ábyrgðartryggingarliðs húseigandatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns í íbúð af völdum leka frá frárennslislögn.

Gögn.
Málskot, móttekið 20.11.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 14.12.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
M er eigandi íbúðar í kjallara A. Í apríl 2017 varð vatnstjón í íbúð á efri hæð í A er frárennslislögn í vegg í íbúðinni mun hafa lekið. Eigendur þeirrar íbúðar (B) höfðu í gildi húseigandatryggingu hjá V, sem felur í sér m.a. vátryggingu vegna vatnstjóns svo og ábyrgðartryggingu húseiganda. B munu hafa fengið tjón sem varð á íbúð þeirra bætt úr vatnstjónstryggingarlið vátryggingarinnar. M kveður að tjón hafi einnig orðið á íbúð sinni af völdum vatnslekans og á árinu 2020 gerði hún kröfu um að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingarlið húseigandatryggingarinnar hjá V. Í júlí 2020 átti M í nokkrum tölvupóstsamskiptum við V vegna tjónsins og sendi m.a. ljósmyndir, m.a. af veggjum og rafmagnsdósum í svefnherbergi og skáp í eldhúsi, sem hún kveður sýna þær skemmdir sem urðu í íbúð hennar. Með tölvupósti V 28. sama mánaðar hafnaði V tjóni á þeirri forsendu að tjónið félli ekki undir gildissvið ábyrgðartryggingarinnar og var í því efni vísað til inngangsákvæðis 1. gr. ábyrgðartryggingarhluta í skilmálum húseigandatryggingarinnar. Með tölvupósti 13. október sama ár áréttaði V höfnun sína m.a. með þeim orðum að hin hlutlæga ábyrgðarregla sem mælt er fyrir um í 3. tölulið 1. mgr. 51. gr. og 3. tölul. 52. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús sé „víðtæk bótaregla og er tekið sérstaklega fram í skilmála húseigendatryggingar, grein 2.2. í 2. kafla að félagið taki ekki á sig víðtækari ábyrgð en venjuleg skaðabótaskylda.“

Samkvæmt málskoti kveður M að hafið sé yfir allan vafa og ágreining að B, eigendur íbúðarinnar þar sem lekinn átti rætur að rekja, beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem varð í íbúð hennar á grundvelli 1. mgr. 51. gr. laga nr. 26/1994.

Í athugasemdum sínum við málskotið kveður V að tilkynnt hafi verið um tjón í íbúð M rúmum þremur árum eftir tjónsatvikið í íbúð B og ósannað sé með öllu að tjónið í íbúð M megi rekja til þessa tjónsatviks. Þá sé ljóst að tjónsatvikið í apríl 2017 hafi orðið við það að frárennslisrör í vegg í íbúð B hafi gefið sig. Um sé að ræða sameiginlega lögn sem húsfélag A, þ.e. hússins alls, beri ábyrgð á samkvæmt 3. tölul. 52. gr. laga nr. 26/1994, en slík ábyrgð falli hins vegar ekki undir ábyrgðartryggingu vátryggingartaka.

Álit.
Af fyrirliggjandi ljósmyndum af vatnsskemmdum í íbúð M verður að telja að engum vafa sé undirorpið að skemmdirnar megi rekja til vatnsleka frá íbúð B fyrir ofan eða lögn þar inni í vegg. Þótt talsverður tími hafi liðið frá vatnstjóninu í íbúð B í apríl 2017 uns M hafði samband við V í júlí 2020 verður ekki ráðið að annar vatnsleki hafi komið til í A á þessum tíma annar en téður vatnsleki í apríl 2017. Samkvæmt þessu og að virtum gögnum málsins að öðru leyti verður að telja nægilega í ljós leitt að umræddar vatnsskemmdir í íbúð M hafi orðið af völdum vatnslekans í apríl 2017. Jafnframt verður að telja nægilega í ljós leitt að lekann megi rekja til bilunar í frárennslislögn í vegg í íbúð B.

A telst ótvírætt til fjöleignarhúsa í skilningi laga um fjöleignarhús nr. 26/1994, sbr. m.a. 1. gr. laganna. Samkvæmt 7. tölul. 5. gr. laganna teljast til séreignar fjöleignarhúss lagnir og tilfæringar, hverju nafni sem þær nefnast og hvar sem þær eru, sem eingöngu þjóna þörfum viðkomandi séreignar. Samkvæmt 7. tölul. 8 gr. laganna falla undir sameign fjöleignarhúss m.a. allar lagnir, svo sem fyrir heitt vatn, kalt vatn, skolp, rafmagn, síma, dyrasíma, sjónvarpsloftnet og útvarpsloftnet, sem þjóna sameiginlegum þörfum og þörfum heildarinnar, án tillits til þess hvar þær liggja í húsinu eða á lóð þess. Einnig er tekið fram í ákvæðinu að jafnan séu líkur á því að lagnir í fjöleignarhúsi eða á lóð þess séu í sameign allra. Með vísan til þessara ákvæða, sbr. og túlkun á þeim í úrskurðum kærunefndar fjöleignarhúsamála (nú kærunefndar húsamála), verður að líta svo á að lögn sú sem gaf sig og olli tjóninu teljist til sameignar fjöleignarhússins að A.

Samkvæmt 3. tölul. 52. gr., sbr. 51. gr., laga nr. 26/1994 er húsfélag ábyrgt gagnvart einstökum eigendum og afnotahöfum vegna fjártjóns, þ.m.t. afleidds tjóns, sem verður á eignum þegar tjón stafar af bilun á búnaði sameignar og sameiginlegum lögnum þótt engum sem húsfélagið ber ábyrgð á verði um það kennt.

Í 56. gr. laganna segir að húsfélög séu til í öllum fjöleignarhúsum í krafti ákvæða laganna, sbr. 3. mgr. 10. gr., og ekki þurfi að stofna þau sérstaklega og formlega. Þá séu allir eigendur og aðeins þeir félagsmenn í húsfélagi viðkomandi fjöleignarhúss, sbr. 47. gr., og réttindi og skyldur til þátttöku í húsfélagi séu órjúfanlega tengd eignarrétti að einstökum eignarhlutum. Tjón sem húsfélag ber ábyrgð á samkvæmt 52. gr. skiptist á alla eigendur eftir hlutfallstölum eignarhluta í viðkomandi sameign, sbr. A-lið 45. gr., og skylda til að greiða hlutdeild séreignar í sameiginlegum kostnaði hvílir á þeim sem er eigandi hennar á hverjum tíma, sbr. 1. mgr. 47. gr.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að formlegt húsfélag hafi verið til staðar í A. Hvað sem því líður eru eigendur B þátttakendur í húsfélaginu að A og bera réttindi og skyldur samkvæmt því. Af þeim sökum og með vísan til 3. tölul. 52. gr. laganna bera þeir ábyrgð á tjóni því sem varð í íbúð M í samræmi við hlutfallstölu íbúðarinnar.

Í 1. gr. í skilmálum ábyrgðartryggingarliðs húseigendatryggingarinnar er í fáum orðum gerð grein fyrir hverjar séu helstu reglur íslensks réttar sem leitt geta til skaðabótaábyrgðar húseiganda. Þar segir m.a. svo, orðrétt: „Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd ***sakarregla*** og hún er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð. Vakin er athygli á að húseigendur bera víðtækari bótaábyrgð en að ofan greinir vegna bilana á búnaði séreignar og lagna. Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða tjónþola skaðabætur hafi vátryggður bakað sér skaðabótaábyrgð og tjónþoli ekki verið meðsekur eða meðábyrgur.“ Í 2. gr. skilmálanna er bótasvið ábyrgðartryggingarinnar tilgreint. Í gr. 2.1 segir að vátryggt sé gegn þeirri skaðabótaskyldu sem fellur á vátryggðan samkvæmt íslenskum lögum eða réttarvenjum sem eiganda húseignar þeirrar eða húseignarhluta er vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun greinir. Enn fremur segir í gr. 2.2 að félagið geti því aðeins orðið bótaskylt að tjónið baki vátryggðum fébótaábyrgð sem eiganda hússins eða sameiganda þess með öðrum, og þá í réttu hlutfalli við eignarhluta hans enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

Sú lögmælta ábyrgð sem B bera á tjóni í íbúð M, eins og að framan greinir, telst án nokkurs vafa skaðabótaábyrgð utan samninga og fellur því undir gildissvið ábyrgðartryggingarinnar samkvæmt því sem greinir í 2. gr. skilmálanna. Skýringar í 1. gr. á því á hverju skaðabótaábyrgð húseiganda kann að grundvallast breytir þessu ekki; heldur þvert á móti. B njóta því verndar ábyrgðartryggingarinnar á þeim hluta tjónsins í íbúð M sem þeir bera ábyrgð á.

Samkvæmt fyrri málslið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga getur tjónþoli krafist bóta beint frá viðkomandi vátryggingafélagi ef vátrygging tekur til tjóns vátryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber. M getur því sótt bætur vegna tjónsins beint í ábyrgðartryggingu húseiganda sem eigendur B hafa í gildi hjá V að því marki sem eigendurnir bera ábyrgð á tjóninu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna tjóns af völdum vatnsleka úr ábyrgðartryggingu B hjá V, í samræmi við hlutfallstölu íbúðar þeirra.

Reykjavík, 19. janúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 397/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags B.

Ágreiningur um bótaskyldu er grunnskólanemandi slasaðist í vatnsrennibraut.

Gögn.
Málskot, móttekið 23.11.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 27.1.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Laust eftir hádegi 4. júní 2015 var M að renna sér niður rennibraut sem lögð hafði verði á hól við A í sveitarfélaginu B, er hún brotnaði á neðri enda sköflungs vinstri fótar. Í skýrslu lögreglu sem kom á vettvang segir að M hafi dottið þegar hún hafi verið að renna sér niður plastdúk með sápu á. M hafi rennt sér niður standandi og beyglað fótinn.

M var flutt á bráðadeild Landspítalans til skoðunar. Í bráðamóttökuskrá við komu á deildina er skráð að M hafi staðið í einhverri rennibraut og dottið og síðan mikill verkur í vinstri fótlegg. Í meðferðarseðli hjúkrunarfræðings á sjúkrahúsinu frá sama degi segir um ástæðu komu að M hafi verið að renna sér í sápurennibraut í brekku við skólann sinn, verið komin niður þegar barn hafi komið rennandi aftan á hana og hún fallið á spýtu.

Af skráningu A um slysið sem gerð var á slysdaginn, má ráða að M hafi fallið og um hafi verið að ræða eins og segir í skráningunni: „Áverki frá öðrum."

Í málskoti segir að lýsing hjúkrunarfræðings á bráðadeild Landspítalans staðfesti að M hafi rennt sér niður áfallalaust, staðið upp og þá fengið annað barn aftan á sig. Við það hafi hún fallið á tréhæl sem hafi veri notaður til að festa rennibrautina. Kveður M að mistök hafi átt sér stað við uppsetningu vatnsrennibrautarinnar og/eða við eftirlit með börnunum sem þar voru að leik. Ljóst sé að starfsfólk A hafi annað hvort ekki verið að fylgjast nægilega vel með hvenær börnin fengu að renna sér niður rennibrautina eða enginn hafi verið að fylgjast með þeim þegar þau renndu sér niður. Hafi M mátt treysta því þegar hún renndi sér niður, eins og hafi átt að gera, að öðru barni yrði ekki hleypt niður rennibrautina of snemma á undan henni. Kveður M að B sem eigandi og rekstraraðili A beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem hún hlaut í slysinu. Hefur hún krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

V kveður umrædda rennibraut vera í raun dúk sem er negldur fastur með tréhælum í gegnum 3 cm kósa á dúknum. Dúkurinn hafi verið festur ofarlega í brekkunni til að koma í veg fyrir að hann rynni niður og að nemendur myndu rekast í hælana. Vatni og sápu hafi síðan verið sprautað á dúkinn til að gera hann sleipan. Hóllin sem rennibrautin hafi verið lögð á sé mikið notaður á veturna til að renna sér bæði á sleðum og snjóþotum og sé vinsæll af nemendum og öllum aldurshópum. Hóllinn sé hvorki stór né brattur og því ekki talið hættulegt að setja brautina upp. Brautir sem þessar hafi verið settar upp við skóla í fleiri sveitarfélögum og á ýmsum bæjarhátíðum að sumri til. Á hólnum hafi verið gæsla tveggja kennara til að stýra rennsli niður og gæta þess að ekki myndaðist örtröð. Kveður V að ekki hafi verð sýnt fram á skaðabótaskylda háttsemi af hálfu starfsmanna A og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.
Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að rennibraut sú sem M slasaðist í var búin til úr plastdúk sem var lagður niður stutta brekku á hól skólalóðinni. Ljóst er m.a. út frá fyrirliggjandi ljósmynd að nokkur halli var í brekkunni. Til að gera brautina sleipa var sprautað á hana vatni og sápu. Ekki liggur fyrir nánari lýsing á því hvernig vatni og sápu var komið fyrir í brautinni. Tveir kennarar stóðu uppi á hólnum efst við rennibrautina til að stýra rennsli barnanna niður brautina og gæta þess að ekki skapaðist örtröð. Ekki liggur fyrir hvernig skipulagi var háttað að öðru leyti til að afstýra því að börn færu sér að voða er þau renndu sér niður. Rík skylda hvíldi á A að gæta ýtrasta öryggis barnanna þegar þau voru að leik í rennibrautinni, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar 1997, bls. 683.

Ekki er um það deilt að M slasaðist neðst í rennibrautinni eftir að hún hafði rennt sér niður. Þá verður að telja ljóst af fyrirliggjandi gögnum að hún hafi verið staðin upp þegar annað barn kom aðvífandi og

rakst á hana með þeim afleiðingum að hún féll niður og fótbrotnaði. Ekki verður með vissu ráðið að tréhæll sem hélt dúknum föstum eða önnur nærliggjandi spýta hafi átt þátt í því að M varð fyrir meiðslum. Hvað sem því líður sáu þeir tveir kennarar sem fylgdust með börnunum uppi á hólnum ekki hvernig slysið gerðist. Í ljósi þess að umrædd rennibraut var sleip auk þess sem hún var tiltölulega stutt og í nokkrum halla var brýn nauðsyn að fylgjast grannt með börnunum í brautinni og hafa skýrt skipulag á því hvernig þau renndu sér niður. Ætla verður að slysið hefði ekki orðið ef misbrestur hefði ekki orðið í þessu efni. Samkvæmt framansögðu verður að telja að slysið verði rakið til atvika sem B ber skaðabótaábyrgð á sem eigandi og rekstraraðili A. Ekki er efni til að fella meðábyrgð á M vegna tjónsins. Hún telst því eiga óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 16. febrúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Jóhann T. Sigurðsson lögm.

Mál nr. 398/2020

M og
V vegna sjúkra- og slysatryggingar.

Ágreiningur um bótafjárhæð. Frávísun.

Gögn.
Málskot móttekið 26.11. 2020 ásamt fylgigögnum og tölvupóstur M dags. 20.12.2020.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 15.12.2020, ásamt fylgigögnum merktum 1.-6.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M hefur verið metin til læknisfræðilegrar örorku með matsgerð dags. 30. mars 2020. Var niðurstaða þeirrar matsgerðar m.a. sú að varanleg læknisfræðileg örorka M var metin til 85%, en í matsgerðinni kemur einnig fram að ef hlutfallsreglu sé beitt þá sé niðurstaðan 64%. Af málsgögnu má ráða að greiddar hafa verið út bætur sem nema 64% varanlegri læknisfræðilegri örorku úr sjúkra- og slysatryggingu M hjá V. Ekki liggur fyrir afrit samnings milli M og V um svokallað fullnaðaruppgjör eða hvort M hafi gert fyrirvara við móttöku greiðslu frá V.

M telur að ekki hafi verið tekið nægilega tillit til áfallastreituröskunar við mat á veikindum hans og vísar um það til miskatöflu örorkunefndar, þar sem kemur fram að hana þurfi að meta sérstaklega og alvarleg röskun sé allt að 15%. M vísar einnig til þess að matsgerðinni komi fram að þunglyndi hafi ekki skírskotun í miskatöflum örorkunefndar útg. 2019. Málatilbúnaður M verður ekki skilinn öðruvísi en að hann telji varanlega læknisfræðilega örorku sínu vanbætta og að fullnaðaruppgjör bóta frá V feli ekki í sér réttar bætur.

V upplýsir að bætur til M á grundvelli fyrrnefndrar matsgerðar hafi verið gerðar upp í byrjun júní sl. M hafi síðan sent athugasemdir til V í byrjun september vegna matsgerðarinnar og hafi félagið þá farið aftur yfir málið og óskað eftir upplýsingum frá matsmanni, sem hafi ekki talið ástæðu til breytinga á niðurstöðu matgerðar. V telur að krafa M fyrir nefndinni lúti að fjárhæð bóta og að úrskurðarnefnd í vátryggingamálum geti ekki fjallað um slíkan ágreining, auk þess sem V telur nefndina ekki bæra til endurskoðunar á örorkumatsgerð óháðs sérfræðings sem M og V hafi verið sammála um að leita til. V bendir á að það hafi áður bent M á þetta og vísað til þess að hann eigi þess kost að hnekkja matinu. V telur því að vísa eigi máli M frá nefndinni.

Álit.
Í málsgögnum verður ekki annað séð en að bætur vegna 64% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku hafi verið greiddar skv. vátryggingarsamningi M við V um sjúkra- og slysatryggingu. Það hvort greiða eigi aðra og þá hærri fjárhæð úr vátryggingunni er ágreiningur um hvaða bótafjárhæð eigi að greiða. Í samþykktum fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005, kemur fram í 2. mgr. 3. gr. að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Með bréfi V til nefndarinnar dags. 15. desember sl. kemur fram að vátryggingafélagið hefur ekki samþykkt að nefndin fjalli um bótafjárhæðir í þessu máli. Þar sem sérstakt samþykki allra málsaðila liggur ekki fyrir verður því að vísa málinu frá nefndinni þar sem það fjallar um ágreining um bótafjárhæðir.

Málatilbúnaður M í málskoti eða viðbótargögnum byggir ekki á því að mat m.v. svokallaða „hlutfallsreglu“, sem nefnd er svo í matsgerð þeirri sem fjallað er um hér að ofan, sé óréttmætt. Verður því ekki hér fjallað sérstaklega um dóm Landsréttar í máli nr. 825/2019, sem kveðinn var upp 20. nóvember sl., þar sem niðurstaða var sú að beiting vátryggingafélags á „hlutfallsreglu“ skorti heimild að lögum.

Niðurstaða.
Málinu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 12. janúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 399/2020

M og
V ábyrgðartryggingar hjúkrunarheimilis X

Vinnuslys á bílastæði 24.5.2019.

Gögn.
Málskot dags. 27. nóvember 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 6. janúar 2021.

Málsatvik.
Í sameiginlegri tjónstilkynningu M og X til Sjúkratrygginga Íslands dags. 24. júlí og 7. ágúst 2019 kemur fram að M hafi runnið á lausamöl sem notuð hafi verið til að hálkuverja bílastæði fyrir utan vinnustað hennar um veturinn. Slysið varð í 24. maí 2019 kl. 15.30 og skv. sömu tilkynningu varð M ekki strax óvinnufær vegna slyssins en hinn 25. júní 2019, þegar hún leitaði til læknis hafi komið fram áverkar á hné hennar og hefur hún verið í meðferð við þeim áverkum síðan.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar þar sem ekki hafi verið fjarlægð lausamöl sem notuð hafi verið verið að hálkuverja bílastæðið mánuðina á undan. M vísar til laga nr 46/1980 varðandi fyrirmæli um öryggi, aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og telur að X hafi ekki farið eftir slíkum fyrirmælum, auk þess að hafa ekki farið eftir fyrirmælum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 um að frágangur bílastæða eigi að vera þannig að ekki skapist slysahætta af. M bendir á að hreinsun á lausamöl hefði átt að vera lokið eftir veturinn í ljósi þess hversu margir fara um bílastæðið og að aðbúnaður hafi valdið óþægindum og slysahættu. Einnig bendir M á að slys hennar hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins.

V telur ósannað að fall M sé rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. V vísar til mynda af bílastæði við húsnæði X þar sem ekki séu sýnilega hættulegar aðstæður og það að fjarlægja möl sem notuð hafi verið til hálkuvarna eftir veturinn hafi ekki verið hluti af öryggisráðstöfunum heldur frekar hluti af reglulegum þrifum. Einnig vísar V því á bug að slys M hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits og bendir á að M hafi ekki leitað til læknis fyrr en mánuði eftir slysið.

Álit.
Ljóst er að M féll á bifreiðastæði við vinnustað sinn hjá X. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi strax orðið óvinnufær eða líkamstjón hennar hafi verið þess eðlis að tilkynna hefði átt um það strax til Vinnueftirlits. Verður því ekki lagt til grundvallar að slík tilkynningarskylda hafi verið vanrækt af hálfu X þegar slysið var tilkynnt hinn 15. júlí 2019. Í málinu liggja ekki fyrir nokkur sönnunargögn sem sýna að aðstæður á bílastæðinu hafi verið þannig að augljós slysahætta hafi verið af þeim. Ekki eru gögn um önnur sambærileg slys eða nokkuð það sem gæti stofnað til greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V. M á því ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns síns úr þeirri ábyrgðartryggingu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 400/2020

M og
V vegna húseigandatryggingar.

Vatn á parketi og sönnun tjónsatvik og gildissvið vátryggingarskilmála .

Gögn.
Málskot dags. 29.11.2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 17.12.2020, ásamt afriti tjónstilkynningar.

Málsatvik.
Í tjónstilkynningu sem liggur fyrir í gögnum málsins kemur fram að M tilkynntu um tjón á parketi í eldhúsi í íbúð sinni hinn 11. september 2020. Þar kemur fram að tjónsorsök hafi verið sú vatn hafi lekið úr ísskáp á gólfið. Af gögnum málsins má ráða að skoðunarmaður hafi komið á vegum V til að meta tjónið á parketi í íbúð M.

M telur að tjónið falli undir gildissvið vátryggingarskilmála húseigandatryggingar sinnar hjá V, nánar tiltekið gr. 2.4 þar sem kemur fram að sú vátrygging bæti tjón vegna vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr m.a. kæliskápum vegna mistaka og bilana. M telur að ákvæði sem V hafi vísað til í höfnunarbréfi, gr. 2.1, eigi ekki við þar sem því hafi aldrei verið haldið fram af hálfu M að leki á gólf hafi stafað af því að lekið hafi úr ísskáp sem tengdur hafi verið við vatnslagnir. Einnig vísa M til þess að þau hafi sent V mynd af ísskápnum sem lak úr sem og hafi skoðunarmanni verið fært að skoða ísskápinn þegar hann kom á vettvang, auk þess sem hann sé enn notaður ef þarf að skoða hann sérstaklega. Einnig gagnrýna M afgreiðslu málsins hjá V og tilvísun til skilmálaákvæða.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að tjón á parketi í íbúð M sé hægt að rekja til atvika sem talin eru upp í 2. gr. vátryggingarskilmála um gildissvið húseigandatryggingar þeirra. V telur ósannað að vatn hafi lekið frá ísskáp og ekki hafi verið sýnt fram á bilun í honum og benda í því samhengi á að ísskápurinn sé enn í notkun. Einnig bendir V á að bleyta á gólfi hafi allt eins getað stafað af öðrum orsökum.

Álit
Í gögnum málsins kemur skýrlega fram að M tilkynntu um tjón á parketi í íbúð sinni vegna bleytu úr ísskáp. Í gr. 2.4 í vátryggingarskilmálum er gert ráð fyrir því að tjón sem verða vegna vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr kæliskáp falli undir gildissvið húseigendatryggingar M hjá V. Í gögnum málsins kemur einnig fram að skoðunarmaður á vegum V hafi komið á vettvang til að taka út aðstæður. Þegar þannig háttar verður að telja að V hafi haft möguleika til að staðreyna hvort vatn geti hafa lekið frá kæliskáp á heimili M, ef vafi var um slíkt. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir að þeir sem krefjast bóta verði að sanna tjónsorsök. Með því að tilkynna um tjón og taka á móti skoðunarmanni á vegum V gerðu M það sem vænta mátt af þeim til sönnunar tjóns. Verður V að bera hallann af því að aðstæður hvað tjónsatvikið varðar var ekki skoðað sérstaklega. Verður frásögn M því lögð til grundvallar um að vatn hafi lekið úr kæliskáp og þanngi valdi tjóni á parketi í íbúð þeirra, en V hefur ekki gefið fullnægjandi skýringar á því að vatn hafi komið annars staðar frá. M eiga því rétt á bótum úr húseigandatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
M eiga rétt á bótum úr húseigandatryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. janúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 401/2020

M og
V v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss í fiskvinnslu.

Gögn.
Málskot móttekið 29.11.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 11.12.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags 21.12.220.
Bréf M dags. 20.01.2021.

Málsatvik.
Þann 22. nóvember 2018 var M að störfum í svokölluðum forfrysti í vinnslusal fiskvinnslunnar X þegar hann féll úr tröppum með þeim afleiðingum að slasaðist m.a. á ökkla. Í samskiptaseðli slysa- og skurðdeildar heilsugæslunnar, dags. 22.11.2018 kemur fram að M hafi komið á heilsugæsluna með yfirmanni. Þar er enn fremur haft eftir M að hann hafi runnið til og snúið upp á ökklann.

Í málskoti M er atvikum nánar lýst á þann veg að M hafi verið að þrífa stiga í forfrysti þegar slysið átti sér stað. Við þrifinn hafi hann notast við vatnsslöngu sem var tengd krana í nokkurri fjarlægð frá frystinum og að við þrifin hafi slangan fests og að M hafi því kippt í slönguna til að reyna að losa hana. Við það hafi hún losnað en um leið komið mikill þrýstingur á slönguna sem varð til þess að hann rann til á ísuðu gólfinu og féll niður stigann úr frystinum.

M telur að X beri ábyrgð á slysinu á sakargrundvelli þar sem slysið megi rekja til ófullnægjandi starfaðstæðna m.t.t. öryggis. Vísar M til þess að hann hafi þurft að nota vatnsslöngu sem var tengd við krana sem var í töluverðri fjarlægð frá frystinum vegna þess að nánast enginn þrýstingur hafi verið á þeim krana sem staðsettur var nær frystinum. Telur M að vegna þeirrar vegalengdar sem var frá krananum að frystinum hafi slangan flækst og að það hafi orsakað slysið. Hann hafi verið að reyna að losa slönguna og þegar hún loks losnaði hafi komið mikill þrýstingur sem varð til þess að hann hrasaði. Telur M að komast hefði mátt hjá slysinu ef kraninn nær frystiklefanum hefði virkað sem skyldi því þá hefði ekki verið hætta á að slangan flæktist. Máli sínu til stuðnings hefur M lagt fram undirritaða yfirlýsingu samstarfsmanns, þar sem fram kemur að kraninn nær forfrystinum hafi ekki virkað og að starfsmenn hafi látið vita af biluninni en ekkert hafi verið gert af hálfu X til að lagfæra kranann. Þá vísar M til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu án ástæðulausrar tafar, eins og X hafi borið að gera samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

V telur að lýsing M á atvikum hafi breyst frá þeirri lýsingu sem fram kemur í læknisvottorðum. Þar komi einungis fram að M hafi runnið til og fallið eftir að slangan losnaði, en hvergi í gögnum málsins sé minnst á að mikill þrýstingur hafi komið á slönguna sem hafi orðið til þess að M hafi fallið. Mótmælir M þessari lýsingu sem rangri og telur V að ekki eigi að leggja til grundvallar M hafi fallið vegna þess að þrýstingur hafi komið á slönguna. Þá vísar V til þess að ekki hafi verið tilkynnt um slysið til Vinnueftirlitsins fyrr en 11 dögum eftir slysið, þar sem öryggistrúnaðarmaður hafi verið í fríi þegar slysið átti sér stað og að M hafi ekki upplýst um tildrög slyssins fyrr en þá. Enn fremur vísar félagið til þess að M hefði getað notað slönguna við krana nær forfrystinum þar sem hún hafi virkað þrátt fyrir að lægri þrýstingur hafi verið á henni.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Með vísan til þessa lagaákvæðis og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau.

Samtímagögn um slysið og tildrög þess eru nokkuð takmörkuð en fyrir liggja gögn um komu M á heilsugæsluna á slysdegi auk þess sem fyrir liggur tilkynning X til Vinnueftirlitsins sem dagsett er 11 dögum eftir slysið. Ljóst er að aðilum greinir á um málsatvik og orsök slyssins. Að teknu tilliti til þess að slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins innan tilskilins frests verður að byggja á lýsingum M um málsatvik. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða nefndarinnar að telja verið nægilega sannað að krani nær forfrystinum hafi verið ónothæfur og að tjónið verði rakið til þess að flækja hafi komið á slönguna og að þegar hún hafi losnað hafi komið slinkur á hana með þeim afleiðingum að M hrasaði. Þá verður að telja meiri líkur en minni að komast hefði mátt hjá slysinu ef krani nær forfrystinum hefði verið nothæfur. Tjónið verður því rakið til saknæmrar háttsemi X og þess að aðbúnaður á vinnustað M var ófullnægjandi. M á því rétt á fullum bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
Má rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. febrúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 403/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar húseigendatryggingar húsfélaga A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar húseigendatryggingar húsfélags B og
V3 vegna ábyrgðartryggingar húseigendatryggingar húsfélags C

Fall á bifreiðastæði við fjölbýlishús 1. apríl 2019.

Gögn.
Málskot dags. 30. nóvember 2020 ásamt fylgigögnum og viðbótarbréfi dags. 6. janúar 2021.
Bréf V1 til nefndarinnar, dags. 14. desember 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V2 til nefndarinnar, dags. 21. desember 2020 ásamt úrskurðum.
Bréf V3 til nefndarinnar, dags. 7. desember 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi fallið í hálku að kvöldi 1. apríl 2019 á sameiginlegu bílastæði við A. M leitaði strax á slysadeild og var þar greindur með brot á efri enda upphandleggs. Húsfélög við Kóngsbakka A eru vátryggð með húseigendatryggingu (fasteignatryggingu) hjá þremur vátryggingafélögum, húsfélagið C hjá V3, húsfélagið B hjá V2 en öll önnur hjá V1. Í gögnum málsins liggur fyrir mynd af vettvangi og merking af hálfu M um hvar hann féll.

M byggir kröfur sínar um greiðsluskyldu allra ofangreindra vátryggingafélaga á því að húsfélögin sem vátryggð eru hafi vanrækt þær varúðarráðstafanir sem hefði átt að viðhafa vegna veðuraðstæðna og hálku á bílastæðum þeirra. M byggir á því að margir eigi leið um bílastæðið á hverjum degi og því hafi húsfélögin átt að grípa til ráðstafana í ljósi þess að húseigendur beri ríkar skyldur til að gæta öryggis vegfarenda á lóðum sínum. M telur einnig að ekki sé hægt að rekja slys hans til hans eigin gáleysis.

V1 telur í fyrsta lagi að vátrygging húsfélagsins sem nær til A eigi ekki við þar sem slysið hafi orðið við bifreiðastæði sem tilheyrir B. Einnig telur V1 að ekki sé sýnt fram á að húsfélögin í A beri skaðabótaábyrgð vegna slyss M. V1 byggir á að upplýsingar frá þeim húsfélögum sýni að þau hafi gert þær almennu ráðstafanir að hafa snjóbræðslukerfi í gangstéttum við húsin, íbúar hjálpist síðan að við að salta gangstíga og ráðinn hafi verið verktaki til að sjá um snjómokstur á bílastæðinu og vakti hann bílastæðið vegna þess. Einnig bendir V1 á að ekki séu gerðar eins ríkar varúðarráðstafanir til eigenda íbúðarhúsnæðis eins og eigenda verslana og fyrirtækja og vísar til þess að M sjálfur sé íbúi í einu húsanna og hafi því átt að vera aðstæður ljósar. Sömu sjónarmið koma fram í bréfum V2 og V3 til nefndarinnar, auk þess sem sjónarmið um að M geti ekki átt skaðabótakröfu á sjálfan sig sem einn af eigendum C.

Álit
Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en ágreiningslaust sé hvar M féll við á bifreiðastæði sem tilheyrir tilteknum fjölbýlishúsum við götuna X, en M sjálfur býr í einu þeirra. Þó hálka hafi verið á bifreiðastæðinu hefur ekki verið sýnt fram á að aðstæður hafi verið þess eðlis að eigendur húsanna, eða húsfélögin sem slík, hefðu átt að gera sérstakar ráðstafanir þess vegna. Á þeim tíma sem M slasaðist er allra veðra von og hefur M ekki sýnt fram á það með nokkrum hætti að aðstæður hafi verið með þeim hætti að eigendur einhverra þeirra húsa sem hann gerir kröfu vegna, eða húsfélög þeirra, beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans. Verður slysið rakið til óhappatilviljunar sem ekki er hægt að krefjast skaðabóta vegna. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki talið nauðsynlegt að skera úr um það hvort slysið hafi orðið á svæði sem tilheyrir öllum húsnúmerum eða bara hluta þeirra. M á ekki rétt á bótum úr neinum þeirra ábyrgðatrygginga sem hann gerði kröfu í.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingum húseigendatrygginga húsfélaga A, B eða C.

Reykjavík, 26. janúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Margrét Arnheiður Jónsdóttir lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 404/2020

M og
V vegna landbúnaðartryggingar A

Ágreiningur um sök vörsluaðila þegar ekið var á hross á Laugarvatnsvegi hinn 10.11.2020.

Gögn.
Málskot móttekið 30.11.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 14.12.2020.

Málsatvik.
Hinn 10.nóvember 2020 varð tjón á bifreið í eigu M þegar henni var ekið á hross sem hljóp fyrir bifreiðina á Laugarvatnsvegi. Í skýrslu Aðstoðar og öryggis, sem gerð var um atvikið, er haft eftir A, eiganda hestsins, að hesturinn hafi verið á girtu svæði og allar girðingar heilar og því teldi hann hestinn hafa sloppið gegnum rimlahlið inn á veginn. Bifreið M er óökuhæf eftir atvikið og krefst hún bóta úr ábyrgðatryggingu bænda sem sé innifalin í landbúnaðartryggingu A enda sé lausaganga hesta ekki leyfð á veginum og miðað við frásögn A hafi hesturinn sloppið yfir grindagirðingu.

Í bréfi sínu til nefndarinnar rekur V að lausaganga búfjár sé ekki bönnuð á slysstað. Í 50. gr. vegalaga nr. 80/2007 sé gert ráð fyrir því að lausaganga sé bönnuð á stofnvegum og tengivegum ef girt er báðum megin vegar og lokað fyrir ágangi búfjár t.d. með ristarhliði. Svo hafi ekki verið háttað í þessu tilviki og sé lausaganga búfjár utan þéttbýlis heimil í Bláskógabyggð. Verði það að hesturinn hafi gengið laus við veginn því ekki metið eiganda hans til sakar. Jafnvel þó lausaganga búfjár væri óheimil á umræddu svæði þyrfti eftir sem áður að sýna fram á saknæma háttsemi eiganda við vörslur hrossins, enda taki ábyrgðartrygging A til skaðabótaábyrgðar á tjóni sem valdið er með saknæmum og ólögmætum hætti. Engin gögn liggi fyrir er sýni fram á að A hafi sýnt af sér saknæma vanrækslu eða að girðingar, hlið eða ristarhlið þar sem hesturinn var hafi verið vanbúin. Hafi M því ekki tekist að sýna fram á að skilyrði bótaskyldu úr vátryggingunni séu til staðar og er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Í skilmálum ábyrgðartryggingar bænda, sem er hluti landbúnaðartryggingar, kemur fram að hlutverk hennar sé að greiða skaðabætur fyrir vátryggðan ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð á grundvelli sakarreglunnar, en samkvæmt henni er það skilyrði tjóni hafi verið valdið með saknæmum og ólögmætum hætti. Í málskoti byggir M á því að lausaganga búfjár sé bönnuð á umræddu svæði. Ákvæði 50. gr. vegalaga felur í sér að lausaganga búfjár á stofnvegum og tengivegum telst bönnuð þar sem girt er báðum megin og lokað er fyrir ágang búfjár, t.d. með ristarhliði og þurfa bæði þessi skilyrði að vera uppfyllt. Eins og málum háttar hér hefur ekki verið sýnt fram á að svo sé og því ósannað að lausaganga búfjár sé bönnuð þar sem umrætt atvik átti sér stað, og þá liggur ekki fyrir að sveitarfélagið hafi nýtt sér heimild til að takmarka lausagöngu búfjár í dreifbýli. Jafnvel þó svo væri þyrfti að sýna fram á að A hefði sýnt af sér saknæma háttsemi við vörslur hrossins. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er ekki sýnt fram á að eigandi umrædds hross hafi sýnt af sér gáleysi við vörslur þess, enda liggur ekkert fyrir um t.a.m. vanbúnað girðingar. Verða því skilyrði skaðabótaábyrgðar samkvæmt framansögðu ekki talin uppfyllt og er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr landbúnaðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 12. janúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 405/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu verslunar.

Gögn.
Málskot móttekið 1.12.2020, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 14.12.2020, ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.
Bréf M dags. 15.12.2020.

Málsatvik.
Í málskoti M kemur fram að hann hafi verið á leið út úr versluninni X að kvöldi 9.1.2020 þegar hann datt í u.þ.b. 1-2 metra fjarlægð frá inngangi verslunarinnar. Kveðst M hafa fundið fyrir miklum verkjum strax og hann hafi því farið á læknavaktina í Austurveri síðar um kvöldið. Þar hafi honum var ráðlagt að hlífa fætinum, taka verkjatöflur og fara á slysadeild Landspítalans. Kveðst M hafa farið á slysadeild daginn eftir. Þaðan hafi hann verið sendur í myndatöku hjá Domus Medica. Þá hafi hann farið á Heilsugæsluna í Árbæ og þaðan hafi hann svo verið sendur aftur á Landspítalann til frekari skoðunar og meðferðar.

Í gögnum málsins er að finna tilvísun, dags. 10.1.2020, frá Heilsugæslunni í Árbæ, til Landspítalans í Fossvogi, þar óskað er eftir nánara mati og viðeigandi meðferð. Fram kemur í tilvísuninni að M hafi dottið í hálku þann 9.1.2020 og hlotið af því comminut brot í vinstri hnéskel. Enga nánari lýsingu er hins vegar að finna um það hvar eða hvernig M datt.

Gögnum málsins fylgir einnig lögregluskýrsla dags. 3.2.2020. Er um að ræða framburðarskýrslu M, þar sem m.a. er haft eftir honum að þegar hann hafi stigið út fyrir dyr verslunarinnar X hafi hann runnið til og dottið. Þá er haft eftir M að engar hálkuvarnir, sandburður eða annað hafi verið fyrir utan verslunina og að ekki hafi verið unnt að komast annarsstaðar út úr versluninni. Enn fremur er haft eftir M að vitni hafa orðið af atvikinu en hann kunni ekki nánari deili á þeim aðila. Vitnið hafi fljótlega farið af vettvangi. Í gögnum málsins kemur einnig fram að eftirlitsmyndavél sé við inngang verslunarinnar og að myndavélin sé þannig útbúin að hún taki upp þegar hún greinir hreyfingu en samkvæmt lögreglu hafi atvikið hafi hins vegar ekki sést á þeirri upptöku.

M telur X bera ábyrgð á tjóninu á þeim grundvelli að starfsmenn X hafi vanrækt að tryggja hálkuvarnir fyrir utan verslunina.V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að ósannað verði að teljast að M hafi orðið fyrir slysi með þeim hætti sem hann lýsir. Enn fremur vísar V til þess að ekki hafi verið sýnt fram á hið meinta slys verði rakið til mistaka eða vanrækslu starfsmanna X. Þá kemur fram bréfi V að snjóbræðslukerfi sé fyrir utan verslunina auk þess sem verslunareigandi hafi hálkuvarið svæðið. Þá vísar V til þess að engin starfsmaður hafi orðið vitni af óhappinu og að verslunareigandi hafi fyrst heyrt af atvikinu eftir fyrirspurn tryggingafélagsins.

Álit.
Samkvæmt meginreglu skaðabótaréttarins hefur M sönnunarbyrðina um að slysið hafi átt sér stað með þeim hætti sem hann lýsir því og að slysið verði rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Gögn málsins eru mjög takmörkuð. Engin samtímagögn, svo sem lögregluskýrsla, vitnisburður eða annað liggur fyrir sem sýnir fram á að slys hafi orðið með þeim hætti sem M lýsir því. Þá eru engin vitni í málinu sem geta staðfest hvernig slysið bar að, hvar það gerðist eða hverjar aðstæður voru. Verður M að bera hallann af slíkum sönnunarskorti. Að gögnum málsins virtum verður að teljast ósannað að slysið verði rakið til vanbúnaðar við verslunina X eða annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartrygging X hjá V.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt til greiðslu bóta úr starfsábyrgðatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. janúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 406/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um skaðabótaábyrgð vegna falls á vinnustað 19. september 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 11. nóvember 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 16. desember 2020.

Málsatvik.
M rann til í bleytu á gólfi vinnustaðar hans, nánar tiltekið á gangi sem liggur frá búningsklefum í sláturhús. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi runnið í bleytu og í tjónstilkynningu frá X til Sjúkratrygginga Íslands dags. 25. mars 2020 kemur það einnig fram ásamt upplýsingum um að M hafi áður verið slæmur í hné. Í umsögn Vinnueftirlitsins kemur fram að leki hafi verið á þaki húsnæðis X og vatn hafi lekið niður á gólf gangs sem hafi verið hált af þeim sökum.

M telur að aðbúnaður hafi verið með öllu óviðunandi á vinnustað hans þar sem X hafi brugðist skyldum skv. lögum nr. 46/1980 um að halda vinnustaðnum öruggum. Einnig vísar M til reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða m.a um að gera eigi ráðstafanir til að draga úr hálku á gólfum og að umferðarleiðir megi nota vandkvæðalaust með fullu öryggi og að byggingar vinnustaða séu traustar. M telur að X eigi að bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M með vísan til þess að X hafi ekki gert nægar ráðstafanir í samræmi við fyrrgreindar reglur.

V telur að ekki sé sýnt að starfsmenn X hafi vitað af leka í húsnæði sínu og þannig hafi fyrirtækið ekki getað brugðist við mögulegri hættu. Einnig vísar V til þess að starfsmaður X yfirfari húsnæðið reglulega og ekkert hafi komið fram við slíka yfirferð um leka. Auk þessa hafi margir starfsmenn gengið um sama gang og M á tjónsdegi, án þess að nokkur hafi fallið. Einnig vísar V til þess að ekki sé sýnt að orsakatengsl séu milli falls M og þeirra einkenna sem hann lýsir í læknisheimsóknum þar sem hann hafi verið með veruleg einkenni áður frá hné og hafi leitað til læknis vegna þess fyrir fallið.

Álit.
Í gögnum málsins virðist vera óumdeilt að M hafi fallið vegna bleytu á gangi húsnæðis vinnustaðar hans hjá X. Í skýrslu Vinnueftirlitsins er vísað til skemmda á þaki en ekkert liggur fyrir um hvenær þær urðu, hvernig veður var eða hvort starfsmönnum X hafi almennt verið kunnugt um að þakið gæti lekið. Til þess að X geti borið skaðabótaábyrgð vegna mögulegs líkamstjóns M þarf að sýna fram á að skylda X til sérstakra athafna hafi verið fyrir hendi, eða að starfsmenn X hafi mátt vita af því að einhver hætta á slysum væri fyrir hendi. Í þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður ekki séð að slík sönnun liggi fyrir. Verður því ekki fallist á að skilyrði skaðabótaréttarins séu uppfyllt varðandi skaðabótaskyldu X og hefur því ekki stofnast bótaréttur úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. janúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 407/2020

M og
V vegna heimilistryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna innbrots.

Gögn.
Málskot móttekið 01.12.2020.
Bréf V dags. 15.12.2020 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.
Í málskoti lýsir M því að munum í hennar eigu hafi verið stolið úr læstu þvottahúsi. Þegar hún hafi yfirgefið þvottahúsið hafi hurðin og allir gluggar verið tryggilega lokuð og læst. Þegar hún hafi komið aftur hafi herðatré legið á gólfinu, gluggi hafi verið opinn og fötin hennar horfin. Hún hafi strax hringt í neyðarlínuna 112 en fengið þær upplýsingar að óþarft væri að lögregla kæmi á vettvang og væri nægilegt fyrir hana að skila skýrslu. Það hafi hún gert. Hins vegar vilji V ekki bæta henni tjónið þar sem lögregla hafi ekki komið á vettvang.

Í bréfi sínu til nefndarinnar rekur V að hinn 8. október 2020 hafi borist tjónstilkynning frá M vegna þjófnaðar sem átt hafi sér stað daginn áður. Í 3. gr. skilmála viðeigandi vátryggingar komi fram að það sé forsenda fyrir bótaskyldu að ummerki um innbrot séu til staðar. Hvergi í gögnum málsins sé að finna upplýsingar um að ummerki um innbrot hafi verið á vettvangi, og bendi því allt til þess að gluggi sá, sem gert er ráð fyrir að komist hafi verið inn um, hafi verið ólæstur. Það sé M sem beri sönnunarbyrði fyrir því að svo hafi ekki verið. Að öllu virtu bendi gögn því til þess að tjón M sé að rekja til þess að fatnaði hafi verið stolið úr ólæstum híbýlum, en slíkt falli utan gildissviðs vátryggingarinnar. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Í 3. gr. þeirra skilmála sem um vátryggingu M hjá V gilda kemur m.a. fram að vátryggingin taki til þjófnaða við innbrot í læsta íbúð en að það sé forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Í sömu grein er jafnframt kveðið á um að dyr, gluggar og önnur op inn á vátryggingarstað skuli vera tryggilega læst, en í 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 er kveðið á um heimild vátryggingafélags til að gera fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða hluta sé varúðarreglum ekki fylgt. Eins og fram kemur í málskoti kom lögregla ekki á vettvang vegna atviksins en M staðhæfir að gluggar í þvottahúsinu hafi verið tryggilega lokaðir og læstir. Ekki liggja fyrir nefndinni neinar ljósmyndir, eða önnur gögn, er geri líklegt að brotist hafi verið inn um læstan glugga eða hurð. Það er M sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að slíkt innbrot hafi átt sér stað og samkvæmt framansögðu hefur slík sönnun ekki tekist. Þar af leiðandi er óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr heimilistryggingu sinni hjá V vegna innbrots.

Reykjavík 12. janúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 409/2020

M og
V vegna sjúklingatryggingar X

Gildissvið laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu.

Gögn.
Málskot dags. 26. nóvember 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 8. janúar 2021.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi verið starfsmaður hjá tilteknum vinnuveitanda á árinu 2016 þegar hún fór í veikindaleyfi. Vorið 2016 óskaði vinnuveitandi M eftir því að svokallaður trúnaðarlæknir vinnuveitanda færi yfir gögn og vottorð um vinnufærni hennar. Hinn 1. júní 2016 skilaði læknirinn X yfirlýsingu um að M hefði skerta starfshæfni. M fór fram á endurmat á starfshæfni sinni í júní 2016, sem fór ekki fram, en læknirinn X skilaði öðru vottorði um starfshæfni M í september 2017 og skrifaði M undir starfslokasamning við vinnuveitanda sinn síðar í þeim mánuði. M kvartaði til embættis landslæknis vegna starfshátta læknisins X í janúar 2017 og í niðurstöðu embættisins frá því í ágúst 2019 kemur fram að X hefði brugðist starfsskyldum sínum þegar hann gaf út yfirlýsingu um starfshæfni M í júní 2016 þar sem hann hefði ekki farið yfir gögn málsins, rætt við meðferðarlækna M eða skoðað sjúkraskrá hennar áður en yfirlýsingin var gerð.

M telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna háttsemi læknisins X við að skrifa ófullnægjandi yfirlýsingu um starfshæfni hennar í júní 2016 og telur að það falli undir 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. M byggir á því að hún hefði ekki orðið fyrir tjóni ef læknir hefði vandað rannsókn sína, sbr. 1.tl. 2. gr. laganna. M byggir einnig á því að ákvarðanir vinnuveitanda hennar hafi verið byggðar á ófullnægjandi rannsókn X og hún hafi haft margs konar afleiðingar fyrir M.

V telur að fyrrum vinnuveitandi M beri ábyrgð á starfslokum hennar og þó ákvörðun um slíkt hafi byggt að einhverju leyti á yfirlýsingu X dags. 1. júní 2016 verði það að vera á forræði og ábyrgð vinnuveitanda hvernig hann fer með upplýsingar sem komu fram í þeirri yfirlýsingu. V áskilur sér einnig rétt til að hafa uppi frekari málsástæður og lagarök ef tilefni eru til.

Álit
Í 1. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 kemur fram að sjúklingar sem verði fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð hjá heilbrigðisstarfsmönnum eða stofnunum geti átt rétt til bóta skv. lögunum. Gildissvið laganna markar bótasvið þeirrar lögboðnu sjúklingatryggingar hjá V sem M krefst bóta úr. Í athugasemdum með 1. gr. laga um sjúklingatryggingu í frumvarpi til þeirra laga kemur eftirfarandi skýring fram: „Frumvarpið tekur til líkamlegs og geðræns tjóns. Með því er átt við líkamlegt tjón, geðrænar afleiðingar líkamstjóns og hreint geðrænt tjón. Einnig tekur sjúklingatryggingin til tjóns sem verður við meðferð geðrænna sjúkdóma.“

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi orði fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni í skilningi 1. gr. laga um sjúklingatryggingu vegna læknisrannsóknar eða sjúkdómsmeðferðar hjá X. Möguleg skaðabótakrafa hennar vegna háttsemi X og því sem hún telur til afleiðinga hennar telst því ekki falla undir gildissvið lögboðinnar sjúklingatryggingar hjá V. Verður af þeim sökum ekki fjallað frekar um þá háttsemi eða skilyrði 2. gr. laganna.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 26. janúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 410/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar vinnuvélar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs bifreiðar og vinnuvélar 19.11.2020.

Gögn.
Málskot móttekið 04.12.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 17.12.2020 ásamt fylgigögnum 1-3.
Bréf V2, dags. 17.12.2020 ásamt fylgigagni.

Málsatvik.
Árekstur varð með bifreið B, sem M ók, og vinnuvél í eigu A, á bílaplani við Álalind 18, Kópavogi, þar sem A var við störf, hinn 19. nóvember 2020. Samkvæmt skýrslu Aðstoðar & öryggis, sem liggur fyrir nefndinni, voru atvik þau að starfsmaður A ók vinnuvélinni og var að færa pallettur fram og til baka frá byggingunni. B var ekið inn á bílaplanið þar sem hún var stöðvuð. Tjónið atvikaðist svo með þeim hætti að vinnuvélinni var bakkað frá byggingunni með hægri beygju með þeim afleiðingum að hún rakst á B. V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, viðurkenndi bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu þess að 2/3 hlutum. M fellir sig ekki við þá afstöðu og telur sig ekki bera neina ábyrgð á atvikinu, hann hafi ekið inn á svæðið í þeim tilgangi að afhenda vörur, og hafi hann beðið eftir því að lyftarinn færði sig svo B kæmist að. Þegar lyftarinn hafi bakkað frá hafi verið nóg pláss til að athafna sig en hann hafi tekið krappa beygju inn í hlið B, og því hafi ökumaður hans ekki veitt umhverfi sínu næga athygli.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V1 fram að ökumaður vinnuvélarinnar beri meginsök á árekstrinum, enda hafi hann brotið gegn ákvæði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 með því að aka aftur á bak án þess að ganga úr skugga um að það væri unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Hins vegar verði einnig að meta M það til sakar að hafa ekið inn á vinnusvæði án þess að huga að því að þar væri stór vinnuvél að störfum. Hefði M ekið óhikað inn á vinnusvæðið og lagt bifreið sinni aftan við vinnuvélina. Hann hefði hæglega getað forðað árekstri með því að gefa hljóðmerki til marks um staðsetningu sína eða með því að leggja í meiri fjarlægð frá vinnuvélinni. Beri hann því jafnframt nokkra sök á umræddu atviki.

V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, telur ökumann vinnuvélarinnar bera alla sök á árekstrinum. M hafi átt fullt erindi inn á svæðið vegna vöruafhendingar og hafi sýnt næga aðgæslu þegar hann ók inn á svæðið og stöðvað B til hliðar við vinnuvélina en ekki beint aftan við hana. Á stjórnanda vinnuvélarinnar hafi hvílt fortakslaus skylda til að gæta að ákvæði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga við akstur aftur á bak. Af myndbandi af atvikinu megi svo glöggt sá að B hafi verið kyrrstæð í aðdraganda árekstursins. Beri því að leggja alla sök á starfsmann A.

Álit:
Meðal gagna fyrir nefndinni er myndband af umræddu atviki. Þar sést hvernig lyftarinn sækir pallettur sem er svo lyft að annarri hæð byggingarinnar sem unnið er við, en þar taka aðrir starfsmenn við því sem á þeim er. Meðan á þeirri affermingu stendur, og lyftarinn er eðli máls samkvæmt kyrrstæður, ekur B inn á vinnusvæðið. B er svo lagt til hliðar aftan við lyftarann sem er kyrrstæður skáhallt framan við bygginguna. Af myndbandinu má jafnframt greina að svigrúm hefði verið fyrir ökumann lyftarans að bakka úr stæði sínu hefði hann ekki lagt á tækið og beygt til hægri, og þá rekist á B. Verður þannig að telja að ökumaður lyftarans hefði veitt B athygli hefði hann litið til hliðar við akstur sinn aftur á bak. Verður að telja að hann hafi brotið gegn ákvæði 1. mgr. 20. gr. umferðarlega en þar kemur fram að áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Sú skylda hvílir jafnt á ökumönnum þó um sé að ræða akstur á vinnusvæði. Kemur þá til skoðunar hvort ökumaður B beri hluta sakar á umræddum

árekstri. Verður að miða við að B hafi átt erindi inn á umrætt vinnusvæði vegna vöruafhendingar. Þá verður jafnframt að líta til þess að vinnuvélin var kyrrstæð þegar B ók inn á svæðið og staðnæmdist og verður ekki byggt á því að B hafi getað séð það fyrir að henni yrði í framhaldinu ekið aftur á bak með hægri beygju. Enn fremur liggur ekki fyrir að önnur svæði innan vinnusvæðisins hafi verið sérstaklega ætluð fyrir vöruafhendingar og að því hafi verið óforsvaranlegt að stöðva B á þessum stað. Eru því samkvæmt framansögðu ekki efni til að leggja hluta sakar á B og á M því rétt til óskertra bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna árekstursins.

Niðurstaða.
Ökumaður vinnuvélar í eigu A, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík 19. janúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 411/2020

M og
V v/ slysatryggingar launþega.

Ágreiningur um hvort réttur til bóta hafi glatast vegna tómlætis hins slasaða.

Gögn.
Málskot, móttekið 1.12.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 9.12.2020.

Málsatvik.
Hinn 20. febrúar 2018 féll M í stiga á vinnustað sínum. Hann leitaði samdægurs á bráðadeild Landspítalans. Í bráðamóttökuskrá kemur fram að skoðun hafi bent til rifbrota. Hann hafi fengið verkjastillandi meðferð vegna rifbrots og leiðbeiningar. Endurkoma var ráðlögð ef aukin mæði, hiti, slappleiki eða verkir koma til sem ekki fæst ráðið við, en gera mátti ráð fyrir að verkir myndu aukast eftir u.þ.b. tvær vikur. Þá fékk hann enskt læknabréf fyrir tryggingafyrirtæki í Póllandi. Eftir slysið mun M hafa farið til síns heima í Póllandi.

Í læknisvottorði pólsks læknis, dags. 4. nóvember 2019, kemur fram að M hafi leitað til læknisins 22. febrúar 2018 vegna verkja og slappleika af völdum slyssins. Hann hafi greinst með áverka á brjóstkassa vinstra megin (e. chest – left side), bringubeini (e. sternum), liðhlaup í hægri axlarlið (e. dislocation of the right shoulder) og í vinstri olnboga (e. the left elbow). Í framhaldinu hafi hann komið til viðtals og skoðunar í 11 skipti á tímabilinu frá 27. febrúar 2018 til 2. júlí sama ár. Enn fremur segir í vottorðinu að M hafi verið óvinnufær frá 22. febrúar 2018 til 9. júlí sama ár. Í öðru pólsku læknisvottorði, dags. 4. nóvember 2019, kemur fram að M hafi gengist undir liðspeglun 6. júlí 2018 og síðan verið til meðferðar og endurhæfingar til 31. desember sama ár.

Vinnuveitandi M hafði í gildi slysatryggingu launþega hjá V þegar slysið varð. Tilkynnt var um slysið til V 23. september 2019 með kröfu um bætur úr slysatryggingunni. V hefur hafnað bótaskyldu úr slysatryggingunni. Byggir höfnunin einkum á því í fyrsta lagi að með því að óska eftir læknisvottorði á ensku fyrir pólskt vátryggingafélag hafi M verið ljós atvik að baki kröfu sinni strax á slysdegi, í öðru lagi að hann hafi orðið fyrir verulegum meiðslum og verið óvinnufær til 9. júlí 2018 og í þriðja lagi hafi hann leitað til læknis í Póllandi í allmörg skipti frá 27. febrúar 2018 til 2. júlí sama ár auk þess að hafa gengist undir aðgerð á öxl 6. júlí sama ár. Með vísan til þessa sé ljóst að M hafi í síðasta lagi 6. júlí 2018 verið ljós atvik að baki kröfu sinni. Tilkynning um slysið hafi því ekki borist félaginu innan logmælts ársfrests samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Samkvæmt skilmálum V fyrir slysatryggingu launþega greiðast úr vátryggingunni dagpeningar vegna tímabundins missis starfsorku og bætur vegna varanlegs líkamstjóns eftir nánari reglum sem fram koma í skilmálunum. Af málskoti þykir mega ráða að krafa M um bætur úr slysatryggingunni takmarkist við bætur vegna varanlegs líkamstjóns. Úrskurður í málinu takmarkast því við slíka kröfu.

Ekki liggur fyrir í málinu af hvaða tilefni M óskaði eftir læknisvottorði á ensku fyrir pólskt vátryggingafélag. Ekkert verður fullyrt um að það hafi verið til að krefjast bóta fyrir varanlegt líkamstjón. Þá verður heldur ekki annað ráðið en að læknismeðferð auk aðgerðar og endurhæfingar sem M fékk í Póllandi allt til ársloka 2018 hafi verið í því skyni að hann fengi bót meina sinna. Að þessu gættu og að virtum gögnum málsins að öðru leyti verður að telja að það hafi ekki verið fyrr en að lokinni læknismeðferð og endurhæfingu í árslok 2018 að M hafi mátt vera ljóst að hann kynni að eiga kröfu um bætur úr slysatryggingunni vegna varanlegra afleiðinga af völdum slyssins. Krafa hans um bætur úr slysatryggingunni vegna varanlegs líkamstjóns telst því ekki hafa verið fallin niður vegna tómlætis þegar krafan var gerð 23. september 2019.

Niðurstaða.
Krafa M, um bætur vegna varanlegs líkamstjóns úr slysatryggingu launþega hjá V er ekki fallin niður vegna tómlætis samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Reykjavík, 12. janúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 412/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X

Umferðaróhapp 9. maí 2018 og orsakatengsl við líkamsmeiðsli.

Gögn.
Málskot dags. 2. desember 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 10. desember 2020.
Bréf lögmanns M dags. 15. desember 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M hafi tilkynnt um líkamstjón vegna umferðaróhapps 9. maí 2018 til V með tjónstilkynningu dags. 11. október 2019. Í lögregluskýrslu vegna umferðaróhappsins kemur fram að M hafi verið farþegi í bifreiðinni X þegar hún valt við Krýsuvíkurveg og í skýrslunni kemur fram að M segist ómeiddur eftir atvikið. Í svokölluðum meðferðarseðli hjúkrunarfræðings dags. 9. maí 2018 kemur fram að M hafi leitað á bráðadeild Landspítalans vegna bílveltu þremur tímum áður. Þar kemur eftirfarandi fram: „Kemur nú vegna verkja í hnéi og eymsla yfir thorax vinstra megin.“ Einnig kemur fram að vegna langs biðtíma á bráðadeild ætli M að koma aftur daginn eftir. Í sjúkraskrá M frá Heilsugæslu kemur fram að M hafi haft samband við hjúkrunarfræðing 15. apríl 2019 vegna meiðsla í baki eftir bílslys og næstu samskipti á heilsugæslustöð eru síðan í september 2019 þegar M hittir lækni vegna þessa og gefin er út beiðni fyrir sjúkraþjálfun.
M telur að hann hafi orðið fyrir meiðslum í bílveltunni 9. maí 2018 og orsakatengsl séu milli hennar og þeirra einkenna sem hann hefur í baki og lýst er í læknisfræðilegum gögnum málsins. M bendir á að hann hafi leitað samdægurs á bráðadeild vegna bakverkja og síðan í apríl og september 2019 til heilsugæslu vegna sömu einkenna. M vísar til þess að bílveltan hafi verið alvarleg og miklar sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni X og þannig sé hægt að ályktа að nokkuð högg hafi komið á líkama hans. Einnig vísar M því á bug að einkenni hans séu álagstengd, hann hafi verið ungur að aldri þegar hann lenti í bílveltunni og enga sögu átt um líkamlega verki fyrir slysið og það sé staðfest í læknisfræðilegum gögnum málsins.

V telur að orsakatengsl milli bílveltunnar og einkenna M séu ósönnuð og að það hafi liði tæpt ár frá atvikinu þangað til M hafi fyrst lýst verkjum í baki við hjúkrunarfræðing á heilsugæslu. V telur að koma M á bráðadeild sýni eingöngu eymsli við viðbein vinstra megin og eymsli í vinstra hné, en ekki bakverki. Þannig verði ekki sýnt að bakverkir M verði raktir til bílveltunnar.

Álit.
Óumdeilt er að M var farþegi í bifreiðinni X sem valt og skemmdist nokkuð við Krýsuvíkurveg 9. maí 2018. M leitaði á bráðadeild samdægurs og lýsti þar tilteknum eymslum við viðbein og í hné við hjúkrunarfræðing, en ekki aftur til læknis eða hjúkrunarfræðings fyrr en í apríl 2019 og bar þá um bakverki sem hann tengdi við bílveltuna. Í málinu liggur ekki fyrir sérstakt mat á orsakatengslum og tímabundnum eða varanlegum afleiðingum bílveltunnar. Ekki liggur heldur fyrir í gögnum málsins að M hafi tryggt sér sönnun um þær líkamlegu afleiðingar sem hann lýsir aðallega í september 2019 hjá lækni séu eingöngu tengdar bílveltunni. Á meðan ekki liggur fyrir sérstakt mat á orsakatengslum er sá vafi um að þau séu fyrir hendi að ósannað er að þau einkenni sem M hefur í baki sé hægt að rekja til umferðaróhapps í bifreiðinni X. M á því ekki að svo stöddu rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 12. janúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 413/2020

M og
V vegna frjálsrar ábyrgðatryggingar sveitarfélagsins X

Ágreiningur um skaðabótaskyldu. Frávísun.

Gögn.
Málskot móttekið 4. desember 2020 ásamt fylgigögnum og tölvupóstur M dags. 2.3.2020.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 28.12.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M hafi slasast illa við vinnu sína sem skólaliði þann 7. september 2020. Nánar tiltekið að hún hafi fallið niður um hlera í ræstikompu er hún gekk inn i ræstikompuna. Í gögnum málsins kemur fram að með bréfi, dags 20. nóvember 2020, hafi M gert kröfu um að V viðurkenndi skaðabótaskyldu vegna slyssins. Byggir M á því að slys hennar mætti rekja til óforsvaranlegra aðstæðna og vanbúnaðar á vinnustað hennar og gáleysi starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Í bréfi V kemur fram að V hafi enn ekki tekið afstöðu til bótaskyldu í málinu þar sem gögn hafi ekki borist frá X sem vátryggingataka. Málið sé enn í vinnslu hjá vátryggingataka og því hafi V ekki forsendur til að taka afstöðu til bótaskyldu í málinu. V krefst þess að málinu verði vísað frá, annars vegar á þeim grundvelli að ekki sé ágreiningur uppi, sbr. 3.gr. samþykkta nefndarinnar, og hins vegar á þeim grundvelli að málið sé það illa upplýst að það sé tækt til úrskurðar, sbr. e-lið 4.gr. samþykktanna. Loks, verði ekki fallist á frávísunarkröfur V, hafnar V bótaskyldu þar sem sök vátryggingartaka sé ósönnuð.

Álit.
Í 3. mgr. 5. gr. samþykkta nefndarinnar segir að bregðist vátryggingafélag ekki við skriflegri kröfu málskotsaðila innan þriggja vikna frá móttöku hennar er málskotsaðila heimilt að leita með málið beint til úrskurðarnefndarinnar. Þá segir að þegar sérstaklega standi á sé nefndinni heimilt að taka máli til umfjöllunar þrátt fyrir að framangreindu skilyrði sé ekki fullnægt.

Af málsgögnum verður ekki annað séð en að M sent skriflega kröfu til V þann 20. nóvember 2020 og leitað með málið til nefndarinnar með málskoti tveimur vikum síðar, þ.e. þann 4. desember 2020. Þá er er ekkert í gögnum málsins sem gefur til kynna að sérstaklega hafi þurft að vísa málinu til nefndarinnar á þeim tímapunkti.

Af framangreindu er ljóst að tímafrestir skv. 3.mgr. 5. gr. samþykkta nefndarinnar voru ekki liðnir þegar málskot var sent nefndinni og því ber að vísa málinu frá nefndinni.

Niðurstaða.
Málinu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 25. mars. 2021

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 414/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Ágreiningur um hvort sjúkdómseinkenni megi rekja til tiltekins bifreiðaáreksturs.

Gögn.
Málskot, móttekið 4.12.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 21.12.2020.

Málsatvik.
Hinn 10. maí 2017 var M ökumaður bifreiðar þegar þriggja bifreiða árekstur varð og högg kom á vinstra afturhorn bifreiðar hennar. Ökumaður bifreiðarinnar A átti sök á árekstrinum. M mun hafa leitað til sjúkraþjálfara 22. sama mánaðar. Í vottorði sjúkraþjálfarans, dags. 19. mars 2020, segir að fram að slysinu hafi M verið þokkaleg í skrokknum en eftir slysið hafi hún verið mjög slæm. Í fyrsta tímanum eftir slysið hafi hún lítið sem ekkert getað hreyft háls og verkjað í allt bakið og verið stíf í öllum skrokknum. Hafi M greinilega fengið svonefndan „Whiplash“ áverka í árekstrinum.

Í læknisvottorði heimilislæknis M, dags. 10. desember 2019, kemur fram að M búi við mikla fötlun í báðum handlimum allt frá fæðingu. Hún hafi fyrst komið á stofu til hans 24. júlí 2019 og nefnt áreksturinn, en þá hafði hún verið í sjúkraþjálfun sem hún fari reglulega í sökum fötlunar sinnar. Við komuna hafi hún verið mjög slæm í hálsinum og fái verki út í handleggi af og til. Við skoðun horfi hún til hliðanna en sé stíf við að horfa yfir vinstri öxl, nái 60° og eigi mjög erfitt með að halla höfði til hliðanna.

Í vottorði annars sjúkraþjálfara, dags. 1. apríl 2020, kemur fram að M hafi leitað til hans í júlímánuði 2019 vegna þrálátra einkenna frá höfði, hálsi og efri hluta brjósthryggjar, en undirliggjandi verkjaflækja hafi háð henni jafnt í svefni sem vöku. Við skoðun hafi hún verið kvikaum umlykjandi hnakkagrópina með verkjaleiðni upp í höfuð, út í axlarhyrnur, öllu meira hægra megin og niður í brjóstbak. Við þreifingu á hálsi hafi mátt finna fyrir meiri þéttni í vöðvum vinstra megin og vottað hafi fyrir „compressionseinkennum“ í hálsi. Hreyfiferill hafi verið skertur í öllum plönum, en reynst skástur í „extensio“. Eftir meðferð í tæp 20 skipti hafi staðan almennt séð verið skárri, en undirliggjandi verkjaflækja í hálsi með tilheyrandi stífni og spennu og afleiddum („sekúndur“) einkennum hafi enn verið afgerandi til staðar.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna líkamstjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir af völdum árekstursins í maí 2017. V hefur hafnað bótaskyldu með þeim rökum að ósannað sé að hún búi við sjúkdómseinkenni sem rekja megi til slyssins.

Álit.
M bjó við talsverða fötlun í stoðkerfi er hún lenti í árekstrinum 10. maí 2017. Þessi fötlun eða sjúkdómseinkenni kunna að hafa valdið því að hún hafi verið viðkvæmari en heilbrigður einstaklingur að verða fyrir meiðslum við áreksturinn. Ekki er loku fyrir það skotið að einkenni þau sem hún rekur til slyssins og gerð er grein fyrir í fyrirliggjandi gögnum megi rekja til slyssins. M mun hafa leitað til sjúkraþjálfara tólf dögum eftir áreksturinn og í vottorði sjúkraþjálfarans frá mars 2020, eða tæpum þremur árum síðar, er lýst þeim einkennum sem M kvaðst þá hafa og rekja mætti til afleiðinga árekstursins. Þá gerði hún fyrst grein fyrir þessum einkennum hjá lækni í júlí 2019 eða rúmum tveimur árum eftir atvikið. Samtímagögn um einkenni þau sem M rekur til slyssins eru afar takmörkuð. Þá liggur engin álits- eða matsgerð fyrir í málinu þar sem ítarleg grein er gerð fyrir heilsufari M fyrir áreksturinn og þeim einkennum sem að öllum líkindum megi ætla að hún búi við af völdum árekstursins. Við svo búið verður að telja að ekki liggi fyrir fullnægjandi sönnun þess að hún búi við meiðsl sem rekja megi til slyssins. Af því leiðir að M telst ekki eiga rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 19. janúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 415/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um hvort bótakrafa úr ábyrgðartryggingu A sé fyrnd.

Gögn.
Málskot móttekið 04.12.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 29.12.2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 11. september 2013 hafi M orðið fyrir umferðarslysi þegar bifreiðinni A var bakkað inn í ökumannshlið bifreiðar hans. Við komu á bráðamóttöku hafi M verið greindur með tognun á hálshrygg, lendarhrygg og mar á vinstri öxl og upphandlegg. M hafi svo leitað til bæklunarskurðlæknis hinn 14. mars 2014 en þá hafi bæst við fyrri einkenni og í samantekt þess læknis komi fram að M hafi ekkert lagast og eigi erfitt með svefn vegna verkja. M varð svo aftur fyrir umferðarslysi hinn 23. maí 2017, og hafi við komu á bráðamóttöku verið greindur með hálssveigju, tognun í baki, brjóstbaki, mjóbaki og mjaðmagrind. Í læknisvottorði segi að við seinna slys M hafi gömul einkenni ýfst upp. M hafi hinn 12. október 2019 gengist undir aðgerð vegna axlarklemmu en árangur hennar hafi verið takmarkaður, og bólgueyðandi sprautur hafi aðeins virkað tímabundið. Í fyrirliggjandi matsgerð, dags. 11. ágúst 2020, komi fram að fyrra slys M hafi leitt til 5 stiga miska og 5% varanlegrar örorku, og að stöðugleikapunktur hafi verið hinn 11. desember 2013. Síðara slysið hafi ekki haft í för með sér neinar afleiðingar. Talið var að fyrst hefði verið tímabært að meta afleiðingar slyssins 13. september 2014. M gerði hinn 18. ágúst 2020 kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A en V hafnaði kröfu hans með tölvupósti dags. 8. september 2020, á þeim grundvelli að krafan hefði fyrnst hinn 1. janúar 2018. M mótmælir þeirri afstöðu og telur hana ekki samræmast ákvæði 99. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987, enda fyrnist bótakröfur samkvæmt ákvæðinu á fjórum árum frá því tjónþoli fái vitneskju um kröfu sína og eigi þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. M hafi ekki átt þess kost þremur mánuðum frá slysdegi eins og V byggi á. M hafi leitað til bæklunarlæknis í mars 2014 og aftur í október sama ár. Það sé fyrst í vottorði þess læknis dags. 20. september 2015 sem fram komi að einkenni M séu líkast til komin til að vera en áður hafi ekki verið fjallað með ótvíræðum hætti um framtíðarhorfur M vegna afleiðinga slyssins. Þá verði að ætla tjónþola nokkurn tíma til að koma máli í þann búning að það teljist matstækt, það hafi því fyrst verið á árinu 2016 sem M hafi fyrst átt þess kost að leita fullnustu kröfu sinnar, og hefjist fyrning kröfunnar frá lokum þess árs. Það sé því í fyrsta lagi um áramót 2020/2021 sem krafa M geti talist hafa verið fyrnd.

Í bréfi sínu til nefndarinnar byggir V á því að á stöðuleikapunkti hinn 11. desember 2013 hafi M verið kominn með þau einkenni sem leiddu til þess að hann leitaði eftir örorkumati nokkrum árum síðar. Sé því rétt að miða við að krafa M hafi verið fyrnd fjórum árum síðar, eða 1. janúar 2018. Verði ekki fallist á það fer V fram á að miðað verði við 13. september 2014, en þá hafi að mati matsmanna fyrst verið tímabært að meta afleiðingar slyssins. Hafi krafa M því verið fyrnd í síðasta lagi hinn 1. janúar 2019. M hafi leitað þrisvar til bæklunarlæknis á árinu 2014 og sé því einsýnt að þá hafi M fengið vitneskju um kröfu sína og átt þess fyrst kost að leita fullnustu hennar, sbr. 99. gr. þágildandi umferðarlaga. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Í 99. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987, sem á við um ágreining aðila, segir að allar kröfur samkvæmt XIII. kafla laganna um fébætur og vátryggingu fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Fyrir nefndinni liggur vottorð bæklunarskurðlæknis, dags. 20. september 2015, en þar segir í samantektarkafla að hægt væri að minnka einkenni í höndum með aðgerð til að minnka dofa. Að öðru leyti sé lítið hægt að gera annað en sjúkraþjálfun og einkenni því komin til að vera. M byggir á því að það hafi fyrst verið við útgáfu þessa vottorðs sem hann hafi haft vitneskju um kröfu sína og því beri

að miða upphaf fyrningarfrests við lok árs 2016. Af vottorðinu verður hins vegar ekki ráðið annað en að síðasta koma M til þess læknis sem það ritar hafi verið hinn 28. október 2014, og verður því að byggja á því að á þeim tíma hafi legið fyrir að um varanlegt tjón væri að ræða, jafnvel þó vottorðið sé ritað síðar. Verður því að miða við að þá, þ.e. í október 2014, hafi M haft vitneskju um kröfu sína. Jafnvel þótt ætla megi ákveðið svigrúm frá þeim tíma og þar til M átti þess fyrst kost á að leita fullnustu kröfunnar, verður samkvæmt framansögðu að líta svo á að fyrningarfrestur hafi hafist í lok árs 2015. Verður því að miða við að krafa M hafi fyrnst hinn 1. janúar 2020, eða tæpum átta mánuðum áður en hún barst V. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans á grundvelli fyrningar.

Niðurstaða.
Krafa M um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V er fyrnd.

Reykjavík 26. janúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 416/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar A hjá V

Ágreiningur um bótaskyldu er M féll í hálku og slasaðist við störf hjá A.

Gögn.
Málskot móttekið 08.12.2020 ásamt fylgiskjölum 1-7.
Bréf V dags. 08.01.2021 ásamt fylgiskjölum.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 03.02.2021 og 13.02.2021.
Viðbótarathugasemdir V, dags. 15.02.2021.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 28. janúar 2020, fallið og slasað sig í hálku er hún hafi verið á leið að ruslagámi sem staðsettur sé skammt frá eggjabúi A, þar sem M hafi starfað. Orsakir slyssins hafi verið þær að ísing var á planinu og hvorki búið að sanda né salta það. Þá hafi M verið klædd í hvít vinnustígvél sem hafi ekki verið ætluð til notkunar utanhúss og séu mjög sleip. M leitaði læknis daginn eftir atvikið og hafi hún allt frá slysdegi glímt við afleiðingar þess. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna óforsvaranlegra aðstæðna á vinnustað. Skort hafi verulega á hálkuvarnir, en hvorki hefði verið flókið né kostnaðarsamt að sinna þeim, og verði A að bera ábyrgð á þeirri slysahættu sem af því hafi skapast að starfsmenn þess sinntu ekki hálkuvörnum umræddan dag. Óforsvaranleg umferðarleið starfsfólks að ruslagámnum sé þannig ekki í samræmi við reglur um húsnæði vinnustaða, sem ekki taki aðeins til húsnæðis atvinnurekanda heldur einnig athafnasvæðis innan lóða fyrirtækja. Þá hafi sú framkvæmd að láta starfsfólk fara með rusl í umræddan gám, yfir ísilagt og ósaltað plan, verið óforsvaranleg og í andstöðu við ákvæði reglna um vinnuvernd, auk þess sem skóbúnaðurinn sem M fékk hjá A hafi augljóslega ekki hentað til slíkra ferða og beinlínis verið hættulegur. Þá hafi atvikið ekki verið réttilega tilkynnt til Vinnueftirlitsins í samræmi við lagaáskilnað þar að lútandi og beri því að leggja fráögn M af atvikum til grundvallar, enda hafi strax verið ljóst að M yrði óvinnufær í kjölfar þess. Þar sem A hafi hvorki fylgt fyrirmælum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum né reglna sem settar hafi verið með stoð í þeim beri því að viðurkenna bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu þess.

Í bréfi V til nefndarinnar er tekið fram að slys M hafi átt sér stað milli hurðar og gáms á bak við húsið, en vegalengdin frá húsinu og að gámnum sé um sex metrar. Verkstjóri sjái oftast um hálkuvarnir við aðalinngang og aðkeyrsluhurðir, en um hálkuvörn á þessari leið sjái þeir starfsmenn sem eigi þar leið hverju sinni en umrædd leið sé lítið notuð. M hafi verið eini starfsmaður A sem fór þessa leið umræddan dag. Þá hafi M, eftir slysið, tjáð verkstjóra það að hún hafi, fyrr um daginn, sjálf sprautað planið með heitu vatni, án þess að salta það á eftir. Það sé ekki ósanngjörn krafa að þeir starfsmenn sem nýti umrædda leið sjái sjálfir um hálkuvarnir á henni eftir þörfum hverju sinni, og hafi M oft sinnt því verki. Hafi salt jafnframt alltaf verð í seilingarfjarlægð. Hafi A ekki vitað af því, fyrr en eftir slysið að M hafi sinnt verkinu á þennan máta, og því verði sök ekki felld á A. Jafnvel þó um sök væri að ræða, hefði M sjálf sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að sprauta vatni á planið þegar verður hafi verið í kringum frostmark, án þess að salta á eftir. Hvað varði stígvélin sem M hafi verið í þá séu þau sérstaklega ætluð til nota í matvælafyrirtækjum þar sem hálka sé gjarnan á gólfum. Fáist það því varla staðist að þau séu sleip, enda megi ekki rekja önnur slys hjá A til notkunar þeirra. Slys M verði samkvæmt framansögðu ekki rekið til atvika sem A beri skaðabótaábyrgð á og er bótaskyldu því hafnað. Hvað varði tilkynningu til Vinnueftirlitsins þá hafi alls ekki verið ljóst strax að um alvarlegt atvik hafi verið að ræða, t.a.m. hafi M ekki leitað læknis fyrr en daginn eftir, og hafi því ekki verið tilefni til slíkrar tilkynningar á þeim tíma.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri röksemdir áréttaðar og lýsingu V á því að hún hafi sjálf sprautað heitu vatni á planið sérstaklega mótmælt sem tilbúningi. Eiginmaður M hafi jafnframt hringt í starfsmann V sem hafi lofað að leiðrétta þennan tilbúning. Þá er ítrekað að M og aðrir starfsmenn hafi

oft kvartað við A vegna hálku á þessari leið en án árangurs. Það sé þá rangt að starfsmönnum hafi verið falið að sinna hálkuvörnum á svæðinu.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að starfsmaður félagsins leggi ekki þann skilning í samtal sitt við eiginmann M að lofað hafi verið að leiðrétta eitthvað og ítrekar félagið fyrir röksemdir sínar í málinu.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyssins, en ekki er ágreiningur um að slys M sé að rekja til þess að hún rann í hálku fyrir utan A. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á. Við úrlausn þessa máls verður ekki, gegn mótmælum M, byggt á því að hún hafi sjálf sprautað heitu vatni á planið án þess að salta það á eftir sem verður að telja afar gáleysislegt verklag við þær aðstæður sem virðast hafa verið til staðar, enda liggja engir skýrir vitnisburðir fyrir um það. Hins vegar er það tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á sök A. Eins og mál þetta horfir við nefndinni verður þá ekki talið að sýnt sé fram á að ljóst hafi verið á slysstundu að M yrði óvinnufær eða hefði orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Verður það því ekki metið A til sakar að slysið hafi ekki verið tilkynnt strax til Vinnueftirlitsins, og því ekki rétt að A beri hallann af sönnunarskorti vegna skorts á slíkri tilkynningu og samtímarannsókn á vettvangi. M byggir á því að hálkuvörnum af hálfu A hafi verið ábótavant og starfsmenn hafi verið búnir að kvarta yfir þeirri hættu sem það hefði í för með sér. Ekki liggja hins vegar fyrir nein gögn, vitnisburðir eða annað, sem renni stoðum undir þá fullyrðingu að kvartað hafi verið vegna slælegra hálkuvarna, og ekki er sýnt fram á annað en að starfsmönnum sem nýttu umrædda leið hafi sjálfum verið ætlað að sinna hálkuvörnum á henni. M byggir jafnframt á því að stígvélin sem hún hafi fengið til notkunar hafi verið sleip og stórhættuleg til notkunar utanhúss. V heldur því hins vegar fram að um sé að ræða stígvél sem sérstaklega séu ætluð til notkunar við matvælaframleiðslu þar sem gólf geti verið hált, og af ljósmyndum af sólum þeirra að dæma verður ekki, án frekari gagna þar að lútandi, fallist á að það verði metið A til sakar að M fór út í þeim umrætt sinn. Samkvæmt framansögðu telst því ekki sýnt fram á að slys M verði rakið til atvika sem A verður kennt um og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 23. febrúar 2021

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 417/2020

M og
V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.

Ágreiningur um hvort skerða eigi rétt tilbóta vegna stórkostlegs gáleysis.

Gögn.
Málskot, móttekið 9.12.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 23.12..2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Að morgni 12. nóvember 2019 varð M, þá 22 ára gamall, fyrir líkamstjóni í árekstri á gatnamótum Sæbrautar og Klettagarða í Reykjavík. Áreksturinn bar að með þeim hætti að M ók bifreið sinni (A) vestur Sæbraut inn á gatnamótin, en í sömu andrá var annarri bifreið (B) ekið eftir Sæbraut úr gagnstæðri átt inn á gatnamótin og beygt til vinstri áleiðis norður Klettagarða. Umferð um gatnamótin er stjórnað með umferðarljósum. Í skýrslu lögreglu um áreksturinn kemur fram að myrkur hafi verið, blautt færi og mikil umferð. Sjáanlegt tjón á báðum bifreiðum er sagt hafa verið mikið. Á árekstrarstað er hámarkshraði á Sæbraut 60 km á klst.

í vettvangsskýrslu lögreglu er haft eftir M að hann hafi ekki vitað hversu hratt hann ók. Hann kvaðst vera nokkuð viss um að grænt ljós hafi logað andspænis akstursstefnu hans er hann ók inn á gatnamótin. Þá hafi B allt í einu verið hliðina á honum og árekstur orðið. Er lögregla hafði samband við hann síðar sama dag kvaðst hann vera viss um að grænt ljós hefði logað gegn akstursstefnu hans þegar hann ók inn á gatnamótin.

Eftir ökumanni B er haft að hann hafi ekki vitað hversu hratt hann ók. Hann hafi beygt inn á gatnamótin áleiðis norður Klettagarða andspænis grænu ljósi. Er hann hafi verið kominn inn á gatnamótin hafi A verið ekið inn á gatnamótin gegn rauðu ljósi að hann taldi og í veg fyrir sig.

Í lögregluskýrslunni er haft eftir einu vitni að það hafi ekið vestur Sæbraut og er það var statt „nokkurn veginn á milli Dalbrautar og Klettagarða“ hafi það séð A u.þ.b. 50 m fyrir framan sig sem var ekið vestur Sæbraut og hafi A verið ekið inn á gatnamótin gegn rauðu ljósi í veg fyrir B sem hafi verið ekið inn á gatnamótin og beygt áleiðis norður Klettagarða.

M hefur krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hann hlaut við áreksturinn úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V. V hefur viðurkennt bótaskyldu en með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga beri að skerða bæturnar um 1/4 hluta þar sem hann hafi valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi.

Álit.
Í málinu liggja ekki fyrir gögn um virkni umferðarljósa á gatnamótunum þar sem áreksturinn varð eða í hvaða röð græn og rauð ljós kvikna gagnvart einstökum akstursstefnum sem liggja að gatnamótunum. Við athugun á vettvangi af hálfu nefndarinnar má ráða að eftir að rautt ljós hefur kviknað fyrir akstursleið A vestur Sæbraut kvikni grænt beygjuljós fyrir akstursleið þá sem B var ekið eftir, þ.e. af Sæbraut úr vestri í beygju til vinstri áleiðis norður Klettagarða.

Samkvæmt framburði ökumanns B kvaðst hann hafa ekið gegnt grænu ljósi inn á gatnamótin, en taldi A hafa verið ekið inn á þau á móti rauðu ljósi. Vitni sem kvaðst hafa ekið í um 50 m fjarlægð á eftir A hefur staðhæft að A hafi verið ekið inn á gatnamótin á móti rauðu ljósi. Vitnið var í góðri aðstöðu til að gera sér grein fyrir stöðu umferðarljósanna þegar A var ekið inn á gatnamótin og framburður vitnisins er afdráttarlaus. Á vettvangi kvaðst M á hinn bóginn vera nokkuð viss um að hafa ekið inn á gatnamótin á móti grænu ljósi og síðar sama dag kvaðst hann viss um að grænt ljós hafi logað á móti sér. Þegar fyrirliggjandi framburðir eru virtir í heild sem og gögn málsins að öðru leyti verður að telja nægilega sannað að M hafi ekið óhikað inn á gatnamótin á móti rauðu ljósi.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem í gildi voru er áreksturinn varð, skal ökumaður hafa sérstaka aðgát við gatnamót. Samkvæmt 1. mgr., sbr. og c. og h. liði 2. mgr., 36. gr. sömu laga skal ökuhraða jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra auk þess sem sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður við vegamót og í

beygjum, svo og þegar vegur er blautir eða háll. Myrkur var þegar áreksturinn varð, blautt færi og mikil umferð. Með tilliti til þess hve harður áreksturinn varð má ætla að M hafi ekið á allt að leyfilegum hámarkshraða. Þannig verður að telja ljóst að M hafi ekið bifreið sinni talsvert hraðar en aðstæður leyfðu sem fór í bága við fyrrgreind ákvæði umferðarlaganna. Þá vissi hann ekki af ferðum B fyrr en sú bifreið var allt í einu við hlið hans bifreiðar og árekstur varð. Að öllu framangreindu verður að telja að M hafi valdið árekstrinum með stórkostlegu gáleysi.

Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð má samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, en við úrlausn á því skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Þegar litið er til þess að sök M er nokkur og slysið verður rakið til aksturslags hans þykir rétt að skerða rétt hans til bóta úr slysatryggingunni um 1/4 þannig að réttur hans til bóta nemi 3/4 hlutum

Niðurstaða.
M á rétt til bóta að 3/4 hlutum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 26. janúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 418/2020

M og
V vegna málskostnaðarliðar fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um greiðsluskyldu láns. Gildissvið vátryggingarskilmála.

Gögn.
Málskot dags. 14. desember 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 28. desember 2020.
Tölvupóstur f.h. M, dags. 30. desember 2020.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi, ásamt systkinum sínum o.fl., verið stefnt til greiðslu eftirstöðva skuldabréfs í eigu Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Um er að ræða skuldabréf frá árinu 2020 þar sem tiltekinn einstaklingur gekkst í sjálfskuldarábyrgð. Ábyrgðarmaðurinn lést árið 2004 og eru stefndu systurbörn hennar og stóðu ásamt öðrum lögerfingjum að einkaskiptum á dánarbúi ábyrgðarmannsins.

M telja að ágreiningur þeirra við Lánasjóð íslenskra námsmanna varði ekki ábyrgð sem þau gengust í þó einkaskipti hafi átt sér stað á dánarbúi ábyrgðarmanns skuldabréfsins. M telja ákvæði laga um skipti á dánarbúum ekki hamla vátryggingarvernd og benda á að einn hinna stefndu hafi fengið samþykkta vátryggingarvernd vegna sams konar ágreinings hjá öðru vátryggingarfélagi.

V telur að gildissvið undanþáguákvæðis 31. gr. (eftir atvikum 38. gr.) vátryggingarskilmála, nánar tiltekið c. og d. liður eigi við um aðstæður M. Þar kemur fram að réttaraðstoðartrygging (málskostnaðarliður) taki ekki til ágreinings, máls eða málsveiðni sem varðar ábyrgð sem vátryggður hefur gengið í, eða sam varðar fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling eða sem stafa af því að einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir annan. V vísar til þess að M hafi gengist í ábyrgð fyrir öllum skuldum, þ.á.m. ábyrgðarskuldbindingum, þegar þau hafi samþykkt einkaskipti á dánarbúi ábyrgðarmanns með vísan til 97. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum.

Álit
Í þessu máli er ljóst að réttarlegur ágreiningur er um hvort erfingjar ábyrgðarmanns sem lést árið 2004 beri ábyrgð á greiðslur skuldabréfs. Í 97. gr. laga um skipti á dánarbúum nr. 20/1991 kemur fram „Eftir að einkaskiptum er lokið bera erfingjar einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á skuldbindingum búsins án tillits til þess hvort þeim var kunnugt um þær áður en skiptum var lokið.“

Gildissvið undanþáguákvæða í vátryggingarskilmálum V, nánar til tekið c. og d. lið í 31. og 38. gr. vátryggingarskilmála, er það sem ágreiningur M við V snýr að. Í þessum ákvæðum kemur fram að sá ágreiningur sem vátryggður kann að eiga í vegna ábyrgð sem hann hefur gengið í eða sem varðar óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fjárhagslegar ráðstafanir eða þær sem stafa af því að einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir annan, eru undanskilinn gildissviði vátryggingarinnar. Þegar litið er til þessa orðalags vátryggingarskilmála V telst ekki koma fram með skýrum hætti að með orðalaginu „..ábyrgð sem vátryggður hefur gengið í...“ sé átt við annað en það þegar vátryggður sjálfur gerir sérstakar ráðstafanir til að gangast undir ábyrgð, t.d. með sjálfskuldarábyrgð. Það er ljóst að M gengust ekki undir slíka ábyrgð þó lagaákvæði í lögum um skipti á dánarbúum geti mögulega veitt kröfuhöfum rétt gagnvart erfingjum dánarbúa sem skipt eru með einkaskiptum. Ákvæðið sjálft gerir ekki ráð fyrir því að erfingjar í þeirri stöðu gangist sérstaklega í ábyrgð heldur gerir lagaákvæðið ráð fyrir því að skuldbindingar dánarbúsins séu á ábyrgð erfingja. Þeim aðstæðum verður ekki jafnað við orðalagið að „..gangast í ábyrgð..“ og getur V því ekki beitt áðurnefndum c.lið í undanþáguákvæðum vátryggingarskilmálanna.

Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að V hafi sýnt fram á að aðstæður séu þannig að þær samsvari þeim sem koma fram í d.lið sömu undanþáguákvæða um að fjárhagslegar ráðstafanir M hafi verið óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling. Ekki liggur nokkuð fyrir um fjárhæðir eða stöðu M hvað þær varðar. Orðalag d.liðar verður heldur ekki skilið með þeim hætti að síðasti

málsliður umrædds d.liðar nái til þess ágreinings sem M eiga í við Lánasjóðinn. Hér er um að ræða staðlaða vátryggingarskilmála sem V hefur einhliða samið og verður orðalag undanþáguákvæða ekki túlkað með þeim hætti að vafi um merkingu orðalags sé metinn V í hag. Getur V því heldur ekki borið við d.lið undanþáguákvæðis vátryggingarskilmála. Með hliðsjón af því verður fallist á að greiðsluskylda V hafi stofnast gagnvart M úr málskostnaðarlið (réttaraðstoðartryggingu) fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr málskostnaðarlið (réttaraðstoðartryggingu) fjölskyldutryggingar sinnar hjá V

Reykjavík, 19. janúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 419/2020

M og
V v/örorkutryggingar.

Ágreiningur um læknisfræðilega örorku vegna sjúkdóms.

Gögn.
Málskot dags. 14. desember 2020 ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 28. desember 2020.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M veiktist í júlí 2018 með þeim hætti að hann fékk heilablóðfall sem leiddu til heilaskemmdar og sjónsviðsskerðingar þess vegna. Í vátryggingarskilmálum örorkutryggingar M kemur fram að bætur greiðast á grundvelli mats á læknisfræðilegri örorku sem miðast við gildandi töflur örorkunefndar um miskastig, en lágmarksörorka vegna sjúkdóma sé 50%. Mat fór fram á afleiðingum sjúkdóms M skv. matsgerð dags. 30. desember 2019. Þar kemur fram að varanleg læknisfræðileg örorka sé metin 45%. Farið var yfir matsgerðina á árinu 2020 og hún gefin út aftur með sömu niðurstöðu.

M telur læknisfræðilega örorku sína ranglega metna af þeim lækni sem framkvæmdi matið sem liggur fyrir skv. matsgerð dags. 30. desember 2019. M telur matið ekki nægilega vel rökstutt og taki ekki tillit til þess sem kemur fram í miskatöflu örorkunefndar um að „..sjónsviðsskerðing að hálfu sem afleiðing af heilaskemmd..“ sé hægt að meta allt að 50%. Einnig bendir M á að hann telji V ekki hafa brugðist nægilega við kvörtunum hans varðandi niðurstöðu matsgerðar og að hagsmunir hans sem neytanda séu fyrir borð bornir að V vilji ekki standa að öðru mati.

V telur þau gögn sem liggja fyrir í málinu, þá aðallega matsgerð dags. 30. desember 2019, sýna að varanleg læknisfræðileg örorka M nái ekki þeim 50% sem kveðið er á um sem lágmarksörorku vegna sjúkdóma í vátryggingarskilmálum örorkutryggingar hans. V telur ekki unnt að standa að nýju örorkumati og kveðst hafa leiðbeint M um þau úrræði sem honum væru tæk til þess að afla þess sjálfur. V telur ekki sýnt að sú matsgerð sem liggur fyrir sé röng en matslæknir hafi farið aftur yfir málið eftir athugasemdir M í byrjun árs 2020 og það hafi ekki leitt til þess að matið hækkaði upp í 50%.

Álit
Óumdeilt er að í vátryggingarskilmálum örorkutryggingar M hjá V er kveðið á um í gr. 7.1.2 að lágmarksörorka sé 50% vegna afleiðinga sjúkdóma. Það þýðir að bætur greiðast ekki vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku nema hún sé metin 50% eða meira vegna hvers tjónsatburðar. Í þessu máli liggur fyrir niðurstaða læknis sem mat læknisfræðilega örorku M skv. miskatöflum örorkunefndar, eins og sömu vátryggingarskilmálar kveða á um. Það mat nær ekki 50%. Þó það sé bagalegt að það liggi fyrir tvö eintök af sömu matsgerð og ekki hafi verið nákvæmlega vísað til miskataflna í fyrra eintakinu verður af gögnum málsins ekki með skýrum hætti ráðið að það niðurstaða matsgerðarinnar sé bersýnilega röng. Ekki liggur fyrir annað mat sem sýnir 50% læknisfræðilega örorku eða læknisfræðilegar upplýsingar sem hnekkja niðurstöðu umræddrar matsgerðar. Á meðan þannig stendur á hefur M því ekki sýnt fram á að greiðsluskylda V hafi stofnast úr örorkutryggingu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr örorkutryggingu hjá V

Reykjavík, 26. janúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 421/2020

M og
V vegna kaskótryggingar og slystryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A

Ágreiningur um brottfall bótaréttar á grundvelli stórfellds gáleysis ökumanns.

Gögn.
1. Málskot, dags. 14.12.2020, ásamt fylgiskjölum 1-12.
2. Bréf V, dags. 07.01.2021.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu var M, aðfararnótt 24. júní 2020, ökumaður A þegar henni var ekið á steyptan kant upp á brúnni við Arnarnesveg, með þeim afleiðingum að hún skemmdist töluvert og M varð fyrir meiðslum. Samkvæmt lögregluskýrslu var M í annarlegu ástandi og sagðist vera með ADHD og sykursýki og hafa tekið Sobril um morguninn. Áfengissýni reyndist neikvætt en amfetamín greindist í þvagi og amfetamín og oxazepam, sem er róandi og kvíðastillandi, í blóði M. V hafnaði bótaskyldu úr kaskótryggingu A með bréfi dags. 14. september 2020, og úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A með bréfi dags. 18. nóvember 2020.

Í málskoti mótmælir M þeirri afstöðu með vísan til þess að hann hafi ekki verið undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð séu á íslensku yfirráðasvæði við aksturinn heldur hefði hann eingöngu tekið inn lyf sem hann hefði fengið uppáskrifuð í lækningarskyni og hafi ekki áhrif á hæfni hans til aksturs. M hafi þannig fengið áskrifuð lyfin Sobril og Attentin, en hið síðarnefnda sé amfetamínafleiða og því geti amfetamín í kjölfarið greinst í þvagi. V hafi við höfnun sína vísað til samskipta M við heilsugæslu þar sem fram komi að hinn 23. júní 2020 hafi M ekki haft aðgang að lyfinu Attentin, þar sem hann hafi líklega hent pakkningunni fyrir misgáning. Það sanni ekki að hann hafi ekki haft aðgang að lyfinu á tjónsdegi, enda hafi hann gefið V þá skýringu að hann hefði fundið pakkninguna aftur samdægurs.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til þess að í lögregluskýrslu komi fram að M hafi gerst brotlegur við lög með akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna og að neysla slíkra efna hafi verið staðfest með þvag- og blóðsýnum. Þá komi fram að M hafi verið í annarlegu ástandi, sljór og jafnvægi hans óstöðugt, framburður hans ruglingslegur og málfar óskýrt. Þá tekur V fram að M hafi verið ákærður vegna þessa. Telji V því sýnt fram á að M hafi verið undir áhrifum við aksturinn. Enn fremur hafi M ekki getið þess við lögreglu að hann hafi tekið Attentin fyrir umrætt atvik, og frásögn hans um að hann hafi haft aðgang að því lyfi á tjónsdegi sé ótrúverðug. Á grundvelli þess að M hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi og brotið gegn 2. mgr., sbr. 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, er bótaskyldu úr kaskótryggingu A og slysatryggingu ökumanns og eiganda A því hafnað á grundvelli 5. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019, og 26. gr. og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Álit.
Ágreiningur aðila snýr að höfnun V á greiðslu bóta úr annars vegar kaskótryggingu A vegna munatjóns, og hins vegar slysatryggingu ökumanns og eiganda A vegna líkamstjóns. Þar sem röksemdir aðila eiga alla jafna við um báða þætti ágreinings þeirra telur nefndin ekki ástæðu til að greina sérstaklega milli þeirra í umfjöllun sinni, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Lyfin sem M heldur því fram að hann hafi tekið fyrir umrætt atvik eru Sobril og Attentin en jafnframt telur hann þau lyf ekki hafa áhrif á akstursháfni. Algeng aukaverkun af Sobril, samkvæmt upplýsingum í sérlyfjaskrá Lyfjastofnunar, mun vera sljóleiki, og sérstaklega kemur fram að lyfið hafi áhrif á viðbragðsflýti og skuli gæta varúðar við akstur. Hvað varðar Attentin, sem samkvæmt upplýsingum í sérlyfjaskrá er ætlað börnum en ekki fullorðnum þar sem ekki hafi verið sýnt fram á öryggi og verkun dexamfetamíns hjá fullorðnum, þá fylgdu málskoti bls. 1-8 af sérstakri samantekt á eiginleikum þess lyfs. Á bls. 10–11, en sambærilegar upplýsingar er einnig að finna í fylgiseðli lyfsins, segir að dexamfetamín, sem er innihaldsefni Attentins, geti valdið sundli, syfju, sjóntruflunum, þ.m. truflun á sjónstillingu, tvísýni og þokusýn. Það geti haft væg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Upplýsa skuli sjúklinga um þessar hugsanlegu aukaverkanir og ráðleggja þeim að forðast akstur komi þær fram. Samkvæmt því sem fram kemur í lögregluskýrslu var M í „annarlegu ástandi, hann var sljór,

jafnvægi hans var óstöðugt, framburður hans ruglingslegur og málfar hans var óskýrt.“ Hvort sem það ástand verður rakið til neyslu fíkniefna eða áhrifa af áðurnefndum lyfjum verður að telja, með hliðsjón af þessari lýsingu svo og upphaflegum viðbrögðum M við kröfu lögreglu um að veita blóðsýni, að M hafi verið óheimilt að stjórna ökutæki umrætt sinn skv. 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um bann við því að stjórna ökutæki sé ökumaður þannig á sig kominn að hann sé ekki fær um að stjórna því örugglega og 1. mgr., sbr. 2. mgr., 50. gr. umferðarlaga um bann við að stjórna ökutæki undir áhrifum ávana- og fíkniefna og lyfja. Þá má einnig ráða af ummælum og ljósmyndum í lögregluskýrslu að framhjólbarðar á A hafi verið mikið slitnir. Enn fremur segir í skýrslunni að draga megi þá ályktun við skoðun á tjóni á A að henni hafi verið ekið ógætilega og á mikilli ferð í aðdraganda árekstrar. Með hliðsjón af öllu framangreindu verður á því byggt að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins þegar um persónutryggingu er að ræða, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, en í 2. mgr. 27. gr. sömulega er sambærilegt ákvæði er á við um skaðatryggingar, aðrar en ábyrgðartryggingar. Slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A er persónutrygging í skilningi laga um vátryggingarsamninga og kaskótrygging bifreiðarinnar er skaðatrygging í skilningi sömu laga. Við úrlausn á því hvort skerðing sé heimil vegna bæði persónu- og skaðatrygginga skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Þykir af öllu framangreindu rétt að bætur til M verði skertar um 2/3 hluta úr báðum vátryggingum.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr kaskótryggingu A og slystryggingu ökumanns og eiganda A, en skerða skal bætur til hans um 2/3 hluta úr báðum vátryggingum.

Reykjavík, 26. janúar 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 422/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar veitufyrirtækis.

Ágreiningur um bótaskyldu er „dimmerar“ skemmdust eftir að eldur kviknaði í tengiskáp.

Gögn.
Málskot, móttekið 14.12.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 7.1.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 10. desember 2019 kviknaði eldur í rafmangstengiskáp í eigu A á bifreiðastæði á milli fjölbýlishúsa þar sem M býr, en tengikassinn mun vera um 50 m frá sjó. Við atvikið fór rafmagn af í nágrenninu og sjö „dimmerar“ munu hafa skemmst (brunnið yfir) á heimili M.

M kveður saltúða hafa gengið yfir tengiskápinn sem hafi valdið því að eldur kviknaði, en tengiskápur eins og hér um ræðir og sem stendur svo nærri sjó eins og raun ber vitni eigi að þola að saltúði gangi yfir hann. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna tjónsins sem hún varð fyrir.

V kveður sjó hafa gengið á land og yfir tengiskápinn sem hafi gert það að verkum að ljósbogi hafi myndast í tengiskápnum og bilun orðið í lágspennustreng. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.
Þótt aðila greini á um hvort sjór eða saltúði hafi gengið yfir tengiskápinn umrætt sinn liggur ekki fyrir að bilun eða galli í sjálfum tengiskápnum hafi valdið því að sjór eða saltúði hafi náð inn í skápinn og valdið því að eldur kviknaði í skápnum og bilun varð í lágspennustreng. Ekki hefur komið fram að eldurinn hafi valdið öðru tjóni en því sem varð hjá M. Að öllu athuguðu verður að telja ósannað að tjónið verði rakið til vanbúnaðar eða galla í tengiskápnum eða annarra atvika sem A getur borið ábyrgð á. Hún á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 2. febrúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 423/2020

M og
V málskostnaðarliðar fjölskyldu- og fasteignatryggingar.

Gildissvið vátryggingarskilmála varðandi ágreining frá 28. nóvember 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 17. desember 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 7. janúar 2021, ásamt vátryggingarskilmálum.
Bréf M til nefndarinnar, dags. 11. janúar 2021.

Málsatvik.
Í málskoti og gögnum málsins er gerð grein fyrir því að hinn 28. nóvember 2019 hafi mál verið höfðað gegn M og þess krafist að þau flyttu út úr íbúð sinni og að þeim yrði gert skylt að selja eignarhlut sinn í tilteknu húsi. Hinn 28. nóvember 2020 var kveðinn upp dómur í málinu í héraðsdómi Reykjavíkur þar sem M voru sýknuð af þeim kröfum, en málskostnaður var felldur niður.

M krefst þess að fá greiddar bætur vegna málskostnaðar í tengslum við dómsmálið úr fjölskyldu- og/eða fasteignatryggingu sinni hjá V. M telur að skilmálar V séu ósanngjarnir. M rekja að þau telji málsókn hafa farið af stað að ósekju og með sýknudómi hafi það verið sannað að ekki sé um útburð að ræða og eigi það ekki að bitna á M. M telja að réttarlegur ágreiningur hafi ekki verið ljós fyrr en mál var höfðað gegn þeim í lok nóvember 2019 og sölumaður V hafi vanrækt að upplýsa M um ákvæði skilmála tryggingarinnar sem kveði á um að trygging hafi þurft að vera í gildi í 2 ár til að hún taki gildi, eins hafi sölumaðurinn ekki vitað af ákvæðinu. M telja það ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að láta þau greiða iðgjöld án þess að upplýsa um slíkt ákvæði.

V vísar til þess að M hafi verið annars vegar með fjölskyldutryggingu hjá félaginu síðan 1. febrúar 2014 og hins vegar með fasteignatryggingu (húseigandatryggingu) síðan 11. janúar 2019. V hefur hafnað bótaskyldu úr málskostnaðarlið (réttaraðstoð) beggja vátrygginga. Hvað fjölskyldutrygginguna varðar vísar V til gr. 3.6 í 10. kafla vátryggingarskilmála E-33 þar sem kemur fram að vátryggingin nái ekki til máls eða ágreinings sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar og sá ágreiningur sem hafi leitt til málsóknar gegn M varði þau óumdeilt sem slíka þá falli hann utan gildissviðs vátryggingarinnar. Hvað fasteignatrygginguna varðar þá vísar V til gr. 7 í 3. kafla skilmála E-7 þar sem kemur fram að hægt sé að óska eftir réttaraðstoð ef vátryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og hafi þá verið í gildi í tvö samliggjandi ár. V vísar til þess að ágreiningur sá sem leiddi til málsóknar á hendur M hafi verið uppi löngu áður en húseigandatrygging þeirra tók gildi hinn 11. janúar 2019 og hafi skilyrði ákvæðisins því ekki verið uppfyllt.

Álit
Í málinu er deilt um rétt til bóta vegna kostnaðar M við að halda uppi vörnum í dómsmáli sem leitt var til lykta með dómi héraðsdóms í nóvember 2020. Sá réttarlegi ágreiningur sem fjallað var um í því dómsmáli laut að því hvort M yrði gert að flytja út úr íbúð sinni og selja eignarhlut sinn í tilteknu húsi. Slíkur ágreiningur varðar M ótvírætt sem eigendur fasteignar þó ekki hafi verið fallist á kröfur um útburð í dómi héraðsdóms. Verður því með vísan til undanþáguákvæðis gr. 3.6 í 10. kafla vátryggingarskilmála E-33 að líta svo að á fjölskyldutrygging M nái ekki yfir kostnað þeirra af dómsmálinu.

Hvað varðar húseigandatryggingu V sem tekur almennt til ágreinings M sem eiganda fasteignar þá er óumdeilt að sú vátrygging M tók ekki gildi hjá V fyrr en í janúar 2019. Í gildissviðsákvæði vátryggingarinnar í 7. gr. 3. kafla skilmála hennar E-7 kemur skýrlega fram að vátryggingin þurfi að hafa verið í gildi í tvö samliggjandi ár þegar ágreiningur kemur upp til að greiddar séu bætur úr henni. M sjálf telja í málskoti sínu að ágreiningur hafi ekki verið þeim ljós fyrr en mál var höfðað fyrir héraðsdómi í lok nóvember 2019. Umrætt gildissviðsákvæði er skýrt og felur auk þess í sér að hafi M verið með sambærilega vátryggingu hjá öðru vátryggingafélagi á þessu tímabili þá hefðu þau fengið þá vátryggingu reiknaða sér til góðs.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um að M hafi verið vátryggð með fasteigna- eða húseigandatryggingu hjá öðru vátryggingafélagi áður en þau keyptu slíka vátryggingu hjá V hinn 11. janúar 2019. Þegar mál var höfðað gegn þeim hafði vátrygging þeirra hjá M ekki verið í gildi í tvö samliggjandi ár og fellur kostnaður þeirra því utan vátryggingarverndar hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr málskostnaðarlið fjölskyldu- eða fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 2. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 424/2020

M og
V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar

Ágreiningur um hvort bótaskylda úr málskostnaðartryggingu M hjá V sé til staðar.

Gögn.
Málskot móttekið 10.12.2020 ásamt fylgiskjölum 1-2.
Bréf V dags. 06.01.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi, með stefnu sem þingfest var 10. mars 2020, verið stefnt fyrir dóm en stefnendur, sem voru byggingarfélagið X, og eigandi þess Y, gerðu þá kröfu að henni yrði gert að greiða miskabætur vegna ákveðinna ummæla hennar um starfsemi og vinnubrögð X. Undir rekstri málsins féll X frá kröfum sínum, enda hafi hann sem lögaðili ekki getað átt rétt til miskabóta, og Y var þá einn stefnandi. Þar sem ekki var talið sýnt fram á með hvaða hætti ummæli M hefðu beinst að persónu stefnanda Y, og sakarefnið var því óljóst, var málinu vísað frá dómi með úrskurði.

V hafnaði bótakröfu M vegna þess hluta málskostnaðar sem ekki fékkst greiddur frá X og Y, með tölvupósti dags. 10. desember 2020, á grundvelli þess að ágreiningur aðila hafi ekki verið leiddur til lykta með dómi, úrskurði eða dómsátt, eins og áskilið sé í skilmálum vátryggingarinnar. M byggir á því að frávísunarúrskurðurinn hafi ekki verið kærður og sé því bindandi fyrir aðila. Það sé þá afar ólíklegt, miðað við atvik og forsendur úrskurðarins, að Y kjósi að höfða mál að nýju. Það sé þá fráleit niðurstaða eigi stefndu, með þá það að markmiði að fá greiddar bætur úr vátryggingu, ekki að krefjast frávísunar þegar tilefni er til. Þá taki vátryggingin til úrskurða en einu úrskurðirnir sem einkamálum geti lokið með séu frávísunarúrskurðir. Falli þeir ekki undir vátrygginguna sé því vandséð til hvers kyns úrskurða sé verið að vísa. Hafi V ætlað sér að undanskilja frávísunarúrskurði hefði það því þurft að koma skýrt fram í skilmálum vátryggingarinnar. Ella sé ekki hægt að túlka skilmálana með svo þröngum hætti að greiðsluskylda nái ekki til þess þegar máli lyktar með frávísun frá dómi.

Í bréfi V kemur fram að bótaskylda hafi verið viðurkennd með bréfi félagsins til M hinn 23. mars 2020, en jafnframt áréttað að aðeins kæmi til greiðslu væri ágreiningi aðila lokið með dómi eða réttarsátt. Skilmálum félagsins hafi svo verið breytt hinn 24. júlí 2020 þannig að þeir næðu einnig til ágreinings sem leiddur væri til lykta með úrskurði. Kröfu M um bætur úr vátryggingunni hafi svo verið hafnað hinn 10. desember 2020 á grundvelli þess að ágreiningur aðila fyrir héraðsdómi hefði ekki verið til lykta leiddur. Það eigi jafnframt við um úrskurði, þ.e. að greiðsluskylda sé aðeins fyrir hendi sé ágreiningur til lykta leiddur með þeim. Þegar um frávísun sé að ræða sé hins vegar sá möguleiki fyrir hendi að aðilar taki mál upp að nýju með það að markmiði að fá efnisdóm um ágreining sinn. Ekki er fallist á það með M að undir einkamál falli aðeins þau mál sem hafi málsnúmerið E fyrir dómstólum, enda geti svokölluð Q-mál, en þau mál séu til lykta leidd með úrskurði, fallið undir vátrygginguna. Er greiðsluskyldu því hafnað.

Álit.
Við úrlausn þessa ágreinings verður miðað við núgildandi ákvæði skilmála viðeigandi vátryggingar, sem tóku gildi hinn 24. júlí 2020 en V byggir á þeim í málflutningi sínum. Í gr. 18.1 kemur m.a. fram að vátryggingin bæti málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt. Byggir V því höfnun sína á því að ágreiningur aðila hafi ekki verið til lykta leiddur með frávísunarúrskurði. Ekki verður annað ráðið af hinum umþrætta úrskurði en að málinu hafi borið að vísa frá dómi án kröfu enda málatilbúnaður í ósamræmi við fyrirmæli e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 19/1991. Virðist frávísun rökstudd með því að stefnandi hafi í raun ekki haft hagsmuni af efnisúrlausn málsins enda hafi ummæli M ekki varðað persónu hans, sakarefnið hafi því verið óljóst og ekki ljóst á hverju aðild Y hafi byggt. Verður því að líta svo á að

ágreiningur aðila hafi verið til lykta leiddur með úrskurði enda vandséð, með hliðsjón af þessum úrskurði, sem ekki hefur verið kærður, að Y sé fært að höfða nýtt mál um ágreininginn. Að mati nefndarinnar getur ágreiningur því vissulega verið til lykta leiddur með frávísun, hvort heldur sem er ex officio eða að kröfu stefnda. Hafi ætlan V verið sú að greiðsluskylda úr vátryggingunni tæki ekki til frávísunarúrskurða hefði slíkur áskilnaður því þurft, að mati nefndarinnar, að koma skýrt fram. Með hliðsjón af framansögðu verður því fallist á kröfu M.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 2. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 425/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Ágreiningur um hvort skerða beri bætur vegna stórkostlegs gáleysis.

Gögn.
Málskot, móttekið 17.12.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 7.1.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Aðfaranótt 29. ágúst 2020 var M farþegi í bifreiðinni A er henni var ekið út af Útnesvegi á Snæfellsnesi. Mun A hafa farið nokkrar veltur og stöðvast á hvolfi um 40 m frá vegkanti. Í vettvangsskýrslu lögreglu um slysið segir að fljótlega eftir komu á vettvang hafi komið í ljós að þeir sem voru í A, M og ökumaður A, hafi verið undir áhrifum áfengis. Mikil áfengislykt hafi komið frá vitum ökumannsins. Eftir M er haft í skýrslunni að hann hafi verið heima hjá sér og drukkið bjór. Hann hafi svo farið heim til ökumanns A og þeir farið á rúntinn. Kvaðst M hafa drukkið tvo bjóra meðan þeir voru á ferðinni. Hann kvaðst ekki hafa séð ökumann A drekka undir stýri né vitað að hann væri ölvaður áður en þeir lögðu af stað. Áfengismagn í blóði ökumannsins mældist 1,24 prómill.

M varð fyrir meiðslum í slysinu og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur fallist á bótaskyldu en telur að skerði beri bætur um 2/3 hluta þar sem hann hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að þiggja far með ölvuðum ökumanni.

Álit.
Samkvæmt 1. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns, en þó má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Samkvæmt 1. og 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 má enginn stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum áfengis og ef magn vínanda í blóði ökumanns nemur 1,20‰ eða meira telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki. Áfengismagn í blóði ökumanns A mældist 1,24 prómill. Hann var því óhæfur til aksturs A. Eins og fram kom í skýrslu lögreglunnar á vettvangi hafði mikil áfengislykt verið frá vitum ökumannsins. M átti ekki að geta dulist að M var undir áfengisáhrifum þegar hann steig upp í bifreiðina áður en slysið varð. Það verður ekki virt M til afsökunar í þessu efni þótt hann hafi sjálfur verið undir áhrifum áfengis og dómgreind hans að einhverju leyti skert af þeim sökum. M sýndi háttsemi sem verður virt honum til stórkostlegs gáleysis með því að hafa þegið far með ölvuðum ökumanninum umrætt sinn. Að öllu virtu og með vísan til 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 þykir rétt að bætur úr ábyrgðartryggingu A skerðist um helming. Að sama skapi telst hann því eiga rétt á bótum að helmingi úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum að helmingi úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 2. febrúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 426/2020

M og
V v/ kaskótryggingar bifreiðarinnar A.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið af völdum sandfoks.

Gögn.
Málskot, móttekið 17.12.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 8.1.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Samkvæmt tjónstilkynningu til V kveður M að 3. desember 2020 hafi bifreið hennar A staðið við nánar tilgreint hús í Mosfellsbæ þegar óveður hafi verið og skemmdir vegna sandfoks orðið á vinstri hlið A. M hefur krafist bóta vegna tjónsins úr kaskótryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu að því frátöldu að rúða sem brotnaði í A fengist bætt úr bílrúðutryggingu sem M hafði í gildi vegna bifreiðarinnar.

Álit.
Samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar bætir vátryggingin tjón á ökutæki af völdum óveðurs ef ökutækið fýkur, skemmist vegna áfoks eða áhruns, þó ekki ef sandur, möl, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á það.

Eins og málið liggur fyrir fer ekki á milli mála að tjónið á A varð af völdum sandfoks. Slík tjón eru undanþegin bótasviði vátryggingarinnar alveg án tillits til þess við hvaða aðstæður tjónið verður. Tjónið á A fæst því ekki bætt úr kaskótryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 26. janúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 427/2020

M og
Vv/ ábyrgðartryggingar X

Ágreiningur um fjárhæð tímabundins atvinnutjóns skv. skaðabótalögum nr. 50/1993.

Gögn.
Málskot móttekið 17.12.2020, ásamt fylgiskjölum nr. 1-11.
Bréf V dags. 30.12.2020, ásamt fylgiskjölum nr. 12-13.
Bréf M dags. 6.1.2021.

Málsatvik.
Í málskoti M kemur fram að hún hafi orðið fyrir slysi þann 7.11.2018 og að V hafi viðurkennt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vátryggingataka félagsins að öðru leyti en því sem við kemur tímabundnu tekjutapi. Í málskoti M segir að tímabundið tekjutap M hafi varað að hluta eða öllu leyti á tímabilinu frá slysi fram að stöðugleikapunkti þann 7.5.2019 og að M hafi orðið fyrir tekjutapi í þrjá mánuði. Enn fremur kemur fram að M hafi starfað hjá félaginu X og verið einn af eigendum félagsins. Þá segir að samkvæmt hluthafasamkomulagi eigenda X hafi eigendur þurft að vinna ákveðinn tímafjölda á mánuði en ekki hafi verið gert ráð fyrir að X greiði eigendum laun í veikinda og/eða slysaforföllum. M hafi hins vegar gert samkomulag við X um að fá greidd laun á því tímabili sem hún var óvinnufær en í staðinn hafi hún unnið m.a. launalaust sumarið 2019.

Í gögnum málsins kemur enn fremur fram að M hafi um árabil starfað hjá X, þar sem hún var einn af fimm eigendum fyrirtækisins. Eigendurnir hafi gert með sér hluthafasamkomulag þann 1.9.2016, þar sem kveðið er á um vinnuskyldu sem nemur 120 vinnustundum á mánuði, og að vinnuskyldan sé metin á ársgrundvelli, sbr. tilvitnað ákvæði hluthafasamkomulagsins. Þá segir M að vinna umfram vinnuskyldu í hverjum mánuði færist sem aukinn orlofsréttur hluthafa. Enn fremur að ef hluthafi vinnur að eigin ósk ekki fulla vinnuskyldu skuli, skv. hluthafasamkomulaginu skuli draga af launum hans þá fjárhæð sem uppá vantar, að teknu tilliti til orlofsréttar og orlofstöku. Þannig segir M að gert sé ráð fyrir að eigendur njóti orlofs, en fái ekki greidd forföll frá vinnu, af hvaða orsökum sem þau eru, hvort sem þau er vegna veikinda, slysa eða þess að eigandi ákveður sjálfur að vinna ekki fulla vinnu. Þá fái allir hluthafar sömu laun og að félagsstjórn ákveði launakjör hluthafa skv. hluthafasamkomulagi. Eigendur taki hins vegar ekki laun samkvæmt kjarasamningi og að þeir séu ekki hefðbundnir launþegar, þar sem þeir hafi tekið laun skv. hluthafasamningi en ekki skv. kjarasamningi. Lög um lágmarksréttindi launþega gildi þar af leiðandi ekki um störf M í þágu X.

V hefur hafnað greiðsluskyldu vegna tímabundinnar óvinnufærni M á þeim grundvelli að hún hafi ekki sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir tekjumissi vegna tímabundinnar óvinnufærni. Vísar V m.a. til þess að M hafi fengið greidd full laun frá X á því tímabili sem hún var óvinnufær. Þá hafi M ekki sýnt fram á að hún hafi þurft að greiða endurgreiða X þau laun sem hún sannanlega fékk greidd. Vísar V til þess að engin gögn, svo sem staðgreiðsluyfirlit eða önnur tekjugögn bendi til þess að ákveðin hluti launa M hafi verið dregin frá við starfslok hennar og fullyrðingar M þess efnis verði því að teljast ósannaðar. Einnig telur félagið ljóst af gögnum málsins að M hafi á umræddu tímabili verið launþegi og að hún hafi þar af leiðandi átt ákveðinn lágmarks rétt til launa í veikindaleyfi sem leiðir af lögum og kjarasamningi. Vísar V m.a. til 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þar sem fram kemur að kjarasamningar ákvarði lágmarkskjör allra þeirra sem vinna tiltekin störf á því svæði sem kjarasamningur nær til og að samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar kveða á um skulu ógildir. Þar sem M hafi greitt félagsgjald í stéttarfélag af launum sínum ásamt því að greiða önnur launatengd gjöld verði að teljast ljóst að hún hafi verið launamaður í skilningi laganna og að vinnuveitanda hennar hafi þar með verið skylt að greiða henni laun í veikindaleyfi skv. kjarasamningi.

Álit.

Gögn málsins bera með sér að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem bótaskylt er úr ábyrgðartryggingu hjá V og fer um uppgjör bóta eftir skaðabótalögum nr. 50/1993. V hefur samþykkt að nefndin fjalli um bótafjárhæðir.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. skaðabótalaga á tjónþoli rétt á skaðabótum vegna tímabundins atvinnutjóns fyrir tímann frá því að tjón varð þar til tjónþoli getur hafið vinnu að nýju eða þar til heilsufar hans er orðið stöðugt. Frá þessum bótum skal þó draga laun í veikinda- eða slysaforvöllum, sbr. 2. mgr. 2. gr. skaðabótalaga. Óumdeilt er að M var tímabundið óvinnufær í skilningi 2. gr. skaðabótalaga frá 7.11.2018 - 1.1.2019 og með 50% starfsgetu frá 1.1.2019 - 30.4.2019. Ágreiningur málsins snýr hins vegar að því hvort M eigi rétt á bótum skv. 2. gr. skaðabótalaga vegna tímabundins atvinnutjóns á tímabilinu. Í þessu samhengi verður að líta til þess hvort M hafi þegar fengið greidd frádráttarbær laun frá X fyrir framangreint tímabil og ef svo var ekki, hvort M hafi átt rétt á launum frá X á tímabilinu á grundvelli kjarasamningsbundinna réttinda launamanna.

Gögn málsins bera með sér að M hafi greitt launatengd gjöld af launum sínum hjá X, greitt iðgjald í stéttarfélag og unnið sér inn launatengd réttindi eins og orlof. Að þessu leyti benda gögn málsins til þess að M hafi verið launamaður og að kjör hennar hafi verið í samræmi við kjarasamninga. Ekki liggur þó fyrir ráðningarsamningur né heldur er kveðið á um það í hluthafasamningi að launakjör fari eftir ákvæðum kjarasamninga. Verður því ekki fullyrt út frá þeim gögnum sem fyrir liggja að X hafi borið að greiða M laun í veikindaforföllum með vísan til laga um lágmarksréttindi launafólks skv. ákvæðum laga nr. 55/1980 og gildandi kjarasamninga.

Launaseðlar og staðgreiðsluyfirlit M sýna hins vegar fram á að M hafi fengið greidd full laun frá X á því tímabili sem hún var óvinnufær. Fullyrðingar í bréfi frá skrifstofustjóra X um að M hafi ekki fengið greidd laun frá X, sem samsvarar 3 mánuðum vegna vinnuslyss, hafa hins vegar ekki verið staðfestar með viðhlítandi gögnum. Þá hafa fullyrðingar sem settar eru fram í skýringarblað frá X, dags. 13.10.202, um að M hafi greitt launin til baka, n.t.t. að launin hafi verið dregin frá við starfslok hennar, uppsafnað orlof hennar hafi verið tekið upp í skuld og að M hafi unnið launalaust upp í skuldina haustið 2019, heldur ekki heldur verið staðfestar með viðhlítandi gögnum. Þá er ekki fjallað um það í hluthafasamkomulagi hvort M hafi átt veikindarétt eða hvort henni hafi borið að endurgreiða launagreiðslur sem greiddar voru í veikindaleyfi hennar. Með hliðsjón af framangreindu verður að teljast ósannað að M hafi endurgreitt, eða borið að endurgreiða, þau laun sem hún sannanlega fékk greidd frá X á því tímabili sem hún var óvinnufær. Þar af leiðandi á hún ekki rétt til greiðslu bóta vegna tímabundins tekjutaps úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M ekki rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 26. janúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 428/2020

M og
V vegna slysatryggingar launþega A hjá V

Ágreiningur um hvort M hafi verið launþegi hjá A á slysdegi.

Gögn.
Málskot móttekið 17.12.2020 ásamt fylgiskjölum 1-23.
Bréf V dags. 18.01.2021 ásamt fylgiskjali.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 22.01.2021

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 17. október 2018 hafi M fallið um fjóra metra niður af þaki, og slasast alvarlega. M hafi tilkynnt V um slysið í nóvember 2018 og V samþykkt greiðsluskyldu úr slysatryggingu launþega A með tölvupósti dags. 14. janúar 2019. Hafi V í framhaldi tekið til við gagnaöflun og á grundvelli hennar hafi V greitt M dagpeninga vegna tímabundinnar óvinnufærni út júlímánuð 2019. Þá hafi V óskað eftir örorkumati á M og samkvæmt matsgerð, dags. 12. febrúar 2020, hafi varanleg örorka hans verið metin 40%. Hinn 17. mars 2020 hafi V svo tilkynnt M að bótaskyldu væri hafnað þar sem ósannað væri að M hefði verið starfsmaður A á slysdegi. M hafi þá sent V yfirlýsingu frá A þar sem fram kom að M hefði verið starfsmaður hans á slysdegi en þrátt fyrir það hafi V ekki hnikað frá afstöðu sinni.

M fellir sig ekki við þá afstöðu og telur að gögn málsins sýni fram á að hann hafi verið starfsmaður A á slysdegi, m.a. komi það fram í tilkynningu frá A og í skýrslu Vinnueftirlitsins, en þar segi m.a. að A hafi tilkynnt um slys á starfsmanni sínum. Þá liggi fyrir staðfesting A þar sem fram komi að M hafi verið ráðinn til starfsins hinn 15. október 2018 og upplýsingar um launakjör hans liggi fyrir. Þá hafi M sérstaklega komið til landsins þremur dögum fyrir slysdag til að hefja störf hjá A. Ekki hafi hins vegar verið talin þörf á að gefa út launaseðil eða gefa laun M upp til skatts þar sem hann hafi aðeins verið að störfum í klukkustund er hann varð fyrir slysinu. Það breyti því ekki að vinnusamband hafi verið milli A og M enda ljóst að M hafi verið að störfum á umræddu þaki í þágu A þegar hann varð fyrir tjóni. Þess utan sé höfnun félagsins of seint fram komin, sbr. 1. mgr. 94. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í þessu tilviki hafi liðið 14 mánuðir milli þess sem fallist var á bótaskyldu og þar til henni var hafnað, en eðlilegt sé að miða frest til þess við nokkra mánuði. Öll gögn hafi þannig legið fyrir hinn 14. janúar 2019, og jafnvel þó fallist yrði á að V hafi ekki kallað eftir lögregluskýrslu um slysið fyrr en 16 mánuðum eftir að það átti sér stað verði M að bera hallann af slíkri vanrækslu enda hefði verið unnt að kalla eftir skýrslunni mun fyrr. Þess utan séu upplýsingar í lögregluskýrslunni misvísandi og stangist á við önnur gögn í málinu, en þar komi ranglega fram að M hafi verið undirverktaki hjá verktakafyrirtækinu X, en A hafi í raun verið undirverktaki hjá því fyrirtæki. Þar sem V hafi greitt M dagpeninga mánuðum saman hafi hann svo jafnframt mátt ætla að gagnaöflun félagsins væri lokið og bótaskylda þess óumdeild.

Í bréfi V til nefndarinnar segir að það hafi ekki verið fyrr en matsgerð barst félaginu hinn 12. febrúar 2020, að í ljós kom að A og M eru bræður. Í kjölfar þess hafi V ákveðið að skoða málið betur og kalla eftir frekari gögnum, en almennt sé það ekki gert nema að gefnu tilefni, enda ríki ákveðið traust milli V og viðskiptavina þess. Ljóst sé af fyrirliggjandi skattagögnum að M hafi aldrei fengið nein laun frá A, þrátt fyrir að eiga sjálfstæðan, kjarasamningsbundinn rétt til dagvinnulauna í þrjá mánuði frá vinnuslysi. Þá sé ekki samræmi í frásögnum um hver umsamin tímalaun M hafi átt að vera, auk þess sem í lögregluskýrslu komi fram að M hafi á slysdegi verið verktaki en ekki launamaður. Þá megi ráða af skýrslu Vinnueftirlitsins að tveir starfsmenn hafi sinnt sama verkefninu á slystíma. Slysatrygging launþega A taki til A sjálfs og eins launamanns, og bendi það enn til þess að M hafi verið verktaki sem hafi verið ráðinn til að sinna ákveðnu verkefni en ekki launamaður hjá A. Þá sé slysatrygging launþega kjarasamningsbundin en ekkert liggi fyrir um aðild M að stéttarfélagi, sem sé forsenda þess að umrædd vátrygging taki til slyss hans. Sé samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að ráðningarsamband hafi verið til staðar milli A og M. Þá mótmælir V því að 94 gr. laga um

vátryggingarsamninga leiði til þess að V hafi glatað rétti sínum til að hafna bótaskyldu, enda taki ákvæðið aðeins til þess þegar ábyrgð er sannarlega fyrir hendi en er takmörkuð eða felld niður. Í þessu tilviki hafi bætur hins vegar verið sóttar með sviksamlegum hætti og bótaréttur aldrei verið til staðar og eigi ákvæðið því ekki við.

Í viðbótarathugasemdum M er því hafnað að M hafi verið verktaki enda séu þær bollaleggingar V órökstuddar, og augljóst sé að ummæli í lögregluskýrslu séu á misskilningi byggð. Þá sé túlkun V á 94. gr. laga um vátryggingarsamninga röng og ekki í samræmi við fræðiskrif og dómaframkvæmd. Hefði V því þurft að tilkynna um það mun fyrr teldi það sig laust úr ábyrgð á grundvelli upplýsinga sem fram komu í lögregluskýrslu. Þá er því hafnað að það sé skilyrði fyrir því að bótaskylda sé til staðar að launþegar greiði til stéttarfélags, enda komi slíkur áskilnaður hvergi fram í skilmálum V, heldur segi þar að vátryggður sé launþegi hjá vátryggingartaka. Með vísan til gagna málsins sé það sannað að M hafi á slysdegi verið launþegi hjá A og sé bótaskylda því fyrir hendi.

Álit:

Ekki verður ráðið af gögnum þeim sem liggja fyrir nefndinni að skriflegur ráðningarsamningur hafi verið gerður milli A og M. Þá verður ekki ráðið af upplýsingum frá Skattinum að M hafi haft neinar launatekjur hér á landi árið 2018, þrátt fyrir að gera megi ráð fyrir að launamenn eigi rétt á veikindalaunum verði þeir fyrir vinnuslysum. Þá liggur ekki fyrir að greitt hafi verið í lífeyrissjóð eða til stéttarfélags vegna starfa M. Af vátryggingarskírteini slysatryggingar launþega A má svo ráða að hún nái til tveggja einstaklinga, þ.e. A sjálfs og eins starfsmanns. Af skýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 31. október 2018, sem liggur fyrir nefndinni, má hins vegar ráða að samstarfsmaður M hafi einnig verið að störfum á þakinu, en M hafi ásamt honum verið að vinna að uppslætti á skýli yfir þakglugga. Verður því ekki annað séð en að tveir menn, auk A sjálfs, hafi komið að umræddu verki. Verður samkvæmt öllu framansögðu að líta svo á að M hafi ekki verið launþegi A á slysdegi, og verður ekki talið að sýnt hafi verið fram hið gagnstæða með gögnum, en telja verður að yfirlýsing A, dags. 24. ágúst 2020, um að M hafi verið launamaður hjá honum hafi takmarkað sönnunargildi án frekari gagna er styðji við hana. Hafi verið um hefðbundið vinnusamband að ræða verður jafnframt að telja röksemdir þær sem þar koma fram um ástæður þess að ekki hafi verið gefinn út launaseðill vegna starfa M frekar haldlitlar. Hvað varðar tilvísun M til 94. gr. laga um vátryggingarsamninga, þá verður ekki séð að hún eigi við um ágreining aðila. Hún kveður vissulega á um að vátryggingafélag þurfi að senda tilkynningu um að það telji sig laust úr ábyrgð að heild eða hluta án ástæðulauss dráttar, en gildissvið hennar takmarkast við það þegar félagið hyggst bera slíkt fyrir sig á grundvelli XIII. kafla laganna um almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins. Verður ekki séð að V byggi rétt sinn á neinu ákvæði þess kafla, og verður því ekki talið að það hafi glatað rétti sínum til að hafna bótaskyldu, sbr. 2. mgr. 94. gr. laganna, og með hliðsjón af atvikum öllum verður sá réttur heldur ekki talinn fallinn niður vegna tómlætis. Samkvæmt framansögðu telst M því ekki eiga rétt til bóta úr slysatryggingu launþega A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík 9. febrúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 429/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar eða slysatryggingar ökumanns og eiganda.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum bifreiðaáreksturs.

Gögn.
Málskot, móttekið 21.12.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 19.1.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Hinn 5. júlí 2017 ók M bifreið sinni, A vestur Bústaðaveg er annarri bifreið, B, var ekið í veg fyrir akstursstefnu hans á gatnamótum Bústaðavegar og tengibrautar að Kringlumýrarbraut til norðurs. Umferð um gatnamótin er stýrt með umferðarljósum, en báðir ökumenn telja sig hafa ekið um gatnamótin andspænis grænu ljósi. Af ljósmyndum í skýrslu um áreksturinn af skemmdum á ökutækjunum má ráða að áreksturinn hafi verið nokkuð harður.

M leitaði á Læknavaktina 10. júlí, eða fimm dögum eftir áreksturinn. Hann kvaðst hafa fengið högg á vinstra viðbein og á hendurnar sem hafi verið á stýrinu. Hann hafi fundið til í hálsi sem hafi sveiflast fram og aftur. Hann hafi síðan verið með náladofa í allri vinstri hendi og fengið eins og rafmagn í hægri upphandlegg er hann hallaði höfði til hægri en frá hálsi og fram í úlnlið/hendi er hann hallaði höfði til vinstri. Þá kvaðst M vera með verk eða ónot efst á milli herðablaða, en hann hafi kvartað mest um í hálsinum og vinstri hendi. Kvaðst M vera á lífeyri vegna bakmeiðsla og ekki vera í vinnu. Var M greindur með hálstognun og mun hafa fengið almennar ráðleggingar og útskýringar og ráðlögð endurkoma eftir þörfum.

Hinn 13. júlí 2018 leitaði M aftur á Læknavaktina af ástæðum ótengdum afleiðingum árekstursins, en mun þó hafa rætt um hálstognun eftir árekstur árinu áður. M leitaði svo á Læknavaktina 6. desember 2018 vegna bakverkjar með leiðni niður í báðar fætur og kvaðst þá hafa verið tæpur í baki frá árekstrinum 2017. Var M ávísað verkjastillandi lyfi auk þess sem rituð var beiðni um segulómskoðun af lendhrygg með spurningu um brjósklos. Hinn 28. sama mánaðar gekkst M undir brjósklosaðgerð. Í sjúkraskrá vegna aðgerðarinnar kemur fram að M hafi undanfarinn mánuð verið afar slæmur af leiðniverk einkum vinstra megin. Hann hafi farið í segulómmynd 12. sama mánaðar og þá verið með stórt brjósklos vinstra megin sem nánast loki mænusekknum á bilinu L3-L4. Gert hafi verið við þetta liðbil á árinu 1999 auk þess sem þá hafi einnig verið gert við liðbilið fyrir neðan vinstra megin. Því sé um að ræða „recidiv“ stórt „fragment“ á liðbilinu L3-L4 „sin“. „Conservativ“ meðferð hafi ekki gagnast og því sé hann kominn til aðgerðar.

Hvað snertir sjúkrasögu M fyrir umferðarslysið í júlí 2017 má sjá af gögnum málsins að á árinu 1991 hafi hann lent í umferðarslysi og við það hlotið alvarlegan áverka á hægri handlegg og verið metinn til 40% varanlegrar örorku. Í október 1998 slengdist 12 m löng laus skúffa á vörubílspalli á háls og hægra gagnauga þannig að hann féll til jarðar. Vegna áverka á höfði, hálstognunar og tognunar á brjóst- og mjóhrygg af völdum þessa slyss var M metinn til 10% varanlegrar örorku og 20 stiga varanlegs miska. Við skoðun hjá heimilislækni í september 2012 kemur fram að M sé öryrki eftir vinnuslys og búi við langvarandi bakverki og mikla ofþyngd („obesitas“), hann haltri og eigi erfitt með gang. Samkvæmt samskiptaseðli heimilislæknis 28. september 2016 mun M hafa verið við vinnu á sjó 28. september 2014 er hann hafi staðið upp á körum sem hafi flogið undan honum í veltingi. Við það hafi hann fallið ofan í lest og við það hlotið slæma tognun á vinstri öxl. Eftir þetta slys hafi hann eiginlega ekkert unnið. Við skoðun hjá heimilislækni 2. mars 2017 í tengslum við endurmat á örorku mun M hafa lýst stöðu sinni svipaðri og árið 2016 en hafi heldur verið að léttast. Hann hafi lýst slæmum verkjum í vinstri öxl niður handlegginn og í raun verkur frá hálshryggnum. Bakverkir séu „króníski“. Samkvæmt skoðun séu merki um brjóskloseinkenni og hafi verið vísað til sjúkraþjálfara. Hægri hendi sé aðeins kreppt eftir áverka.

Með beiðni, dags 21. september 2020, var af hálfu M óskað eftir að D, nánar tilgreindur bæklunarskurðlæknir, legði mat á afleiðingar af völdum árekstursins 5. júlí 2017 samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Samkvæmt matsgerð D, dags. 17. desember 2020, hefur M hlotið slink aðallega á háls við áreksturinn en einnig högg frá stýri í gegnum báðar axlir. Hafi hann þannig hlotið tognanir sem hafi orsakað leiðniverki niður í hand- og ganglimi ásamt því að hann hafi þurft að gangast undir brjósklosaðgerð. Við áreksturinn hafi fyrri mjóbakseinkenni ýfst upp sem hafi leitt til þess að brjósklos hafi myndast á ný og einnig hafi hann hlotið tognun í hálsi sem hafi leitt af sér dofatilfinningu niður í handlimi. Að teknu tilliti til fyrri sögu voru áverkar á hálshrygg metnir til fimm stiga varanlegs miska og afleiðingar áverka á lendhrygg til tveggja stiga varanlegs miska eða samtals sjö stiga varanlegs miska. Stöðugleikatímapunktur var talinn vera 28. desember 2018 og þjáningatímabil var talið hafa varað til sama dags frá slysdegi að telja og þar af einn dagur rúmliggjandi. Varanleg örorka var talin vera engin.

Með bréfi 19. desember 2020 var af hálfu M krafist bóta úr hendi V vegna varanlegs miska og þjáninga auk vaxta og kostnaðar. Ekki kemur fram í bréfinu úr hvaða vátryggingu bótanna er krafist. Með bréfi V, dags. 4. desember 2020 [svo], var upplýst að sök vegna árekstursins hafi verið skipt til helminga á milli ökumanna. Þá taldi félagið ósannað að orsakatengsl væru á milli árekstursins og „meintra einkenna“ tjónþola. Af þeim sökum hafi V hafnað greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.

Samkvæmt því sem upplýst hefur verið af hálfu V var sök skipt að jöfnu á milli þeirra ökumanna sem áttu hlut að árekstrinum 5. júlí 2017. Í ljósi þessa verður að ætla að V hafi tekið afstöðu til bótakröfu M með tilliti til þess að krafa væri gerð um bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A en ekki úr ábyrgðartryggingu þeirrar bifreiðar. Er við það miðað við úrlausn málsins.

Hér að framan hefur að nokkru verið gerð grein fyrir þeim sjúkdómseinkennum sem M hefur búið við eftir að hann lenti í árekstrinum 5. júlí 2017 og læknismeðferð sem hann hefur fengið, svo og sjúkrasögu hans áður en áreksturinn varð.

Í 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 9. gr. laga nr. 37/199 um breyting á þeim, segir svo, orðrétt: „Þegar fyrir liggur sérfræðilegt álit um örorku- og/eða miskastig tjónþola, eða þá læknisfræðilegu þætti skv. 2. og 3. gr. sem meta þarf til þess að uppgjör bóta samkvæmt lögum þessum geti farið fram, getur hvor um sig, tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta, borið álitið undir örorkunefnd. Heimilt er að óska álits örorkunefndar um ákvörðun örorku- og/eða miskastigs, án þess að fyrir liggi sérfræðilegt álit, ef málsaðilar standa sameiginlega að slíkri beiðni.“

Í máli þessu liggur fyrir sérfræðilegt álit D, bæklunarskurðlæknis, um miskastig M sem hann telur að rekja megi til árekstursins 5. júlí 2017. V vill ekki una þessu áliti og telur ósannað að orsakasamband sé milli árekstursins og þeirra einkenna sem M býr við. Með tilliti til alls þess sem liggur fyrir í málinu um heilsufar M, kann að vera að afstaða V til bótaskyldu eigi við einhver rök að styðjast. V hefur á hinn bóginn ekki nýtt sér það úrræði sem mælt er fyrir um í fyrri málslið 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga að óska álits örorkunefndar um miskastigið ellegar óska dómkvaðningar matsmanna til að leggja mat á hvert sé líkamstjón M af völdum árekstursins. Ekki er á færi úrskurðarnefndar að hafa álit í því efni. Eins og mál þetta liggur fyrir verður því ekki hjá því komist að álykta svo að M eigi rétt á bótum fyrir líkamstjón af völdum árekstursins 5. júlí 2017.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 9. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 430/2020

M og
V vegna réttaraðstoðartryggingar fjölskyldutryggingar

Ágreiningur um hvort bótaskylda úr réttaraðstoðartryggingu sé til staðar.

Gögn.
Málskot, móttekið 17.12.2020 ásamt fylgiskjölum 1-18.
Bréf V, dags. 26.01.2021, ásamt fylgiskjölum 1-5.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 08.03.2021.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi, í desembermánuði 2017, höfðað mál á hendur Sjúkratryggingum Íslands, S, að fenginni staðfestingu V um að viðurkenndur væri bótaréttur úr réttaraðstoðartryggingu hennar vegna málarekstursins. Eftir að S hafi skilað greinargerð í málinu hafi S farið fram á dómkvaðningu matsmanna til að hnekkja því mati sem M byggði kröfur sínar á. Gerð hafi verið dómsátt í málinu í kjölfarið þar sem S féllst á að greiða M tiltekna fjárhæð, en úrskurður var kveðinn upp um málskostnaðarkröfu M. Krafan byggðist á málskostnaðaryfirliti lögmanns M, sem lagt hefði vinnu í gagnaöflun, undirbúning og ritun stefnu auk þingsóknar við fyrirtökur. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 18. desember 2018, var málskostnaður felldur niður. Rökstuðningurinn var í megindráttum sá að stofnað hefði verið til málskostnaðar af hálfu M sem hefði mátt komast hjá hefði verið viðhaft nánara samstarf við stefnda S. Slíkur óþarfa kostnaður yrði ekki innheimtur hjá S auk þess sem M ætti heldur ekki að þurfa að bera kostnað sem komast hefði mátt hjá. Lögmaður M gerði fyrir hennar hönd kröfu um greiðslu að fjárhæð 2.125.182 kr. vegna málskostnaðar, enda hefði fyrri viðurkenning V á bótarétti hennar verið forsenda málshöfðunar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til þess að í umræddum úrskurði héraðsdóms komi fram að málshöfðunin hafi verið óþörf, málið dregið á langinn og stofnað hafi verið til óþarfa kostnaðar af hálfu lögmanns M. Geti slíkur kostnaður ekki talist „nauðsynlegur og eðlilegur lögmannskostnaður“ í skilningi 41. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála. Jafnframt líti V svo á að lögmanninum væri ekki stætt á að heimta umræddan kostnað frá M. Með bréfi dags. 3. janúar 2019 hafi V boðist til að greiða M tjónabætur vegna lögmannskostnaðar að fjárhæð 744.000 kr., án viðurkenningar á bótaskyldu, en frekari kröfum hafi verið hafnað. Þar sem umrædd höfnun hafi verið send í upphafi árs 2019 liggi jafnframt fyrir að frestur M til að skjóta ágreiningi þessum til nefndarinnar hafi verið liðinn þegar málskot M barst henni, sbr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Er bótaskyldu því samkvæmt framansögðu hafnað, annars vegar með vísan til þess að umrædd krafa falli utan við gildissvið vátryggingarinnar og hins vegar þess að bótaréttur sé niður fallinn.

Í viðbótarathugasemdum sem lögmaður M setur fram fyrir hennar hönd er tekið fram að krafa M í umræddu dómsmáli hafi verið byggð á sérfræðimati um miska, varanlega örorku, þjáningabætur og tímabundið tekjutjón. S hafi farið fram á mat dómkvaddra matsmanna vegna þessara þátta og hafi þeir ekki talið að um varanlega örorku væri að ræða, en verið sammála fyrra mati á miska. Hafi miska- og þjáningabætur verið greiddar til samræmis við það og því ljóst að M hafi, í öllum aðalatriðum, unnið málið fyrir héraðsdómi. Þá sé ljóst að mikil vinna hafi falist í kröfugerð, stefnu og útvegun ýmissa vottorða. Þá sé ljóst að M hafi fengið hærri bótafjárhæð frá S en ella vegna málshöfðunarinnar. Því sé það ekki rétt mat héraðsdómara að um óþarfa málsókn hafi verið að ræða. Þá kannist lögmenn M ekki við að hafa fengið höfnunarbréf, dags. 3. janúar 2019, sem V vísi til í andsvörum sínum. Jafnframt eigi tilgreind ákvæði um brottfall bótaréttar ekki við, þar eð V hafi, hinn 18. apríl 2017, fallist á bótaskyldu. Um skaðatryggingu sé að ræða og beri V að greiða bætur sem nemi því tjóni sem M hafi orðið fyrir, en það sé mælanlegt samkvæmt reikningum lögmanna hennar.

Álit.

Fyrir nefndinni liggur tölvupóstur, dags. 3. janúar 2019, sem V sendi einum lögmanna M. Tölvupóstur þessi er hluti af samskiptakeðju og verður ekki annað séð en að hann hafi verið sendur með fullnægjandi hætti, þrátt fyrir að lögmenn hennar kannist ekki við að hafa fengið hann í hendur. Í tölvupósti þessum er rakin fyrrgreind afstaða V, þ.e. að a.m.k. bróðurpartur þeirrar vinnu sem leiddi til lögmannskostnaðar vegna dómsmálsins hafi verið óþarfur. Engu að síður, og til þess að koma til móts við M muni félagið greiða 595.200 kr., eða 744.000 kr. að frádreginni 20% eigin áhættu, án viðurkenningar. Þá er bent á heimild til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum, og veitt samþykki fyrir því að nefndin fjalli um bótafjárhæðir í málinu.

V byggir kröfur sínar fyrir nefndinni annars vegar á því að frestur til að krefjast meðferðar málsins, sbr. 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga, hafi verið liðinn þegar málskot þetta barst nefndinni. Í 1. málslið 2. mgr. 51. gr. segir að ef félagið hafni kröfu vátryggðs í heild eða að hluta glati hann rétti til bóta hafi hann ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd innan árs frá því að hann fékk sannanlega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað. Fyrir liggur að málskot M barst nefndinni ekki fyrr en 17. desember 2020. Fyrir liggur hins vegar að hinn 18. apríl 2017 féllst V á bótarétt úr réttaraðstoðartryggingu M, sbr. fyrirliggjandi tölvupóst þess efnis þar sem einnig er vísað til nánar tilgreindra skilmálaákvæða. Verður heldur ekki litið svo á að bréf V, dags. 3. janúar 2019, feli í sér höfnun á kröfu M sem slíka, heldur að bótaskylda sem slík liggi fyrir en að ágreiningur aðila snúist um bótafjárhæðir. Verður áðurnefnd 2. mgr. 51. gr. því ekki túlkuð með svo rýmkandi hætti að hún nái yfir ágreining aðila eins og hann liggur fyrir nefndinni. Nefndin tekur ekki afstöðu til bótafjárhæða nema að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykkta úrskurðarnefndar í vátryggingamálum sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda. Fyrir liggur að slíkt samþykki V var veitt í áðurnefndu tölvubréfi, og verður því leyst úr máli þessu á þeim grundvelli að um ágreining um bótafjárhæðir sé að ræða sem nefndin hafi samþykki aðila fyrir því að fjalla um.

Hins vegar byggir V kröfur sínar á því að ekki hafi verið um „nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað að ræða“, sbr.41. gr. þágildandi skilmála vátryggingarinnar, og byggir sú afstaða á áðurnefndum úrskurði héraðsdóms. Í tölvubréfi V, dags. 3. janúar 2019 hafi jafnframt verið áréttað að unnt væri að skjóta ágreiningi um málskostnað til úrskurðarnefndar Lögmannafélags Íslands.

Í þágildandi skilmálum vátryggingarinnar segir m.a. í 41. gr. að félagið greiði nauðsynlegan og eðlilegan málskostnað sem vátryggður geti ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Þá segir einnig að félagið geti gert það að skilyrði fyrir greiðslu bóta að vátryggður leggi ágreining um réttmæti málflutningsþóknunar fyrir úrskurðarnefnd Lögmannafélags Íslands. Verður ekki séð að ágreiningur um réttmæti málflutningsþóknunar hafi ratað fyrir þá nefnd né að V hafi, sem því var þó heimilt samkvæmt framansögðu, gert það að skilyrði fyrir bótagreiðslu, og verður áðurnefnd ábending í fyrrgreindum tölvupósti ekki túlkuð með þeim hætti.

Kemur þá til skoðunar hvort um nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað hafi verið að ræða. Samkvæmt fyrirliggjandi kröfubréfi lögmanns M til V, dags. 9. mars 2020, nema kröfur hennar í réttaraðstoðartrygginguna 2.125.182 kr. Eru 1.488.000 kr. vegna lögmannskostnaðar auk virðisaukaskatts, 30.000 kr. vegna þingfestingargjalds en 607.182 kr. vegna ýmiss konar gagnaöflunar, afrita af sjúkraskrám og skattskýrslum auk læknisvottorða og matsgerðar. Af tímaskráningu lögmanns sem liggur fyrir nefndinni verður þá ekki annað ráðið en eingöngu sé um verkliði sem varði umrædda málshöfðun og undirbúning hennar að ræða.

Hvað varðar ágreining M og S sem slíkan þá kemur fram í fyrirliggjandi stefnu málsins að um sé að ræða kröfu M á hendur S til greiðslu skaðabóta á grundvelli laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu vegna líkamstjóns sem hún varð fyrir í tengslum við sjúkdómsmeðferð, sbr. 1. gr. laganna. Í greinargerð S kemur m.a. fram að S telji málshöfðunina þarflausa, enda hefði að öllum líkindum fengist niðurstaða í málið hefði lögmaður M gert S kleift að ljúka rannsóknarskyldum sínum. Lögmaður M hafi hins vegar aldrei raunverulega leitast eftir niðurstöðu S. Er í greinargerð jafnframt farið fram á málskostnað úr hendi M og lögmanns hennar in solidum óháð málsúrslitum enda hafi verið um þarflausa málsókn að ræða. Ekki var fallist á þá kröfu og kemur ekki beinlínis fram í áðurnefndum úrskurði héraðsdóms að um þarflausa málsókn hafi verið að ræða, þó þar segi gögn

málsins renni stoðum undir það að stofnað hafi verið til kostnaðar sem komast hefði mátt hjá. Verður og ekki séð að ákvæði 15. gr. laga um sjúklingatryggingu, eða önnur ákvæði þeirra laga, girði fyrir það að mál sé höfðað áður en niðurstaða S um fjárhæð bóta liggur fyrir, og þá gerði V enga fyrirvara hvað það varðar er fallist var á bótaskyldu. Hvað varðar kostnað vegna gagnaöflunar verður þá að telja eðlilegt að tjónþoli afli slíkra gagna um tjón sitt, sbr. 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Með hliðsjón af öllu framansögðu verður ekki talið sýnt fram á annað en að um nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað í skilningi viðeigandi vátryggingarskilmála hafi verið að ræða, og liggur ekki fyrir niðurstaða úrskurðarnefndar Lögmannafélags Íslands um annað. Verður þá ekki byggt á ummælum í úrskurði héraðsdóms hvað þetta varðar, enda varðar sá úrskurður málskostnað milli M og S sem var látinn niður falla, og verður þá rökstuðningur sá sem þar kemur fram ekki talinn settur fram með þeim hætti að það haggi þessari niðurstöðu. Fyrir liggur, samkvæmt því sem að framan er rakið, að V féllst á bótaskyldu, og ekki liggur annað fyrr en að M hafi borið þann kostnað af málinu sem gerð er grein fyrir í kröfubréfi lögmanns hennar til V, og það sé því tjón hennar. Í fyrirliggjandi gögnum um vátryggingarsamning M við V þegar ágreiningur kom upp er vátryggingarfjárhæð í réttaraðstoðartryggingu hennar 1.484.200 kr. og eigin áhætta 20%, en að lágmarki 29.900 kr. Telst M eiga rétt til þeirra bóta, sbr. 42. gr. þágildandi skilmála vátryggingarinnar. Ekki liggur fyllilega fyrir hvort greiðsla á 595.200 kr., eða 744.000 kr. að frádreginni 20% eigin áhættu, hefur þegar farið fram, en sé svo skal sú upphæð dragast frá.

Þá er í niðurlagi málskots að finna áskorun til V um að leggja fram tiltekin gögn og upplýsingar. Ekki er ljóst hvort ætlast er til að nefndin hlutist til um framlagningu þessa eða leggi mat á þau gögn sem um ræðir, en rétt er að árétta að starfssvið nefndarinnar er skýrlega afmarkað í 3. gr. áðurnefndra samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, og verður ekki séð að efni umræddrar áskorunnar falli þar undir. Er hún því ekki tekin til frekari skoðunar fyrir nefndinni.

Að endingu verður ekki hjá komist að beina þeirri ábendingu til lögmanna málskotsaðila að þeir hefðu að ósekju mátt stilla umfangi fylgigagna í hóf og takmarka við efni fyrirliggjandi ágreinings.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta að fjárhæð 1.484.200 úr réttaraðstoðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 15. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 431/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X

Sönnun líkamstjóns við árekstur 2. nóvember 2016..

Gögn.
Málskot móttekið 17. desember 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 20. janúar 2021, ásamt myndum af bifreið og læknisvottorð dags. 24. maí 2017.
Tölvupóstur lögmanns M til nefndarinnar, dags. 21. janúar 2021.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi lent í umferðarslysi 2. nóvember 2016 þegar ekið hafi verið aftan á bifreið hans. Þar kemur einnig fram að M hafi verið veikur fyrir í baki og við umrætt slys hafi ástand hans versnað.

M telur sýnt, af læknisvottorðum sem lögð eru fram í málinu, að hann hafi hlotið varanlegar afleiðingar af líkamstjóni sem bótaskylt er hjá V.

V telur að ekki séu fyrir hendi samtímagögn sem staðfasti að M hafi fengið áverka í umræddu umferðaróhappi 2. nóvember 2016 og því ekki sannað að orsakatengsl séu milli þess atviks og þeirra einkenna sem M finni fyrir, auk þess sem vísað er til þess að M hafi nokkra sögu um stoðkerfiseinkenni.

Álit
Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning vegna munatjóns frá M í nóvember 2016 þar sem M segir að „..nokkuð gott högg..“ hafi hlotist af því þegar bifreiðinni X var ekið aftan á bifreið hans. Af læknisfræðilegum gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu verður ekki annað séð en að M hafi haft símleiðis samband við lækni í kjölfarið og gerð hafi verið beiðni um sjúkraþjálfun dags. 11. nóvember 2016 þar sem vísað er til langs stoðkerfisvanda auk aftanákeyrslu. Einnig liggur fyrir vottorð frá sérfræðilækni sem skoðaði M um þremur árum eftir umferðarslysið og upplýsingar frá heilsugæslu um endurteknar beiðnir um lyfjaendurnýjanir vegna verks í hálsi. Ekki er ljóst af þessum gögnum hvort og þá að hve miklu leyti fyrri einkenni M versnuðu við umferðaróhappið 2. nóvember 2016. Af myndum af bifreið hans að dæma voru nær engin sýnileg merki um aftanákeyrslu og lítið fjallað sérstaklega um afleiðingar þess atviks í þeim læknisfræðilegu gögnum sem lögð hafa verið fram. Fyrsta tilkynning um að M hafi hlotið líkamstjón er síðan gerð 27. júní 2019 og henni beint til V. Ekki liggur fyrir sérstakt mat á orsakatengslum og mögulegum varanlegum afleiðingum líkamstjóns vegna títtnefnds áreksturs 2. nóvember 2016. Verður því ekki, m.v fyrirliggjandi gögn, talið fyllilega sannað að M hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V miðað við fyrirliggjandi gögn.

Reykjavík, 9. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 432/2020

M og
V vegna slysa- og sjúkratryggingar.

Réttur til bóta fyrir varanlega örorku vegna veikinda frá árinu 2014.

Gögn.
Málskot móttekið 18. desember 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 27. janúar 2021, ásamt vátryggingarskírteini.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M fer fram á að V viðurkenni „..100% greiðslubótaskyldu..“ úr slysa- og sjúkratryggingu V vegna þeirrar óvinnufærni sem M varð fyrir vegna sjúkdóms sem hann greindist með á árinu 2014. Í gögnum málsins kemur fram að M hafi orðið óvinnufær vegna sjúkdóms í nóvember 2014 og farið í aðgerð í apríl 2016 vegna sama sjúkdóms. Í lok árs 2017 var farið fram á mat á því hvers eðlis sjúkdómur M væri sem og hver læknisfræðileg örorka væri og með mati heila- og taugaskurðlæknis dags. 12. janúar 2018 var niðurstaða hans sú að læknisfræðileg örorka M væri 25% vegna afleiðinga sjúkdómsins og óvinnufærni hans hafi varað frá því í nóvember 2014. Í málinu liggur einnig fyrir niðurstaða matsgerðar dómkvadds matsmanns dags. 23. apríl 2018 þar sem kemur fram að tímabundið hafi M verið óvinnufær frá 1. nóvember 2014 til 22. ágúst 2016 og varanleg læknisfræðileg örorka metin 20%.

M telur að hann eigi rétt til höfuðstólsbóta úr slysa- og sjúkratryggingu sinni hjá V auk bóta fyrir tímabundna örorku vegna afleiðinga sjúkdóms síns. M byggir á að vátrygging hans lúti sömu sjónamiðum og 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga, að hún sé svokölluð starfsverndartygging og eigi M því rétt á fullum bótum fyrir verði hann óvinnufær. M vísar til þess sem kemur fram í gr. 23.1 og 23.2 í vátryggingarskilmálum um að V greiði bætur við starfsorkumissi af völdum sjúkdóms er vátryggður verður fyrir á annan hátt en við slys, sem og ákvæði um hvert sjúkratímabil sé. Einnig telur M að ekki sé hægt að fella niður bætur til hans á grundvelli ákvæðis 27.2 á þeim grundvelli að læknisfræðileg örorka nái ekki 25% þar sem ákvæðið sé óskýrt og beri að túlka slík ákvæði vátryggingartaka í hag, sbr. 1. mgr. 36. gr. b. laga nr. 7/1936. M vísar einnig til sjónarmiða um samræmisskýringu og sanngirni.

V upplýsir um að M hafi nú þegar fengið greidda dagpeninga fyrir óvinnufærni frá 1. nóvember 2014 til 22. ágúst 2016 úr slysa- og sjúkratryggingu sinni og sé það tímabil í samræmi við niðurstöðu dómkvadds matsmanns um lengd óvinnufærni. V telur einnig að skilmálaákvæði séu skýr um að félagið greiði ekki bætur fyrir varanlega læknisfræðilega örorku sem nær ekki 25% mati og þar sem niðurstaða dómkvadds matsmanns sé á að örorka nái ekki 25% þá greiðist ekki frekari bætur til M.

Álit
Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið vátryggður með svokallaðri slysa- og sjúkratryggingu þegar hann varð óvinnufær vegna sjúkdóms á árinu 2014. Um þessa vátryggingu gilda sérstakir vátryggingaskilmálar nr. 302 og þegar óvinnufærni M kemur til þá eru í gildi skilmálar frá 1. júlí 2014. Í II. kafla vátryggingarskilmálanna er gildissvið skilgreint með þeim hætti að í gr. 23. er gerð grein fyrir vátryggingarsviði, í gr. 24 er fjallað um undanskildar áhættur, í gr. 25 um aldurstakmörk, í annarri grein sem merkt er 25 er gerð grein fyrir bótum fyrir varanlegt líkamstjón – örorkubótum og í gr. 26 er fjallað um bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku – dagpeninga. Í III. kafla vátryggingarskilmálanna er síðan fjallað um rekstrarstöðvunartryggingu vegna slysa eða sjúkdóma og í IV. kafla um staðgengilstryggingu vegna slysa eða sjúkdóma.

Í vátryggingarskírteini M, sem liggur fyrir í gögnum málsins, verður ekki annað séð að hann hafi svokallaða slysavernd, bæði í atvinnu og frítíma, og svokallaða sjúkravernd þar sem fjárhæð örorkubóta er tiltekin sem og fjárhæð dagpeninga pr. viku sem og biðtími þeirra í 12 vikur og bótatími í 144 vikur.

Eins og hér er getið að ofan þá nær II. kafli vátryggingarskilmála til sjúkraverndar þar sem vátryggingarsvið nær til starfsorkumissis af völdum sjúkdóms er vátryggður verður fyrir á annan hátt

en slys. Verður ekki annað séð af gögnum málsins að veikindi M verði rakin til sjúkdóms en ekki slyss og á því sjúkraverndarkafli skilmálanna við um hann. Þegar kemur að ákvörðun bóta verður að líka til annars vegar kafla 25 um bætur fyrir varanlegt líkamstjón – örorkubætur og hins vegar til kafla 26 um bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku.

Af málatilbúnaði í málskoti verður ekki annað ráðið en að ágreiningur snúist fyrst og fremst um það hvort M eigi rétt á bótum fyrir varanlega læknisfræðilega örorku sína vegna sjúkdóms sem olli fyrst óvinnufærni hans á árinu 2014. Þegar litið er til orðalags vátryggingarskilmála verður ekki fallist á að ósamræmi sé milli ákvæða um vátryggingarsvið í gr. 23 og gr. 25 um bætur fyrir varanlegt líkamstjón – örorkubætur. Það að ákvæði um að ekki greiðist bætur fyrir varanlega læknisfræðilega örorku ef hún er metin lægri en 25% er skýrt og einnig er skýrlega kveðið á um að við matið skuli hafa hliðsjón af miskatöflum örorkunefndar, sbr. 3. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Um er að ræða algengt ákvæði í vátryggingarskilmálum sjúkratryggingar hérlendis og erlendis og ekki er fallist á að það sé ósanngjarnt eða óskýrt. Þau sjónarmið sem koma fram í málskoti um eðli vátryggingar M sem starfsverndartryggingu eða vátryggingu sem hefur stoð í 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga hefur enga stoð í II. kafla vátryggingarskilmála V um sjúkravernd. M hefur heldur ekki sýnt fram á að III. eða IV. kafli vátryggingarinnar eigi við.

Í máli M liggur annars vegar fyrir matsgerð heila- og taugaskurðlæknis dags. 18. janúar 2018 um 25% varanlega læknisfræðilega örorku og matsgerð dómkvadds matsmanns dags. 23. apríl sama ár þar sem niðurstaðan er 20% læknisfræðileg örorka. Af hálfu nefndarinnar verður það sönnunargagn lagt til grundvallar sem hefur almennt ríkara sönnunargildi og verður að líta svo á að matsgerð dómkvadds matsmanns skv. lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 hafi ríkara sönnunargildi, þar sem báðum aðilum er þar gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum að við matið. Niðurstaða matsgerðar dómkvadds matsmanns sýnir að læknisfræðileg örorka M nær ekki því lágmarki sem gr. 25.2 gerir ráð fyrir eða 25%. Þessu mati hefur ekki verið hnekkt með yfirmati. Verður því ekki lagt til grundvallar að M hafi sýnt fram á að réttur til greiðslu bóta fyrir varanlegt líkamstjón hans hafi stofnast úr slysa- og sjúkratryggingu hans hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysa- og sjúkratryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 23. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 433/2020

M og
V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur hvort atvik við tjónsatburð séu undanskilin bótaskyldu.

Gögn.
Málskot móttekið 21.12.2020, ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf V dags. 20.01.2021, ásamt fylgiskjölum 1-4.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 27.01.2021, ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.
I málskoti er atvikum lýst svo að um klukkan 22:00 hinn 17. október 2020 hafi bifreiðinni A verið ekið eftir Mímisbrunni, Reykjavík, en þegar komið hafi verið að gatnamótum við Lambhagaveg hafi mikið högg komið á bifreiðina og svo ítrekuð högg líkt og ekið hafi verið yfir eitthvað. Við skoðun ökumanns á aðstæðum hafi komið í ljós stór grjóthnullungur á akbrautinni. A er rafmagnsknúin og leiddi þetta til mikilla skemmda á henni, en tjón varð á festingu á drifmótor, tengingu á háspennukapli og háspennubatteríi við ákomuna. Bilunin kom þó ekki fram fyrr en raki komst í sárið á háspennukaplinum og kerfi bílsins námu útleiðslu. Kostnaðaráætlun vegna viðgerðarinnar nam um 3.400.000 kr. en um var að ræða útskiptingu á fremra „drive unit“, rafmagnköplum í „drive unit“, hlíf undir bíl að framan og útskiptingu á háspennurafhlöðu. Gerði M kröfu í kaskótryggingu A hjá V vegna þessa tjóns hinn 11. desember 2020. V hafnaði kröfu hans með bréfi dags. 15. desember 2020, með þeim rökum að þær tjónsorsakir sem vátryggingin tæki til væru tæmandi taldar í skilmálum og ekki væri kveðið á um bótaskyldu þegar bifreið væri ekið yfir lausa steina eða grjóthnullunga. Jafnframt vísaði V til þess að umrætt tjónstilvik félli undir undanþáguákvæði gr. 6.4 í skilmálum vátryggingarinnar. M telur augljóst að um árekstur eða áakstur í skilningi vátryggingarskilmálanna hafi verið að ræða, enda hafi verið ekið á grjót og yfir það, og því sé tjónið bótaskylt úr vátryggingunni. Þá falli tjónið ekki undir undantekningarákvæði 6.4 gr. skilmála vátryggingarinnar, enda hafi ekki orðið tjón á undirvagni heldur sé um skemmd á rafmagnsmótor og háspennubatteríi, sem séu meginhlutar bifreiðarinnar, að ræða. Þess utan eigi ákvæðið ekki við þar sem um árekstur hafi verið að ræða en ekki þau atvik sem tilgreind séu í ákvæðinu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V telji með öllu ósannað hvernig umrætt tjón hafi atvikast enda hafi það ekki verið tilkynnt fyrr en eftir að ökutækið hafi verið sett í viðgerð og þá byggt á tilgátu verkstæðisstarfsmanna um tjónsatvik. Telur V að tjónið á A sé allt eins að rekja til aksturs á ósléttri akbraut en slík tjón falli ekki undir vátrygginguna. Ef um áakstur hefði verið að ræða ætti framhlið ökutækisins að bera það með sér en svo sé ekki og engin gögn styðji við frásögn M af atvikum. Þá vísar V til þess að þær tjónsorsakir sem vátryggingin nái til séu tæmandi taldar í 3. gr. skilmála hennar. Jafnvel þó fallist yrði á frásögn M bendi hún ekki til þess að um áakstur hefi verið að ræða, heldur sé atvikum fremur lýst með þeim hætti að þau falli undir atvikalýsingu 6. gr. skilmálanna, en þar sé að finna útlistun á því hvers kyns tjón falli ekki undir trygginguna. Sérstök athygli er vakin á því að vátryggingin bæti ekki skemmdir af akstri á ósléttri akbraut, skemmdir á undirvagni af völdum þess að ökutækið taki niðri á öjöfnum og skemmdir sem verði er laust grjót hrekkur upp undir ökutækið í akstri. Telur V ljóst að tjónið á A megi rekja til grjóts sem hrökk upp undir ökutækið, og því sé bótaskylda ekki fyrir hendi þó miðað sé við atvikalýsingu M.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til framburðar vitnis sem staðfesti lýsingu M á tjónsatvikinu. Tjónið á A hafi hins vegar ekki komið strax í ljós, en tilkynning hafi verið send V um leið og tilefni var til. Þá ítrekar M þá afstöðu sína að um árekstur eða áakstur hafi verið að ræða, þ.e. A hafi verið ekið á kyrrstæðan stein á miðri malbikaðri akrein innan borgarmarkanna. Þá hafi steininn lent framan á mótorfestingu bifreiðarinnar og hafi bifreiðin lent á grjótinu í a.m.k. þrígang eftir það. Því er þá hafnað að um sé að ræða skemmdir af akstri á ósléttri akbraut, eða af völdum þess að laust grjót hafi hrokkið upp undir ökutækið. Þá er M ósammála túlkun V á ákvæði gr. 6.4 og óskýr skilmálaákvæði beri að túlka neytanda í hag og vísar til dómafordæma hvað það varðar.

Álit:

M byggir kröfu sína á því að um áakstur eða árekstur hafi verið að ræða, en í gr. 3.1 skilmála vátryggingarinnar kemur fram að félagið bæti skemmdir á ökutækinu m.a. af völdum árekstrar eða áaksturs. Í tjónstilkynningu M til V dags. 11. desember 2020 er vitnað til svohljóðandi lýsingar bifvélavirkja: *„Eins og þetta lítur út fyrir okkur þá hefur verið ekið á stein eða annan aðskotahlut, hann hefur lent harkalega á festingu á drifmótor að framan og tengingu á háspennukapli sem liggur að mótornum með þeim afleiðingum að bæði brotnar. Hluturinn hefur svo rúllað aftur eftir bílnum og gert 3 dældir upp undir háspennubatteríið“.* Ekki verður ráðið af lýsingu eða ljósmyndum sem fylgja málskoti að skemmdir hafi orðið framan á ökutækinu við atvikið og virðast hinir skemmdu hlutar allir tilheyra undirvagni þess. Af fyrirliggjandi ljósmyndum, og lýsingum bifvélavirkja, að dæma er svo um a.m.k. þrjár aðskildar dældir að ræða en ekki samfellda skemmd. Framangreint bendir því til að um laust grjót sem hafi hrokkið upp undir bifreiðina hafi verið að ræða, en engar nákvæmar lýsingar eða ljósmyndir af steininum liggja fyrir nefndinni. Verður því ekki talið að um áakstur eða árekstur í skilningi fyrrgreinds ákvæðis hafi verið að ræða. Í 6 gr. sem ber yfirskriftina „Einstakir hlutar ökutækisins“ eru tiltekin í 5 tölusettum greinum tjón sem ekki fást bætt úr vátryggingunni. Þar segir í gr. 6.4 að félagið bæti ekki „*skemmdir af akstri á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásum, fjöðrum, gírkassa, drifi, rafgeymi og öðrum hlutum í eða á undirvagni ökutækisins, skemmdir vegna þess að hreyfillinn bráðnar saman, skemmdir á undirvagni er hljótast af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum svo sem hryggjum eftir veghefla eða jarðföstu grjóti. Sama gildir um skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutækið í akstri;“*. Samkvæmt framansögðu liggur ekki annað fyrir en að tjón hafi orðið á undirvagni A við það að laust grjót hrökk upp undir ökutækið í akstri, og þó umrætt tjón sé vissulega umfangsmikið vegna útbúnaðar A, verður ekki annað séð en að gildissvið vátryggingarinnar sé takmarkað þegar kemur að slíku tjóni. Verður því að líta svo á að aðstæður við umrætt tjón á A falli undir umrætt undanþáguákvæði og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A há V.

Reykjavík 9. febrúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 434/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar X

Réttur til bóta vegna tjóns á bifreið 25. maí 2020.

Gögn.
Málskot, dags. 21.desember 2020, ásamt fylgigögnum 1-5.
Bréf V, dags 18. janúar 2021 ásamt fylgiskjali.
Viðbótarathugasemdir lögmanns M, dags. 1. febrúar 2021.
Viðbótarathugasemdir V, dags. 12. febrúar 2021.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M gerði kröfu um greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar X vegna tjóns á bifreið í þess eigu og er atvikum lýst þannig: „..sem atvikaðist með þeim hætti að verið var að hífa timburbúnt af palli bifreiðarinnar JD496 með dráttarvél þegar timbrið féll á hliðar pallsins með þeim afleiðingum að báðar hliðar pallsins skemmdust og önnur hliðin bognaði út.“ Atvikum er ekki nánar lýst í málskoti enda talið að ekki sé um að ræða ágreining um efnishlið málsins.

V hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar með tölvupósti dags. 28. maí 2020, þar sem „...sami eigandi er á Foldvegi ehf. og Fögrusteinar ehf. tekur vinnuvélatrygging dráttarvélarinnar ekki á tjóni bifreiðarinnar þar sem tryggingin bætir einungis tjón þriðja aðila...“ Í tölvupósti V til lögmanns M dags. 29. júní 2020 eru þessi sjónarmið áréttuð með vísan til gr. 4.1 í ábyrgðartryggingarskilmálum AA20. Í bréfi V til nefndarinnar dags. 18. janúar 2021 er þessi rökstuðningur áréttaður en jafnframt kemur þar fram að í málskoti M sé engan rökstuðning að finna um að skilyrði sakarreglunnar séu uppfyllt í málinu, og sé það því ósannað. Sé bótaskyldu því einnig hafnað á þeim grunni.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M kemur fram nánari lýsing á atvikum, þ.e. að tjónið hafi hlotist af mistökum stjórnanda dráttarvélarinnar, starfsmanns X. Mjög ríkar skyldur verði að leggja á herðar stjórnendum slíkra tækja hvað varðar varkárni við akstur, og hafi hann umrætt sinn ekki hagað akstri í samræmi við vinnureglur fyrirtækisins. Hann hafi ekki gætt að því að slaka á kúplingu svo vélin bakkaði rólega, heldur hafi hún kippst til baka og annað afturhjólið lent í holu. Þetta hafi leitt til þess að slinkur kom á vélina og timbrið losnaði frá og féll á pall bifreiðarinnar.

Í viðbótarathugasemdum V, sem voru sendar í kjölfar beiðni nefndarinnar um gögn um tjónsatburðinn sem slíkan, kemur fram, hvað þetta varðar, að félagið telji að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Það að annað afturhjól vélarinnar hafi lent í holu sé orsök tjónsins. Breyti það engu hvað varði sök starfsmanns X þó vélin hafi áður kippst til baka, enda óljóst hve mikið eða hratt hún hafi kippst til baka. Séu skilyrði sakarreglunnar því ekki uppfyllt.

Að öðru leyti gera bæði M og V í framangreindum bréfum nefndinni grein fyrir sjónarmiðum um samsömun og hvernig eigi að túlka hugtakið þriðji aðili í gr. 4.1 í vátryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar.

Álit.
Svo réttur til bóta úr ábyrgðartryggingu X sé til staðar verður tjónþoli, þ.e. M, að sýna fram á að tjón hans sé að rekja til athafna eða athafnaleysis X eða aðila sem það ber ábyrgð á, en í skilmálagrein 4.1 viðeigandi vátryggingar segir að vátryggingin bæti beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum. Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram sú afstaða að ósannað sé að skilyrði sakarreglunnar séu uppfyllt og ekki verði betur séð en að um algert óhappatilvik hafi verið að ræða. M byggir hins vegar á því að skilyrði sakarreglunnar séu uppfyllt enda hafi stjórnandi dráttarvélarinnar ekki sýnt þá varkárni sem af honum mátti ætlast við akstur aftur á bak. Hafi dráttarvélin því kippst til baka og annað afturhjólið lent í holu, sem hafi valdið því að slinkur kom a vélina og timbrið losnaði frá stroffinu. Engin frekari gögn um atvikið eða aðstæður á vettvangi, vitnisburðir, ljósmyndir eða annað sem varpað gætu frekara ljósi á atvik hafa

verið lögð fyrir nefndina. Þá hefur tjónsmat ekki farið fram og liggja engin gögn fyrir um tjónið sem slíkt. Afstaða nefndarinnar er sú að áður en sjónarmið um hugsanlega samsömun komi til skoðunar þurfi að liggja fyrir að hið umþrætta atvik sé yfirleitt bótaskylt. Samkvæmt framansögðu hefur ekki verið sýnt fram á það, enda ekki sýnt fram á sök X eða starfsmanns þess, og verður kröfu M þar af leiðandi hafnað þegar af þeirri ástæðu. Er þá ekki tilefni til að taka afstöðu til þess hvort sú staðreynd að M og X eru í eigu og undir stjórn sömu aðila leiði til þess að bótaréttur glatist eða takmarkist á grundvelli samsömunar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 435/2020

M og
V kaskótryggingar bifreiðarinnar X

Sönnun umfangs tjóns vegna tjónsatviks 8. desember 2019.

Gögn.
Málskot móttekið 28. desember 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 12. desember (á væntanlega að vera janúar) 2021, ásamt áliti viðgerðarverkstæðisins Bílabót og ljósmyndir af bifreið X.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M telur að einu sinni hafi verið ekið á hlið bifreiðar hennar í desember 2019 með þeim afleiðingum að bæði hurð varð fyrir tjóni sem og á svokölluðum síls við hurðina.

M kveðst hafa farið með bifreið sína í viðgerð á tiltekið bifreiðaverkstæði og gert athugasemdir við viðgerð þegar ekki hafi verið gert við sílsinn á bifreiðinni. M lýsir samskiptum sínum við bæði starfsmenn bifreiðaverkstæðisins sem og starfsmenn V um að hún hafi ekki fengið nægar upplýsingar eða haft samband við hana þegar því var lofað og telur að V hafi ranglega komist að þeirri niðurstöðu að umrætt tjón á síls tilheyri öðru tjónsatviki en því sem leiddi til tjóns á hurð bifreiðarinnar.

V vísar til þess að í vegna tjónsatviks sem M hafi tilkynnt til félagsins, um að hún hafi komið að bifreið sinni skemmdri þegar hún kom út úr verslun í desember 2019, hafi verið gert við hægri afturhurð bifreiðarinnar og það tjón bætt úr kaskótryggingu M hjá V. Samdóma álit starfsmanna bifreiðaverkstæðis og starfsmanna V hafi hins vegar verið að tjón á síls tengdist ekki sama tjónsatviki. V vísar til ljósmynda af bifreiðinni og byggir á að það sé ósannað að tjón á síls hafi orðið við sama tjónsatvik og tjón á afturhurð, ákomur tengist ekki og sönnunarbyrði um annað hvíli á M.

Álit
Óumdeilt er að tjón varð á afturhurð bifreiðar M sem V hefur bætt úr kaskótryggingu. Hins vegar er ágreiningur um hvort tjón á svokölluðum síls sé hægt að rekja til sama tjónsatviks. Þau gögn sem lögð hafa verið fram í því samhengi eru annars vegar frásögn M um að hún telji að eitt tjónsatvik hafi leitt til bæði ákomu á afturhurð og síls og hins vegar álit starfsmanna V og bifreiðaverkstæðis um að það geti ekki verið.

Á M hvílir sönnunarbyrði um að tiltekið tjónsatvik hafi leitt til þess tjóns sem hefur ekki verið bætt sérstaklega á síls bifreiðar hennar. Í gögnum málsins eru engin gögn eða mat annarra sem styðja það sem M heldur fram. Álit starfsmanna V er hins vegar byggt á mati bifreiðaverkstæðis um að miðað við ákomu á bifreiðinni verði ekki talið að skemmd á síls sé hægt að rekja til sama tjónsatviks og tjón á hurð. Því mati hefur ekki verið hnekkt og telst því ósannað að það hafi orðið frekara tjón á bifreið M vegna sama tjónsatviks og það tjón sem þegar hefur verið bætt á afturhurð bifreiðar hennar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 2. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 436/2020

M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna galla á húseign eftir endurbyggingu hennar.

Gögn.
Málskot, móttekið 22.12.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 12.1.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Samkvæmt málskoti mun nánar tiltekið félag, sem átti húseignina A hafa á árunum 2016 til 2017 látið endurbyggja húseignina, þ. á m. byggja við hana viðbyggingu. Gerðar hafi verið breytingar að innanverðu sem og að utan, m.a. hafi verið skipt um framhlið hússins, þ.e. hliðina sem snýr út að þeirri götu sem A stendur við. Hafi sú hlið verið endurbyggð að öllu leyti, settir nýir gluggar, gluggapóstar o.fl. Byggingarstjóri vegna verksins hafi verið B. Fljótlega eftir endurbygginguna hafi farið að bera á lekum á framhliðinni. Í nóvember 2017 hafi D, nafngreindur verkfræðingur, gert ástandsskoðun á A og þá komið í ljós að stór gluggafrontur á framhlið hússins hafði lekið og svonefnt „kapping“ hafði losnað.

Samkvæmt minnisblaði, dags. 25. febrúar 2019 og undirrituðu af D og öðrum byggingarverkfræðingi, gerðu þeir ástandsskoðun á A í nóvember 2017 og þá hafi komið í ljós að gluggafrontur á götuhlið hafi lekið og kvartanir borist frá leigutökum. Í október 2018 hafi nánar tilgreindur húsasmíðameistari verði fenginn til að lagfæra gluggafrontinn. Auk þess að fara yfir frontinn og laga „kapping“ sem hafi verið laust hafi verið skipt um tvær sprungnar rúður. Hinn 23. nóvember 2018 hafi þeir sjónskoðað gluggana. Hafi sést lekataumar á nokkrum stöðum sem ákveðið hafi verið að þrífa til sjá síðar hvort um nýjan leka væri að ræða eða eldri tauma frá því fyrir viðgerðina. Einnig hafi þá komið í ljós að „kapping“ hafi gapað aðeins á a.m.k. tveimur stöðum. Við skoðun 22. febrúar 2019 hafi komi í ljós að „kapping“ hafi verið að losna af glugga á 2. hæð. Rúða nyrst á efstu hæð hafi hallað í falsi. Lekataumar og bólgin og sprungin málning hafi sést á 2.-4. hæð. Þó mest á 3. hæð þar sem staðfest hafi verið að búið hafi verið að þrífa glugga eftir síðustu skoðun en þar hafi fimm gluggapóstar verið með lekataumum. Á 2. hæð hafi sést ein rúða með sprungu í auk lekatauma og bólginnar málningar. Einnig hafi víða sést sprungur milli gluggastykkis og veggja sem bendi til mikilla hreyfinga glugga. Í lokaorðum minnisblaðsins kemur fram það álit verkfræðinganna að ástand glugganna væri ekki fullnægjandi.

Félag það sem átti A sameinaðist í mars 2017 öðru félagi í eigu M og eftir nafnaskipti á því félagi var það selt nánar tilgreindu fasteignafélagi í september 2017. Mun sú sala hafa verið háð því skilyrði að M myndi bæta tjón vegna endurbyggingar á framhlið A og að sú hlið yrði lagfærð. Hefur M krafist bóta vegna kostnaðar við lagfæringu á framhliðinni úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu, annars vegar á þeirri forsendu að framkvæmdir við endurbyggingu framhliðarinnar hafi ekki verið byggingarleyfisskyld og þar með falli tjón vegna þeirra framkvæmda utan gildissviðs ábyrgðartryggingarinnar og hins vegar sé ósannað að B beri ábyrgð á þeim göllum sem fram hafa komið á framhliðinni.

Álit.
Samkvæmt 7. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki ber byggingarstjóri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi. Hins vegar ber byggingarstjóri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.

Eina gagnið sem liggur fyrir í málinu um ásigkomulag framhliðarinnar eftir endurbæturnar, sem framkvæmdar voru á árunum 2016 og 2017, er fyrrgreint minnisblað tveggja byggingarverkfræðinga. Í því er fyrst og fremst gerð grein fyrir ástandi framhliðarinnar að því leyti sem það taldist ekki vera með felldu. Af minnisblaðinu verður ekki ráðið hvað hafi í einstökum atriðum valdið því að ástand glugganna taldist ekki vera fullnægjandi. Þannig verður m.a. ekki ráðið hvort lekataumar og aðrar

skemmdir sem komu í ljós við sjónskoðunina 22. febrúar 2019 megi rekja til sjálfrar endurbyggingarinnar 2016-2017 eða til lagfæringarinnar sem framkvæmd var í október 2018. Er því ósannað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að ófullnægjandi ástand gluggafrontsins megi rekja til gáleysis B starfi sínu sem byggingarstjóri við endurbyggingu A. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V. Að fenginni þessari niðurstöðu er ekki efni til þess að nefndin hafi sérstakt álit á því hvort tjón M geti fallið undir ábyrgðartryggingu samkvæmt skilmálum hennar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B byggingarstjóra, hjá V.

Reykjavík, 9. febrúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 437/2020

M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur bifreiða á Fjarðarhrauni í Hafnarfirði 21. desember 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 23. desember 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1 til nefndarinnar, dags. 12. janúar 2021, ásamt frumskýrslu Aðstoðar&Öryggis ehf.
Bréf V2 til nefndarinnar, dags. 19. janúar 2021, ásamt frumskýrslu Aðstoðar&Öryggis ehf., athugasemdum ökumanns bifreiðar B og ljósmynd af vettvangi.

Málsatvik.
Í tjónstilkynningu kemur fram að ökumaður bifreiðar A segist hafa ekið á vinstri akrein Fjarðarhrauns í norður með fyrirhugaða aksturstefnu í hægri beygju að Hafnarfjarðarvegi í austur á næstu gatnamótum. Ökumaður bifreiðar B segist hafa ekið inn á hægri akrein Fjarðarhrauns í norður frá Hólshrauni með fyrirhugaðri akstur stefnu inna tíða inn á vinstri akrein. Báðir ökumenn lýsa sjálfstætt atvikum í tjónstilkynningu þannig að hinn hafi skipt um akrein inn á sína akrein og þannig hafi orðið árekstur. Báðir ökumenn lýsa einnig fyrirhugaðri aksturstefnu sinni þannig að þeir hafi ætlað að skipta um akrein, en hvorugur viðurkennir að hafa verið farinn að gera það þegar árekstur varð. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins að vitni hafi orðið að árekstrinum eða merki á akbrautinni sem sýna nákvæma staðsetningu hans. Ökumaður bifreiðar A telur að ökumaður bifreiðar B hafi ætlað að aka áfram án þess að stöðva vegna árekstursins en ökumaður bifreiðar B gefur þær skýringar að ekki hafi verið hægt að stöðva strax vegna annarrar umferðar.

M telur að alla sök eigi að leggja á ökumann bifreiðar B sem hafi skipt um akrein frá hægri akrein yfir á þá vinstri og vísar til mynda af bifreiðunum máli sínu til stuðnings sem og mynda af vettvangi árekstursins. Einnig bendir M á að ökumaður bifreiðar B hafi ekið áfram af vettvangi.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök þar sem þeirri bifreið hafi verið ekið í of víða hægri beygju á bifreið A.

V2 telur að ekkert í gögnum málsins styðji fullyrðingar annars ökumanns umfram hins um aksturslag og þannig sé ósannað um atvik í aðdraganda áreksturs og þannig eigi að skipta sök til helminga.

Álit
Í málinu liggur fyrir framburður beggja ökumanna af atvikum sem leiddu til áreksturs milli bifreiða A og B. Hvor ökumaður sakar hinn um að hafa farið yfir akreinalínu og þannig skipt um akrein og að það hafi leitt til árekstursins. Engin vitni eru að atburðinum og ekki liggur heldur fyrir í gögnum málsins hvar árekstur varð nákvæmlega á akbrautinni. Þegar þannig stendur á verður sök ekki lögð á annan ökumann umfram hinn og ekki verður byggt á því að viðbrögð ökumanns bifreiðar B hafi verið með þeim hætti það hafi áhrif á sönnunarstöðu. Sök skiptist því til helminga.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 9. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 438/2020

M og
V vegna slysatryggingar sjómanna og almennrar slysatryggingar.

Sönnun tjónsaburðar vegna óþæginda í öxl á árinu 2020.

Gögn.
Málskot móttekið 23. desember 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 22. janúar 2021, ásamt vátryggingarskilmálum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi lent í sjóslysi hinn 18. maí 2020 um borð í bát sínum. Atvikum er þannig lýst þar að M hafi verið að „...taka fallhlífina inn þegar það kom slinkur á hana með þeim afleiðingum að hægri hendi fór með hlífinni. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi leitað strax til læknis heldur hafi hann gert það 12. júní 2020, sbr. samskiptaseðill læknis þann dag, þar sem þar kemur fram að M hafi verið með axlarverki í um 1,5 mánuð. Í öðrum samskiptaseðli sama læknis dags. 29. september 2020 kemur fram að lækninum hafi láðst í fyrri samskiptaseðli að geta atviks 18. maí 2020 þar sem M hafi slasast við að „..taka inn rekanker..“ Í læknabréfi sérfræðilæknis dags. 1. júlí 2020 er síðan haft eftir M að hann hafi verið að skipta um rafgeyma í bát í byrjun maí og þá fengið óþægindi og nokkrum dögum síðar hafi hann síðan fengið slink á hægri öxl við að taka inn fallhlíf á bátnum út á sjó. Í málinu liggja einnig fyrir yfirlýsingar frá tveimur nafngreindum sjómönnum dags. í lok nóvember 2020 þar sem þeir bera um að M hafi sagt þeim frá slysi þegar M hafi verið að taka inn rekanker (fallhlíf) og hafi hann haft óþægindi í öxl síðan. Einnig kemur þar fram, sem og í málskoti að M hafi dottið milli báta og hangið á höndunum í einhvern tíma í byrjun júní. Sjúkratryggingar Íslands hafa samþykkt bótaskyldu vegna atviksins skv. lögm nr. 45/2015.

M telur sannað að hann hafið orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingarskilmála hinn 18. maí 2020 og vísar til framburðar vitna sem hafi borið um að hann hefði verið meiddur og þá hafi M strax gefið þær skýringar að hann hafið meðst við að taka rekannkerið inn. Einnig vísar M til læknisfræðilegra gagna um þessa orsök óþæginda sinna og að hann hafi ekki farið til læknis fyrr en hann hafi fundið, þegar hann féll milli báta í byrjun júní að hann yrði að leita til læknis, en hann hefði harkað af sér þangað til, eins og er staðfest í læknisfræðilegum gögnum.

V telur ósannað að það atvik sem M lýsir sem tjónsatviki hafi leitt til líkamstjóns hans. V vísar til þess að mikill hræringur sé á atvikum og dagsetningum varðandi það atvik sem mögulega hafi leitt til óvinnufærni M og engin samtímagögn séu til um það. V bendir á að M hafi ekki leitað læknis fyrr en rúmum þremur vikum eftir 18. maí 2020 og þá hafi hann kvartað yfir verkjum sl. 1,5 mánuð. Einnig hafi komið fram upplýsingar um önnur atvik í læknisfræðilegum gögnum, eins og að M hafi dottið á öxl í byrjun júní, M hafi dottið á milli báta í byrjun júní eða þegar hann hafi verið að skipta um rafgeyma í byrjun maí. Einnig kemur fram í bréfi V til nefndarinnar að slysatrygging sjómanna hafi ekki tekið gildi fyrr en 20. apríl 2020 og sé því mikilvægt að tjónsatburður sé skýrlega sannaður. Einnig bendir V á að læknisvottorð sem taki undir frásögn M hafi verið dagsett eftir að félagið hafnaði fyrst bótaskyldu í málinu. V telur að gögn málsins beri með sér að mögulega geti þrjú atvik hafa leitt til axlarmeiðsla M og ómögulegt sé að greina þar á milli.

Álit
Ágreiningur er um sönnun tjónsatviks í málinu og hefur M lýst því þannig í tjónstilkynningum og málskoti að hann hafi hlotið áverka við að draga inn fallhlíf um borð í báti sínum hinn 18. maí 2020. Engin samtímagögn liggja fyrir um atvikið sjálft og leitaði M ekki læknis fyrr en nokkru seinna, eða 12. júní sama ár. Í fyrstu gögnum um þá heimsókn er fjallað um axlarmeiðsli M en ekki atvikið sem M hefur lýst að átti sér stað 18. maí 2020. Þó sá læknir sem tók á móti M í júní hafi getið þess síðar að honum hafi láðst að skrá niður upplýsingar um tjónsatvik 18. maí 2020 verður ekki annað ráðið af öðrum læknisfræðilegum gögnum málsins en að nokkur vafi sé á hvaða atvik eða ástand leiddi til einkenna M í hægri öxl og leiddu til þess að hann leitaði læknis 12. júní 2020. Ekki liggur fyrir

matsgerð sem tekur af öll tvímæli um að einkenni og áverkar M hafi einungis getað komið til vegna þess atviks sem hann lýsir og verður það heldur ekki lesið með nægilega skýrum hætti út úr þeim læknisfræðilegum gögnum sem liggja fyrir í málinu. M ber skv. almennum sönnunarreglum sönnunarbyrði um að hann hafi orðið fyrir slysi hinn 18. maí 2020. Sá vafi sem uppi er í málinu um afleiðingar þess atviks sem hann einn getur borið um að hafi átt sér stað er nokkur vegna annarra atvika. Að því sögðu telst ekki fyllilega sannað af framlögðum gögnum að þau óþægindi sem M hefur haft í hægri öxl sé einungis hægt að rekja til tiltekins tjónsatburðar og að hann hafi orðið 18. maí sl. M á því ekki rétt til bóta úr slysatryggingum sínum hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna eða almennri slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 16. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 439/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um hvort bótaskylda vegna slyss á vinnustað sé til staðar.

Gögn.
Málskot dags. 26.11.2020 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 08.01.2021 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 5. nóvember 2018 hafi M slasast við störf sín hjá A. Slysið hafi atvikast með þeim hætti að M hafi verið í kaffihléi á kaffistofu starfsmanna þegar hann stóð upp og rak höfuðið harkalega í sperru í loftinu, og hlaut af því líkamstjón. Slysið hafi hvorki verið tilkynnt til lögreglu né Vinnueftirlitsins og aðstæður á slysdegi því ekki teknar út. M telur auðséð að lofthæð í rýminu hafi verið ófullnægjandi og leitt til slyssins. Vísar M máli sínu til stuðnings til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem segi að á vinnustað skuli gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuháttar, auk byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995. Eftir slysið hafi aðstæður á kaffistofunni verið teknar út af starfsmanni vátryggingafélags og metnar ófullnægjandi. Hafi uppröðun húsgagna og annarra muna á kaffistofunni í kjölfarið verið breytingar gerðar til að koma í veg fyrir annað slys. Á grundvelli framangreinds hafi M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V en V hafi hafnað kröfunni með tölvupósti 13. nóvember 2020. M gerir ýmsar athugasemdir við rökstuðning V fyrir höfnuninni. Þannig sýni ljósmyndir af aðstæðum glöggt að lofthæð hafi ekki náð 2,2 metrum, auk þess sem flatarmál gólffflatar liggi ekki fyrir né hve margir starfsmenn voru á svæðinu. Verði því ekki séð hvernig fermetrafjöldi í hlutfalli við lofthæð skipti máli varðandi úrlausn þessa ágreinings. Þá hafi M neyðst til þess að setjast undir súðina, enda hafi hann einfaldlega sest í laust sæti, auk þess sem öll sæti hafi, fyrir áðurnefndar breytingar, verið undir súð. Í öllu falli sé það fráleit niðurstaða að ætla M að bera allt tjón sitt sjálfur, enda verði slys hans rakið til þess að aðstæður voru ekki í samræmi við lög og reglur.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að M beri sönnunarbyrðina fyrir því að slys hans verði rakið til saknæms aðbúnaðar sem A geti borið ábyrgð á eða saknæmra mistaka annarra starfsmanna A. M byggi á því að lofthæð á kaffistofunni hafi verið ófullnægjandi þar sem hún hafi ekki alls staðar náð 2,5 metra hæð. Samkvæmt 32. gr. reglna um húsnæði vinnustaða geti kaffistofa verið undir hallandi lofti, svo fremi að flatarmál þess svæðis sem er með lofthæð sem er meiri en 2,2 metrar sé meira en 1,2 fermetrar á hvern starfsmann. Ekki verði annað séð en að sá áskilnaður sé uppfylltur og hafi M ekki lagt fram nein gögn er sýni fram á hið gagnstæða. M hefði umrætt sinn átt val um að verja neysluhléi sínu fremur í matsal A, en þar sé full lofthæð. Þá hefði hann getað valið sér sæti á kaffistofunni á svæði með meiri lofthæð. Lofthæðin hafi svo ekki getað komið M á óvart þar sem hann hefði margoft nýtt aðstöðuna áður og hefði honum þá borið að sýna eðlilega aðgát er hann reis úr sæti sínu. Slys M verði því aðeins rakið til eigin gáleysis hans. Hvað varði tilkynningu um atvikið til Vinnueftirlitsins sé það svo að einkenni M hafi ekki verið sett í samhengi við slys hans fyrr en einhverjum mánuðum síðar og hafi A þá tilkynnt um það. Sönnunarbyrði verði því ekki lögð á A af þeim sökum að tilkynning hafi ekki átt sér stað samstundis. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:
Svo bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A sé fyrir hendi verður að sýna fram á að athafnir eða athafnaleysi A, eða aðila sem það ber ábyrgð á, hafi leitt til umræddds tjóns og er það tjónþoli sem ber sönnunarbyrðina fyrir því. Af gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M hafi haldið áfram vinnu á slysdegi og virðast einkenni hans ekki hafa komið í ljós fyrr en daginn eftir, þegar hann var fluttur með sjúkrabifreið á bráðamóttöku, eftir að hafa sortnað fyrir augum og fengið yfirliðstilfinningu auk þess að hafa verið með sáran höfuðverk frá því um morguninn. Virðist sem

einkenni hans, m.a. höfuðverkur, svimi og ljósfælni, hafi ekki verið tengd við umrætt atvik fyrr en nokkru síðar, þegar M var greindur með „post-concussion syndrome.“ Af framansögðu leiðir að það verður ekki metið A til sakar að hafa ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu samdægurs um atvikið, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og verður því ekki vikið frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess. M byggir kröfu sína á því lofthæð hafi verið of lítil og að kaffistofan hafi ekki uppfyllt áskilnað 32. gr. reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995, en ákvæðið er í D-kafla reglnanna sem fjallar um kaffi- eða matstofur og er svohljóðandi: *Lágmark gólfflatarmáls skal vera 1,2 m^2 fyrir hvern mann. Hæð undir loft skal vera minnst 2,5 m. Sé loftið hallandi má þó reikna með þeim gólffleti þar sem hærra til lofts en 2,2 m.* Samkvæmt ákvæðinu er ljóst að lofthæð undir 2,5 metrum er heimil sé loft hallandi en þá megi útreikningur lágmarksgólfflatar aðeins miða við það svæði þar sem lofthæð er meiri en 2,2 metrar. Meðal gagna málsins eru ljósmyndir af umræddri kaffistofu og má greina af þeim að lofthæð í hluta rýmisins er minni en 2,2 metrar enda er loftið hallandi. Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um flatarmál gólfflatar á því svæði sem lofthæð er yfir þeim mörkum, né hefur nefndin upplýsingar um fjölda starfsmanna. Er ekki sýnt fram á að umrædd kaffistofa starfsmanna hafi verið í andstöðu við þetta ákvæði eða annan áskilnað um aðbúnað á kaffistofum. Verður því að líta svo á að M hafi ekki tekist að sýna fram á að tjón hans megi rekja til atvika sem A beri skaðabótaábyrgð á. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 2. febrúar 2021
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 440/2020

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um umfang tjóns sem varð af árekstri 10. júlí 2020.

Gögn.
Málskot, móttekið 11.12.2020, ásamt fylgiskjölum 1-9.
Bréf V, dags. 27.01.2021.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að A hafi, að morgni hins 10. júlí 2020, verið ekið aftan á B sem var kyrrstæð á Laugavegi í Reykjavík, en M sat í farþegasæti B. A var talin bera fulla sök á árekstrinum en deilt er um umfang tjóns á B svo og það hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn.

Í málskoti kemur fram að V telji tjón á skottloki eða skottlokslömum B komi ekki heim og saman við tjónið og ákomu á bifreiðina. Er þeirri afstöðu mótmælt, höggið hafi komið þvert á afturstuðara B sem valdi því að það dreifist um stærra svæði. Þá sé um að ræða litla og ódýra bifreið og sé alþekkt að þegar svo sé er sýnilegt tjón á ytra byrði oft ekki mikið þó tjón verði á styrktareiningum og burðarvirki. Þá geti skottlamirnar ekki hafa eyðilagst öðru vísi en við högg. Fyrst skottlamirnar hafi aflagast við áreksturinn megi svo byggja á því að höggið hafi verið un þyngra en skemmdir á ytra byrði B gefi til kynna og því hafi það leitt til líkamstjóns M við áreksturinn. Með málskoti fylgdi m.a. bráðamóttökuskrá vegna komu M á bráðamóttöku hinn 10. júlí 2020, en þá var hún greind með tognun á hálshrygg, brjóst- og lendarhrygg, og fékk verkjalyf og ráðleggingar. Þá liggur fyrir beiðni um sjúkraþjálfun, dags. 23. júlí 2020, en í henni kemur fram að M sé með eymsli yfir allri hryggjarsúlunni og skertar hreyfingar. Þá kemur fram í ódagsettri tjónstilkynningu M til V að hún hafi verið óvinnufær vegna atviksins og er vísað til læknisvottorðs dags. 23. júlí 2020 þar að lútandi.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að félagið telji umrætt atvik ekki til þess fallið að valda líkamstjóni, og vísar til fyrri bréfa V til M, dags. 7. október 2021. Í þeim segir annars vegar að samkvæmt viðbótarskýrslu Aðstoðar & öryggis, dags. 4. september 2020, komi skemmdir á skottloki eða skottlokslömum ekki heim og saman við tjónið og snertingu bifreiðanna. Hins vegar að með hliðsjón af gögnum málsins og því að um lítið munatjón hafi verið að ræða sé kröfu vegna líkamstjóns hafnað enda atvikið ekki til þess fallið að valda líkamstjóni.

Álit.
Af gögnum málsins má ráða að ágreiningur aðila taki annars vegar til þess hvort líkamstjón hafi orðið af umræddum árekstri og hins vegar til þess hvert umfang tjóns á bifreiðinni B hafi verið. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Í málinu liggur fyrir að vegna árekstursins hinn 10. júlí 2020 hafi M leitað samdægurs til læknis og aftur hinn 23. júlí 2020, en þá var jafnframt gerð beiðni um sjúkraþjálfun. Jafnframt eru fyrirliggjandi gögn um óvinnufærni hennar í kjölfar árekstursins. Þó ráða megi af ákomu á bifreiðarnar að um vægan árekstur hafi verið að ræða getur komið til þess að líkamstjón hljótist af slíkum árekstri. Af framlögðum gögnum telur nefndin því meiri líkur en minni á að M hafi orðið fyrir einhverju tjóni þó ekki liggi fyrir hver fjárhæð þess geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Með hliðsjón af því telst M því eiga rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Hvað varðar umfang tjóns þess sem varð á B við áreksturinn þá liggur fyrir nefndinni tölvupóstur V til M dags. 7. október 2020, þar sem fram kemur að félagið hafni því að gera við skottlokslamir þar sem það tjón komi ekki heim og saman við tjónið og snertingu bifreiðanna. Eina gagnið sem liggur fyrir nefndinni varðandi tjón á bifreiðunum er viðbótarskýrsla Aðstoðar & öryggis, dags. 4. september 2020, þar sem bifreiðarnar eru „bornar saman“. Segir í þeirri skýrslu að framan á A megi sjá brot í númeraramma skráningarnúmers og beyglu í skráningarnúmeri. Aftan á B megi sjá far/ákomu og „krumpufar“ ofan á plasthlíf afturhöggvara. Annað tjón sé ekki sjáanlegt. Af ljósmyndum má þá ráða að ákomur á B séu rétt við

lok farangursgeymslunnar og verður því, á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni, að telja nægilega sýnt fram á að umræddar lamir hafi aflagast við áreksturinn jafnvel þó tjón á ytra byrði bifreiðarinnar sé lítið. Á M þar af leiðandi rétt á bótum vegna tjóns á skottlokslömum B.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna líkamstjóns og þess tjóns sem varð á skottlokslömum bifreiðarinnar B við árekstur bifreiðanna.

Reykjavík, 16. febrúar 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 441/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar X

Vinnuslys 18. febrúar 2019.

Gögn.
Málskot dags. 21. desember 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 8. febrúar 2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi slasast hinn 18. febrúar við vinnu sína fyrir X. M var að vinna á byggingarsvæði við gömlu Hringbraut þegar hann kveðst hafa dottið og fest fót í stiga sem lá niður í brunn á byggingarsvæðinu. M leitaði til læknis morguninn eftir og var þar greindur með tognun og ofreynslu á ökkla og metinn óvinnufær og er í lýsingu M þar á atvikum tekið fram að M hafi veirð að klifra í vinnustiga og dottið aftur fyrir sig úr 1,5 metra hæð. Fyrir liggja einnig upplýsingar um skráningu í atvikaskráningakerfi aðalverktaka 2 dögum eftir slysið og skrifleg tilkynning vinnuveitanda til Vinnueftirlitsins 25. febrúar 2019 og þar kemur fram að M hafi misstigið sig illa við lagnavinnu vegna óslétts undirlags. Í atvikalýsingu sem höfð er eftir M í tilkynningu lögmanns hans til Sjúkratrygginga Íslands kemur fram að M hafi verið að klifra niður brunn þegar fótur hans festist og hann féll aftur fyrir sig með þeim afleiðingum að það small eitthvað í fætinum. M segir einnig þar að ekki hafi verið til staðar belti eða annar búnaður sem gæti gripið hann við fall.

M telur að aðstæður á vinnustaðnum hafi verið ófullnægjandi af hálfu X, m.t.t. þeirra skyldna sem hvíla á atvinnurekendum í lögum nr. 46/1980 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra laga. M telur að X hafi ekki tryggt nægilegar öryggisráðstafanir og fallvarnir við þann brunn sem M var falið að starfa við, eða tryggt M viðeigandi öryggisbúnað, persónuhlífar eða öryggisbelti. M vísar til þess að sá brunnur sem hann var að vinna við hafi verið um 5 metrar og vísar til mynda af vettvangi og tölvupósts starfsfélaga M um aðstæður á vettvangi. M telur að einfalt hefði verið að koma fyrir öryggisbelti eða línu til að vinna í, auk þess sem M hafi ekki verið vanur að vinna við svona verk, enda ráðinn til annarra verka. Einnig bendir M á að slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og því ekki rannsakað. M telur að X hafi borið að tilkynna slysið skv. 79. -81. gr. laga nr. 46/1980 og þar sem það hafi ekki verið gert beri X halla af sönnunarskorti vegna aðstæðna á vettvangi.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að lýsingum af slysi M beri ekki saman í öllum atriðum, t.d. hversu djúpur sá brunnur var sem M var að vinna á tjónsdegi. V vísar til skýrslu M sjálfs um að hann hafi reiknað með að grip á vinnuskóm hans hefði verið meira en hann reiknaði með og ekkert liggi fyrir um annað en að M hafi komið nður standandi. V telur að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem X beri ekki skaðbótaábyrgð á. V bendir á að brunnar, sem þeir sem M féll í, séu keyptir nýir og komi tilbúnir með innsteyptum þrepum. V hefur eftir forsvarsmönnum X að ekki tíðkist að nota sérstakar fallvarnir í þessum brunnum þar sem ummál þeirra (120 cm) komi almennt í veg fyrir það að fólk geti fallið. Auk þess telur V að ekkert hafi komið fram í málinu því til stuðnings að fallvarnir hefðu getað komið í veg fyrir líkamstjón M í greint sinn. Einnig bendir V á að X hafi tilkynnt um slys M til Vinnueftirlitsins í samræmi við kröfur 79. gr. laga nr. 46/1980. Einnig telur V að tölvupóstur einstaklings sem á einhverjum tímapunkti hafi verið starfsmaður X hafi ekki sönnunargildi hvað varðar atvik í máli M.

Álit
Í gögnum málsins verður ekki annað séð en að X hafi tilkynnt um slys M í samræmi við 2. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, þ.e. tilkynnt um slysið skriflega innan viku. Í 1. mgr. 79. gr. laganna segir að atvinnurekandi skuli „..án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.“ Í þessum máli liggur fyrir að M leitaði á

bráðamóttöku kl. 9 að morgni daginn eftir slysið og var eftir það metinn óvinnufær tímabundið. Ekkert liggur fyrir um samskipti M og X vegna þessa en ætla má að M hafi látið X vita af óvinnufærni sinni vegna slyssins þann dag. Verður að líta svo á að skylda X til að tilkynna slys til Vinnueftirlitsins hafi vaknað við það, en eins og áður segir var slysið tilkynnt nokkrum dögum síðar. Við þessar aðstæður verður að leggja lýsingar X til grundvallar um atvik.

Þegar litið er hins vegar til þess hvað M hefur fram að færa um atvik málsins liggur ekki fyrir sjálfstæð skýrsla af honum sjálfum í málinu. Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga er höfð eftir honum lýsing á atburðarás sem og í læknisvottorði vegna komu á bráðamóttöku. Í þeim lýsingum kemur fram að M hafi dottið aftur fyrir sig og ekki hafi verið til staðar fallvarnarbúnaður á vinnustaðnum.

Þegar litið er til þeirra mynda sem liggja fyrir frá vettvangi og gagna málsins í heild þykir ekki nægilega sýnt að þær aðstæður hafi verið með þeim hætti að X hefði átt að gera sérstakar ráðstafanir varðandi fallvarnarbúnað. Þeir brunnar sem var verið að vinna við skv. ljósmyndum eru tiltölulega þröngir og þau þrep sem notuð eru til að ganga um teljast ekki sýnilega hættuleg við þær aðstæður. M hefur því ekki tekist að sýna fram á að aðstæður á vinnusvæði hans hafi verið með þeim hætti að sérstakar ráðstafanir hafi átt að gera af hálfu X. Verður því, þrátt fyrir frásögn M sjálfs, að leggja til grundvallar að slys hans hafi verið vegna óhappatilviks en ekki aðstæðna eða atvika sem X ber skaðabótábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 442/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um rétt til endurgreiðslu launa skv. 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Gögn.
Málskot, móttekið 29.12.2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 14.1.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
A, starfsmaður M, varð óvinnufær 3. september 2018 eftir að bifreiðinni B var ekið aftan á bifreið hennar. Er A sögð hafa verið óvinnufær til 31. október sama ár. Var A sagt upp störfum hjá M 20. september sama ár, þar sem óvíst var talið hvort hún gæti mætt aftur til starfa að óvinnufærnitímabilinu loknu. Hinn 12. október mun nýr starfsmaður hafa verið ráðinn til að sinna þeim störfum sem A hafði gegnt. Eftir að hafa aukið tímabundið við yfirvinnu þeirra starfsmanna sem hafi hlaupið í skarðið fyrir A, hafi M ekki átt annan kost en að ráða nýjan starfsmann í starfið.

M telur sig hafa tapað rúmlega einni milljón króna vegna slyssins sem A varð fyrir að því er virðist vegna greiðslu veikindalauna til A, launagreiðslna til hins nýráðna starfsmanns á sama tíma og yfirvinnugreiðslna til annarra starfsmanna. Af þeim sökum hefur M krafist bóta fyrir tjónið úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu. Kveður V umræddan árekstur 3. september 2018 hafa verið mjög vægan og ekkert tjón hafi orðið á þeim bifreiðum sem hlut áttu að máli. Því sé ósannað að A hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn, en læknisvottorð um óvinnufærni hennar hafi fyrst borist eftir að henni hafði verið sagt upp störfum hjá M. Enn fremur sé ósannað að M hafi orðið fyrir auknum útgjöldum vegna fjarvista A.

Álit.
Krafa M er reist á 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en samkvæmt því ákvæði getur vinnuveitandi, sem greitt hefur slasaða laun eða aðrar launatengdar greiðslur vegna líkamstjóns, krafið hinn skaðabótaskylda um endurgreiðslu að því marki sem vinnuveitandi hefur orðið fyrir fjártjóni vegna slíkra greiðslna.

Engin læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu sem staðreyna að fjarvist A frá vinnu 3. september til 31. október 2018 megi rekja til umrædds árekstur. Enn fremur hafa engin haldbær sönnunargögn verið lögð fram sem sýna fram á að M hafi orðið fyrir auknum útgjöldum vegna fjarvistanna. Eins og málið liggur fyrir og gegn andmælum V telst því ósannað að M hafi orðið fyrir fjártjóni sem hann getur krafið úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B hjá V.

Reykjavík, 16. febrúar 2021.

_____
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

_____ _____
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 443/2020

M og
V v/ ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B

Sakarskipting vegna áreksturs á Nýbýlavegi 18. nóvember 2020.

Gögn.
Málskot dags. 22. desember 2020, ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 21. janúar 2021, ásamt ljósmyndum af bifreiðinni A.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi verið ökumaður bifreiðar B og hafi hann ekið af aðrein frá Dalvegi í Kópavogi inn á hægri akrein Nýbýlavegar þegar bifreið A hafi skyndilega verið sveigt af vinstri akrein Nýbýlavegar yfir á þá hægri, rétt fyrir neðan umferðarljós á gatnamótum Nýbýlavegar og Dalvegar. M kveðst hafa ekið inn á hægri akrein Nýbýlavegar, gegn biðskyldu, þegar hann sá bifreið A á vinstri akrein Nýbýlavegar og hafi bifreið B verið ekið af vinstri akrein yfir á þá hægri eftir að óþekkt bifreið fyrir framan bifreið B á vinstri akrein hafði verið stöðvuð eða hægt á henni. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið á vinstri akrein Nýbýlavegar á eftir ókunnri bifreið þegar sú bifreið hafi verið hemlað og til að koma í veg fyrir aftanákeyrslu kveðst ökumaður bifreiðar A hafa hemlað og sveigt til hægri og ekki vitað fyrst hvort hann lenti á bifreiðinni fyrir framan eða bifreið B.

M telur að ökumaður bifreiðar A eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi brotið gegn fyrirmælum 1.mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að ekki sé heimilt að skipta um akrein við eða á gatnamótum. Einnig bendir M á að sjálfstæð orsök árekstursins sé ekki sú að bifreið B hafi verið ekið af aðrein inn á Nýbýlaveg, heldur megi rekja hann til þess að ökumaður bifreiðar A hafi misst stjórn á bifreið sinni óháð akstri bifreiðar B. Einnig vísar M til ákoma á bifreiðunum, sérstaklega á vinstri framhurð bifreiðar B og telur M það sýna að bifreið A hafi snarsnúist á akbrautinni og vinstri framhorn þeirrar bifreiðar þannig lent í vinstri framhurð bifreiðar B.

V telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekið inn á akbraut gegn biðskyldu og þannig brotið gegn fyrirmælum 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, en skilyrðislaus aðgæsluskylda hafi hvílt á ökumanni bifreiðar B vegna umferðar um Nýbýlaveg þrátt fyrir akreinaskipti bifreiðar A. V telur gildissvið 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga ná til aksturs áður en komið er að gatnamótum og á þeim en ekki eftir að ekið er yfir þau og vísar þar til yfirborðsmerkinga á akbrautum við gatnamót almennt. Einnig telur V að ákomur á bifreiðunum sanni ekki aðra atburðarás.

Álit
Í málinu er ljóst að árekstur varð með bifreiðum A og B rétt handan við gatnamót Nýbýlavegar og Dalvegar. Verður af ákomu á bifreið hans, vinstra framhorni, og ákomu á bifreið B, vinstri framhurð, dregin sú ályktun að ökumaður bifreiðar A hafi misst þannig stjórn á bifreið sinni að hún hafi verið búin að snúast nokkuð þegar bifreið A lendir á bifreið B. Styður það þá ályktun að áreksturinn verði ekki rakinn til þess að M, sem ökumaður bifreiðar B, hafi ekki virt biðskyldu heldur til þess að ökumaður bifreiðar A hafi misst stjórn á bifreið sinni þegar henni hafi verið ekið frá vinstri akrein yfir á þá hægri til að forðast árekstur við óþekkta bifreið á undan bifreið A. Vísast þar einnig til framburðar ökumanns bifreiðar A um að hann hafi ekki áttað sig á því á hvorri bifreiðinni hann lenti þegar árekstur varð. Verður því öll sök lögð á ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.
Ökumaður bifreiðar A ber alla sök á árekstri við bifreiðina B.

Reykjavík, 16. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.